



Skýrsla forseta



**Alþýðusambands Íslands**

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík  
Sími: 535 5600  
asi@asi.is  
www.asi.is


Reykjavík, október 2019

20  
19

## Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2019

Formannafundur 16. október 2019  
44. þing ASÍ 21.-23. október 2020



***SKÝRSLA FORSETA***  
***um störf***  
***Alþýðusambands Íslands***  
***árið 2019***

# Skýrsla forseta ASÍ 2019

*Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.*

**Ritstjóri: Snorri Már Skúlason**

**Ábyrgðarmaður: Drífa Snædal**

**Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja**

**Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ**

**Kápuhönnun: Tómas Bolli Hafþórsson**

*Skýrsla lögð fyrir Formannafund 16. október 2019 og  
44. þing ASÍ 21.–23. október 2020*

*Reykjavík, október 2019 – Ísafoldarprentsmiðja*

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	7
<b>43. þing 24.–26. október 2018</b> .....	9
Ávarp forseta ASÍ .....	9
Framsögur gesta .....	16
Kjörbréfanefnd .....	28
Framsaga Stefáns Ólafssonar um tekjuskiptingu og jöfnuð .....	29
Málefni þingsins – 1. umræða .....	30
Fimmtudagur 25. október .....	52
Lagabreytingatillögur .....	55
Föstudagur 26. október .....	59
Niðurstöður úr forsetakjöri .....	69
Kosningar í embætti .....	92
Lokaávarp forseta ASÍ .....	94
<b>Þingfulltrúar 43. þingi ASÍ 2018</b> .....	96
<b>Ályktanir 43. þings ASÍ 2018</b> .....	110
<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ</b> .....	127
<b>Ályktanir miðstjórnar ASÍ</b> .....	138
<b>Efnahagsmál</b> .....	147
Umtalsverð áhrif af gjaldþroti WOW air .....	148
Verðbólga, gengi og vextir .....	149
Hagur heimila .....	151
Fjármál hins opinbera .....	153
<b>Kjaramál</b> .....	155
Undirbúningur kjarasamninga .....	156
Verkföll 2019 .....	157
Lífskjarasamningar 2019 .....	158
Kjarasamningar við hið opinbera .....	176
<b>Atvinnumál</b> .....	177
Verri horfur á vinnumarkaði 2019 .....	178
<b>Velferðarmál</b> .....	183
Kaup og kjör .....	183
Húsnæðismál .....	185
Velferðar- og heilbrigðismál .....	192
Almanna- og sjúkratryggingar .....	196
<b>Lífeyrismál</b> .....	199
Tilgreind séreign .....	202
Lífeyrismál í tengslum við kjarasamningsviðræður 2019 .....	203
Afturköllun VR á umboði stjórnarmanna í Lífeyrissjóði verzlunarmanna .....	205

Endurskoðun almannatrygginga . . . . .	211
Deilt við sveitarfélögin um jöfnun lífeyrisréttinda . . . . .	216
Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál . . . . .	217
<b>Verðlagseftirlit ASÍ . . . . .</b>	<b>219</b>
Málþing um verðlag . . . . .	220
Eftirfylgni kjarasamninga . . . . .	221
Verðlagsþróun 2018–2019 . . . . .	222
<b>Félags- og vinnumarkaðsmál . . . . .</b>	<b>224</b>
Jafnrétti á vinnumarkaði . . . . .	225
Baráttan gegn undirboðum á vinnumarkaði og annarri brotastarfsemi . . . . .	231
Tillögur um aðgerðir gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði . . . . .	237
Aðgerðir gegn kennitölufлакki . . . . .	240
Skýrsla hagdeildar – Íslenskur vinnumarkaður . . . . .	242
Skýrsla félagsmáladeildar - Hvað mætir útlendingum á íslenskum vinnumarkaði? . . . . .	243
Samkomulag ASÍ og SA um starfsmannaleigur . . . . .	245
Gjaldþrot WOW air . . . . .	247
Kjaradeila FFÍ og Primera Air . . . . .	247
Kæra til ESA vegna hvíldartíma . . . . .	248
Persónuvernd og ASÍ . . . . .	249
Klukk . . . . .	250
Vinnuverndarmál . . . . .	250
Ábyrgðasjóður launa . . . . .	251
Umhverfis- og neytendanefnd . . . . .	252
<b>Fræðslu- og menntamál . . . . .</b>	<b>253</b>
MFA fræðsludeild ASÍ . . . . .	254
Fagháskólastigið . . . . .	256
Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins . . . . .	257
Hæfnistefna . . . . .	257
Færniþörf á vinnumarkaði . . . . .	258
Félagsmálaskóli alþýðu . . . . .	258
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins . . . . .	261
Fræðslusjóður . . . . .	262
Vottaðar námsleiðir . . . . .	263
Náms- og starfsráðgjöf . . . . .	265
Raunfærnimat . . . . .	268
Erlent samstarf . . . . .	272
Hæfnisetur ferðaþjónustunnar . . . . .	277

Mímir . . . . .	279
Mannauður . . . . .	283
Fræðsla . . . . .	283
Íslenska sem annað mál . . . . .	284
Ráðgjöf og stöðumat . . . . .	285
Þróunar- og samstarfsverkefni . . . . .	288
Gæðamál . . . . .	289
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar . . . . .	290
<b>Erlend samskipti . . . . .</b>	<b>292</b>
Norræna verkalýðssambandið – NFS . . . . .	292
NFJS – Samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS . . . . .	293
Fundir hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna . . . . .	294
SAMAK . . . . .	295
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN) . . . . .	295
Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT) . . . . .	296
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC . . . . .	297
Fundir á vegum ETUC fyrir fjölmiðlafólk innan hreyfingarinnar . . . . .	300
Ráðgjafarnefnd EFTA . . . . .	300
Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC) . . . . .	304
Príhliðanefnd ILO á Íslandi . . . . .	306
108. alþjóðavinnuálagningið í Genf 2019 – 100 ára afmæli ILO . . . . .	307
100 ára afmælisyfirlýsing ILO . . . . .	308
Genfarskólinn . . . . .	309
TUAC . . . . .	310
Þróunarsamvinna . . . . .	311
<b>Lagabreytingar og skipulagsmál . . . . .</b>	<b>312</b>
ASÍ-UNG . . . . .	313
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ . . . . .</b>	<b>315</b>
<b>Listasafn ASÍ . . . . .</b>	<b>317</b>
Sýningar safnsins á árinu . . . . .	318
Nýr listamaður valinn – sýningar framundan . . . . .	319
Húsnæðismál safnsins . . . . .	320
<b>Þjarg íbúðafélag . . . . .</b>	<b>322</b>
<b>VIRK Starfsendurhæfingarsjóður . . . . .</b>	<b>324</b>
Samstarf við aðila velferðarkerfisins . . . . .	325
Samstarf við lífeyrissjóði . . . . .	326
Einstaklingar í þjónustu . . . . .	326
Árangur VIRK . . . . .	328
Mat á ávinningi starfsendurhæfingar . . . . .	331
VelVIRK - Forvarnarverkefni VIRK . . . . .	333

Umsagnir um þingmál.....	336
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum .....	378
Málefnanefndir miðstjórnar.....	393
Kynjabókhald.....	396
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna .....	407
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamböndum.....	409
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir félögum/deildum.....	410
Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda.....	412
Reikningar ASÍ og stofnana .....	431



## INNGANGUR

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2019 er hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá þinginu sem haldið var í október 2018 til september 2019.

Fyrsta ár nýrrar forystu hjá Alþýðusambandinu var eldskírn í lagi og veturinn fór að mestu í aðdraganda kjarasamninga, samningana sjálfa og svo eftirfylgni samninganna – þeir sem nefndir hafa verið einu orði lífskjarasamningar. Hlutverk heildarsamtakanna var aðallega samskipti við stjórnvöld en aðildarfélög ASÍ mynduðu einingar sín á milli sem sömdu sem slíkar. Þannig var hlutverk ASÍ við samningaborðið minna en oft áður og samtökin einbeittu sér að því að tala við stjórnvöld enda sjaldgæft að þau leiki jafn stórt hlutverk í samningum. Óformlegir samráðsfundir voru haldnir í allan vetur í samninganefnd ASÍ þó nefndin hafi í raun ekki verið virkjuð sem slík. Það þarf ekkert að fara fínt í það að ólíkar áherslur fólks innan hreyfingarinnar, svo og persónuleg samskipti og trúnaður réðu miklu um að einstaka félög og sambönd ákváðu að fara sér án þess að nýta heildarsamtökin til að semja í félagi við aðra. Samningsumboðið liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig og



ábyrgðin á samningunum einnig. Í heildina verður að segja að vel hafi tekist til þó að fyrstu samningarnir; samningar verkafólks og verslunarfólks, hafi verið undirritaðir einungis viku eftir fall WOW air og þar með í mikilli óvissu um efnahagsástandið.

Strax á þingi ASÍ 2018 var lögð mikil áhersla á fernt; húsnæðismál, baráttu gegn félagslegum undirboðum, skattamál og vexti og verðtryggingu. Í upp-takti samninganna var fólk sett til verka í þessum málaflökkum, nefndir endurskipulagðar innan ASÍ til að leggja réttar áherslur og hafið stöðugt samtal við stjórnvöld. Hópar á vegum stjórnvalda með aðkomu aðila vinnumarkaðarins í húsnæðismálum og félagslegum undirboðum skiluðu af sér í upphafi nýs árs og efnahags- og skattanefnd ASÍ ásamt Eflingu vann, kynnti og fylgdi eftir áherslum í skattamálum. Allir þessir þræðir sameinuðust svo í því sem er í daglegu tali er kallað lífshjúðasamningarnir.

En þó mikill tími hafi farið í samningana fengu aðrar áherslur líka að njóta sín. Eins og áður sagði voru nefndir endurskipulagðar til að mæta áherslum nýrrar forystu og fengu húsnæðismál og skattamál eigin nefnd auk þess sem neytendamál fengu einnig skjól innan nefndar. Starfs- og fjárhagsáætlun var samþykkt í janúar og ber hún þess merki að aukin áhersla sé á rannsóknir og greiningu og miðlun efnis í starfi ASÍ. Hagdeildin skilaði góðri afurð á haustdögum 2019 sem vakti gríðarlega eftirtekt og umræðu og er þar að sjálfsögðu átt við skýrsluna um launaþjófnað. Skýrslunni var svo fylgt eftir með annarri skýrslu sem ljær fólki af erlendum uppruna rödd til að greina frá því sem vel er gert og því sem miður fer á vinnumarkaði og hjá stéttarfélagunum. Þessar afurðir báðar eru til marks um það sem koma skal, þar sem ASÍ miðlar reynslu og þekkingu vinnandi fólks á Íslandi af fagmennsku með það að markmiði að búa til grunn til ákvarðanatöku. Ofangreindar skýrslur hafa haft þau áhrif að meiri þungi er nú í að efna yfirlýsingar stjórnvalda varðandi launaþjófnað en áður og ljóst að ASÍ hafi rækilega sett tóninn í umræðunni.

Í alþjóðasamtökum verkalýðshreyfinga er notast við slagorðið „engin störf á dauðri plánetu“ og það má til sanns vegar færa. Á næstu árum og áratugum ræðst það hvort við náum að bjarga jörðinni og okkur sjálfum í leiðinni og allar ákvarðanir sem teknar verða næstu árin munu litast af loftslagsmálum og áhrifum á umhverfið. Ákvarðanir um kaup og kjör og aðbúnað á vinnumarkaði eru þar síst undanskildar og eins gott að félög vinnandi fólks hafi áhrif á stóru ákvarðanirnar. ASÍ mun eiga frumkvæði þar eins og annars staðar.

*Drífa Snædal,  
forseti ASÍ*



## 43. ÞING 24.–26. OKTÓBER 2018

*Miðvikudagur 24. október*

43. þing Alþýðusambands Íslands var haldið á Hótel Nordica, Reykjavík 24.–26. október 2018.

***Þinghald hófst kl. 10.00***

Við upphaf þingsins fluttu Halli Reynis, Vigdís Jónsdóttir og Jón Rafnsson nokkur lög.

**Sigurður Bessason**, 1. varaforseti ASÍ, þakkaði fyrir flutninginn og bauð **Gylfa Arnbjörnssyni**, forseta ASÍ, að setja þingið.

**Ávarp forseta ASÍ**

*Ágætu þingfulltrúar, ráðherra og góðir gestir.*

*Ég vil byrja á því að óska konum og raunar okkur öllum hjartanlega til hamingju með baráttudaginn, 24. október, sem er orðinn jafn mikilvægur í baráttu kvenna fyrir jafnrétti og jafnstöðu á vinnumarkaði og 1. maí er fyrir okkur öll.*

*Á þessum baráttudegi stendur íslenskt samfélag ekki einungis frammi fyrir þeirri áskorun að jafna hlut kynjanna í samfélagi okkar heldur stendur*

*Alþýðusamband Íslands og samfélagið allt einnig frammi fyrir miklum áskorunum nú þegar undirbúningur kjarasamninga stendur sem hæst og efna-hagsuppsveiflan náð hámarki sínu.*

*Reynslan kennir okkur að við slíkar aðstæður getur orðið vandasamt að samræma væntingar félagsmanna okkar um kjarabætur við þær aðstæður sem fyrirtækin í landinu búa við.*

*Við lifum því, góðir félagar, á spennandi áttatímum.*

*Ég tók við sem forseti Alþýðusambandsins fyrir nákvæmlega 10 árum síðan þann 24. október 2008, nokkru eftir að Geir Haarde hafði beðið Guð að blessa Ísland, sama dag og stjórnvöld sóttu um neyðaradstoð Alþjóðagjald-eyrissjóðsins og eldarnir fóru að loga á Austurvelli.*

*Mánuðina, misserin og árin þar á eftir urðu félagsmenn okkar fyrir miklu tjóni sem aldrei verður metið til fulls og sem enginn fær skilið nema þeir sem lentu í því sjálfir.*

*En það voru ekki einungis heimili og efnahagur félaga okkar sem hrundi í október 2008 heldur hrundi að mörgu leyti íslenskt samfélag sem verið hafði í greipum frjálshyggjunnar um árabil.*

*Atvinnulífið stóð á brún hengiflugsins og þúsundir félagsmanna stóðu skyndilega ekki einasta frammi fyrir eignatapi heldur einnig fordæmalausri kaupmáttarskerðingu, missi atvinnu og lífsviðurværis og í fullkominni óvissu um hvort þeir sjóðir og þær stofnanir vinnumarkaðarins og samfélagsins sem tryggja áttu velferð félagsmanna við áföll gætu valdið hlutverki sínu. Aldrei áður hafði atvinnuleysi vaxið eins hratt og þá og fall kaupmáttar var af stærðargráðu sem við höfðum ekki séð í langan tíma.*

*Það er alveg ljóst að við deildum þá og deilum að sumu leyti enn, kæru félagar, um það hvort Alþýðusambandið hafi risið undir hlutverki sínu og sitt kann hverjum að finnast um það. En við skulum samt hafa það í huga að ekkert samfélag í hinum vestræna heimi og engin verkalýðshreyfing hafði áður staðið frammi fyrir öðru eins.*

*Þetta var sá kaleikur sem að mér var réttur sem forseta ykkar á þessum örlagatímum haustið 2008 og ég ásamt miðstjórn og forystumönnum aðildarfélaganna stóðum frammi fyrir fordæmalausri stöðu sem krafðist fúmlausra og samstilltra viðbragða.*

*Mér finnst því rétt nú á 10 ára afmæli hrunsins, þegar ég stíg til hliðar, að horfa aðeins yfir þetta tímabil og að við veltum í leiðinni fyrir okkur með hvaða hætti við sem samtök og brjóstvörn íslenskrar alþýðu brugðumst við.*

*Valkostirnir voru ekki margir og þeir voru allir erfiðir. Ríkissjóður var ekki bara tómur, heldur var hallareksturinn af óþekktu umfangi og ljóst að geta hans til að axla miklar byrðar var lítil sem engin. En það var eitt og aðeins eitt sem kom aldrei til greina og það var að leggja árar í bát og láta hrekjast undan fárviðrinu.*

*Saman ákváðum við að stinga okkur í gegnum brimskaflinn, stinga okkur á kaf inn í það verkefni að tryggja framfærslu, atvinnu og afkomu okkar félagsmanna og leggja grunn að þeim ráðstöfunum í atvinnulífinu og í ríkisfjármálum sem trygggt gætu endurreisn þess og freista þess að ná okkar sanngjarna hlut til baka. Til þess að þetta mætti takast þurftu allir að leggjast á eitt.*

*Ög þá, góðir félagar, kom í ljós hinn raunverulegi styrkur Alþýðusambands Íslands og allra þeirra hundraða félagsmanna í stjórnnum og ráðum aðildarfélaganna sem saman mynda Alþýðusambandið.*

*Ég vil leyfa mér að fullyrða að sá styrkur birtist ekki í því hverjir fóru fremstir í átökunum og mótmælunum á Austurvelli. Þar kom grasrótin saman, íslensk alþýða og þjóðin öll, sýndi styrk sinn og kallaði til pólitískrar ábyrgðar þeirra sem ábyrgð áttu að bera. Þar skilaði íslensk alþýða skömminni til stjórnmalanna og þeirra sjóræningja sem stýrðu íslenska fjármálakerfinu við strandhögg þeirra hér á landi og erlendis.*

*Alþýðusambandið og forysta þess hefur verið gagnrýnd fyrir að gera sig ekki gildandi á Austurvelli og ég get alveg viðurkennt hér að það kom svo sannarlega til álita á sínum tíma. Þegar málið var tekið upp við þá sem stóðu að mótmælunum á Austurvelli – Hörð Torfason og félagi – vorum við einfaldlega beðin um að halda okkur fjarri! Þetta var og átti að vera vettvangur grasrótarinnar en ekki skipulagðra samtaka, hvort sem það væru stjórnmalaflokkar eða verkalýðsfélög. Við sem skipuðum forystusveit ASÍ þá féllumst einfaldlega á þessa nálgun, því okkar beið annað hlutverk og engu minna.*

*Væntingarnar til okkar voru af allt öðrum toga og eins og ég sagði áðan sýndum við styrk Alþýðusambandsins og íslenskrar verkalýðshreyfingar með öðrum hætti.*

*Sá styrkur grundvallast á því að fá ef nokkur verkalýðshreyfing í heiminum getur státað af því að yfir 90% launamanna séu aðilar að stéttarfélagum og þar með kerfi sem tryggir öllu launafólki grundvallarréttindi skv. kjarasamningum. Þetta er afl sem tryggir okkur jafnstöðu á við atvinnurekendur og samtök þeirra og sterka stöðu í þríhliða viðræðum verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda um aðgerðir og lausnir.*

*Það er þessi sterka staða og þetta afl sem tryggði og tryggir okkur áhrif á mótun samfélagsins til framtíðar og er stærsti lærdómurinn sem alþjóðasamfélagið og okkar norrænu, evrópsku og alþjóðlegu samtök hafa haldið á lofti eftir hrun í glímunni við stofnanir á borð við G7, G20, AGS, OECD, Alþjóðabankann og fleiri.*

*Við sem Alþýðusamband erum og eigum að vera stór og áhrifamikil samtök í íslensku samfélagi. Við höfum einungis eina hagsmuni og eitt pólitískt markmið og það er að tryggja velferð, menntun og öryggi alls vinnandi fólks og þeirra félaga okkar sem misst hafa vinnu, örkumlast eða hverfa af vinnu-markaði sökum aldurs.*

*Ad því leyti erum við stjórn málaafli en við erum ekki og eigum ekki að vera stjórn málaaflokkur. Innan okkar raða eru stuðningsmenn og andstæðingar allra stjórn málaaflokka en sem sameinast innan okkar raða sem samstæður hópur vegna þess að þeir vilja vinna að þeim grundvallarhagsmunum sem við eigum saman þvert á alla stjórn málaaflokka og stefnur.*

*Aflið sem við höfum, sækjum við ekki í kosningar á 4 ára fresti heldur í þá samstöðu sem verður til við gerð kjarasamninga og vitund atvinnurekenda og stjórnvalda um að þau vopn sem við búum yfir eru öflug, þurfi að grípa til þeirra.*

*En ágætu félagar.*

*Því hefur verið haldið fram að þetta afl hafi ekki verið notað árin eftir hrun. Ég er ekki sammála því mati, því með kjarasamningum og þríhlíða samstarfi við stjórnvöld og atvinnurekendur náðum við að hrinda í framkvæmd mörgum samfélagsúrþótum sem erlendir kollegar okkar hafa öfundað okkur af.*

*Mig langar að nefna nokkur dæmi þó fjarri lagi sé um einhverja tæmandi talningu að ræða.*

- Eftir hrun var bótatímabili í atvinnuleysi lengt úr 3 árum í 4 ár og framlög til menntunar þeirra sem misstu vinnuna og virkra vinnumarkaðsúræða aukin verulega frá því sem áður var. Þetta var fyrst og fremst okkar verk með samkomulagi við atvinnurekendur og öflugum stuðningi stjórnvalda.*
- Hvergi í heiminum tókst betur til við að verja viðkvæmstu hluta heilbrigðis- og velferðarkerfisins í endurreisn ríkisfjármála, m.a. vegna þess að veigamiklir þættir tilfærslu- og afkomutryggingarkerfisins eru í kjarasamningum en ekki hjá ríkissjóði.*
- Vorð 2008 höfðum við samið um stofnun VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs undir yfirskriftinni „við skiljum engan eftir“ og okkur tókst að tryggja farsæla uppbyggingu kerfis raunhæfra úrræða fyrir þá sem lenda í veikindum og alvarlegum slysum í gegnum allt hrúnið.*
- Verulegar úrbætur náðust á lagalegri stöðu skuldugra heimila bæði hvað varðar óhóflegan innheimtukostnað lögmanna en sú lagabreyting fæddist á skrifstofum ASÍ en ekki síður með sérstökum lögum um afskriftir óraunhæfra skulda í gegnum 110% leiddina og greiðsluadlögun, mál sem ASÍ setti á dagskrá löngu fyrir hrun.*
- Samkomulagi um endurreisn félagslega húsnæðiskerfisins með 30% stofnkostnaðarstyrkjum og stofnun Bjargs íbúðafélags þannig að aldrei aftur þurfi láglaunafólk að steypa sér í ofurskuldir til þess að njóta húsnæðisöryggis sem er hluti af grundvallarmannréttindum.*
- Við lögðum grunn að auknum hagvexti og fjölgun starfa og gerðum kjarasamninga sem bæði tryggðu að félagsmenn okkar næðu kaupmætti sínum til baka, og meira til, ásamt því að lyfta þeim tekjulægstu verulega. Það*

hefur svo sannarlega gengið eftir eins og alkunna er meðan félagar okkar austan hafs og vestan eru langt frá því að ná sömu stöðu fyrir launafólk í sínum heimaríkjum og líta til okkar og þeirra úrræða sem við gripum til.

- Okkur hefur tekist að ná fram þeirri áratuga gömlu kröfu Alþýðusambandsins að jafna ávinnslu lífeyrisréttinda á milli almenna- og opinbera markaðarins, aðgerð sem mun skila yngri félagsmönnum okkar sérstaklega, mun betri lífeyriskjörum en þeim sem við flest búum við.
- Við tvöfölduðum framlög atvinnurekenda í starfsmenntasjóði almenns launafólks og jukum framboð af nýjum námstækifærum fyrir þá sem litla menntun hafa.
- Við höfum náð samkomulagi við atvinnurekendur og stjórnvöld um verulegar breytingar á réttarstöðu erlendra starfsmanna með auknu aðhaldi að starfsmannaleigum og fyrirtækjum sem fá til sín útsenda starfsmenn. Eins og skýrt hefur komið fram á síðustu vikum er það verkalýðshreyfingin undir merkinu „Einn réttur – ekkert svindl“ sem hefur staðið vaktina í þessum efnum með öflugum og vel skipulögðum vinnustaðaefirliti, efirliti sem stjórnvöld höfðu mikið til vanrækt. Það hefur leitt til þess að stofnanir ríkisins og stjórnvöld eru að vakna til verka og hefði þó mátt vera fyrr. Enn eigum við þó langt í land í þessum efnum en vinnum hörðum höndum að úrbótum í samstarfi við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Ég gæti haldið svona lengi áfram að telja það upp sem okkur tókst að ná fram á árunum eftir hrun en vil segja að lokum þetta, allan þann árangur er fyrst og síðast að þakka samstöðu ykkar og stefnufestu sem byggir og hefur alltaf byggt á því að við beitum afli okkar í þágu þeirra félaga okkar sem veikast standa, trú því sem einkennir fánann okkar þar sem óslitin keðja hverfist um nafnið okkar, keðja sem aldrei verður sterkari en veikasti hlekkur hennar.

Við þetta verður þó ekki skilist án þess að fjalla aðeins um það sem kallað hefur verið SALEK, en umræða um þann þátt í starfi okkar hefur bæði verið afbökuð og rangfærð. SALEK verkefnið sem við komumst vel á veg með, fólst fyrst og fremst í því að tryggja félagsmönnum okkar öruggan lífshjarabata með skilyrðislausu samhengi milli efnahagsstefnu stjórnvalda á hverjum tíma og velferðarkerfisins, sem til framtíðar myndi tryggja ekki bara efnahagslegan stöðugleika heldur fyrst og síðast félagslegan stöðugleika. Þannig yrði aukin velferð félagsmanna okkar í fyrirrúmi í stað þess að almenn t launafólk væri annað af tvennu fórnarlömb efnahagslegra afglapa stjórnvalda líkt og gerðist við hrunið eða fórnarlömb þeirra sem trúá brauðmolakenningum frjálshyggjunnar og boða lækun skatta og einkavæðingu samfélagsþjónustunnar.

Þessu verkefni lukum við ekki en öll grunnvinna og stefnumótun liggur fyrir og ég trúí því að sá dagur muni koma að þráðurinn verði að nýju tekinn upp.

En í tengslum við þetta verkefni okkar og í umræðunni um það kemur það fram sem ég hef kosið að kalla rót reidinnar.

Staðan er einfaldlega sú, að þrátt fyrir að verkalýðshreyfingunni hafi með samstöðu sinni tekist að hækka lögstu laun langt umfram almenna launaþróun, hefur það ekki leitt til þeirra bættu lífskjara þessara hópa sem að var stefnt.

Ástæðan er sú að stjórnvöld hafa með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi á undanförnum árum hirt lungann af þeim ávinningi sem kjarasamningar hafa tryggt þeim tekjulögstu.

Við erum að tala um skerðingu skattleysismarka, lækkun barnabóta, lækkun vaxta- og húsnæðisbóta á sama tíma og stjórnvöld hafa vanrækt hlutverk sitt á húsnæðismarkaði og fasteignaverð og húsaleiga hækkar upp úr öllu valdi. Fólk veigrar sér við að leita læknis vegna hárrar gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu. Skerðingar á greiðslum almannatrygginga með miklum tekjutengingum gagnvart greiðslum lífeyrissjóðanna eru enn eitt dæmið um hvernig ríkið hefur höggvið þar sem hlífa skyldi.

Til viðbótar kemur síðan skefjalaus sjálf taka ofurlaunaaðalsins á svimandi launahækkunum sem magnar hina réttlátu reidi enn frekar.

Stjórnmalamenn bera á þessu fulla ábyrgð. Krafan um að þeir og dekurbörnin þeirra deili kjörum með þjóðinni er krafa um réttlæti og jöfnuð.

Því miður er það svo, að í áætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára stendur ekki til að rétta hag þeirra lægst launuðu þegar kemur að velferðar- og skattamálum.

Til þess að bíta höfuðið af skömminni lét ríkisstjórnin síðan ólöglegar niðurstöður Kjararáðs standa og heytist við að taka til baka ofurhækkanir stjórnmalamanna og ædstu embættismanna.

Tillaga ASÍ var samstaða allra um nýjan þjóðarsáttmála, þar sem auknum tekjum ríkis og sveitarfélaga af hagvexti yrði varið til eflingar velferðar- og félagsmála. Því miður var ríkisstjórnin, undir forsæti Vinstri grænna, ekki tilbúin til þessa verks og því var miðstjórn ASÍ nauðugur sá kostur að hafna þátttöku í þjóðhagsráði sem átti að vera samráðsvettvangur aðila til þess að tryggja hér efnahagslegan og félagslegan stöðugleika. Í allri þessari umræðu hefur það alltaf legið ljóst fyrir að ASÍ myndi aldrei sætta sig við aukinn ójöfnuð og misrétti.

Þetta, kærufélagar, er rót þeirrar reidi sem birtist í samfélaginu og nær inn í okkar radir þrátt fyrir þann mikla árangur sem Alþýðusambandið hefur náð á undanförunum árum. Árangri sem ég geri hér að umræðuefni, ekki til þess að hreykja mér af þó hann hafi náðst á minni vakt sem forystumaður ykkar því þennan heiður eigid þið öll sem hér eruð.

Ég geri þetta þvert á móti, kærufélagar, að umtalsefni til þess að koma því skýrt til skila að samstaðan er það afl sem skilar okkur árangri og gerð

*kjarasamninga er sú leið og sú aðferð sem við höfum til þess að móta samfélag okkar og berjast gegn ójöfnuði. En til þess að ná slíkum árangri verðum við bæði að vera praktísk og skynsöm nestuð sterki hugsjón um jöfnuð og jöfn tækifæri, en jafnframt axla mikla ábyrgð á því að vera þátttakandi í mótun hugmynda og tillagna.*

*En eitt er víst og það er að við gerðum örugglega ekki allt rétt og vafalaust hefðum við getað gert betur í sumu, en það breytir ekki því einlæga mati mínu að við sem heild gerðum bæði okkar besta og náðum meiri og betri árangri en okkur er ef til vill enn þá orðið ljóst. Af þeim árangri eigum við að vera stolt líkt og við getum verið stolt af þeim sigrum sem við höfum unnið í 100 ára sögu sambandsins.*

*Er þá skemmst að minnast réttinda á vinnumarkaði og aðbúnaðar á vinnustöðum sem er óvída betri en hér á landi. Veikindaréttur, lífeyrismál, orlofsréttur, atvinnuleysistryggingar, sjúkrasjóðir sem veita alls kyns styrki auk sjúkradagpeninga og svo mætti áfram telja. Og listinn er miklu lengri, góðir félagar, og við getum verið stolt af þeim árangri sem við höfum náð.*

*En veltum því aðeins fyrir okkur hver sé sá lærdómur sem við getum af þessu dregið en hann er bæði einfaldur og flókinn.*

*Einfaldur vegna þess að verkin tala og segja okkur að þegar okkur auðnast að mynda sterka samstöðu stoppar okkur ekkert en hann er líka flókinn vegna þess að hann segir einnig að það er órofasamband milli velferðar launafólks, kjarasamninga við atvinnurekendur og þríhliðasamstarfs við öll stjórnvöld á öllum tímum.*

*Og höfum þá í huga að mesti árangurinn og stærstu sigrarnir hafa ekki einungis unnist með verkföllum heldur með átakalausum kjarasamningum, sem lokið er á breiðum grundvelli í kjölfar lýðræðislegs og einlægs samráðs og samstarfs við undirbúning og gerð kjarasamninga.*

*Þar hefur alltaf verið haft eitt sjónarmið að leiðarljósi og það er að sá hópur félagsmanna sem lægst hefur launin fái hlutfallslega mestar hækkanir. Og krafa okkar á stjórnvöld er og hefur alltaf verið sú að þau tryggi með skipulagi og fjármögnun velferðarinnar að sá hópur sé verndaður gegn niður-skurði og tekjutengingum.*

*Því miður er það svo að stjórnvöld hafa ítrekað gengið bak orða sinna í því efni og við þurfum sem hreyfing að íhuga alvarlega hvornig tryggja megi að efnidir fylgi orðum og að lofordin séu bæði fjármögnuð og skýr en það er annað mál.*

*Að lokum, góðir félagar.*

*Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá stendur Alþýðusamband Íslands og íslenskt samfélag frammi fyrir miklum áskorunum nú þegar undirbúningur kjarasamninga stendur sem hæst og toppi hagsveiflunnar hefur verið náð.*



*Í þeirri baráttu sem framundan er megum við ekki missa sjónar af þeim grundvallaratriðum sem ég hef fjallað um hér að framan og reynslan hefur kennt okkur, hvort sem mönnum líkar það betur eða ver, að sígandi lukka og aukinn kaupmáttur lægstu launa á grundvelli kjarasamninga sem gerðir eru í samhengi við stöðu atvinnuveganna á hverjum tíma hafa fært okkur mestan árangur.*

*Af þeirri baráttuaðferð í kjölfar efnahagshrunsins 2008 njótum við í dag. En staðan er viðkvæm og ýmsar vísbendingar á lofti um að við stefnum í nýja efnahagslægð. Við þær aðstæður er það skylda okkar að koma einhuga og fumlaut að verki, líkt og við gerðum fyrir 10 árum.*

*En allt er breytingum háð og margt bendir til þess að áherslur og baráttuaðferðir stærstu aðildarsamtaka ASÍ verði með nokkuð öðrum hætti en verið hefur um langt skeið. Það er ekki mitt að dæma um hvort það muni verða félagsmönnum Alþýðusambandsins og fjölskyldum þeirra til heilla í framtíðinni, nú þegar ég hef ákveðið að stíga til hliðar sem forseti ASÍ, en svo notuð séu fleyg orð Sókratesar úr málsvörn sinni í síðustu samræðu hans við félagana sína:*

*„Nú skiljast leiðir en hvor fer betri för er öllum hulið nema guðinum.“*

*Kæru félagar, takk fyrir stuðning ykkar á síðustu 10 árum í þessu vandasama verkefni og ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir að hafa leyft mér að þjóna ykkur og sinna verkefnum sem hafa verið mér hjartans mál.*

*Nú skilja leiðir við lok þessa þings og ég fer sáttur frá borði og treysti ykkur, grasrót þessarar hreyfingar sem hér hefur komið saman sem fulltrúar yfir 120 þúsund félagsmanna, til þess að halda stolt merki Alþýðusambands Íslands og íslenskrar verkalyðshreyfingar á lofti, ég segi 43. þing Alþýðusambands Íslands sett.*

## **Framsögur gesta**

**Sigurður Bessason** bauð félags- og jafnréttismálaráðherra, Ásmund Einar Daðason, velkominn til þingsins.

## **Ávarp félags- og jafnréttismálaráðherra**

*Góðir gestir.*

*Við stöndum frammi fyrir gríðarlegum áskorunum á vinnumarkaði en komandi veturinn mun án efa litast af kjarasamningsviðræðum enda ljóst að nánast allir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði verða lausir í lok þessa árs auk þess sem samningar á opinberum vinnumarkaði verða lausir snemma á næsta ári. Við slíkar aðstæður skapast edlilega ákveðinn órói á vinnumarkaði.*

*Margir segja að undiraldan sem nú er í gangi á vinnumarkaði sé ekkert frábrugðin því sem alltaf gerist í aðdraganda kjarasamninga. Hins vegar*

bendir margt til þess að umræðan nú sé þyngri en verið hefur í langan tíma. Þess vegna bið ég alla sem hlut eiga að máli að spara stóru orðin og mæta að samningaborðinu með einbeittan vilja til að ná ásættanlegri niðurstöðu, bæði fyrir launafólkið í landinu og þá ekki síst þá sem minnst hafa milli handanna, sem og fyrirtækin í landinu.

Ég veit að margir hafa á tilfinningunni að í gangi sé launaskrið hjá efstu lögum samfélagsins og að skilja eigi eftir bæði millistéttina og lægri tekjuhópa. Við verðum að draga úr þessari tilfinningu og tryggja aukinn jöfnuð, ekki síst til að tryggja að börn í okkar góða og gjöfula landi alist ekki upp við svo mikla fátækt að þau geti ekki notið þess að stunda tómstundir, geti ekki búið vinum sínum í afmælið sitt eða geti ekki haldið fermingarveislur vegna lágra tekna foreldra sinna.

Ég hef núna í sumar og haust verið að fara yfir og reyna að skilja launaupphýggjuna sem tíðkast á vinnumarkaði í þessu ágæta landi okkar. Í því sambandi hef ég meðal annars reynt að skilja hvernig stendur á því að árslaun sumra einstaklinga eru hærri en verkamaður getur látið sig dreyma um á heilli starfsævi.

Ég er á því að bæði innan almenna og opinbera geirans þá séu efstu laun víða algjörlega úr takti við það sem almennt gerist í samfélaginu. Hins vegar er ekki nóg að opinberi vinnumarkaðurinn taki á sínum málum, það verður hinn almenni líka að gera. Þar hafa hækkunar einstaka forstjóra verið úr öllum takti við raunveruleikann. Í því efni gengur ekki að bæði samtök atvinnulífs og verkalýðshreyfingin sitji hjá þegar kemur að fyrirtækjum sem eru í eigu lífeyrissjóða. Þar getið þið haft áhrif og beitt ykkar völdum.

Eftir að hafa farið yfir málin með ýmsum aðilum bæði á opinbera og almenna vinnumarkaðnum þá eru rökin fyrir hækkunum í efsta lagi samfélagsins yfirleitt sú að hækkunin sé vegna þess að laun hliðstæðra starfa hafi hækkað og þetta sé gert til að laun séu samkeppnishæf. Það eru tvær leiðir til að taka á launum í efsta lagi samfélagsins, annars vegar að þeir sem ráði ríkjum bæði á almennum og opinberum markaði taki höndum saman og grípi til aðgerða en hin leiðin er að beita skattkerfinu. Best er að þessar leiðir færu að einhverju leyti saman.

Ég hyggst á næstunni reyna að beita mér fyrir því að samstaða náist um að taka á efstu launum samfélagsins. Þar þurfa að koma að báðir aðilar vinnumarkaðar, hið opinbera, forystumenn lífeyrissjóða og stærstu fyrirtækja. Ég hef sagt það áður, ég meinti það þá og segi það enn; Þessari vitleysu í efsta lagiinu verður að linna. Nú vil ég hins vegar bæta við og segja að ef ekki næst samstaða um að stíga skref sem koma böndum á efstu laun samfélagsins, eins og ég lýsti hér að framan, þá mun sá sem hér stendur styðja verkalýðshreyfinguna í því að setja hátekjuskatt á hæstu tekjur íslensks samfélags.

*Ad þessu sögðu spyrja sig eflaust margir... Af hverju það sé mikilvægt að ná tökum á hæstu launum samfélagsins? Þurfum við ekki bara að hækka þá sem eru með lægri tekjur?*

*Þrátt fyrir að segja megi að efnahagshorfur séu almennt góðar bendir þó ýmislegt til að það muni eitthvað hægjast á hagkerfinu á komandi misserum, líkt og forseti Alþýðusambandsins kom inn á hér áðan og að atvinnuleysi muni jafnframt aukast. Enn fremur hefur ferðaðþjónustan verið mikið í umræðunni undanfarið og komið hefur í ljós að flugfélögin eru að glíma við rekstrarerfiðleika. Þá hefur hljóðið í atvinnurekendum víða á landinu verið þyngra en verið hefur á síðustu árum.*

*Við þessar aðstæður er margt að gæta en einnig til mikils að vinna og berum við öll ábyrgð í þeim efnum sama hvar við borðid við sitjum. Við eigum að geta í sameiningu varðveitt þann efnahagslega árangur sem náðst hefur á undanförunum misserum og haldið áfram að vinna ákveðið að því að treysta og viðhalda hér efnahagslegum stöðugleika.*

*Við þessar aðstæður þá er ekki svigrúm til launahækkana líkt og orðið hafa í efstu lögum samfélagsins niður allan stigann og þess vegna er mikilvægt að þeir sem hæstar hafi tekjurnar og hafa verið að hækka mest á undanförunum árum taki á sig auknar byrðar til að tryggja og viðhalda jöfnuði í íslensku samfélagi. Það er nefnilega svo að það þurfa allir að taka á til að viðhalda stöðugleika, ekki bara sumir.*

*Þrátt fyrir að kjarasamningar heyri ekki beint undir stjórnvöld hafa stjórnvöld oft og tíðum komið að gerð þeirra með einhverjum hætti, svo sem með tilteknum aðgerðum sem ætlað er að liðka fyrir því að samkomulag náist. Í ljósi þess sem ég hef sagt hér áður og sagði hér áðan þá verður aðkoma stjórnvalda mikilvægari en oft áður í þessum kjarasamningum. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á gott samstarf og ég hef hingað til átt mjög gott samstarf við verkalýðshreyfinguna um ýmis mál og mun beita mér fyrir því að svo verði áfram á næstu vikum og mánuðum.*

*Einn mikilvægasti þátturinn í samstarfinu framundan verður sá hluti er snýr að endurskoðun skatta- og bótakerfis. Hafin er endurskoðun á tekju-skattskerfinu með áherslu á lækkun skattbyrði og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi persónuafsláttar og samspili við bótakerfi sem ætlað er að styðja við tekjulægri hópa samfélagsins. Í þessari vinnu hefur sá sem hér stendur lagt ríka áherslu á samstarf við verkalýðshreyfinguna og það markmið að niðurstöður þessarar vinnu styðji við niðurstöður kjarasamningsviðræðna.*

*Góðir áheyrendur, eins og ég nefndi áðan þá sýna tölur Vinnumálastofnunar að í september síðastliðnum hafi að jafnadi verið rúmlega fjögur þúsund einstaklingar skráðir án atvinnu hjá stofnuninni. Þrátt fyrir að þessum*

einstaklingum hafi fækkað frá því sem var í ágúst síðastliðnum eru þetta allt of margir miðað við tiltölulega gott ástand á vinnumarkaði.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að allt of margir séu of lengi án atvinnu verði þeir fyrir því að verða atvinnulausir en ljóst er að eftir því sem lengri tími líður frá því að fólk missir vinnuna verður erfiðara fyrir það að ná fótfestu að nýju á vinnumarkaði.

Við verðum að bregðast við þessari óheillapróun með einhverjum hætti og hef ég lagt á það áherslu við Vinnumálastofnun að stofnunin setji aukinn kraft í að fækka þeim einstaklingum sem standa of lengi utan vinnumarkaðar. Er sú áhersla í takt við þá vinnu sem ég hef sett í algjöran forgang í ráðuneyti mínu varðandi mögulegar leiðir til að styðja þá til virkni sem ekki ná því af sjálfsdáðum.

Eins og flestum er kunnugt stendur yfir gríðarlega umfangsmikil vinna í ráðuneyti mínu þar sem verið er að skoða leiðir að nýju framfærslukerfi almannatrygginga fyrir fólk sem hefur skerta starfsgetu samhliða því að tekið verði upp mat á starfsgetu. Er þessum breytingum ætlað er að leysa af hólmi núverandi örorkumatskerfi.

Við þá vinnu er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og þverfaglegt mat á starfsgetu fólks sem byggist á líkamlegum, sálfræðilegum og félagslegum áhættuþáttum enda hefur reynslan sýnt að samspil ólíkra þátta getur haft áhrif á möguleika einstaklings til bata og til að snúa aftur til vinnu eftir tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði. Í þessari vinnu hef ég lagt áherslu á að nýtt framfærslukerfi verði þannig úr garði gert að það hvetji fólk sem hefur skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku enda hefur virk þátttaka í samfélaginu bein áhrif á andlega líðan einstaklinga.

Til að þetta geti orðið að veruleika verður atvinnulífið að skoða sinn þátt í að opna vinnumarkaðinn fyrir fólki sem einhverra hluta vegna hefur skerta starfsgetu en hafa ber í huga að þessi hópur er langt frá því að vera einsleitur. Ég er vel meðvitaður um að við getum ekki kallað eftir atvinnuþátttöku fólks sem hefur skerta starfsgetu séu hlutastörf og önnur sveigjanleg störf ekki til staðar á vinnumarkaði og mun ég því leggja mitt af mörkum til að tryggja möguleika fólks sem hefur skerta starfsgetu til að ráða sig í slík störf.

Það er mér nefnilega verulegt áhyggjuefni að við erum að sjá nýgengi örorku hér á landi slaga í náttúrulega fjölgun starfsfólks á vinnumarkaði. Við erum jafnframt að sjá að hlutfall ungra öryrkja á aldrinum 18–39 ára er hæst á Íslandi í norrænum samanburði en 29% öryrkja hér á landi er á þessum aldri.

Um er að ræða mikilvægt samfélagsmál sem varðar okkur öll og við verðum að stöðva þessa þróun. Þar verðum við fyrst og síðast að huga að líðan ungmennanna okkar sem byggja eiga framtíð þessa lands en rannsóknir sýna að vanlíðan þeirra hefur aukist. Ég hef miklar áhyggjur af þessari þróun og

við megum ekki skella skollaeyrum við þessum skilaboðum heldur verðum við að líta til framtíðar, meðal annars með því að styðja við ungt fólk sem er að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

Við verðum að leggja áherslu á að efla virkni fólks á hvaða aldri sem er, líka þeirra sem hafa skerta starfsgetu, og legg ég því áherslu á að til verði framfærslukerfi sem verður hvetjandi en ekki letjandi þegar kemur að atvinnuþátttöku fólks sem hefur skerta starfsgetu. Í þessari vinnu er gríðarlega mikilvægt að eiga gott samstarf við fulltrúa ykkar hér í verkalýðshreyfingunni.

Í þessu sambandi langar mig einnig að geta þess að ég fagna því að við séum loksins búin að innleiða efni tilskipunarinnar um jafna meðferð á vinnumarkaði en lögin tóku gildi síðastliðið vor. Að mínu mati var löngu kominn tími til að við tækjum þetta skref.

Fyrirséð er að vinnumarkaðurinn mun taka miklum breytingum á komandi árum, meðal annars samhliða áframhaldandi tækniframförum og hnattvæðingu. Með tækniframförum hafa kröfur um líkamlega getu minnkað sem hefur greitt fyrir atvinnuþátttöku fólks með líkamlegar skerðingar. Aftur á móti hefur andlegt álag aukist og kröfur um að tileinka sér nýjungar hafa enn fremur aukist. Þannig hefur störfum sem krefjast lítillar fjærni fækkað á sama tíma og sérfræðistörfum hefur fjölgað en ætla má að sú þróun haldi áfram með tilheyrandi áskorunum fyrir atvinnuþátttöku einstaklinga sem hafa skerta starfsgetu.

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa undanfarin ár verið sammála um mikilvægi þess að fjærni-, menntunar- og mannaflapörf á íslenskum vinnumarkaði verði betur greind en verið hefur fram til þessa. Í ljósi þess hefur á síðustu misserum verið starfandi hópur sérfræðinga á vegum Vinnuálastofnunar, ASÍ, SA og Hagstofunnar við mótun tillagna að framtíðarfyrirkomulagi við gerð fjærni- og mannaflaspár fyrir íslenskan vinnumarkað.

Aðstæður á vinnumarkaði um þessar mundir sýna að mínu mati fram á mikilvægi þess að slíkar spár séu framkvæmdar, bæði til skamms tíma sem og lengri tíma lítið, ekki síst til að auðvelda ungu fólki að ákveða hvað það vill verða þegar það verður stórt og auka möguleika þess á að fá vinnu við hæfi að námi loknu.

Það er því gaman að segja frá því að á föstudaginn 1. nóvember, verður haldin ráðstefna, Forskot til framtíðar, þar sem til umfjöllunar verður vinnumarkaður framtíðarinnar með áherslu á möguleg áhrif breyttrar heimsmyndar á náms- og atvinnutækifæri ungs fólks og er ASÍ einn af bakhjörllum ráðstefnunnar. Ráðstefnan er opin öllum og vil ég hvetja alla sem hafa áhuga á mennta- og vinnumarkaðsmálum framtíðarinnar til að skrá sig.

Um nokkurt skeið hefur verið í gangi samstarfsverki ríkisins og BSRB um styttingu vinnutímans. Það er gaman að geta sagt frá því að svo virðist sem niðurstöður þeirra kannana sem gerðar hafa verið í tengslum við verkefnið

séu afar jákvæðar og endurspeгла þær einnig niðurstöður sambærilegra kannana hjá Reykjavíkurborg en borgin hefur staðið fyrir sérstöku verkefni um styttingu vinnutíma frá árinu 2015.

Hefur komið í ljós að stytting vinnutímans hefur haft í för með sér betri líðan þeirra starfsmanna sem tekið hafa þátt í verkefninu sem og betri starfsanda á vinnustöðunum sem taka þátt.

Enn fremur hefur dregið úr upplifun starfsmanna sem þátt taka í verkefninu af kulnun í starfi auk þess sem dregið hefur úr andlegum og líkamlegum streitueinkennum.

Allt þetta jákvæða sem ég hef talið hér upp virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á framleiðni eða þá þjónustu sem veitt er á þessum vinnustöðum sem taka þátt í verkefninu nema síður sé, auk þess sem fjarvistir á vinnutíma virðast færri en áður og allt bendir til að veikindadögum hafi fækkað. Það þarf kannski ekki djúpa greiningu til að sjá að þegar starfsfólki líður vel í vinnunni og er ánægt þá gerast hlutirnir.

Það er alveg ljóst að við þurfum vinnandi hendur, án þeirra ná hjól atvinnulífsins ekki að snúast. Á sama tíma og umræða um kulnun í starfi, og óhemju álag oft og tíðum hjá þeim sem halda hjólunum gangandi, hefur umræða um slæma meðferð á erlendu starfsfólki orðið háværari. Slíkt á ekki að líðast – ég hef sagt það áður og ítreka það hér.

Á þessu kjörtímabili hafa þegar verið gerðar lagabreytingar sem forseti ASÍ vitnaði til hér ádan og eiga vonandi eftir að reynast vel í því að snúa þessari þróun við. Reynslan mun leiða það í ljós en stutt er síðan hluti þessara lagabreytinga tóku gildi og því varla farið að reyna almennilega á þær enn. Ef í ljós kemur að ekki hafi verið gengið nægilega langt með þessum lagabreytingum mun ég ekki liggja á liði mínu og leggja til enn frekari breytingar.

Mikil og góð samvinna við verkalýðshreyfinguna skiptir þó öllu máli hér enda mikilvæg reynsla þar innanborðs þegar kemur að eftirliti með því að ekki sé verið að brjóta kjarasamninga um réttindi fólks á vinnumarkaði.

En það þarf fleira að koma til. Að mínu viti þurfa allir þeir aðilar sem með einhverjum hætti koma að eftirliti á vinnumarkaði að taka höndum saman, hvort sem um er að ræða eftirlit með skattgreiðslum, launagreiðslum til starfsmanna eða eftirlit með því að fyrirtæki séu ekki að koma sér undan skyldum sínum með svokölluðu kennitölufлакki en slíka brotastarfsemi verður að taka miklu fastari tókum en gert hefur verið eigi árangur að nást.

Ég hef kallað ýmsa aðila að borðinu til að hefja samhentar aðgerðir til að sporna gegn því að brotið sé á kjarasamningsbundnum réttindum útsendra starfsmanna og starfsmannaleigustarfsmanna. Þessi hópur verður kallaður saman strax í næstu viku og bind ég miklar vonir við niðurstöðu þessa samtals.

*Hér þurfum við líka á viðhorfsbreytingu að halda. Það á ekki að líða illa meðferð á starfsfólki, hvort sem um er að ræða Íslendinga, útlendinga, konur, karla eða ungmenni. Við þurfum sem samfélag að fordæma slíka hegðun þannig að atvinnurekendur hugsi sig tvisvar um áður en þeir bendla nafn sitt eða þá starfsemi sem þeir standa fyrir við slíkt. Ill meðferð á starfsfólki verður að hafa í för með sér afleiðingar sem betra er fyrir atvinnurekendur og úmynd fyrirtækja að vera án.*

*Hver vinnustaður verður að móta sér stefnu í tengslum við forvarnarstarf. Markmiðið er einfalt – að starfsfólki líði vel í vinnunni og komi heilt heim að vinnudegi loknum.*

*Haustið 2017 birtust opinberlega sögur mörg hundruð kvenna um kynbundna og kynferðislega áreitni og um kynbundið ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir, þar með talið í vinnunni. Samfélagsumræðan um þetta hjóðarmein hefur verið kölluð #metoo og hefur leitt í ljós að kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi, áreitni og ýmiss konar mismunun virðist vera í öllum lögum samfélagsins, þar með talið á vinnumarkaði.*

*Það er ólíðandi að svo margar konur verði fyrir slíkrri hegðun en meðal þeirra sem stigið hafa fram eru ungar stúlkur – dætur okkar – með frásagnir úr tómstunda- og íþróttastarfi og fullorðnar konur með frásagnir frá starfsferli sínum. Samhliða þessum frásögnum erum við að sjá tölur um að vanlíðan stúlkna í 10. bekk og fyrstu bekkjum menntaskóla er að aukast stórlega.*

*Þar sem mér blöskrar þessi ómenning á vinnustöðum hef ég skipað nefnd sem hefur það hlutverk að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis, auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt hefur nefndinni verið falið að rannsaka reynslu þolenda, vitna og gerenda og skoða til hvaða aðgerða er gripið á vinnustöðum í slíkum málum.*

*Þá er nefndinni ætlað að kanna hvort atvinnurekendur hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sínum, þar sem meðal annars komi fram til hvaða aðgerða skuli gripið í því skyni að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum og hvernig brugðist er við komi fram kvörtun, ábending eða rökstuddur grunur um slíka háttsemi á vinnustaðnum.*

*Samhliða framangreindri nefnd hefur verið skipaður aðgerðahópur en hlutverk hans verður meðal annars að koma á fót og fylgja eftir aðgerðum á vinnumarkaði sem miða að því að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.*

*Ég vona innilega að þessi umræða sem verið hefur í samfélaginu undanfarið ár, þær aðgerðir sem gripið verður til sem og vonandi breytt og betri vinnustaðamenning verði til þess að uppræta þessa hegðun þannig að konur framtíðarinnar hafi ekki ástæðu til að stíga fram með þeim hætti sem konur gerðu þegar metoo-byltingunni var hrundið af stað.*

Ég vona einnig að breytt landslag á þessu sviði verði til þess að við sjáum fleiri konur en nú er við stjórnvölinn á öllum sviðum samfélagsins.

Því miður er staðreyndin sú að undanfarin ár hefur ríkt stöðnun hvað varðar breytta kynjasamsetningu í efstu stjórnunarlægum fyrirtækja. Svo notað sé líkingarmál hefur stundum verið rætt um að konur, sem eru að reyna að komast á toppinn, lýsi þeirri vegferð eins og þær séu að synda í leir á meðan karlar syndi í vatni. Þessu verðum við að breyta.

Á sama tíma og við hvetjum konur til að taka virkari þátt á vinnumarkaði en þær gera nú þegar tel ég mikilvægt að þær greiðslur sem foreldrar geta fengið úr Fæðingarorlofssjóði þegar kemur að töku fæðingarorlofs séu það háar að bæði mæður og fedur sjái sér fært að nýta rétt sinn til fulls án þess að það verði til þess að heimilisbókhaldið fari á hliðina. Jafnframt verðum við að lengja fæðingarorlofið og brúa bilið milli þess og leikskóla.

Í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að draga sem mest úr tekjumissi foreldra vegna fæðingar barna verður hámarkið á fæðingarorlofs-greiðslum því hækkað í 600.000 vegna barna sem fæðast eftir næstu áramót. Þessu skrefi ber að fagna.

Áður en ég læt staðar numið vil ég, síðast en ekki síst, víkja að húsnæðismálunum, sem meðal annars hefur verið mikið rætt um í tengslum við komandi kjarasamningsviðræður. Enda er ljóst að enginn grundvöllur er fyrir kjarasamningum ef húsnæðisverð heldur áfram að hækka líkt og gerst hefur á undanförunum árum. Ég tel gríðarlega mikilvægt að allir hlutadeigandi sem láta sig varða velferð almennings á sviði húsnæðismála, þar á meðal verkalyðshreyfingin, komi saman að borðinu þannig að gera megi raunverulegar breytingar á húsnæðismálum hér á landi. Í þessu sambandi hef ég kallað eftir því að menn hugsi bæði í stærri lausnum og út fyrir boxið. Húsnæðisöryggi er grundvöllur velferðar almennings á öðrum sviðum og því verðum við að gera betur í þessum málaflökki.

Staðan á leigumarkaði er óviðunandi og hefur verið of lengi. Leigjendur búa við lítið húsnæðisöryggi og eru miklu líklegri en aðrir hópar á húsnæðismarkaði til að búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Það er allt of mikið að verja 40% eða hærra hlutfalli af ráðstöfunartekjum sínum í leigu.

Leiguverð hefur hækkað mikið samhliða hækkun fasteignaverðs. Þannig hefur til að mynda staðvirt meðalleiguverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu aukist um 37% frá árinu 2011. Svo mikil hækkun á leiguverði hefur reynst afar þungbær, ekki síst þeim sem minnst hafa á milli handanna. Sú hækkun gerir þeim sem stefna að því að festa kaup á eigin húsnæði það vitaskuld einnig enn erfiðara að safna fyrir útborgun til fasteignakaupa.

Það auðveldar ekki heldur stöðu þeirra sem stefna að fyrstu kaupum eigin húsnæðis að raunverð lítilla íbúða, undir 70 fermetrum að stærð, hefur hæk-



að mest samanborið við annað íbúðarhúsnæði, og er í sögulegu hámarki um þessar mundir.

Við vitum líka að flestir á leigumarkaði eru þar af nauðsyn fremur en að eigin vali. Samkvæmt nýlegri könnun sem unnin var fyrir Íbúðalánasjóð bjuggu 8% svarenda á leigumarkaði í leiguhúsnæði af því að þeir völdu að gera það en 64% sögðust gera það af nauðsyn.

Svo þarf aftur á móti ekki að vera. Við eigum að geta byggt upp heilbrigðan leigumarkað þar sem viðeigandi húsnæði býðst á viðráðanlegu verði þannig að einstaklingar hafi raunverulegt val um búsetuform, hvort sem þeir kjósa að búa í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða búsetuíbúð í húsnæðissamvinnufélagi. Öll hafa þessi búsetuform mismunandi eiginleika sem höfða til ólíkra hópa en forsenda fyrir raunverulegu vali er þó auðvitað alltaf viðráðanlegur húsnæðiskostnaður og húsnæðisöryggi.

Margt hefur vissulega áunnist í húsnæðismálum á undanförunum árum, meðal annars fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar. Má í því sambandi nefna almenna íbúðakerfið sem komið var á fót í samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Tilgangur þess var og er að fjölga leiguíbúðum á viðráðanlegu verði sem og nýtt húsnæðisbótakerfi sem jók verulega húsnæðisstuðning við leigjendur og gerði hann jafnari þeim stuðningi sem hið opinbera hefur veitt íbúðareigendum og búseturéttarhöfum húsnæðissamvinnufélaga í gegnum vaxtabótakerfið.

Þá má nefna stuðning við fyrstu kaupendur í formi heimildar til ráðstöfunar skattfrjáls séreignarsparnaðar og þær mikilvægu breytingar sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál fyrr á þessu ári.

Í samræmi við áherslu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr á húsnæðismál stendur nú enn fremur til að gera breytingar á fyrirkomulagi húsnæðismála innan Stjórnarráðsins þannig að þau verði á ábyrgð eins og sama ráðuneytisins, ólíkt því sem verið hefur. Tel ég að það muni efla mjög stjórnsýsluna á þessu sviði enda næst með því betri yfirsýn og stefnumótun og skýrari ábyrgð á málaflokknum.

Jafnframt þarf að skoða hvaða leiðir séu færar til að auðvelda fólki að festa kaup á sinni fyrstu fasteign. Þau mál eru til skoðunar og er verið að vinna að tillögum í samstarfi við Íbúðalánasjóð með hliðsjón af þeim leiðum sem farnar hafa verið í nágrannalöndum okkar. Tillögur þar að lútandi eru í vinnslu en þar erum við bæði að horfa til nágrannalanda okkar á Norðurlöndum sem og til Sviss þar sem tíðkast að nýta lífeyrissparnað til fyrstu kaupa á húsnæði.

Þrátt fyrir þau skref sem stigin hafa verið í húsnæðismálum undanfarin ár er okkur öllum ljóst að við eigum margt óunnið en til að tryggja að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð efnahag og búsetu, verðum við að auka framboð á viðeigandi húsnæði á viðráðanlegu verði.

*Þar tel ég að líta megi til reynslu nágrannaþjóðar okkar í Finnlandi en þar hefur góður árangur náðst á sviði húsnæðismála, stöðugleiki ríkir þar á húsnæðismarkaði og byrði húsnæðiskostnaðar hjá þeim efnaminni er lægri en annars staðar á Norðurlöndunum.*

*Húsnæðisstefna Finna grundvallast á öfluglu samstarfi finnska ríkisins, sveitarfélaga og opinberra stofnana og hafa þessir aðilar til að mynda gert með sér samkomulag um byggingu 60.000 íbúða á Helsinki-svæðinu á árunum 2016-2019. Áhersla hefur verið lögð á byggingu hagkvæms húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða og gegnir finnska húsnæðisstofnunin ARA, systurstofnun Íbúðalánasjóðs, þar lykilhlutverki með veitingu styrkja, vaxtanidurgreiðslna og ábyrgða. Hefur hún átt aðkomu að byggingu um það bil fimmtings allra íbúða í Finnlandi. Ég tel að við getum lært margt af Finnum í þessum efnunum.*

*Ég hef átt gott samtal við forystu verkalýðshreyfingarinnar um húsnæðismál enda hafa húsnæðismál oft og tíðum haft mikil áhrif á lausn kjaradeilna. Ég horfi til þess sem þið munið leggja áherslu á í þessum efnunum. Húsnæðismálin eru ein af grunnforsendum fyrir því að ná kjarasamningum. Í þessu efni þurfum við að hugsa út fyrir boxið og hugsa í stærrí lausnum. Ég er tilbúinn í þann leiðangur með ykkur í komandi kjarasamningum.*

*Mig langar einnig rétt í lokin að segja örfá orð um skuldamál heimilanna en nú eru 10 ár liðin frá efnahagshruni. Í hruninu þurftu margir að taka á sig byrðar og mér fannst þær upplýsingar að 10.000 fjölskyldur hefðu misst heimili sín í hruninu sláandi. Fyrir skemmstu var lögð fram á Alþingi skýrslubeiðni til félagsmálaráðherra um hver væri félagsleg staða þessara heimila eftir hrunið. Ég hef ákveðið að dýpka þessa vinnu við úrvinnslu skýrslubeiðninnar og er að forma það með hvaða hætti það verður gert.*

*Spurningarnar sem mér finnst við m.a. þurfa að leita svara við eru:*

- 1. Komu ákveðnir samfélagsþópar verr út úr hruninu en aðrir m.t.t. tekju-, eigna-og skuldastöðu?*
- 2. Hvert var efnahagslegt tap/ávinningur einstakra hópa?*
- 3. Hvað skýrir efnahagslegt tap/ávinning einstakra hópa?*
- 4. Hvaða afleiðingar hafði efnahagsáfallið fyrir viðkomandi hópa og fjölskyldur þeirra?*

*Það er mikilvægt að við förum yfir þessi mál. Bæði til að læra hvað hefði mátt betur fara og eins til að skoða hvort þeir sem verst fóru út úr hruninu séu enn að glíma við erfiðleika af þeim sökum og þá hvort ástæða sé fyrir okkar ágæta samfélag að grípa þar inn í og koma þessum fjölskyldum til hjálpar.*

*Góðir gestir.*

*Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur lagt ríka áherslu á samvinnu stjórn-*

valda og aðila vinnumarkaðarins líkt og verið hefur hingað til. Ég hef átt gott samstarf við verkalýðshreyfinguna um ýmis mál, svo sem hugmyndir um breytingar á skattkerfinu, ýmsar breytingar í velferðarmálum og róttækari nálgun í húsnæðismálum en við höfum séð undanfarin ár en allt eru þetta atvridi sem ríma vel við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka Gylfa Arnbjörnssyni samstarfið og framlag hans til málefna verkalýðshreyfingarinnar undanfarin ár, við höfum átt gott samstarf það tæpa ár sem ég hef setið í stól félagsmálaráðherra. Ég vil óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Um leið vil ég segja við ykkur sem hér eruð að ég hlakka því til að takast á við þessi mál, sem og önnur sem á fjörur okkar rekur, með nýrri og öflugri forystu ASÍ sem þið munuð kjósa ykkur hér á þinginu. Ég þakka fyrir mig og hlakka til samstarfsins og er tilbúinn til samstarfs við ykkur í komandi kjarasamningum og í framtíðinni.

**Sigurður Bessason** þakkaði ráðherra fyrir og bauð Sonju Ýri Þorbergsdóttur, nýkjörinn formann BSRB, velkomna. Sagðist hann vonast til að undir hennar forystu myndi hið góða samstarf ASÍ og BSRB eflast enn frekar.

### **Ávarp formanns BSRB**

*Ráðherrar, forseti ASÍ, kærur félagar.*

*Til hamingju með daginn!*

*Takk fyrir að bjóða mér að ávarpa þing ASÍ. Það er sérstaklega ánægjulegt að þetta sé fyrsta opinbera embættisverkið eftir að ég tók við sem formaður BSRB, hér í þessum sal, síðastliðinn föstudag.*

*Yfirskrift þessa 43. þings ASÍ er „sterkari saman!“ og það á sannarlega vel við. Þar er vísað í samstöðuna, sem í gegnum tíðina hefur verið sterkasta vopn launafólks í baráttunni fyrir bættum kjörum.*

*Þó að stundum sé gert mikið úr ólíkum áherslum BSRB og ASÍ er staðreyndin sú að það er miklu meira sem sameinar okkur en sundrar. Kjarninn í okkar störfum er sá sami, við berjumst fyrir bættum kjörum og réttindum launafólks í landinu. Við höfum staðið saman um þá grundvallarkröfu og það eigum við að gera áfram.*

*Saman höfum við beitt okkur í samtali við stjórnvöld og atvinnurekendur til að verja velferðina og tryggja launafólki félagslegan stöðugleika.*

*ASÍ og BSRB stofnuðu í sameiningu Bjarg íbúðafélag sem nú reisir íbúðir víða um land fyrir tekjulægstu féлага okkar. Við erum sammála um að það þarf að gera meira og bæta stöðuna í húsnæðismálum verulega.*

*Við unnum saman að átaki í fæðingarorlofsmálum þar sem þrýst var á Alþingi að lengja orlofið, hækka greiðslurnar og hætta að skerða greiðslur*

að 300 þúsundum. Við stóðum saman að málþingi um heilbrigðismál og erum samstiga í baráttunni gegn einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.

Við höfum einnig staðið þétt saman í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og í því að eyða kynbundnum launamuni. Svo þétt að mér finnst stundum eins og ég verji meiri tíma með starfsfólki ASÍ en mínu eigin samstarfsfólki.

Við erum sannarlega sterkari saman og við eigum að halda áfram að nýta okkur samtakamáttinn. Í framkomnum kröfum aðildarfélaga ASÍ er lögð áhersla á að fólk geti lifað af á laununum sínum og að vinnuvikan sé stytt. Á nýafstöðnu þingi BSRB kom fram skýr vilji til að aðildarfélög okkar geri einnig kröfu um verulega hækkun lágmarkslauna og breytingu á skatt- og bótakerfum svo þær hækkanir hverfi ekki eins og hækkanir undanfarinna ára.

Á þinginu okkar kom einnig skýrt fram að stytting vinnuvikunnar eigi að vera forgangsverkefni. Við þekkjum öll streituna í samfélaginu og neikvæðar afleiðingar hennar.

Tilraunaverkefni BSRB, Reykjavíkurborgar og ríkisins sýna að stytting vinnuvikunnar auðveldar fólki að samþætta fjölskyldulíf og vinnu, stuðlar að betri líðan, minni streitu, aukinni starfsánægju og fækkun veikindadaga. Og það án þess að það hafi áhrif á afköst starfsmanna.

Við hjá BSRB vonumst eftir samstarfi um styttingu vinnuvikunnar og að árið 2019 verði ár breytinga. Breytinga sem minnka álagið og auka lífsgæði okkar félagsmanna, öllum til hagsbóta.

Fyrir hönd BSRB er það mér ánægja að þakka fráfarandi forseta ASÍ fyrir gott samstarf á liðnum árum. Ég vonast auðvitað eftir því að samstarfið eflist og styrkist enn frekar þegar ný forysta tekur við hér á þingi ASÍ.

Við verðum að vanda okkur þegar kemur að risavöxnum verkefnum sem bíða okkar. Umræðan er auðvitað til alls fyrst, en henni þurfa að fylgja aðgerðir. Til þess að þær aðgerðir verði markvissar verðum við að ná lendingu í umræðunni sem allir geta sætt sig við. Þannig náum við samstöðu. Með því að taka samtalið og ræða okkur niður á sameiginlega niðurstöðu.

Ég talaði um risavaxin verkefni sem bíða. Eitt af þeim verkefnum er að tryggja jafnrétti á vinnumarkaði, að allir séu öruggir heima og öruggir í vinnunni. Eins og þið vitið ætla konur að ganga út klukkan 14.55 í dag og mæta á samstöðufund klukkan hálf fjögur á Arnarhóli. Það er frábært að sjá að þið ætlið að leggja niður störf og mæta á samstöðufundinn. Ég hlakka til að sjá ykkur öll þar.

Kæru félagar.

Að lokum vil ég óska ykkur velfarnaðar í störfum þingsins á næstu dögum.

Takk fyrir.

**Sigurður Bessason** þakkaði Ásmundi og Sonju ávarpið og þakkaði öllum

gestum sem sátu þingsetninguna fyrir komuna. Því næst bauð hann formanni kjörbréfanefndar að gera grein fyrir álitni nefndarinnar.

## **Kjörbréfanefnd**

**Ingibjörg Ósk Birgisdóttir**, formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

*Ágætu félagar.*

*Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins, 24.–26. október 2018: Ölmú Pálmadóttur, frá Eflingu, Björn Ágúst Sigurjónsson, frá RSÍ og Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur, frá VR, sem jafnframt er talsmaður kjörbréfanefndar.*

*Kjörbréfanefnd kom saman til fundar miðvikudaginn 17. október til að fjalla um inn komin kjörbréf og verklag vegna sambandsþings ASÍ.*

*Í samræmi við 2. mgr. 30. greinar laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr.*

*Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 48 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til þingsins. Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með full réttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.*

*Eitt aðildarfélag SAMIÐNAR, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, ákvað að senda ekki fulltrúa á þingið og var því sæti úthlutað til FIT.*

*Eitt aðildarfélag Sjómannasambands Íslands, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, ákvað að senda ekki fulltrúa á þingið og var því sæti úthlutað til Sjómannafélagsins Jötuns.*

*Eitt félag, Mjólkurfræðingafélag Íslands, sendir ekki fulltrúa til þingsins.*

*Því hafa 45 aðildarfélög og 6 deildir sent inn kjörbréf vegna 291 fulltrúa. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.*

*Kjörbréfanefnd ákvað að viðhafa eftirfarandi verklag: Á vef þingsins hefur verið birtur listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, með aðal- og varamönnum, raðað eftir aðildarfélögum eða landsamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi – þingskjal 2.*

*Frá því kjörbréfanefnd kom saman hafa nokkrar breytingar verið gerðar, þar sem varamenn hafa komið inn fyrir aðalmenn vegna forfalla og hafa þá varamenn verið skráðir á þingfulltrúalistann í stað þeirra. Uppfærður listi með áorðnum breytingum sem kynntar höfðu verið fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 23. október er einnig birtur á vef þingsins og auðkenndur sérstaklega – þingskjal 22.*

*Þess ber að geta að síðdegis 23. október barst kjörbréfanefnd erindi þar sem gerð var athugasemd við kjörbréf Daníels Arnar Arnarsonar, Eflingu stéttarfélagi, á þeim forsendum að hann væri ekki félagsmaður í Eflingu. Af því tilefni kom kjörbréfanefnd saman kl. 19.00 sama dag þar sem ákveðið var að senda formanni Eflingar erindi með ósk um afstöðu Eflingar stéttarfélags til þess hvort Daníel Örn Arnarson sé fullgildur félagsmaður í Eflingu stéttarfélagi í samræmi við lög félagsins og legði fram nauðsynlegar upplýsingar því til staðfestingar.*

*Kjörbréfanefnd ASÍ barst svar frá formanni Eflingar stéttarfélags nú í morgun þar sem erindi nefndarinnar er svarað. Þar segir m.a.: „Félagsréttindi Daníels, sem stjórnarmanns í Eflingu, kjörinn til tveggja ára frá því fyrr á þessu ári, njóta ótvíræðrar verndar skv. 5. gr. laga Eflingar þar sem kveðið er á um að félagsmenn haldi félagsréttindum meðan þeir gegna trúnaðarstörfum í verkalýðshreyfingunni.“*

*Í ljósi framanritaðs leggur kjörbréfanefnd til að öll kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði samþykkt.*

*Ef það eru ábendingar um frekari breytingar en fram koma á uppfærðum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold.*

*Þá má reikna með því að frekari breytingar eigi eftir að berast þar sem varamenn koma inn fyrir aðalmenn. Þær breytingar verða birtar á vef þingsins fyrir upphaf þingfundar á föstudag.*

## **Afgreiðsla kjörbréfa**

**Sigurður Besson** bar upp tillögu kjörbréfanefndar og afgreiðslu á þeirri kærur er lá fyrir og var það samþykkt samhljóða.

## **Kjör starfsmanna þingsins**

**Sigurður Besson** bar fram tillögu um Finnboga Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, sem þingforseta og var tillagan samþykkt samhljóða.

**Finnbogi Sveinbjörnsson** tók við stjórn þingsins og bar fram tillögu um Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur sem fyrsta varaþingforseta og Hrönn Jónsdóttur, Grafú, sem annan varaþingforseta. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**Þingforseti** bar fram tillögu um Vilhjálmm Gunnarsson, FIT, og Hjördísi Ólafsdóttur, Eflingu, sem skrifara þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þingforseti kynnir Stefán Ólafsson, prófessor og sérfræðing hjá Eflingu.

## **Framsaga Stefáns Ólafssonar um tekjuskiptingu og jöfnuð**

Stefán Ólafsson fjallar um ójöfnuð skatta og afkomu launafólks undanfarin ár og áratugi. Hann fer yfir þróun tekjuskiptingar og skattbyrði ásamt bóta- og húsnæðisstuðningi og skipan skattamála á Norðurlöndunum, Íslandi til lær-

dóms. Og að síðustu hvernig tryggja megi afkomu launafólks, leiðir til kjarabóta og tengingu við þær kröfugerðir sem þegar hafa komið fram.

Stefán fjallar um skattatilfærslu frá 1992–2015, og þá aðallega út frá breytingum á fjármagnstekjuskatti. Hann segir ójöfnuð nú mun meiri en fyrir árið 2000. Lágmarkslaun hafi verið skattfrjáls frá 1998–1996 og skattbyrði lægstu launa hafi aukist mikið á þeim tíma meðan skattbyrði hæstu launa hafi minnkað. Samhliða þessu hafi þeim fækkað mjög sem eigi kost á barna- og vaxtabótum.

Útgjöld hins opinbera til húsnæðisstuðnings hafi lækkað mikið síðustu ár og stefni í enn frekari lækkun. Á sama tíma hafi húsnæðisverð og leiga hækkað fordæmalaust. Þetta sé þróun sem bitni með mestum þunga á hina lægst launuðu hópa. Þessu til stuðnings vísar Stefán í skýrslu Gylfa Zoëga. Hann fjallar um forréttindi ríka fólksins og lækkun fjármagnstekjuskatts sem sé með því lægsta sem gerist innan OECD. Skattbyrði hárra tekna hér á landi sé lægri hér meðan skattbyrði lágra tekna sé hærri en í nágrannalöndum. Þetta sé afleiðing skattatilfærslu síðustu ára og vinni gegn árangri kjarasamninga.

Stefán leggur fram tillögur um útfærslur til að leiðrétta stöðuna, með skattatilfærslum og útfærslu nýrra kjarasamninga. Hann nefnir t.a.m. hugmyndir um hækkun persónuafsláttar og að lægstu laun verði skattfrjáls. Leggur áherslu á að hækkun persónuafsláttar yrði að fjara út með hækkandi launum til að tryggja kjarabætur lág- og millitekjuhópa og takmarka kostnað.

Þá fer hann yfir afkomu launafólks með því að bera saman ólíka stöðu mismunandi tekjuhópa. Hann ræðir útfærslur í kröfugerðum VR og SGS um flata krónutöluhækkun sem tryggji að hækkun nýttist þeim lægst launuðu mest og dragi einnig úr kostnaði launagreiðenda samanborið við prósentuhækkanir. Meðalhækkun væri þá 6,5–7,7%, eftir því hvort miðað er við meðallaun eða miðgildi þeirra. Lægstu hóparnir myndu hækka hlutfallslega meira en þeir tekjuhærri. Þetta sé ekki of fjarri 4% svigrúmi sem Gylfi Zoëga nefni í sinni skýrslu fyrir forsætisráðherra.

Að lokum eru skilgreind þau verkefni sem Stefán telur að nauðsynlegt sé að fara í, að breyta skatta- og bótakerfinu. Mikilvægt sé að kalla eftir launa-hækkunum ásamt breytingum á skatta- og bótakerfum.

**Þingforseti** gerði grein fyrir framlögðum þinggögnum og vinnufyrirkomulagi þingsins. Þingið er rafrænt, öllum þingskjölum dreift rafrænt og allar tillögur og breytingar sem fram koma birtast rafrænt á síðu þingsins sem er að finna á vef ASÍ. Kvænnafrí er kynnt, enda skal þingi frestað kl. 14.55, þegar konur ganga út. Þá er ítrekað að öllum framboðum til embætta sé skilað til þingforseta.

## **Málefni þingsins – 1. umræða**

### **Umræður um málefni þingsins**

**Þingforseti** opnaði fyrir umræðu og minnti þingfulltrúa á það að efnisleg

umræða færi fram í hópavinnu og nefndarvinnu um málið og því væru menn beðnir um að vera gagnorðir.

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri ASÍ, kemur í pontu og segir frá hringferðum sem farnar voru um landið í undirbúningsvinnu fyrir þingið. Haldnir hafi verið 18 fundir, sem 555 einstaklingar komu að. Unnið hafi verið úr niðurstöðunum sem miðstjórn og málefnanefndir fjölluðu síðar um hvert málefni fyrir sig og afgreiddu fyrir þingið. Hún þakkar öllum sem komu að vinnunni.

### **Kristín María Björnsdóttir, VR – Húsnæðisöryggi**

Kristín fjallar um stöðu mála á húsnæðismarkaði og drög að ályktun þingsins, þingskjal nr. 7. Staðan á húsnæðismarkaði sé óásættanleg vegna lítills framboðs, aukinnar leigu til ferðamanna, hás byggingarkostnaðar og slæmra lánskjara. Þetta haldi launafólki í fátækt og auki ójöfnuð, stéttaskiptingu og lendi sérlega illa á ungu fólki. Auka þurfi framlög til byggingar almennra leiguíbúða, hraða framkvæmdum og stuðla að nýju almennu húsnæðislánakerfi til að ná niður vöxtum og þar sem slitið er á milli áhættufjármögnunar banka og lánastofnana og svo lána sem veitt eru til byggingar íbúðarhúsnæðis gegn öruggum veðum.

Kristín fer því næst yfir stefnu og helstu verkefni ASÍ hvað varðar húsnæðisöryggi. Í stefnu ASÍ felist að íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé tryggt og þannig stuðlað að velferð launafólks og fjölskyldna þeirra. Tryggja þurfi fjölbreytt og ný úrræði til að leysa núverandi vanda. Til þess þurfi ASÍ að vera leiðandi við uppbyggingu almenna leiguíbúðakerfisins og mótun hugmynda um traust húsnæðiskerfi. Stuðla að fjölgun heimilda, upptöku nýs húsnæðislánakerfis og samstarfi við lífeyrissjóðina um stofnun húsnæðissamvinnufélaga og óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga. Einnig þurfi að vinna með stjórnvöldum að afnámi verðtryggingar, löggjöf sem tryggi aðgang að viðbótarsparnaði við fyrstu kaup, ramma um starfsemi hagnaðardrifinna leigufélaga og reglum sem lækka byggingarkostnað.

### **Húsnæðismál – Drög að stefnuskjali (Þingskjal nr. 7)**

43. þing ASÍ gerir kröfu um að stjórnvöld tryggi að allt launafólk geti átt aðgang að öruggu og góðu íbúðarhúsnæði, óháð búsetu og tekjum, og hvetur til þess að ríkisvald og sveitarfélög styðji vel við uppbyggingu almennra leiguíbúða um allt land.

Spenna er á húsnæðismarkaði m.a. vegna of lítills framboðs af íbúðarhúsnæði, fjölgunar íbúða í ferðamannaleigu og hás byggingarkostnaðar. Þá hafa stjórnvöld um árabíl vanrækt félagslegt hlutverk sitt á húsnæðismarkaði og ekki tryggt tekjulágu launafólki húsnæðisöryggi. Þetta ásamt háum vöxtum og verðtryggingu veldur því að húsnæðiskostnaður launafólks er allt of hár.



Samhliða hækkandi húsnæðiskostnaði hefur húsnæðisstuðningur ekki haldið í við þróun verðlags og launa heldur beinlínis verið skorinn niður.

Launafólk stendur því frammi fyrir erfiðum og óaðgengilegum húsnæðismarkaði þar sem allt of stór hluti ráðstöfunartekna fer til greiðslu húsnæðiskostnaðar. Þessi staða hefur lent sérstaklega illa á ungu fólki sem er að hefja búskap og hefur í fá hús að venda. Afleiðingin er að vaxandi hópi launafólks er haldið í fátækt, sem eykur ójöfnuð, stéttaskiptingu og vinnuálag.

Löggjöf um almennar leiguíbúðir var mikilvægt skref til þess að tryggja lægstu tekjuhópunum aðgang að ódýru, öruggu og góðu íbúðarhúsnæði. Hins vegar þarf að tryggja aukið fjármagn í stofnframlög til að hraða uppbyggingu á nægilegum fjölda íbúða fyrir þann stóra hóp launafólks sem er á hrakhólum á húsnæðismarkaði.

Mikil umræða hefur verið um húsnæðislánakerfið hér á landi sem hrundi til grunna með bönkunum. Í raun hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að auðvelda almenningi aðgengi að lánsfjármarkaði, þrátt fyrir ítarlegar tillögur Alþýðusambandsins um nýtt húsnæðislánakerfi. Lífeyrissjóðirnir hafa þó tekið ákveðið frumkvæði með því að stórauka beinar lánveitingar til sjóðsfélaga, þar sem vextir taka mið af vöxtum á skuldabréfamarkaði. Í raun eru sjóðirnir að hrinda í framkvæmd mikilvægum hluta af danska húsnæðislánakerfinu þar sem almenningur fær notið með beinum hætti lækkan vaxta á skuldabréfamarkaði.

## Stefna ASÍ

- ASÍ telur öruggt íbúðarhúsnæði stuðla að velferð fjölskyldunnar og stöðugri og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn launafólks.
- ASÍ telur að öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt verði af í samræmi við getu og þarfir, létti óhóflegu vinnuálagi af launafólki og skapi því tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og fyllra lífs.
- ASÍ telur að hvergi megi slaka á í kröfum um gæði og stærð íbúðarhúsnæðis. Óvandað íbúðarhúsnæði, of lítið íbúðarhúsnæði eða uppbygging sérgreindra leiguhverfa vinnur gegn þeim markmiðum sem ASÍ vill vinna að í þágu launafólks.
- Leita ber fjölbreyttra og nýrra úrræða sem annað af tvennu tryggi launafólki um allt land tækifæri til þess að eignast eigið íbúðarhúsnæði eða til þess að eiga kost á góðu og öruggu leiguhúsnæði gegn sanngjörnu endurgjaldi og óháð búsetu. ASÍ telur að fjölga þurfi heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu og tryggja næga fjármögnun. Mikilvægt er að kveða skýrt á um lagalega skyldu sveitarfélaga að tryggja lóðir fyrir almennar leiguíbúðir.

- ASÍ telur að endurskoða þurfi húsnæðislánakerfið til að stuðla að lægri vöxtum og greiðslubyrði af húsnæðislánum fyrir alla með beinni þátttöku lífeyrissjóðanna.
- ASÍ telur að skylda eigi ungt fólk til húsnæðissparnaðar með skattalegum hvötum til að stuðla að aukinni eignamyndun í eigin húsnæði og draga úr húsnæðiskostnaði.

## Verkefni ASÍ

- Vera áfram leiðandi við uppbyggingu almennra leiguíbúða og mótun hugmynda um sanngjarnan húsnæðismarkað og varanlegt og traust húsnæðiskerfi.
- Vera í forystu aðildarfélaganna um að heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu verði fjölgað úr 600 í 1000.
- Stuðla að lækkun húsnæðislánavaxta með kröfu um að tekið verði upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd þar sem bannað verði að vefja saman öruggum skuldbindingum vegna húsnæðisveðlána og áhættusækinni lánastarfsemi.
- Vinna með lífeyrissjóðunum að stofnun húsnæðissamvinnufélaga sem standi fyrir uppbyggingu áhættudreifðra skuldabréfasjóða á skuldabréfamarkaði og hafi það hlutverk að miðla á milli lántöku almennings og fjármögnunar á markaði.
  - áhersla verði á fasta nafnvexti
  - tryggja verði skýra uppgreiðsluheimild á hverjum tíma
  - veðhlutfall verði 80% af kaupverði
  - þóknun vegna umsýslu og miðlunar verði í lágmarki.
- Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld að skapa skilyrði til afnáms verðtryggingar.
- Tryggja að ungt fólk geti nýtt sér viðbótarlífeyrissparnaðarkerfið sem skyldusparnað fyrir fyrstu kaup á húsnæði.
- Vinna að stofnun húsnæðisfélaga, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og sinni vaxandi hópi launafólks sem er með lágar meðaltekjur en getur ekki sótt um íbúð í almenna leiguíbúðakerfinu. Mikilvægt er að slík húsnæðisfélög geti fengið 90% lán frá Íbúðalánasjóði.
- Vinna að því að rammi verði settur um starfsemi leigufélaga sem rekin eru í hagnaðarskyni og að leigjendur verði varðir gegn hækkun leigu langt umfram raunkostnað leigusala.
- Vinna að lækkun byggingarkostnaðar og skynsamlegum skipulagskostum sem samræmist þörfum launafólks fyrir venjulegt, öruggt og gott íbúðarhúsnæði.

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir**, Afl starfsgreinafélag – **Tekjuskipting og jöfnuður**  
Hjördís kynnir drög að ályktun þings ASÍ varðandi tekjuskiptingu og jöfnuð, stefnu og helstu verkefni. Ójöfnuður hafi aukist undanfarin ár, hann dragi úr félagslegum hreyfanleika og efnahagslegum stöðugleika ásamt því að hafa neikvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör. Skattbyrði hafi aukist frá aldamótum á meðan stuðningskerfi hafi nær þurrkast út. Skattalækkanir hafi aðeins náð til efsta þrepsins. Kynbundinn launamunur sé einnig veruleiki sem þurfi að takast á við ásamt fjölbættri brotastarfsemi á vinnumarkaði. Ótryggt ástand á húsnæðismarkaði hafi einnig neikvæðust áhrif á þá lægst launuðu og erlenda verkamenn. Þá hafi verið dregið úr fjárframlögum til menntunar þeirra sem minnsta menntun hafa. Jöfn tækifæri til náms séu mikilvæg í réttlátu samfélagi og nauðsynlegt sé að þróa raunfærnimat á móti störfum í atvinnulífinu. Með aukinni tæknivæðingu þurfi einnig að leggja vaxandi áherslu á símenntun.

Í stefnu ASÍ felist áherslur á að skattakerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki, stuðla skuli að auknum möguleikum fólks með litla formlega menntun til að fá hæfni viðurkennda á vinnumarkaði og í frekara námi og bregðast skuli við bráðavanda á húsnæðismarkaði. Bæta skuli úr brotastarfsemi á vinnumarkaði með úrbótum á löggjöf og unnið gegn launamun kynjanna. Til þess þurfi ASÍ að hafa forystu um að móta sýn hreyfingarinnar til uppbyggingar skattkerfisins, berjast fyrir fjárframlögum til menntunar launafólks með litla formlega menntun og stuðla að þróun raunfærnimats, gera kröfu um opinber fjárframlög til leigufélaga, veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald varðandi jafnlaunavottun og hafa frumkvæði að leiðbeinandi verklagsreglum fyrir aðildarfélög og trúnaðarmenn varðandi jafnlaunavottun.

### **Tekjuskipting og jöfnuður – Drög að stefnuskjali (þingskjal nr. 6)**

43. þing ASÍ krefst samfélags réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og jafnaðar. Samfélags þar sem launafólk nýtur mannsæmandi kjara og réttinda á vinnumarkaði og allur almenningur býr við húsnæðisöryggi og traust velferðarkerfi sem fjármagnað er með réttlátu skattkerfi.

Ójöfnuður fer vaxandi á Vesturlöndum og hér á landi. Þessi þróun er óásættanleg. Ójöfnuður dregur úr félagslegum hreyfanleika, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hefur neikvæð áhrif á hagvöxt, efnahag og lífskjör til framtíðar. Það er viðvarandi áskorun verkalýðshreyfingarinnar að stuðla að jöfnu samfélagi, jöfnum tækifærum og réttlátri tekjuskiptingu. Allir eiga að búa við atvinnu- og afkomuöryggi.

Skattbyrði launafólks hefur aukist á undanförunum áratugum. Sú þróun hefur lagst þyngst á hina tekjulægstu. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun og barna- og húsnæðisbætur hafa verið skertar. Í ríkisfjármálaáætlun birtist sú stefna stjórnvalda að veikja þessi kerfi enn frekar á sama tíma og

hinir tekjuhæstu hafa notið góðs af fækkun þrepa í skattkerfinu, lágum sköttum á fjármagnstekjur og afnámi auðlegðarskatts. Tæknibreytingar, aukin sjálfvirkni, fjármálavæðing atvinnulífsins og nýting sameiginlegra auðlinda kalla á endurskoðun á skattkerfinu og fjármögnun samfélagslegra verkefna.

Ný tækifæri til náms eru afar mikilvægur þáttur í jöfnun lífskjara, sérstaklega þeirra sem litla formlega menntun hafa. Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum árum og áratugum samið um uppbyggingu starfsmenntasjóðanna og mótförlög úr ríkissjóði. Eftir hrun hafa stjórnvöld dregið úr framlögum til þeirra sem minnsta menntun hafa um þriðjung að raungildi og ef marka má ríkisfjármálaáætlunina er lítilla breytinga að vænta. Einnig er mikilvægt að þróa raunfærnimat á móti störfum í atvinnulífinu og að sú hæfni sem launafólk hefur aflað sér í námi og starfi verði metin til launa.

Stækkandi hópur býr við erfiðar aðstæður og íþyngjandi húsnæðiskostnað á leigumarkaði en þar eru tekjulágir, ungt fólk og erlent launafólk í meirihluta. Leiguverð hefur hækkað verulega á undanförunum árum og leigjendur festast í þessu kerfi. Stöðugt fleiri treysta á langa vinnudaga og yfirvinnu til að ná endum saman. Hætta er á því að þessar aðstæður festi ójöfnuð frekar í sessi og læsi fólk í gildrum fátæktar.

Sá hópur fer stækkandi sem er berskjaldaður gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum og stéttarfélag glíma í auknum mæli við brotastarfsemi af ólíkum toga, kerfisbundin launaþjófnað, vinnumansal, undirboð á vinnumarkaði, kennitölufلاك og svarta atvinnustarfsemi. Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstöðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Þrátt fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar ríkir enn kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði. Lög um jafnlaunavottun gera kröfu um að launasetning í fyrirtækjum og stofnunum byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Greiða á jöfn laun fyrir sömu vinnu og jafnverðmæt störf. Kynbundinn launamunur er óásætlanlegur.

## Stefna ASÍ

- Skattkerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki:
- Að skattar á lágtekjufólk verði lækkaðir, persónuafsláttur fylgi launaþróun og komið verði í veg fyrir sjálfvirkar skattahækkningar hinna tekjulægstu.
- Að húsnæðis- og barnabótakerfin verði endurreist og horfið verði frá þeirri stefnu að sá stuðningur renni einungis til hinna allra tekjulægstu.
- Að hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekjuþrepi.
- Að lagðir verði á auðlegðarskattar og fjármagnstekjuskattur hækkaður til að stuðla að samfélagssátt og bregðast við auknum ójöfnuði.
- Brugðist sé við skattaundanskotum með auknu skatteftirliti.

- Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald.
- Auka þarf fjárveitingar hins opinbera og auka möguleika fólks með litla formlega menntun til að fá hæfni sína viðurkennda, sækja sér frekari menntun og bæta þannig stöðu sína á vinnumarkaði. Móta þarf aðferðafræði varðandi launasetningu á grundvelli raunfærnimats á móti störfum í atvinnulífinu.
- Brugðist verði nú þegar við þeim bráðavanda sem ríkir á húsnæðismarkaði þannig að allir hafa öruggt og gott húsnæði.
- Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði mætt með úrbótum á löggjöf um réttindi launafólks og að stjórnvöld axli sína ábyrgð með öflugum aðgerðum og hörðum viðurlögum gagnvart brotafyrirtækjum í samstarfi við verkalýðshreyfinguna.
- Sett verði löggjöf til að stöðva kennitölufلاك sem er skjótvirk og hafi raunverulega þýðingu.
- Unnið verði gegn launamun kynjanna með öllum tiltækum ráðum. Jafnlaunavottun og rétt innleiðing jafnlaunastaðalsins eru mikilvæg skref í þátt átt.

## Verkefni ASÍ

- Hafa forystu um að móta og útfæra sýn verkalýðshreyfingarinnar til uppbyggingar og þróunar skattkerfisins á grundvelli hagsmuna launafólks.
- Berjast fyrir auknum fjárframlögum til menntunar launafólks með litla formlega menntun og að þróað verði kerfi raunfærnimats í atvinnulífinu sem meti störf og hæfni til launa.
- Opinber fjárframlög til leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni verði stóraukin.
- Hafa forystu um að veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í að fylgja eftir lögum um jafnlaunavottun.
- Hafa frumkvæði að því að vinna leiðbeinandi verklagsreglur fyrir aðildarfélag og trúnaðarmenn í samræmi við lög um jafnlaunavottun með það að markmiði að tryggja áhrif þeirra á framkvæmdina.

**Þingforseti** minnir alla sem vilja taka til máls á að skila inn beiðni til starfsmanna þingsins og kynnir Ólaf Magnússon næstan í pontu.

## Ólafur Magnússon, FIT, Heilbrigðisþjónusta og velferð

Ólafur fer yfir drög að stefnuskjali varðandi heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfið. Góður samhljómur hafi verið meðal þátttakenda um áherslur og sem séu samtvinnaðar baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum. Hreyfingin verði áfram mótandi um þróun og uppbyggingu heilbrigðis- og vel-

ferðarkerfisins. Þingið krefjist samfélags þar sem allir, óháð efnahag, búsetu og aldri, hafi jafnan aðgang að slíku kerfi. Hann segir framlög til heilbrigðiskerfisins ekki hafa fylgt þörf undanfarin ár og því sé brýnt að efla grunnstoðir heilbrigðiskerfisins og koma í veg fyrir einkarekstur. Einnig þurfi að tryggja aðgang allra landsmanna, óháð búsetu, að heilbrigðis- og sérfræðisþjónustu.

Draga þurfi úr kostnaðarþátttöku bæði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja. Þá sé samfélagið ekki í stakk búíð til að takast á við breytta aldurssamsetningu og skortur sé bæði á þjónustu og búsetuúrræðum fyrir lífeyrisþega. Tryggja þurfi aðbúnað, búsetu og afkomuöryggi lífeyrisþega með kerfisbreytingum. Sífellt fleiri þurfi að hverfa af vinnumarkaði vegna álags og því sé brýnt að efla vinnuvernd, forvarnir og stuðning við starfsendurhæfingu og önnur úrræði til að tryggja að einstaklingar eigi afturvæmt út á markaðinn. Við þetta sé mikilvægt að horfa frekar til getu en vangetu til starfa. Þá sé mikilvægt að tryggja áunnin vinnumarkaðstengd réttindi starfsmanna samhliða breytingum á vinnumarkaði.

### **Heilbrigðisþjónusta og velferð – Drög að stefnuskipli (Þingskipl nr. 8)**

43. Þing ASÍ krefst samfélags velferðar fyrir alla. Samfélags þar sem launafólk og allur almennings nýtur öruggar og góðrar heilbrigðisþjónustu og býr að trausta velferðarkerfi óháð efnahag, búsetu eða aldri.

Opinber framlög til heilbrigðismála hér á landi hafa hvergi nærri fylgt fólksfjölguninni og vaxandi þörf fyrir þjónustu á mörgum sviðum. Grundvallarstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins hafa um árabíl verið fjársveltar og undirmannaðar á sama tíma og vægi einkarekinnar heilbrigðisstarfsemi hefur vaxið hratt og aukin framlög renna til fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þá eru mörkin á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu oft óljós þar sem sömu heilbrigðisstarfsmenn eru á báðum stöðum samtímis. Afleiðingar þessarar þróunar sjást hvarvetna:

- Fjöldi fólks bíður óhóflega lengi eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.
- Víða um land hefur dregið úr þjónustu og sjúklingar þurfa að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi.
- Kostnaður sjúklinga, vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja, getur verið mjög íþyngjandi fjárhagslega eða jafnvel óyffirstíganlegur, auk þess sem mikilvægir þættir heilbrigðisþjónustunnar njóta ekki greiðsluþátttöku hins opinbera.
- Vaxandi dæmi eru um að einstaklingar með alvarlega sjúkdóma fái ekki nauðsynleg lyf.
- Afleiðingin er að á Íslandi neitar fjöldi fólks sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Vaxandi fjöldi fólks hverfur af vinnumarkaði, vegna veikinda sem oft

tengjast auknu álagi og kulnun í starfi. Það kallar á að starfsendurhæfing verði eflað til muna um leið og unnið er að því að koma í veg fyrir slíkt með forvörn- um og úrræðum áður en í óefni er komið.

Lífaldur fer hækkandi og öldruðum mun fjölga hratt á næstu árum. Þessar breytingar kalla á aðgerðir. Staðan í málefnum aldraðra er grafalvarleg og mun fara versnandi að óbreyttu. Það á við um heimahjúkrun og þjónustu. Vandinn er enn meiri þegar kemur að dvalar- og hjúkrunarheimilum, þar sem verulega skortir á framboð á búsetuúrræðum og annarri þjónustu. Þetta veldur auknu álagi á maka og öðrum aðstandendum. Þar við bætist rekstrarvandi stofnana í öldrunarþjónustu og hvernig hann birtist starfsmönnum í ófullnægjandi starfs- aðstöðu, undirmönnun og bágu kjörum.

Í lífeyrissjóðunum hefur launafólk byggt upp verðmæt réttindi sem tryggja á að þær fjölmennu kynslóðir sem fara á eftirlaun á næstu árum verði að mestu sjálfbærar um sín eftirlaun. Enn er þó stór hópur fólks sem á ekki nægileg réttindi í sjóðunum þegar eftirlaunaaldri er náð. Þar kemur til kasta almanna- trygginga sem eiga að tryggja öllum afkomuöryggi á efri árum.

Bæta þarf afkomu tekjulágra lífeyrisþega og draga frekar úr tekjutenging- um í almannatryggingakerfinu til að tryggja launafólki aukinn ávinning af líf- eyrissparnaði sínum og hvetja þau sem hafa getu og vilja til þátttöku á vinnu- markaði. Þá skortir lífeyriskerfið sveigjanleika til að launafólk sem er í erfiðari störfum geti dregið úr vinnu og flýtt starfslokum, auk þess sem kerfið felur í sér kynjahalla þar sem konur hafa almennt lægri laun og styttri starfsævi.

Örorkulífeyriskerfið þarfnast víðtækrar endurskoðunar. Innleiða þarf hug- myndafræði starfsgetumats með áherslu á endurhæfingu og virkni á forsend- um fólks með skerta starfsgetu. Samhliða þarf að endurskoða greiðslukerfi almennatrygginga þannig að það hvetji til virkni og atvinnuþátttöku, einfalda það og afnema krónu á móti krónu skerðingar.

Grundvallarþættir velferðarsamfélagsins, s.s. aðgengi að góðri og gjald- frjálsri heilbrigðisþjónustu og húsnæðisöryggi, eru sérstaklega mikilvægir öldruðum og öryrkjum.

Breytingar á vinnumarkaði og skipulagi vinnunnar geta haft víðtæk neikvæð áhrif á vinnumarkaðstengd réttindi sem byggja á uppsöfnun og tengd eru föstu ráðningarsambandi við atvinnurekanda, s.s. veikindarétt, lífeyrisréttindi og orlofsrétt. Þá er ljóst að aukin tækniþróun og sjálfvirknivæðing, þar sem störf breytast og hverfa og önnur verði til, kallar á öflugri atvinnuleysistryggingar, aukin tækifæri til endurmenntunar og aðstoð til einstaklinga að finna ný störf.

## **Stefna ASÍ**

- Allir eiga að njóta jafns aðgengis að góðri og öflugri heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags.

- Efla verður grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að allir hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð og nauðsynlegum lyfjum.
- Komið verði í veg fyrir einkarekstur í heilbrigðis- og velferðarþjónustu í hagnaðarskygni og setja skýr mörk á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu.
- Tryggja þarf öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu m.a. með aukinni niðurgreiðslu á ferðakostnaði.
- Dregið verði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf, þannig að tryggt sé að enginn þurfi að neita sér um nauðsynlega aðstoð.
- Stórefla þarf forvarnir og stuðning við einstaklinga sem þarfnast starfsendurhæfingar.
- Setja þarf fram stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum aldraðra sem tryggir þeim þjónustu og búsetuúrræði við hæfi.
- Treysta verður afkomuöryggi aldraðra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku.
- Draga verður úr tekjutengingum og afnema krónu á móti krónu skerðingar.
- Auka möguleika fólks með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku.
- Styðja eldra fólk sem hefur vilja og getu til þátttöku á vinnumarkaði og skapa nauðsynlegan sveigjanleika við starfslok.
- Breytingar á skipulagi vinnunnar og ótryggari ráðningarform kalla á að ávinnsla og uppbygging ýmissa mikilvægra vinnumarkaðstengdra réttinda launafólks s.s. veikindaréttar, orlofsréttar og lífeyrisréttinda séu áfram tryggð.

## **Verkefni ASÍ**

- Beita sér í samstarfi við aðildarfélögin fyrir því að stjórnvöld móti markvissa stefnu um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem hafi að markmiði að allir njóti öflugrar heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags með því að:
- Efla grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að allir hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð.
- Tryggja öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.
- Draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf.
- Beita sér fyrir samstarfi Vinnueftirlitsins, VIRK og annarra hagaðila með það að markmiði að stórefla vinnuvernd og forvarnir á vinnustöðum og stuðning til starfsendurhæfingar.
- Krefjast aðgerðaráætlunar í málefnum aldraðra sem tryggir þeim þjónustu og búsetuúrræði við hæfi.



- Beita sér fyrir viðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðar, samtaka aldraðra og öryrkja og stjórnvalda um nauðsynlegar breytingar á lögum um almanna-tryggingar með það að markmiði að treysta afkomuöryggi aldraðra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku;
- Stefnt verði að því að lækka skerðingarhlutfall í almannatryggingum í 30% og afnema með öllu króna á móti krónu skerðingum.
- Áhersla verði lögð á að efla atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu og að eldra fólki verði skapaður nauðsynlegur sveigjanleiki við starfslok.
- Beita sér fyrir endurskoðun á uppbyggingu og ávinnslu réttinda á vinnumarkaði í ljósi breytinga á skipulagi vinnunnar.

### **Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV, Tækniþróun og skipulag vinnunnar**

Kristján Þórður fer yfir drög að stefnuskjali um tækniþróun og skipulag vinnunnar. Mikilvægt sé að tryggja að þróunin verði á forsendum launafólks en ekki fyrirtækja. Hann fjallar um áhrif tækniþróunar á samfélagið, líf og starf, þar sem sjálfvirknivæðing og gervigreind muni koma í frekari mæli inn í hefðbundin störf fólks. Störf muni hverfa og ný verða til. Til þess að tryggja að þessi þróun verði samfélaginu hagfelld sé mikilvægt að gera reglulegar mann-af- og færnisþár svo hægt sé að bregðast við breytingum. Þetta þurfi að vera samstarfsverkefni atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og stjórnvalda. Efla þurfi símenntun og auka vægi iðn- og verknáms og fagháskólanáms. Setja skuli hækkun á menntastigi á landinu öllu í forgang. Þá sé nauðsynlegt að tryggja flæði milli skólastiga.

Verkalýðshreyfingin þurfi að standa vörð um ráðningarform og koma í veg fyrir að dregið verði úr réttindum launafólks, til að mynda vegna gerviverktöku, íhlaupastarfa og annarra óskýrra ráðningarforma. Tryggja þurfi að hagar launafólks vænkist með aukinni tækniþróun.

### **Tækniþróun og skipulag vinnunnar – Drög að stefnuskjali (Þingskjal nr. 9)**

43. þing ASÍ gerir kröfu um að ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks en ekki stórra fyrirtækja og að vinnumarkaður framtíðar feli í sér tækifæri til bættra lífskjara, styttingar vinnutíma og afkomuöryggis.

Vinumarkaðurinn og samfélagið allt standa frammi fyrir miklum áskorunum. Hnattvæðingin þýðir að samfélög verða stöðugt alþjóðlegri. Á sama tíma hafa hraðar tæknibreytingar, vöxtur tengihagkerfisins, sjálfvirkni- og gervigreindarvæðing og aukin fjármálavæðing eignarhalds fyrirtækja vaxandi áhrif á stöðu launafólks og störf stéttarféлага um heim allan. Samhliða því að treysta stöðu launafólks í þessum breytingum þarf að tryggja að sá ábati sem verður til af tækniframförum og aukinni framleiðni renni til launafólks og samfélagsins alls en ekki bara fyrirtækjanna.

Áhrif tækniþróunar á vinnumarkað eru ekki ný af nálinni en aukinn hraði breytinga kallar á að verkalýðshreyfingin þurfi að vera vakandi fyrir þessari þróun. Störf munu hverfa, önnur breytast og ný störf verða til. Það er grundvallaratriði að ný tækni og breyttir atvinnuhættir þjóni hagsmunum alls launafólks. Þannig er nauðsynlegt að tryggja að verkefnum sé deilt þannig að allir sem hafa getu til fái góð störf við hæfi.

Mikilvægt er að gerð verði reglulega mannafla- og færnisþá og móta þarf hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram markmið um það hvernig atvinnulíf og vinnumarkaður á að þróast bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig þeim verður best náð. Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, atvinnulífs og verkalýðshreyfingar að móta slíka sýn og að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsstefna á hverjum tíma stuðli að framgangi hennar.

Hraðar breytingar á störfum og starfsumhverfi setja aukinn þrýsting á að einstaklingar uppfæri og þrói færni sína yfir starfsævina. Menntun, símenntun og endurmenntun mun leika stóran þátt í að tryggja stöðu launafólks á vinnumarkaði í síbreytilegum heimi. Grunn-, sí- og endurmenntun er á sameiginlega ábyrgð samfélagsins, fyrirtækjanna, einstaklinganna, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að efla verk- og starfsmenntun á öllum stigum ásamt því að tryggja samfellu í iðn- og verknámi með auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs. Mikilvægur þáttur í þessum efnum er öflugt fagháskólanám og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.

Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi, sérstaklega á landsbyggðinni. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, fólki af erlendu bergi brotnu og einstaklingum með skerta starfsgetu. Tryggja þarf að hæfni sé metin til launa og þannig skapist hvatning fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.

Fjarvinna, netvinna, fhlaupastörf, aukin verktakavæðing, tímabundin störf og óskýrara ráðningarsamband og lakari réttindi eru áskoranir sem stéttarfélög um allan heim standa frammi fyrir. Þó vandamálin séu ekki ný þá hafa þau aukist og breytt um eðli með nýrri tækni og tilkomu tengihagkerfisins (t.d. Uber, Deliveroo, Airbnb). Reynslan sýnir að það er raunveruleg hætta á því að þessari þróun fylgi minna atvinnu- og afkomuöryggi.

Launafólk gerir kröfur um styttingu dagvinnutíma og minni yfirvinnu án skerðingar á launum. Tækniframfarir, aukin framleiðni og skipulagning vinnunnar gera vinnutímastyttingu og sveigjanlegri vinnutíma að raunverulegum kosti. Launafólk á heimtingu á mannsæmandi launum fyrir hóflega dagvinnu. Að dagvinnulaun dugi launafólki til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum.

## Stefna ASÍ

- Ný tækni, aukin framleiðni og breyttir atvinnuhættir á að þjóna hagsmunum launafólks og alls almennings.
- Strax verði hafin vinna við gerð mannafla- og færnispar og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram stefna um það hvernig atvinnulíf og vinnumarkaður á að þróast bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig henni verður best náð.
- Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að stórefla sérstaklega iðn-, verk- og starfsmenntun á öllum stigum, þ.m.t. fagháskólanám og raunfærnimat.
- Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi, sérstaklega á landsbyggðinni og gagnvart þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki af erlendu bergi brotnu og einstaklingum með skerta starfsgetu.
- Tryggja þarf að hæfni sé metin til launa og þannig skapist hvatning fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.
- ASÍ krefst sanngjarns tengihagkerfis sem viðurkennir rétt alls vinnandi fólks til mannsæmandi launa.
- Sporna þarf við þróun á ráðningarsambandi sem skapar óvissu og skerðir réttindi launafólks. Jafnframt þarf að setja lög sem treysta réttarstöðu þeirra sem stunda fjarvinnu, netvinnu, íhlaupastörf og verktöku.
- Styttu á reglulegan vinnutíma og draga úr yfirvinnu án skerðingar á launum.

## Verkefni ASÍ

- Vera leiðandi og móta stefnu og áherslur verkalýðshreyfingar þegar kemur að innleiðingu nýrrar tækni og breyttum atvinnuháttum.
- Beita sér fyrir því að unnin verði mannafla- og færnispar og mótun hæfnistefna fyrir Ísland og vera leiðandi í þeirri vinnu.
- Leiða umræðu og stefnumótun aðildarfélaganna um menntamál og vinnumarkaðinn í ljósi tækniþróunar og breyttra atvinnuhátta með sérstakri áherslu á verk- og tæknimenntun.
- Gæta í samstarfi við aðildarfélögin sérstaklega hagsmuna fólks á landsbyggðinni og þeirra sem hafa litla grunnmenntun, fólks af erlendum uppruna og einstaklinga með skerta starfsgetu.
- Knýja á um eflingu fagháskólastigsins og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.
- Móta í samstarfi við aðildarfélögin tillögur að fyrirkomulagi og verklagi varðandi mat á hæfni til launa út frá viðmiðum atvinnulífsins.
- Leiða umræðu og áherslu innan verkalýðshreyfingarinnar um hvernig sporna megi við óhefðbundnum ráðningarformum og beita sér fyrir lögjöf sem treystir réttarstöðu launafólks við slíka ráðningu.

- Vinna tillögur í samstarfi við aðildarfélögin um það hvernig tryggja megi þátttöku fólks í óhefðbundnu ráðningarsambandi í stéttarfélagunum.
- Leiða umræðu og stefnumótun innan verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir og útfærslu á styttingu vinnutíma sem tekur mið að ólíkum aðstæðum og væntingum á vinnumarkaði.
- Kortleggja þarf árangur sem hefur náðst í sumum löndum varðandi skipulagningu fólks sem vinnur í tengihagkerfinu í stéttarfélög.
- Efla þarf vitund notenda tengihagkerfisins um að sanngjarnt tengihagkerfi geti verið í þágu bæði notenda og vinnandi fólks.

## **Lilja Sæmundsdóttir,**

### **Félag hársnyrtisveina, Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs**

Lilja fer yfir drög að stefnuskjali um jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs. ASÍ krefst samfélags þar sem ríki jafnvægi milli atvinnuþátttöku, fjölskylduábyrgðar og einkalífs. Samþætting þessara þátta sé forsenda ásættanlegra lífsskilyrða og starfsskilyrða. Fjallað er um streitu og álag sem sé oft mikið þar sem erfitt sé að samþætta líf og starf og standa undir kröfum vinnmarkaðarins. Afleiðingin sé aukin þreyta og kulnun í starfi sem leiði síðar til alvarlegra veikinda og örorku. Það sé sameiginleg ábyrgð launafólks, atvinnurekenda og samfélagsins alls að bregðast við þessari þróun.

Það sé staðreynd að konur vinni fleiri ólaunaðar vinnustundir á heimilinu en karlar þrátt fyrir að atvinnuþátttaka kvenna sé hvergi meiri en á Íslandi. Konur sækja í meira mæli í aukna menntun og fjölbreyttari störf sem hafi jákvæð áhrif á efnahag og hagsæld. Þetta kalli á breyttar áherslur í verkaskiptingu kynjanna og leiðir í samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Líður í því er að efla fæðingarorlofskerfið til að auka jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Kröfur ASÍ eru að fæðingarorlof verði 12 mánuðir, dregið verði úr greiðsluskerðingum og dagvistun að loknu orlofi verði tryggð. Samræma þurfi skipulag á atvinnulífi, skóla og tómstundastarfi til að mæta betur þörfum fjölskyldna barna á leik- og grunnskólaaldri.

Auka þurfi sveigjanleika til að tryggja launafólki tækifæri til að sækja sér aukna menntun án launaskerðingar. Þá þurfi einnig að auka sveigjanleika við starfslok og taka mið af ólíkum aðstæðum einstaklinga og á vinnumarkaði.

### **Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs - Drög að stefnuskjali (þingskjal nr. 10)**

43. þing ASÍ krefst samfélags þar sem ríkir jafnvægi á milli atvinnuþátttöku, fjölskylduábyrgðar og einkalífs. Samþætting atvinnuþátttöku og einkalífs er nauðsynleg forsenda ásættanlegra starfsskilyrða og þeirra lífsgæða sem allt launafólk á kröfur til.

Vaxandi fjöldi launafólks stendur ekki undir álagi, hraða og kröfum nútímavinnumarkaðar. Samhliða glímir það við krefjandi verkefni við umönnun barna, maka og foreldra. Þetta á við um ungt fólk sem tekst á við krefjandi störf og fjölskylduábyrgð og þau sem eldri eru og mæta breytingum í starfi og nýjum kröfum. Einnig býr fólk við skerta möguleika til að njóta frí-stunda til hvíldar og lífsfyllingar. Afleiðingarnar eru aukin streita og kulnun í starfi sem þegar verst lætur leiðir til alvarlegra veikinda og örorku. Við þessari þróun þarf að bregðast áður en í algert óefni er komið. Það eru sameiginlegir hagsmunir launafólks, atvinnulífsins og samfélagsins alls.

Þau tvö hlutverk sem alla jafna eiga stærstan þátt í lífi fólks eru vinnan og fjöl-skyldan. Það er staðreynd að konur vinna fleiri ólaunaðar stundir við heimilisstörf og umönnun barna en karlar, þrátt fyrir að atvinnuþátttaka kvenna sé hvergi meiri en hér á landi. Konur sækja sífellt meira í aukna menntun og fjölbreyttari störf. Þetta hefur mikla efnahagslega þýðingu fyrir samfélagið og á stóran þátt í þeirri hagsæld sem hér ríkir. Þetta fyrirkomulag kallar á breytta verkaskiptingu kynjanna og nýjar leiðir til þess að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Mikilvæg forsenda fyrir jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs og fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er að efla fæðingarorlofskerfið. Mikilvægt er að markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof, sem ætlað er að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína, verði sem best náð. Einnig þarf að standa vörð um rétt einstæðra foreldra og brúa umönnunargjána sem er milli fæðingarorlofs og leikskóladvalar. Þá er mikilvægt að skipulag skólastarfs, framboð á íþrótt- og tólmundastarfi og atvinnulífið mæti þörfum fjölskyldna með börn á leik- og grunnskólaaldri.

Endurskoða þarf rétt foreldra til frítöku vegna umönnunar og veikinda barna. Jafnframt þarf að útvíkka þennan rétt þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima svo sem maka og foreldra.

Þátttaka á vinnumarkaði gerir sífellt meiri kröfur um að launafólk bæti við sig menntun og hæfni til að takast á við breytingar og nýjar áskoranir. Til að mæta þessum kröfum verður að auka sveigjanleika og gera launafólki kleift að sækja nám og endurmenntun á vinnutíma án launaskerðingar.

Lífaldur hefur lengst og almennt er fólk við betri heilsu en áður. Á móti kemur að taka verður tillit til að störf gera mismunandi kröfur og einstak-lingarnir eru ólíkir. Mikilvægt er að mæta þessum ólíku aðstæðum með sveigjanleika varðandi starfslok launafólks. Það felur m.a. í sér möguleika á minnkandi starfshlutfalli og að starfslok séu ekki tengd tilteknum lífaldri.

## Stefna ASÍ

- Tryggja þarf að áhrif nýrrar tækni og breytinga á störfum raski ekki frekar jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs vegna óljósra marka vinnu og frítíma.

- Fæðingarorlof verði lengt á næstu 3 árum og greiðslur úr fæðingarorlofs-  
sjóði hækkaðar með sérstöku tilliti til hagsmuna lág- og millitekjufólks.
- Tryggja þarf öllum börnum rétt til leikskóladvalar og brúa umönnunargjána milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Skipulag skólastarfs, framboð á íþrótt- og tómstundastarfi og réttur foreldra á vinnumarkaði taki mið af þörfum þeirra og barna á leik- og grunnskólaaldri. Mikilvægt er að skapa jafnvægi á milli sveigjanlegs vinnutíma og dagvistunarúrræða barna á leik- og grunnskólaaldri. Jafnframt verður að tryggja að öll börn geti notið þess tómstundastarfs sem í boði er án tillits til efnahags foreldra.
- Endurskoða þarf rétt foreldra til frítöku vegna veikinda barna. Einnig þarf að útvíkka þennan rétt þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima svo sem maka og foreldra.
- Gefa þarf fólki tækifæri á að stunda frekara nám og endurmenntun á vinnutíma og nauðsynlegur sveigjanleiki þarf að vera fyrir hendi án launaskerðingar.
- Auka þarf sveigjanleika á vinnumarkaði og tryggja rétt launafólks til að taka starfshlé vegna endurmenntunar, hlutastarfs eða vegna persónulegra aðstæðna.
- Auka þarf raunverulega möguleika launafólks til sveigjanlegra starfsloka, þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna á vinnumarkaði.

## **Verkefni ASÍ**

- Beita sér fyrir því að vinnuskylda og skilgreining á vinnutíma sé þannig að skýr mörk séu á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.
- Krefjast endurskoðunar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof á grunni þeirra markmiða sem ASÍ hefur sett fram.
- Krefjast þess að öllum börnum verði tryggður réttur til öruggrar dagvistunar.
- Beita sér fyrir því að skipulag skólastarfs, dagvistunarúrræða, frístundastarfsemi og réttindi á vinnumarkaði mæti betur þörfum foreldra og leik- og grunnskólabarna.
- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að reglur um rétt foreldra til frítöku vegna veikinda barna verði endurskoðaðar og útvíkkaðar þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima svo sem maka og foreldra.
- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að viðurkenndur verði réttur launafólks til að sækja sér menntun á vinnutíma án skerðingar á launum.
- Beita sér fyrir því að hafnar verði viðræður við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda um rammasamkomulag um sveigjanleg starfslok sem taki tillit til ólíkra aðstæðna á vinnumarkaði.

**Þingforseti** boðar matarhlé.

Þinghald hefst aftur kl. 13.20.

**Ingibjörg Ósk Birgisdóttir** tekur við þingstjórn. Fyrstu umræður um málefni þingsins halda áfram.

### **Umræður - framhald**

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, stígur í pontu og beinir orðum sínum til þeirra sem vinna að heilbrigðis- og velferðarmálum. Leggja þurfi áherslu á að sálfræðingar, líkt og t.d. sjúkráþjálfarar, séu niðurgreiddir af ríkinu. Andleg endurhæfing þurfi að vera niðurgreidd rétt eins og líkamleg. Sálfræðiþjónusta sé það dýr að það sé ekki á færi félagsmanna að nýta sér þjónustu þeirra nema að takmörkuðu leyti. Hún hrósar starfi Virk, endurhæfingarsjóðs, en segir þó að biðin þar eftir þjónustu sé of löng. Hún hefur hvatt trúnaðarmenn VR til að vera vakandi gagnvart samstarfsfélögum. Þá sé mikilvægt að leggja áherslu á sveigjanleg starfslok án launaskerðingar.

**Finnbogi Sveinbjörnsson**, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, kemur upp til að ræða tækniþróun og skipulag vinnunnar. Vísar í að rætt hafi verið um mikilvægi þess að bregðast þurfi við og gera félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar tilbúna til að takast á við áskoranir tengdar tækniþróun á vinnumarkaði. Mikil áhersla hefði verið á að gera fólki á vinnumarkaði kleift að efla tæknilega hæfni sína. Honum hafi því þótt sorglegt að lesa frétt í Morgunblaðinu þess efnis að hreyfingin hefði engan áhuga sýnt á slíku starfi. Vill hann vísa þeim ummælum til föðurhúsanna og vísar í því tilliti til sameiginlegrar bókonar í kjarasamningum 2015 um að meta hæfni til launa. Nefnd hafi verið sett saman í framhaldi en niðurstaðan verið sú að SA setji ekki fjármuni í málaflokkinn eftir mikla vinnu bæði VR og Eflingar. Þá spyr hann af hverju Virk hafi horfið frá snemmbæru inngripi.

**Innocentia F. Friðgeirsson**, Eflingu, stígur upp og ávarpar þingið á íslensku og ensku. Hún segir frá starfi sínu á Landspítalanum og að launin nægi ekki til að framfleyta fjölskyldu og sjá um heimili. Ekki skipti máli hvort um sé að ræða Íslendinga eða erlent vinnuafli, enda vilji hún kalla sig stoltan Íslending. Hún spyr hvernig bæta megi ástandið og lýsir því hvernig hún þurfi stöðugt að hlaupa milli vinnu, skóla og fjölskyldu. Hún hafi þurft að minnka við sig vinnu til að geta sinnt námi og menntað sig. Mikilvægt sé fyrir konur, og alla, að standa saman. Við þurfum að styðja og efla hvert annað.

**Ruth**, Eflingu, stígur einnig í pontu og ávarpar þingið á íslensku og ensku. Hún segir frá því að hún hafi fyrst heyrt af kvennafrí í október þess árs sem hún flutti til landsins. Henni hafi þótt hugmyndin áhugaverð og ákveðið að fylgjast með þessu. En það hafi ekki verið fyrir en hún byrjaði að vinna að hún áttaði sig á að þetta virkaði ekki í raun. Því sé hún, og aðrar konur, fórnarlamb

lágrrar innkomu. Erfitt sé að stunda nám með skóla þar sem einnig þurfi að reka fjölskyldu. Hún telur því að konur geti ekki beðið þess að þetta fari að hafa áhrif. Lág laun hafi mikil áhrif og geti hún ekki eytt miklum tíma með börnum sínum. Þetta hafi því ekki aðeins áhrif á foreldrana heldur fjölskylduna alla. Þetta þurfi að bæta og biðlar hún til stjórnar ASÍ að berjast fyrir bættum og jafnari kjörum á vinnumarkaði.

**Kristján Þórður Snæbjarnason**, FRV, kveður sér hljóðs og fjallar um drög að ályktun varðandi tekjuskiptingu og jöfnuð. Hann hrósar Stefáni Ólafssyni fyrir sitt erindi og segir ópolandi að sjá hvernig skattbyrði hafi aukist. Mikilvægt sé að nefndin leggi áherslu á að draga úr þessari þróun með t.a.m. hækkun fjármagnstekjuskatts. Þetta sé nefnt í skjalinu en gera þurfi þennan punkt skýrari. Þá vísar hann í ræðu ráðherra, Ásgríms Einars Daðasonar, og spyr hvort ekki eigi að taka hann á orðinu með það að stöðva ofurlaun. Kjarráð sé þó eins og fíllinn í stofunni og segist hann ekki viss um að ráðherra átti sig á því.

**Óskar Guðmundsson**, VR, stígur í pontu og ræðir geðsjúkdóma. Samfélagið sé í afneitun og fólk fordíst alla umræðu um geðsjúkdóma þrátt fyrir að nýgengi örorku vegna þeirra hafi farið fram úr náttúrulegri fjölgun árið 2016. Þá séu fordómar vandamál þar sem fólk þori ekki að segja frá af ótta við viðbrögð samfélagsins. Hann leggur áherslu á að ræða þurfi málin opinskátt. Samfélagslega getum við ekki beðið lengur.

**Hjalti Tómasson**, Bárúnni, segir að honum hafi þótt vanta eitt orð í allri umræðunni í verkalýðshreyfingunni. Verið sé að fást við ákveðið viðhorf stjórnmalamanna og atvinnurekenda gagnvart félagsmönnum. Það þurfi viðhorfsbreytingu þessara hópa til verka- og láglaunafólks. Ekki aðeins að horfa á laun og kjör. Taka þurfi upp umræðu um hvernig atvinnurekendur og stjórnmalamenn axli ábyrgð á þessu viðhorfi. Það þýði ekki að skáka í skjóli nafn- og andlitsleysi. Vill hvetja þingfulltrúa til að koma af stað viðhorfsbreytingu í garð láglaunafólks. Vinnandi fólk skapi auðinn í landinu og eigi skilið að fá sína sneið. Það hafi tekist að breyta viðhorfum áður og okkur muni takast það aftur.

**Þingforseti, Ingibjörg Ósk**, kynnir umræður um önnur mál, umsóknir og ályktanir.

**Finnbogi Sveinbjörnsson**, Verk Vest, kynnir ályktun Verkalýðsfélags Vestfirðinga um fjárfestingar lífeyrissjóða í fyrirtækjum sem borga ofurbónusa til stjórnenda og óhóflegar arðgreiðslur til eigenda.

### **Ályktun Verkalýðsfélags Vestfirðinga um lífeyrissjóði - (Þingskjal nr. 11)**

Í aðdraganda efnahagshrunsins 2008 þurfti íslenskt launafólk að horfa upp á eigendur og stjórnendur stórfyrirtækja taka sér ofgnótt fjármagns til eigin handa í formi ofurbónusa og arðgreiðslna. Eftir hrúnið var lagt ofurkapp á að



bjarga fjármálakerfinu og stórfyrirtækjum. Í þeirri baráttu var algerlega snið-gengið að bjarga íslensku launafólki sem var látið borga brúsann.

Ofurbónusar stórfyrirtækja eru að hefja innreið sína í íslenskt samfélag að nýju eftir stærsta efnahagshrun okkar Íslendinga í seinni tíð. Launafólki hefur verið fórnað á altari græðginnar og vill ekki færa slíkar fórnir aftur. Nú verður ekki annað séð en að efsta lag samfélagsins ætli enn og aftur að grafa í vasa launafólks og taka til sín fúlgur fjár. Á sama tíma sameinast ríkisvaldið og Samtök atvinnulífsins um að segja launafólki að ekki sé svigrúm til launa-hækkana til handa þeim lægst launuðu. Í þeim töluðu orðum hækka sömu aðilar laun ráðamanna og ædstu stjórnenda um hundruð þúsunda á mánuði.

Í ljósi þeirrar einbeittu yfiringssstefnu sem ríkir gagnvart þeim sem minnst hafa fer Verkalýðsfélag Vestfirðinga þess á leit við 43. þing ASÍ að eftirfarandi ályktun verði samþykkt:

Próunin frá hruni hefur verið á þann veg að þeir sem minnst hafa fá enn þá minna, og þeir sem mest hafa fá enn þá meira. Íslenskum almenningi hefur verið fórnað á altari fjármálakerfisins og nú á að dusta rykið af altarinu á nýjan leik. Ofurbónusar og risavaxnar arðgreiðslur eru að hefja innreið sína í íslenskt samfélag að nýju og misskipting eykst sem aldrei fyrr. Að hluta til er sú misskipting í boði lífeyrissjóðanna sem eru eign okkar, slíkt er algerlega ólíðandi. Þess vegna beinir 43. þing ASÍ þeim tilmælum til fulltrúa verkalýðs-hreyfingarinnar sem sitja í stjórnnum lífeyrissjóða að beita sér fyrir því að:

- Lífeyrissjóðir fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.
- Lífeyrissjóðir minnki eignarhald sitt verulega í fyrirtækjum sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.
- Lífeyrissjóðir minnki viðskipti við fyrirtæki sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.

Munið, kæru stjórnarmenn lífeyrissjóða, að þið eruð fulltrúar launafólks, ekki atvinnurekenda.

**Aðalbjörn Jóhannsson**, formaður ASÍ-UNG, kynnir ályktun ASÍ-UNG um greiðslu til handa formanni félagsins (þingskjal nr. 13, 15 og 17).

Byrjar á því að nefna og lýsa ánægju með að mörg af þeim stefnumálum sem fram komu á 5. þingi ASÍ-UNG, sem haldið var þann 14. september, hafi ratað inn í stefnuskjöl 43. þings ASÍ.

Mikið hafi verið rætt á þingi ASÍ-UNG um mikilvægi þess að mörkuð væri ákveðin stefna í húsnæðismálum. Hann nefnir einnig sérstaklega ung-mennaákvæði úr samningum 2015 sem ástæðu þess að stór hluti ungmenna sé ósáttur við síðustu kjarasamninga. Það hafi komið mjög sterkt fram á þinginu að tengja þurfi betur saman vinnu og einkalíf.

Þá leggur hann áherslur á umræður um ályktanir ASÍ-UNG og les þær upp.

### **Ályktun ASÍ-UNG varðandi áherslur ungs fólks í aðdraganda kjaraviðræðna - (Þingskjal 15)**

Þing ASÍ-UNG ályktar um nauðsyn þess að marka skýra stefnu í húsnæðismálum til þess að tryggja ungu fólki húsnæði við hæfi. ASÍ-UNG telur það vera grundvallaratriði að allir hafi möguleika á öruggu búsetuformi sem hentar á viðráðanlegum kjörum.

- ASÍ-UNG krefst þess að persónuafsláttur verði hækkaður þannig að lágmarkslaun verði skattlaus.
- ASÍ-UNG krefst þess einnig að aldurstengd launamismunun verði afnumin með öllu enda sé hún klárt brot á mannréttindum. Jafnframt gerir ASÍ-UNG kröfu um að ungt fólk eigi sæti við samningaborðið til þess að tryggja hagsmuni þess.
- ASÍ-UNG leggur ríka áherslu á að vinnueftirlit verði aukið og viðurlög vegna brota á vinnustað verði hert.
- Þing ASÍ-UNG leggur áherslu á jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Brúa þarf bil milli fæðingarorlofs og leikskóla og auka orlofsrétt vegna vetrarfría í skólum.

### **Ályktun ASÍ-UNG varðandi greiðslu til handa formanni ASÍ-UNG - (Þingskjal 13)**

Stjórn ASÍ-UNG leggur til að formaður ASÍ-UNG fái greitt fyrir útlagðan kostnað og vinnuframlag vegna starfa sinna fyrir ASÍ-UNG í þágu hreyfingarinnar. Slíkar greiðslur eiga sér fyrirmynd m.a. í greiðslum til formanna landssambanda vegna útlagðs kostnaðar og vinnuframlags og í greiðslum til varaforseta ASÍ.

Starf formanns ASÍ-UNG felst ekki síst í því að auka sýnileika og vitund félaga í hreyfingunni um tilvist ASÍ-UNG. Jafnframt er það hlutverk formanns ASÍ-UNG að efla félagsstarf ungs launafólks, vekja athygli á sérstöðu ungs fólks og að standa sérstaklega vörð um réttindi þess. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda formanni ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af þeim krafti sem nauðsynlegur er.

### **Ályktun ASÍ-UNG varðandi atkvæðisrétt í miðstjórn (þingskjal 17)**

Stjórn ASÍ-UNG sendir eftirfarandi ályktun til miðstjórnar í samræmi við 24. gr. laga ASÍ. Óskar stjórn ASÍ-UNG eftir því að ályktunin verði lögð fram fyrir 43. þing ASÍ ásamt umsögn miðstjórnar um hana. Fulltrúi ASÍ-UNG skal hafa fullan atkvæðisrétt á fundi miðstjórnar ASÍ að fordæmi ETUC, European Trade Union Confederation.

**Þingforseti** kemur í pontu og ítrekar að Aðalbjörn hafi vísað í þingskjöl nr. 13, 14, 15, 16, 17 og 18 og þeim hafi verið vísað til viðeigandi nefnda.

**Aðalbjörn Jóhannesson**, ASÍ-UNG, stígur aftur upp og kynnir Pub-Quiz í boði ASÍ-UNG þá um kvöldið.

**Þingforseti** kynnir næstan í pontu undir öðrum málum, Sverri Albertsson, Afli starfsgreinafélagi.

**Sverrir Albertsson**, AFL-Starfsgreinafélagi, stígur í pontu og byrjar á að nefna að hann hafi gefið kost á sér í embætti forseta Alþýðusambandsins. Mörg stór verkefni séu framundan og samningsumboðið liggja hjá félögum. Þeirra bíði nú ærið verkefni við að glíma við kröfugerðir og stöðu mála á vinnumarkaði.

Eitt mikilvægasta verkefni ASÍ og forystu þess næstu árin sé að endurskapa traust og trúnað á sambandið. Forystan hafi mætt mikilli gagnrýni undanfarin ár, stefnan hafi komið ofan frá og niður í stað upp. Þingfulltrúar þekki þá málefnavinnu sem farið hafi fram en það skorti á að almennir félagsmenn hafi fundið eignarhald á baráttumálum sambandsins. ASÍ sé breiðfylking fólks með ólíkar stjórn mála skodanir sem eigi sameiginlega grunn í ákveðnum mállefnum. Sameinast þurfi um málin sem sátt sé um og leyfa sér að vera ósammála um hin. Hreyfingin hafi lyft grettistaki undanfarin ár og áratugi og halda þurfi fókus og stefna að réttlátara og sanngjarnara samfélagi. Ekki megi láta innri ágreining um tæknilegar útfærslur beina hreyfingunni af leið.

**Þingforseti** kemur í pontu og kynnir Rannveigu Sigurðardóttur. Mælenda-skrá verði lokað eftir að hún ljúki máli sínu en á eftir henni stígi upp Vilhjálmur Birgisson.

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, stígur í pontu og fjallar um tryggingaákvæði kjarasamninga og aldurstengingar þar. Hún kveðst hafa barist frá árinu 2004 gegn skerðingarákvæðunum og spyr hver það sé sem fái peningana? Tryggingafélagin fái þá. Hún hafi barist fyrir því að skerðingin fari út því ekki sé hægt að setja skerðingar á summutryggingar.

Nú séu komin lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og vilji hún því brýna fyrir fulltrúum að skerðingin verði afnumin, skerðingin sé ekki hjá ríki eða bæ. Þá leggur hún áherslu á að ekki verði samið nema þetta verði tekið út strax, ekki bara frá 1. júní 2019.

**Vilhjálmur Birgisson**, VLFA, kemur upp og ávarpar þingið. Hann gagnrýnir harðlega viðbrögð atvinnulífsins og ráðamanna við kröfugerð SGS og VR. Lýsti hann því næst með ýtarlegum hætti inntaki kröfugerðar SGS og VR, þar væri fjallað um þau mikilvægu mál sem hann telur mikilvægast að verkalýðshreyfingin setji á oddinn. Samhljómur kröfugerðanna sé mikilvægur og sýni samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar að því marki að skapa sanngjarnara og réttlátara samfélag.

Hann nefnir einnig að 10 ár séu liðin frá bankahruninu. Þá hafi stjórnvöld fórnað hagsmunum heimilanna til að tryggja afkomu fyrirtækja og banka.

Ekkert hafi breyst frá þessum tíma og enn búi heimilin við okurvexti, verðtryggingu og há þjónustugjöld.

Hann lýsir yfir ánægju með mikla samstöðu innan Starfsgreinasambandsins og VR og samhljómi kröfugerða þeirra.

**Þingforseti** frestar frekari umræðum um önnur mál til kl. 13, fimmtudaginn 25. Október, vegna kvennafrís og óskar eftir samþykki þingsins við þessu fráviki frá þingsköpum. Það er samþykkt með lófaklappi. Forseti kynnir Lilju Sæmundsdóttur í pontu.

**Lilja Sæmundsdóttir**, Félag hársnyrtisveina, flytur ályktun miðstjórnar vegna kvennafrídags.

*43. þing Alþýðusambands Íslands tekur undir kröfur  
Kvennafrídagsins 24. október 2018*

*Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!*

*Frásagnir kvenna af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnumarkaði undir myllumerkinu #MeToo, undirstrika að kjaramisrétti er ekki eina misréttið sem konur þurfa að glíma við á vinnumarkaði.*

*43. þing ASÍ lýsir yfir stuðningi við þær þúsundir kvenna sem hafa komið fram og deilt sögum sínum af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnustað og í samfélaginu öllu. Það er hlutverk verkaldshreyfingarinnar að berjast fyrir jafnrétti og gegn óréttlæti og styðja við þá sem brotið er á. Konur eiga að vera öruggar í vinnunni og samfélaginu öllu. Þrátt fyrir að árangur hafi náðst í átt að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði þá hafa konur 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar.*

*Við krefjumst þess að launamun kynjanna verði útrýmt!*

*Konur vinna lengur en karlar ef lögð er saman vinnan innan heimilis og utan. Konur eru að jafnaði fjórfalt lengur frá vinnumarkaði en karlar vegna barneigna og þriðjungur kvenna er í hlutastarfi vegna ábyrgðar á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Hefðbundin kvennastörf eru vanmetin sem endurspeglast í lægri launum og lakari vinnuaðstæðum. Þetta vanmat á framlagi kvenna þýðir lægri ævitekjur og lífeyrisgreiðslur og vaxandi kulnun í starfi.*

*Við krefjumst þess að störf og vinnuframlag kvenna verði metin að verðleikum!*

*Það á að virða grundvallarmannréttindi allra á Íslandi, svo enginn þurfi að líða fyrir uppruna sinn, félagslega stöðu eða efnahag.*

*Við krefjumst þess að öll eigum við rétt á að starfa í öruggu umhverfi, laus við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunum af öllu tagi!*

*Með samstöðu og sameiginlegri baráttu munum við breyta samfélaginu til hins betra!*

*Við erum sterkari saman!*

**Marianna Traustadóttir**, ASÍ, stígur í pontu, ávarpar þingið og kynnir bókagjöf sem þingfulltrúar hafa fengið afhenta, bókin Við ættum öll að vera

femínistar, eftir nígerísku skáldkonuna Chimamanda Ngozi Adichie, og hvetur alla til að lesa bókina vel. Þá kynnir hún samstöðufund, sem boðað sé til í sjötta sinn frá árinu 1975, en verkalýðshreyfingin hafi alltaf tekið virkan þátt í skipulagi og undirbúningi hans. Fulltrúar verði fluttir í rútum á Arnarhól þar sem fundurinn verði haldinn. Því næst kynnir hún leikþátt sem fluttur er fyrir þingið þar sem þrjár konur, frá ólíkum tíma, segja frá sínum aðstæðum í lífi og starfi. Leikkonurnar Aldís Amah Hamilton, Ragnheiður Steindórs og Esther Talía Casey flytja texta þriggja kvenna, vinnukonu frá 17. öld, verkakonu sem staðráðin er í að ganga út og mæta á fyrsta kvennafríð 1975, og erlendar vinnukonu á íslensku hóteli í samtímanum, unna af Yrsu Þöll Gylfadóttur byggða á heimildum úr Kvennasögusafni og Metoo-frásögnum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.

**Þingforseti** þakkar fyrir og óskar eftir samþykki við þeirri ályktun sem Lilja las upp varðandi kvennafrí með lófaklappi þingfulltrúa. Þingi er frestað til morguns og fulltrúar hvattir til að taka þátt í baráttufundi á Arnarhóli.

## **Fimmtudagur 25. október**

Nefndastarf kl. 9.00 og 12.00. Hefðbundin þingstörf hófust í kjölfarið klukkan 13.00.

**Þingforseti**, kynnti fyrirleggjandi dagskrá en áður en hún hæfist yrði fyrst kynnt gjöf til þingfulltrúa frá Listasafni ASÍ.

**Elísabet Gunnarsdóttir**, forstöðumaður Listasafns ASÍ:

*„Ágætu þingfulltrúar,*

*Á borðunum liggja gjafaöskjur, þær eru gjöf Alþýðusambandsins til allra sem sækja þetta þing.*

*Ég heiti Elísabet Gunnarsdóttir og er safnstjóri Listasafns ASÍ og hef verið beðin um að segja nokkur orð um gjafirnar.*

*Eins og flestir vita á Listasafn alþýðu merkilegt safn listaverka og unnið er að því stöðugt að koma verkunum fyrir almenningssjónir sem víðast um landið, en það var einmitt markmiðið með gjöf Ragnars Jónssonar í Smára til sambandsins á sínum tíma, hann vildi að vinnandi fólk í landinu hefði aðgang að góðri myndlist.*

*Gjafaöskjurnar innihalda eftirprentanir sem allar eru af verkum sem Ragnar í Smára færði safninu að gjöf 17. júní árið 1961. Þau eru öll máluð á fyrri hluta síðustu aldar á mjög merkilegum tímum í íslenskri samfélagssögu. Á þessu tímabili vann þjóðin af eldmóði að því að byggja upp mannsæmandi samfélag sem hæfði sjálfstæðri þjóð. Bæir voru skipulagðir, heilbrigðis- og menntakerfi byggð upp frá grunni, vegir lagðir, hús, flugvellir og hafnir byggð um land allt. Við vildum sýna að við værum sjálfstæð þjóð á meðal þjóða. Það vissu flestir að við kynnum að skrifa bækur en við vildum líka sýna að við gætum samið tónlist og málað myndir.*

*Það má líkja því sem gerðist í listum á Íslandi á öndverðri síðustu öld við öflugt eldgos. Ungt fólk alls staðar að af landinu fór til náms austan hafs og vestan og kom svo aftur heim til að skapa og miðla af list sinni. Í þessum öskjum fáið þið lítið sýnishorn af því sem var að gerast á þessum spennandi tímum mikilla væntinga og trúar á framtíðina. Og frammi í anddyrinu eru nokkrar af frummyndunum til sýnis. Verkin í eigu safnsins fara víða á sýningar og sem stendur er um helmingur myndanna sem öskjurnar geyma á sýningum bæði norðan- og sunnanlands. Hinn helminginn getið þið nú skoðað hérna frammi.*

*Gjafaöskjurnar, sem eru glóðvolgar úr prentsmiðjunni, innihalda mismunandi myndir. Um er að ræða fjórar gerðir af öskjum sem innihalda fimm myndir hver. Ég vona að þið njótið sem best, myndirnar eru hæfilegar litlar og auðvelt að koma þeim fyrir heima eða bara í sumarbústaðnum og njóta þannig alla daga, einhvers þess besta sem við eigum í íslenskri myndlist.*

*Á næstu vikum verður öskjunum komið á sölustaði víða um land og aldrei að vita nema þarna sé komin jólagjöfin í ár.*

*Að lokum eru hér skilaboð úr myndlistarheiminum til 43. þings Alþýðusambands Íslands. Skilaboðin eru að sjálfsögðu há-pólíttisk.*

*Hérna frammi í anddyrinu hangir málverkið ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIFA eftir Jóhannes Kjarval. Í lýsingu sem fylgir eftirprentun af verkinu segir m.a.:*

*„ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIFA er máluð árið 1946 í rigningu vestur á Snæfellsnesi. Náttúran er dálítið drungaleg og veðurhorfur tvísýnar. Ungmennin í fjörinni vita vel hvað þau vilja, og það er ekki gaman að lifa fyrir það eitt að allt leikur í lyndi, heldur miklu fremur vegna þess, að þau þora að horfast í augu við hina tvísýnu veröld og eru ákveðin í að bjarga henni.“*

*Takk fyrir!“*

## **Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana**

**Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ, gerði grein fyrir því markverðasta sem um væri fjallað í skýrslu forseta. Árið hafi hafist á verkfalli sjómanna þar sem ýmislegt þarflegt hafi náðst fram. Málefnaleg umræða um nýtt samningamódel, hið svokallaða SALEK, hafi aldrei komist almennilega af stað enda hafi kjaramálin verið tekin í gíslingu stjórnmalamanna. Fjallaði Gylfi því næst um endurskoðunarákvæði gildandi kjarasamninga en í tvígang hafi verið ákveðið að halda áfram og segja ekki upp þrátt fyrir að svo hafi verið metið að forsendubrestur væri fyrir hendi. Jafnframt rakti Gylfi hvernig launaþróunartrygging okkar fólks hjá ríki og sveitarfélögum hafi virkjast í tvígang. Bjarg íbúðafélag fékk líka umfjöllun hjá Gylfa en hann sagði það ánægjulegt að framkvæmdir væru komnar af stað í Spönginni og Úlfarsárdal í Reykjavík og svo á Akranesi og vonandi næðist að byggja um 1300 íbúðir á næstu þremur árum en afstaða stjórnmalanna myndi ráða mestu um hvernig færi. Gylfi rakti

jafnframt afstöðuna til lífeyrismála en gleðilegt væri að náðst hafi að auka og jafna réttindi þar á milli markaða. Fjallaði hann líka um upptaktinn að þinginu, nánar tiltekið um kynningarátak sl. vors en miðstjórn hafi samþykkt að framleiða myndbönd sem hafi verið mjög umdeild en jákvætt hafi verið hversu mikil og góð útbreiðslan hafi verið. Eins hafi verið farið í metnaðarfulla hringferð um landið þar sem fundað hafi verið með aðildarfélögum og vonin stæði til að allt framangreint skilaði sér inn í málefnalegt og gott þing. Að lokum kvæðst Gylfi, í ljósi þess að þetta væri hans síðasta kynning á skýrslu og störfum forseta, vilja ítreka þakklæti sitt til allra félaga sinna sem hafi starfað með honum í gegnum árin.

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri ASÍ, gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árin 2016 og 2017. Fram kom hjá Guðrúnu að útkoma ársins 2014 var þannig að afkoma samstæðunnar fyrir árið 2016 var neikvæð um rétt tæplega 19 milljónir og að útkoman fyrir árið 2017 var hagstæð um rúmar 71 milljón. Í máli Guðrúnar kom fram að á árinu 2016 hefðu heildareignir samstæðunnar verið um 1.173 milljónir og á árinu 2017 stæðu þær í rúmlega 1.277 milljónum. Fór Guðrún því næst yfir nánari sundurliðun reikninganna eftir afkomu og stöðu einstakra stofnana samstæðunnar. Um reikningana að öðru leyti vísaði Guðrún til skýrslu forseta þar sem þeir væru birtir.

**Agnar Ólason**, VM, kvæddi sér hljóðs og sagðist vilja spyrja um hvers vegna eignarhlutur á Sætúni 1 hafi rýrnað um 10 milljónir á milli ára skv. kynningu Guðrúnar.

**Sverrir Einarsson**, Afli starfsgreinafélagi, steig í pontu og óskaði skýringa á því hvers vegna vinnudeilusjóður væri alveg óbreyttur á milli ára og virtist ekkert vera ávaxtaður.

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri ASÍ, þakkaði fyrir framkomnar spurningar og svaraði á þá leið að ástæðan fyrir rýrnuninni á eignarhlutnum í Sætúni 1 væru bókfærðar áskriftir. Hvað varðar spurningu Sverris um vinnudeilusjóðinn þá væri vinnudeilusjóðurinn í raun fast ákveðin upphæð skv. ákvörðun miðstjórnar hverju sinni.

**Þingforseti** bar reikninga upp til afgreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða.

## Önnur mál

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, sagðist vilja fjalla sérstaklega um slysa-tryggingarákvæði kjarasamninga en þar væri skýrlega kveðið á um beina aldursmismunun þar sem um væri að ræða summutryggingu sem skertist eftir að ákveðnum lífaldri væri náð. Þetta væri að hennar mati stjórnarskrárbrót og skoraði á félögin að lagfæra þetta í komandi kjarasamningum. Krafan væri komin í kröfugerð VR og þetta kostaði atvinnurekendur í raun ekki krónu að

breyta þessu. Kvaðst hún jafnframt vilja að réttindaávinnslu í kjarasamningum yrði breytt á þá leið að ávinnslan sé bundin við kennitölu viðkomandi en ekki atvinnurekendur.

**Páll Heiðar Magnússon Aadnegard**, VM, kvaddi sér hljóðs og sagðist vera á þinginu sem fulltrúi iðnaðarmanna sem hafi dregist verulega aftur úr í kjarabótum undanfarin ár. Nú væri sá tími liðinn og iðnaðarmenn ætli ekki að gleymast í næstu samningum enda óttist þeir ekki átök ef það sé það sem til þurfi. Að endingu kvaðst hann líka vilja nota tækifærið og harma hnignun iðnnáms í skólum landsins en það sé að verða stórt vandamál hve lítið val sé í boði og á hve fáum stöðum sé hægt að læra iðngreinar.

**Kristján Þórður Snæbjarnarson**, FRV, kvaðst vilja vekja athygli á því að hann gefi kost á sér til embættis varaforseta ASÍ. Fyrirséðar séu talsverðar breytingar á forystusveit ASÍ og í því felist tækifæri. Mikilvægt sé að skapa sátt í hreyfingunni svo að hægt sé að fá stjórn málin til að hlusta og taka mark á samstilltum kröfum. Hvað það varðar sagðist hann vilja efla vinnustaða- eftirlitið og að búið verði til úrræði sem tryggi varnaðaráhrif hvað varðar kjarasamningsbrot. Jafnframt væri ferillinn oft þungur og hann sagðist vera þeirrar skoðunar að sett verði á stofn sérstakt dómstig sem geti afgreitt mál sem upp koma skjótt og örugglega að skandinavískri fyrirmynd. Vék hann næst að þeim mikla húsnæðisvanda sem væri til staðar í samfélaginu. Þar þurfi allir að koma að málum til að finna lausnir og sérstaklega þurfi að finna leiðir til að lækka vaxtastigið í landinu. Kvaðst Kristján jafnframt vilja lýsa því yfir að hann styddi framkomnar tillögur ASÍ-UNG enda væri lífsnauðsynlegt fyrir hreyfinguna að stuðla að virkni hjá ungu fólki.

**Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ, las upp áskorun sem þinginu barst frá Öryrkjabandalagi Íslands og í framhaldinu kynnti hann af því tilefni eftirfarandi tillögu til ályktunar þingsins:

*„Með tilvísun í áskorun Öryrkjabandalags Íslands beinir 43. þing ASÍ því til miðstjórnar og aðildarféлага ASÍ að vinna að náinni samvinnu með forystu ÖBÍ í komandi kjarasamningum.“*

## **Lagabreytingatillögur**

**Signý Jóhannesdóttir**, StéttVest og formaður laganefndar, kynnti annars vegar eftirfarandi tillögu miðstjórnar um breytingu á 41. gr. laga ASÍ og svo hins vegar eftirfarandi tvær innsendar tillögur frá ASÍ-UNG er varða skipulagsmál ásamt umsögn miðstjórnar.

Lagabreytingartillaga miðstjórnar var svohljóðandi:

*„Tillaga að breytingu á 41. gr. laga ASÍ*

*Lagt er til að álagning skatta vegna ársins 2018 og gjalddaga verði frestað til 1. nóvember 2018 og eindaga til 11. nóvember 2018.*



Lagt er til að árlegur skattur skv. 2. mgr. 41. gr. lækki úr 8,3% í 7,85% og lágmarksskattur skv. 4. mgr. 41. gr. lækki úr 6,6% í 6,15% og að þessi lækkun komi til framkvæmda þegar við álagningu á árinu 2018.

Greinargerð:

Á 42. þingi ASÍ voru skattar ASÍ hækkaðir um 0,9%, úr 7,4% í 8,3%, til að mæta auknum verkefnum og rekstrarhalla fyrri ára. Í þeirri áætlun sem lá fyrir þinginu var gert ráð fyrir tiltekinni fjölgun félagsmanna, en jafnframt voru gefin fyrirheit um að á þinginu 2018 yrði þessi ákvörðun endurskoðuð m.t.t. raunverulegrar fjölgunar félagsmanna á árinu 2017. Nú liggur fyrir að félagsmönnum aðildarféлага ASÍ hefur fjölgað mun meira en ráð var fyrir gert. Af þeirri ástæðu er ljóst að ekki er þörf á því að framkvæma seinni hluta bráðabirgðaákvæðis í 41. gr. laga ASÍ. Þessi tillaga felur í sér tilbrigði, þar sem núverandi ákvæði laga ASÍ gera ráð fyrir að endanleg álagning vegna ársins 2018 fari fram 1. október og eindagi þeirrar greiðslu sé 11. október. Almennt hefur ekki verið talið heimilt að breyta sköttum vegna yfirstandandi árs heldur eru breytingar látnar taka gildi við álagningu á komandi ári. Hér er hins vegar um ívilnandi ákvörðun að ræða, sem tengist forsendum þeirrar ákvörðunar að samþykkja hækkun skatta á 42. þingi ASÍ. Því er lagt til að fresta álagningu fram yfir þing og lækka skatthlutfallið þegar á þessu ári.“

Tillaga ASÍ-UNG um greiðslur til formanns ASÍ-UNG vegna vinnu:

„Stjórn ASÍ-UNG sendir eftirfarandi ályktun til miðstjórnar í samræmi við 24. gr. laga ASÍ. Óskar stjórn ASÍ-UNG eftir því að ályktunin verði lögð fram fyrir 43. þing ASÍ ásamt umsögn miðstjórnar um hana.

Ályktun:

Stjórn ASÍ-UNG leggur til að formaður ASÍ-UNG fái greitt fyrir útlagðan kostnað og vinnuframlag vegna starfa sinna fyrir ASÍ-UNG í þágu hreyfingarinnar. Slíkar greiðslur eiga sér fyrirmynd m.a. í greiðslum til formanna landsambanda vegna útlagðs kostnaðar og vinnuframlags og í greiðslum til varaforseta ASÍ.

Starf formanns ASÍ-UNG felst ekki síst í því að auka sýnileika og vitund félaga í hreyfingunni um tilvist ASÍ-UNG. Jafnframt er það hlutverk formanns ASÍ-UNG að efla félagsstarf ungs launafólks, vekja athygli á sérstöðu ungs fólks og að standa sérstaklega vörð um réttindi þess. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda formanni ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af þeim krafti sem nauðsynlegur er.“

Umsögn miðstjórnar um framangreinda tillögu ASÍ-UNG var eftirfarandi:

„Tillagan er send miðstjórn með vísan til 2.mgr. 24.gr. laga ASÍ þar sem segir: „Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á

þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.“

Miðstjórn telur mikilvægt að reynt verði að koma til móts við sérstöðu ungs fólks og leggur áherslu á að hægt verði að leita leiða til að auðvelda formanni ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af krafti.

Miðstjórn leggur til að tillögunni verði eftir fyrstu umræðu á þingi ASÍ, vísað til laga- og skipulagsnefndar þingsins. Miðstjórn leggur til að ályktuninni verði að fengnu samþykki eftir aðra umræðu, vísað til efnislegrar meðferðar, til miðstjórnar og launanefndar ASÍ til frekari útfærslu í samráði við stjórn ASÍ-UNG með það fyrir augum að skoða hvort og hvernig endurskoða þurfi þær greiðslur sem þegar eru inntar af hendi í dag til formanns ASÍ-UNG. Þær greiðslur eru vegna útlagðs kostnaðar og vinnutaps vegna beinnar fundarsetu. Hugsanlega megi taka upp annað fyrirkomulag sem byggir þá á skilgreindum verkefnum formanns ASÍ-UNG.“

Tillaga ASÍ-UNG um atkvæðisrétt fulltrúa ASÍ-UNG í miðstjórn:

„Stjórn ASÍ-UNG sendir eftirfarandi ályktun til miðstjórnar í samræmi við 24. gr. laga ASÍ. Óskar stjórn ASÍ-UNG eftir því að ályktunin verði lögð fram fyrir 43. þing ASÍ ásamt umsögn miðstjórnar um hana.

Ályktun:

Fulltrúi ASÍ-UNG skal hafa fullan atkvæðisrétt á fundi miðstjórnar ASÍ að fordæmi ETUC, European Trade Union Confederation.“

Umsögn miðstjórnar um framangreinda tillögu ASÍ-UNG var eftirfarandi:

„Tillaga ASÍ-UNG felur í sér að fulltrúi ASÍ-UNG hafi atkvæðisrétt í miðstjórn ASÍ, en í lögum ASÍ er að finna ákvæði um atkvæðisrétt formanns ASÍ-UNG á formannafundum og atkvæðisrétt stjórnar ASÍ-UNG á þingum sambandsins.

Sambærileg tillaga var samþykkt á þingi ASÍ-UNG árið 2016 og var lögð fyrir miðstjórn sem vísaði málinu til skipulags- og starfsháttarnefndar til umræðu, því hún var of seint fram komin til að hægt væri að undirbúa laga-breytingartillögu fyrir 42. þing ASÍ. Skipulags- og starfsháttarnefnd fjallaði um málið 16. október 2016 þar sem ýmis sjónarmið komu fram, m.a. um fjölgun í miðstjórn og að aðrir sætu ekki í miðstjórn í krafti embætta sinna heldur væru þeir persónukjörnir. Tillaga um að taka upp seturétt í miðstjórn í krafti embætta var felld árið 2005 með þeim rökum að allir miðstjórnarmenn þyrftu a.m.k. meirihluta atkvæða og væru allir fulltrúar allra félagsmanna en ekki bara viðkomandi sambanda og félaga. Ljóst var að fulltrúar í skipulags- og starfsháttarnefnd voru málinu ekki fylgjandi. Á fundinum var samþykkt að málið yrði rætt milli þinga. Á fundi nefndarinnar í janúar 2018 var málið tekið upp aftur og var niðurstaðan að bíða niðurstöðu þings ASÍ-UNG, en að

afstaða nefndarmanna væri óbreytt og því tæki hún málið ekki upp aftur nema eftir því yrði leitað.

Nú liggur fyrir að þing ASÍ-UNG samþykkti á nýafstöðnu þingi sínu ályktun um að fulltrúi ASÍ-UNG hefði fulla aðild að miðstjórn án þess að gera um það beina lagabreytingu, enda er það strangt til tekið ekki endilega nauðsynlegt til að ná fram markmiði tillögunnar.

Skilja verður tillögu ASÍ-UNG á þann hátt að þingið vill fá umræðu á þingi ASÍ um málið, m.a. í ljósi afdrifa fyrri tillögu þeirra. Það er því edlilegt að eftir fyrri umræðu verði tillögunni vísað til laga- og skipulagsnefndar á þinginu um almennt viðhorf þingfulltrúa til þessarar tillögu. Verði það niðurstaða nefndarinnar og þingsins að fylgja málinu eftir verði því vísað til miðstjórnar til frekari umfjöllunar og útfærslu að undangenginni umræðu í skipulags- og starfsháttarnefndar.“

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, kvaðst ávallt hafa verið andvíg skattahækkunum. Jafnframt gagnrýndi hún það hve títt væri verið að breyta sköttum á aðildarfélög. Það hljóti að vera hægt að gera áætlanir og sjá þetta betur fyrir.

**Aðalsteinn Árni Baldursson**, Framsýn, steig í pontu og kvaðst vilja gagnrýna það að reynt sé að koma til móts við þarfir ASÍ-UNG í stað þess að svo sé gert sem sé að hans mati sjálfsagt mál enda sé það gríðarlega mikilvægt að efla starf unglíða í verkalýðshreyfingunni. Sagði hann jafnframt frá því að Framsýn hafi nú þegar sent ASÍ bréf þess efnis að Framsýn sé reiðubúin að útvega formanni ASÍ-UNG skrifstofuadstöðu og standa straum af öðrum kostnaði en launakostnaði til handa formanni ASÍ-UNG. Boltinn væri hjá ASÍ hvað það varðar.

**Eiríkur Þór Theodórsson**, ASÍ-UNG, lýsti reynslu sinni af því að hafa verið starfandi formaður undanfarin ár. Sú vinna hafi verið unnin í sjálfboðastarfi á eigin tíma og hann hafi verið lánsamur að hafa svigrúm í vinnu til að geta sótt fundi. Hans upplifun hafi verið sú að ekki hafi verið sérstakur áhugi í miðstjórn fyrir því að veita fulltrúa ASÍ-UNG í miðstjórn fullan atkvæðisrétt en hann kvaðst ekki trúa öðru en að hægt væri að afgreiða það hér og nú.

**Aðalbjörn Jóhannesson**, ASÍ-UNG, kvaðst vilja koma upp og fylgja eftir tillögum ASÍ-UNG. Hann lýsti reynslu sinni af því að hafa unnið með unglingum í nokkur ár. Oft sé erfitt að nálgast ungt fólk en sé réttum aðferðum beitt sé það þó fyllilega gerlegt. Verkalýðshreyfingin sé að eldast eins og í raun allt samfélagið og af þeim sökum virðist oft minni áhersla á ungt fólk innan ASÍ og aðildarfélaga þess. Eina leiðin til að efla ASÍ-UNG og byggja það upp sé að gefa því það vægi sem þarf, t.a.m. með því að hafa formann í fullu starfi og veita fulltrúa ASÍ-UNG í miðstjórn fullan atkvæðisrétt þar.

Í kjölfar umræðu um lagabreytingatillögur var málunum vísað í laga- og

skipulagsnefnd og þingstörfum frestað til föstudagsmorguns. Í kjölfarið tók við starf í málefnanefndum en áður en það hófst steig á svið Bergur Ebbi Benediktsson skemmtikraftur og fór með gamanmál.

## **Föstudagur 26. október**

Þingi var framhaldið föstudaginn 26. október kl. 9.00 – fyrst með framhaldi á nefndastarfi í málstofum þar sem endanlegar tillögur nefnda voru afgreiddar til þingsins.

Klukkan 10.15 hófust þingstörf í sal

## **Kosningar í embætti – Afgreiðsla á ályktunum þingsins**

**Þingforseti** kynnti dagskrá lokadags þingsins og hafist yrði handa á kosningum í embætti og samhliða þeim yrðu niðurstöður úr málefnanefndum kynntar og að afgreiðsla þeirra færi fram samhliða kosningum.

**Kolbeinn Gunnarsson**, Vlf. Hlíf, formaður kjörnefndar lýsti starfi nefndarinnar. Hún hefði fundað alls sjö sinnum það sem af er en starfaði enn og myndi gera út þingið. Verkefni hennar væri m.a. að tryggja að rödd forystunnar hafi sem breiðasta skírskotun m.a. með tilliti til landshluta, kyns og starfsgreinar. Því næst gerði hann sérstaklega grein fyrir þeim framboðum sem hefðu borist til forseta ASÍ, annars vegar Drífu Snædal frá SGS/Eflingu og hins vegar Sverris Mars Albertssonar SGS/Afli starfsgreinafélagi en verklagið yrði þannig að fyrst yrði kosið um forseta, svo varaforseta, svo miðstjórn og varamiðstjórn og í kjölfarið önnur embætti.

**Þingforseti** greindi því næst frá því að hlutkesti hefði verið varpað um röðun frambjóðenda á mælendaskrá. Minnti hann jafnframt á það að öllum, sem hafi kjörgengi, væri frjálst að koma framboðum í embætti til þingforseta eða formanns kjörnefndar.

**Drífa Snædal**, Eflingu:

*„Kæru félagar,*

*Að standa saman hefur skilað stærstu breytingum sögunnar. Ítrekað hefur verkalýðshreyfingin náð árangri, hér á landi og um allan heim, með samstöðu og kjarki, einbeittum vilja og skýrri sýn.*

*Nú er enn og aftur komið að slíkum þáttaskilum, þar sem við finnum og vitum að samstæðan mun skila okkur áfram. Við þurfum alla okkar krafta; samstillta, róttæka og framsækna í þá lotu sem framundan er og mun skila sér í bættu samfélagi og betra lífi. Við þurfum að sýna að sú mynd sem hefur verið dregin upp síðustu áratugi um að græðgi sé góð og misskipting lögmál sé ekki rétt. Við þurfum að bjóða upp á aðra heimsmynd – aðra framtíðarsýn. Þar sem verðmiðinn á vinnuframlagið er sanngjarn, allir hafa aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu og launafólk getur meira að segja leyft sér að njóta þess*

sem er gott og gaman í lífinu utan vinnu. Við eigum öll að njóta öryggis utan vinnustaðarins og innan hans. Misrétti milli kynja, eða á grundvelli uppruna eða þjóðernis á ekki að líðast á íslenskum vinnumarkaði.

Við eigum að skipta okkur af öllu sem kemur vinnandi fólki við og fara fremst í flokki að bjóða uppá raunhæfar lausnir. Hreyfingin okkar á að endurspeglar alla okkar félagsmenn óháð aldri, kynjum, starfsgreinum eða uppruna og ég vil fagna því sérstaklega að þátttakendur á þessu þingi endurspeglar fjölbreytileikann í hreyfingunni betur en oft áður.

Verkefni vetrarins eru þung en hvort það verða hér átök eða ekki veltur á viðsejendum okkar og stjórnvöldum. Þær kröfur sem landssambönd verkafólks og verslunarmanna hafa kynnt eru sanngjarnar en við eigum eftir að sjá hversu sanngjörn þau eru sem sitja hinum megin við bordið. Á þeim veltur framvinda vetrarins og framhaldið.

Ég hef þá skýru sýn að Alþýðusamband Íslands sé vettvangur til að tengja saman þá ótal þræði sem spunnir eru í grasrótinni, að í ASÍ finnum við samnefnara og slagkraft sem nauðsynlegur er til að koma okkar málum í gegn. Við erum ósammála um margt en sammála um svo miklu meira. Við eigum að byggja á því sem við erum sammála um – en líka að takast á um það sem við erum ósammála um og leita að nýjum flötum. Svo nýtum við okkar heildarsamtök til að berjast fyrir betri kjörum, en líka betra samfélagi. Alþýðusambandið er aldrei sterkara en umboðið sem það fær frá aðildarsamböndunum og félögum.

Nýr forseti ASÍ hefur það verkefni að þessu þingi loknu að vinna eftir þeirri stefnu sem hér er mótuð, hlusta á það sem hér er sagt og á áhyggjur og hugmyndir félaga okkar um allt land, og nýta sem veganesti í sínum störfum. Forseti þarf að geta tekið gagnrýni en líka að sjá sameiginlegar áherslur og fylgja þeim eftir. Forseti þarf að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, virða þau og þekkja sitt valdsvið. En forseti þarf líka að blása félögum baráttuanda í brjóst þegar þarf að láta sverfa til stáls og tala máli launafólks með skýrum hætti um allt samfélagið.

Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir eru að mínu mati eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að leiðrétta misskiptinguna og ójöfnuðinn sem hafa fengið að vaxa og dafna nær óáreið um áratuga skeið og það er best að gera í gegnum okkar sameiginlegu sjóði – skattkerfið.

Í öðru lagi, að byggja upp húsnæði af metnadi, því það að eiga þak yfir höfuð er mannréttindamál og allir eiga skilið að búa í góðu húsnæði í fallegu umhverfi. Kjarabætur duga skammt ef fólk þarf að eyða stærstum hluta ráðstöfunartekna sinna í húsnæði. Þar er ábyrgð stjórnvalda mikil á því ástandi sem nú er á húsnæðismarkaðnum, bæði ríkis og sveitarfélaga.

*Í þriðja lagi að taka á þeirri glæpastarfsemi sem fengið hefur að viðgangast á íslenskum vinnumarkaði, hvort sem um er að ræða kjör undir lágmarks-launum eða hreint og klárt þrælahald. Það er mælikvarði á siðmenningu okkar hvernig við tökum á þessum brotum á vinnumarkaði. Í okkar daglegu störfum verðum við vör við hreina og klára mannfyrlitningu sem verður að stöðva strax.*

*Á íslenskum vinnumarkaði viðgengst harka og lengi höfum við metið sjálfsmynd okkar út frá dugnaði og því að vinna sem flestar klukkustundir. Það er góðra gjalda vert, en lífið er meira en vinna, og sem betur fer eru háværar raddir sem krefjast styttri vinnutíma og þeim fer fjölgandi. Stytting vinnuvikunnar er hafin og er þróun sem verður vonandi ekki stöðvuð. Við getum reiknað þessa breytingu upp í aukna framleiðni og færri veikindadaga en fyrst og fremst eru þetta aukin lífsgæði, meiri tími með vinum og ættingjum, meiri tími til að njóta lífsins, eða bara meiri tími til að slæpast, eins og Paul Lafargue lagði áherslu á í hinni stórkostlegu bók Réttinum til letinnar – mjög stutt bók reyndar. Og það er okkar markmið og tilgangur okkar hreyfingar, að auka lífsgæði í gegnum góðar stundir, öryggi, jafnrétti og virðingu.*

*Ég hef hlaupið á því sem ég tel brýnast að bæta úr í samfélagi okkar, hvernig ég lít á hreyfinguna okkar og hlutverk forseta. Það er í ykkar höndum að velja en það væri mér sannur heiður að fá að leiða sterkt og kjarkað Alþýðusamband Íslands og óska eftir ykkar stuðningi til þess.“*

**Sverrir Mar Albertsson, AFLi starfsgreinafélagi:**

*„Þingforseti – kærufélagar*

*Ég þakka fyrir þetta tækifæri til að kynna mig fyrir ykkur. Ég veit satt að segja varla hvar á að byrja. Það er mikil krafa um að forystan komi úr grasrótinni – þekki líf hinna almennu félagsmanna ekki af afspurn heldur af því að hafa lifað það. Það er einnig ákall um að ný forysta komi úr félagsstarfinu – þekki félögin og hvernig þau vinna.*

*Mér hefur aldrei liðið neitt sérstaklega vel með að selja sjálfan mig – og frekar óvanur að vera í svona persónulegri kosningu.*

*En að koma úr grasrótinni – ég kom til AFLs ofan af Kárahnjúkum –og á Kárahnjúka kom ég úr Barentshafinu. Ég var í mörg ár sjómaður og lengst af á frystiskipum í mjög löngum túrum. Ég var líka til sjós hér við land og trúnaðarmaður á sjó og glímdi við útgerðir og eigendur.*

*Reynsluheimurinn er svipaður og svo margir hér inni þekkja – ég hef upplifað kvíðahnút í maganum við hver mánaðamót. Óttann við að pósturinn væri ekki að færa skemmtilegar fréttir heldur slæmar. Kvíðann þegar maður sér ókunna menn ganga upp að húsinu um kvöldmatarleytið. Það er tíminn sem stefnuvottar eru við vinnu.*

Ég þekki alveg að reyna að semja við lokunarmanninn frá rafmagninu. Ég hef aldrei verið neitt stoltur af þessum parti lífsreynslunnar en ég er löngu hættur að skammast mín fyrir að hafa upplifað miklar þrengingar. Ég þekkti alveg hvernig það var að vakna á morgnana og fara í fötin mín. Það var ekkert sérstakt val og klæðaskápurinn bauð ekki upp á neitt úrval. Ég þekki alveg að vera útlendingurinn hjá fyrirtækinu og vera kallaður „helvítis Íslendingurinn“. Ég veit alveg hvernig það er að vera sá sem svindlað er á bara í trausti þess að það væri hægt. Ég þekki alveg áfengið og hvernig það getur tekið úr manni alla orku og alla von. En sem betur fer þekki ég líka hvernig það er að sigrast á því og ná síðan að vinna einn og einn smásigur í lífinu og vinna aftur sjálfsvirðinguna og sjálfstæðið. Það er góð tilfinning. Mér þykir ótrúlega vænt um Alþýðusamband Íslands – en það hefur ekki alltaf verið þannig. Þegar ég var ungur maður var þetta bara einhver stofnun og gamlir kallar að rifast í sjónvarpi og á útifundum. Ég kynntist því betur þegar ég hóf að vinna sem blaðamaður en sögu Alþýðusambandsins kynntist ég ekki af alvöru fyrr en á síðustu árum. Ég fór allt í einu að gera mér grein fyrir því að síðustu 100 ár er það bara Alþýðusambandið sem á samfellda sögu sem brjóstvörn fátækasta fólksins – vörn alþýðufólks.

Alþýðusambandið hefur alltaf verið umdeilt – foringjar þess úthrópaðir. Alþýðusambandið hefur ekki alltaf verið flottasta samfélagsaflið – ekki það róttækasta – en það hefur aldrei vikið af vaktinni. Alþýðusambandið hefur átt lægðir og hæðir – en það er hérna og það er okkar. Það er nefnilega svo mikilvægt að fólk eigi sér bakhjarl og málsvara. Hlutverk verkalýðsfélaganna er ekki síst að gera okkur öllum kleift að ganga með bakið beint og standa upplitsdjörf gagnvart launagreiðandanum og öðrum.

Án þeirrar samstöðu sem Alþýðusambandið hefur gefið okkur í gegnum árin stæðum við í mörgum smáum hópum og hefðum litlu áorkað. Það er þessi mikla breidd innan Alþýðusambandsins sem er bæði okkar helsti styrkur og jafnframt veikleiki. Þegar okkur tekst að sameina allt launafólk á almennum markaði undir einn fána er okkur fátt ómögulegt. En okkur getur reynst erfitt að sameinast því þó svo að einhverjum okkar finnist við hafa leyst alla lífsgátuna og hafa öll svörin – þá eru aðrir á öðru máli.

Þegar við erum ekki sammála í grunninn þá er erfitt að búa til breiðfylkingu til að taka slaginn. Það er erfitt að biðja fólk um að fara í harða vinnudeilu – hætta afkomu sinni – fyrir málstað sem fólk upplifir ekki sem sinn eigin. Það er ástæðan fyrir öllum þessum fundum og ráðstefnum verkalýðsfélaganna. Reynslan hefur kennt okkur að taka tillit til allra sjónarmiða og reyna síðan að búa til stefnu sem allra flestir geta fundið sig í.

Ég nefndi reynslu úr félagsstarfinu – ég hóf mín störf hjá AFLÍ ópolinmóður og reidur. Sjómennskan hafði ekki vanið mig á einhverjar málamiðlanir og

ég var óvanur félagsmálavinnu. Austfirðingar voru ekki lengi að tukta mig til. Þessi ár mín hjá AFLi hafa kennt mér mikið – og aðallega það held ég að taka tillit til skodana allra og reyna að leggja mitt af mörkum til að ná samstöðu um málin. Ekki að vaða yfir alla og troða mínum skodunum ofan í fólk – það kann ekki góðri lukku að stýra. Ef menn gera það of oft þá fer að þynnast hópurinn sem stendur með þér því fólk líkar ekki að láta troða á sér og fólk er ekki reidubúið til að taka baráttu sem ekki er þeirra.

Þannig að árin mín hjá AFLi hafa verið lærdómsrík og það ættu allir sem veljast til forystu í verkalyðshreyfingu að fara á tugi vinnustaðafunda – og þá að taka allan ferilinn. Fara á vinnustaðina þegar verið er að móta kröfugerð – fara síðan til að afla verkfallsheimilda og síðan loks til að kynna kjarasamninginn og fá hann samþykktan. Þegar ég tala um þessa fundi á ég ekki við svona kurteislegar samkomur eins og þessa heldur vinnustaðafundi á kaffistofunum í frystihúsunum, á bílaverkstæðunum og leikskólunum. Þar sem við mætum félagsmönnum á þeirra heimavelli en ekki okkar. Það er líka á þessum vinnustaðafundum sem við hittum fyrir félagsmenn sem eru kannski alls ekki sammála – og hafa allt aðra sýn á málin. Á samkomum sem þessum – á fundum og ráðstefnum hreyfingarinnar – erum við kannski alltof mikið stödd í eigin bergmálshelli þar sem allir eru í grófum dráttum sammála en deila kannski einna helst um tæknilegar útfærslur.

En að Alþýðusambandinu – fjöldahreyfingunni sem er alltaf á milli tannanna á fólk – gagnrýnd frá hægri fyrir ábyrgðarleysi og heimtufrekju og frá vinstri fyrir aumingjaskap og linkind.

Samt aflíð sem alltaf er á vaktinni og býr m.a. til grundvöll fyrir þær róttækari raddir sem heyrast í dag – gerir okkur kleift að setja þá róttækni í farveg sem getur fleytt okkur fram á við.

Við erum hér úr öllum stjórnáhringum – með ólíkar lífsskodanir og upplifanir. Lykilatriðið er að Alþýðusamband Íslands er samband fólksins – ekki forystumanna. Þannig að þegar fólk í Alþýðusambandinu vill að Alþýðusambandið verði róttækt – þá er það róttækt. Alþýðusambandið snýst um hagsmuni launafólksins í aðildarfélögum þess og þó svo að við komum úr ólíkum stjórnáhringum og höfum ólík viðhorf til ýmissa mála – það sameinar krafan um betri kjör okkar og draumur um betra líf og réttlátara samfélag.

Samningsrétturinn liggur hjá félögunum – og þær metnaðarfullu kröfugerðir sem hafa komið fram eru vísbending um að í hönd fari erfiður vetur, vetur þar sem mikil þörf er á órofa samstöðu. Sú samstaða verður ekki til með valdboði og ekki með þvinguðum atkvæðagreiðslum þar sem málum er ráðið með einhverjum litlum meirihluta. Sú samstaða næst með samtali – samráði og gagnkvæmri virðingu.

Það er því full ástæða til að hvetja til þess að þegar við förum af þessu



*Þingi þá verði það í fullri sátt og samstöðu. Persónulegar ávirðingar verði lagðar til hliðar og við sameinumst um tilgang okkar og markmið – að vinna félagsmönnum aðildarfélaganna til heilla.*

*Við viljum öll réttlátara og betra samfélag – látum ekki einhver útfærsluatriði rugla okkur í þeirri vegferð.*

*Ég þakka gott hljóð.“*

**Þingforseti** tilkynnti um það að ekki hafi borist fleiri framboð til forseta og því skuli hefja atkvæðagreiðsluna á milli þeirra Drífu og Sverris. Á meðan talning fari fram haldi því önnur þingstörf áfram.

### **Niðurstöður laga- og skipulagsnefndar**

**Signý Jóhannesdóttir**, Stétt Vest, formaður laganefndar, sagði frá starfi laganefndar í stuttu máli og kynnti í kjölfarið eftirfarandi álit nefndarinnar á þeim tillögum sem lágu fyrir. Hvað varðar tillögu miðstjórnar um breytingu á 41. gr. laga ASÍ (þingskjal 5) sagði nefndin eftirfarandi:

*Nefndin var sammála um að mæla með því að tillaga miðstjórnar á þingskjali 5 verði samþykkt óbreytt.*

Hvað varðar tillögu ASÍ-UNG um greiðslu til formanns vegna útlagðs kostnaðar og vinnuframlags sbr. þingskjal 13 var afgreiðsla nefndarinnar með eftirfarandi hætti:

*Miðstjórn telur mikilvægt að reynt verði að koma til móts við sérstöðu ungs fólks og leggur áherslu á að hægt verði að leita leiða til að auðvelda formanni ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af krafti.*

*Miðstjórn leggur til að tillögunni verði eftir fyrstu umræðu á þingi ASÍ, vísað til laga- og skipulagsnefndar þingsins. Miðstjórn leggur til að ályktuninni verði að fengnu samþykki eftir aðra umræðu, vísað til efnislegrar meðferðar, til miðstjórnar og launanefndar ASÍ til frekari útfærslu í samráði við stjórn ASÍ-UNG með það fyrir augum að skoða hvort og hvernig endurskoða þurfi þær greiðslur sem þegar eru inntar af hendi í dag til formanns ASÍ-UNG. Þær greiðslur eru vegna útlagðs kostnaðar og vinnutap vegna beinnar fundarsetu. Hugsanlega megi taka upp annað fyrirkomulag sem byggi þá á skilgreindum verkefnum formanns ASÍ-UNG.*

Varðandi tillögu ASÍ-UNG um atkvæðisrétt fulltrúa í miðstjórn var afgreiðsla nefndarinnar eftirfarandi:

*„Tillaga ASÍ-UNG felur í sér að fulltrúi ASÍ-UNG hafi atkvæðisrétt í miðstjórn ASÍ, en í lögum ASÍ er að finna ákvæði um atkvæðisrétt formanns ASÍ-UNG á formannafundum og atkvæðisrétt stjórnar ASÍ-UNG á þingum sambandsins.*

*Sambærileg tillaga var samþykkt á þingi ASÍ-UNG árið 2016 og var lögð fyrir miðstjórn sem vísaði málinu til skipulags- og starfsháttarnefndar til umræðu, því hún var of seint fram komin til að hægt væri að undirbúa lagabreytingartillögu fyrir 42. þing ASÍ. Skipulags- og starfsháttarnefnd fjallaði um málið 16. október 2016 þar sem ýmis sjónarmið komu fram, m.a. um fjölgun í miðstjórn og að aðrir sætu ekki í miðstjórn í krafti embætta sinna heldur væru þeir persónukjörnir. Tillaga um að taka upp seturétt í miðstjórn í krafti embætta var felld árið 2005 með þeim rökum að allir miðstjórnarmenn þyrftu a.m.k. meirihluta atkvæða og væru allir fulltrúar allra félagsmanna en ekki bara viðkomandi sambanda og félaga. Ljóst var að fulltrúar í skipulags- og starfsháttarnefnd voru málinu ekki fylgjandi. Á fundinum var samþykkt að málið yrði rétt milli þinga. Á fundi nefndarinnar í janúar 2018 var málið tekið upp aftur og var niðurstaðan að bíða niðurstöðu þings ASÍ-UNG, en að afstaða nefndarmanna væri óbreytt og því tæki hún málið ekki upp aftur nema eftir því yrði leitað.*

*Nú liggur fyrir að þing ASÍ-UNG samþykkti á nýafstöðnu þingi sínu ályktun um að fulltrúi ASÍ-UNG hefði fulla aðild að miðstjórn án þess að gera um það beina lagabreytingu, enda er það strangt til tekið ekki endilega nauðsynlegt til að ná fram markmiði tillögunnar.*

*Skilja verður tillögu ASÍ-UNG á þann hátt að þingið vill fá umræðu á þingi ASÍ um málið, m.a. í ljósi afdrifa fyrri tillögu þeirra. Það er því edlilegt að eftir fyrri umræðu verði tillögunni vísað til laga- og skipulagsnefndar á þinginu um almennt viðhorf þingfulltrúa til þessarar tillögu. Verði það niðurstaða nefndarinnar og þingsins að fylgja málinu eftir verði því vísað til miðstjórnar til frekari umfjöllunar og útfærslu að undangenginni umræðu í skipulags- og starfsháttarnefndar.“*

**Þingforseti**, bar upp til atkvæða framangreindar tillögur laga- og skipulagsnefndar sem og lagabreytingartillögu miðstjórnar.

Fyrst var borin upp til atkvæða framangreind tillaga nefndarinnar um afgreiðslu þingsins á tillögu ASÍ-UNG um greiðslu til formanns vegna útlagðs kostnaðar og vinnutaps og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Næst var borin upp til atkvæða framangreind tillaga nefndarinnar um afgreiðslu þingsins á tillögu ASÍ-UNG um atkvæðisrétt fulltrúa í miðstjórn og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Í þriðja og síðasta lagi var borin upp til atkvæða lagabreytingartillaga miðstjórnar á 41. gr. laga ASÍ eins og hún birtist á þingskjali 5 og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## Tekjuskipting og jöfnuður

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir**, Afli starfsgreinafélagi, sagði frá starfi nefndarinnar sem fjallaði um drög að ályktun um tekjuskiptingu og jöfnuð og kynnti eftirfarandi tillögu á þingskjali 28 með þeim breytingum sem gerðar voru á stefnudrögunum eins og þau lágu fyrir þinginu á þingskjali 6:

### Tekjuskipting og jöfnuður

43. þing ASÍ krefst samfélags réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og jafnaðar. Samfélags þar sem launafólk nýtur mannsæmandi kjara og réttinda á vinnumarkaði og allur almenningur býr við húsnæðisöryggi og traust velferðarkerfi sem fjármagnað er með réttlátu skattkerfi.

Misskipting auðs og tekna fer vaxandi hér á landi. Þessi þróun er ekki ásættanleg. Ójöfnuður dregur úr félagslegum hreyfanleika, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hefur neikvæð áhrif á hagvöxt, efnahag og líf skjör til framtíðar. Það er viðvarandi áskorun verkalýðshreyfingarinnar að stuðla að jöfnu samfélagi, jöfnum tækifærum og sanngjarnri tekjuskiptingu. Allir eiga að búa við atvinnu- og afkomaöryggi.

Skattbyrði launafólks hefur aukist á undanförunum áratugum. Sú þróun hefur lagst þyngst á hina tekjulægstu. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun og barna- og húsnæðisbætur hafa verið skertar. Í ríkisfjármálaáætlun birtist sú stefna stjórnvalda að veikja þessi kerfi enn frekar á sama tíma og hinir tekjuhæstu hafa notið góðs af fækkun þrepa í skattkerfinu, lágum sköttum á fjármagnstekjur og afnámi auðlegðarskatts. Tækniþreyingar, aukin sjálfvirkni, fjármálavæðing atvinnulífsins og nýting sameiginlegra auðlinda kalla á endurskoðun á skattkerfinu og fjármögnun samfélagslegra verkefna.

Tækifæri til náms eru afar mikilvægur þáttur í jöfnun líf skjara, sérstaklega þeirra sem litla formlega menntun hafa og þeirra hópa þar sem eðli starfa breytist og kallar þannig á aukna þekkingu og hæfni vegna tækniþróunar og aukinnar sjálfvirkni. Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum árum og áratugum samið um uppbyggingu starfsmenntasjóða og barist fyrir framlögum úr ríkissjóði í málaflokkinn. Eftir hrun hafa stjórnvöld dregið úr framlögum til þeirra sem minnsta menntun hafa um þriðjung að raungildi og ef marka má ríkisfjármálaáætlunina við litlu að búast. Einnig er mikilvægt að þróa raunfærnimat fyrir störf í atvinnulífinu og að sú hæfni sem launafólk hefur aflað sér í námi og starfi verði metin til launa og verði viðurkenndur hluti menntaferils launafólks.

Stækkandi hópur býr við erfiðar aðstæður og íþyngjandi húsnæðiskostnað á leigumarkaði en þar eru tekjulágir, ungt fólk og erlent launafólk í meirihluta. Leiguverð hefur hækkað verulega á undanförunum árum og leigjendur festast í þessu kerfi. Stöðugt fleiri neyðast til að vinna mikla aukavinnu til að ná endum

saman. Hætta er á því að þessar aðstæður festi misskiptingu frekar í sessi og læsi fólk í gildrum fátæktar. Til lengdar leiðir slíkt ástand til heilsubreysts.

Stækkandi hópur er berskjaldaður gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum á vinnumarkaði. Sífellt fleiri eru neyddir til að sætta sig við hrakvinnu eða gerviverktöku. Berskjöldun þessa hóps er mikil og til þess fallin að halda launum niðri, rýra tryggingavernd launamanna og ábyrgð atvinnurekenda á öryggi og heilsu þessa fólks.

Stéttarfélag þurfa í auknum mæli að glíma við brotastarfsemi af ólíkum toga, kerfisbundinn launaþjófnað, undirboð á vinnumarkaði, kennitölufلاك, svarta atvinnustarfsemi og jafnvel þrælshald. Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstoðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Þrátt fyrir áratuga baráttu ríkir enn kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði. Lög um jafnlaunavottun gera kröfur um að launasetning í fyrirtækjum og stofnunum byggi á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Það er staðreynd að á íslenskum vinnumarkaði ríkir launamismunur m.a. á grundvelli kyns, aldurs, uppruna og þjóðernis. Mismunun á aldrei rétt á sér.

## Stefna ASÍ

- Aukinn ójöfnuður í tekjum og eignum landsmanna síðastliðna áratugi verði leiðréttur.
  - Leitað verði leiða til að draga úr launabili innan fyrirtækja og stofnana, t.d. með því að launabil komi fram í ársreikningum.
  - Eigendastefna lífeyrissjóða og framfylgd hennar endurspegli áherslur á aukinn jöfnuð og bætt siðferði.
  - Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum beiti sér fyrir því að starfsfólk fyrirtækja njóti arðsemi þeirra ekki síður en hluthafar.
  - Áhrif lagasetninga Alþingis verði ávallt greind með tilliti til jöfnuðar.
- Skattatilfærsla stjórnvalda síðustu áratugi hefur létt sköttum af hinum hæst launuðu og aukið skattbyrði á lág- og millitekjuhópa. Þetta skal leiðrétt.
- Skattkerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki. Skattar á lágtekjufólk verði lækkaðir, lægstu laun gerð skattfrjáls með hækkun persónuafsláttar sem fylgi launaþróun og komið verði í veg fyrir sjálfvirkar skattahækkanir hinna tekjulægstu.
  - Húsnæðis- og barnabótakerfin verði endurreist og horfið verði frá þeirri stefnu að sá stuðningur renni einungis til hinna tekjulægstu.
  - Hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekjuþrepi.

- Lagðir verði á auðlegðarskattar og fjármagnstekjuskattur hækkadur til að stuðla að samfélagssátt og bregðast við auknum ójöfnuði eigna.
- Brugðist verði við skattaundanskotum með auknu skatteftirliti.
- Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald.
- Styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarféлага verði skattfrjálsir.
- Auka þarf möguleika launafólks til að afla sér menntunar og færni, fá hana viðurkennda og metna til launa.
  - Íslenskukennsla verði eflað, gerð aðgengileg á vinnutíma og fari fram á tungumáli sem nemendur hafa vald á.
  - Móta þarf aðferðafræði varðandi launasetningu á grundvelli raunfærnimats á móti störfum í atvinnulífnum.
  - Auka þarf fjárveitingar hins opinbera til menntunar og fræðslu yfir allan starfsaldur.
  - Menntun um réttindi og skyldur á vinnumarkaði verði hluti af námskrá grunn- og framhaldsskóla.
- Brugðist verði nú þegar við þeim bráðavanda sem ríkir á húsnæðismarkaði þannig að allir hafi öruggt og gott húsnæði. (Sérstaklega er fjallað um húsnæðismál í öðru stefnuskjali/ályktun)
- Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði útrýmt. Þetta verður einungis gert með stórefldu eftirliti, auknum heimildum og samræmdum aðgerðum eftirlitsaðila.
  - Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði mætt með hörðum viðurlögum og sektum gagnvart brotafyrirtækjum í samstarfi við verkalýðshreyfinguna.
  - Lög um vinnustaðaeftirlit nái yfir allan vinnumarkaðinn.
  - Sett verði löggjöf til að stöðva kennitölulflakk sem er skjótvirk og hafi raunverulega þýðingu.
  - Lög um keðjuábyrgð verði almenn og nái yfir allan vinnumarkaðinn.
- Styrkt verði umboð stéttarféлага til að verja rétt einyrkja.
- Unnið verði gegn launamismunun með öllum tiltækum ráðum. Jafnlaunavottun og rétt innleiðing jafnlaunastaðalsins er mikilvægt skref í þá átt.

## Verkefni ASÍ

- Hafa forystu um að tryggja áreiðanlegar og vandaðar mælingar á stigi ójöfnuðar á Íslandi þ.m.t. launabili innan fyrirtækja.
- Móta og útfæra sýn verkalýðshreyfingarinnar til uppbyggingar og þróunar skattkerfisins á grundvelli hagsmuna launafólks.
- Knýja á um samræmt eftirlit með brotastarfsemi á vinnumarkaði þ.m.t. skattsvikum og launapjófnæði.
  - Stuðla að auknu samstarfi og sameiningu eftirlitsaðila.

- Hafa forystu um að birta „svartan lista“ yfir nöfn þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem stunda ítrekaða brotastarfsemi gegn launafólki.
- Berjast fyrir auknum fjárframlögum til menntunar launafólks með litla formlega menntun og þeirra hópa þar sem eðli starfa breytist vegna tækniþróunar og að þróað verði kerfi raunfærnimats í atvinnulífínu sem meti störf og hæfni til launa.
- Stóraukin verði opinber fjárframlög til leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. (Sérstaklega er fjallað um húsnæðismál í öðru stefnuskjali/ályktun)
- Hafa forystu um að veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í að fylgja eftir lögum um jafnlaunavottun og útvíkka vottunina þannig að hún nái til allrar mismununar.
- Hafa frumkvæði að því að vinna leiðbeinandi verklagsreglur fyrir aðildarfélög og trúnaðarmenn í samræmi við lög um jafnlaunavottun.

## Niðurstöður úr forsetakjöri

**Þingforseti** tók til máls og frestaði umræðum um tekjuskiptingu og jöfnuð þar sem að búið sé að telja atkvæðin í forsetakjörinu. Féllu atkvæðin með eftirfarandi hætti:

Heildarfjöldi atkvæða: 293

Auðir seðlar: 1

Gild atkvæði: 292

- Drífa Snædal fékk 192 atkvæði, eða 65,8%
- Sverrir Mar Albertsson fékk 100 atkvæði, eða 34,2%

Drífa Snædal var því réttkjörinn forseti ASÍ á 43. þingi sambandsins.

### Drífa Snædal, forseti ASÍ

*„Kæru félagar,*

*Takk fyrir stuðninginn!*

*Takk fyrir alla hvatninguna, aðstoðina og brýninguna í aðdraganda kosninganna og auðvitað takk fyrir öll atkvæðin ykkar.*

*Takk Sverrir, fyrir góðan og sanngjarnan aðdraganda að þessari kosningu.*

*Það er ekkert sérstaklega félagslegt við það að etja samherjum hverjum gegn öðrum og því er það mikilvægt eftir kosningar að leggja til hliðar hver studdi hvern gegn hverjum og líta á alla sem samherja í baráttunni. Það mun ég vanda mig við að gera og vinna fyrir alla félagsmenn aðildarfélaga ASÍ.*

*Ög svona þegar kona er nýkjörin forseti í fyrsta sinn í 102 ára sögu sambandsins þá verð ég að þakka baráttu kvenna í gegnum tíðina því sú staðreynd að ég stend hér er þeim að þakka. Allar fyrirmyndirnar á opinberum vettvangi og í einkalífínu, formæður, vinkonur og félagar í baráttunni, allt stórkostlegar konur sem hafa rutt brautina hver með sínum hætti.*

*Kæru félagar,  
Kraftar mínir eru ykkar næstu tvö árin og ég bíð spennt eftir niðurstöðu þessa þings og þeim skilaboðum sem við sem veljumst til forystu förum með í farteskinu.  
Fram til baráttu!“*

**Þingforseti** tók til máls og frestaði dagskrárliðnum um kjör í embætti á meðan kjörnefnd sinni störfum sínum. Á meðan skyldi haldið áfram þar sem frá var horfið í umræðum um málefni.

## **Tekjuskipting og jöfnuður**

**Finnbogi Sveinbjörnsson**, Verk Vest, kvaðst sakna þess að tillaga Verk Vest og umsögn miðstjórnar hafi ekki komið með skýrari hætti inn í tillögur nefndarinnar. Mikilvægt sé að ofurlaunum og ofurbónusum sé hafnað, það sé eftir sem áður í samræmi við stefnu ASÍ og því vilji hann fá þetta skýrara inn í stefnuna.

**Páll Heiðar Magnússon Aadnegard**, VM, sagðist vilja nota tækifærið og taka undir með síðasta ræðumanni, Finnboga Sveinbjörnssyni. Ályktun Verk Vest sé vel orðuð og ígrunduð og gæti vel farið óbreytt inn í skjalið um tekjuskiptingu og jöfnuð.

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir**, Afli starfsgreinafélagi, kvaðst vel geta tekið undir það að tillagan frá Verk Vest komi inn í skjalið frá nefndinni með skýrari hætti, yrði reynt að verða við því með framlagðri tillögu.

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, steig í pontu og kom á framfæri athugasemd við málfar í skjalinu.

**Ragnar Þór Ingólfsson**, VR, kvaddi sér hljóðs og sagði að tillaga frá Verk Vest væri mjög þörf að sínu mati. Lýsti hann upplifun sinni af því að vera á hluthafafundi fyrirtækis í eigu lífeyrissjóða þar sem rætt hafi verið um kaupauka til stjórnenda og sjá fulltrúa lífeyrissjóða hafna tillögu um að kaupaukinn nái þá til alls starfsfólks. Hann sé á þeirri skoðun að stjórnendur eigi ekki að þurfa sérstaka gulrót til að vinna vinnuna sína og það sé slæmt þegar kaupaukinn sé byggður á því að launum annars starfsfólks sé haldið niðri. Sagðist hann vilja heyra meira í fulltrúum verkalýðsfélaga þegar kemur að málum er varða ofurlaun og eignarhald lífeyrissjóða.

**Þingforseti** tók til máls og fékk heimild þingsins til að fresta umræðum um tekjuskiptingu og jöfnuð svo að hægt væri að fá svigrúm til að orða og skila inn breytingatillögu.

## **Heilbrigðisþjónusta og velferð**

**Ólafur Magnússon**, FIT, sagði frá starfi nefndar sem fjallaði um drög að

ályktun um heilbrigðisþjónustu og velferð og kynnti eftirfarandi tillögu á þingskjali 30 með þeim breytingum sem gerðar voru á stefnudrögunum eins og þau lágu fyrir þinginu á þingskjali 8:

### **Heilbrigðisþjónusta og velferðarkerfið**

43. þing ASÍ krefst samfélags velferðar fyrir alla. Samfélags þar sem launafólk og allur almenningur nýtur öruggar og góðrar heilbrigðisþjónustu og býr að traustu velferðarkerfi óháð efnahag, búsetu eða aldri.

Opinber framlög til heilbrigðismála hér á landi hafa hvergi nærri fylgt fólksfjölguninni og vaxandi þörf fyrir þjónustu á mörgum sviðum. Grundvallarstöðir opinbera heilbrigðiskerfisins hafa um árabil verið fjársveltar og undirmannaðar á sama tíma og vægi einkarekinnar heilbrigðisstarfsemi hefur vaxið hratt og aukin framlög renna til fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þá eru mörkin á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu oft óljós þar sem sömu heilbrigðisstarfsmenn starfa á báðum stöðum samtímis. Afleiðingar þessarar þróunar sjást hvarvetna:

- Fjöldi fólks bíður óhófllega lengi eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.
- Víða um land hefur dregið úr þjónustu og sjúklingar þurfa að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi.
- Kostnaður sjúklinga, vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja, getur verið mjög íþyngjandi fjárhagslega eða jafnvel ófyrstíganlegur, auk þess sem mikilvægir þættir heilbrigðisþjónustunnar njóta ekki greiðsluþátttöku hins opinbera.
- Skortur er á sálfræðiþjónustu, einkum innan heilsugæslunnar, sem og annarri geðheilbrigðisþjónustu og kostnaður við hana er ófyrstíganlegur.
- Þeim dæmum fer fjölgandi að einstaklingar með alvarlega sjúkdóma fái ekki nauðsynleg lyf.
- Afleiðingin er að á Íslandi neitar fjöldi fólks sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Huga þarf betur að ungu fólki í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni m.a. með því að efla forvarnir og meðferðarúrræði og bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu í heilsugæslu og skólum. Styðja þarf betur við barnafjölskyldur og verja þær sérstaklega vegna mikils kostnaðar í heilbrigðiskerfinu og umönnun langveikra barna.

Vaxandi fjöldi fólks hverfur af vinnumarkaði, vegna veikinda sem oft tengjast auknu álagi og kulnun í starfi. Þetta kallar á að starfsendurhæfing verði eflað til muna og Virk starfsendurhæfing fái stærra hlutverk við að sinna forvörnum og úrræðum áður en í óefni er komið.

Lífaldur fer hækkandi og öldruðum mun fjölga hratt á næstu árum. Staðan í málefnum aldraðra er óviðunandi og fer versnandi ef ekki verður gripið til



víðtækra aðgerða. Þetta veldur miklu álagi á aðstandendur og kallar á fjölbreyttar aðgerðir og lausnir svo sem bættu heimahjúkrun og þjónustu. Vandinn er enn meiri þegar kemur að dvalar- og hjúkrunarheimilum, þar sem verulega skortir framboð af búsetuúrræðum og annarri þjónustu í heimabyggð. Þar við bætist rekstrarvandi stofnana í öldrunarþjónustu og fjársveldi í heimaþjónustu sveitarfélaga sem birtist starfsmönnum í ófullnægjandi starfsaðstöðu, undirhönnun og báðum kjörum.

Í lífeyrissjóðunum hefur launafólk byggt upp verðmæt réttindi sem tryggja á að þær fjölmennu kynslóðir sem fara á eftirlaun á næstu árum verði að mestu sjálfbærar um sín eftirlaun. Enn er þó stór hópur fólks sem á ekki nægileg réttindi í sjóðunum þegar eftirlaunaaldri er náð. Þar á að koma til kasta almannatrygginga sem eiga að tryggja öllum afkomuöryggi á efri árum.

Bæta þarf afkomu tekjulágra lífeyrisþega og draga verulega úr tekjutengingum í almannatryggingarkerfinu til að tryggja launafólki aukinn ávinning af lífeyrissparnaði sínum og hvetja þau sem hafa getu og vilja til þátttöku á vinnumarkaði. Þá skortir lífeyriskerfið sveigjanleika til að launafólk sem er í erfiðari störfum geti dregið úr vinnu og flýtt starfslokum, auk þess sem kerfið felur í sér kynjahalla þar sem konur hafa almennt lægri laun og styttri starfsævi.

Örorkulífeyriskerfið þarfnast víðtækra endurskoðunar. Horft verði til getu í stað vangetu með áherslu á atvinnutengda endurhæfingu og virkni á forsendum fólks með skerta starfsgetu, m.a. með samvinnu og aukinni ábyrgð atvinnulífsins og í góðu samráði við þau sem málið varðar. Samhliða þarf að endurskoða greiðslukerfi almannatrygginga þannig að það hvetji til virkni og atvinnuþátttöku, einfalda það og afnema krónu á móti krónu skerðingar.

Grundvallarþættir velferðarsamfélagsins, s.s. aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og húsnæðisöryggi án tillits til efnahags, eru sérstaklega mikilvægir öldruðum og öryrkjum.

Breytingar á vinnumarkaði og skipulagi vinnunnar geta haft víðtæk neikvæð áhrif á vinnumarkaðstengd réttindi sem byggja á uppsöfnun og tengd eru föstu ráðningarsambandi við atvinnurekanda, s.s. veikindarétt, lífeyrisréttindi og orlofsrétt. Þá er ljóst að aukin tækniþróun og sjálfvirknivæðing, þar sem störf breytast og hverfa og önnur verði til, kallar á öflugri atvinnuleysistryggingar, aukin tækifæri til endurmenntunar og aðstoð til einstaklinga að finna ný störf.

## Stefna ASÍ

- Allir eiga að njóta jafns aðgengis að framúrskarandi heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags.
  - Efla verður grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að allir hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð og nauðsynlegum lyfjum.

- Komið verði í veg fyrir einkarekstur í heilbrigðis- og velferðarþjónustu í hagnaðarskyni og sett skýr mörk á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu.
- Tryggja þarf öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu m.a. með verulega aukinni greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna ferða, dvalarkostnaðar og vinnutaps.
- Dregið verði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf, þannig að tryggt sé að enginn þurfi að neita sér um nauðsynlega aðstoð.
- Stytta þarf bið eftir þjónustu og gera stóráttak í að eyða biðlistum í heilbrigðiskerfinu.
- Stórbæta þarf upplýsingagjöf um úrræði í heilbrigðis- og velferðarmálum fyrir notendur og aðstandendur, til dæmis með upplýsingamiðstöð sjúklinga.
- Stórefla þarf forvarnir og stuðning við einstaklinga sem þarfnast starfsendurhæfingar.
- Setja þarf fram stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum aldraðra og tryggja þjónustu og búsetuúrræði við hæfi m.a. með því að fjölga hjúkrunarrýmum og efla heimaþjónustu sveitarfélaganna verulega.
- Treysta verður afkomuöryggi aldraðra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku.
  - Draga verður úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu og afnema krónu á móti krónu skerðingar.
  - Auka þarf möguleika fólks með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku.
  - Auka þarf möguleika eldra fólks sem hefur vilja og getu til þátttöku á vinnumarkaði og skapa nauðsynlegan sveigjanleika við starfslok.
- Breytingar á skipulagi vinnunnar og ótryggari ráðningarform kalla á að ávinnsla og uppbygging ýmissa mikilvægra vinnumarkaðstengdra réttinda launafólks s.s. veikindaréttar, orlofsréttar og lífeyrisréttinda séu áfram tryggð.

## Verkefni ASÍ

- Beita sér í samstarfi við aðildarfélögin fyrir því að stjórnvöld móti markvissa heilbrigðisstefnu um framtíðarsýn og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem hafi að markmiði að allir njóti öflugrar heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags með því að:
  - Efla grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að íbúar hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð.
  - Tryggja öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.

- Draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf.
- Leggja sérstaka áherslu á aukið aðgengi og lækkun á kostnaði vegna sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu m.a. með því að efla þjónustuna innan heilsugæslunnar.
- Efla upplýsingagjöf og félagslega ráðgjöf til notenda og sjúklinga.
- Beita sér fyrir samstarfi stjórnvalda, Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, VIRK og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að stórefla vinnuvernd og forvarnir á vinnustöðum, koma í veg fyrir brottfall af vinnumarkaði, styðja við starfsendurhæfingu og endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.
- Krefjast aðgerða í málefnum aldraðra sem tryggir þeim þjónustu og búsetuúrræði við hæfi.
- Beita sér fyrir viðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðarins, samtaka aldradra og öryrkja og stjórnvalda um nauðsynlegar breytingar á lögum um almannatryggingar með það að markmiði að treysta afkomuöryggi aldradra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku:
  - Stefnt verði að því að lækka skerðingarhlutfall í almannatryggingum í 30% og afnema með öllu krónu á móti krónu skerðingu.
  - Áhersla verði lögð á að efla atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu og að eldra fólki verði skapaður nauðsynlegur sveigjanleiki við starfslok.
- Beita sér fyrir endurskoðun á uppbyggingu og ávinnslu réttinda á vinnumarkaði í ljósi breytinga á skipulagi vinnunnar. Horft verði í auknum mæli til þess að áunnin réttindi flytjist með launafólki á milli atvinnurekenda.

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, sagði að hún teldi miður að hafa fengið þau viðbrögð við sínum áherslum í nefndarstarfinu að ákveðnar hugmyndir færu gegn stefnu ASÍ. Kvaðst hún ósátt við þau svör enda væri það þingsins nú að móta stefnuna.

**Páll Heiðar Magnússon Aadnegard**, VM, kvaðst vilja fá með skýrum hætti inn í stefnuna nauðsyn þess að bregðast við þjóðhættulegu ástandi þegar kemur að fíknisjúkdómum og tíðni sjálfsvíga af þeirra völdum.

**Harpa Sigfúsdóttir**, VR, steig í pontu og sagðist vilja fjalla um krónu á móti krónu skerðingar. Nauðsynlegt væri að hennar mati að kveða fastar að orði um að afnema það.

**Daníel Örn Arnarson**, Eflingu, kvaðst hafa haft verulegar áhyggjur af orðalaginu í tengslum við starfsgetumatið í upphaflegu drögunum sem lögð voru fyrir þingið. Þrátt fyrir breytinguna sem hefði orðið í nefndinni kvaðst hann hafa viljað sjá sterkar tekið til orða um að starfsgetumati væri hafnað.

**Pingforseti** kvaðst vilja fresta frekari umræðum um heilbrigðisþjónustu og velferð þar sem komið væri að næsta kjöri á fyrsta varaforseta ASÍ.

## **Kosning til embættis fyrsta varaforseta ASÍ**

**Kolbeinn Gunnarsson**, Vlf. Hlíf, formaður kjörnefndar, tilkynnti að kjörnefnd hafi borist tvö framboð, annars vegar frá Guðbrandi Einarssyni, VS, og hins vegar frá Vilhjálmi Birgissyni, VLFA.

**Ragnar Ingólfsson**, VR, kvaðst vilja gera athugasemd við fundarstjórn. Sér þætti undarlegt að það hafi skapað umræður og viðbrögð hjá kjörnefnd það að hann hafi dregið sitt framboð til baka. Hann sagði að rödd VR sem stærsta aðildarfélagssins yrði sterk hvort sem hann yrði varaforseti eða ekki. Hann hygðist eftir sem áður bjóða sig fram til miðstjórnar en muni þó í ljósi úrslita kosninga vega og meta hvort hann taki því sæti. Kvaðst hann hafa vonað að afturköllun sín myndi skapa sátt sem virtist þó ekki raunin.

**Pingforseti** kvaðst í framhaldi af ræðu Ragnars vilja minna á að athugasemdum við fundarstjórn eigi ekki að fylgja ræður um annað efni. Hlutkesti hafi verið varpað og fyrst muni Guðbrandur kynna sig.

**Guðbrandur Einarsson**, VS, hóf mál sitt á því að óska nýkjörnum forseta til hamingju en því næst lýsti hann aðdragandanum að ákvörðun sinni um að bjóða sig fram til varaforseta. Í ljósi þess að formaður VR hafi dregið sitt framboð til baka hafi hann viljað bjóða sig fram til að tryggja verslunar- og skrifstofufólki rödd í forystunni. Því næst kynnti hann sig persónulega og sín áherslumál, hann hafi lengi verið formaður í sínu félagi og setið nokkur ár í miðstjórn ASÍ. Hann kvaðst telja að komandi misseri og kjarasamningaviðræður verði krefjandi, bæði við atvinnurekendur og ríkið sem hafi gengið langt í að skerða kjör hópa launafólks. Að lokum lýsti hann sérstakri ánægju sinni með það að konum væri að fjölga í forystusveit ASÍ.

**Vilhjálmur Birgisson**, VLFA, kvaðst vilja byrja á að óska nýkjörnum forseta til hamingju með embættið. Sagðist Vilhjálmur vilja byrja á því að lýsa hvernig framboð hans til fyrsta varaforseta hafi komið til. Upphaflega hafi hann ætlað að bjóða sig fram sem annar varaforseti og Ragnar Ingólfsson sem fyrsti en vegna þrýstings frá iðnaðarmönnum og í viðleitni til að skapa sátt hafi Ragnar ákveðið að draga sig til baka til að iðnaðarmenn kæmst að með sinn fulltrúa. Kynnti hann sig því næst persónulega og lýsti sínum áherslum. Hann hafi gagnrýnt fráfarandi forystu mikið undanfarin ár og sagðist telja að hægt væri að gera betur í hinum ýmsu málum. Hann sagðist þekkja það vel á eigin skinni hvernig það sé að vera á lágum launum og eiga ekki fyrir nauðsynjum og þá reynslu hafi hann haft að leiðarljósi í störfum sínum sem formaður VLFA. Að lokum sagði hann að ef hægt væri að virkja samstöðumáttinn í ASÍ væri allt hægt, ójöfnuður og misrétti væru engin lögmál.

Eftir að gengið var til atkvæða frestaði **Þingforseti** fundi til kl. 13.10 vegna matarhlés.

**Þingforseti** hóf fund að nýju eftir matarhlé og tilkynnti um úrslit úr kjöri til varaforseta. Féllu atkvæðin sem hér segir:

Heildarfjöldi atkvæða: 289

Auðir seðlar: 3

Gild atkvæði: 286

- Vilhjálmur Birgisson fékk 171 atkvæði, eða 59,8%
- Guðbrandur Einarsson fékk 115 atkvæði, eða 40,2%

Vilhjálmur Birgisson var því réttkjörinn fyrsti varaforseti ASÍ á 43. þingi sambandsins.

## Heilbrigðisþjónusta og velferð

**Páll Heiðar Magnússon Aadnegard**, VM, kvaddi sér hljóðs og sagðist vera tilbúinn með viðbótartillögu varðandi ávana- og fíknivandann og lýsti eftir meðmælendum við tillöguna.

**Ólafur Magnússon**, FIT, kvaðst vilja bregðast við athugasemdum frá Rannveigu um að forsvarsfólk nefndarstarfsins hafi ekki tekið tillit til skoðana fólks. Hafnaði hann því alfarið. Sagði Ólafur að greidd hafi verið atkvæði í nefndinni um ágreiningsmál. Þau atriði sem fóru inn í skjalíð voru samþykkt þar í atkvæðagreiðslu og eins sem verulega var skerpt á ýmsum þáttum í skjalinu í störfum nefndarinnar.

**Rannveig Sigurðardóttir**, VR, steig í pontu og kvaðst óska eftir því að skjalið eins og það kom frá nefndinni verði unnið betur. Atriði eins og niðurgreidd sálfræðiþjónusta hafi t.d. ekki ratað þangað inn. Í núverandi mynd sagðist hún ekki vera reiðubúin að greiða skjalinu sitt atkvæði.

**Petrína Ragna Pétursdóttir**, VR, sagðist vilja taka undir með því sem fram hafi komið um nauðsyn þess að kveða sterkar að orði varðandi skerðingar á greiðslum úr lífeyriskerfinu. Sparnaður fólks væri notaður sem réttlætning á því að skerða önnur réttindi. Slíkt hafi ekki verið hugsunin með lífeyrissjóðakerfinu á sínum tíma, það hafi átt að vera viðbót.

**Þingforseti** kvaddi sér hljóðs til að fresta umræðum um heilbrigðisþjónustu og velferð þar sem að komið væri að kjöri annars varaforseta ASÍ.

## Kosning til embættis annars varaforseta ASÍ

**Kolbeinn Gunnarsson**, Vlf. Hlíf, formaður kjörnefndar, lýsti því að eini frambjóðandinn til embættis annars varaforseta væri Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV/RSÍ, og væri hann því sjálfkjörinn í embættið.

## **Heilbrigðisþjónusta og velferð**

Áframhald á umræðum sem frestað var á meðan kosning til embættis annars varaforseta fór fram.

**Aðalbjörn Jóhannsson**, ASÍ-UNG, bar upp svohljóðandi viðaukatillögu við tillögu nefndarinnar:

*„Tryggja skal rétt á faglegri handleiðslu í tengslum við álag í starfi.“*

**Harpa Sigfúsdóttir**, VR, bar upp svohljóðandi breytingatillögu:

Í stað þess þar sem segir í stefnufrögunum frá nefndinni:

*„Stefnt verði að því að lækka skerðingarhlutfall í almannatryggingum í 30% og afnema með öllu krónu á móti krónu skerðingu.“*

Og í staðinn komi:

*„Þess er krafist að skerðingarhlutfall í almannatryggingum verði lækkað í 30% og króna á móti krónu skerðing verði strax afnumin.“*

**Daníel Örn Arnarson**, Eflingu, bar upp svohljóðandi viðaukatillögu við tillögu nefndarinnar:

*„Að ASÍ hafni með öllu starfsgetumati og vinni með ÖBÍ að þeirra málum.“*

**Páll Heiðar Magnússon Aadnegard**, VM, bar upp svohljóðandi viðaukatillögu við tillögu nefndarinnar:

*„Bregðast þarf við þjóðhættulegum bráðavanda í ávana og fíknisjúkdómum.“*

**Ólafur Magnússon**, FIT, kvaddi sér hljóðs og fór aftur yfir umræður í nefndinni um morguninn. Þar hafi verið mikilli orku eytt í að ræða orðalag í tengslum við það sem upphaflega var starfsgetumat, sátt hafi á endanum náðst um orðalagið að horfa til getu fremur en vangetu, það sé í grunninn það sem VIRK starfsendurhæfing sé að gera.

**Þingforseti** bar upp framkomnar tillögur eina af annarri.

Kynnt viðaukatillaga Páls Heiðars var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kynnt viðaukatillaga Aðalbjörns Jóhannssonar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kynnt viðaukatillaga Daníels Arnar var samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 31 mótaskvæði.

Kynnt breytingartillaga Hörpu Sigfúsdóttur var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **Tekjuskipting og jöfnuður**

Áframhald á umræðum um tekjuskiptingu og jöfnuð sem hafði áður verið frestað.

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir**, Afli Starfsgreinafélagi, kynnrir breytinga-

tillögur við skjalið sem hafði áður verið kynnt úr nefndinni. Ritnefnd hafi gert breytingar í kjölfar ábendinga og umræðna fyrr um daginn um innsenda tillögu Verk Vest. Niðurstaðan var að ritnefnd sem fjallaði um stefnu varðandi tekjuskiptingu og jöfnuð lagði til að eftirfarandi komi inn í ályktunina sem hluti af áherslum í stefnu ASÍ:

*„Alþýðusamband Íslands hafnar ofurbónusum og óhóflegum arðgreiðslum til eigenda og áréttar kröfu verkalýðshreyfingarinnar um samfélag réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og heilbrigðs atvinnulífs. Ofurbónusar og óhóflegar arðgreiðslur til eigenda ganga þvert gegn þessum markmiðum, góðu siðferði og sjálfbærni í atvinnulífinu.*

*Mikilvægt er að fulltrúar launafólks í lífeyrissjóðunum vinni í samræmi við stefnu verkalýðshreyfingarinnar.“*

**Valva Árnadóttir**, VR, kom á framfæri ábendingu um málvillu og/eða málfar.

**Agnar Ólason**, VM, kom á framfæri ábendingu um málvillu og/eða málfar.

**Pálína Vagnsdóttir**, VR, kom á framfæri ábendingu um málvillu og/eða málfar.

**Þingforseti** kvaddi sér hljóðs og sagði að hann teldi ekki nauðsynlegt að koma með málfarsábendingar þar sem skjölin yrðu öll prófarkalesin.

Í kjölfarið var skjalið með stefnu um tekjuskiptingu og jöfnuð með áorðnum breytingum borið upp í heild sinni og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **Kosning til miðstjórnar**

**Kolbeinn Gunnarsson**, Vlf. Hlíf, formaður kjörnefndar, kynnti niðurstöðu kjörnefndar og jafnframt önnur framkomin framboð.

Listi kjörnefndar væri sem hér segir:

- Ragnar Þór Ingólfsson, VR (LÍV)
- Eiður Stefánsson, FVSA (LÍV)
- Kristín María Björnsdóttir, VR (LÍV)
- Helga Ingólfssdóttir, VR (LÍV)
- Harpa Sævarsdóttir, VR (LIV)
- Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling-stéttarfélag (SGS)
- Halldóra Sveinsdóttir, Báran-stéttarfélag (SGS)
- Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja (SGS)
- Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga (SGS)
- Hilmar Harðarson, Félag Iðn- og tæknigreina (Samiðn)
- Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn (SSÍ)
- Berglind Hafsteinsdóttir, Flugfreyjufélag Íslands (Bein aðild)

Aðrir í framboði:

- Sverrir Mar Albertsson, Afl-starfsgreinafélag (SGS)
- Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands (SGS)
- Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR (LÍV)
- Alma Pálmadóttir, Efling-stéttarfélag (SGS / ASÍ-UNG)
- Úlfling Snæbjörn Magnússon, Efling-stéttarfélag (SGS)
- Óskar Guðmundsson, VR (LÍV)

**Óskar Guðmundsson**, VR, kvaðst vilja koma á framfæri athugasemdum við fundarstjórn. Kvaðst hann vera ósáttur við það og vildi koma á framfæri mótmælum með að frambjóðendur til miðstjórnar fái ekki að kynna sig og sín málefni í ræðustól.

**Pingforseti** sagði það vera sína skoðun að of mikill tími færi í að gefa öllum tækifæri til að tjá sig. Frambjóðendur væru frekar hvattir til að nota tím-ann í hléum og annað til að koma á framfæri sínum stefnumálum. Í framhaldi af athugasemdum Óskars teldi hann þó æskilegt að fá skoðun þingsins á þessu og bað hann þá þingfulltrúa sem teldi kynninguna hafa verið nægileg að gefa merki. Var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn níu að kynningin eins og hún hefði verið væri nægileg.

Pví næst var gert hlé á þingi þar sem komið væri að skemmtiatriði og stigu skemmtikraftarnir Tinna og Góí á svið og fóru með gamanmál.

## Húsnæðismál

**Kristín María Björnsdóttir**, VR, sagði frá starfi nefndar sem fjallaði um drög að ályktun um húsnæðismál og kynnti eftirfarandi tillögu á þingskjali 29 með þeim breytingum sem gerðar voru á stefnudrögunum eins og þau lágu fyrir þinginu á þingskjali 7:

### Stefna ASÍ um húsnæðismál

Nefndinni stýrði Kristín María Björnsdóttir, VR. Ritari var starfsmaður nefndarinnar, Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. 97 þingfulltrúar tóku þátt í störfum nefndarinnar.

Nefndin kom saman eftir fyrstu umræðu kl. 09.00 þann 25.10 2018. Til umræðu var tillaga miðstjórnar að ályktun á þingskjali nr. 7. Í ritnefnd voru valin auk formanns nefndarinnar þau Daníel Örn Arnarson, Eflingu, Eiríkur Þór Theódórsson, ASÍ-UNG, Friðrik Boði Ólafsson, VR og Bjarni Þór Sigurðsson, VR.

Störf hófust með innleggi Unu Jónsdóttur, deildarstjóra hjá Íbúðalánasjóði þar sem hún fór yfir stöðuna á eigna- og leigumarkaði. Hún lagði áherslu á að erfitt hefði verið að fá áreiðanleg gögn um stöðu leigjenda af erlendu bergi



brotnu en ljóst af þeim könnunum sem gerðar hefðu verið, m.a. af Flóabandalaginu, að staða þeirra væri bæði viðkvæm og verri en annarra.

Umræður fóru fram á 10 borðum með þátttöku 97 þingfulltrúa. Að loknum þeim umræðum voru áherslur, niðurstöður og tillögur kynntar. Þar kom fram að í heild var góð sátt um meginefni þeirrar tillögu sem fyrir lá en lagðar til breytingar til áhersluauka. Þær varða fyrst og fremst sterkari réttarstöðu og meira öryggi leigjenda, fjölgun heimilda til byggingar almennra leiguíbúða, meiri ábyrgð og þátttöku sveitarfélaga, fjármögnun íbúðarhúsnæðis að danskri fyrirmynd, ná niður vöxtum, réttur til íbúðarhúsnæðis væru mannréttindi o.fl. Um nokkur atriði var vilji nefndarfólks kannaður. Meirihlutinn var ekki fylgjandi því að banna notkun viðbótarlífeyris til íbúðarkaupa, gegn upp-töku skyldusparnaðar en kaus fremur frjáls sparnaðarúrræði í þessu skyni. Meirihlutinn taldi einnig að það væri hlutverk ríkis og sveitarfélaga að styrkja samtök leigjenda myndarlega og tryggja þannig að þau gætu komið fram fyrir hönd allra leigjenda.

Nefndin varð sammála um að leggja tillögu á þingskjali nr. 7 fram til afgreiðslu með eftirfarandi breytingum:

### **Húsnæðismál**

43. þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld tryggi að allt launafólk geti átt aðgang að öruggu og góðu íbúðarhúsnæði, óháð búsetu og tekjum og krefst þess að ríkisvald og sveitarfélög styðji vel við uppbyggingu almennra leiguíbúða um allt land.

Spenna er á húsnæðismarkaði m.a. vegna of lítils framboðs af íbúðarhúsnæði, fjölgunar íbúða í ferðamannaleigu og hás byggingarkostnaðar. Þá hafa stjórnvöld um árabíl vanrækt félagslegt hlutverk sitt á húsnæðismarkaði og ekki tryggt tekjulágu launafólki húsnæðisöryggi. Þetta ásamt háum vöxtum og verðtryggingu veldur því að húsnæðiskostnaður launafólks er allt of hár. Samhliða hækkandi húsnæðiskostnaði hefur húsnæðisstuðningur ekki haldið í við þróun verðlags og launa heldur beinlínis verið skorinn niður.

Launafólk stendur því frammi fyrir erfiðum og óaðgengilegum húsnæðismarkaði þar sem allt of stór hluti ráðstöfunartekna fer til greiðslu húsnæðiskostnaðar. Þessi staða hefur lent sérstaklega illa á ungu fólki sem er að hefja búskap og hefur í fá hús að vanda. Afleiðingin er að vaxandi hópi launafólks er haldið í fátækt, sem eykur ójöfnuð, stéttaskiptingu og vinnuálag.

Löggjöf um almennar leiguíbúðir var mikilvægt skref til þess að tryggja lægstu tekjuhópunum aðgang að ódýru, öruggu og góðu íbúðarhúsnæði. Hins vegar þarf að tryggja aukið fjármagn í stofnframlög til að hraða uppbyggingu á nægilegum fjölda íbúða fyrir þann stóra hóp launafólks sem er á hrakhólum á húsnæðismarkaði.

Mikil umræða hefur verið um húsnæðislánakerfið hér á landi sem hrundi til grunna með bönkunum. Í raun hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að auðvelda almenningi aðgengi að lánsfjármarkaði, þrátt fyrir ítarlegar tillögur Alþýðusambandsins um nýtt húsnæðislánakerfi. Lífeyrissjóðirnir hafa þó tekið ákveðið frumkvæði með því að stórauka beinar lánveitingar til sjóðsfélaga, þar sem vextir taka mið af vöxtum á skuldabréfamarkaði. Í raun eru sjóðirnir að hrinda í framkvæmd mikilvægum hluta af danska húsnæðislánakerfinu þar sem almenningur fær notið með beinum hætti lækkunar vaxta á skuldabréfamarkaði.

## **Stefna ASÍ**

- Húsnæðisöryggi eru mannréttindi.
- Öruggt íbúðarhúsnæði stuðlar að velferð fjölskyldunnar og stöðugri og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn launafólks.
- Öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt er af í samræmi við getu og þarfir, léttir óhóflegu vinnuálagi af launafólki og skapar því tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og fyllra lífs.
- Hvergi má slaka á í kröfum um gæði og stærð íbúðarhúsnæðis. Óvandad íbúðarhúsnæði, of lítið íbúðarhúsnæði eða uppbygging sér greindra leiguhverfa vinnur gegn þeim markmiðum sem ASÍ vill vinna að í þágu launafólks.
- Leita ber fjölbreyttra og nýrra úrræða sem annað af tvennu tryggi launafólki um allt land tækifæri til þess að eignast eigið íbúðarhúsnæði eða til þess að eiga kost á góðu og öruggu leiguhúsnæði gegn sanngjörnu endurgjaldi og óháð búsetu.
- Fjölga þarf heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu og tryggja næga fjármögnun þess. Mikilvægt er að kveða skýrt á um lagalega skyldu sveitarfélaga að tryggja lóðir fyrir almennar leiguíbúðir.
- Endurskoða þarf húsnæðislánakerfið til að stuðla að lægri vöxtum og greiðslubyrði af húsnæðislánum fyrir alla með beinni þátttöku lífeyrissjóðanna.
- Stjórnvöldum ber að tryggja rekstur samtaka leigjenda með opinberum fjárframlögum, veita þeim lögbundið hlutverk í réttargæslu fyrir leigjendur og takmarka skammtímaútleigu.
- ASÍ telur að hvetja eigi til húsnæðissparnaðar með skattalegum hvötum til að stuðla að aukinni eignamyndun í eigin húsnæði og draga úr húsnæðiskostnaði.

## Verkefni ASÍ

- Vera áfram leiðandi við uppbyggingu almennra leiguíbúða og mótun hugmynda um sanngjarnan húsnæðismarkað og varanlegt og traust húsnæðiskerfi.
- Vera í forystu aðildarfélaganna um að heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu verði fjölgað úr 600 í 1250 nú þegar og að tryggðar verði nægar heimildir þar til jafnvægi næst og þörf hefur verið mætt.
- Stuðla að lækkun húsnæðislánavaxta með kröfu um að tekið verði upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd þar sem bannað verði að vefja saman öruggum skuldbindingum vegna húsnæðisveðlána og áhættusækinnar lánastarfsemi.
- Vinna með lífeyrissjóðunum að stofnun húsnæðissamvinnufélaga sem standi fyrir uppbyggingu áhættudreifðra skuldabréfasjóða á skuldabréfamarkaði og hafi það hlutverk að miðla á milli lántöku almennings og fjármögnunar á markaði. Áhersla verði á fasta nafnvexti þar sem vaxtastigið verði áþekkt og er á Norðurlöndunum, tryggja verði skýra uppgreiðsluheimild á hverjum tíma, veðhlutfall verði 80% af kaupverði og þóknun vegna umsýslu og miðlunar verði í lágmarki.
- Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld skapa skilyrði til afnáms verðtryggingar.
- Tryggja að fólk geti nýtt sér viðbótarlífeyrissparnaðarkerfið við kaup á húsnæði til eigin nota hafi það ekki átt íbúðarhúsnæði sl. 5 ár.
- Vinna að stofnun húsnæðisfélaga, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og sinni vaxandi hópi launafólks sem er með lágar meðaltekjur en getur ekki sótt um íbúð í almenna leiguíbúðakerfinu. Mikilvægt er að slík húsnæðisfélög geti fengið 90% lán frá Íbúðalánasjóði og byggji leiguhúsnæði um allt land þar sem leiguverði er haldið í lágmarki. Tryggja þarf þeim þolinmótt eigið fé og kanna hver aðkoma lífeyrissjóðanna geti verið að þeim.
- Vinna að því að rammi verði settur um starfsemi leigufélaga sem rekin eru í hagnaðarskyni og að leigjendur verði varðir gegn hækkun leigu langt umfram raunkostnað og öðrum ósanngjörnum skilmálum leigusala.
- Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld að húsaleigulögum verði breytt þannig að réttindi leigjenda verði aukin og verði með líkum hætti og á hinum Norðurlöndunum. Auk þess verði sérstaklega hugað að réttarstöðu þeirra sem leigja húsnæði af launagreiðanda sínum og virkum úrræðum vegna brota á húsaleigulögum og húsaleigusamningum.
- Vinna að lækkun byggingarkostnaðar og skynsamlegum skipulagskostum sem samræmist þörfum launafólks fyrir hentugt, venjulegt, öruggt og gott íbúðarhúsnæði.

- Sveitarfélögin tryggja jafnt og fjölbreytt framboð lóða á lágu verði auk þess sem þeim verði gert skylt að haga framboði félagslegs húsnæðis til samræmis við þarfir íbúa og þau beitt viðurlögum ef þau standa ekki við þær skyldur sínar.
- ASÍ vinni með stjórnvöldum til að bæta lög um húsnæðissamvinnufélög þannig að þau nái til fleiri forma en þau nú gera.“

**Daníel Örn Arnarson**, Eflingu, kynnti viðaukatillögu við tillögu nefndarinnar. Eftirfarandi punktur komi inn í skjalið þar sem upptalning er á „verkefnum ASÍ“:

„Að ASÍ vinni með stjórnvöldum til að bæta lög um húsnæðissamvinnufélög þannig að þau nái til fleiri forma en þau nú gera.“

Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs þannig að þingforseti bar upp framkomna viðaukatillögu Daníels Arnar og var hún samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða en tveir voru á móti.

Þingforseti bar því næst upp til samþykktar stefnuna í heild sinni með áðurnefndri viðbót og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tækniþróun og skipulag vinnunnar

Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV (RSÍ), sagði frá starfi nefndar sem fjallaði um drög að ályktun um húsnæðismál og kynnti eftirfarandi tillögu á þingskjali 27 með þeim breytingum sem gerðar voru á stefnuþróunum eins og þau lágu fyrir þinginu á þingskjali 9:

Tækniþróun og skipulag vinnunnar

43. Þing ASÍ gerir kröfu um að ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks en ekki stórra fyrirtækja og að vinnumarkaður framtíðar feli í sér tækifæri til bættra lífskjara, styttingar vinnutíma og afkomuöryggis.

Vinnumarkaðurinn og samfélagið allt standa frammi fyrir miklum áskorunum. Hnattvæðingin þýðir að samfélög verða stöðugt alþjóðlegri. Á sama tíma hafa hraðar tækniþreyingar, vöxtur tengihagkerfisins, sjálfvirkni- og gervigreindarvæðing og aukin fjármálavæðing eignarhalds fyrirtækja vaxandi áhrif á stöðu launafólks og störf stéttarféлага um heim allan. Samhliða því að treysta stöðu launafólks í þessum breytingum þarf að tryggja að sá ábati sem verður til af tækniþreyingum og aukinni framleiðni renni til launafólks og samfélagsins alls en ekki bara fyrirtækjanna.

Áhrif tækniþróunar á vinnumarkað eru ekki ný af nálinni en aukinn hraði breytinga kallar á að verkalýðshreyfingin þurfi að vera vakandi fyrir þessari þróun. Störf munu hverfa, önnur breytast og ný störf verða til. Það er grundvallaratriði að ný tækni og breyttir atvinnuhættir þjóni hagsmunum alls launafólks. Þannig er nauðsynlegt að tryggja að verkefnum sé deilt þannig að allir sem hafa getu til fái góð störf við hæfi.

Mikilvægt er að gerð verði reglulega mannafla- og færnisþá og móta þarf hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram markmið um það hvernig atvinnulíf og vinnumarkaður á að þróast bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig þeim verður best náð. Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, atvinnulífs og verkalyðshreyfingar að móta slíka sýn og að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsstefna á hverjum tíma stuðli að framgangi hennar.

Hraðar breytingar á störfum og starfsumhverfi setja aukinn þrýsting á að einstaklingar uppfæri og þrói færni sína yfir starfsævina. Menntun, símenntun og endurmenntun mun leika stóran þátt í að tryggja stöðu launafólks á vinnumarkaði í sfbreytilegum heimi. Grunn-, sí- og endurmenntun er á sameiginlega ábyrgð samfélagsins, fyrirtækjanna, einstaklinganna, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að efla verk- og starfsmenntun á öllum stigum ásamt því að tryggja samfellu í iðn- og verknámi með auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs. Mikilvægur þáttur í þessum efnunum er öflugt fagháskólanám og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.

Hækkun menntunarstígs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi og sérstaklega á landsbyggðinni. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, fólki af erlendum uppruna og einstaklingum með skerta starfsgetu. Tryggja þarf að hæfni sé metin til launa og þannig skapist hvatning fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.

Fjarvinna, netvinna, ihlaupastörf, aukin verktakavæðing, tímabundin störf og óskýrara ráðningarsamband og lakari réttindi eru áskoranir sem stéttarfélag um allan heim standa frammi fyrir. Þótt vandamálin séu ekki ný þá hafa þau aukist og breytt um eðli með nýrri tækni og tilkomu tengihagkerfisins (t.d. Uber, Deliveroo, AirBnB). Reynslan sýnir að það er raunveruleg hætta á því að þessari þróun fylgi minna atvinnu- og afkomuöryggi.

Launafólk gerir kröfur um styttingu dagvinnutíma og minni yfirvinnu án skerðingar á launum. Tækniframfarir, aukin framleiðni og skipulagning vinnunnar gera vinnutímastyttingu og sveigjanlegri vinnutíma að raunverulegum kosti. Launafólk á heimtingu á mannsæmandi launum fyrir hóflega dagvinnu. Að dagvinnulaun dugi launafólki til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum.

## Stefna ASÍ

- Ný tækni, aukin framleiðni og breyttir atvinnuhættir eiga að þjóna hagsmunum alls launafólks, umhverfisins og almennings.
  - Launafólk og samfélagið allt njóti arðsins af aukinni framleiðni og skipulagsbreytingum með nýrri tækni.

- Komið verði í veg fyrir að fyrirtæki misnoti persónuupplýsingar um starfsmenn sína.
- Atvinnulýðræði með aðild starfsmanna að stjórnnum fyrirtækja hefur aldrei verið mikilvægara til að tryggja áhrif þeirra á skipulag vinnunnar og starfsemi fyrirtækjanna.
- Tryggja skal réttarstöðu og styðja launafólk sem missir vinnuna vegna tæknibreytinga og breytts skipulags vinnunnar.
- Strax verði hafin vinna við gerð mannafla- og færnisþár og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram stefna um það hvernig við viljum að atvinnulíf og vinnumarkaður þróist bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig markmiðunum verður best náð.
- Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að stórefla sérstaklega iðn-, verk- og starfsmenntun á öllum stigum, þ.m.t. fagháskólanám og raunfærnimat.
  - Efla þarf verk- og tækniskilning strax í grunnskóla.
  - Byggja þarf brýr á milli skólastiga og verk- og bóknáms.
  - Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi, sérstaklega á landsbyggðinni, gagnvart þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki af erlendum uppruna, einstaklingum með skerta starfsgetu og annarra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
  - Mikilvægt er að launafólk geti sótt námið í vinnutíma og að það sé skipulagt á forsendum þess.
- Tryggja þarf að menntun og hæfni sé metin til launa og þannig skapist hvatning fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.
- ASÍ krefst sanngjarns tengihagkerfis (e. platform/gigg economy), sem viðurkennir rétt alls vinnandi fólks til mannsæmandi launa og starfskjara.
- Sporna þarf við þróun á ráðningarsambandi sem skapar óvissu og skerðir réttindi launafólks.
  - Tryggja þarf í löggjöf réttarstöðu þeirra sem starfa í tengihagkerfinu, stunda fjarvinnu, netvinnu, íhlaupastörf og verktöku.
  - Efla ber samvinnufélög starfsmanna sem svar launafólks við tengihagkerfinu.
- Styttu á dagvinnutíma og draga úr yfirvinnu án skerðingar á launum.
  - Hafna á öllum hugmyndum um aukinn sveigjanleika varðandi skilgreiningu á dagvinnutímabilinu.
  - Í ráðningarsamningum skal kveða skýrt á um vinnutíma og fyrirtæki virði frítíma starfsmanna.
- Lögbinda ber styttingu vinnutímans til að tryggja réttindi alls launafólks.

## Verkefni ASÍ

- Vera leiðandi og móta stefnu og áherslur verkalýðshreyfingar þegar kemur að innleiðingu nýrrar tækni og breyttum atvinnuháttum.
- Gera kröfu um að starfsmenn og samfélagið allt njóti arðsins af aukinni verðmætasköpun.
- Gæta hagsmuna starfsmanna við innleiðingu nýrrar tækni og vinnuskipulags.
- Gera kröfu um atvinnulýðræði og rétt starfsmanna til að skipa fulltrúa í stjórn fyrirtækja.
- Vinna að því að tryggja réttarstöðu launafólks sem missir vinnuna vegna tæknibreytinga og breytts skipulags vinnunnar og treysta stöðu þess á vinnumarkaði.
- Hafa frumkvæði að og leiði vinnu við gerð mannafla- og færnispar og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland og að henni verði fylgt eftir.
- Leiða umræðu og stefnumótun aðildarfélaganna um menntamál og vinnumarkaðinn í ljósi tækniþróunar og breyttra atvinnuhátta með sérstakri áherslu á verk- og tæknimenntun.
  - Gæta í samstarfi við aðildarfélögin sérstaklega hagsmuna fólks á landsbyggðinni og sem hefur litla grunnmenntun, fólks af erlendum uppruna, einstaklinga með skerta starfsgetu og annarra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
  - Gera kröfu um rétt allra til símenntunar og að námið fari fram í vinnutíma á forsendum starfsmanna.
  - Beita sér fyrir nægu fjármagni til sí- og endurmenntunar þannig að kostnaður fyrir launafólk sé ekki hindrun.
- Knýja á um eflingu fagháskólastigsins og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.
- Móta í samstarfi við aðildarfélögin tillögur að fyrirkomulagi og verklag varðandi mat á menntun og hæfni til launa út frá viðmiðum atvinnulífsins.
- Leiða umræðu og áherslu innan verkalýðshreyfingarinnar hvernig sporna má við óhefðbundnum ráðningarformum, þ.m.t. í tengihagkerfinu, og beita sér fyrir löggjöf sem treystir réttarstöðu launafólks í slíku ráðningarsambandi.
- Vinna tillögur í samstarfi við aðildarfélögin um það hvernig tryggja má réttindi og þátttöku fólks í óhefðbundnu ráðningarsambandi í stéttarfélagunum.
- Beita sér fyrir löggjöf sem setur ramma um tengihagkerfið og treystir kjör og réttindi þeirra sem þar starfa.
  - Gæta hagsmuna starfsfólks í tengihagkerfinu og kortleggja árangur sem náðst hefur í að skipuleggja það í stéttarfélagin.

- Aðeins tengihagkerfi sem tryggir kjör og réttindi þeirra sem við það starfa er ásættanlegt.
- Stuðla að rekstrarformum (samvinnufélög) sem svari starfsmanna.
- Leiða umræðu og stefnumótun innan verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir og útfærslu á styttingu vinnutíma sem tekur mið af ólíkum aðstæðum og væntingum á vinnumarkaði.
  - Leggja áherslu á að skýr mörk séu dregin milli vinnutíma og frítíma launafólks.

**Þingforseti** bar skjalið upp til samþykktar og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**Þingforseti** vakti því næst athygli þingsins á að borist hafi athugasemdir vegna stefnunnar um heilbrigðismálin. Í skjalið hafi verið samþykkt viðaukatillaga um að hafna starfsgetumati sem stangist á við önnur efnisatriði í skjalinu. Leggur forseti til smá orðalagsbreytingu að höfðu samráði við flutningsmann tillögunnar á áður samþykktri viðaukatillögu þannig að hún verði eftirfarandi:

*„ASÍ hafnar núverandi hugmyndum að starfsgetumati og vinni með ÖBÍ að þeirra málum“.*

Er því skjalið með síðari breytingum borið upp til samþykktar í heild sinni og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **Jafnvægi atvinnuþátttöku og atvinnulífs**

**Lilja Sæmundsdóttir**, Félagi hársnyrtisveina, sagði frá starfi nefndar sem fjallaði um drög að ályktun um jafnvægi atvinnuþátttöku og atvinnulífs og kynnti eftirfarandi tillögu á þingskjali 31 með þeim breytingum sem gerðar voru á stefnufrögu einu og þau lágu fyrir þinginu á þingskjali 10:

### **Nefndarálit og tillögur nefndar um jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs á 43. þingi ASÍ**

43. þing ASÍ krefst samfélags þar sem ríkir jafnvægi á milli atvinnuþátttöku, fjölskylduábyrgðar og einkalífs. Samþætting atvinnuþátttöku og einkalífs er nauðsynleg forsenda ásættanlegra starfsskilyrða og þeirra lífsgæða sem allt launafólk á kröfur til.

Vaxandi fjöldi launafólks stendur ekki undir álagi, hraða og kröfum nútímavinnumarkaðar. Samhliða glímur launafólk við krefjandi verkefni við umönnun barna, maka og foreldra. Þetta á við um ungt fólk sem tekst á við krefjandi störf og fjölskylduábyrgð og þau sem eldri eru og mæta þurfa breytingum í starfi og nýjum kröfum. Einnig býr fólk við skerta möguleika til



að njóta frístunda til hvíldar og lífsfyllingar. Afleiðingarnar eru aukin streita og kulnun í starfi sem þegar verst lætur leiðir til alvarlegra veikinda og örorku. Við þessari þróun þarf að bregðast áður en í algert óefni er komið. Það eru sameiginlegir hagsmunir launafólks, atvinnulífsins og samfélagsins alls.

Þau tvö hlutverk sem alla jafna eiga stærstan þátt í lífi fólks eru vinnan og fjölskyldan. Það er staðreynd að konur vinna fleiri ólaunaðar stundir við heimilisstörf og umönnun en karlar, þrátt fyrir að atvinnuþátttaka kvenna sé hvergi meiri en hér á landi. Konur sækja sífellt meira í aukna menntun og fjölbreyttari störf. Þessar staðreyndir hafa mikla efnahagslega þýðingu fyrir samfélagið og eiga stóran þátt í þeirri hagsæld sem hér ríkir. Þetta fyrirkomulag kallar á breytta verkaskiptingu kynjanna og nýjar leiðir til þess að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Mikilvæg forsenda fyrir jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs og fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er að efla fæðingarorlofskerfið. Til að ná markmiði laga um fæðingar- og foreldraorlof þarf að tryggja barni samvistir við foreldra sína óháð fjölskylduformi og brúa umönnunargjána sem er milli fæðingarorlofs og leikskóladvalar. Standa þarf vörð um rétt einstæðra foreldra. Þá er mikilvægt að skipulag skólustarfs, framboð á íþrótt- og tómstundastarfi og atvinnulífið mæti þörfum barna á leik- og grunnskólaaldri.

Endurskoða þarf rétt foreldra til launaðrar fjarveru vegna umönnunar og veikinda barna. Jafnframt þarf að útvíkka þennan rétt þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima og taka skal tillit til ólíkra fjölskylduforma.

Þátttaka á vinnumarkaði gerir sífellt meiri kröfur um að launafólk bæti við sig menntun og hæfni til að takast á við breytingar og nýjar áskoranir. Til að mæta þessum kröfum verður að auka sveigjanleika og gera launafólki kleift að sækja nám og endurmenntun á vinnutíma án launaskerðingar.

Lífaldur hefur lengst og almennt er fólk við betri heilsu en áður. Á móti kemur að taka verður tillit til að störf gera mismunandi kröfur og einstaklingarnir eru ólíkir. Mikilvægt er að mæta þessum ólíku aðstæðum með sveigjanleika varðandi starfslok launafólks. Það felur m.a. í sér möguleika á minnkandi starfshlutfalli og að starfslok séu ekki tengd tilteknum lífaldri.

## Stefna ASÍ

- Tryggja þarf að áhrif nýrrar tækni og breytinga á störfum raski ekki jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs vegna óljósra marka vinnu og frítíma. Því skal vinna utan hefðbundins vinnutíma vera skilgreind í ráðningarsamningi.
- Fæðingarorlof verði lengt strax í 12 mánuði og á næstu 3 árum í allt að 18 mánuði. Greiðsluþak fæðingarorlofsgreiðslna skal hækka og lágmarkframsæsla tryggð.
- Standa þarf vörð um rétt einstæðra foreldra.

- Tryggja þarf öllum börnum rétt til leikskóladvalar og brúa umönnunargjána milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Skipulag skólastarfs, framboð á íþróttá- og tómstundastarfi og réttur foreldra á vinnumarkaði taki mið af þörfum þeirra og barna á leik- og grunnskólaaldri. Mikilvægt er að skapa jafnvægi á milli sveigjanlegs vinnutíma og dagvistunarúrræða barna á leik- og grunnskólaaldri. Jafnframt verður að tryggja að öll börn geti notið þess tómstundastarfs sem í boði er án tillits til efnahags foreldra.
- Endurskoða þarf rétt foreldra til launaðrar fjarveru vegna veikinda barna. Útvíkka á þennan rétt þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima.
- Gefa þarf fólki tækifæri á að stunda frekara nám og endurmenntun á vinnutíma og nauðsynlegur sveigjanleiki þarf að vera fyrir hendi án launaskerðingar.
- Auka þarf sveigjanleika á vinnumarkaði og tryggja rétt launafólks til að taka starfshlé vegna endurmenntunar, hlutastarfs eða vegna persónulegra aðstæðna.
- Auka þarf raunverulega möguleika launafólks til sveigjanlegra starfsloka, þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna á vinnumarkaði.
- ASÍ skal hafa frumkvæði að því að unnar verði rannsóknir sem varpa ljósi á stöðu launafólks og möguleika þess að samþætta atvinnuþátttöku og einkalíf.

## **Verkefni ASÍ**

- Beita sér fyrir því að vinnuskylda og skilgreining á vinnutíma sé þannig að skýr mörk séu á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.
- Krefjast endurskoðunar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof á grunni þeirra markmiða sem ASÍ hefur sett fram. Við endurskoðunina skal taka tillit til ólíkra fjölskylduforma.
- Krefjast þess að öllum börnum verði tryggður réttur til öruggrar dagvistunar strax að loknu fæðingarorlofi.
- Beita sér fyrir því að skipulag skólastarfs, dagvistunarúrræða, frístundastarfsemi og réttindi á vinnumarkaði mæti betur þörfum foreldra leik- og grunnskólabarna.
- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að auka rétt foreldra til fjarvista frá vinnu þegar skólastarf fellur niður vegna barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að reglur um rétt foreldra til launaðra fjarvista vegna veikinda barna verði endurskoðaðar. Útvíkka á réttinn þannig að hann nái til umönnunar allra fjölskyldumeðlima.

- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að viðurkenndur verði réttur launafólks til að sækja sér menntun í vinnutíma án skerðingar á launum.
- Hefja skal strax viðræður við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda um rammasamkomulag um sveigjanleg starfslok sem taki tillit til ólíkra einstaklinga og aðstæðna á vinnumarkaði.“

**Pingforseti** bar skjalið upp til samþykktar og var það samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta greiddra atkvæða en einn var á móti.

Tilkynnti forseti því næst að búið væri að afgreiða öll þingskjöl sem legið hafi fyrir þingið að afgreiða í nefndum.

## Önnur mál

**Andrea Helgadóttir**, Eflingu, kvaðst vilja fjalla um auglýsingaherferðina um að stöðva svokölluð félagsleg undirboð sem hafi verið í fjölmiðlum undanfarrið. Sagðist hún vilja velja upp spurningum um hvernig almenningur ætti að skilja herferðina. Það mætti skilja hana á þá vegu að verið væri að skera upp herör gegn erlendu vinnuaflri þar sem að hugtakið „undirboð“ feli í sér verknáð viðkomandi. Hennar skoðun væri að verkalýðshreyfingin eigi að gæta vel að því að orðræðan sé sanngjörn svo að halli ekki á viðkvæma hópa á vinnumarkaðnum og hvatti því til þess að hugað sé vel að hugtakanotkun. Hennar tillaga væri að í stað „félagslegs undirboðs“ væri notað „gengisfelling launa“.

**Anna Marta Marjankowska**, Eflingu, kvaddi sér hljóðs og lýsti ánægju sinni og þakklæti með þingið. Hún væri í stjórn Eflingar og þar með fulltrúi 28 þúsund einstaklinga sem starfa sem verkafólk. Vera hennar á þinginu í ljósi þess að hún væri erlend og ekki mælandi á íslensku bæri vott um breytta tíma. Kvaðst hún að endingu vilja þakka þýðendum sérstaklega fyrir gott starf á þinginu.

**Pontus Erik Gunnar Jaervstad**, Eflingu, lýsti þeirri skoðun sinni að besti mælikvarði á samfélag manna væri hvernig fram væri komið við verst settu borgarana. Í íslensku samfélagi væru það hælisleitendur sem væru í þeirri stöðu. Þeir hafi takmörkuð tækifæri til þátttöku í samfélaginu og eru í mjög erfiðri stöðu ef þeir fá tímabundið atvinnuleyfi. Kvaðst hann því vilja nota tækifærið og skora á nýja forystu ASÍ að huga sérstaklega að málefnum hælisleitenda.

**Kristján Þórður Snæbjarnarson**, FRV, steig í pontu og lýsti því yfir að hann hlakkaði mjög til að starfa með nýrri forystu að ýmsum málum. Stefna þurfi að því á komandi misserum að auka og efla samstarf innan ASÍ. Stöðva þurfi brotastarfsemi á vinnumarkaði með því að beita harðari aðgerðum. Nauðsynlegt væri að breyta skattastefnu undanfarinna ára og stefna frekar

að norrænu velferðarsamfélagi. Kvaðst Kristján vera lausnamiðaður og vilja vinna í lausnum sem yrði mikilvægt í komandi áskorunum enda væri erfiður vetur fram undan en sagðist hann þó vera sannfærður um að sameinuð og öflug hreyfing gæti áorkað miklu.

**Heimir Janusarson**, FIT, kvaðst vilja nota tækifærið og óska nýrri forystu til hamingju með kjörið og um leið brýna hana um að hlusta á umhverfisnefnd ASÍ. Nauðsynlegt væri að auka vægi umhverfismála í umræðunni fyrir afkomendur okkar sem eigi það skilið.

**Ragnar Þór Ingólfsson**, VR, kvaddi sér hljóðs og sagðist vilja brýna það fyrir fólki að nú sé að hefjast ásókn á verkalýðshreyfinguna úr mörgum áttum frá fólki sem gangi erinda atvinnurekenda og vilji ekki hækka laun og telji að það sé á ábyrgð láglaunafólks að viðhalda stöðugleika í landinu. Kvaðst hann vilja skora á alla sem geta að taka þátt í að kveða niður þá orðræðu.

**Vilhjálmur Birgisson**, VLFA, þakkaði fyrir traustið sem honum væri sýnt með kosningunni til fyrsta varaforseta og lýsti yfir að hann myndi leggja sig allan fram um að standa undir því. Brýnasta verkefnið nú væri að tryggja samstarf og samstöðu í hreyfingunni og eins að fylkja félagsmönnum á bak við sitt því að forystumenn gætu lítið gert ef þeir hefðu ekki fólkið sér til stuðnings. Að endingu kvaðst hann vilja þakka Ragnari Þór Ingólfssyni fyrir að stuðla að sátt í forystusveitinni með því að víkja fyrir fulltrúa iðnaðarmanna.

**Hjalti Tómasson**, Bárunni, sagðist vilja taka undir þær brýningar sem hér hefðu verið settar fram. Fram undan væru krefjandi viðræður og mikið af þeim kröfum sem fram væru komnar snerust um samfélagsbreytingar og slíkar kröfur fái ekki framgang nema með órofa samstöðu. Vék hann næst að því sem hann kvaðst kalla áróðurstríð um vinnumarkaðinn. Kvaðst hann vera á þeirri skoðun að það eigi ekki að gjaldfella umræðuna heldur tala íslensku, enginn eðlismunur væri á því að stela fé af einstaklingi annars vegar og hafa af honum lög- og kjarasamningsbundin réttindi á vinnumarkaði hins vegar. Slíkt ætti að kalla launabjófnað.

**Jamie McCulkin**, Eflingu, kvaðst kalla eftir því að umræðan um réttindi á vinnumarkaði og kröfur stéttarfélaga lyti að svokölluðu tilfinningaálagi. Viðurkennt væri í orðræðunni víðs vegar í Evrópu að ákveðin störf, t.a.m. umönnunarstörf, geti verið tilfinningalega erfið og geti haft neikvæð sálræn áhrif á starfsfólk. Slíkt verði í auknum mæli að vera tekið inn í umræðuna um kaup og kjör þeirra stétta. Óásættanleg sé a.m.k. sú staða að þessi störf séu í dag lægst launuðu störf.

**Þingforseti** kvaddi sér hljóðs og sagðist vilja bera upp til atkvæða framkomna tillögu sem kynnt hafi verið við fyrri umræðu um önnur mál. Um væri að ræða tillögu sem fram hafi komið í kjölfar áskorunar frá ÖBÍ um virkt samráð. Var svohljóðandi tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Með tilvísun í áskorun Öryrkjabandalags Íslands beinir 43. þing ASÍ því til miðstjórnar og aðildarfélaganna ASÍ að vinna að náinni samvinnu með forystu ÖBÍ í komandi kjarasamningum.“

## Kosningar í embætti

Þingforseti kynnti því næsti svohljóðandi niðurstöður kosningar til aðalmanna í miðstjórn.

Heildarfjöldi atkvæða hafi verið 279, þar af auðir/ógildir 4. Atkvæði féllu með eftirfarandi hætti:

- Finnbofi Sveinbjörnsson 250 atkvæði (90,9%)
- Björn Snæbjörnsson 239 atkvæði (86,9%)
- Berglind Hafsteinsdóttir 238 atkvæði (86,5%)
- Valmundur Valmundsson 232 atkvæði (84,4%)
- Halldóra Sveinsdóttir 231 atkvæði (84,0%)
- Eišur Stefánsson 229 atkvæði (83,3%)
- Sólveig Anna Jónsdóttir 229 atkvæði (83,3%)
- Hilmar Harðarson 217 atkvæði (78,9%)
- Ragnar Þór Ingólfsson 210 atkvæði (76,4%)
- Harpa Sævarsdóttir 202 atkvæði (73,5%)
- Kristín María Björnsdóttir 194 atkvæði (70,5%)
- Helga Ingólfssdóttir 168 atkvæði (61,1%)

Framangreindir 12 einstaklingar voru því réttkjörnir aðalmenn í miðstjórn ASÍ. Önnur atkvæði féllu með eftirfarandi hætti:

- Sverrir Mar Albertsson 152 atkvæði (55,3%)
- Alma Pálmadóttir 127 atkvæði (46,2%)
- Ingibjörg Ósk Birgisdóttir 115 atkvæði (41,8%)
- Signý Jóhannesdóttir 111 atkvæði (40,4%)
- Úlfar Snæbjörn Magnússon 90 atkvæði (32,7%)
- Óskar Guðmundsson 66 atkvæði (24,0%)

**Kolbeinn Gunnarsson**, Vlf. Hlíf, formaður kjörnefndar, kynnti því næst svohljóðandi niðurstöðu kjörnefndar um skipan varamanna í miðstjórn. Niðurstöður úr kosningunni voru ekki birtar fyrr en eftir að þingi var slitið og féllu atkvæðin með eftirfarandi hætti.

Heildarfjöldi atkvæða 240, þar af auðir/ógildir 5. Kjörnir í miðstjórn voru því eftirfarandi í samræmi við uppstillingu kjörnefndar:

- Anna Marjankowska 240 atkvæði (100%)
- Bjarni Þór Sigurðsson 237 atkvæði (98,8%)
- Guðbjörg Kristmundsdóttir 237 atkvæði (98,3%)

- Hjördís Þóra Sigþórsdóttir 236 atkvæði (98,3%)
- Kolbeinn Gunnarsson 236 atkvæði (98,3%)
- Sigríður Lovísa Jónsdóttir 236 atkvæði (98,3%)
- Borgþór Hjörvarsson 235 atkvæði (97,9%)
- Finnbjörn A. Hermannsson 235 atkvæði (97,9%)
- Friðrik Boði Ólafsson 234 atkvæði (97,5%)
- Guðmundur Helgi Þórarinnsson 234 atkvæði (97,5%)
- Gils Einarsson 229 atkvæði (95,4%)
- Konráð Alfreðsson 226 atkvæði (94,2%)
- Daníel Örn Arnarson 224 atkvæði (93,3%)
- Aðalsteinn Árni Baldursson 221 atkvæði (92,1%)
- Ólafur Reimar Gunnarsson 220 atkvæði (91,6%)

Framangreindir 15 einstaklingar voru því réttkjörnir varamenn í miðstjórn ASÍ. Jafnframt bauð sig fram Innocentia F. Friðgeirsson og hlaut hún 100 atkvæði (41,7%).

**Kolbeinn Gunnarsson**, Vlf. Hlíf, formaður kjörnefndar, kynnti því næst eftirfarandi tillögur kjörnefndar um aðal- og varaskoðunarmenn reikninga; og tillögur kjörnefndar til forseta þingsins um kjörnefnd 44. þings ASÍ og um löggildan endurskoðanda til loka 44. þings:

Skoðunarmenn reikninga:

- Rannveig Sigurðardóttir
- Álfhildur Guðmundsdóttir

Varaskoðunarmenn reikninga:

- Kolbrún Valvesdóttir
- Anna María Elíasdóttir

Kjörnefnd til loka 44. þings ASÍ:

- Arnar Hjaltalín
- Kolbeinn Gunnarsson
- Anna Júlíusdóttir
- Gils Einarsson
- Kristín María Björnsdóttir
- Ísleifur Tómasson
- Ólafur Magnússon
- Guðni Gunnarsson
- Konráð Alfreðsson

Löggiltur endurskoðandi ASÍ til þingloka 44. þings:

— Theodór S. Sigurbergsson

**Þingforseti** bar því næst upp til afgreiðslu framangreindar tillögu kjörnefndar og voru þær allar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

**Sigurður Bessason** kvaðst vilja þakka öllum fyrir samstarfið sl. 30 ár á vettvangi ASÍ. Sagði hann að á þingunum yrði gerjunin og orkan til sem móti starfið í allri hreyfingunni. Í gegnum tíðina hafi alltaf komið nýtt fólk til forystu og með þeim nýjar áherslur og skoðanir eðli málsins skv. Vildi hann líka brýna fyrir öllum að þegar búið er svo að velja nýja forystu sé það mikilvægt að fylkt sé liði á bak við forystusveitina.

## Lokaávarp forseta ASÍ

**Drífa Snædal**, forseti ASÍ;

„Kæru félagar,

*Það er einstakt að finna vinnusemina og kraftinn sem hefur einkennt þetta þing. Það er ekkert sjálfsagt mál að fólk taki þrjá daga frá vinnu og jafnvel fjölskyldu til að sinna þingstörfum fyrir Alþýðusambandið en það skiptir öllu máli fyrir hreyfinguna okkar að sem flestir taki þátt og margar raddir fái að hljóma.*

*Það eru ófá handtök sem koma að svona þingi og gera það að verkum að lýðræðisleg umræða fái að njóta sín. Ég vil þakka starfsfólki ASÍ fyrir frábæran undirbúning og framkvæmd enda er þar valinn maður í hverju rúmi.*

*Ég vil líka þakka starfsfólki þingsins, þingforsetum, þingriturum, hópstjórum, túlkum og öllum öðrum sem tryggðu að hér færi allt fram í sémilegri reglu á skiljanlegu máli.*

*Það hefur ekki farið fram hjá neinum að hér hefur orðið töluverð endurnýjun á forystu sambandsins og langar mig að þakka fráfarandi forystu fyrir þeirra vinnu og framlag til sambandsins. Fyrstan ber að nefna Gylfa Arnbjörnsson sem hefur staðið í brúnni síðustu 10 árin og helgað hreyfingunni starfskrafta sína mun lengur en það. Takk fyrir þitt mikla framlag, Gylfi.*

*Ög það eru fleiri sem hverfa nú af vettvangi ASÍ sem hafa lagt fram ómældan tíma og krafta í starfið. Mig langar að þakka sérstaklega fráfarandi varaforsetum sambandsins; Sigurði Bessasyni og Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur, fyrir störf þeirra í þágu vinnandi fólks.*

*Þeim fulltrúum í miðstjórn sem láta nú af störfum þakka ég líka fyrir að hafa gefið starfskrafta í þágu okkar allra.*

*Ég þakka ykkur öllum fyrir góða samveru og góða daga og óska þess heitast að héðan förum við sameinuð, baráttuglöð og til í það sem koma skal og að þið eigið farsæla heimkomu.*

*En aðeins á persónulegri nótum:*

*Verkalýðshreyfingin á sterkar rætur og við megum aldrei gleyma að við stöndum á þeim stofni sem hefur verið ræktaður í ríflega heila öld og mig langar að ljúka þessu ávarpi með því að flytja örstutt ljóð eftir hann afa minn, Stefán Ögmundsson, sem fór í forsvari fyrir prentara um tíma og var varaforseti Alþýðusambandsins 1942–1948 og var reyndar fyrsti varaforseti ASÍ sem ekki var krati en frá honum og ömmu minni, Elínu Guðmundsdóttur, hef ég mín verkalýðspólítísku gen.*

*Vinnulýður verk þín bíður,  
vörn og sókn hins snauða manns.  
Sæktu glaður, sameinaður  
sigrá þína í greipar hans  
sem að þjáði þig og smáði,  
þínum börnum örbirgð skóp.  
Láttu gjalla um landsbyggð alla  
lýðsins sterka sigurhróp.*

*Ég segi 43. Þingi Alþýðusambands Íslands slitið og óska ykkur góðrar heimferðar.“*

43. þingi ASÍ lauk kl. 16.10.





## **ÞINGFULLTRÚAR 43. ÞINGI ASÍ 2018**

**Kjörnir aðalmenn á 43. þing ASÍ 2018**

**Bein aðild að ASÍ**

**Grafía-stéttarfélag**  
**í prent- og miðlunargreinum**  
Georg Páll Skúlason

Ásbjörn Sveinbjörnsson  
Hrönn Jónsdóttir

**VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna**  
Andrés Bjarnason  
Björn Halldór Björnsson  
Guðmundur H Þórarinsson  
Halldór Arnar Guðmundsson  
Jón Ragnarsson  
Reinhold Richter  
Sigmundur B. Sigurgeirsson

Agnar Ólason  
Ágúst Grétar Ingimarsson  
Einar Sveinn Kristjánsson  
Guðni Gunnarsson  
Jón Kornelíus Gíslason  
Páll Heiðar Magnússon Aadnegard  
Samúel Ingvason

**MATVÍS**  
Gígja Magnúsdóttir  
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson

Daníel Kjartan Ármannsson  
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir  
Pétur Rúnar Sturluson

**Félag hársnyrtisveina**

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

**LEIDSÖGN- Stéttarfélag leiðsögumanna** Indriði Haukur Þorláksson

**Flugfreyjufélag Íslands**

Berglind Hafsteinsdóttir

Orri Þrastarson

Sigríður Ásta Árnadóttir

## **LANDSSAMBAND ÍSL. VERZLUNARMANNA**

### **VR**

Arnþór Sigurðsson

Agnes Erna Estherardóttir

Árni Leósson

Auður Jacobsen

Barbara Ann Howard

Áslaug Alexandersdóttir

Benedikt Ragnarsson

Beata Jónsdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Benedikt Sævar Vilhjálmsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Birna Aronsdóttir

Björgvin Björgvinsson

Björg Jóna Sveinsdóttir

Dagný Ágústsdóttir

Björgvin Ingason

Erla Bolladóttir

Dóra Magnúsdóttir

Friðrik Boði Ólafsson

Erla María Vilhjálmisdóttir

Guðmundur Gils Einarsson

Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir

Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Guðmundur J. Jónsson

Guðrún Indriðadóttir

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Gylfi Arnbjörnsson

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir

Halldóra Magnúsdóttir

Hafðís Erla Kristinsdóttir

Harpa Sigfúsdóttir

Halldóra María Steinarsdóttir

Helga Bryndís Jónsdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Helgi Rúnar Jónsson

Helga Ingólfssdóttir

Ingibergur Einarsson

Hjörleifur Ragnarsson

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Ingibjörg Baldursdóttir

Ída Marianne Smáradóttir Berg

Ingimar Þorsteinsson

Jóhann Bjarni Knútsson

Jakob Þór Einarsson

Jón Guðmundur Björgvinsson

Jóhann Már Sigurbjörnsson

Jón Ingi Kristjánsson

Jón Hrafn Guðjónsson

Kristinn Örn Jóhannesson

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Kristján Gísli Stefánsson

Kristín María Björnsdóttir

Magnús Þorsteinsson

Linda Rós Reynisdóttir

Ólafur Reimar Gunnarsson

Nanna Hermannsdóttir

Óskar Guðmundsson

Ósk Guðrún Aradóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Pálína Vagnsdóttir

Sandra Vignisdóttir

Sandra Jóhannesdóttir

Selma Kristjánsdóttir

Sesselja Jónsdóttir  
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir  
Sigrún Birgisdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Stefán Árni Stefánsson  
Steinar Viktorsson  
Steinþór Ásgeirsson  
Sæmundur Karl Jóhannesson  
Valva Árnadóttir  
Þóra Kristín Halldórsdóttir  
Þórður Vilberg Oddsson  
Þórunn Davíðsdóttir

Sigmundur Halldórsson  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir  
Sigrún Guðmundsdóttir  
Smári Freyr Jóhannsson  
Stefán Viðar Egilsson  
Steinunn Böðvarsdóttir  
Sveinbjörn F Pétursson  
Unnur María Pálmadóttir  
Þorsteinn Þórólfsson  
Þóra Skúladóttir Öfjörð  
Þórhildur Ragna Karlsdóttir  
Þröstur Ríkarðsson

### **Verslunarmannafélag Suðurnesja**

Arnar Óskarsson  
Guðbrandur Einarsson

Bryndís Kjartansdóttir  
Sigríður Birna Björnsdóttir

### **Stéttarfélag Vesturlands**

María Hrund Guðmundsdóttir

### **Framsýn, stéttarfélag**

Jónína Hermannsdóttir

### **Verslunarmannafélag Skagfirðinga**

Hjörtur S. Geirmundsson

### **Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri**

Eiður Stefánsson  
Margrét Brynjólfsdóttir

Anna María Elíasdóttir  
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

### **AFL-Starfsgreinafélag**

Lars Jóhann Andrésson Imsland

### **RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

**Félag ísl. símamanna**  
Jón Hafsteinn Jóhannsson

Guðrún S. Bergþórsdóttir

### **Félag ísl. rafvirkja**

Berglind Leifsdóttir  
Borgþór Hjörvarsson  
Sigmundur Þórir Grétarsson

Andri Reyf Haraldsson  
Björn Gústaf Hilmarsson  
Guðmundur Ævar Guðmundsson

### **Félag rafeindavirkja**

Eyjólfur Ólafsson

Kristján Þórður Snæbjarnarson

<b>Félag tæknifólks í rafíðnaði</b> Ragnar Guðmundur Gunnarsson Sigurjón Guðni Ólason	Jakob Tryggvason Sigrún Sigurðardóttir
<b>Rafíðnaðarfélag Suðurnesja</b>	Jón Óskar Gunnlaugsson
<b>Rafíðnaðarfélag Norðurlands</b>	Hrafn Guðbrandsson
<b>Félag rafíðnaðarmanna Suðurlandi</b>	Helgi Guðmundsson
<b>Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús</b>	Björn Ágúst Sigurjónsson
<b>SAMIÐN, SAMBAND IÐNFÉLAGA BYGGIÐN - Félag byggingamanna</b> Heimir Þorleifur Kristinsson Jón Bjarni Jónsson	Finnbjörn A. Hermannsson Jóhann Óskar Jóhannesson Vilhjálmur Þór Grétarsson
<b>Félag iðn- og tæknigreina</b> Georg Óskar Ólafsson Helgi Ólafsson Ólafur Sævar Magnússon Sveinn Jónsson Unnur Ósk Eggertsdóttir	Einar Þór Gíslason Heimir Björn Janusarson Hilmar Harðarson Sigfinnur Gunnarsson Tryggvi Frímann Arnarson Vilhjálmur G. Gunnarsson
<b>Verkalýðsfélag Akraness</b>	Guðmundur Rúnar Davíðsson
<b>Iðnsveinafélag Skagafjarðar</b>	Björgvin J. Sveinsson
<b>Þingiðn</b>	Jónas Kristjánsson
<b>AFL-Starfsgreinafélag</b> Arnþór Örlygsson	Sigurður Hólm Freysson Jóhann Valberg Jónsson
<b>SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS Sjómannafélag Hafnarfjarðar</b>	Jón Rósant Þórarinsson
<b>Sjómannafélag Eyjafjarðar</b>	Konráð Þorsteinn Alfreðsson
<b>AFL-Starfsgreinafélag</b>	Grétar Ólafsson

**Sjómannafélagið Jötunn**  
Þorsteinn I. Guðmundsson

Valmundur Valmundsson

## **STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS**

### **Efning, stéttarfélag**

Aðalsteinn Rúnar Björnsson  
Ajna Pidzo  
Alma Pálmadóttir  
Anna Eðvarðsdóttir  
Biljana Kosanovic  
Daníel Örn Arnarsson  
Egill Arnarson  
Eva Ágústsdóttir  
Guðjón Örn Arason  
Guðni Páll Birgisson  
Gurli M. Geirsson  
Hjördís Kristjánsdóttir  
Innocentia F. Friðgeirsson  
Ísak Jónsson  
Jannete Bernardino Buenaventura  
Katrín Phumipraman  
Lucyna Dybka  
Magdalena Las  
Pontus Erik Gunnar Jaervstad  
Ragnar Ólason  
Ruth Adjaho Samúelsson  
Sigurður Hergeir Einarsson  
Sonja Anna Kovacevic  
Stefan Petrov Pashaliev  
Tabit Lakhdar  
Úlfar Snæbjörn Magnússon  
Þorsteinn M Kristjánsson

Aðalgeir Björnsson  
Agnieszka Ewa Piotrowska  
Alise Lavrova  
Andrea Jóhanna Helgadóttir  
Anna Marta Marjankowska  
Bjarni Ingi Sigurgíslason  
Drífa Snædal  
Einar Ögmundsson  
Fanney Helga Friðriksdóttir  
Guðmundur J. Baldursson  
Guðný Óskarsdóttir  
Hjördís Erna Ólafsdóttir  
Ingólfur Björgvin Jónsson  
Íris Kristjana Stefánsdóttir  
Jamie Valteau Mcquilkinn  
Jóhann Ingvar Harðarson  
Kolbrún Valvesdóttir  
Magdalena Kwiatkowska  
Magnús Guðjónsson  
Ragnar Hrafn Gunnarsson  
Ragnheiður Sara Th. Sörensen  
Sigmundur Einar Jónsson  
Sigurrós Kristinsdóttir  
Sólveig Anna Jónsdóttir  
Steinþór Ingi Þórsson  
Tryggvi Marteinnsson  
Viðar Þorsteinsson

### **Verkalýðsfélagið Hlíf**

Guðmundur Helgi Gestsson  
Kolbeinn Gunnarsson

Eyþór Þormóður Árnason  
Hrafnhildur Hartmannsdóttir  
Lena Sædís Kristinsdóttir

<b>VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.</b>	Fjóla Svavarsdóttir
Guðbjörg Kristmundsdóttir	Guðríður Bríet Kristjánsdóttir
Gunnar Sigurbjörn Auðunsson	Hulda Örlygsdóttir
Jón Rúnar Halldórsson	Kristján G. Gunnarsson
Mirosław Stanisław Zarski	Steingerður Hermannsdóttir
<b>Verkalýðsfélag Grindavíkur</b>	Magnús Már Jakobsson
<b>VI. og sjóm.fél. Sandgerðis</b>	Magnús Sigfús Magnússon
<b>Verkalýðsfélag Akraness</b>	Hafsteinn Þórisson
Hafþór Pálsson	Jóna Ágústa Adolfsdóttir
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir	Vilhjálmur E. Birgisson
<b>Stéttarfélag Vesturlands</b>	Jakob Hermannsson
Signý Jóhannesdóttir	
<b>Stéttarfélagið Samstaða</b>	Guðmundur Finnbogason
Samúel Jón Samúelsson	Sigurður A. Guðmundsson
<b>Verkalýðsfélag Vestfirðinga</b>	Agnieszka Malgorzata Tyka
Bergvin Eyþórsson	Finnbogi Sveinbjörnsson
Margrét Jóhanna Birkisdóttir	
<b>Aldan, stéttarfélag</b>	Guðbjörg Særún Björnsdóttir
Þórarinn Guðni Sverrisson	
<b>Eining-Iðja</b>	Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson	Ingvar Kristjánsson
Margrét Haukdal Marvinsdóttir	Margrét Jónsdóttir
Sigríður K. Bjarkadóttir	Sigurpáll Gunnarsson
Svavar Magnússon	Tryggvi Jóhannsson
<b>Framsýn, stéttarfélag</b>	Aðalsteinn Árni Baldursson
Guðný Ingibjörg Grímsdóttir	Ósk Helgadóttir
Sigurveig Arnadóttir	Torfi Aðalsteinnsson

**AFL-Starfsgreinafélag**

Kristján Eggert Guðjónsson  
Reynir Arnórsson  
Steinunn Zoëga  
Sverrir Mar Albertsson

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Kristrún Björg Gunnarsdóttir  
Sigríður Dóra Sverrisdóttir  
Sverrir Kristján Einarsson  
Viðar Júlí Ingólfsson

**Verkalýðsfélag Þórshafnar**

Sigríður Jóhannesdóttir

**Drifandi, stéttarfélag**

Guðný Óskarsdóttir

Arnar G. Hjaltalín

**Verkalýðsfélag Suðurlands**

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson

Björn Ármann Guðlaugsson  
Guðrún Elín Pálsdóttir

**Báran, stéttarfélag**

Kristbjörn Hjalti Tómasson  
Örn Bragi Tryggvason

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir  
Ragnhildur Eiríksdóttir

**Vl. og sjóm.fél. Bolungarvíkur**

Hrund Karlsdóttir

**ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS****ASÍ-UNG**

Alma Pálmadóttir  
Eiríkur Þór Theódórsson  
Karen Birna Ómarsdóttir  
Margrét Júlía Óladóttir

Aðalbjörn Jóhannsson  
Ástþór Jón Tryggvason  
Gundega Jaunlinina  
Margrét Halldóra Arnarsdóttir  
Sindri Már Smáráson

**Kjörnir varafulltrúar á 43. þingi ASÍ****Bein aðild að ASÍ****Grafía-stéttarfélag í prent og miðlunargreinum**

Hjörtur Guðnason

Anna Haraldsdóttir

Stefán Ólafsson

**VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna**

Guðmundur Smári Guðmundsson  
Sigurjón Már Pétursson

Marteinn S. Karlsson  
Vignir Eyþórsson

**MATVÍS**

Hallgrímur Jóhannesson  
Rúnar Ingi Guðjónsson

Árni Þór Arnórsson  
Jón Karl Jónsson

**LEIDSÖGN- Stéttarfélag leiðsögumanna** Þórey Anna Matthíasdóttir

**Flugfreyjufélag Íslands**  
Guðlaug Líney Jóhannsdóttir

Dagný Björk Erlingsdóttir  
Tómas Þór Ellertsson

### **LANDSSAMBAND ÍSL. VERZLUNARMANNA**

#### **VR**

Arndís Anna Sveinsdóttir  
Björn Sigurður Lárusson  
Bryndís Guðnadóttir  
Guðmundur M Hilmarsson  
Haraldur Pálsson  
Katrín Sólveig Sigmarsdóttir  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Rannveig Sigurðardóttir  
Sigríður Jóhannsdóttir  
Sigrún Anna Stefánsdóttir  
Steinunn Kristjánsdóttir  
Viðar Kristinsson  
Þorsteinn Sveinlaugur Sveinsson  
Þórður Mar Sigurðsson

Anna Þórðardóttir Bachmann  
Björn Axel Jónsson  
Björn Viðar Ólason  
Eydís Steindórsdóttir  
Halla Ruth Sveinbjörnsdóttir  
Inga Þórðardóttir  
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir  
Petrína Ragna Pétursdóttir  
Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir  
Sigríður Sveina Helgadóttir  
Stefán Sveinbjörnsson  
Viðar Ingason  
Þorkatla Sigurgeirsdóttir  
Þorvarður Bergmann Kjartansson  
Örn Pálsson

**Verslunarmannafélag Suðurnesja**  
Sveinbjörg Sigurðardóttir

Anton Anthony John Stissi

**Stéttarfélag Vesturlands**

Silja Eyrún Steingrimsdóttir

**Framsýn, stéttarfélag**

Irmý Dómhildur Antonsdóttir

**Verslunarmannafélag Skagfirðinga**

Magnús Sverrisson

**Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri**  
Halldór Óli Kjartansson  
Jón Grétar Rögnvaldsson

Elín Anna Guðmundsdóttir  
Helga Guðrún Eymundsdóttir

**AFL-Starfsgreinafélag**

Ingólfur Hólmur Baldvinsson



## **RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

**Félag ísl. símamanna**

Sunna Sveinsdóttir

**Félag ísl. símamanna**

Ylva Dís Knútsdóttir

**Félag ísl. rafvirkja**

Hrafn Guðbrandsson

Guðjón Viðar Guðjónsson

Kristján Helgason

**Félag rafeindavirkja**

Hörður Bragason

Bára Halldórsdóttir

**Félag tæknifólks í rafidnaði**

Hafliði S. Sívertsen

Páll Sveinn Guðmundsson

Dagný Ósk Aradóttir Pind

Hafþór Ólafsson

**Rafidnaðarfélag Suðurnesja**

Björn Eysteinnsson

**Rafidnaðarfélag Norðurlands**

Sæunn Hrund Björnsdóttir

**Félag rafidnaðarmanna Suðurlandi**

Kristján Eldjárn Þorgeirsson

**SAMIÐN, SAMBAND IÐNFÉLAGA**

**BYGGIÐN - Félag byggingamanna**

Ísleifur Þór Erlingsson

Sigurjón Mýrdal Hjartarson

Andri Sveinn Jónsson

Jóhann Pétur Guðvarðsson

**Félag iðn- og tæknigreina**

Árman Ægir Magnússon

Kjartan Ólafs Tómasson

Logi Hermann Halldórsson

Rúnar Helgi Bogason

Stefán Sigurþór Agnarsson

Andrés Haukur Hreinsson

Ingigerður Magnúsdóttir

Kristján Þórðarson

Ólafur Kristinn Hafsteinsson

Sigríður Runólfsdóttir

Þorsteinn G. Kristmundsson

**Verkalýðsfélag Akraness**

Iðnsveinafélag Skagafjarðar

Sigurður Guðjónsson

Hjörtur Elefsen Óskarsson

**ÞINGIÐN**

Vigfús Þór Leifsson

**AFL-Starfsgreinafélag**

Sylwester Jan Myszak

<b>Félag málmíðnaðarmanna Akureyri</b>	Jón Ingi Sævarsson
<b>Sjómannafélag Hafnarfjarðar</b>	Jónas Jósteynsson
<b>Sjómannafélag Eyjafjarðar</b>	Kristinn Sigurður Pálsson
<b>AFL-Starfsgreinafélag</b>	Grétar S. Sigursteinsson

## **SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS**

<b>Sjómannafélagið Jötunn</b>	Árni Þór Gunnarsson
Kolbeinn Agnarsson	

## **STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS**

<b>Efling, stéttarfélag</b>	Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir
Aðalsteinn D. Stefánsson	Arkadiusz Bondarow
Berglind Jónína Gestsdóttir	Bjarni Atlason
Bjarni Bjarnason	Dagný Björg Helgadóttir
Eðvald Karl Eðvalds	Eggert Gunnþór Gunnarsson
Einar Páll Einarsson	Elín Jónsdóttir
Elsa Birna Sveinbjörnsdóttir	Guðmundur Þ Jónsson
Gunnar Örn Eggertsson	Hildur Rós Guðnadóttir
Hólmfríður Vigdís Sævarsdóttir	Hörður Aðalsteinsson
Ingibjörg E Markúsdóttir	Jakóbína Guðjónsdóttir
Jens Þorsteinsson	Kjartan Sigurvin Hafsteinsson
Kristinn Már Gíslason	Kristinn Örn Arnarson
Kristín Björnsdóttir	Kristín Þorsteinsdóttir
Kristján Benediktsson	Krírún Sigurðardóttir
Lilja Eiríksdóttir	Magnús Hlífar Jólsson
Michael Bragi Whalley	Ólafur Haraldsson
Ólöf Jónsdóttir	Rannveig H. Gunnlaugsdóttir
Regína Laufdal Aðalsteinsdóttir	Ruth Jóhanna Arelíusdóttir
Signe Reidun Skarsbö	Sigríður E. Hafsteinsdóttir
Sigríður Guðlaug Halldórsdóttir	Sigríður Jóakimsdóttir
Sigríður Stefánsdóttir	Stanislaw Bukowski
Stefán Þór Stefánsson	Steinunn Gustavsdóttir
Sædís Harpa Skjaldardóttir	Sædís Laguna Tangolamos
Thi Chang Pham	Valgerður Jónsdóttir
Vilhjálmur Auðunn Albertsson	Þorsteinn Freyr Friðbjörnsson
Þorsteinn Gunnarsson	Þórður Ólafsson
Þórunn Jóna Skjaldardóttir	Þuríður Ingimundardóttir

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

Halldóra Margrét Árnadóttir  
Pétur Freyr Ragnarsson

Puríður Margrét Gísladóttir  
Elvar Aron Sigurðsson  
Ólafur Pétursson  
Sigríður Þorleifsdóttir

**VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.**

Böðvar Þórir Gunnarsson  
Gunnar Þór Jóhannsson  
Jóhann Rúnar Kristjánsson  
Sigurður Kristinn Sigurðsson

Ásdís Ingadóttir  
Eyrún Jana Sigurðardóttir  
Jóhann Eyjólfsson  
Kristinn G. Þormar  
Þórey Guðný Marinósdóttir

**Verkalýðsfélag Grindavíkur**

Hörður Guðbrandsson

**VI. og sjóm.fél. Sandgerðis**

Erla S. Sigursveinsdóttir

**Verkalýðsfélag Akraness**

Elí Halldórsson  
Júlíus Pétur Ingólfsson

Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir  
Jónína Herdís Sigurðardóttir  
Tómas Rúnar Andrésson

**Stéttarfélag Vesturlands**

Sigrún Reynisdóttir

Jón Sigmundsson

**Stéttarfélagið Samstaða**

Aðalbjörg Valdimarsdóttir

**Verkalýðsfélag Snæfellinga**

Jóhanna Steingrimsdóttir

Dana Sif Óðinsdóttir

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**

Gunnhildur Björk Elíasdóttir  
Ingibjörg Benediktsdóttir  
Ísleifur B. Aðalsteinsson

Berglind Eir Egilsdóttir  
Hilmar Pálsson  
Ingvar Guðfinnur Samúelsson  
Stefanía Heiðrún Árnadóttir

**Aldan, stéttarfélag**

Arna Dröfn Björnsdóttir  
Guðný Herdís Kjartansdóttir

**Eining - Iðja**

Elísabet Skarphéðinsdóttir  
Gunnar Magnússon  
Róbert Þorsteinsson  
Sólveig A. Þorsteinsdóttir  
106

Ásrún Karlsdóttir  
Guðrún J. Þorbjarnardóttir  
Halldór Ari Brynjólfsson  
Sigríður Þórunn Jósepsdóttir

**Framsýn, stéttarfélag**  
Guðmunda Steina Józefsdóttir  
María Guðrún Jónsdóttir

Aðalsteinn Gíslason  
Kristján M. Öundurson  
Sverrir Einarsson

**AFL-Starfsgreinafélag**  
Egill Thorlacius  
Guðrún Aradóttir  
Gunnlaug Fía Aradóttir  
Ólöf Rún Stefánsdóttir

Birkir Snær Guðjónsson  
Elísa Joensen Creed  
Gunnhildur Imsland  
Jón Kristinn Arngrímsson  
Una Sigríður Jónsdóttir

**Drífandi, stéttarfélag**  
Fjóla Finnbogadóttir  
Ragnhildur Ragnarsdóttir

Anna Sigríður Gísladóttir  
Jóhann Grétar Ágústsson  
Unnar Kristinn Erlingsson

**Verkalýðsfélag Suðurlands**  
Kristján Pálmason

Ingibjörg Einarsdóttir  
Steinar Guðmundsson

**Báran, stéttarfélag**  
Helga Sigríður Flosadóttir  
Magnús Ragnar Magnússon

Eva Dögg Einarsdóttir  
Jón Pröstur Jóhannesson

**VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur**

Alda Karen Sveinsdóttir

**ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS**

**ASÍ-UNG**

Elín Ósk Sigurðardóttir  
Kristinn Örn Arnarson

Birkir Snær Guðjónsson  
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir  
Ólafur Ólafsson

**Breytingar á þingfulltrúum frá 24.-26. október**

**LANDSSAMBAND ÍSL. VERZLUNARMANNA**

**VR**

Birgir Már Guðmundsson  
Sigrún Anna Stefánsdóttir  
Helga Bryndís Jónsdóttir  
Halla Ruth Sveinbjörnsdóttir  
Linda Rós Reynisdóttir  
Rannveig Sigurðardóttir  
Nanna Hermannsdóttir  
Haraldur Pálsson  
Steinþór Ásgeirsson

Aðalmaður	Forfallaðist
Varamaður	Mætir
Aðalmaður	Forfallaðist
Varamaður	Mætir
Aðalmaður	Forfallaðist
Varamaður	Mætir
Aðalmaður	Forfallaðist
Varamaður	Mætir
Aðalmaður	Forfallaðist

Stefán Sveinbjörnsson	Varamaður	Mætir
Inga Þórðardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Þorsteinn Sveinlaugur Sveinsson	Varamaður	Mætir
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Björn Viðar Ólason	Varamaður	Mætir
Hafdís Erla Kristinsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Viðar Ingason	Varamaður	Mætir
Auður Jakobsen	Aðalmaður	Forfallaðist
Björn Sigurður Lárusson	Varamaður	Mætir

## RAFÍÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

### Félag ísl. rafvirkja

Borgþór Hjörvarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Björn Hilmarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Hafliði S. Sívertsen	Varamaður	Mætir

### Félag rafeindavirkja

Eyjólfur Ólafsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Bára Halldórsdóttir	Varamaður	Mætir

### Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Jón Óskar Gunnlaugsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Björn Eysteinnsson	Varamaður	Mætir

### Félag ísl. rafvirkja

Sigmund Þórir Grétarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
--------------------------	-----------	--------------

### Félag tæknifólks í rafiðnaði

Dagný Pind Aradóttir	Varamaður	Mætir
----------------------	-----------	-------

## SAMIÐN, SAMBAND IÐNFÉLAGA

### Félag iðn- og tæknigreina

Helgi Ólafsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kjartan Ólafs Tómasson	Varamaður	Mætir

## STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS

### Efling, stéttarfélag

Egill Arnarson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristín Þorsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Tabit Lakhdar	Aðalmaður	Forfallaðist
Lilja Eiríksdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristján Benediktsson	Varamaður	Mætir

### Verkalýðsfélag Akraness

Hafsteinn Þórisson	Aðalmaður	Forfallaðist
Júlíus Pétur Ingólfsson	Varamaður	Mætir

## ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

### ASÍ - UNG

Alma Pálmadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Margrét Halldóra Arnarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Birkir Snær Guðjónsson	Varamaður	Mætir
Kristinn Örn Arnarson	Varamaður	Mætir



## ÁLYKTANIR 43. PINGS ASÍ 2018

### Stefna ASÍ um heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfið

43. þing ASÍ krefst samfélags velferðar fyrir alla. Samfélags þar sem launafólk og allur almenningur nýtur öruggar og góðrar heilbrigðisþjónustu og býr að traustu velferðarkerfi óháð efnahag, búsetu og aldri.

Opinber framlög til heilbrigðismála hér á landi hafa hvergi nærri fylgt fólksfjölguninni og vaxandi þörf fyrir þjónustu á mörgum sviðum. Grundvallarstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins hafa um árabil verið fjársveltar og undirmannaðar á sama tíma og vægi einkarekinnar heilbrigðisstarfsemi hefur vaxið hratt og aukin framlög renna til fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þá eru mörkin á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu oft óljós þar sem sömu heilbrigðisstarfsmenn starfa á báðum stöðum samtímis. Afleiðingar þessara þróunar sjást hvarvetna:

- Fjöldi fólks bíður óhófllega lengi eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.
- Víða um land hefur dregið úr þjónustu og sjúklingar þurfa að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi.
- Kostnaður sjúklinga, vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja, getur verið mjög íþyngjandi fjárhagslega eða jafnvel ófyrstíganlegur, auk þess sem

mikilvægir þættir heilbrigðisþjónustunnar njóta ekki greiðsluþátttöku hins opinbera.

- Skortur er á sálfræðiþjónustu, einkum innan heilsugæslunnar, sem og annarri geðheilbrigðisþjónustu og kostnaður við hana er ófyrstíganlegur.
- Þeim dæmum fer fjölgandi að einstaklingar með alvarlega sjúkdóma fá ekki nauðsynleg lyf.
- Afleiðingin er að á Íslandi neitar fjöldi fólks sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Huga þarf betur að ungu fólki í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni m.a. með því að efla forvarnir og meðferðarúræði og bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu í heilsugæslu og skólum. Styðja þarf betur við barnafjölskyldur og verja þær sérstaklega vegna mikils kostnaðar í heilbrigðiskerfinu og umönnun langveikra barna.

Vaxandi fjöldi fólks hverfur af vinnumarkaði, vegna veikinda sem oft tengjast auknu álagi og kulnun í starfi. Þetta kallar á að starfsendurhæfing verði eflað til muna og Virk starfsendurhæfing fái stærra hlutverk við að sinna forvörnum og úrræðum áður en í óefni er komið.

Lífaldur fer hækkandi og öldruðum mun fjölga hratt á næstu árum. Staðan í málefnum aldraðra er óviðunandi og fer versnandi ef ekki verður gripið til viðtækra aðgerða. Þetta veldur miklu álagi á aðstandendur og kallar á fjölbreyttar aðgerðir og lausnir svo sem bætt heimahjúkrun og þjónustu. Vandinn er enn meiri þegar kemur að dvalar- og hjúkrunarheimilum, þar sem verulega skortir framboð af búsetuúrræðum og annarri þjónustu í heimabyggð. Þar við bætist rekstrarvandi stofnana í öldrunarþjónustu og fjársveltí í heimaþjónustu sveitarfélaga sem birtist starfsmönnum í ófullnægjandi starfsaðstöðu, undirmönnun og bágum kjörum.

Í lífeyrissjóðunum hefur launafólk byggt upp verðmæt réttindi sem tryggja á að þær fjölmennu kynslóðir sem fara á eftirlaun á næstu árum verði að mestu sjálfbærar um sín eftirlaun. Enn er þó stór hópur fólks sem á ekki nægileg réttindi í sjóðunum þegar eftirlaunaaldri er náð. Þar á að koma til kasta almannaþrygginga sem eiga að tryggja öllum afkomuöryggi á efri árum.

Bæta þarf afkomu tekjulágra lífeyrisþega og draga verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu til að tryggja launafólki aukinn ávinning af lífeyrissparnaði sínum og hvetja þau sem hafa getu og vilja til þátttöku á vinnumarkaði. Þá skortir lífeyriskerfið sveigjanleika til að launafólk sem er í erfiðari störfum geti dregið úr vinnu og flýtt starfslokum, auk þess sem kerfið felur í sér kynjahalla þar sem konur hafa almennt lægri laun og styttri starfsævi.

Örorkulífeyriskerfið þarfnast viðtækrar endurskoðunar. Horft verði til getu í



stað vangetu með áherslu á atvinnutengda endurhæfingu og virkni á forsendum fólks með skerta starfsgetu m.a. með samvinnu og aukinni ábyrgð atvinnulífsins og í góðu samráði við þau sem málið varðar. Samhliða þarf að endurskoða greiðslukerfi almannatrygginga þannig að það hvetji til virkni og atvinnuþátttöku, einfalda það og afnema krónu á móti krónu skerðingar.

Grundvallarþættir velferðarsamfélagsins, s.s. aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og húsnæðisöryggi án tillits til efnahags, eru sérstaklega mikilvægir öldruðum og öryrkjum.

Breytingar á vinnumarkaði og skipulagi vinnunnar geta haft víðtæk neikvæð áhrif á vinnumarkaðstengd réttindi sem byggja á uppsöfnun og tengd eru föstu ráðningarsambandi við atvinnurekanda, s.s. veikindarétt, líffeyrisréttindi og orlofsrétt. Þá er ljóst að aukin tækniþróun og sjálfvirknivæðing, þar sem störf breytast og hverfa og önnur verði til, kallar á öflugri atvinnuleysisstryggingar, aukin tækifæri til endurmenntunar og aðstoð til einstaklinga að finna ný störf.

## Stefna ASÍ

- Allir eiga að njóta jafns aðgengis að framúrskarandi heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu, aldurs og efnahags.
  - Efla verður grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að allir hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð og nauðsynlegum lyfjum.
  - Komið verði í veg fyrir einkarekstur í heilbrigðis- og velferðarþjónustu í hagnaðarskygni og sett skýr mörk á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu.
  - Tryggja þarf öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu m.a. með verulega aukinni greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna ferða, dvalarkostnaðar og vinnutaps.
  - Dregið verði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu o g lyf, þannig að tryggt sé að enginn þurfi að neita sér um nauðsynlega aðstoð.
  - Styttu þarf bið eftir þjónustu og gera stóráttak í að eyða biðlistum í heilbrigðiskerfinu.
  - Stórbæta þarf upplýsingagjöf um úrræði í heilbrigðis- og velferðarmálum fyrir notendur og aðstandendur, til dæmis með upplýsingamiðstöð sjúklinga.
- Stórefla þarf forvarnir og stuðning við einstaklinga sem þarfnast starfsendurhæfingar.
- Setja þarf fram stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum aldraðra og tryggja þjónustu og búsetuúrræði við hæfi m.a. með því að fjölga hjúkrunarrýmum og efla heimaþjónustu sveitarfélaganna verulega.

- Treysta verður afkomuöryggi aldraðra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku.
  - Draga verður úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu og afnema krónu á móti krónu skerðingar.
  - Auka þarf möguleika fólks með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku.
  - Auka þarf möguleika eldra fólks sem hefur vilja og getu til þátttöku á vinnumarkaði og skapa nauðsynlegan sveigjanleika við starfslok.
- ASÍ hafnar núverandi hugmyndum að starfsgetumati og vinni með ÖBÍ að þeirra málum.
- Breytingar á skipulagi vinnunnar og ótryggari ráðningarform kalla á að ávinnsla og uppbygging ýmissa mikilvægra vinnumarkaðstengdra réttinda launafólks s.s. veikindaréttar, orlofsréttar og lífeyrisréttinda séu áfram tryggð.
- Tryggja skal rétt á faglegri handleiðslu í tengslum við álag í starfi.
- Bregðast þarf við þjóðhættulegum bráðavanda í ávana- og fknisjúkdómum.

## Verkefni ASÍ

- Beita sér í samstarfi við aðildarfélögin fyrir því að stjórnvöld móti markvissa heilbrigðisstefnu um framtíðarsýn og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem hafi að markmiði að allir njóti öflugrar heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags með því að:
  - Efla grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að íbúar hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð.
  - Tryggja öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.
  - Draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf.
  - Leggja sérstaka áherslu á aukið aðgengi og lækkun á kostnaði vegna sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu m.a. með því að efla þjónustuna innan heilsugæslunnar.
  - Efla upplýsingagjöf og félagslega ráðgjöf til notenda og sjúklinga.
- Beita sér fyrir samstarfi stjórnvalda, Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, VIRK og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að stórefla vinnuvernd og forvarnir á vinnustöðum, koma í veg fyrir brottfall af vinnumarkaði, styðja við starfsendurhæfingu og endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.
- Krefjast aðgerða í málefnum aldraðra sem tryggja þeim þjónustu og búsetuúrræði við hæfi.
- Beita sér fyrir víðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðarins, samtaka aldraðra og öryrkja og stjórnvalda um nauðsynlegar breytingum á lögum um

almannatryggingar með það að markmiði að treysta afkomuöryggi aldradra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku:

- Þess er krafist að skerðingarhlutfall í almannatryggingum verði lækkað í 30% og króna á móti krónu skerðing verði strax afnumin.
- Áhersla verði lögð á að efla atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu og að eldra fólki verði skapaður nauðsynlegur sveigjanleiki við starfslok.
- Beita sér fyrir endurskoðun á uppbyggingu og ávinnslu réttinda á vinnumarkaði í ljósi breytinga á skipulagi vinnunnar. Horft verði í auknum mæli til þess að áunnin réttindi flytjist með launafólki á milli atvinnurekenda.

## Stefna ASÍ um húsnæðismál

43. Þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld tryggi að allt launafólk hafi aðgang að öruggu og góðu íbúðarhúsnæði, óháð búsetu og tekjum og krefst þess að ríkisvald og sveitarfélög styðji vel við uppbyggingu almennra leiguíbúða um allt land.

Spenna er á húsnæðismarkaði m.a. vegna of lítils framboðs af íbúðarhúsnæði, fjölgunar íbúða í ferðamannaleigu og hás byggingarkostnaðar. Þá hafa stjórnvöld um árabíl vanrækt félagslegt hlutverk sitt á húsnæðismarkaði og ekki tryggt tekjulágu launafólki húsnæðisöryggi. Þetta ásamt háum vöxtum og verðtryggingu veldur því að húsnæðiskostnaður launafólks er allt of hár. Samhliða hækkandi húsnæðiskostnaði hefur húsnæðisstuðningur ekki haldið í við þróun verðlags og launa heldur beinlínis verið skorinn niður.

Launafólk stendur því frammi fyrir erfiðum og óaðgengilegum húsnæðismarkaði þar sem allt of stór hluti ráðstöfunartekna fer til greiðslu húsnæðiskostnaðar. Þessi staða hefur lent sérstaklega illa á ungu fólki sem er að hefja búskap og hefur í fá hús að venda. Afleiðingin er að vaxandi hópi launafólks er haldið í fátækt, sem eykur ójöfnuð, stéttaskiptingu og vinnuálag.

Löggjöf um almennar leigubúðir var mikilvægt skref til þess að tryggja lægstu tekjuhópunum aðgang að ódýru, öruggu og góðu íbúðarhúsnæði. Hins vegar þarf að tryggja aukið fjármagn í stofnframlög til að hraða uppbyggingu á nægilegum fjölda íbúða fyrir þann stóra hóp launafólks sem er á hrakhólum á húsnæðismarkaði.

Mikil umræða hefur verið um húsnæðislánakerfið hér á landi sem hrundi til grunna með bönkunum. Í raun hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að auðvelda almenningi aðgengi að lánsfjármarkaði, þrátt fyrir ítarlegar tillögur Alþýðusambandsins um nýtt húsnæðislánakerfi. Lífeyrissjóðirnir hafa þó tekið ákveðið frumkvæði með því að stórauka beinar lánveitingar til sjóðsfélaga, þar sem vextir taka mið af vöxtum á skuldabréfamarkaði. Í raun eru sjóðirnir að hrinda í framkvæmd mikilvægum hluta af danska húsnæðis-

lánakerfinu þar sem almenningur fær notið með beinum hætti lákkun vaxta á skuldabréfamarkaði.

### **Stefna ASÍ**

- Húsnæðisöryggi eru mannréttindi.
- Öruggt íbúðarhúsnæði stuðlar að velferð fjölskyldunnar og stöðugri og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn launafólks.
- Öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt er af í samræmi við getu og þarfir, léttir óhóflegu vinnuálagi af launafólki og skapar því tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og fyllra lífs.
- Hvergi má slaka á í kröfum um gæði og stærð íbúðarhúsnæðis. Óvandad íbúðarhúsnæði, of lítið íbúðarhúsnæði eða uppbygging sér greindra leiguhverfa vinnur gegn þeim markmiðum sem ASÍ vinnur að í þágu launafólks.
- Leita ber fjölbreyttra og nýrra úrræða sem annað af tvennu tryggi launafólki um allt land tækifæri til þess að eignast eigið íbúðarhúsnæði eða til þess að eiga kost á góðu og öruggu leiguhúsnæði gegn sanngjörnu endurgjaldi og óháð búsetu.
- Fjölga þarf heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu og tryggja næga fjármögnun þess. Mikilvægt er að kveða skýrt á um lagalega skyldu sveitarfélaga að tryggja lóðir fyrir almennar leiguíbúðir.
- Endurskoða þarf húsnæðislánakerfið til að stuðla að lægri vöxtum og greiðslubyrði af húsnæðislánnum fyrir alla með beinni þátttöku lífeyrisjóðanna.
- Stjórnvöldum ber að tryggja rekstur samtaka leigjenda með opinberum fjárframlögum, veita þeim lögbundið hlutverk í réttargæslu fyrir leigjendur og takmarka skammtímaútleigu.
- ASÍ telur að hvetja eigi til húsnæðissparnaðar með skattalegum hvötum til að stuðla að aukinni eignamyndun í eigin húsnæði og draga úr húsnæðiskostnaði.

### **Verkefni ASÍ**

- Vera áfram leiðandi við uppbyggingu almennra leiguíbúða og mótn hugmynda um sanngjarnan húsnæðismarkað og varanlegt og traust húsnæðiskerfi.
- Vera í forystu aðildarfélaganna um að heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu verði fjölgað úr 600 í 1250 nú þegar og að tryggðar verði nægar heimildir þar til jafnvægi næst og þörf hefur verið mætt.
- Stuðla að lákkun húsnæðislánavaxta með kröfu um að tekið verði upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd þar sem bannað verði að

vefja saman öruggum skuldbindingum vegna húsnæðisveðlána og áhættu-sækinnar lánastarfsemi.

- Vinna með lífeyrissjóðunum að stofnun húsnæðissamvinnufélaga sem standi fyrir uppbyggingu áhættudreifðra skuldabréfasjóða á skuldabréfa-markaði og hafi það hlutverk að miðla á milli lántöku almennings og fjár-mögnunar á markaði. Áhersla verði á fasta nafnvexti þar sem vaxtastigið verði áþekkt og er á Norðurlöndunum, tryggja verði skýra uppgreiðslu-heimild á hverjum tíma, veðhlutfall verði 80% af kaupverði og þóknun vegna umsýslu og miðlunar verði í lágmarki.
- Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld að skapa skilyrði til afnáms verð-tryggingar.
- Tryggja að fólk geti nýtt sér viðbótarlífeyrissparnaðarkerfið við kaup á húsnæði til eigin nota hafi það ekki átt íbúðarhúsnæði sl. 5 ár.
- Vinna að stofnun húsnæðisfélaga, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og sinni vaxandi hópi launafólks sem er með lágar meðaltekjur en getur ekki sótt um íbúð í almenna leiguíbúðakerfinu. Mikilvægt er að slík húsnæðis-félög geti fengið 90% lán frá Íbúðalánasjóði og byggji leiguhúsnæði um allt land þar sem leiguverði er haldið í lágmarki. Tryggja þarf þeim þolinmótt eigið fé og kanna hver aðkoma lífeyrissjóðanna geti verið að þeim.
- Vinna að því að ramma verði settur um starfsemi leigufélaga sem rekin eru í hagnaðarskyni og að leigjendur verði varðir gegn hækkan leigu langt umfram raunkostnað og öðrum ósanngjörnum skilmálum leigusala.
- Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld að húsaleigulögum verði breytt þannig að réttindi leigjenda verði aukin og verði með líkum hætti og á hinum Norðurlöndunum. Auk þess verði sérstaklega hugað að réttarstöðu þeirra sem leigja húsnæði af launagreiðanda sínum og virkum úrræðum vegna brota á húsaleigulögum og húsaleigusamningum.
- Vinna að lækkan byggingarkostnaðar og skynsamlegum skipulagskostum sem samræmist þörfum launafólks fyrir hentugt, venjulegt, öruggt og gott íbúðarhúsnæði.
- Sveitarfélögin tryggji jafnt og fjölbreytt framboð lóða á lágu verði auk þess sem þeim verði gert skylt að haga framboði félagslegs húsnæðis til samræmis við þarfir íbúa og þau beitt viðurlögum ef þau standa ekki við þær skyldur sínar.
- ASÍ vinni með stjórnvöldum til að bæta lög um húsnæðissamvinnufélög þannig að þau nái til fleiri forma en þau nú gera.

## **Stefna ASÍ um jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs**

43. þing ASÍ krefst samfélags þar sem ríkir jafnvægi á milli atvinnuþátttöku, fjölskylduábyrgðar og einkalífs. Samþætting atvinnuþátttöku og einkalífs er

nauðsynleg forsenda ásættanlegra starfsskilyrða og þeirra lífsgæða sem allt launafólk á kröfur til.

Vaxandi fjöldi launafólks stendur ekki undir álagi, hraða og kröfum nútímavinnumarkaðar. Samhliða glímur launafólk við krefjandi verkefni við umönnun barna, maka og foreldra. Þetta á við um ungt fólk sem tekst á við krefjandi störf og fjölskylduábyrgð og þau sem eldri eru og mæta þurfa breytingum í starfi og nýjum kröfum. Einnig býr fólk við skerta möguleika til að njóta frístunda til hvíldar og lífsfyllingar. Afleiðingarnar eru aukin streita og kulnun í starfi sem þegar verst lætur leiðir til alvarlegra veikinda og örorku. Við þessari þróun þarf að bregðast áður en í algert óefni er komið. Það eru sameiginlegir hagsmunir launafólks, atvinnulífsins og samfélagsins alls.

Þau tvö hlutverk sem alla jafna eiga stærstan þátt í lífi fólks eru vinnan og fjölskyldan. Það er staðreynd að konur vinna fleiri ólaunaðar stundir við heimilisstörf og umönnun en karlar, þrátt fyrir að atvinnuþátttaka kvenna sé hvergi meiri en hér á landi. Konur sækja sífellt meira í aukna menntun og fjölbreyttari störf. Þessar staðreyndir hafa mikla efnahagslega þýðingu fyrir samfélagið og eiga stóran þátt í þeirri hagsæld sem hér ríkir. Þetta fyrirkomulag kallar á breytta verkaskiptingu kynjanna og nýjar leiðir til þess að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Mikilvæg forsenda fyrir jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs og fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er að efla fæðingarorlofskerfið. Til að ná markmiði laga um fæðingar- og foreldraorlof þarf að tryggja barni samvistir við foreldra sína óháð fjölskylduformi og brúa umönnunargjána sem er milli fæðingarorlofs og leikskóladvalar. Standa þarf vörð um rétt einstæðra foreldra. Þá er mikilvægt að skipulag skólastarfs, framboð á íþrótt- og tómskundastarfi og atvinnulífið mæti þörfum barna á leik- og grunnskólaaldri.

Endurskoða þarf rétt foreldra til launaðrar fjarveru vegna umönnunar og veikinda barna. Jafnframt þarf að útvíkka þennan rétt þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima og taka skal tillit til ólíkra fjölskylduforma.

Þátttaka á vinnumarkaði gerir sífellt meiri kröfur um að launafólk bæti við sig menntun og hæfni til að takast á við breytingar og nýjar áskoranir. Til að mæta þessum kröfum verður að auka sveigjanleika og gera launafólki kleift að sækja nám og endurmenntun á vinnutíma án launaskerðingar.

Lífaldur hækkar og almennt er fólk við betri heilsu en áður. Á móti kemur að taka verður tillit til að störf gera mismunandi kröfur og einstaklingarnir eru ólíkir. Mikilvægt er að mæta þessum ólíku aðstæðum með sveigjanleika varðandi starfslok launafólks. Það felur m.a. í sér möguleika á minnkandi starfshlutfalli og að starfslok séu ekki tengd lífaldri.

## Stefna ASÍ

- Tryggja þarf að áhrif nýrrar tækni og breytinga á störfum raski ekki jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs vegna óljósra marka vinnu og frítíma. Því skal vinna utan hefðbundins vinnutíma vera skilgreind í ráðningarsamningi.
- Fæðingarorlof verði lengt strax í 12 mánuði og á næstu 3 árum í allt að 18 mánuði. Greiðsluþak fæðingarorlofsgreiðslna skal hækka og lágmarksframbærsla tryggð.
- Standa þarf vörð um rétt einstæðra foreldra.
- Tryggja þarf öllum börnum rétt til leikskóladvalar og brúa umönnunargjána milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Skipulag skólastarfs, framboð á íþrótta- og tómstundastarfi og réttur foreldra á vinnumarkaði taki mið af þörfum þeirra og barna á leik- og grunnskólaaldri. Mikilvægt er að skapa jafnvægi á milli sveigjanlegs vinnutíma og dagvistunarúrræða barna á leik- og grunnskólaaldri. Jafnframt verður að tryggja að öll börn geti notið þess tómstundastarfs sem í boði er án tillits til efnahags foreldra.
- Endurskoða þarf rétt foreldra til launaðrar fjarveru vegna veikinda barna. Útvíkka á þennan rétt þannig að hann nái einnig til umönnunar annarra fjölskyldumeðlima.
- Gefa þarf fólki tækifæri á að stunda frekara nám og endurmenntun á vinnutíma og nauðsynlegur sveigjanleiki þarf að vera fyrir hendi án launaskerðingar.
- Auka þarf sveigjanleika á vinnumarkaði og tryggja rétt launafólks til að taka starfshlé vegna endurmenntunar, hlutastarfs eða vegna persónulegra aðstæðna.
- Auka þarf raunverulega möguleika launafólks til sveigjanlegra starfsloka, þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna á vinnumarkaði.
- ASÍ skal hafa frumkvæði að því að unnar verði rannsóknir sem varpa ljósi á stöðu aunarólks og möguleika þess að samþætta atvinnuþátttöku og einkalíf.

## Verkefni ASÍ

- Beita sér fyrir því að vinnuskylda og skilgreining á vinnutíma sé þannig að skýr mörk séu á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.
- Krefjast endurskoðunar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof á grunni þeirra markmiða sem ASÍ hefur sett fram. Við endurskoðunina skal taka tillit til ólíkra fjölskylduforma.
- Krefjast þess að öllum börnum verði tryggður réttur til öruggrar dagvistunar strax að loknu fæðingarorlofi.
- Beita sér fyrir því að skipulag skólastarfs, dagvistunarúrræða, frístunda-

starfsemi og réttindi á vinnumarkaði mæti betur þörfum foreldra leik- og grunnskólabarna.

- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að auka rétt foreldra til fjarvista frá vinnu þegar skólastarf fellur niður vegna barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að reglur um rétt foreldra til launaðra fjarvista vegna veikinda barna verði endurskoðaðar. Útvíkka á réttinn þannig að hann nái til umönnunar allra fjölskyldumeðlima.
- Beita sér fyrir því í samstarfi við aðildarfélögin að viðurkenndur verði réttur launafólks til að sækja sér menntun í vinnutíma án skerðingar á launum.
- Hefja skal strax viðræður við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda um rammisamkomulag um sveigjanleg starfslok sem taki tillit til ólíkra einstaklinga og aðstæðna á vinnumarkaði.

## Stefna ASÍ um tekjuskiptingu og jöfnuð

43. Þing ASÍ krefst samfélags réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og jafnaðar. Samfélags þar sem launafólk nýtur mannsæmandi kjara og réttinda á vinnumarkaði og allur almenningur býr við húsnæðisöryggi og traust velferðarkerfi sem fjármagnað er með réttlátu skattkerfi.

Misskipting auðs og tekna fer vaxandi hér á landi. Þessi þróun er ekki ásættanleg. Ójöfnuður dregur úr félagslegum hreyfanleika, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hefur neikvæð áhrif á hagvöxt, efnahag og lífskjör til framtíðar. Það er viðvarandi áskorun verkalýðshreyfingarinnar að stuðla að jöfnu samfélagi, jöfnum tækifærum og sanngjarnri tekjuskiptingu. Allir eiga að búa við atvinnu- og afkomuöryggi.

Skattbyrði launafólks hefur aukist á undanförunum áratugum. Sú þróun hefur lagst þyngst á hina tekjulægstu. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun og barna- og húsnæðisbætur hafa verið skertar. Í ríkisfjármálaáætlun birtist sú stefna stjórnvalda að veikja þessi kerfi enn frekar á sama tíma og hinir tekjuhæstu hafa notið góðs af fækkun þrepa í skattkerfinu, lágum sköttum á fjármagnstekjur og afnámi auðlegðarskatts. Tæknibreytingar, aukin sjálfvirkni, fjármálavæðing atvinnulífsins og nýting sameiginlegra auðlinda kalla á endurskoðun á skattkerfinu og fjármögnun samfélagslegra verkefna.

Tækifæri til náms eru afar mikilvægur þáttur í jöfnun lífskjara, sérstaklega þeirra sem litla formlega menntun hafa og þar sem eðli starfa breytist og kallar á aukna þekkingu og hæfni vegna tæknipróunar og aukinnar sjálfvirkni. Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum árum og áratugum samið um uppbyggingu starfsmenntasjóða og barist fyrir framlögum úr ríkissjóði í málaflokkinn. Eftir hrun hafa stjórnvöld dregið úr framlögum til þeirra sem



minnsta menntun hafa um þriðjung að raungildi og ef marka má ríkisfjármálaáætlunina er við litlu að búast. Einnig er mikilvægt að þróa raunfærni fyrir störf í atvinnulífinu og tryggja að sú hæfni sem launafólk hefur aflað sér í námi og starfi verði metin til launa og verði viðurkenndur hluti menntaferils launafólks.

Stækkandi hópur býr við erfiðar aðstæður og íþyngjandi húsnæðiskostnað á leigumarkaði en þar eru tekjulágir, ungt fólk og erlent launafólk í meirihluta. Leiguverð hefur hækkað verulega á undanförunum árum og leigjendur festast í þessu kerfi. Stöðugt fleiri neyðast til að vinna mikla aukavinnu til að ná endum saman. Hætta er á því að þessar aðstæður festi misskiptingu frekar í sessi og læsi fólk í gildrum fátæktar. Til lengdar leiðir slíkt ástand til heilsu-brests.

Stækkandi hópur er berskjaldaður gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum á vinnumarkaði. Sífelld fleiri eru neyddir til að setta sig við hrakvinnu eða gerviverktöku. Berskjöldun þessa hóps er mikil og til þess fallin að halda launum niðri, rýra tryggingavernd launamanna og ábyrgð atvinnurekenda á öryggi og heilsu þessa fólks.

Stéttarfélag þurfa í auknum mæli að glíma við brotastarfsemi af ólíkum toga, kerfisbundinn launþjófnað, undirboð á vinnumarkaði, kennitölufلاك, svarta atvinnustarfsemi og jafnvel þrælshald. Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstöðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Þrátt fyrir áratuga baráttu ríkir enn kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði. Lög um jafnlaunavottun gera kröfur um að launasetning í fyrirtækjum og stofnunum byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Það er staðreynd að á íslenskum vinnumarkaði ríkir launamismunur m.a. á grundvelli kyns, aldurs, uppruna og þjóðernis. Mismunun á aldrei rétt á sér.

## Stefna ASÍ

- Aukinn ójöfnuður í tekjum og eignum landsmanna síðastliðna áratugi verði leiðréttur.
  - Leitað verði leiða til að draga úr launabili innan fyrirtækja og stofnana, t.d. með því að launabil komi fram í ársreikningum.
  - Alþýðusamband Íslands hafnar ofurbónusum og óhóflegum arðgreiðslum til eigenda og áréttar kröfu verkalýðshreyfingarinnar um samfélag réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og heilbrigðs atvinnulífs. Ofurbónusar og óhóflegar arðgreiðslur til eigenda ganga þvert gegn þessum markmiðum, góðu siðferði og sjálfbærni í atvinnulífinu.

- Mikilvægt er að fulltrúar launafólks í lífeyrissjóðunum vinni í samræmi við stefnu verkalýðshreyfingarinnar.
- Eigendastefna lífeyrissjóða og framfylgd hennar endurspegli áherslur á aukinn jöfnuð og bætt siðferði.
- Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum beiti sér fyrir því að starfsfólk fyrirtækja njóti arðsemi þeirra ekki síður en hluthafar.
- Áhrif lagasetninga Alþingis verði ávallt greind með tilliti til jöfnuðar.
- Skattatilfærsla stjórnvalda síðustu áratugi hefur létt sköttum af hinum hæstlaunuðu og aukið skattbyrði á lág- og millitekjuhópa. Þetta skal leiðrétt.
  - Skattkerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki. Skattar á lágtekjufólk verði lækkaðir, lægstu laun gerð skattfrjáls með hækkun persónuafsláttar sem fylgi launaþróun og komið verði í veg fyrir sjálfvirkar skattahækkanir hinna tekjulægstu.
  - Húsnæðis- og barnabótakerfin verði endurreist og horfið verði frá þeirri stefnu að sá stuðningur renni einungis til hinna tekjulægstu.
  - Hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekuþrepi.
  - Lagðir verði á auðlegðarskattar og fjármagnstekjuskattur hækkaður til að stuðla að samfélagssátt og bregðast við auknum ójöfnuði eigna.
  - Brugðist verði við skattaundanskotum með auknu skatteftirliti.
  - Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald.
  - Styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarféлага verði skattfrjálsir.
- Auka þarf möguleika launafólks til að afla sér menntunar og færni, fá hana viðurkennda og metna til launa.
  - Íslenskukennsla verði eflað, gerð aðgengileg á vinnutíma og fari fram á tungumáli sem nemendur hafa gott vald á.
  - Móta þarf aðferðafræði varðandi launasetningu á grundvelli raunfærnimats á móti störfum í atvinnulífinu.
  - Auka þarf fjárveitingar hins opinbera til menntunar og fræðslu yfir allan starfsaldur.
  - Menntun um réttindi og skyldur á vinnumarkaði verði hluti af námskrá grunn- og framhaldsskóla.
- Brugðist verði nú þegar við þeim bráðavanda sem ríkir á húsnæðismarkaði þannig að allir hafi öruggt og gott húsnæði.
- Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði útrýmt. Þetta verður einungis gert með stórefldu eftirliti, auknum heimildum og samræmdum aðgerðum eftirlitsaðila.
  - Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði mætt með hörðum viðurlögum og sektum gagnvart brotafyrirtækjum í samstarfi við verkalýðshreyfinguna.
  - Lög um vinnustaðaeftirlit nái yfir allan vinnumarkaðinn.

- Sett verði löggjöf til að stöðva kennitölulflakk sem er skjótvirk og hefur raunverulega þýðingu.
- Lög um keðjuábyrgð verði almenn og nái yfir allan vinnumarkaðinn.
- Styrkt verði umboð stéttarfélaga til að verja rétt einyrkja.
- Unnið verði gegn launamismunun með öllum tiltækum ráðum. Jafnlaunavottun og rétt innleiðing jafnlaunastaðalsins er mikilvægt skref í þá átt.

## Verkefni ASÍ

- Hafa forystu um að tryggja áreiðanlegar og vandaðar mælingar á stigi ójöfnuðar á Íslandi þ.m.t. launabili innan fyrirtækja.
- Móta og útfæra sýn verkalýðshreyfingarinnar til uppbyggingar og þróunar skattkerfisins á grundvelli hagsmuna launafólks.
- Knýja á um samræmt eftirlit með brotastarfsemi á vinnumarkaði þ.m.t. skattsvikum og launþjófnaði.
  - Stuðla að auknu samstarfi og sameiningu eftirlitsaðila.
  - Hafa forystu um að birta „svartan lista“ yfir nöfn þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem stunda ítrekaða brotastarfsemi gegn launafólki.
- Berjast fyrir auknum fjárframlögum til menntunar launafólks með litla formlega menntun og þeirra hópa þar sem eðli starfa breytist vegna tækniþróunar. Próað verði kerfi raunfærnimats í atvinnulífínu sem meti störf og hæfni til launa.
- Opnber fjárframlög til leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni verði stóráukin.
- Hafa forystu um að veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í að fylgja eftir lögum um jafnlaunavottun og útvíkka vottunina þannig að hún nái til allrar mismununar.
- Hafa frumkvæði að því að vinna leiðbeinandi verklagsreglur fyrir aðildarfélög og trúnaðarmenn í samræmi við lög um jafnlaunavottun.

## Stefna ASÍ um tækniþróun og skipulag vinnunnar

43. þing ASÍ gerir kröfu um að ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks en ekki stórra fyrirtækja og að vinnumarkaður framtíðar feli í sér tækifæri til bættra lífskjara, styttingar vinnutíma og afkomuöryggis.

Vinnumarkaðurinn og samfélagið allt standa frammi fyrir miklum áskorunum. Hnattvæðingin þýðir að samfélög verða stöðugt alþjóðlegri. Á sama tíma hafa hraðar tæknibreytingar, vöxtur tengihagkerfisins, sjálfvirkni- og gervigreindarvæðing og aukin fjármálavæðing eignarhalds fyrirtækja vaxandi áhrif á stöðu launafólks og störf stéttarfélaga um heim allan. Samhliða því að treysta stöðu launafólks í þessum breytingum þarf að tryggja að sá ábati sem verður til af tækniframförum og aukinni framleiðni renni til launafólks og

samfélagsins alls en ekki bara fyrirtækjanna.

Áhrif tækniþróunar á vinnumarkað eru ekki ný af nálinni en aukinn hraði breytinga kallar á að verkalýðshreyfingin þurfi að vera vakandi fyrir þessari þróun. Störf munu hverfa, önnur breytast og ný störf verða til. Það er grundvallaratriði að ný tækni og breyttir atvinnuhættir þjóni hagsmunum alls launafólks. Þannig er nauðsynlegt að tryggja að verkefnum sé deilt þannig að allir sem hafa getu til fái góð störf við hæfi.

Mikilvægt er að gerð verði reglulega mannafla- og færnisþá og móta þarf hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram markmið um það hvernig atvinnulíf og vinnumarkaður á að þróast bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig þeim verður best náð. Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, atvinnulífs og verkalýðshreyfingar að móta slíka sýn og að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsstefna á hverjum tíma stuðli að framgangi hennar.

Hraðar breytingar á störfum og starfsumhverfi setja aukinn þrýsting á að einstaklingar uppfæri og þrói færni sína yfir starfsævina. Menntun, símenntun og endurmenntun mun leika stóran þátt í að tryggja stöðu launafólks á vinnumarkaði í sibreytilegum heimi. Grunn-, sí- og endurmenntun er á sameiginlega ábyrgð samfélagsins, fyrirtækjanna, einstaklinganna, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að efla verk- og starfsmenntun á öllum stigum ásamt því að tryggja samfellu í iðn- og verknámi með auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs. Mikilvægur þáttur í þessum efnum er öflugt fagháskólanám og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.

Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi og sérstaklega á landsbyggðinni. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, fólki af erlendum uppruna og einstaklingum með skerta starfsgetu. Tryggja þarf að hæfni sé metin til launa og skapa þannig hvatningu fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.

Fjarvinna, netvinna, íhlaupastörf, aukin verktakavæðing, tímabundin störf, óskýrara ráðningarsamband og lakari réttindi eru áskoranir sem stéttarfélag um allan heim standa frammi fyrir. Þótt vandamálin séu ekki ný þá hafa þau aukist og breytt um eðli með nýrri tækni og tilkomu tengihagkerfisins (t.d. Uber, Deliveroo, AirBnB). Reynslan sýnir að það er raunveruleg hætta á því að þessari þróun fylgi minna atvinnu- og afkomuöryggi.

Launafólk gerir kröfur um styttingu dagvinnutíma og minni yfirvinnu án skerðingar á launum. Tækniframfarir, aukin framleiðni og skipulagning vinnunnar gera vinnutímastyttingu og sveigjanlegri vinnutíma að raunverulegum kosti. Launafólk á heimtingu á mannsæmandi launum fyrir hóflega dagvinnu. Að dagvinnulaun dugi launafólki til að framfleyta sér og fjölskyld-

um sínum.

## Stefna ASÍ

- Ný tækni, aukin framleiðni og breyttir atvinnuhættir eiga að þjóna hagsmunum alls launafólks, umhverfisins og almennings.
  - Launafólk og samfélagið allt njóti arðsins af aukinni framleiðni og skipulagsbreytingum með nýrri tækni.
  - Komið verði í veg fyrir að fyrirtæki misnoti persónuupplýsingar um starfsmenn sína.
- Atvinnulýðræði með aðild starfsmanna að stjórnnum fyrirtækja hefur aldrei verið mikilvægara til að tryggja áhrif þeirra á skipulag vinnunnar og starfsemi fyrirtækjanna.
- Tryggja skal réttarstöðu og styðja launafólk sem missir vinnuna vegna tæknibreytinga og breytts skipulags vinnunnar.
- Strax verði hafin vinna við gerð mannafla- og færnispar og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland. Þar verði sett fram stefna um það hvernig við viljum að atvinnulíf og vinnumarkaður þróist bæði til lengri og skemmri tíma og hvernig markmiðunum verður best náð.
- Mæta þarf þörfum launafólks og atvinnulífs með því að stórefla sérstaklega iðn-, verk- og starfsmenntun á öllum stigum, þ.m.t. fagháskólanám og raunfærnimat.
  - Efla þarf verk- og tækniskilning strax í grunnskóla.
  - Byggja þarf brýr á milli skólastiga og verk- og bóknáms.
- Hækkun menntunarstígs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi, sérstaklega á landsbyggðinni, gagnvart þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki af erlendum uppruna, einstaklingum með skerta starfsgetu og annarra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
  - Mikilvægt er að launafólk geti sótt námið í vinnutíma og að það sé skipulagt á forsendum þess.
- Tryggja þarf að menntun og hæfni sé metin til launa og þannig skapist hvatning fyrir launafólk að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.
- ASÍ krefst sanngjarns tengihagkerfis (e. platform/gigg economy), sem viðurkennir rétt alls vinnandi fólks til mannsæmandi launa og starfskjara.
- Sporna þarf við þróun á ráðningarsambandi sem skapar óvissu og skerðir réttindi launafólks.
  - Tryggja þarf í löggjöf réttarstöðu þeirra sem starfa í tengihagkerfinu, stunda fjarvinnu, netvinnu, íhlaupastörf og verktöku.
  - Efla ber samvinnufélög starfsmanna sem svar launafólks við tengihagkerfinu.
- Styttu á dagvinnutíma og draga úr yfirvinnu án skerðingar á launum.

- Hafna á öllum hugmyndum um aukinn sveigjanleika varðandi skilgreiningu á dagvinnutímabilinu.
- Í ráðningarsamningum skal kveða skýrt á um vinnutíma og fyrirtæki virði frítíma starfsmanna.
- Lögbinda ber styttingu vinnutímans til að tryggja réttindi alls launafólks.

## **Verkefni ASÍ**

- Vera leiðandi og móta stefnu og áherslur verkalýðshreyfingar þegar kemur að innleiðingu nýrrar tækni og breyttum atvinnuháttum.
  - Gera kröfu um að starfsmenn og samfélagið allt njóti arðsins af aukinni verðmætasköpun.
  - Gæti hagsmuna starfsmanna við innleiðingu nýrrar tækni og vinnuskipulags.
- Gera kröfu um atvinnulýðræði og rétt starfsmanna til að skipa fulltrúa í stjórn fyrirtækja.
- Vinna að því að tryggja réttarstöðu launafólks sem missir vinnuna vegna tæknibreytinga og breytts skipulags vinnunnar og treysta stöðu þess á vinnumarkaði.
- Hafa frumkvæði að og leiða vinnu við gerð mannafla- og færnispár og mótun hæfnistefnu fyrir Ísland og að henni verði fylgt eftir.
- Leiða umræðu og stefnumótun aðildarfélaganna um menntamál og vinnumarkaðinn í ljósi tæknipróunar og breyttra atvinnuhátta með sérstakri áherslu á verk- og tæknimenntun.
  - Gæta í samstarfi við aðildarfélögin sérstaklega hagsmuna fólks á landsbyggðinni og sem hefur litla grunnmenntun, fólks af erlendum uppruna, einstaklinga með skerta starfsgetu og annarra sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði.
  - Gera kröfu um rétt allra til símenntunar og að námið fari fram í vinnutíma á forsendum starfsmanna.
  - Beita sér fyrir nægu fjármagni til sí- og endurmenntunar þannig að kostnaður fyrir launafólk sé ekki hindrun.
- Knýja á um eflingu fagháskólastigsins og þróun raunfærnimats á framhalds- og háskólastigi.
- Móta í samstarfi við aðildarfélögin tillögur að fyrirkomulagi og verklag varðandi mat á menntun og hæfni til launa út frá viðmiðum atvinnulífsins.
- Leiða umræðu og áherslu innan verkalýðshreyfingarinnar um hvernig sporna má við óhefðbundnum ráðningarformum, þ.m.t. í tengihagkerfinu, og beita sér fyrir löggjöf sem treystir réttarstöðu launafólks í slíku ráðningarsambandi.
- Vinna tillögur í samstarfi við aðildarfélögin um það hvernig tryggja má

- réttindi og þátttöku fólks í óhefðbundnu ráðningarsambandi í stéttarfé-  
lögunum.
- Beita sér fyrir löggjöf sem setur ramma um tengihagkerfið og treystir kjör og réttindi þeirra sem þar starfa.
    - Gæta hagsmuna starfsfólks í tengihagkerfinu og kortleggja árangur sem náðst hefur í að skipuleggja það í stéttarfélögin.
    - Aðeins tengihagkerfi sem tryggir kjör og réttindi þeirra sem við það starfa er ásættanlegt.
    - Stuðla að rekstrarformum (samvinnufélög) sem svari starfsmanna.
  - Leiða umræðu og stefnumótun innan verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir og útfærslu á styttingu vinnutíma sem tekur mið af ólíkum aðstæðum og væntingum á vinnumarkaði.
    - Leggja áherslu á að skýr mörk séu dregin milli vinnutíma og frítíma launafólks.



## Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2018 til september 2019.

Í byrjun árs 2019 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar rammann um starfsemina og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og notkun þeirra fjármuna



sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni. Þá voru reikningar ASÍ og stofnana þess fyrir árið 2018 afgreiddir af hálfu miðstjórnar.

Eðli málsins samkvæmt eru kjaramál í víðum skilningi og samskiptin við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og voru þau á dagskrá á öllum fundum hennar á tímabilinu. Því tengt hefur ítrekað verið fjallað um efnahags-, vinnumarkaðs- og félagsmál, s.s. stöðuna á vinnumarkaði almennt og félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði, jafnréttismál, stöðu heimilanna í landinu, húsnæðismálin, heilbrigðis- og velferðarmálin, lífeyrismálin og málefni ungs fólks.

Miðstjórnin afgreidir allar tilnefningar af hálfu ASÍ í stjórnir og nefndir og ákveður þær áherslur sem fulltrúar Alþýðusambandsins fylgja.

Þá voru eftirtalin málefni kynnt sérstaklega með framsögum sérfræðinga utan ASÍ og umræðum í miðstjórn:

- Félagsvísar Hagstofunnar: Gró Einarsdóttir
- Bjarg íbúðafélag: Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs.
- Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum: Axel Hall
- Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004–2016: Kolbeinn Stefánsson
- Ísland og fjórða iðnbyltingin: Huginn Freyr Þorsteinsson

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna kjara-, skatta- og efnahagsmálin, húsnæðismálin, jafnréttismál, aðgerðir gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði, menntamál, lífeyrismál, heilbrigðismál, almannatryggingar og verðlagseftirlit.

### 43. þing ASÍ

Á fundum miðstjórnar 19. september og 3. október voru afgreidd drög að stefnuskjölum fyrir 43. þing ASÍ og lykilákvæðanir um þingið og framkvæmd þess afgreiddar. Yfirskrift þingsins hafði áður verið ákveðin STERKARI SAMAN. Viðfangsefni þingsins voru römmuð inn undir fimm fyrisögnum:

- Tekjuskipting og jöfnuður.
- Heilbrigðisþjónusta og velferð.
- Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs.
- Húsnæðisöryggi.
- FRAMTÍÐIN ER NÚNA! Tækniþróun og skipulag vinnunnar.

Þá voru tvær hringferðir um landið vorið og haustið 2018, þar sem viðfangsefni þingsins voru kynnt stjórnnum, trúnaðarráðum og áhugasömum

félagsmönnum/væntanlegum þingfulltrúum aðildarfélaganna og leitað eftir viðhorfum og skoðunum þeirra til efnisins.

## **Þing og málefni ASÍ-UNG**

Á fundi miðstjórnar 19. september kynnti fulltrúi ASÍ-UNG þingið og samþykktir þess, auk þess sem minnisblað um þingið lá fyrir fundinum. Fram kom að þingið hafi tekist vel, fleiri mætt en reiknað hafi verið með, umræður verið fjörugar og góðar og kosið hafi verið til trúnaðarstarfa. Þá var gerð grein fyrir ályktun um áherslur í kjarasamningum sem samþykkt var á þinginu:

Í umræðum kom fram ánægja meðal miðstjórnarmanna með hversu vel þing ASÍ-UNG hefði tekist, hversu kraftmikið það hafi verið og að mikilvægt væri að styðja við og efla starf ungliða bæði á vettvangi ASÍ og aðildarfélaganna. Fram kom að starf Starfsgreinasambandsins með ungu fólki hafi skilað góðum árangri og einnig námskeiðið „Ungir leiðtogar“ og var hvatt til þess að slíkt námskeið verði reglulegur hluti af starfi ASÍ-UNG. Fram kom að ánægjulegt er hversu mikill áhugi var að starfa í stjórn ASÍ-UNG en að slæmt væri að stærsta aðildarfélag ASÍ, VR, ætti ekki fulltrúa í stjórninni. Það væri hins vegar mikilvægt hlutverk ASÍ-UNG að rækta sambandið við ungt fólk í öllum aðildarfélagunum. Einnig var gagnrýnt að aðeins um helmingur aðildarféлага ASÍ sendu fulltrúa á þingið.

Þá varð nokkur umræða um tillöguna um að ASÍ-UNG fái fulltrúa í miðstjórn ASÍ og um að formaður ASÍ-UNG verði ráðinn í fullt starf. Ákveðið var að miðstjórn myndi fjalla nánar um það efni og móta reglur um stöðu og greiðslur fyrir starf formanns ASÍ-UNG út frá áherslunni um að styðja og styrkja starfsemi ungliðanna.

Á fundum miðstjórnar í nóvember 2018 og febrúar 2019 var aftur fjallað um málefni ASÍ-UNG, starfsemi og stuðning ASÍ við starfsemina. Einnig var fjallað um stöðu formanns ASÍ-UNG og greiðslur til hans og samþykkt gerð um það efni.

## **Félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði**

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skipa samstarfshóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að gera tillögur til að vinna gegn félagslegum undirboðum og ósk um tilnefningu af hálfu ASÍ var á fundi miðstjórnar ASÍ 17. október samþykkt að leggja til grundvallar „fimm punkta áætlun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Tillögur samstarfshópsins voru kynntar opinberlega 30. janúar 2019 og fjallað um þær í miðstjórn í framhaldinu. Þessar tillögur sem eru í tíu liðum voru síðan að kröfu ASÍ hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 3. apríl

2019, auk þess sem þar var bætt við efnisatriði er varðar hlutlæga bótaábyrgð/ „févítí“.

Nánar er gerð grein fyrir þessu máli á öðrum stað í skýrslunni.

## **Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2019**

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2019 var til umfjöllunar á fundi miðstjórnar ASÍ í desember 2018 og afgreidd 9. janúar 2019. Í áætluninni segir um áherslur ársins:

„Við undirbúning starfs- og fjárhagsáætlunar 2019 hefur verið stuðst við niðurstöður 43. þings ASÍ, forgangsröðun málefnanefnda ASÍ ásamt svörum við könnun sem send var til allra formanna félaga ASÍ.

Stefnuskjöl 43. þings ASÍ marka stefnu og verkefni Alþýðusambandsins til næstu tveggja ára. Þar eru það ekki síst húsnæðismál, skattamál og barátta gegn undirbóðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði sem þingið lagði sérstaka áherslu á. Málefnanefndir hafa tekið stefnuskjöl þingsins og forgangsraðað þeim verkefnum sem lögð verður áhersla á að vinna á árinu.

Aukin áhersla er á samskipti skrifstofu og starfsfólks ASÍ við félögin og í anda þess verða farnar tvær hringferðir á árinu. Sú fyrri í byrjun ársins til að kynna niðurstöður 43. þings ASÍ fyrir fulltrúum aðildarfélaganna og með hvaða hætti þær niðurstöður endurspeglast í starfsáætlun Alþýðusambandsins á árinu.

Jafnframt er lögð enn meiri áhersla á rannsóknar- og greiningarvinnu og að tryggja betra aðgengi að upplýsingum og efni á fjölbreyttan hátt bæði hvað tungumál og miðla varðar.

Sú nýbreytni er á framsetningu starfs- og fjárhagsáætlunar að þessu sinni að aðeins verður gerð örstutt grein fyrir hlutverki ASÍ og starfi deilda skrifstofunnar. Megináherslan er lögð á að tilgreina þau verkefni sem stefnt er að á árinu 2019.“

## **Launastefna fyrir skrifstofu ASÍ**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2018 var samþykkt eftirfarandi launastefna fyrir skrifstofu ASÍ:

*„Launastefnan skal samræmast starfsmanna- og jafnréttisstefnu ASÍ. Markmið hennar skal vera að tryggja öllu starfsfólki sömu laun og sömu kjör fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf þannig að ekki sé mismunad. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.*

*ASÍ skal ekki vera launaleidandi á vinnumarkaði en telur mikilvægt að laða til sín hæft starfsfólk. Uppbyggingu launa er því ætlað að stuðla að samkeppnisfærum launum í samanburði við sambærilega hópa á vinnu-*

markaði. Til hliðsjónar skal því hafa að staðsetja launasetningu á milli miðgildis og efri fjórðungs tekna sambærilegra hópa.

Laun forseta skal vera innan þeirra marka að hæstu laun fari ekki umfram ferfalda lágmarkstekjutryggingu skv. kjarasamningum ASÍ, laun varaforseta eru 15% af launum forseta.

Forsendur launaákvæðana skulu vera í samræmi við launauppbyggingu ASÍ og studdar rökum sem tryggi að sömu laun séu greidd og starfskjör veitt fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf nema málefnaleg og skýr rök leiði til annars.

Launaákvæðanir skulu taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og edli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum öðrum þáttum svo sem reynslu, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfs- og samskiptahæfileikum, stjórnun og verkefnum.

Til skulu vera starfslýsingar fyrir öll störf hjá ASÍ. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni og reynslu og þá ábyrgð sem starfinu fylgir.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á launastefnu ASÍ í samráði við Launanefnd miðstjórnar ASÍ. Hann ber jafnframt ábyrgð á að framfylgt sé jafnlaunastefnu sambandsins og þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast framkvæmd vottaðs jafnlaunakerfis.

Ákvæðanir um launabreytingar eru teknar af framkvæmdastjóra sem fer yfir laun alls starfsfólks árlega eða oftár ef við á til að tryggja að samræmis sé gætt í launum og starfskjörum. Starfsfólk getur fengið viðtal við framkvæmdastjóra um endurskoðun launa.“

## **Ný skipan málefnanefnda ASÍ**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2018 var samþykkt nýtt fyrirkomulag varðandi málefnanefndir ASÍ:

Alþjóðanefnd  
Efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd  
Húsnæðisnefnd  
Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd  
Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd  
Mennta- og kynningarnefnd  
Umhverfis- og neytendanefnd  
Skipulags- og starfsháttanefnd

Þá var ákveðið að formenn nefnda skyldu vera félagi í miðstjórn ASÍ og að ASÍ-UNG eigi rétt til að tilnefna fulltrúa í allar málefnanefndirnar, auk miðstjórnar, landssambandanna og félaga með beina aðild sameiginlega.

## Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar árin 2019–2023

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2018 kynnti forseti ASÍ ósk um aðkomu Alþýðusambands Íslands að útgáfu ritraðarinnar Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar árin 2019–2023. Þá gerði hún grein fyrir því mikilvæga framlagi sem útgáfan er til varðveislu á íslenskri alþýðumenningu. Næsta útgáfa mun fjalla um húsakost alþýðufólks og mun m.a. verða nýtt efni úr myndasafni ASÍ.

Samþykkt var að styðja útgáfu næstu tveggja bóka í ritröðinni um kr. 800.000 og að ASÍ fái fyrir það í sinn hlut nokkur eintök af hvorri bók.

## Félagsaðild og þjónusta aðildarfélaganna

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. desember 2018 var lagt fram minnisblað þar sem segir m.a.:

*„Að undanförunu hafa í vaxandi mæli komið upp mál þar sem skort hefur á að (erlent) launafólk hafi fengið þjónustu og stuðning stéttarfélaganna:*

- a. *Starfsmenn Vinnuálagstofnunar benda á að vaxandi fjöldi launafólks leiti til stofnunarinnar til að fá ráðleggingar eftir frávísun stéttarféлага og leða stéttarfélög neita þeim um þjónustu eða ráðleggingar á þeirri forsendu að viðkomandi hafi ekki greitt stéttarfélagsgjöld til þeirra, séu ekki á þeirra starfssvæði eða séu ekki að greiða í rétt stéttarfélag.*
- b. *ASÍ hefur einnig orðið vart aukningar á kvörtunum vegna þessa.*

*Vandinn er í raun tvíþættur, engin félagsaðild eða „röng“ félagsaðild, þ.e. greitt er í annað stéttarfélag en stéttarfélag á því samningssvæði sem viðkomandi launamaður/launamenn starfa á.*

*Ástæður þess að stéttarfélagsgjöld eru ekki greidd eða greidd í „rangt“ stéttarfélag, eru að atvinnurekandi annaðhvort ráðleggur starfsmanni að greiða ekki til verkalýðsfélags og/eda fullyrðir að þess sé ekki þörf eða að þeir eigi að greiða í ákveðið stéttarfélag eða geti valið hvert þeir greiða.*

*Þá segir í lok minnisblaðsins:*

*Eftir stendur réttindalaus starfsmaður sem í flestum tilfellum er þolandi launaþjófnaðar og þarf einnig að takast á við það að vera sendur sitt á hvað milli stéttarféлага eða vera hreinlega neitað um alla þjónustu á fyrrgreindum forsendum. Oftast er um erlent vinnuafli að ræða.“*

Í umræðum um málið voru miðstjórnarmenn sammála því að taka þurfi á málunum þannig að tilvik eins og þau sem greint er frá í minnisblaðinu þar sem launafólk er neitað um þjónustu komi ekki upp. Að lokinni umræðu var samþykkt að vísa málinu til skipulags- og starfsháttanefndar sem hefur málið til úrlausnar.

## Húsnæðismálin og staða Blævar

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. febrúar gerði Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, grein fyrir vinnu að hugmyndum um hvernig megi fjármagna og reka óhagnaðardrifid íbúðafélag fyrir félagsmenn stéttarfélaganna með stofnframlagi lífeyrissjóðanna og studdist við slæður sem lágu fyrir fundinum. Hann byrjaði á að vísa til tillagna átakshóps um aukið framboð á íbúðum, og tillögu 8: „Leitað verði eftir samstarfi stéttarfélaga, SA og lífeyrissjóða um fjármögnun húsnæðisfélagsins Blæs.“, vísaði til nokkurra fjármögnunarleiða og benti á að lífeyrissjóðunum er heimilt að eiga íbúðarhúsnæði og fjallaði frekar um aðkomu þeirra. Hann sagði að markmið húsnæðisfélags með aðild lífeyrissjóða væri:

- Góð arðsemi fyrir lífeyrissjóði.
- Aukin áhættudreifing.
- Húsnæðisöryggi leigjenda.
- Leiga ræðst af rekstri félags og stofnkostnaði.
- Leigufélag sem tryggði langtímaleigu.

Lífeyrissjóðir væru að leggja eigið fé í íbúðahúsnæðismarkaðinn á Íslandi og væru þannig að njóta markaðshækkunar á íbúðamarkaðnum á Íslandi sem þeir hafa að mjög litlu leyti gert hingað til.

Þá fjallaði Stefán um ákvörðun leigu og rekstrarforsendur og áhættuþætti.

Samþykkt var að skipaður yrði starfshópur forseta og þriggja fulltrúa sem komi úr stjórn Bjargs og endurspegli ólíka hópa innan sambandsins sem hefði að markmiði að vinna málið frekar og skila tillögum til miðstjórnar og að hópnum yrði sett erindisbréf.

## Yfirskrift 1. maí aðgerða 2019

Á fundi miðstjórnar 20. mars var ákveðið að yfirskrift 1. maí aðgerða 2019 yrði:

### *Jöfnum kjörin – samfélag fyrir alla*

*Kröfur verkalýðshreyfingarinnar í yfirstandandi kjaraviðræðum endurspeglar það óréttlæti sem hefur verið að læsa sig um íslenskt samfélag. Ójöfnuður hefur aukist og sífellt fleiri hópar sitja eftir í samfélagi sem hefur alla burði til að gera betur. Þúsundir barna alast upp við fátækt, staða kvenna og einstæðra karla í láglaunastörfum er vægast sagt þröng, margir útlendingar á vinnumarkaði búa við hörmulegar aðstæður og hópur aldradra og öryrkja nær ekki endum saman. Þetta er ekki ásættanleg staða í einu ríkasta landi heims. Við viljum samfélag þar sem fólk getir lifað með reisn, þar sem öll börn hafa sömu möguleika, þar sem full vinnandi fólk þarf ekki að hokra í fátækt.*

*Ótal rannsóknir og kannanir sýna að þeim samfélögum farnast best þar sem jöfnuður er mestur. Þar sem enginn er skilinn eftir. Vissulega er jöfnuður meiri hér á landi en víða annars staðar en við getum gert svo miklu betur. Hvernig má það vera í samfélagi sem kennir sig við velferð að skattbyrði þeirra tekjulægstu hefur verið þyngd á meðan skattar þeirra tekjuhæstu lækka? Það er öfugmælavísa úr leikhúsi fáránleikans. Kröfjur verkalýðshreyfingarinnar í viðræðum við atvinnurekendur eru tilraun til að laga þetta óréttlæti. Það er nefnilega nóg til fyrir alla.*

*Jöfnum kjörin í okkar gjöfula landi og búum þannig til gott samfélag fyrir okkur öll.*

*ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.*

## **Gjaldþrot WOW og staðan á vinnumarkaði**

Á fundi miðstjórnar 17. apríl var gjaldþrot WOW og afleiðingar þess til umfjöllunar. Fyrir fundinum lágu tvö minnisblöð. Annars vegar minnisblað frá Vinnuálastofnun þar sem gerð er grein fyrir atvinnuleysi almennt og stöðunni vegna gjaldþrots WOW sérstaklega. Hins vegar minnisblað frá hagdeild ASÍ um atvinnuástandið almennt og þróun þess. Fram kom m.a. að frá 28. mars til 8. apríl höfðu 740 fyrrum starfsmenn WOW sótt um atvinnuleysisbætur, þar af búa 610 á höfuðborgarsvæðinu og 108 á Suðurnesjum.

Fjallað er sérstaklega um þann hóp sem var í námi samhliða starfi sem ekki átti rétt á námslánnum sökum tekna og ekki atvinnuleysisbótum vegna námsins. Vinnuálastofnun hringdi í alla þá starfsmenn sem voru í námi við umsókn og að lokinni umræðu var eftirfarandi bókun samþykkt:

*„Bókun vegna aðstoðar ASÍ við Flugfreyjufélag Íslands vegna gjaldþrots WOW air*

*Flugfreyjur og flugþjónar sem misstu vinnuna við gjaldþrot WOW air fengu engin laun frá fyrirtækinu um síðustu mánaðamót. Eins og gefur að skilja er það mikið fjárhagslegt högg fyrir þessa einstaklinga.*

*Vegna stöðunnar ákvað stjórn Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) og Alþýðusamband Íslands að tryggja fé þannig að starfsfólk fái lágmarks aðstoð sem fyrst í gegnum Flugfreyjufélag Íslands.*

*FFÍ er lítið stéttarfélag og þegar 35% af félagsmönnum missa vinnuna á einu bretti er það stór skellur. Það er fordæmalaust að svo stór hluti félagsmanna í einu stéttarfélagi lendi í gjaldþroti samtímis. ASÍ ákvað því að hlaupa undir bagga fjárhagslega og verða þannig hluti af lausninni. Lán ASÍ til FFÍ er tryggt með veðskuldabréfi og kröfum í Ábyrgðasjóð vegna þrotabús WOW air.*

*Greiðslan hefur þegar verið innt af hendi til þeirra sem um hana sóttu og þurfti starfsfólk að koma á skrifstofu FFÍ og framselja kröfu í þrotabúið. Upp-*

*hæð aðstoðarinnar fór eftir möguleika FFÍ til að afla upplýsinga um marslaun úr þrotabúinu.“*

## **Dómar er byggja á tómlæti starfsmanna**

Á þremur miðstjórnarfundum í maí og júní voru til umfjöllunar dómar sem fallið hafa og byggja á tómlæti starfsmanna. Á fundi 8. maí þar sem málið var fyrst til umfjöllunar var einkum fjallað um dóm Hæstaréttar í máli Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) fyrir hönd félagsmanns síns sem jafnframt var trúnaðarmaður, gegn Skaganum, mál nr. 31/2018. Fram kom það mat lögmanns (VLFA) að dómurinn víki í veigamiklum atriðum frá dómaframkvæmd fram að þessu hvað varðar mögulegt tómlæti starfsmanna. Jafnframt að dómurinn væri þegar farinn að hafa áhrif á dómaframkvæmd, bæði á héraðsdómsstigi og fyrir Landsrétti þar sem byggt er á tómlæti starfsmanna. Hann fjallaði síðan um hvernig Hæstiréttur nálgast tómlætishugtakið: „Það er búið að snúa öllu á haus“ sagði hann. Öll ábyrgðin er nú sett á launamanninn þótt fyrir liggi að ráðningarsamningar uppfylli ekki lágmarksákvæði kjarasamninga og atvinnurekendur brjóti lágmarksákvæði kjarasamninga gagnvart starfsmönnum sínum. Einnig benti hann á þann möguleika að bæta inn ákvæði í lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks svohljóðandi: „Laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skulu ekki falla niður fyrir tómlæti en fyrnast samkvæmt almennum reglum“.

Á fundi miðstjórnar 15. maí var lagt fram minnisblað frá lögmanni ASÍ þar sem málið er reifað. Í lok minnisblaðsins segir m.a:

*„Það er álit mitt að í ljósi þess, að því er virðist, lítt breyttrar túlkunar Hæstaréttar á réttaráhrifum tómlætis sé ekki tímabært að draga þá ályktun að tekin hafi verið upp ný og strangari túlkun á venjubundnum réttarreglum um tómlæti í vinnurétti.*

*Þrátt fyrir þetta álit mitt tel ég fulla ástæðu til þess að hreyfa þessari umræðu í tengslum við viðræður ASÍ, SA og stjórnvalda um mögulega útfærslu á skaðabótum (féviti) vegna kjarasamningsbrota atvinnurekenda. (Sjá meðfylgjandi minnisblað Lögfræðideildar frá 4.12 2018).“*

Þá kom fram að lögmaður ASÍ væri sérstaklega ósáttur við nýfallinn dóm Héraðsdóms Vesturlands og skýrði ástæður þess.

Á fundi miðstjórnar 5. júní var málið enn til umræðu. Forseti ASÍ gerði í upphafi grein fyrir dómi Evrópudómstólsins sem féll fyrir í mánuðinum sem styrkir mjög þau sjónarmið sem verkalýðshreyfingin hefur haldið fram um ábyrgð atvinnurekenda þegar kemur að vinnutíma- og hvíldartímamálunum. Þá sagði hún frá kvörtun sem ASÍ hefur sent Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um málið og fundi með stjórnendum ESA þar sem því var fylgt eftir. Loks kom



fram að ASÍ hefur einnig sent erindi á félagsmálaráðuneytið þar sem vakin er athygli á málinu og kvörtuninni til ESA og bent á að taka þurfi upp löggjöfina til að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Þá kom fram að formaður VLFA og framkvæmdastjóri VR hefðu átt fund með ráðherra um málið og kynnt honum hugmyndina að breytingu á lögum nr. 55/1980 sem greint er frá hér að framan. Málið er nú í frekari vinnslu.

Miklar umræður urðu um málið og kom fram hjá miðstjórnarmönnum að staðan væri grafalvarleg og mikilvægt að bregðast við henni af festu og ákveðni, enda grundvallarréttindi launafólks og almennt gildi kjarasamninga undir. Leita bæri allra leiða til að leiðrétta stöðuna og var tekið undir að skoða ætti allar þær hugmyndir sem kynntar hefðu verið. Þá væri spurning um að taka málið upp við Samtök atvinnulífsins í ljósi alvarleika málsins. Einnig kom fram að forsetarnir mundu hitta félagsmálaráðherra daginn eftir þar sem þetta mál væri á dagskrá. Einnig var umræða um mikilvægi upplýsingagjafar til félagsmanna stéttarfélaganna um að gæta að réttindum sínum.

Í lok umræðunnar var samþykkt að forysta ASÍ setti fram viðbragðsáætlun vegna málsins og að hún verði til umfjöllunar á næsta fundi, jafnframt yrði lögð fram yfirlýsing til birtingar á heimasíðum og í fjölmiðlum þar sem afstaða og alvarleiki málsins er skýrt.

## **Stefnumótun í umhverfis- og neytendamálum**

Á fundi miðstjórnar 5. júní var gerð ítarlega grein fyrir tillögum umhverfis- og neytendanefndar ASÍ um stefnumótun og aðgerðir í umhverfis- og neytendamálum. Varðandi „Starf og stefnumótun 2019–2020“ kom eftirfarandi fram:

Markmið er að leggja fram drög að róttækri stefnu í umhverfis- og neytendamálum fyrir 44. þing ASÍ í október 2020.

Undirbúningur felst í ráðstefnum og málþingum þar sem fjallað verður um umhverfismál, loftslagsbreytingar og neytendamál.

Afrakstur verði drög að stefnu til kynningar í lok apríl 2020.

Þá var fjallað um hugmyndir um áherslur og aðgerð ASÍ til að vekja athygli á og vinna gegn matarsóun og tengingu starfs verkalýðshreyfingarinnar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Umhverfis- og neytendanefnd vinnur einnig að leiðbeiningum fyrir aðildarfélög ASÍ um hvernig nota má GRÆN SKREF.

Að lokum var fjallað um mögulegt samstarf við aðila um framhaldið.

## **Kynning á málsókn „Gráa hersins“**

Á fundi miðstjórnar 28. ágúst mætti Finnur Birgisson frá Gráa hernum til að kynna væntanlega málsókn vegna skerðinga í lífeyrisherfinu. Grái herinn

er lausbeislað afsprengi Félags eldri borgara í Reykjavík. Fram kom að eftir miklar umræður innan samtaka eldri borgara hafi verið ákveðið að láta reyna á að fara í dómsmál til að fá skerðingunum í lífeyrkerfinu hnekkkt. Hins vegar væri ekki enn búið að forma endanlega kröfurnar sem settar verði fram og um það eru nokkuð ólíkar hugmyndir. Sumir vilji gera kröfu um afnám allra skerðinga að fullu meðan aðrir vilji ekki ganga svo langt en fá með dómi viðurkennt að skerðingarnar gangi allt of langt og að vinna verði ofan af þeim þannig að um muni. Fram kom að búið er að stofna „Málsóknarsjóð Gráa hersins“ til að standa fyrir málaferlunum. Þá hefur verið leitað eftir fjárhagsstuðningi vegna málarekstursins og hafa þegar fengist vilyrði fyrir myndarlegum framlögum frá nokkrum stéttarfélögum og samböndum og hefur komið fram mikill velvilji gagnvart málinu.

## **Fundargerðir miðstjórnar ASÍ - Fréttamolar frá skrifstofu ASÍ**

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ, trúnaðarmenn og aðrir félagsmenn séu upplýstir um þau málefni sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, stefnumótun sem þar á sér stað og ákvarðanir sem þar eru teknar er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

1. Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ, [www.asi.is](http://www.asi.is), um leið og þær liggja fyrir.
2. Fréttamolar - frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánuðagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum tvisvar í mánuði). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundi, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsingar og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaganna ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. Aðildarfélagunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.
3. Vinnan kemur út 1. maí ár hvert. Útgáfan er rafræn og stendur saman af greinum og myndskleiðum þar sem fjallað er um málefni sem varða launafólk og hagsmuni þess.
4. Í skýrslu forseta sem út kemur árlega í október og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt á starfi miðstjórnar ASÍ og helstu málum sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu.

# ÁLYKTANIR MIÐSTJÓRNAR ASÍ

## Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið, 19. september 2018

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni í þeim kjaraviðræðum sem í hönd fara, þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda í samskiptum við verkalýðshreyfinguna um aukna áherslu á félagslegan stöðugleika.

ASÍ hefur undanfarin ár gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir að þyngja skattbyrði þeirra tekjulægstu stöðugt á sama tíma og þeir tekjuhærri hafa notið skattalækkana. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár er reyndar skorið á sjálfvirka skattalækkun hinna ríkari, sem er jákvætt, en það er hins vegar dapurlegt að ríkisstjórnin ríghaldi í það fyrirkomulag að þyngja skattbyrði þeirra verst settu með sjálfvirkum hætti. Verkalýðshreyfingin mun ekki horfa aðgerðarlaus á þessa þróun.

### Rýrt innlegg ríkisstjórnar inn í kjaraviðræður

Húsnæðis- og vaxtabætur eru áfram skertar þrátt fyrir þá alvarlegu stöðu sem er á húsnæðismarkaði, sem bitnar verst á þeim sem hafa minnst handa á milli. Það er ánægjulegt að barnabætur hækka skv. frumvarpinu, en á sama tíma er aukið við tekjutengingu á millitekjufólk og jaðarskattar þess hækkaðir með auknum skerðingum. Það eru kaldar kveðjur ríkisstjórnarinnar til ungs fólks sem vill stofna fjölskyldu, koma sér þaki yfir höfuðið og eignast börn.

ASÍ hefur lengi vakið athygli stjórnvalda á því, að þeir sem eru með minnsta menntun eru líklegir til að missa fyrstir vinnuna í fjórðu iðnbyltingunni sem nú bankar á dyrnar. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sér þess engan stað að til standi að styðja og styrkja lágtekjufólk svo það fái annað tækifæri til náms, þrátt fyrir mikla umræðu í samráðsferli vinnumarkaðarins við stjórnvöld undanfarna mánuði. Þannig er Fræðslusjóður enn einu sinni sveltur. Kinnroðalaust stillir ríkisstjórnin láglaunafólki með litla menntun í fremstu víglínu andspænis þeim breytingum sem eru yfirvofandi á vinnumarkaði. Hún skilar auðu.

Það má finna ýmislegt jákvætt í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, eins og aukið fé til réttinda launafólks í vinnumarkaðssjóðunum og ýmsa þætti heilbrigðiskerfisins o.fl., en þau atriði sem hér er drepíð á eru ekki sæmandi samfélagi sem vill láta kenna sig við velferð og jöfnuð.

## Ályktun miðstjórnar ASÍ um Icelandair, 3. október 2018

Með ákvörðun Icelandair um að segja upp á annað hundrað flugfreyjum og flugþjónum er þeim settir afarkostir, annaðhvort taki þeir fullt starf eða missi

vinnuna. Þessi ákvörðun félagsins er í andstöðu við sátt og sameiginlegan skilning stéttarfélags flugfreyja og flugþjóna sem staðfestur er með sérstakri bókun með kjarasamningi aðila um þetta efni. Það er krafa verkalýðshreyfingarinnar að fyrirtækið virði réttindi flugfreyja og flugþjóna, þ.m.t. kjarasamninga sem gerðir hafa verið og bókanir með þeim.

### **Icelandair á rangri leið!**

Til að bíta höfuðið af skömminni hefur Icelandair sagt upp á þriðja tug starfsmanna hér á landi og ákveðið að útvista verkefnum til Eyrstrasaltsríkja þar sem laun og önnur starfskjör eru allt önnur og verri en hér gilda. Minna þær aðfarir óþægilega á þá viðskiptahætti sem Primera Air ástundaði í fullkominni óþökk norrænnar verkalýðshreyfingar. Enda reyndist það feigðarflan.

Icelandair er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins og hefur notið ákveðinnar virðingar vegna starfsmannastefnu sinnar. Sá harkalegi stjórnunarstíll sem fyrirtækið sýnir nú á ekkert skylt við hana.

Miðstjórn ASÍ harmar þá vegferð sem Icelandair er á og krefst þess að stjórnendur félagsins afturkalli nú þegar uppsagnirnar. Allt annað er óásættanlegt.

### **Ályktun miðstjórnar ASÍ um starfsemi Primera Air Nordic, 3. október 2018**

Flugfreyjufélag Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa undanfarin ár leitast við að stöðva ólöglega starfsemi Primera Air Nordic og félagsleg undirboð þess á íslenskum vinnumarkaði. Þegar starfsemi félagsins stöðvast nú vegna greiðsluþrots liggur fyrir boðun ótímabundinnar vinnustöðvunar frá og með 15. nóvember nk.

Miðstjórn ASÍ harmar að Vinnumálastofnun hafi, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur FFÍ og ASÍ, látið hjá líða að nota þau lagalegu úrræði sem stofnunin hefur til þess að stöðva ólöglega starfsemi Primera Air Nordic hér á landi. Af þeim ástæðum eru nú áhafnir þeirra flugvéla sem gerðar hafa verið út frá Íslandi strandaglópar erlendis, fólk sem greidd hafa verið smánarlaun og sem ranglega hefur verið skráð sem verktakar. Til viðbótar er fjöldi Íslendinga nú strandaglópar erlendis vegna gjaldþrotsins.

Miðstjórn ASÍ skorar á stjórnvöld að sjá til þess að Vinnumálastofnun sinni því eftirlitshlutverki sem stofnuninni er ætlað á íslenskum vinnumarkaði m.a. til þess að koma í veg fyrir brotastarfsemi erlendra fyrirtækja og aðför þeirra að íslenskum vinnumarkaði.

### **Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna hækkunar stýrivaxta, 7. nóvember 2018**

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þá ákvörðun pen-

ingastefnunefndar Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti í dag og mun þessi ákvörðun ekki auðvelda að sátt náist í komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Nú þegar eru stýrivextir hér á landi margfalt hærri en í nágrannalöndunum og vaxtastigið hefur veruleg áhrif á lífskjör almennings og möguleika fólks til að sjá fyrir sér.

Ef takast á að bæta lífskjör hér á landi í komandi kjarasamningum þurfa allir að leggjast á eitt og er peningastefnunefnd Seðlabankans þar alls ekki undanskilin.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019, 21. nóvember 2018**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeirri stefnu sem endurspeglast með skýrum hætti í breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019. ASÍ hefur á undanförunum árum ítrekað varað við þeirri stefnu í opinberum fjármálum sem byggir á því að veikja tekjustofna með skattalækkunum til hinna tekjuhæstu. Sú leið er óásættanleg.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að strax verði ráðist í að treysta undirstöður velferðar og félagslegs stöðugleika. Þar ríkir bráðavandi.

Fyrirséð er að núverandi stefna stjórnvalda er ósjálfbær þegar hægja tekur á vexti í efnahagslífinu. Alþýðusamband Íslands mun aldrei setta sig við að launafólki, öldruðum og öryrkjum verði gert að axla byrðarnar af óábyrgri ríkisfjármálastefnu. Það er óásættanlegt að stjórnvöld mæti ekki kröfum verkalýðshreyfingarinnar og nýti tækifærið til að ráðast í þau miklu verkefni sem bíða; að stórbæta lífskjör, styrkja velferðina og tryggja almenningi gott húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að stjórnvöld sýni í verki vilja sinn til að jafna kjörin og byggja í haginn til framtíðar og komi strax með aðgerðir sem mæta kröfum verkalýðshreyfingarinnar vegna yfirstandandi kjaraviðræðna.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um vanda Wow og afleiðingar hans, 30. nóvember 2018**

Undanfarna mánuði hefur mikil óvissa ríkt um um framtíð flugfélagsins Wow, félags sem fengið hefur að vaxa óheft og á hraða sem virðist á engan hátt hafa verið sjálfbær. Þetta er ástand sem minnir óþægilega á óheftan vöxt bankanna í aðdraganda efnahagshrunsins fyrir áratug.

Stærð og áhrif Wow á efnahagskerfi landsins eru gríðarleg og afleiðingarnar af hugsanlegu þroti fyrirtækisins yrðu alvarlegar. Verðbóluskot, atvinnuleysi og samdráttur sem bitnar verst á venjulegu launafólki. Mörg þúsund starfsmenn og fjöldi fyrirtækja eiga sitt undir því að loftbrúin til landsins laskist ekki.

Vegna óvissu um framtíð Wow var 237 starfsmönnum sagt upp í gær og fimmtán til viðbótar í dag hjá fyrirtækjum á Keflavíkurlugvelli. Þetta eru mestu fjöldauppsagnir síðan bandaríski herinn hvarf á braut 2006. Þetta er gríðarlegt högg fyrir það svæði á landinu þar sem atvinnuleysi hefur verið mest í gegnum tíðina. Fjöldi fjölskyldna er í mikilli óvissu í aðdraganda jóla.

Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórnina að standa með almenningi og setja þak á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til að forða heimilum þessa lands frá því að þurfa að taka höggið af þeirri efnahagslegu óvissu sem nú ríkir í flugrekstri hér á landi. Sporin frá bankahruninu hræða.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um aðgerðir í húsnæðis- og skattamálum, 30. nóvember 2018**

Alþýðusamband Íslands skorar á stjórnvöld að hraða allri vinnu er lýtur að kröfum verkalýðshreyfingarinnar í komandi kjaraviðræðum. Ef aðgerða- og skilningsleysið sem hefur einkennt viðbrögð stjórnvalda heldur áfram er ljóst að erfitt mun reynast fyrir aðila vinnumarkaðarins að ganga frá nýjum kjarasamningi. Það er aðeins rétt rúmur mánuður þangað til kjarasamningar renna út.

Stjórnvöld hafa ekki lagt neitt handfast fram til lausnar þeim gríðarlega vanda sem blasir við í húsnæðismálum. Þá vantar tillögur í skattamálum sem er þó lykillinn að kröfum um aukinn jöfnuð.

Það hefur verið ljóst árum saman að gera þarf þjóðarátak í húsnæðismálum. Fjöldi fólks er fast í viðjum okurleigu, húsnæðisóryggis, það getur ekki keypt og margir búa við óviðunandi aðstæður. Þessi staða er m.a. tilkomin vegna aðgerðarleysis stjórnvalda og sveitarstjórna. Og hefur verkalýðshreyfingin þó í langan tíma bent á vandann. Það er orðið sjálfstætt úrlausnarefni að laga húsnæðismarkaðinn, enda liggur fyrir að þær kjarabætur sem samið hefur verið um síðustu ár hafa brunnið upp á báli húsnæðiskostnaðar. Það þarf róttækar breytingar á kerfinu þannig að hagsmunir launafólks og heimila verði teknir fram yfir hagsmuni fjármagnseigenda.

Breyting á skattkerfinu er mikilvægur áfangi á þeirri vegferð að vinda ofan af þeirri stóru skattatilfærslu sem orðið hefur síðustu ár þar sem láglaunahópar hafa verið látnir borga reikninginn fyrir ríkasta hluta þjóðarinnar. Hér þarf breytta forgangsröð. Það er kominn tími til að hagsmunir lág- og millitekjufólks verði hafðir að leiðarljósi með breytingum á skattkerfinu og hækkun á barna-og vaxtabótakerfinu.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna ummæla fjármálaráðherra, 19. desember 2018**

Miðstjórn ASÍ fordæmir að fjármálaráðherra velji að beita hótunum í stað lausna ef umsamdar kjarabætur verkafólks verði honum ekki að skapi. Mið-

stjórn ASÍ bendir á að stjórnvöld séu því miður lítið að gera til að létta róðurinn í kjarasamningaviðræðunum sem nú standa yfir. Tillögur í skatta- og húsnæðismálum hafa enn ekki komið fram, en brýn þörf er á róttækum tillögum sem raunverulega skipta sköpum fyrir almenning. Því miður er það svo að forgangsröðun stjórnvalda felst í lækkun veiðigjalda á útgerðina, lögfestingu síðasta dóms kjararáðs sem veitti kjörnum fulltrúum ríflegar launahækkanir ásamt því að veita fjármálafyrirtækjum ríflegar skattalækkunarir.

Jólakeðjur ríkisstjórnar til vinnandi fólks eru nöturlegar og ekki til þess gerðar að skapa sátt á vinnumarkaði eða auðvelda gerð nýrra kjarasamninga.

Miðstjórn ASÍ skorar á fjármálaráðherra og ríkisstjórn að hraða allri vinnu er lýtur að kröfum verkalýðshreyfingarinnar í komandi kjaraviðræðum og hvetur Bjarna Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, til að vinna að lausnum og sátt í skattamálum frekar en að beita vinnandi fólk hótunum.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um stofnun samfélagsbanka, 6. febrúar 2019**

Miðstjórn ASÍ skorar á stjórnvöld að stofna óhagnaðardrífinn samfélagsbanka enda er almenningur langþreyttur á skorti á samkeppni á fjármálamarkaði, miklum kostnaði og háu vaxtastigi hér á landi.

Með eignarhlut sínum í ríkisbönkum eru stjórnvöld í kjörstöðu til að stofna óhagnaðardrífinn samfélagsbanka, þar sem hagsmunir neytenda verði hafðir að leiðarljósi og skilið sé á milli áhættusækis bankareksturs og almennrar inn- og útlánastarfsemi.

Miðstjórn ASÍ telur að stofnun slíks samfélagsbanka geti verið mikilvæg leið til að auka heilbrigði fjármálamarkaðar og færa vaxtastig og kostnað nær því sem þekkist í nágrannalöndum.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um tillögur stjórnvalda til breytinga á skattkerfinu, 20. febrúar 2019**

Miðstjórn ASÍ lýsir verulegum vonbrigðum með þau áform um breytingar á skattkerfinu sem fjármálaráðherra kynnti í gær.

Tillögurnar mæta engan veginn kröfum verkalýðshreyfingarinnar um tekjujöfnunar- og tekjuöflunarhlutverk skattkerfisins og geta að óbreyttu ekki orðið grundvöllur sáttu í samfélaginu.

Tillögurnar byggja á því að létta skattbyrði allra tekjuhópa og auka ráðstöfunartekjur láglaunafólks og bankastjóra um sömu krónutölu. Stór hluti af því „svigrúmi“ sem fjármálaráðherra telur til skattalækkana er þannig nýtt til að lækka skatta á tekjuhæstu hópana þvert gegn því sem kallað er eftir í samfélaginu.

Launafólk ætlar ekki að borga skattalækkunina sjálf.

Engin áform er að sjá um að auka eigi stuðning við barnafjölskyldur og endurreisa vaxtabótakerfið og full ástæða er til að óttast að stór hluti skattalækkunarinnar verði tekinn aftur með enn frekari tekjuskerðingum í barna- og vaxtabótakerfinu.

Stjórnvöld virðast ekki ætla að styrkja aðra tekjustofna ríkisins samhliða breytingunni s.s. með upptöku hátekjuskatts, auðlegðarskatti, hækkun fjármagnstekjuskatts eða afgangi fyrir auðlindanýtingu. Breytingin mun því þýða að minna verður til ráðstöfunar til brýnna úrbóta, t.d. í velferðarkerfinu og í samgöngumálum.

Launafólk mun aldrei sætta sig við skattkerfisbreytingar sem það borgar sjálf fyrir með veikara velferðarkerfi, verri innviðum og auknum nefsköttum. Slík stefna hefur verið viðhöfð um langt skeið og kemur alltaf verst niður á þeim tekjulægstu. Launafólk vill sanngarnt skattkerfi sem eykur jöfnuð og fjármagnar velferð.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um að atvinnurekendum beri að virða niðurstöðu kjarasamninga, 15. maí 2019**

Miðstjórn ASÍ harmar viðbrögð þeirra atvinnurekenda sem í kjölfar nýgerðra kjarasamninga hafa gripið til uppsagna á launakjörum starfsmanna sinna, að sögn vegna þess kostnaðarauka sem til kemur vegna gildistöku samninganna.

Miðstjórn leggur áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins semja og gera kjarasamninga í góðri trú um að við undirritun þeirra verði af báðum aðilum unnið að staðfestingu þeirra og í framhaldinu af því að hrinda þeim í framkvæmd skv. efni sínu.

Þeir atvinnurekendur sem gripið hafa til uppsagna á ráðningarkjörum starfsmanna sinna nú í kjölfar undirritunar og samþykkis kjarasamninga ganga gegn markmiðum samninganna og lýsa því beinlínis yfir að þeir hyggist ekki efna þá.

Miðstjórn ASÍ skorar á viðkomandi atvinnurekendur að draga nú þegar til baka allar uppsagnir byggðar á framangreindum forsendum. Jafnframt áskilur ASÍ öllum aðildarsamtökum sínum rétt til þess að lýsa yfir einhliða riftun nýgerðra kjarasamninga við þessa sömu atvinnurekendur vegna þess ásetnings þeirra að ætla sér ekki að virða þá og hrinda í framkvæmd. Jafnframt er samtökunum áskilinn réttur til þess í kjölfarið að hefja aðgerðir til þess að knýja á um gerð nýs kjarasamnings við viðkomandi aðila og beita til þess öllum tiltækum og lögmætum þvingunaraðgerðum til þess að knýja á um gerð þeirra, þar með talið með verkföllum.



## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um skattamál í tengslum við gerð kjarasamninga, 21. ágúst 2019**

Frá vormánuðum hefur verkalyðshreyfingin ítrekað kallað eftir tillögum ríkisstjórnarinnar um skattalækkunir fyrir lágtekjufólk. Miðstjórn ASÍ hefur nú þrotið þolinmæðin og krefst þess að ríkisstjórnin sýni á spilin.

Í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru 4. apríl segir:

1. Komið verði á fót þriggja þrepa skattkerfi með nýju lágtekjuprepi. Miðað er við að sú aðgerð auki ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins um tíu þúsund krónur á mánuði.
2. Skattleysismörk haldist föst að raunvirði á innleiðingartímabilinu og að því loknu hækki persónuafsláttur og skattþrep umfram verðbólgu sem nemi framleiðniaukningu.

Nú tæpum 5 mánuðum eftir undirritun kjarasamninga eru einu skattatillögur stjórnvalda áform um breytingar á fjármagnstekjuskatti þannig að fjármagnseigendur þurfi ekki að greiða skatt af öllum fjármagnstekjum heldur einungis raunvöxtum. Það virðist því forgangsatriði hjá ríkisstjórninni að hlífa fjármagnseigendum við að greiða sitt til samfélagsins eins og launafólki ber að gera. Á meðan bólar ekkert á áður nefndum skattalækkunum fyrir lágtekjufólk.

Við undirritun samninga var lögð mikil áhersla á þetta atriði og var það forsenda þess að kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins voru undirritaðir og síðar samþykktir af félögum stéttarfélaganna. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um að sjá tillögurnar eru þær ekki enn komnar fram og krefst miðstjórn ASÍ þess að þær líti dagsins nú þegar.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um launastefnu og gagnsæi gegn mis-skiptingu, 28. ágúst 2019**

Komið hefur í ljós að sú aðgerð að leggja niður kjararáð hefur valdið launaskriði hjá þeim hæstlaunuðu hjá ríkinu. Það var engin umræða um sanngjörn laun í tengslum við þá aðgerð. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Á meðan við leggjum ekki skýrar línur í þessum málum skiptir engu máli hverjir ákveða launin. Einföld aðgerð eins og að breyta því hverjir ákveða laun þeirra launahæstu skilar engu réttlæti í sjálfu sér án skýrra reglna um launaákvæðanir. Tilhneigingin er alltaf sú að þeir sem hafa meira fá meira og þeir sem minna hafa fá minna.

Það er löngu tímabært að mótuð verði skýr og sanngjörn launastefnu hjá ríkinu og í stjórnnum fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Festa þarf í lög að fyrirtæki geri grein fyrir launabili í ársreikningum og stjórnvöld þurfa að setja skýra launastefnu þar sem tilgreint er hvert launabilið megi vera á milli þeirra hæst launuðu og lægst launuðu.

Við þurfum að bregðast við þeirri móðgun og augljósu stéttaskiptingu sem birtist okkur í hvert sinn sem skattskrár eru gerðar opinberar. Það er ekki nóg að fordæma ofurlaun einu sinni á ári án þess að aðhafast nokkuð. Það er kominn tími til aðgerða.

Miðstjórn ASÍ hvetur fulltrúa í stjórnnum, trúnaðarmenn á vinnustöðum, stjórnsmálafólk, starfsfólk og stjórnendur til að ræða launamun innan þeirra fyrirtækja og stofnana sem og innan samfélagsins alls. Móta þarf stefnu sem byggir á niðurstöðu þess samtals.

Það er afar brýnt að allir landsmenn greiði skatta og gjöld til samfélagsins óháð uppruna tekna, svo sem arðgreiðslur úr fyrirtækjum eða fjármagnstekjur. Upplýsingar um slíkt þurfa að vera aðgengilegar og gagnsæjar. Miðstjórn ASÍ hvetur Alþingi jafnframt til að samþykkja að birta álagningarskrár með rafrænum hætti, þar sem birtir eru allir álagðir skattar, þannig að aðgengi að þessum samfélagslega mikilvægu upplýsingum sé tryggt.

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 og áformaðar breytingar á tekjuskattkerfinu, 18. september 2019**

Miðstjórn ASÍ fagnar því að loks liggi fyrir nýjar tillögur stjórnvalda að breytingum á tekjuskattkerfinu sem beðið hefur verið með mikilli eftirvæntingu. Breytingarnar skila sér hins vegar of seint í vasa launafólks og stjórnvöld bregðast hlutverki sínu við að láta þá sem eru aflögufærir greiða réttlátan hlut til samfélagsins til að tryggja viðunandi fjármögnun velferðar og samfélagsinnviða.

Lág- og millitekjufólki sem hefur á síðustu árum borið sífellt þyngri skattbyrðar var í kjölfar kjarasamninga síðastliðið vor lofað umbótum á skattkerfinu til að auka ráðstöfunartekjur og snúa þessari óheillaþróun við. Að ekki standi til að efna loforðið að fullu fyrr en um mitt samningstímabilið veldur þess vegna verulegum vonbrigðum. Launafólk, öryrkjar og aldraðir sem hafa lágar tekjur hafa ekki tíma til að bíða svo lengi – þau þurfa léttari skattbyrði strax.

Verkalýðshreyfingin áréttar mikilvægi samspils tekjujöfnunar- og tekjuöflunarhlutverks skattkerfisins og ítrekar afstöðu sína um nauðsyn þess að breytingu á tekjuskattkerfinu fylgi áform um að styrkja aðra tekjustofna s.s. með upptöku hátekjuskatts á ofurlaun, hækkun fjármagnstekjuskatts og sanngjörnu afgjaldi fyrir auðlindanýtingu. Vandí ríkisfjármálastefnunnar sem byggt hefur á því að treysta á auknar tekjur í uppsveiflu og veikja tekjustofna hefur nú raungerst. Til að halda afkomu ríkissjóðs í jafnvægi reynist nauðsynlegt að beita aðhaldi og svigrúm til nauðsynlegra samfélags- og velferðarumbóta verður takmarkað. Þetta birtist m.a. í fjárlagafrumvarpinu í ófullnægjandi

fjármögnun sjúkrahúsþjónustunnar sem stöðugt glímir við rekstrarvanda og niðurskurðarkröfu sem bitnar á þjónustu við sjúklinga og veldur óhóflegu álagi á starfsfólk ár eftir ár. Lífeyrisþegar og atvinnuleitendur sitja eftir og fá langt um minni kjarabætur en lágtekjufólk á vinnumarkaði. Engum fjármunum er varið í marglofaðar umbætur á greiðslukerfi almannatrygginga og þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu. Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi og brýna þörf fyrir stuðning við atvinnuleitendur af erlendum uppruna eru engin áform um auknar vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustu við atvinnuleitendur. Framlög til framhaldsfræðslukerfisins sem þjónustar þá hópa á vinnumarkaði sem hafa minnsta menntun lækka umtalsvert á sama tíma og við blasir að umbreytingar sem nú eiga sér stað á vinnumarkaði munu koma verst niður á þessum hópum. Við þetta bætast fréttir af fyrirhuguðum vegtollum vegna samgönguumbóta sem munu leggjast þyngst á tekjulægstu hópanna.

Við sætum okkur aldrei við skattkerfisbreytingu sem lág- og millitekjufólk greiðir sjálft með veikara velferðarkerfi, verri innviðum, notendagjöldum og auknum nefsköttum. Við viljum sanngarnt skattkerfi sem eykur jöfnuð og fjármagnar velferð.



## EFNAHAGSMÁL

Hlutfallsleg breyting	Helstu kennitölur							
	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	
Einkaneysla	1,9	0,9	3,2	4,5	7,2	8,1	4,8	
Samneysla	-1,8	0,7	1,3	1,1	1,9	3,6	3,6	
Fjármunamyndun	5,2	2,2	15,9	21,3	17,8	11,6	2,1	
<i>þar af atvinnuvegir</i>	7,6	-2,0	16,9	33,7	19,7	7,7	-5,4	
<i>þar af húsnæði</i>	6,9	10,8	15,4	-3,2	26,4	20,7	16,7	
<i>þar af hið opinbera</i>	-6,1	12,1	12,5	-2,6	-0,1	23,3	21,2	
Þjódarútgjöld	1,6	0,5	5,3	6,7	8,0	7,6	4,1	
Útflutningur	3,6	6,7	3,2	9,1	10,9	5,4	1,6	
Innflutningur	4,6	0,1	9,8	13,8	14,5	12,5	0,1	
<b>Landsframléiðsla</b>	<b>1,3</b>	<b>4,1</b>	<b>2,1</b>	<b>4,7</b>	<b>6,6</b>	<b>4,6</b>	<b>4,6</b>	
Launavísitala	7,8	5,7	5,8	7,2	11,4	6,8	6,5	
Kaupmáttur launa	2,5	1,7	3,7	5,5	9,5	5,0	3,7	
Verðbólga <sup>1</sup>	5,2	3,9	2,0	1,6	1,7	1,8	2,7	
Atvinnuleysi <sup>2</sup>	5,7	4,4	3,6	2,9	2,3	2,1	2,4	
Gengisvísitala <sup>3</sup>	222	219	207	201	180	160	167	

<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðtala, neysliverðsvísitala

<sup>2</sup> Hlutfall af áætluðum mannafla

<sup>3</sup> Ársmeðtalt

Hagdeild ASÍ gaf út hagspá í október 2018 þar sem spáð var fyrir um horfur í efnahagsmálum á árunum 2018–2021. Helstu hagvísar höfðu bent til þess að hægja myndi á vexti efnahagslífsins, en á þeim tímamarki voru merki um að fjölgun ferðamanna hefði náð hámarki og að dregið hefði úr vexti einkaneyslunnar og fjárfestingu atvinnuveganna. Einkaneysla hafði aukist kröftuglega á árinu 2017, eða um 8,1%, en árið 2018 var vöxturinn 4,8%. Dregið hafði úr vexti fjármunamyndunar, en hún jókst um 2,1% á árinu 2018 eftir að hafa aukist um 11,6% árið 2017. Samsetning fjármunamyndunar hafði einnig tekið breytingum, en árið 2018 var vöxturinn eingöngu drifinn áfram af íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera á meðan fjárfesting atvinnuveganna dróst saman um 5,4%. Þróun utanríkisviðskipta var svipuð, þar sem vöxtur útflutnings dróst saman, úr 5,4% árið 2017 í 1,6% árið 2018.

Ákveðin óvissa ríkti um horfur í efnahagsmálum á árinu 2018. Fyrirséð var að vöxtur efnahagslífsins væri að dragast saman, en óvissa var til staðar um hvort samdráttur væri fram undan eða tímabil hægfare vaxtar. Þrátt fyrir þessa óvissu var fjárhagsstaða íslenskra heimila sterk og vinnumarkaður heilbrigður.

Helsti óvissuþátturinn á haustmánuðum var þó staða ferðaþjónustunnar en erfið staða flugfélagsins WOW air hafði verið hávær í fjölmiðlum og ljóst að gjaldprot flugfélagsins myndi hafa neikvæð áhrif á efnahagslífið og útflutningstekjur. Fleiri óvissuþættir voru til staðar, m.a. um niðurstöðu kjarasamninga og um útflutning sjávarafurða. Mælingar á loðnu gáfu ekki tilefni til bjartsýni en ljóst var að brestur yrði í loðnuveiði á árinu 2019 með tilheyrandi áhrifum á útflutning og atvinnulíf. Þessi áhrif birtust meðal annars í vörspá Seðlabankans þar sem því var spáð að samdráttur yrði í landsframleiðslu á árinu 2019. Sá samdráttur myndi hins vegar vara skammt og hagkerfið taka að vaxa á ný árið 2020.


## **Umtalsverð áhrif af gjaldproti WOW air**

Mikil umræða var um erfiða stöðu lággjaldaflugfélagsins WOW air á árinu 2018, og á haustmánuðum áttu sér stað viðræður milli WOW air og Icelandair um yfirtöku Icelandair. Flugfélagið hafði einnig reynt að styrkja fjárhagsstöðuna með skuldabréfaútbóði upp á 7,9 milljarða króna. Lág flugfargjöld og hækkandi olíuverð komu illa niður á flugfélögum og yfir veturinn áttu forsvarsmenn WOW air í viðræðum við fleiri aðila um yfirtöku á félaginu, þ.m.t. Icelandair og Indigo Partners. Það var í lok marsmánaðar sem tilkynnt var um gjaldprot félagsins. Félagið hafði verið stofnað 2011 og vaxið gríðarlega hratt, frá því að flytja rúmlega 100 þús. farþega fyrsta árið yfir í að flytja 3,5 milljónir farþega árið 2018, eða 38% af heildarfjölda ferðamanna sem fara um Keflavíkurlflugvöll.

Ljóst var að gjaldprot WOW air myndi verða þungt högg fyrir ferðaþjónustu til skemmri tíma og einnig hafa víðtæk áhrif á vinnumarkaði, en um

1.100 manns störfuðu hjá félaginu. Til viðbótar er mikill fjöldi afleiddra starfa tengdur komum ferðamanna til landsins, hvort sem er í flutningsþjónustu, ferðaþjónustu, gistingum eða veitingaþjónustu.


**Fjöldi ferðamanna - Vöxtur á fyrri hluta árs**



Ákveðin óvissa ríkir um heildaráhrif á ferðaþjónustu af gjaldþroti WOW air í ljósi þess að stór hluti farþega flugfélaganna eru tengifarþegar ásamt því að önnur flugfélög höfðu getu til að auka framboð flugsæta. Í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleika, var talið að gjaldþrotið gæti að óbreyttu hæglega leitt til þriðjungs samdráttar í sætaframboði til og frá Íslandi. Endanleg áhrif myndu þó ráðast af getu annarra flugfélaga til að auka framboð á mótí. Þar ríkti hins vegar óvissa í ljósi kyrrsetningar á hluta flugflota Icelandair, Boeing 737-Max vélanna. Tölur um fjölda ferðamanna á fyrri hluta árs 2019 sýna þó að þónokkur samdráttur hefur átt sér stað. Farþegum á fyrri hluta ársins 2019 fækkaði um 12,4% milli ára og þar af um 20% á öðrum ársfjórðungi. Svipuð þróun mældist í júlí, þegar ferðamönnum fækkaði um 17%.

## Verðbólga, gengi og vextir

**Verðbólga**




Verðbólga var að jafnaði 2,7% á árinu 2018 og er það í fyrsta sinn frá árinu 2013 sem verðbólga mældist yfir verðbólguþröngu Seðlabankans á ársgrundvelli. Á fyrri hluta síðasta árs var verðbólga undir verðbólguþröngu en á haustmánuðum, samhliða versnandi horfum í ferðaþjónustu og efnahagslífi, fóru hækkunar á verðlagi að gera vart við sig. Verðbólga mældist 3,6% í maí 2019 og var að jafnaði 3,3% á fyrri helmingi ársins, eða 2,7% þegar horft er framhjá áhrifum húsnæðisverðs.

Líkt og sést á myndinni að ofan mældist verðhjöðnun, sé horft á vísitölu neysluverðs án húsnæðis á árunum 2016–2018. Megindrífkraftur verðbólgu á því tímabili var þannig hækkun húsnæðisverðs en á móti vógu áhrif af lækkun á öðru verðlagi, þá sérstaklega á innfluttum vörum. Þróun á gengi krónunnar var þar megin áhrifavaldur, en styrking krónunnar leiddi til umtalsverðrar lækkunar á innfluttu verðlagi á tímabilinu 2016–2018.


Frá haustmánuðum 2018 hefur þessi þróun snúist við en töluverð veiking kom fram í gengi krónunnar samhliða versnandi horfum í efnahagslífi og neikvæðri umræðu um stöðu flugfélagsins WOW air. Frá ágúst til nóvember á síðasta ári veiktist krónan um 13%. Evran hafði kostað 124 krónur í ágúst 2018 og í lok nóvember var gengi evrunnar komið í 140 krónur.

Þessi þróun sést skýrar á myndinni hér að neðan sem sýnir verðlagsþróun frá árinu 2016 þar sem horft er á nokkra undirlíði vísitölu neysluverðs. Þar má meðal annars sjá hvernig húsnæðisverð hefur hækkað umfram annað verðlag frá árinu 2016, eða um nær þriðjung. Bensínverð hefur verið sveiflukennt, var nokkuð stöðugt fram til ársins 2018 en síðan þá hefur það hækkað um nær fimmtung. Á móti má sjá hvernig innfluttar vörur lækkuðu á árunum 2016–2017. Verð á nýjum bílum er nú 3,6% lægra en á árinu 2016, aðrar innfluttar vörur eru 8,6% ódýrari en árið 2016 og innfluttar matar- og drykkjarvörur eru 1,4% ódýrari en árið 2016.

**Verðlagsþróun frá 2016**



## Stýrivextir



Stýrivextir Seðlabankans höfðu að mestu verið óbreyttir á árinu 2018 en í nóvember voru þeir hækkaðir um 0,25 prósentustig, úr 4,25% í 4,5%. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar voru uppi áhyggjur um vaxandi verðbólgu og hægari vöxt. Var þar sérstaklega vísað til versnandi verðbólguvæntinga og óvissu um þróun kjarasamninga á vinnumarkaði. Vextir áttu eftir að vera óbreyttir yfir veturinn en í yfirlýsingu peningastefnunefndar var gjarnan varað við því að nafnlaunahækkningar umfram svigrúm myndu leiða til stýrivaxtahækkana.

Peningastefnunefnd ákvað þann 22. maí að lækka stýrivexti um 0,5 prósentustig. Var þetta fyrsta vaxtaákvörðun eftir að niðurstaða kjarasamninga lá fyrir en í yfirlýsingu kom fram að niðurstaða kjarasamninga hefði verið í betra samræmi við verðbólgu markmiðið en margir bjuggust við. Seðlabankinn hefur því getað beitt vöxtum til að mæta samdrætti í efnahagslífinu, en vextir voru aftur lækkaðir í lok júní um 0,25 prósentustig.


## Hagur heimila

Fjárhagsstaða heimilanna hefur þróast í jákvæða átt á undanförunum árum. Heimilin hafa notið góðs af góðum aðstæðum á vinnumarkaði, þar sem atvinnuleysi hefur mælst lítið og tekjur farið vaxandi. Launavísitalan hækkaði um 6,5% á síðasta ári, sem er svipað og hún hækkaði árið 2017. Kaupmáttaraukning var þó minni sökum hærri verðbólgu, en kaupmáttur launa jókst um 3,7% á síðasta ári borið saman við 5% á árinu 2017. Endanlegar tölur um þróun ráðstöfunartekna á árinu 2018 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aukist um 2,4% á árinu 2018, sem er mun hægari vöxtur en árið 2017 þegar hann jókst um 11,5%.



Samhliða hægari vexti ráðstöfunartekna hefur jafnframt hægt á vexti einkaneyslunnar, sem jókst um 4,8% á síðasta ári borið saman við 8,1% á árinu 2017. Útlit er fyrir að draga muni frekar úr vexti einkaneyslunnar á árinu 2019 en sú þróun er ekki óvænt samhliða vaxandi óvissu í efnahagslífinu og dekkri væntingum heimilanna. Seðlabankinn spáir því að einkaneyslan aukist um 1,6% en það yrði minnsti vöxtur einkaneyslunnar frá árinu 2013.

**Þróun launa og kaupmáttar**



Í riti Seðlabankans, *Fjármálastöðugleika*, er farið yfir stöðu heimilanna og bent á að heimilin séu betur í stakk búin til að takast á við hægari hagvöxt eða minni efnahagsumsvif. Eftir samfellda lækkun frá árinu 2010 jukust skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur á síðasta ári og mælast nú 150% af ráðstöfunartekjum. Stærstur hluti skulda heimilanna eru húsnæðislán en á undanförunum árum hafa heimilin endurfjármagnað húsnæðislán á betri vaxtakjörum og þannig dregið úr vaxtabyrði heimila. Jafnframt hefur hlutfall óverðtryggðra útlána aukist.

ASÍ hefur þó bent á að mikill munur sé á stöðu ólíkra heimila, sérstaklega þá stöðu eigenda húsnæðis og leigjenda. Eigendur húsnæðis hafa notið góðs af hækkingu húsnæðisverðs og jákvæðri þróun vaxta á undanförunum árum. Húsnæðiskostnaður eigenda húsnæðis hefur þannig ekki hækkað í takt við húsnæðiskostnað leigjenda þar sem hagfelld þróun á vaxtakjörum hefur komið eigendum til góðs. Leiguverð hækkaði um 8,3% á síðasta ári en á sama tíma hækkuðu laun um 6,5%. Leiguverð hefur hækkað hraðar en launaþróun um langt skeið. Frá árinu 2011 hefur leiguverð hækkað um 93% en á sama tíma hefur vísitala launa hækkað um 75%. Þetta er ein af ástæðum að það sé stór hópur, þ.e. leigjendur, sem hefur ekki upplifað bætt lífskjör undanfarin ár, þrátt fyrir hagfellda launaþróun.

## Fjármál hins opinbera

Alþýðusambandið hefur komið fram skoðun á ríkisfjármálum með umsögn-um um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjárlagafrumvörp og meðal annars gagnrýnt þróun fjármálastefnu ríkisins á undanförunum árum. Gagnrýni ASÍ hefur fyrst og fremst snúið að þeirri stefnu stjórnvalda sem hefur falist í því að veikja tekjustofna ríkisins á sama tíma og útgjöld hafa verið aukin og byggt hefur verið á óraunhæfum áætlunum um samfelldan hagvöxt í nær einn og hálfan áratug.

Í umsögn um fjármálaáætlun 2020–2024 segir m.a.:

*„Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum hefur byggt á því að afgangur af ríkisrekstrinum grundvallast fyrst og fremst á tímabundinni aukningu tekna vegna mikilla umsvifa á uppgangstímum sem eiga sér fá fordæmi. Þegar tekið hefur verið tillit til hagsveiflunnar hefur rekstur ríkisins í reynd verið í járnnum undanfarin ár. Samhliða þessu hafa tekjustofnar markvisst verið veiktir s.s. með afnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkun á neyslusköttum og tollum auk þess sem stjórnvöld hafa látið hjá líða að sækja auknar tekjur t.d. til ferðaþjónustunnar. Sá vandi sem nú blasir við er ekki ófyrirséður og hefur ASÍ ítrekað haft uppi varnaðarorð um að afleiðingar þessa muni verða þær að þegar hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna nauðsynleg útgjöld. Til að halda afkomu ríkissjóðs innan fjármála-stefnunnar muni blasi við aðhald og niðurskurður í ríkisrekstrinum. Þessi staða raungerist í fyrirliggjandi fjármálaáætlun.“*

Að mati ASÍ raungerist sá vandi þeirrar fjármálastefnu sem stjórnvöld hafa mótað á undanförunum árum í ríkisfjármálunum á næstu árum þar sem fyrir liggur að til að halda afkomu hins opinbera innan samþykkrar fjármálastefnu reynist nauðsynlegt að bæta afkomu ríkissjóðs með því að grípa til ýmissa aðhaldsaðgerða og svigrúm til velferðarumbóta verður verulega takmarkað. Þá gagnrýndi ASÍ þær forsendur sem efnahagsstefnan hefur byggt á en þar hefur verið gengið út frá því að hagvöxtur yrði hér samfelldur á tímabilinu 2011 til 2024 án þess að gert hafi verið ráð fyrir sviðsmyndum um hvernig fjárhagur hins opinbera stæði af sér breyttar forsendur.

Vegna þessara innbyggðu veikleika í fjármálastefnu hins opinbera reyndist stjórnvöldum nauðugur einn kosturinn að leggja til breytingu á samþykkrtri fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 til að bregðast við breyttum efnahagsforsendum í kjölfar falls Wow air á vordögum 2019 og spám um minni umsvif í hagkerfinu en áður var gert ráð fyrir. ASÍ taldi óheppilegt að grípa þyrfti til slíkra ráðstafana í fyrsta sinn sem reynir á þanþol fjármálastefnunnar og þar með framkvæmd laga um opinber fjármál í reynd skuli endurskoðun á lang-tímastefnumótun ríkisfjármála sem endurspeglast í fjármálastefnunni reynast

nauðsynleg. Hætta er á að slíkt dragi úr tiltrú á gildi fjármálastefnu stjórnvalda til framtíðar. Þá áréttaði ASÍ mikilvægi þess að fjármálastefna og áætlanir í opinberum fjármálum endurspegli þau loforð sem stjórnvöld hafa gefið launafólki í tengslum við kjarasamninga og að fyrirheit um skattkerfisbreytingar til handa launafólki skili sér án tafar. Þá megi fjármálastefna hins opinbera ekki verða til þess að draga úr getu ríkissjóðs til þess að standa undir heilbrigðis- og velferðarþjónustunni og tryggja uppbyggingu nauðsynlegra samfélagsinnviða eða leiða til aukinna notendagjalda og nefskatta.



## KJARAMÁL

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru á vordögum 2019 voru um margt frábrugðnir fyrri samningum. Þeir einkenndust af þungum kröfum á stjórnvöld auk þess sem margt nýtt fólk var í brúnni í verkalýðshreyfingunni, umræða um kjaramál hefur sjaldan verið jafn áberandi í fjölmiðlum og væntingar voru miklar. Það var því vaxandi þungi í umræðunni eftir því sem leið á veturinn og ljóst að viðsemjendur launafólks þurftu að gyrða sig í brók til að forðast átök á vinnumarkaði. Skattamál voru mikið til umræðu og byggðu á skýrslu ASÍ um hvernig skattar á lægst launaða fólkið í samfélaginu hefðu í raun hækkað vegna þess hve dregið hafði úr stuðningi úr tilfærslukerfunum. Mikil vinna var í kjölfarið unnin innan ASÍ um útfærslu á hugsanlegum skattabreytingum. Önnur stórmál voru húsnæðismálin og baráttan gegn félagslegum undirboðum auk þess sem vextir og verðtrygging voru mikið til umræðu.

Unnið var að öllum þessum þáttum með stjórnvöldum yfir veturinn og inn í samningaviðræðurnar rötudu niðurstöður hópa um úrlausnir í húsnæðismálum og félagslegum undirboðum en skattamálin, vextir og verðtrygging var samið um samhliða kjarasamningunum.

Samningaviðræðurnar hófust eftir hefðbundnum landssambandskiptingum innan ASÍ en ljóst var að félögin og landssamböndin voru fastheldin á

umboðin sín. Þegar búið var að sitja við samningaborðið í töluverðan tíma breyttist blokkaskipanin og Efling og VLFA afturkölluðu umboð sitt til Starfsgreinasambandsins rétt fyrir jól og hófu samstarf við VR og LÍV. Á vor-mánudum gerðu Verkalýðsfélag Grindavíkur og Framsýn slíkt hið sama. Það voru því breytingar á samherjum í samningunum fram eftir vetri. Það tókst þó í byrjun apríl að undirrita samninga fyrir allt verkafólk og verslunarmenn, svokallaða lífskjarasamninga. Iðnaðarmenn voru sameinaðir í samningateymi allan veturinn og undirrituðu sína samninga í byrjun maí. Í kjölfarið fylgdu leiðsögumenn og mjólkurfræðingar, en samningum flugfreyja var enn ólokið í september 2019 sem og samningum við ríki og sveitarfélög sem runnu út þann 31. mars 2019.

## Undirbúningur kjarasamninga

Haustið 2018 hófst undirbúningur fyrir kjarasamningslotu vetrarins hjá aðildarfélögum ASÍ. Á áramótum myndu kjarasamningar á almenna markaðinum losna.

Í október birti Starfsgreinasambandið kröfugerð sína sem lögð var fram gagnvart atvinnurekendum og hinu opinbera. Í kröfugerðinni var meðal annars gerð krafa um að lægsti taxti verði 425.000 krónur í lok samningstímans að því gefnu að ekki komi til umtalsverðra skattkerfisbreytinga. Kröfugerð LÍV var á svipaða vegu, að lágmarkslaun verði 425.000 krónur árið 2021. Í kröfugerðunum mátti jafnframt finna kröfur er varða launatöflu, ungmennalaun og ýmis réttindamál, t.d. veikindarétt og orlofsrétt. Iðnfélögin lögðu fram sína kröfugerð í lok nóvember. Þar kom fram áhersla á að tryggja áframhaldandi kaupmáttaraukningu launa, breyta taxtakervi iðnaðarmanna og hækka taxa upp að raunverulegum markaðslaunum.

Kröfugerðir stéttarfélaganna hlutu mikla umræðu og gagnrýni í fjölmiðlum af fulltrúum atvinnurekenda. Meðal annars var það sjónarmið atvinnurekenda að svigrúm til launahækkana væri lítið nú þegar toppi hagsveiflunnar hafi verið náð og að miklar launahækkanir muni hafa þau áhrif að verðbólga muni fara vaxandi eða atvinnuleysi aukast. Verkalýðshreyfingin hafði hins vegar bent á það í aðdraganda kjarasamninga að staða hinna tekjulægstu hafi ekki þróast í rétta átt þrátt fyrir árangur í hækkun launa. Þannig hafi húsnæðiskostnaður hækkað verulega og dregið hafi úr stuðningi hins opinbera í formi barnabóta og húsnæðisbóta. Þá hafði verkalýðshreyfingin enn fremur bent á aukna skattbyrði sem hafi haft verst áhrif á hina tekjulægstu.

Í kröfugerðum aðildarfélaga mátti einnig finna áherslur um að stjórnvöld breðgist við þessari öfugþróun. Í kröfugerð SGS var þess krafist að „Lægstu laun verði skattfrjáls með tvöföldun persónuafsláttar, sem verði síðan stig-lækkandi með hærri tekjum, þannig að lækkun skatta á lág- og millitekjuhópa

verði m.a. fjármögnuð með hærri skattaframlagi þeirra tekjuhæstu“. Kröfugerð iðnaðarmanna lagði einnig til breytingar á skattkerfinu, þar sem lagt var til að persónuafsláttur myndi þróast í takt við launavísitölu og að skattþrepum verði fjölgað. Í kröfugerðunum mátti einnig finna skýrar áherslur ólíkra landsambanda um að styrkja velferðarkerfið, heilbrigðiskerfið og stuðning í formi barnabóta og húsnæðisstuðning.

Þegar leið á veturinn átti sér stað mikil vinna í málefnanefndum miðstjórnar, m.a. að móta sameiginlegar áherslur hreyfingarinnar um m.a. skattamál og húsnæðismál. Efnahags-, skatta- og atvinnuálanefnd miðstjórnar Alþýðusambandsins lagði til að tekið verði upp fjögurra þrepa skattkerfi í stað tveggja eins og nú er og að efsta þrepið verði sérstakt hátekjuþrep. Tillögurnar mæltu einnig fyrir um eflingu barnabótakerfisins, þannig að stuðningur renni til stærri hóps en áður. Til að mæta tillögum var lagt til að hið opinbera horfi til nokkurra mögulegra tekjuöflunarleiða, svo sem hækkunar fjármagnstekjuskatts sem eykur samræmi í skattlagningu launa og fjármagns, upptöku auðlegðarskatts og aukins skattaeftirlits.

## Verkföll 2019

Verfallsboðanir Eflingar-stéttarfélags síðla vetrar 2019 urðu tilefni tveggja málsókna Samtaka atvinnulífsins fyrir Félagsdómi. Hin fyrri laut að atkvæðagreiðslum um boðun verkfalla. Samninganefnd Eflingar ákvað að allir félagsmenn félagsins sem taka laun skv. kjarasamningi félagsins varðandi veitinga- og gistihús, skyldu greiða atkvæði um verkfall starfsmanna á hótelum í allsherjar póstatkvæðagreiðslu en þannig þarf ekki tiltekið hlutfall félagsmanna að taka þátt til þess að atkvæðagreiðslan teldist lögmæt. Því nýnæmi var einnig beitt að Efling lét útbúa færanlegan kjörstað í þar til innréttadri sendibifreið sem ekið var á milli vinnustaða. Að öðru leyti var stuðst við hefðbundna póstatkvæðagreiðslu. SA taldi aðallega að einungis sá hópur sem vinnustöðvunin skyldi taka til ætti að greiða atkvæði sbr. 2.mgr. 15.gr. laga nr. 80/1938 og að ólögmætt væri að beita 1.mgr. sömu greinar um allsherjaratkvæðagreiðslu án skilyrða um hlutfallslega þátttöku. Á þetta féllst Félagsdómur ekki og taldi stéttarfélagum í sjálfsvald sett hvor leið skyldi farin. SA byggði jafnframt á því að ef efna hefði mátt til allsherjar póstatkvæðagreiðslu allra félagsmanna undir tilteknum samningi þá væri ólögmætt að blanda saman utan kjörfundar atkvæðagreiðslu með þeim hætti sem gert var (færanlegur kjörstaður) og póstatkvæðagreiðslu. Félagsdómur féllst ekki heldur á þetta og hófst tímabundið verkfall þessara starfsmanna kl. 10 að morgni 8. mars og lauk kl. 23.59 sama dag. Dómur í þessu máli er nr. 2/2019. Seinni málsóknin laut að síðari boðun Eflingar um verkföll sem framkvæmd skyldu þannig að starfsmenn sinntu ekki skyldum sínum nema þær væru skilgreindar í starfslýsingu, bifreiðastjórar

tækju ekki við fargjaldi o.fl. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að þessar boðanir væru ekki nægilega skýrar og afmarkaðar og dæmdi alla boðunina ólögmeða af þeim ástæðum, jafnvel þó hluti aðgerðanna gæti talist lögmætur. Af þessum verkföllum varð því ekki. Báðir þessir dómur veita mikilvæga leiðsögn um túlkun laga nr. 80/1938. Jafnframt er mikilvægt að benda á, að allsherjaratkvæðagreiðslur í báðum tilvikum voru rafrænar allsherjaratkvæðagreiðslur en ekki hefðbundnar póstatkvæðagreiðslur en um lögmæti slíkra hefur verið samið við SA. Dómur í þessu máli er nr. 5/2019.

VR ákvað einnig að efna til leynilegrar atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls meðal félagsmanna VR sem starfa hjá hópþreifreiðafyrirtækjum á félagssvæði VR og hjá félagsmönnum VR sem starfa hjá eftirfarandi fyrirtækjum með staðsetningu í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Sel-tjarnarnesi, Mosfellsbæ og Hveragerði. Greidd voru atkvæði um hefðbundin verkföll þar sem öll störf skyldu lögð niður tiltekna daga frá 21.3 og út apríl en ótímabundin verkföll skyldu hefjast 1.5 2019. Boðun VR og boðun Eflingar voru í takti hvað þetta varðar. Fyrstu verkföllin hófust en öllum aðgerðum var síðan aflýst 2.4. þegar skrifað hafði verið undir samninga.

### **Fundir aðalsamninganefndar ASÍ**

Samninganefnd ASÍ starfar á grundvelli samstarfssamnings aðildarsamtaka ASÍ frá 21.6 2010. Á starfsárinu hittist hún 17 sinnum. Rétt til setu í samninganefnd eiga þeir einstaklingar sem stöðu sinnar vegna skv. 5.gr. laga nr. 80/1938, fara með samningsumboð fyrir þau samtök sem þau eru í forystu fyrir. Nánar er fjallað um efni fundanna undir öðrum köflum skýrslunnar. Formlegt samningsumboð var ekki í hendi nefndarinnar og var hún fyrst og fremst vettvangur samráðs og opinna og hreinskiptra skoðanaskipta og samstarfssamningurinn var hvorki endurskoðaður né virkjaður sérstaklega.

### **Lífskjarasamningar 2019**

Erfið staða lággjaldaflugfélagsins WOW air og síðar gjaldþrot hafði töluverð áhrif á efnahagshorfur á vormánuðum. Gangur komst í kjaraviðræður eftir gjaldþrot WOW air og samningsaðilar sammála um mikilvægi þess að ná samningum og draga úr frekari óvissu um efnahagshorfur. Markmið nýs samnings myndu ganga út á að nýta svigrúm til launahækkana á tekjulægstu hópana með sérstökum taxtahækkunum og almennum krónutöluhækkunum. Með því að semja ekki umfram svigrúm til launahækkana ættu stýrivextir að stuðla að vaxtalækkun hjá Seðlabankanum og draga þannig úr vaxtakostnaði heimilanna.

Enn fremur var tekin upp sérstök hagvaxtatenging, í formi hagvaxtaauka sem tengir saman launasvigrúm og verðmætasköpun í samfélaginu. Þannig

væri samið um sérstakar grunnhækkanir en með mögulegri viðbót verði hagvöxtur á mann hærri en 1%. Í samningum verslunarfólks var að finna sérstaka styttingu vinnutímans, alls um 45 mínútur á viku, en í öllum samningum mátti finna heimild til að sleppa kaffitímum og breyta vinnufyrirkomulagi þannig að á móti komi stytting vinnutímans. Útfæra má þá breytingum með ólíkum hætti, en t.d. gæti launafólk kosið að stytta hvern vinnudag, eða til dæmis kosið að hætta fyrir á föstudum.

Ljóst var að til að samningar myndu nást þyrftu fleiri þættir að koma til. Í fyrsta lagi þyrfti vaxtalækkun að raungerast og í öðru lagi þyrftu stjórnvöld að stíga fram með kröftugum hætti og bregðast við gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á húsnæðismál, velferðarmál, skattamál o.fl. Þegar lá fyrir að stjórnvöld myndu gefa út yfirlýsingu þar sem brugðist yrði með tugum aðgerða var komin forsenda fyrir undirritun kjarasamninga. Niðurstaðan voru lífskjarasamningarnir, sem undirritaðir voru af félögum í Starfsgreinasambandinu, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og síðar samfloti iðnaðarmannafélaganna og giltu þeir fyrir störf á almenna markaðinum.



## LÍFSKJARASAMNINGURINN 2019-2022

### Aðilar kjarasamningsins

Aðilar kjarasamnings þessa eru VR, Landssamband íslenskra verzlunarmanna, Efling-stéttarfélag, AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining-löja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar annars vegar og Samtök atvinnulífsins hins vegar.

### Inngangur - megininntak

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks. Launahækkanir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á kaupmata og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Í því felst breið sátt á vinnumarkaði um að launafólk með lágar tekjur hækki hlutfallslega meira í launum en þeir sem hærri laun hafa.

Eitt meginmarkmið kjarasamningsins er að stuðla að vaxtalækkun sem gagnast heimilunum og atvinnulífinu einkar vel. Að mati samningsaðila skapar samningurinn rými fyrir vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimila og auðveldar fyrirtækjum að standa undir launahækkunum sem felast í kjarasamningnum. Þá stuðlar vaxtalækkun að lækkun húsaleigu.

Ein forsenda góðra kjara launafólks og fullrar atvinnu er samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Markmið aðila er að standa vörð um kaupmátt launa og stuðla að lágrri verðbólgu og lægri vöxtum til frambúðar.

Í samningnum felst bein tenging milli svigrúms atvinnulífsins til launabreytinga og hækkunar launa. Ákvæði um launaauka vegna framleiðniaukningar tryggir launafólki hlutdeild í ávinningi þegar landsframleiðsla á hvern íbúa eykst umfram tiltekin mörk.

Samningurinn tryggir einnig að launafólk sem tekur laun samkvæmt umsömdum launtöxtum fylgi almennri launaþróun verði umtalsvert launaskrið á almennum vinnumarkaði.

Samningsaðilar vilja treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem brot á launafólki líðast ekki með því að lögfestar verði aðgerðir gegn kennitöluflakki og félagslegum undirboðum sem jafnframt tryggi jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja.

### Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.

### Launabreytingar

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks. Launahækkanir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

#### Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf

1. apríl 2019: 17.000 kr.

1. apríl 2020: 18.000 kr.

1. janúar 2021: 15.750 kr.

1. janúar 2022: 17.250 kr.

#### Kauptaxtar

Kauptaxtar hækka sérstaklega, sbr. fylgiskjöl með hlutaðeigandi kjarasamningum.

- 1. apríl 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 24.000 kr.
- 1. janúar 2021: 24.000 kr.
- 1. janúar 2022: 25.000 kr.

#### Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka um 2,5% á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

#### **Lágmarkstekjur fyrir fullt starf**

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf verði:

- 1. apríl 2019 317.000 kr. á mánuði.
- 1. apríl 2020 335.000 kr. á mánuði.
- 1. janúar 2021 351.000 kr. á mánuði.
- 1. janúar 2022 368.000 kr. á mánuði.

#### **Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2019 92.000 kr.
- Á árinu 2020 94.000 kr.
- Á árinu 2021 96.000 kr.
- Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 50.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

#### **Eingreiðsla maí 2019**

Á árinu 2019 greiðist eingreiðsla í formi sérstaks álags á orlofsuppbót, 26.000 kr. Orlofsuppbót árið 2019 greiðist eigi síðar en 2. maí.

#### **Launa- og forsendunefnd**

Sérstök launa- og forsendunefnd skal þegar taka til starfa. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af SA og þremur fulltrúum tilnefndum sameiginlega af samninganefndum þeirra félaga sem aðild eiga að kjarasamningum, dags. 3. apríl 2019.

Verkefni nefndarinnar er að leggja mat á forsendur kjarasamningsins og ákvæði hans um hagvaxtarauka og taxaauka.

#### **Hagvaxtarauki**

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Við ákvörðun launaauka vegna ára 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðra bráðabirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

### Kauptrygging vegna launaþróunar

Á árunum 2020-2022 reiknast ár hvert kaupmatauki vegna launaþróunar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Launa- og forsendunefnd skal greina tilefni til greiðslu kaupmatauka á grundvelli launaþróunar. Nefndin skal bera saman launaþróun skv. launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað (leiðrettri með aðferð skv. tillögu dr. Kim Ziechang sem lýst er í skýrslu hans, dags. 5. nóv. 2018) við hlutfallslega breytingu hæsta virka launaflokks SGS (Ífl. 17 e. 5 ár). Viðmiðunartímabil samanburðarins er desembermánuður ár hvert á samningstímanum, í fyrsta sinn tímabilið desember 2019 til desember 2020. Niðurstaða liggja fyrir í mars ár hvert.

Verði niðurstaðan sú að framangreind launavísitala hafi hækkað meira en viðmiðunartaxtinn á viðmiðunartímabilinu skal nefndin úrskurða um tiltekna krónutölu sem allir kauptaxtar kjarasamninga aðila hækki um. Krónutala þessi reiknast sem hlutfall umframhækkunarinnar af framangreindum kauptaxta. Kaupmatauki betist við kauptaxta frá 1. maí.

### Samningsforsendur

Meginmarkmið kjarasamnings þessa er að stuðla að auknum kaupmætti og lægri vöxtum til frambúðar. Samningurinn hvílir á meginforsendum um að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum samkvæmt markmiðum samningsins um að hækka lægstu laun, að vextir lækki og að fullar efnidir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin er út í tengslum við samninginn. Aðilar eru sammála um að samningurinn skapi skilyrði til verulegrar lækkunar vaxta.

Forsendur samningsins eru eftirfarandi:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Vextir taki verulegum lækkunum fram að endurskoðun samningsins í september 2020 og haldist lágir út samningstímann.
3. Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga“ og „Yfirlýsing ríkisstjórnar um aðgerðir til að draga úr vægi verðtryggingar“ sem gefnar eru út í tengslum við kjarasamning þennan.

### Mæt á forsendum

Launa- og forsendunefnd skal meta hvort eftirfarandi forsendur hafi staðist:

Í september 2020 skal nefndin meta hvort forsenda um kaupmátt launa skv. 1. lið, vextir skv. 2.lið og hvort þær stjórnvaldsákvarðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið er í yfirlýsingu ríkisstjórnar skv. 3.lið hafi staðist. Nefndin skal tilkynna fyrir lok september 2020 hvort ofangreindar forsendur hafi staðist.

Í september 2021 skal nefndin meta hvort forsenda um kaupmátt launa skv. 1.lið, vextir skv. 2.lið og hvort þær stjórnsvaldsákvæðanir, lagabreytingar og fjármógnun sem hlotið er í yfirlýsingum ríkisstjórnar skv. 3.lið hafi staðist. Nefndin skal tilkynna fyrir lok september 2021 hvort ofangreindur forsendur hafi staðist.

#### Viðbrögð við forsendubresti

Fari svo að einhver af ofangreindum forsendum standast ekki skal kalla saman sameiginlegan fund samningsefnda ofangreindra aðila og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu leiða til þess að markmið samningsins nái fram að ganga og leita samkomulags um viðbrögð til að vinna að því að hafi haldi gildi sínu.

Náist ekki samkomulag um viðbrögð við forsendubresti skal sá þeirra aðila sem vill ekki að samningurinn haldi gildi sínu tilkynna um það sem hér segir:

Vegna endurskoðunar í september 2020. Fyrir kl. 16 þann 30. september 2020 fellur samningurinn þá úr gildi þann 1. október 2020.

Vegna endurskoðunar í september 2021. Fyrir kl. 16 þann 30. september fellur samningurinn þá úr gildi þann 1. október 2021.

#### **Afgreiðsla kjarasamningsins**


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir miðvikudaginn 22. apríl.

#### **Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands**

Kjarasamningi þessum fylgir yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, m.a. um eftirlitin atriði: Tekjukatt, fæðingarorlof, barnabætur, húsnæðismál, líffeyrisamál, félagsleg undirbúd, hagstjórn, verðlag og verðtryggingu, einföldun regluverks og eftali.

Reykjavík, 3. apríl 2019

F.h. VR



F.h. Samtaka atvinnuflíðsins


F.h. Lausálfmanna íslenskra verzlunarmanna

*Ólafur Guðmundsson*

F.h. Eflingar-ættarfélags

*Sólveig Arnna Þonsdóttir*

F.h. AFL's Starfsgættaklúbbs

*Ágúst Guðmundsson*

F.h. Öldunnar stettarfélags

*Þorunn Þorvaldsson*

F.h. Bárunnar stettarfélags

*Hauður S. Steind*

F.h. Driflanda stettarfélags

*Anna Þórunn*

F.h. Esmingar-Íþú

*Anna Þorvaldsson*

F.h. Fragnýnar stettarfélags

*Adalbjörn Baldursson*

F.h. Stettarfélagisins Samstöðu

*Guðrún Þorvaldsson*

F.h. Stettarfélags Vesturlands

*Þorvaldur Þorvaldsson*

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

*Valdís Þorvaldsson*

F.h. Verkalýðsfélags Grindavíkur

F.h. Verkalýðsfélagsins Hlílfar

*Hollvinnur Sveinsson*

F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Bólungarvíkur

*Hrunnkirkja*

F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

*Kristbjörg Kristinnisdóttir*

F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis

*Þórunn Þórunnisdóttir*

F.h. Verkalýðsfélags Snaresfellinga

*Vigdís Þórunn*

F.h. Verkalýðsfélags Suðurlands

*Ólafur Ólafsson*

F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga


*Þórunn Þórunnisdóttir*

F.h. Verkalýðsfélags Þórshafnar

*Sigríður Jóhannsdóttir*

Yfirlýsing stjórnvalda var gefin út samhliða undirritun kjarasamninga en í henni mátti finna ítarlega aðgerðaráætlun. Aðgerðirnar eru víðtækar og stuðla að samfélagslegum umbótum fyrir allan almenning. Sérstaklega er horft til þess að styðja við ungt barnafólk og tekjulága. Aðgerðirnar eru afrakstur samráðs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins undanfarið ár. Alls voru 45 aðgerðir til stuðnings lífskjarasamningum þar sem heildarumfang er um 80 milljarðar á samningstímanum. Aðgerðir á borð við lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði, skattalækkanir og breytingar á tekjuskattskerfi og barnabótum munu auka ráðstöfunartekjur. Víðtækar aðgerðir í húsnæðismálum og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis. Dregið úr vægi verðtryggingar og ný neytendalán miðist við vísitölu án húsnæðisliðar. Markvissar aðgerðir gegn félagslegum undirbótum.

# Stuðningur stjórnvalda við lífsskjarasamninga



## Stuðningur stjórnvalda við lífsskjarasamninga

- **Ríkisstjórnin leggur fram aðgerðir að umfangi um 80 milljarða á gildistíma kjarasamninga til að styðja við markmið um stöðugleika og að bæta kjör launafólks**
- **Lengra fæðingarorlof, lægri tekjuskattur, auknar barnabætur og auðveldari íbúðakaup**
- **Aðgerðirnar nýtast best ungu fólki og þeim tekjulægri**

Ríkisstjórnin hefur greint aðilum vinnumarkaðarins frá því að hún sé reiðubúin að liðka fyrir gerð kjarasamninga með aðgerðum sem stutt geta við markmið um stöðugleika í efnahagsmálum og bætt kjör launafólks á almennum vinnumarkaði. Forsenda fyrir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins vinni saman að bættu samspili hagstjórnar og kjarasamninga og nýjum vinnubrögðum á vinnumarkaði. Með því má best tryggja efnahagslega velsæld og aukna verðmætasköpun, bæta lífskjör almennings í landinu og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta.

Ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi eða beita sér að öðru leyti fyrir eftirfarandi aðgerðum sem komi til framkvæmda á árunum 2019 til 2022:



## **Tekjuskattur**

1. Komið verði á fót þriggja þrepa skattkerfi með nýju lágtekjuprepi. Miðað er við að sú aðgerð auki ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins um tíu þúsund krónur á mánuði.
2. Skattleysismörk haldist föst að raunvirði á innleiðingar-tímabilinu og að því loknu hækki persónuafsláttur og skattþrep umfram verðbólgu sem nemi framleiðni-aukningu.
3. Markvisst verður dregið úr samnýtingu sambúðaraðila á skattþrepum.

## **Fæðingarorlof**

4. Fæðingarorlof lengist úr níu mánuðum í tíu mánuði í byrjun árs 2020 og í byrjun árs 2021 verði fæðingarorlof 12 mánuðir. Áfram verður byggt á því að hvort foreldri fyrir sig eigi sjálfstæðan rétt til tóku fæðingarorlofs en hluti orlofsins verði til skiptanna. Stjórnvöld áskilja sér rétt til að tryggja til framtíðar að samræmis sé gætt í tekjuöflun og ráðstöfun fjármuna sérgreindra vinnu-markaðssjóða (Ábyrgðarsjóður launa, Fæðingarorlofs-sjóður, starfsendurhæfingarsjóðir, Atvinnuleysistryggingasjóður) samhliða því sem hlutdeild tryggingargjalds í fjármögnun almannatrygginga verði komið í fastar skorður.

## **Barnabætur**

5. Skerðingarmörk barnabóta hækki í 325 þúsund krónur á mánuði á árinu 2020.

## Húsnæðismál

6. Framlög í almenna íbúðakerfinu verði aukin um tvo milljarða króna á hverju ári eða samtals sex ma.kr. á árunum 2020–2022. Með þessu er áætlað að unnt verði að ráðstafa stofnframlögum til byggingar allt að 1.800 íbúða á árunum 2020–2022.
7. Unnið verði með aðilum vinnumarkaðarins að því að finna skynsamlegar leiðir og útfærslur á þeim til að auðvelda ungu fólki og tekjulágum fyrstu fasteignakaup. Ein mögulegra leiða er að veitt verði sérstök lán (t.a.m. Íbúðalánasjóður) með þeim skilmálum að höfuðstóllinn geti svarað til tiltekins hlutfalls af markaðsvirði eignarinnar. Slík „hlutdeildarlán“ bæru lægri vexti og afborganir fyrstu árin og gerðu tekjulágum kleift að komast yfir útborgunarþröskuldinn þar sem krafa um eigið fé væri lægri. Hlutdeildareigandi fengi endurgreitt þegar eigandi seldi viðkomandi íbúð eða greiddi lánið upp á matsvirði.
8. Stuðningur stjórnvalda við fyrstu kaup nái einnig til þeirra sem ekki hafa átt fasteign í fimm ár að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
9. Heimilt verði að ráðstafa þeim hluta lífeyrисиðgjalds sem nefndur er tilgreind séreign til húsnæðisakaupa með skattfrjálstri úttekt og tíma- og fjárhæðartakmörkunum.
10. Framlengd verði í tvö ár heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, frá 1. júlí 2019 til 30. júní 2021.
11. Ákvæði húsaleigulaga verði endurskoðuð til að bæta réttarstöðu leigjenda, meðal annars hvað varðar vernd leigjenda þegar kemur að hækkun leigufjárhæðar og bættri réttarstöðu leigjenda við lok leigusamnings.
12. Sveigjanleiki í útleigu á hluta húsnæðis verði aukinn.
13. Stuðningur við hagsmunasamtök leigjenda verði aukinn.

- 14.** Myndaður verði samstarfsvettvangur stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila til að auka yfirsýn yfir skipulags- og byggingarmál og rafræna stjórnsýslu auk þess sem regluverk verði einfaldað.
- 15.** Sveitarfélögum verði tryggðar heimildir í skipulagslögum til að gera kröfur um að allt að 25% af byggingarmagni samkvæmt nýju deiliskipulagi skuli vera fyrir almennar íbúðir, félagslegar íbúðir eða aðrar leiguíbúðir, hvort sem eigandi lands er sveitarfélag, ríki eða einkaaðili.
- 16.** Ríkið og Reykjavíkurborg komist að samkomulagi um að hefja skipulagningu Keldnalands, m.a. með markmiðum um félagslega blöndun, og semji í framhaldinu um eignarhald og framkvæmdir.
- 17.** Samstarf opinberra stofnana sem hafa það hlutverk að safna og miðla upplýsingum um húsnæðismál verði aukið, myndaður verði öflugur samstarfsvettvangur opinberra aðila og þeir vinni að sameiginlegum skilgreiningum sem hægt verði að styðjast við í greiningum á upplýsingum um húsnæðismál.
- 18.** Ríkisstjórnin mun vinna að innleiðingu tillagna átakshóps um húsnæðismál í samráði við aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélög. Íbúðalánasjóði verður falið að halda utan um eftirfylgni tillagna átakshópsins í samráði við forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

## Lífeyrismál

19. Í viðræðum stjórnvalda við fulltrúa heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála og réttindastöðu sjóðfélaga. Stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að efna til samstarfs við aðila á vinnumarkaði um heildarendurskoðun lífeyrismála, sem vanda þarf til og tekur eðli máls samkvæmt nokkurn tíma. Meðal efnispáttanna sem slík endurskoðun þarf að taka til má nefna skipulag og uppbyggingu lífeyriskerfisins og lífeyrisréttinda, sjálfbærni lífeyriskerfisins, inntak tryggingarverndar, jöfnun örorkuþyrði milli sjóða, umfang og meðferð séreignasparnaðar, tryggingafræðilegar forsendur, samspil almannatrygginga við greiðslur úr lífeyrissjóði, almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða, fjárfestingar sjóðanna og eftirlit með starfsemi þeirra.

20. Stjórnvöld munu setja eftirfarandi mál í forgang:

- i. Að skylda til greiðslu 15,5% af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs verði lögfest (lágmark).
- ii. Að heimilt verði að skipta lögbundnu iðgjaldi í lífeyrissjóð þannig að a.m.k. 12% fari til öflunar réttinda í sameign (samtryggingardeild), og allt að 3,5% geti farið til öflunar réttinda í tilgreindri séreign. Kveðið verði nánar á um þessa skiptingu í samþykktum lífeyrissjóða.
- iii. Að heimilað verði að tilgreindri séreign megi ráðstafa til a) húsnæðiskaupa með uppsöfnuðum sparnaði, b) til að lækka höfuðstól verðtryggðra fasteignaveðlána, eða c) til að lækka afborganir eða höfuðstól óverðtryggðra fasteignaveðlána. Slík ráðstöfun verði háð tíma- og fjárhæðartakmörkunum og þannig útfærð að hún grafi ekki undan sjálfbærni lífeyriskerfisins. Nánari útfærsla verður gerð í samráði stjórnvalda og heildarsamtaka á vinnumarkaði.
- iv. Að lífeyristökualdur verði endurskoðaður í nánara samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði.

## Félagsleg undirboð

21. Tekið verði á kennitölufлакki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tilteknar aðstæður (atvinnurekstrarbann) og auk þess er skerpt á fjölmörgum öðrum atriðum.
22. Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.
23. Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.
24. Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (lögreglan, ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundið verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit.
25. Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsiaðbyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna.
26. Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.
27. Sett verði skylda til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.

- 28.** Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfbodaðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.
- 29.** Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn sameiginlegs vettvangs. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kann að verða til.
- 30.** Tryggt verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungarvinnu. Aðgerðaáætlun gegn mansali liggja fyrir og henni verði framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsíákvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.
- 31.** Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.

## **Hagstjórn, vinnumarkaður og verðlag**

- 32.** Heildarsamtök á vinnumarkaði verði aðilar að Þjóðhagsráði sem hafi útvíkkað hlutverk með það að markmiði að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika.
- 33.** Stjórnvöld og heildarsamtök á vinnumarkaði vinni saman að gerð grænbókar um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála. Grænbókin verði lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verði teknar.
- 34.** Til að stuðla að verðstöðugleika munu gjaldskrár ríkisins ekki hækka á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda. Á árinu 2020 munu gjöld hækka um 2,5% að hámarki en minna ef verðbólga er minni. Brýnt er að fyrirtæki á markaði axli ábyrgð á þróun verðlags og er gengið út frá því að svo verði. Ríkisstjórnin mun einnig beita sér fyrir því að fyrirtæki í ríkiseigu, þ.m.t. orkufyrirtæki, gæti ýtrasta aðhalds við gjaldskrárbreytingar.

## **Einföldun regluverks og eftirlit**

- 35.** Samkeppnislög verða tekin til skoðunar með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni. Meðal annars verði skoðað hvort Samkeppniseftirlitið eigi að veita sérstakar undanþágur frá bannákvæðum laganna eða fyrirtækjum falið að meta sjálf hvort slík skilyrði séu til staðar. Þá verða veltumörk tilkynningarskyldra samruna endurskoðuð og horft til þess að hækka þau og einnig verða lagðar til breytingar á málsmeðferð samrunamála sem eru til þess fallnar að einfalda hana, m.a. með því að einfalda styttri samrunatilkynningar.
- 36.** Stjórnvöld hafa nú þegar fengið OECD til að framkvæma samkeppnismat á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi í þeim tilgangi að draga úr samkeppnishindrunum og reglubyrði. Verður m.a. litið til þess að einfalda framkvæmd byggingarmála með það að leiðarljósi að stytta byggingartíma, draga úr kostnaði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni til hagsbóta fyrir atvinnulífið og neytendur. Einnig verður unnið að einföldun eftirlitsreglna og afgreiðsluferla vegna leyfisveitinga fyrir atvinnulífið m.a. með það að markmiði að greina hvar möguleikar séu til að breyta og einfalda framkvæmd opinbers eftirlits með þjónustu faggiltra aðila og betri hagnýtingu á upplýsingatækni í starfsemi opinberra aðila.
- 37.** Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur mun í samráði við aðila vinnumarkaðarins ljúka því verkefni að taka saman yfirlit yfir lagaákvæði þar sem mælt er fyrir um leyfisveitingar, eftirlit og gjaldtöku sem eru íþyngjandi fyrir atvinnustarfsemi og gera tillögur að úrbótum. Ráðgjafarnefndin mun jafnframt fylgjast með að ekki séu kynnt til sögunnar ný íþyngjandi ákvæði í lög um leyfisveitingar, eftirlit og gjaldtöku án rökstuðnings og að mat á áhrifum slíkra reglna á atvinnulíf sé framkvæmt.
- 38.** Forsætisráðuneytið hefur nýlega látið framkvæma skóðanakönnun meðal fyrirtækja á Íslandi um eftirlitsmenningu. Ráðgjafarnefnd um opinbert eftirlit vinnur að því að gera tillögur til úrbóta á grunni niðurstaðna könnunarinnar.



## Kjarasamningar við hið opinbera

Lífskjarasamningarnir náðu yfir störf á almenna markaðinum en enn ekki sér fyrir endann á kjaradeilu á opinbera markaðinum. Samningar hjá ríki og sveitarfélögum losnuðu flestir í lok marsmánaðar og hafa því verið lausir yfir sumarið. Viðræður hafa gengið erfiðlega en meðal annars hefur verið deila um lífeyrismál við Samband íslenskra sveitarfélaga sem hefur neitað að ræða útfærslu á jöfnun lífeyrisréttinda fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga sem voru í starfi þegar gerðar voru breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna á árinu 2017, þrátt fyrir að skýrt hafi verið kveðið á um slíkt í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá október 2015. Samkomulag um útfærslu þessa við ríki og Reykjavíkurborg var gert í desember 2017 með samningi um greiðslu s.k. lífeyrisauka en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur hafnað því að ljúka málinu með sambærilegum hætti gagnvart starfsfólki innan aðildarfélaga ASÍ hjá öðrum sveitarfélögum.

Í lok máí vísaði Starfsgreinasambandið og Efling deilu við Samband íslenskra sveitarfélaga til ríkissáttasemjara. Af hálfu SGS og Eflingar kemur ekki til greina að halda viðræðum áfram nema að lífeyrisréttindi starfsfólks sveitarfélaganna innan ASÍ verði jöfnuð í samræmi við fyrri loford. Reykjavík hafði ákveðið að efna samkomulag aðila fyrir sitt leyti en önnur þverskallast við og neita einfaldlega að ganga til viðræðna um jöfnun lífeyrisréttinda starfsmanna sinna á þeirri forsendu að þau hafi aldrei undirgengist slíka skyldu. SGS hafnar þeirri afstöðu alfarið enda ráð gert fyrir þessari ófndu jöfnun í öllum forsendum og útreikningum aðila eftir 2009. Í ágúst samþykkti formannafundur SGS að sambandið höfði mál fyrir Félagsdómi þar sem látið verður reyna á túlkun sammingsákvæðisins frá 2009 og 2015 um skyldu sveitarfélaga til þess að ganga til kjarasamningsviðræðna um jöfnun lífeyrisréttinda. Í september er enn beðið málsmeðferðar fyrir Félagsdómi.

Í byrjun september undirrituðu samninganefndir sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands og Eflingar – stéttarfélag samkomulag um endurskoðun viðræðuáætlunar aðila þar sem stefnt er að gerð nýs kjarasamnings fyrir 20. október 2019. Jafnframt drógu SGS og Efling – stéttarfélag til baka vísun kjaradeilu aðila til ríkissáttasemjara. Samhliða endurskoðaðri viðræðuáætlun yrði hverjum starfsmanni greidd innágreiðsla á væntanlegan kjarasamning að upphæð 125.000 kr. miðað við fullt starf.



# ATVINNUMÁL

## Helstu kennitölur

Hlutfallsleg breyting	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Mannfjöldi (16-74 ára)	223.700	227.200	229.600	231.800	235.100	241.500	249.900
Vinnuafli	180.000	184.900	187.000	191.300	196.500	199.500	204.000
<i>Starfandi</i>	169.100	175.000	177.800	183.700	190.600	194.000	198.400
<i>Atvinnulausir</i>	10.900	9.900	9.200	7.600	5.900	5.500	5.600
Utan vinnumarkaðar	43.700	42.300	42.600	40.500	38.600	42.100	45.900
Atvinnuþátttaka (%)	80,5	81,4	81,5	82,5	83,6	82,6	81,6
Atvinnuleysi	6,0	5,4	4,9	4,0	3,0	2,8	2,7
Atvinnuleysi (skv. VMST)	5,7	4,4	3,6	2,9	2,3	2,1	2,4
Vinnustundir	39,8	39,8	39,8	40,1	40,1	39,9	39,6


Árið 2018 voru 249 þús. einstaklingar á vinnualdri, eða á aldrinum 16–74 ára. Sá hópur skiptist annars vegar í einstaklinga á vinnumarkaði og svo einstaklinga sem eru utan vinnumarkaðar. Einstaklingum á vinnumarkaði fjölgaði um

4.500 milli ára og voru alls 204 þús. að jafnaði á vinnumarkaði á síðasta ári. Einstaklingum fjölgaði einnig utan vinnumarkaðar og dróst atvinnuþátttaka því saman á síðasta ári og mældist 81,6%, sem er svipað hlutfall og á árunum 2013–2014.

Greina mátti merki um að efnahagslífið væri farið að hægja á sér á árinu 2018, líkt og fram kemur í kafla um efnahagsmál. Staða vinnumarkaðar var þó engu að síður sterk á síðasta ári sem birtist m.a. í því að starfandi einstaklingum fjölgaði að jafnaði um 4.400 á síðasta ári, eða 2,2%. Atvinnuleysi mældist einnig svipað milli árunna 2017–2018, eða 2,7%. Meðalfjöldi vinnustunda dróst hins vegar lítillega saman milli ára og var um 39,6 vinnustundir að jafnaði á viku á síðasta ári.

### Fjöldi starfandi eftir bakgrunni

Hlaupandi meðaltal fjögurra ársfjórðunga




Heimild: Hagstofa Íslands

Núverandi hagvaxtarskeið á rætur að rekja í gífurlegan vöxt vinnuafsfrekra greina og þá sérstaklega vöxt ferðaþjónustunnar og mannvirkjagerðar. Líkt og sést að ofan hefur sá vöxtur kallað á mikinn aðflutning erlends vinnuafls. Frá árinu 2006 fjölgaði starfandi úr 164 þús. í 203 þús. einstaklinga. Á sama tíma fjölgaði starfandi einstaklingum úr 11 þús. í 38 þús.

### Verri horfur á vinnumarkaði 2019


Eins og komið er inn á í kaflanum um efnahagsmál voru farin að sjást merki um að efnahagslífið væri að hægja á sér á síðasta ári, og á árinu 2019 voru greiningaraðilar farnir að spá samdrætti í efnahagslífinu. Árið 2019 voru jafnframt merki um kólnun farin að birtast í vinnumarkaði en dekkri horfur í ferðaþjónustu og óvissa um afdrif flugfélagsins WOW air höfðu þar umtalsverð áhrif.

## Atvinnuleysi



Sé horft á tölfræði Vinnumálastofnunar mældist skráð atvinnuleysi 2,4% á síðasta ári og jókst milli ára. Skráning Vinnumálastofnunar tekur mið af rétti til atvinnuleysisbóta ólíkt mælingu Hagstofunnar sem byggir á spurningakönnun. Líkt og sést á myndinni að ofan hefur atvinnuleysi vaxið á árinu 2019, sem skýrist m.a. af fjölgun hópuþsagna og gjaldþroti flugfélagsins WOW air, en þar misstu 1.100 starfsmenn vinnu. Í mars virkjaði Vinnumálastofnun viðbragðsáætlun vegna gjaldþrotsins vegna mikillar fjölgunar nýskráninga. Í apríl var atvinnuleysi 3,7% en lækkaði lítillega milli maí og júlí. Sú þróun skýrist þó fyrst og fremst af árstíðasveiflu, en sé leiðrétt fyrir þeim áhrifum má sjá að atvinnuleysi hefur staðið í stað yfir sumarið. Hins vegar er ljóst að óvissa ríkir um horfur fram á haust og vetur 2019.

## Meðalfjöldi atvinnulausra eftir búsetu




Myndin að ofan sýnir meðalfjölda atvinnulausra eftir landshlutum á árunum 2012–2019. Líkt og sjá má voru ekki miklar sveiflur á fjölda atvinnulausra á

síðasta ári og ekki fyrr en á árinu 2019 sem áhrif hægari umsvifa í efnahagslífinu fara að sjást á vinnumarkaði.

Atvinnulausir eru flestir búsettir á höfuðborgarsvæðinu en að jafnaði hafa um þrjú þúsund einstaklingar verið atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum árum. Atvinnulausum hefur fjölgað umtalsvert á fyrri hluta 2019 og koma áhrifin mest fram á höfuðborgarsvæði og á Suðurnesjum þar sem að jafnaði voru um 2.000 fleiri atvinnulausir á fyrri hluta árs m.v. sama tímabil ári áður. Í öðrum landshlutum hefur atvinnuástand verið stöðugra.

Atvinnuástand á Suðurnesjum hefur verið gott undanfarin ár en ljóst að samdráttur í fjölda ferðamanna hefur haft þar mikil áhrif. Atvinnuleysi á Suðurnesjum mældist 5,8% á fyrri hluta þessa árs borið saman við 3% árið 2018.


#### Fjöldi sem sagt var upp í hópuppsögnum



Aukið atvinnuleysi skýrist m.a. af fjölgun hópuppsagna, en alls misstu 864 einstaklingar vinnuna í hópuppsögnum á árinu 2018 og ekki fleiri misst vinnuna á einu ári í hópuppsögnum frá hrúni. Flestir sem misstu vinnuna störfuðu í flutningum, alls 393, en einnig voru stórar uppsagnir í iðnaði þar sem 266 misstu vinnuna og í sjávarútvegi þar sem 151 missti vinnuna. Ljóst er að hópuppsögnum mun fjölga á árinu 2019 en á fyrstu þrem mánuðum ársins hafði 570 einstaklingum verið sagt upp störfum. Inni í þeim tölum er ekki sá fjöldi sem missti störf við gjaldprot WOW air.

Sé atvinnuleysi skoðað eftir lengd atvinnuleysis má sjá að stærstur hluti atvinnulausra hefur verið án vinnu í skamman tíma. 70% af atvinnulausum hafa þannig verið án atvinnu í skemmri tíma en 5 mánuði. Langtímaatvinnuleysi, þ.e. ár eða lengur, hefur verið stöðugt undanfarin ár en mikil vinnuafleifing hefur gert atvinnuleitendum auðveldara fyrir að komast í nýja atvinnu. Einungis 350 einstaklingar hafa verið án atvinnu í ár eða lengur á fyrri hluta árs samkvæmt tölum Hagstofunnar en það er fækkun frá sama tímabili 2018. Hætta er hins vegar á því að samhliða kólnun í efnahagslífi geti langtímaatvinnuleysi gert vart við sig á ný og ljóst að fylgjast þarf með þróuninni.

## Hlutur erlendra ríkisborgara af atvinnuleysissskrá 12 mánaða hlaupandi meðaltal



Hópuþpagsagnir og aukið atvinnuleysi virðist fremur hafa bitnað á erlendu launafólki líft og sést á myndinni að ofan. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá hefur hækkað ört frá árinu 2017 og eru erlendir ríkisborgarar nú þriðjungur af öllum atvinnulausum. Þetta vekur líka spurningar um þjónustu Vinnumálastofnunar við þennan hóp og hvort úrræði og aðgerðir séu að nýtast einstaklingum af erlendum uppruna.

**TAFLA 1**  
Skipting atvinnulausra eftir menntun og ríkisfangi  
Meðaltöl maí 2018–apríl 2019

	Íslenskir ríkisb.		Erlendir ríkisb.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólamenntun	1454	42%	844	47%
Framhaldsskólamenntun	395	11%	204	11%
Iðnnám	251	7%	225	13%
Stúdent	429	12%	171	10%
Háskólamenntun	985	28%	345	19%

Ef menntunarsamsetning atvinnulausra er brotin niður á íslenska og erlenda ríkisborgara má greina nokkuð ólíka þróun. Lítið til menntunar munar mestu milli íslenskra ríkisborgara og erlendra hjá þeim með iðnnám og háskólamenntun. Næstum tvöfalt algengara er meðal erlendra ríkisborgara án atvinnu að vera með iðnnám en íslenskra. Af skráðu atvinnuleysi erlendra ríkisborgara eru 19% þeirra með háskólamenntun samanborið við 28% hjá þeim íslensku. Af starfandi eru þeir sem luku skólagöngu með grunnmenntun komnir niður í um fjórðung. Bæði hjá íslenskum og erlendum ríkisborgurum eru þeir sem hafa grunnskólamenntun mun stærri hluti atvinnulausra, eða 42% og 47% undanfarið ár.

**TAFLA 2**  
Skipting atvinnulausra eftir atvinnugreinum og ríkisfangi  
Meðaltöl maí 2018–apríl 2019

	Íslenskir ríkisb.		Erlendir ríkisb.	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Landbúnaður	30	1%	21	1%
Fiskveiðar	97	3%	43	2%
Fiskvinnsla	132	4%	123	7%
Iðnaður/hráefnav.	297	8%	189	11%
Veitur og endurv.	28	1%	12	1%
Mannvirkjagerð	169	5%	180	10%
Verslun	604	17%	232	13%
Flutningar	261	7%	104	6%
Gisting og veitingar	286	8%	335	19%
Upplýsingar og fjarskipti	152	4%	14	1%
Fjármál og tryggingar	93	3%	7	0%
Sérfr.starfs., fasteignþj.	172	5%	77	4%
Ýmis sérh.þjónusta	299	9%	260	15%
Félög/menning/pers. þj.	168	5%	51	3%
Opinber stjórnýsla	157	4%	19	1%
Fræðslustarfsemi	249	7%	36	2%
Heilbr./félagsþj.	227	6%	41	2%
Annað/óvíst	95	3%	46	3%

Þegar atvinnuleysi er brotið niður á atvinnugreinar er munur á úr hvaða grein íslenskir ríkisborgarar og erlendir koma. Síðastliðið árið koma um einn af fimm erlendum ríkisborgurum úr gisti- og veitingaþjónustu og er það algengast fyrir atvinnulausa erlenda ríkisborgara. Hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara úr greininni er meira en tvöfalt íslenskra. Atvinnulausir íslenskir ríkisborgarar koma flestir úr verslun, 17% samanborið við 13% hjá erlendum. Ásamt gistingu og veitingum er hlutfallslega mun meira atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara úr mannvirkjagerð, fiskvinnslu og ýmissi sérhæfðri þjónustu. Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar eru hlutfallslega mun færri úr upplýsinga- og fjarskiptagreinum og einnig fjármála- og tryggingargeira. Þá koma atvinnulausir erlendir ríkisborgarar mun síður úr störfum sem almennt hafa verið á sviði hins opinbera; fræðslu, stjórnýslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu.





# VELFERÐARMÁL

## Kaup og kjör

Vísitala launa hafði í júlí 2019 hækkað um 4,2% milli ára og um 8,7% frá byrjun árs 2018. Almennar kjarasamningsbundnar hækkanir hafa haft mest áhrif á þróun launavísitölunnar, bæði á almenna markaðinum og hjá hinu opinbera. Laun hækkuðu almennt um 3% í maí og júní 2018 og lágmarks-tekjutrygging hækkaði úr 280.000 kr. í 300.000 kr., eða um 7,1%, en þá komu einnig til framkvæmda eingreiðslur vegna framlengingar kjarasamninga kennara. Flest allir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði runnu út í lok árs 2018 og samningar við ríki og sveitarfélög runnu út þann 31. mars 2019. Samningar náðust við verslunar- og verkafólk í byrjun apríl en samið var um flata 17.000 króna hækkun á bæði taxa og almenn laun frá 1. apríl 2019 og sérstakan orlofsuppbótarauka upp á 26.000 kr. sem kom til greiðslu í byrjun maí. Iðnaðarmenn undirrituðu samninga sína í byrjun maí 2019 með sambærilegum hækkunum frá 1. apríl. Samningum við starfsfólk ríkis og sveitarfélaga var ólokið í september 2019.





Á 12 mánaða tímabili frá maí 2018 til maí 2019 hækkuðu laun almennt um 5%–6% á almennum markaði ef frá eru taldir stjórnendur og sérfræðingar en laun þeirra hópa hafa hækkað mun minna, eða um 2,3%–2,8%, sem endurspeglar að einhverju leyti flatar krónutöluhækkningar kjarasamninga í apríl 2019. Laun verkafólks hafa hækkað mest á tímabilinu, um 6,6%, laun sölu og

afgreiðslufólks um 6% og tækna og sérmenntaðs starfsfólks um 5,6%. Þó ber að hafa í huga að launavísitalan mælir þróun reglulegs tímakaups en segir ekki endilega til um þróun heildarlauna, óreglulegar greiðslur og fleira sem gæti haft mismunandi áhrif eftir starfsstéttum.

Verðlag hefur verið fremur stöðugt undanfarið ár þó verðbólga hafi aukist lítillega. Verðbólga á ársgrundvelli nam 3,3% í júní 2019 og hafði kaupmáttur reglulegs tímakaups þá aukist um 1,1% frá sama tíma árið áður en verulega hefur hægt á kaupmáttarþróun frá júní árinu áður þegar kaupmáttur jókst um 3,5% á ársgrundvelli.

## Húsnæðismál

Húsnæðismál voru tekin til sérstakrar umfjöllunar á 43. þingi ASÍ enda málaflokkurinn verið í brennidepli umræðunnar um afkomu og öryggi launafólks á undanförunum árum. Á þinginu var samþykkt stefna ASÍ um húsnæðismál þar sem áréttuð voru mörg þau áhersluatriði sem unnið hefur verið að á síðustu árum s.s. mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar á hagkvæmu leiguhúsnæði fyrir tekjulágt launafólk í gegnum almenna íbúðakerfið, nauðsyn þess að endurskoða húsnæðislánakerfið og bæta réttarstöðu leigjenda auk umfjöllunar um önnur brýn viðfangsefni sem vinna þarf að til að tryggja jafnt aðgengi, húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað.

Í stefnunni segir:

*43. þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld tryggi að allt launafólk hafi aðgang að öruggu og góðu íbúðarhúsnæði, óháð búsetu og tekjum, og krefst þess að ríkisvald og sveitarfélög styðji vel við uppbyggingu almennra leiguíbúða um allt land.*

*Spenna er á húsnæðismarkaði m.a. vegna of lítills framboðs af íbúðarhúsnæði, fjölgunar íbúða í ferðamannaleigu og hás byggingarkostnaðar. Þá hafa stjórnvöld um árabíl vanrækt félagslegt hlutverk sitt á húsnæðismarkaði og ekki tryggt tekjulágu launafólki húsnæðisöryggi. Þetta ásamt háum vöxtum og verðtryggingu veldur því að húsnæðiskostnaður launafólks er allt of hár. Samhliða hækkandi húsnæðiskostnaði hefur húsnæðisstuðningur ekki haldið í við þróun verðlags og launa heldur beinlínis verið skorinn niður.*

*Launafólk stendur því frammi fyrir erfiðum og óaðgengilegum húsnæðismarkaði þar sem allt of stór hluti ráðstöfunartekna fer til greiðslu húsnæðiskostnaðar. Þessi staða hefur lent sérstaklega illa á ungu fólki sem er að hefja búskap og hefur í fá hús að venda. Afleiðingin er að vaxandi hópi launafólks er haldið í fátækt, sem eykur ójöfnuð, stéttaskiptingu og vinnuálag.*

*Löggjöf um almennar leiguíbúðir var mikilvægt skref til þess að tryggja lægstu tekjuhópunum aðgang að ódýru, öruggu og góðu íbúðarhúsnæði.*

*Hins vegar þarf að tryggja aukid fjármagn í stofnframlög til að hraða uppbyggingu á nægilegum fjölda íbúða fyrir þann stóra hóp launafólks sem er á hrakhólum á húsnæðismarkaði.*

*Mikil umræða hefur verið um húsnæðislánakerfið hér á landi sem hrundi til grunna með bönkunum. Í raun hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að auðvelda almenningi aðgengi að lánsfjármarkaði, þrátt fyrir ítarlegar tillögur Alþýðusambandsins um nýtt húsnæðislánakerfi. Lífeyrissjóðirnir hafa þó tekið ákveðið frumkvæði með því að stórauka beinar lánveitingar til sjóðsfélaga, þar sem vextir taka mið af vöxtum á skuldabréfamarkaði. Í raun eru sjóðirnir að hrinda í framkvæmd mikilvægum hluta af danska húsnæðislánakerfinu þar sem almenningur fær notið með beinum hætti lækkun vaxta á skuldabréfamarkaði.*

### **Stefna ASÍ**

- *Húsnæðisöryggi eru mannréttindi.*
- *Öruggt íbúðarhúsnæði stuðlar að velferð fjölskyldunnar og stöðugri og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn launafólks.*
- *Öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt er af í samræmi við getu og þarfir, léttir óhóflegu vinnuálagi af launafólki og skapar því tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og fyllra lífs.*
- *Hvergi má slaka á í kröfum um gæði og stærð íbúðarhúsnæðis. Óvandað íbúðarhúsnæði, of lítið íbúðarhúsnæði eða uppbygging sér greindra leiguhverfa vinnur gegn þeim markmiðum sem ASÍ vinnur að í þágu launafólks.*
- *Leita ber fjölbreyttra og nýrra úrræða sem annað af tvennu tryggi launafólki um allt land tækifæri til þess að eignast eigið íbúðarhúsnæði eða til þess að eiga kost á góðu og öruggu leiguhúsnæði gegn sanngjörnu endurgjaldi og óháð búsetu.*
- *Fjölga þarf heimildum í almenna leiguíbúðakerfinu og tryggja næga fjármögnun þess. Mikilvægt er að kveða skýrt á um lagalega skyldu sveitarfélaga að tryggja lóðir fyrir almennar leiguíbúðir.*
- *Endurskoða þarf húsnæðislánakerfið til að stuðla að lægri vöxtum og greiðslubyrði af húsnæðislánum fyrir alla með beinni þátttöku lífeyrissjóðanna.*
- *Stjórnvöldum ber að tryggja rekstur samtaka leigjenda með opinberum fjárframlögum, veita þeim lögbundið hlutverk í réttargæslu fyrir leigjendur og takmarka skammtímaútleigu.*
- *ASÍ telur að hvetja eigi til húsnæðissparnaðar með skattalegum hvötum til að stuðla að aukinni eignamyndun í eigin húsnæði og draga úr húsnæðiskostnaði.*

## *Verkefni ASÍ*

- *Vera áfram leiðandi við uppbyggingu almennra leiguíbúða og mótun hugmynda um sanngjarnan húsnæðismarkað og varanlegt og traust húsnæðiskerfi.*
- *Vera í forystu aðildarfélaganna um að heimildum í almenna leigubúðakerfinu verði fjölgað úr 600 í 1250 nú þegar og að tryggðar verði nægar heimildir þar til jafnvægi næst og þörf hefur verið mætt.*
- *Studla að lækkun húsnæðislánavaxta með kröfu um að tekið verði upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd þar sem bannað verði að vefja saman öruggum skuldbindingum vegna húsnæðisveðlána og áhættusækinnar lánastarfsemi.*
- *Vinna með lífeyrissjóðunum að stofnun húsnæðissamvinnufélaga sem standi fyrir uppbyggingu áhættudreifðra skuldabréfasjóða á skulda-  
bréfamarkaði og hafi það hlutverk að miðla á milli lántöku almennings og fjármögnunar á markaði. Áhersla verði á fasta nafnvexti þar sem vaxtastigið verði áþekkt og er á Norðurlöndunum, tryggja verði skýra uppgreiðsluheimild á hverjum tíma, veðhlutfall verði 80% af kaupverði og þóknun vegna umsýslu og miðlunar verði í lágmarki.*
- *Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld að skapa skilyrði til afnáms verðtryggingar.*
- *Tryggja að fólk geti nýtt sér viðbótarlífeyrissparnaðarkerfið við kaup á húsnæði til eigin nota hafi það ekki átt íbúðarhúsnæði sl. 5 ár.*
- *Vinna að stofnun húsnæðisfélaga, sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og sinni vaxandi hópi launafólks sem er með lágur meðaltekjur en getur ekki sótt um íbúð í almenna leigubúðakerfinu. Mikilvægt er að slík húsnæðisfélög geti fengið 90% lán frá Íbúðalánasjóði og byggi leiguhúsnæði um allt land þar sem leiguverði er haldið í lágmarki. Tryggja þarf þeim þolinmótt eigið fé og kanna hver aðkoma lífeyrissjóðanna geti verið að þeim.*
- *Vinna að því að ramma verði settur um starfsemi leigufélaga sem rekin eru í hagnaðarskyni og að leigjendur verði varðir gegn hækkun leigu langt umfram raunkostnað og öðrum ósanngjörnum skilmálum leigusala.*
- *Vinna að því í samstarfi við stjórnvöld að húsaleigulögum verði breytt þannig að réttindi leigjenda verði aukin og verði með líkum hætti og á hinum Norðurlöndunum. Auk þess verði sérstaklega hugað að réttarstöðu þeirra sem leigja húsnæði af launagreiðanda sínum og virkum úrræðum vegna brota á húsaleigulögum og húsaleigusamningum.*
- *Vinna að lækkun byggingakostnaðar og skynsamlegum skipulagskostum sem samræmist þörfum launafólks fyrir hentugt, venjulegt, öruggt og gott íbúðarhúsnæði.*

- *Sveitarfélögin tryggja jafnt og fjölbreytt framboð lóða á lágu verði auk þess sem þeim verði gert skylt að haga framboði félagslegs húsnæðis til samræmis við þarfir íbúa og þau beitt viðurlögum ef þau standa ekki við þær skyldur sínar.*
- *ASÍ vinni með stjórnvöldum til að bæta lög um húsnæðissamvinnufélög þannig að þau nái til fleiri forma en þau nú gera.*

Aðgerðir í húsnæðismálum voru ein af meginkröfum aðildarféлага ASÍ í samtali við stjórnvöld í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem hófust haustið 2018. Í nóvemberlok komu aðilar sér saman um að settur yrði á stofn sérstakur átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Átakshópurinn fékk það verkefni að kynna heildstæða lausn á viðfangsefnum sínum fyrir stjórnvöldum og heildarsamtökum á vinnumarkaði eigi síðar en 20. janúar 2019 og skyldi hann vinna með Íbúðalánasjóði og hafa samráð við aðra starfshópa um húsnæðismál. Formenn hópsins voru skipuð þau Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs, og Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, en auk þeirra voru í honum þrír fulltrúar frá ríki, tveir frá sveitarfélögum og þrír frá heildarsamtökum á vinnumarkaði. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og formaður húsnæðisnefndar ASÍ, átti sæti í hópnum fyrir hönd ASÍ.

Fyrir hópnum lá sú greining að á árunum 2013–2017 fjölgaði íbúðum hér á landi um 6.500. Að mati Íbúðalánasjóðs hefði íbúðum þurft að fjölga mun meira, eða um hátt í 16.000 til þess að mæta að fullu þeirri þörf fyrir íbúðir sem skapaðist á tímabilinu vegna fólksfjölgunar, breytinga á aldurssamsetningu og fjölgunar íbúða í skammtímaleigu. Uppsafnaður skortur á íbúðum endurspeglar í miklum verðhækkunum á íbúða- og leigumarkaði og bráðum vanda þeirra sem standa höllum fæti á húsnæðismarkaði. Til að vinna á þeim vanda er útlit fyrir að áfram verði þörf á mikilli fjölgun íbúða næstu árin og mikilvægt er að sú uppbygging verði í samræmi við þarfir landsmanna.

Átakshópurinn skilaði tillögum sínum til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra þann 22. janúar 2019. Að mati hópsins liggur óuppfyllt íbúðaþörf nú á bilinu fimm til átta þúsund íbúðir á landinu öllu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis er hins vegar fyrirhuguð á næstu árum og áætlað er að um tíu þúsund íbúðir verði byggðar á árum 2019–2021. Gangi þær áætlanir eftir mun óuppfyllt íbúðaþörf minnka til muna en hún verður engu að síður um tvö þúsund íbúðir í upphafi árs 2022. Þrátt fyrir mikla uppbyggingu eru vísbendingar um að það framboð sem nú er að myndast muni síður henta tekju- og eignalágum. Stór hluti lítilla íbúða sem eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu er í hverfum þar sem fermetraverð er hvað hæst. Í þeim sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þar sem fermetraverð er lægra virðist mest vera byggt af stærri

Íbúðum sem geta þar með síður talist hagkvæmar. Því er nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir til að auka framboð hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði til leigu og eignar. Sex undirhópar störfuðu með hópnum á tímabilinu og fjölluðu um útfærslu afmarkaðra verkefna. Haft var samráð við mikinn fjölda stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila og tugir sérfræðinga komu með einum eða öðrum hætti að vinnu hópsins.

Hópurinn lagði fram 40 tillögur í eftirfarandi sjö flokkum:

1. **Almennar íbúðir:** Stækkun kerfisins með stofnframlögum og hærri tekjumörkum
2. **Húsnæðisfélög:** Stuðningur við óhagnaðardrifin húsnæðisfélög
3. **Leiguvernd:** Skýrari reglur á leigumarkaði án þess að það bitni á framboði
4. **Skipulags- og byggingarmál:** Endurskoðun regluverks til einföldunar og rafvæðing stjórnsýslu
5. **Samgönguinnviðir:** Hraðari uppbygging samgönguinnviða og almenningssamgangna
6. **Ríkislóðir:** Ráðstöfun ríkislóða fyrir íbúðir, þar á meðal fyrir leigumarkað
7. **Upplýsingamiðlun:** Samræmd söfnun og miðlun upplýsinga um húsnæðismál

Íbúðalánasjóði var í framhaldinu falið að halda utan um eftirfylgni tillagnanna og voru þær áréttáðar sem hluti af yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þann 3. apríl 2019 þar sem húsnæðismál voru fyrirferðarmikil. Sjá nánar kafla um kjarasamninga 2019.

Þá setti Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, í desember 2018 á fót sérstakan starfshóp til að útfæra sértækar aðgerðir til að auðvelda ungu og tekjulágu fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Formaður hópsins var skipaður Frosti Sigurjónsson en í honum áttu einnig sæti fulltrúar frá Íbúðalánasjóði, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og forsætisráðuneytinu. Hópurinn skilaði tillögum til ráðherra í apríl 2019 með fjórtán tillögum og breytingum á þeim úrræðum sem fyrir eru til að auðvelda ungu fólki og tekjulágum að komast inn á húsnæðismarkaðinn, þær miða m.a. að því að auðvelda fyrrnefndum hópum að safna fyrir útborgun í íbúð og létta hjá þeim afborgunarbyrði lána.

Samkvæmt skýrslu starfshópsins er þröskuldur ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðis-markað enn of hár, þrátt fyrir aukinn kaupmátt og sögulega lága raunvexti. Íbúðaverð hefur hækkað umfram ráðstöfunartekjur sem gerir fólki erfiðara að safna fyrir kaupum á íbúð. Samkvæmt könnun Íbúðalánasjóðs vilja langflestir leigjendur búa í eigin húsnæði en vísbendingar eru um að

Það sé óyfirstíganlegur þröskuldur fyrir marga leigjendur að safna eigin fé til íbúðarkaupna, meðal annars vegna mikillar hækkunar leiguverðs.

Meðal tillagna starfshópsins eru tvær nýjar tegundir húsnæðislána; startlán og eiginfjárlán. Með startlánnum myndi ríkið veita viðbótarlán með háum veðhlutföllum og hagstæðum vöxtum til afmarkaðra hópa sem eiga sérstaklega erfitt með að eignast húsnæði. Startlán verði háð því að um hagkvæmt húsnæði sé að ræða sem er í samræmi við þarfir lántaka. Tiltekinn hluti startlána gæti verið tengdur nýjum íbúðum til þess að auka framboð nýs, hagkvæms húsnæðis. Með eiginfjárláni myndi ríkið veita lán sem geta numið 15–30% af kaupverði og eru án afborgana. Eiginfjárlán lækka bæði þröskuld útborgunar og greiðslugetu og gætu nýst t.d. þeim hópi sem ekki ræður við greiðslubyrdi startlána. Eiginfjárlán verði afmörkuð við hagkvæmt húsnæði og hægt að nota þau til að skapa aukinn hvata til byggingar slíks húsnæðis. Höfuðstóll eiginfjárlána tekur breytingum með markaðsvirði íbúðarinnar. Lánið endurgreiðist við sölu íbúðar eða eftir 25 ár. Lántaki má greiða lánið upp fyrir á matsvirði eða í áföngum og hefur hvata til þess því eftir fimm ár reiknast hóflegir vextir á lánið.

Starfshópurinn lagði einnig fram fleiri tillögur, meðal annars tillögu um að tekjulágir geti fullnýtt skattfrjálstan húsnæðissparnað. Að skilyrði um fyrstu kaup verði rýmkuð, að fresta megi afborgunum af námslánum LÍN um fimm ár, að vaxtabótum verði beint að tekjulægri hópum og að afsláttur af stimpilgjaldi við fyrstu kaup verði 200 þúsund krón-ur.

Fulltrúar launafólks áttu ekki aðild að starfshópi um aðgerðir fyrir ungt fólk og tekjulága en komu ábendingum sínum á framfæri við hópinn með bréfi og fundi forseta ASÍ með formanni hópsins.



Starfshópur um aðgerðir til að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn  
B.t. Frosta Sigurjónssonar, formanns

Reykjavík 7.1.2019  
Tilvísun: 201812-0044

**Efni: Ábendingar Alþýðusambands Íslands til starfshóps um aðgerðir til að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn.**

Húsnæðismál voru til ýtarlegrar umræðu á 43. þingi ASÍ í október sl. og var þar samþykkt stefna sambandsins í húsnæðismálum. Leiðarstef stefnunnar er að öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum séu grundvallar velferðarmál fyrir launafólk og fjölskyldur þess.

Meðal þeirra þátta sem ASÍ telur nauðsynlegt að horfa til í því miði að tryggja ungu fólki og tekjulágu aðgengi og öryggi á húsnæðismarkaði er að ráðist verði að rót vandans sem eru m.a. háir húsnæðislánvextir, gallað húsnæðislánakerfi og vöntun á hagkvæmu leiguhúsnæði. Í því miði telur ASÍ einkum brýnt að:

- **Endurskoða húsnæðislánakerfið** til að stuðla að lækkun húsnæðisvaxta með upptöku á nýju húsnæðislánakerfi þar sem óheimilt verði að vefja saman öruggum skuldbindingum vegna húsnæðisveðlána og áhættusækinni lánastarfsemi.
- **Fjölga íbúðum í almanna íbúðakerfinu með því að auka stofnframlög** til að tryggja uppbyggingu a.m.k. 1.250 íbúða í kerfinu á ári næstu árin.
- **Auka verulega fjármagn til húsnæðisstuðningskerfanna** (vaxta- og húsnæðisbóta) til að styðja betur við ungt fólk en undanfarin ár hafa þessi kerfi verið veikt verulega, dregið úr stuðningnum og fækkað mikið í þeim hópi sem þau styðja við.
- **Stuðla að stofnun húsnæðisfélags sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða** til að sinna þeim hópi launafólks með lágar meðaltekjur sem almenna íbúðakerfið nær ekki til. Tryggja þarf slíkum félögum aðgengi að 90% lánum frá Íbúðalánasjóði á viðráðanlegum kjörum.

Nánar er vísað til meðfylgjandi stefnu ASÍ í húsnæðismálum og kynningarefnis um hugmyndir ASÍ um nýtt húsnæðislánakerfi.

Fulltrúar ASÍ eru að sjálfsgöðu reiðubúnir til þess að eiga frekara samráð við starfshópinn og koma til fundar við hann sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Drífa Snædal, forseti ASÍ



## Velferðar- og heilbrigðismál

Velferðar- og heilbrigðismál voru til umfjöllunar á 43. þingi ASÍ og var þar samþykkt stefna sambandsins í málaflokknum sem er umfangsmikill og tekur m.a. til heilbrigðismála, kostnaðarþátttöku sjúklinga, starfsendurhæfingar, öldrunarmála, lífeyris- og almannatrygginga sem og áhrifa af breytingum á vinnumarkaði afkomutryggingu launafólks.

### ***Stefna ASÍ um heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfið***

*43. þing ASÍ krefst samfélags velferðar fyrir alla. Samfélags þar sem launafólk og allur almenningur nýtur öruggar og góðrar heilbrigðisþjónustu og býr að traustu velferðarkerfi óháð efnahag, búsetu eða aldri.*

*Opinber framlög til heilbrigðismála hér á landi hafa hvergi nærri fylgt fólksfjölguninni og vaxandi þörf fyrir þjónustu á mörgum sviðum. Grundvallarstöðir opinbera heilbrigðiskerfisins hafa um árabil verið fjársveltar og undirmannaðar á sama tíma og vægi einkarekinnar heilbrigðisstarfsemi hefur vaxið hratt og aukin framlög renna til fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskygni. Þá eru mörkin á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu oft óljós þar sem sömu heilbrigðisstarfsmenn starfa á báðum stöðum samtímis. Afleiðingar þessara þróunar sjást hvarvetna:*

- Fjöldi fólks bíður óhöflega lengi eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.*
- Viða um land hefur dregið úr þjónustu og sjúklingar þurfa að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi.*
- Kostnaður sjúklinga, vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja, getur verið mjög íþyngjandi fjárhagslega eða jafnvel óyfirstíganlegur, auk þess sem mikilvægir þættir heilbrigðisþjónustunnar njóta ekki greiðsluþátttöku hins opinbera.*
- Skortur er á sálfræðiþjónustu, einkum innan heilsugæslunnar, sem og annarri geðheilbrigðisþjónustu og kostnaður við hana er óyfirstíganlegur.*
- Þeim dæmum fer fjölgandi að einstaklingar með alvarlega sjúkdóma fái ekki nauðsynleg lyf.*
- Afleiðingin er að á Íslandi neitar fjöldi fólks sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.*

*Huga þarf betur að ungu fólki í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni m.a. með því að efla forvarnir og meðferðarúræði og bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu í heilsugæslu og skólum. Styðja þarf betur við barnafjölskyldur og verja þær sérstaklega vegna mikils kostnaðar í heilbrigðiskerfinu og umönnun langveikra barna.*

Vaxandi fjöldi fólks hverfur af vinnumarkaði, vegna veikinda sem oft tengjast auknu álagi og kulnun í starfi. Þetta kallar á að starfsendurhæfing verði eflað til muna og Virk starfsendurhæfing fái stærra hlutverk við að sinna forvörnum og úrræðum áður en í óefni er komið.

Lífaldur fer hækkandi og öldruðum mun fjölga hratt á næstu árum. Staðan í málefnum aldra er óviðunandi og fer versnandi ef ekki verður gripið til víðtækra aðgerða. Þetta veldur miklu álagi á aðstandendur og kallar á fjölbreyttar aðgerðir og lausnir svo sem bætt heimahjúkrun og þjónustu. Vandinn er enn meiri þegar kemur að dvalar- og hjúkrunarheimilum, þar sem verulega skortir framboð af búsetuúrræðum og annarri þjónustu í heimabyggð. Þar við bætist rekstrarvandi stofnana í öldrunarþjónustu og fjárfelti í heimaþjónustu sveitarfélaga sem birtist starfsmönnum í ófullnægjandi starfsaðstöðu, undirmönnun og bágunum kjörum.

Í lífeyrissjóðunum hefur launafólk byggt upp verðmæt réttindi sem tryggja á að þær fjölmennu kynslóðir sem fara á eftirlaun á næstu árum verði að mestu sjálfbærar um sín eftirlaun. Enn er þó stór hópur fólks sem á ekki nægileg réttindi í sjóðunum þegar eftirlaunaaldri er náð. Þar á að koma til kasta almannatrygginga sem eiga að tryggja öllum afkomuöryggi á efri árum.

Bæta þarf afkomu tekjulágra lífeyrisþega og draga verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu til að tryggja launafólki aukinn ávinning af lífeyrissparnaði sínum og hvetja þau sem hafa getu og vilja til þátttöku á vinnumarkaði. Þá skortir lífeyriskerfið sveigjanleika til að launafólk sem er í erfiðari störfum geti dregið úr vinnu og flýtt starfslokum, auk þess sem kerfið felur í sér kynjahalla þar sem konur hafa almennt lægri laun og styttri starfsævi.

Örorkulífeyriskerfið þarfnast víðtækrar endurskoðunar. Horft verði til getu í stað vangetu með áherslu á atvinnutengda endurhæfingu og virkni á forsendum fólks með skerta starfsgetu m.a. með samvinnu og aukinni ábyrgð atvinnulífsins og í góðu samráði við þau sem málið varðar. Samhliða þarf að endurskoða greiðslukerfi almannatrygginga þannig að það hvetji til virkni og atvinnuþátttöku, einfalda það og afnema krónu á móti krónu skerðingar.

Grundvallarþættir velferðarsamfélagsins s.s. aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og húsnæðisöryggi án tillits til efnahags eru sérstaklega mikilvægir öldruðum og öryrkjum.

Breytingar á vinnumarkaði og skipulagi vinnunnar geta haft víðtæk neikvæð áhrif á vinnumarkaðstengd réttindi sem byggja á uppsöfnun og tengd eru föstu ráðningarsambandi við atvinnurekanda, s.s. veikindarétt,

*lífeyrisréttindi og orlofsrétt. Þá er ljóst að aukin tækniþróun og sjálfvirknivæðing, þar sem störf breytast og hverfa og önnur verði til, kallar á öflugri atvinnuleysisstryggingar, aukin tækifæri til endurmenntunar og aðstoð til einstaklinga að finna ný störf.*

### **Stefna ASÍ**

- *Allir eiga að njóta jafns aðgengis að framúrskarandi heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags.*
  - *Efla verður grunnstoðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að allir hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð og nauðsynlegum lyfjum.*
  - *Komið verði í veg fyrir einkarekstur í heilbrigðis- og velferðarþjónustu í hagnaðarskyni og sett skýr mörk á milli opinberrar og einkarekinnar heilbrigðisþjónustu.*
  - *Tryggja þarf öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu m.a. með verulega aukinni greiðsluþátttöku sjúkra-trygginga vegna ferða, dvalarkostnaðar og vinnutaps.*
  - *Dregið verði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf, þannig að tryggt sé að enginn þurfi að neita sér um nauðsynlega aðstoð.*
  - *Stytta þarf bið eftir þjónustu og gera stóráttak í að eyða biðlistum í heilbrigðiskerfinu.*
  - *Stórbæta þarf upplýsingagjöf um úrræði í heilbrigðis- og velferðarmálum fyrir notendur og aðstandendur, til dæmis með upplýsingamiðstöð sjúklinga.*
- *Stórefla þarf forvarnir og stuðning við einstaklinga sem þarfnast starfsendurhæfingar.*
- *Setja þarf fram stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum aldraðra og tryggja þjónustu og búsetuúrræði við hæfi m.a. með því að fjölga hjúkrunarrýmum og efla heimþjónustu sveitarfélaganna verulega.*
- *Treysta verður afkomuöryggi aldraðra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku.*
  - *Draga verður úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu og afnema krónu á móti krónu skerðingar.*
  - *Auka þarf möguleika fólks með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku.*
  - *Auka þarf möguleika eldra fólks sem hefur vilja og getu til þátttöku á vinnumarkaði og skapa nauðsynlegan sveigjanleika við starfslok.*
- *ASÍ hafni núverandi hugmyndum að starfsgetumati og vinni með ÖBÍ að þeirra málum.*

- *Breytingar á skipulagi vinnunnar og ótryggari ráðningarform kalla á að ávinnsla og uppbygging ýmissa mikilvægra vinnumarkaðstengdra réttinda launafólks s.s. veikindaréttar, orlofsréttar og lífeyrisréttinda séu áfram tryggð.*
- *Tryggja skal rétt á faglegri handleiðslu í tengslum við álag í starfi.*
- *Bregðast þarf við þjóðhættulegum bráðavanda í ávana- og fíknisjúkdómum.*

### **Verkefni ASÍ**

- *Beita sér í samstarfi við aðildarfélögin fyrir því að stjórnvöld móti markvissa heilbrigðisstefnu um framtíðarsýn og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem hafi að markmiði að allir njóti öflugrar heilbrigðisþjónustu án tillits til búsetu og efnahags með því að:*
  - *Efla grunnstöðir opinbera heilbrigðiskerfisins og tryggja að íbúar hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð.*
  - *Tryggja öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.*
  - *Draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu og lyf.*
  - *Leggja sérstaka áherslu á aukið aðgengi og lækkun á kostnaði vegna sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu m.a. með því að efla þjónustuna innan heilsugæslunnar.*
  - *Efla upplýsingagjöf og félagslega ráðgjöf til notenda og sjúklinga.*
- *Beita sér fyrir samstarfi stjórnvalda, Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, VIRK og aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að stórefla vinnuvernd og forvarnir á vinnustöðum, koma í veg fyrir brottfall af vinnumarkaði, styðja við starfsendurhæfingu og endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.*
- *Krefjast aðgerða í málefnum aldraðra sem tryggir þeim þjónustu og búsetuúrræði við hæfi.*
- *Beita sér fyrir víðtæku samstarfi aðila vinnumarkaðarins, samtaka aldraðra og öryrkja og stjórnvalda um nauðsynlegar breytingar á lögum um almannatryggingar með það að markmiði að treysta afkomuöryggi aldraðra og öryrkja og auka möguleika til virkrar samfélagsþátttöku:*
  - *Þess er krafist að skerðingarhlutfall í almannatryggingum verði lækkað í 30% og króna á móti krónu skerðing verði strax afminin.*
  - *Áhersla verði lögð á að efla atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu og að eldra fólki verði skapaður nauðsynlegur sveigjanleiki við starfslok.*

- *Beita sér fyrir endurskoðun á uppbyggingu og ávinnslu réttinda á vinnumarkaði í ljósi breytinga á skipulagi vinnunnar. Horft verði í auknum mæli til þess að áunnin réttindi flytjist með launafólki á milli atvinnurekenda.*

## **Almanna- og sjúkratryggingar**

Þann 1. janúar 2018 voru gerðar eftirtaldar breytingar:

- Fjárhæðir bóta almannatrygginga ellilífeyrisþega hækkuðu um 3,6% og er ellilífeyrir 248.105 á mánuði. Heimilisuppbót ellilífeyrisþega er nú 62.695 kr. á mánuði. Orlofsuppbót er 37.422 kr. og desemberuppbót 56.133 kr.
- Fjárhæðir bóta almannatrygginga örorkulífeyrisþega hækkuðu um 3,6%. Lágmarksframfærslutrygging örorkulífeyrisþega hækkar um 3,6%, úr 238.594 í kr. 247.183 fyrir einstakling sem býr með öðrum en hjá þeim sem búa einir, úr kr. 300.000 kr. í 310.800 á mánuði fyrir einstakling í sambúð. Lágmarksframfærslutrygging skerðist 100% vegna tekna.
- Frítekjumörk vegna annarra tekna ellilífeyrisþega verða líkt og áður 25.000 kr. á mánuði og sérstakt frítekjamark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 100.000 kr. á mánuði. Hjá örorkulífeyrisþegum eru frítekjumörk óbreytt frá fyrra ári.
- Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 3,6%, úr kr. 270.000 á mánuði í 279.720 kr.
- Lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofsþjóði og fæðingastyrkur hækka um 3,6%, úr 171.711 kr í 177.893 kr. á mánuði. Hámarksgreiðsla úr sjóðnum hækkaði á sama tíma úr 520.000 kr. í 600.000 kr. á mánuði.
- Þak á árlegum hámarkskostnaði vegna niðurgreiddra lyfja var óbreytt frá fyrra ári, kr. 62.000 hjá almennum notendum og 41.000 hjá börnum, lífeyrisþegum og ungmennum undir 22 ára aldri.
- Greiðsluþak fyrir heilbrigðisþjónustu hækkaði um 4% þann 1. janúar 2019. Hámarksgreiðslan verður almennt 72.113 kr. á ári en aldrei hærri en 26.100 á mánuði. Hún verður þó lægri hjá öldruðum, öryrkjum og börnum, eða 48.013 kr. á ári, og aldrei hærri en 17.400 kr. á mánuði. Börn með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands teljast sem einn einstaklingur í greiðsluþáttökukerfinu.
- Einingaverð fyrir þjónustu sérfræðilækna hækkaði úr 419 kr. í 427 kr. þann 1. janúar 2019.
- Ný reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við SÍ tók gildi þann 1. janúar 2019. Helsta breytingin fest í því að sjúkratryggingar taka nú

þátt í kostnaði við 1. og 2. meðferð en áður var þátttakan bundin við 2.–4. meðferð. Að auki er ekki lengur skilyrði að um sé að ræða þar sem ekki á barn saman eða einhleypa konu sem ekki á barn, eins og var í eldri reglugerð.

Alþýðusambandið hefur á árinu tekið þátt í vinnu samráðshóps um nýtt greiðslukerfi almannatrygginga gagnvart örorkulífeyrisþegum sem skilaði skýrslu til ráðherra um breytt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu í maí 2019. Sjá nánar umfjöllun um endurskoðun almannatrygginga í kaflanum um lífeyrismál.

Í júní lagði félagmálaráðherra fram breytingar á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar sem snúa í fyrsta lagi að því að dregið verði úr áhrifum annarra tekna en bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar við útreikning á sérstakri uppbót til framfærslu (framfærsluuppbót) til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega („afnám krónu á móti krónu skerðingar“). Þetta verði gert annars vegar með því að miða útreikning á sérstakri uppbót við 65% tekna lífeyrisþega í stað allra tekna (100%) líkt og áður og hins vegar með því að telja 50% af fjárhæð aldurstengdrar uppbótar til tekna í stað 100%. Í öðru lagi var lagt til að heimilt verði að telja einungis til tekna við útreikning á greiðslum almannatrygginga þær atvinnutekjur sem aflað er á þeim tíma sem einstaklingur á rétt á greiðslum frá almannatryggingum. Í þriðja lagi var í frumvarpinu lagt til að gildandi reglugerðarákvæði um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri yrði lögfest.

ASÍ tók í umsögn sinni undir mikilvægi þess að gera breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er varða réttindi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og koma í veg fyrir „krónu á móti krónu“ skerðingar sem eru með öllu óásættanlegar. ASÍ benti hins vegar á að löngu tímabært sé að fram fari heildarendurskoðun á réttindum almannatrygginga sem tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu viðunandi framfærslu og þjónustu samhliða því sem greiðslukerfið verði einfaldað með auknum möguleikum til atvinnuþátttöku og minni tekjuskerðingum. Sú breyting sem lögð var til í frumvarpinu komi þannig með engu móti í stað nauðsynlegrar heildarendurskoðunar og megi ekki verða til þess að hún dragist enn frekar. Núgildandi bótakerfi almannatrygginga er flókið, ógagnsætt og dregur mjög úr hvata til atvinnuþátttöku. Þótt þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, um að dregið verði úr áhrifum annarra tekna og aldurstengdrar uppbótar við útreikning sérstakrar uppbótar, komi vissulega í veg fyrir þá 100% tekjutengingu sem nú er innbyggð í bótakerfi örorkulífeyrisþega gagnvart þeim einstaklingum sem hafa lágar atvinnu- og/eða lífeyrissjóðstekjur, eru tekjuskerðingar gagnvart þessum hóp áfram brattar, auk þess sem breytingin

verður enn til þess að flækja tekjuskerðingarreglur almannatrygginga. Þá er rétt að áréttu að umræddar breytingar ná einungis til þeirra lífeyrisþega sem hafa aðrar tekjur en tekjur almannatrygginga og/eða aldurstengda örorkuupp-  
bót almannatrygginga. Þá benti ASÍ á að þrátt fyrir að breytingarnar væru kynntar sem brú yfir í nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu sem byggir á skýrslu samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga sé með öllu óljóst hvernig breytingar samkvæmt frumvarpinu spila inn í hugmyndir að heildarendurskoðun greiðslukerfisins. Ef stjórnvöld hyggjast horfa til þeirra hugmynda sem settar eru fram í skýrslu starfshópsins sem grundvöll að breyttu greiðslukerfi þarf umtalsvert viðbótarfjármagn inn í almannatryggingakerfið auk þess sem veita þarf nægilegt fjármagn í að styrkja alla umgjörð og þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu og tryggja nægilegt framboð starfa svo unnt sé að undirbyggja breytingarnar. Það mun ekki gerast án fyrirhafnar og fjármagns. Í tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2020–2024 er gert ráð fyrir að veita árlega 4 ma.kr. aukalega til örorkulífeyris almannatrygginga vegna fyrirhugaðra breytinga á greiðslukerfi almannatrygginga. Frumvarpið varð að lögum á lokadögum vorþings 2019 og Tryggingastofnun lauk við leiðréttingu á greiðslum til örorkulífeyrisþega afturvirkir í samræmi við það í september 2019.



## LÍFEYRISMÁL

Þann 19. maí 2019 voru liðin 50 ár frá því fyrst var samið um lífeyrisréttindi fyrir allt launafólk á almennum vinnumarkaði með kjarasamningi ASÍ og forvera SA þar sem kveðið er á um stofnun starfsgreinabundinna lífeyrissjóða á grunni samtryggingar og skylduaðildar. Með þeim samningum var lagður grunnur að lífeyriskerfi dagsins í dag og öllu launafólki hér á landi tryggð afkomutrygging á efri árum og við starfsorkumissi sem var gríðarleg réttarbót.


Afkoma lífeyrissjóðanna á árinu 2018 versnaði nokkuð frá fyrra ári. Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda var 1,99% á árinu 2018 samanborið við 5,5% árið áður. Langtímaárangur lífeyrissjóðanna er góður, hrein raunávöxtun samtryggingadeilda sjóðanna er 4,5% á síðustu fimm árum og 4% m.v. síðastliðin tíu ár, sem er vel yfir 3,5% langtíma ávöxtunarviðmiði þeirra. Bein útlán til sjóðfélaga hafa aukist umtalsvert á síðustu árum þar sem lífeyrissjóðirnir hafa verið í fararbroddi við að lækka vexti á húsnæðislánunum.

Eins og áður er verulegur munur á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði og fer halli opinberu sjóðanna enn vaxandi milli ára. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ versnaði lítillega frá fyrra ári en var jákvæð um tæplega 6




milljarða króna í árslok 2018 sem samsvarar um 0,15% af skuldbindingum sjóðanna.

Halli sjóða opinberra starfsmanna sem bera launagreiðendaábyrgð að stórum hluta heldur áfram að vaxa. Heildar tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda þessara sjóða var í árslok 2018 neikvæð um tæplega 830 milljarða króna, eða sem samsvarar um 33% af skuldbindingum sjóðanna. Hallinn óx um 59 milljarða frá árinu áður og hefur frá árinu 2009 vaxið um 334 milljarða króna.



Lífeyrisþegum lífeyrissjóðanna fjölgar nú ört frá ári til árs þegar stórir árgangar ná eftirlaunaaldri og er það þróun sem mun halda áfram næstu árin. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals um 92.000 manns ellilífeyri á árinu 2019, um 46.600 konur og 47.800 karlar en margir einstaklingar eru tvítaldir í þeim tölum þar sem þeir eiga réttindi í mörgum sjóðum. Þar af fengu um 58.800 manns greiddan ellilífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgað um ríflega 22.000, eða um tæpan þriðjung, og þar af um 13.000 í almennu lífeyrissjóðunum. Sé tekið tillit þess að margir fá greitt úr fleiri en einum lífeyrissjóði fengu um 40.000 einstaklingar greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði á árinu 2018 sem er fjölgun um u.þ.b. 8.500 manns frá árinu 2014. Á sama tíma hefur þeim einstaklingum sem fá greiddan ellilífeyri almannatrygginga frá Tryggingastofnun ríkisins fjölgað um tæplega 2.000, úr ríflega 31.000 í 33.000.





Heildargreiðslur lífeyrissjóða til ellilífeyris fara nú hratt vaxandi og námu á árinu 2018 um 104 milljörðum króna sem er aukning um 10 milljarða frá árinu áður, eða um 11%. Lífeyrissjóðirnir greiða nú tæplega 60% af öllum ellilífeyri og má gera ráð fyrir að sú hlutdeild fari vaxandi næstu ár.

## Tilgreind séreign

Í tengslum við hækkun á mótframlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5% sem samið var um í kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í janúar 2016 var gert ráð fyrir að sjóðfélagar hefðu val um hvort viðbótariðgjaldinu yrði ráðstafað til að auka rétt í samtryggingu eða til sérstaks bundins séreignarsparnaðar (tilgreind séreign). Í júní 2016 undirrituðu ASÍ og SA sérstakt samkomulag um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð, á grundvelli sammings aðila janúar 2016, sem kveður á um skyldur atvinnurekenda til að skila öllu skyldutryggingariðgjaldinu, nú 15,5%, til skyldutryggingarsjóðs og rétt sjóðfélaga til að ráðstafa allt að 3,5% í tilgreindan séreignarsparnað. Samkomulagið byggði hins vegar á því að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lífeyrissjóðalögnum nr. 129/1997 fyrir gildistöku heimildarinnar þann 1. júlí 2017. Tafir urðu á framlagningu frumvarps þess efnis m.a. vegna ágreinings við frjálsu lífeyrissjóðina og þrátt fyrir ríka áherslu forsvarsmanna ASÍ á mikilvægi þess að fá lagastoð fyrir málinu brugðust

stjórnvöld ekki við því. Þetta skapaði mikla óvissu um stöðu tilgreindrar séreignar innan skyldutryggingakerfisins. Til viðbótar við þetta sendi Fjármálaeftirlitið, í andstöðu við kjarasamning ASÍ og SA, frá sér álit í júlí 2017 þess efnis að sjóðfélaga væri heimilt að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar beint til þess sjóðs sem þeir kjósa sem aðilar kjarasamningsins settu sig gegn. Sameiginleg málamiðlun aðila var kynnt fjármálaráðherra í byrjun árs 2018 þar sem m.a. var gert ráð fyrir að áfram yrðu skylduskil á öllu 15,5% skyldutryggingariðgjaldi til skyldutryggingasjóðs en sjóðfélaga yrði heimilt að óska eftir flutningi á allt að 3,5% framlagi í tilgreindan séreignarsparnað hjá öðrum vörsluaðila. Tafir hafa enn orðið á því að ákvæði til að skýra lagalega stöðu tilgreindrar séreignar yrði lögfest og hefur úrræðið því nánast verið í biðstöðu frá því samið var um það á árinu 2016. Til að þrýsta á stjórnvöld var því sett rík krafa um lögfestingu ákvæða um tilgreinda séreign í tengslum við kjarasamningsviðræður á árinu 2019.

## **Lífeyrismál í tengslum við kjarasamningsviðræður 2019**

Meginkrafa aðildarfélaga ASÍ á stjórnvöld varðandi lífeyrismál sneri að tafarlausri lögfestingu á kjarasamningsbundnum ákvæðum um hækkun skyldutryggingariðgjalds í lífeyrissjóð í 15,5% og heimild til ráðstöfunar á allt að 3,5% í tilgreinda séreign. Málafni sem tafist hefur óhófllega í meðförum stjórnvalda allt frá árinu 2016. Í því samhengi lagði ASÍ einkum áherslu á að tryggd yrði að atvinnurekanda bæri að skila öllu 15,5% skyldutryggingariðgjaldinu til skyldutryggingasjóðs svo tryggt sé að ábyrgð á innheimtu iðgjaldsins og yfirlit yfir það sé skýrt og mögulegt svo komið verði í veg fyrir að lífeyrisréttindi launafólks tapist. Þá þurfi að tryggja að sjóðfélagi sé upplýstur um áhrif vals á samsetningu tryggingaverndar á lífeyrisréttindi í samtryggingardeild til ævilangs lífeyris, örorku, maka- og barnalífeyris. Sjóðfélaga verði heimilt að flytja tilgreinda séreign frá skyldutryggingasjóði til annars vörsluaðila sem býður upp á tilgreindan séreignarsparnað og við slíkan flutning verði þeim sjóði sem sér um innheimtuna einungis heimilt að taka gjald fyrir tilflutninginn sem samsvarar kostnaði við innheimtuna og flutninginn til að tryggja að hann lendi ekki á öðrum sjóðfélögum. Þá voru gerðar kröfur varðandi heimild til nýtingar á lífeyrissparnaði til húsnæðiskaupa. Annars vegar framlenging á núverandi heimild til nýtingar á séreignarsparnaði til niðurgreiðslu húsnæðislána og hins vegar viðbótarheimild til að nýta þann hluta skyldutryggingar sem ráðstafa má í tilgreinda séreign til fyrstu fasteignakaupa. Ljóst er að opnun á að nýta hluta skyldutryggingariðgjalds til húsnæðiskaupa er breyting frá því sem horft var til við gerð kjarasamningsins um hækkun á iðgjaldi á árinu 2016 og hafa þarf í huga að ráðstöfunin lækkar réttindi til mánaðarlegs ævilangs lífeyris um u.þ.b. 4% sé heimildin nýtt í 5 ár og 8% sé hún nýtt í 10 ár. Var þó talið

nauðsynlegt í ljósi erfiðrar stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði að opna á slíka heimild. Þá var sett fram sú krafa að draga úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu og færa almennt skerðingarhlutfall ellilífeyris úr 45% í 30%. Auk þess væri brýnt réttlætismál að jafnsetja alla lífeyrisþega gagnvart tekjuskerðingum almannatrygginga en sjóðfélagar frjálsu lífeyrissjóðanna hafa um árabíl notið verulegar sérstöðu þar sem þeir setja margir aðeins hluta skyldutryggingariðgjalds í samtryggingardeildir og restina í séreign, og fresta jafnvel útgreiðslu samtryggingar til allt að 80 ára aldurs. Stór hluti af lífeyri þess hóps sem þar á réttindi kemur því úr séreignarsjóði, sem þó er grundvallaður á skyldutryggingu að verulegu leyti, en undanskilin tekjuskerðingum almannatrygginga. Þetta skapar verulegt ójafnræði og gerir það að verkum að sjóðfélagar frjálsu sjóðanna, sem oftast eru einstaklingar sem verið hafa tekjuháir á starfsævinni, fá mun hærri greiðslur úr almannatryggingum en þeir sem fá megnið af lífeyri sínum úr samtryggingarsjóðum. Niðurstaða samtals við stjórnvöld um lífeyrismál skilaði sér í eftirfarandi ákvæðum í yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga verkafólks og verslunarmanna sem undirritaðir voru þann 3. apríl 2019:

*19. Í viðræðum stjórnvalda við fulltrúa heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála og réttindastöðu sjóðfélaga. Stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að efna til samstarfs við aðila á vinnumarkaði um heildarendurskoðun lífeyrismála, sem vanda þarf til og tekur eðli máls samkvæmt nokkurn tíma. Meðal efnisþátta sem slík endurskoðun þarf að taka til má nefna skipulag og uppbyggingu lífeyriskerfisins og lífeyrissjóða, sjálfbærni lífeyriskerfisins, inntak tryggingarverndar, jöfnun örorkubyrði milli sjóða, umfang og meðferð séreignasparnaðar, tryggingafræðilegar forsendur, samspil almannatrygginga við greiðslur úr lífeyrissjóði, almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða, fjárfestingar sjóðanna og eftirlit með starfsemi þeirra.*

*20. Stjórnvöld munu setja eftirfarandi mál í forgang:*

- i. Að skylda til greiðslu 15,5% af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs verði lögfest (lágmark).*
- ii. Að heimilt verði að skipta lögbundnu iðgjaldi í lífeyrissjóð þannig að a.m.k. 12% fari til öflunar réttinda í sameign (samtryggingardeild), og allt að 3,5% geti farið til öflunar réttinda í tilgreindri séreign. Kveðið verði nánar á um þessa skiptingu í samþykktum lífeyrissjóða.*
- iii. Að heimilad verði að tilgreindri séreign megi ráðstafa til a) húsnæðiskaupa með uppsöfnuðum sparnaði, b) til að lækka höfuðstól verðtrygðra fasteignaveðlána, eða c) til að lækka afborganir eða*

*höfuðstól óverðtryggðra fasteignaveðlána. Slík ráðstöfun verði háð tíma- og fjárhæðartakmörkunum og þannig útfærð að hún grafi ekki undan sjálfbærni lífeyriskerfisins. Nánari útfærsla verður gerð í samráði stjórnvalda og heildarsamtaka á vinnumarkaði.*

iv. *Að lífeyristökualdur verði endurskodaður í nánara samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði.*

*10. Framlengd verði í tvö ár heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, frá 1. júlí 2019 til 30. júní 2021.*

Lög sem heimila framlengingu á heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á lán til ársins 2021 skv. lið 10 í yfirlýsingunni voru afgreidd frá Alþingi í júní 2019. Frumvarpa sem tryggja framgang liðar 20 i, ii og iii er að vænta á haustþingi 2019.

### **Afturköllun VR á umboði stjórnarmanna í Lífeyrissjóði verzlunarmanna**

Á fundi stjórnar VR þann 18. júní 2019 var samþykkt að boða til fundar í fulltrúaráði VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem borin yrði upp tillaga um að afturkalla umboð þeirra stjórnarmanna sem VR tilnefnir í lífeyrissjóðinn. Tilfni ákvörðunarinnar var skv. samþykkt stjórnar VR trúnaðarbrestur við félagið, stefnu þess og nýgerðan lífskjarasamning í tengslum við samþykkt stjórnar lífeyrissjóðsins um hækkun breytilegra verðtryggðra vaxta á sjóðfélagalánum úr 2,06% í 2,26%. Í kjölfar fundarins sendi Fjármálaeftirlitið frá sér eftirfarandi yfirlýsingu þann 19. júní:

*Í tilfni fréttu um að stéttarfélag hafi til skoðunar að afturkalla umboð stjórnarmanna er félagið hefur tilnefnt í stjórn lífeyrissjóðs vill Fjármálaeftirlitið minna á þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum til starfsemi lífeyrissjóða.*

*Lífeyrissjóðir veita viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts og lýtur starfsemi þeirra að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Lífeyrissjóðum er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná framangreindum tilgangi, skv. 20. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. 2. mgr. 1. gr. sömu laga.*

*Í 29. gr. laga nr. 129/1997 kemur fram að stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við nefnd lög, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Þá setur stjórn lífeyrissjóðs honum fjárfestingarstefnu, sbr. 1. mgr. 36. gr. nefndra laga og ber*

við þá vinnu að hafa hagsmuni allra sjóðfélaga að leiðarljósi. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs ber ábyrgð á því að fjárfestingarstefnu stjórnar sé framfylgt.

*Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 129/1997 skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með því hvort starfsemi lífeyrissjóðs sé að einhverju leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust. Við mat á framangreindu lítur Fjármálaeftirlitið m.a. til ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög, en í 76. gr. þeirra laga segir „Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.*

*Með hlidsjón af framangreindu telur Fjármálaeftirlitið að stjórnarmönnum lífeyrissjóða sé óheimilt að beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir séu nýttir í öðrum tilgangi en þeim sem að framan var lýst.*

Í framhaldi var boðað til fundar í fulltrúaráði VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna þann 20. júní þar sem samþykkt var tillaga um að afturkalla umboð stjórnarmanna VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og þar að auki samþykkt tillaga um nýja stjórnarmenn til bráðabirgða. Ólafur Reimar Gunnarsson, stjórnarmaður í VR og stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sagði í framhaldi fundarins af sér sem stjórnarmaður í VR og frá öllum trúnaðarstörfum fyrir félagið og fordæmdi við það tilefni vinnubrögð formanns og meirihluta stjórnar í málinu.

Þann 3. júlí 2019 sendi Fjármálaeftirlitið lífeyrissjóðnum eftirfarandi bréf vegna málsins:

Lífeyrissjóður verzlunarmanna  
h.t. stjórnarformanns  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2019  
Tilvísun: 201901023

### **Efni: Stjórnarmenn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, hér eftir lífeyrissjóðurinn, dags. 26. júní sl., annarra samskipta við lífeyrissjóðinn auk fréttu vegna málsins m.a. á heimasíðu stéttarfélagins VR, hér eftir VR.

#### **Afturköllun á umboði stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og tilnefning tírra stjórnarmanna**

Í 5. tölul. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, kemur fram að í samþykktum lífeyrissjóða skuli m.a. kveða á um hvernig vali stjórnarmanna lífeyrissjóðsins og kjörtímabili þeirra sluli háttáð. Samkvæmt ákvæði 5.1. í samþykktum lífeyrissjóðsins skal stjórn sjóðsins skipað átta mönnum. Fjórum tilnefndum af stjórn VR og fjórum tilnefndum af þeim samtökum atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins eru, skv. ákvæði 5.2 í samþykktum sjóðsins, tilnefndir til þriggja ára í senn og miðast tilnefningin við 1. mars. Á ársfundi sjóðsins skal leggja fram og gera grein fyrir tilnefningum stjórnarmanna og varamanna þeirra.

Af gögnum málsins má ráða að afturköllun á umboði stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem tilnefndir voru af stjórn VR í mars sl., og tilnefning tírra stjórnarmanna, staf frá fulltrúaráði VR en ekki stjórn VR eins og gildandi samþykktir lífeyrissjóðsins kveða á um.

Fjármálaeftirlitið gerir því ekki athugasemdir við það mat lífeyrissjóðsins, er fram kom í bréfi sjóðsins þann 26. júní, er varðar afturköllun umbofo stjórnarmanna og nýja tilnefningu í stjórn sjóðsins af hálfu fulltrúaráðs VR. Er stofnunin sammála því mati stjórnar lífeyrissjóðsins að stjórnarmenn, sem tilkynntir voru til Fjármálaeftirlitsins þann 23. mars sl., séu enn stjórnarmenn lífeyrissjóðsins og beri skyldur sem slíkir.

Eðki er í samþykktunum fjallað um heimildir til að afturkalla tilnefningar og því álitamál hvort að í tilnefningarréttinum felist takmarkalaus heimild til afturköllunar. Í félagsrétti er það þó almennt viðurkennt að heimilt sé þeim aðila er tilnefnt hefur í stjórn að afturkalla slíka tilnefningu, sbr. m.a. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag sem kveður á um að tá sem kjörbáð hefur eða tilnefnt stjórnarmann getur vísað honum frá störfum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sé horft til laga um hlutafélag má leiða líkur að því að heimild til afturköllunar sé ekki án takmarkana, sbr. síðari máli. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995. Hugsanlegt er að afturköllun geti talist ólögmæt og þannig bakið hótastýða.



### Góðir stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir eru mikilvægir í starfsemi lífeyrissjóða og er víða komið inn á þá t.d. í lögum um lífeyrissjóði, samþykktum, starfsreglum stjórna og stjórnháttaryfirlýsingu.

Með lífeyrissjóði er samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997 átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku ídggjaldi til greiðslu lífeyris vegna eili til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt mánnari ákvæðum II. og III. kafla laganna. Starfsemi lífeyrissjóðs skal samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sömu laga lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun ídggjalda og greiðslu lífeyris og er honum samkvæmt 2. mgr. 20. gr. sömu laga óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna.

Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins að viðlagðri hugsanlegri skaðabóta- eða refsíábyrgð, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Nánar skal kveðið á um hlutverk stjórnar í samþykktum lífeyrissjóðs en í grein 5.5. í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kemur fram að stjórn beri ábyrgð á starfsemi sjóðsins og að hún skuli annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Þá sé það í höndum stjórnar sjóðsins að taka stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins. Í grein 5.8. kemur enn fremur fram að stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að aila ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótíðhýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Í starfsreglum stjórnar sjóðsins er áreittað lögbindið hlutverk hans og sérstaklega fjallað um umboðsskyldu og stjórnarhætti í starfsreglum stjórnarinnar. Um umboðsskylduna segir m.a. að stjórnarmaður skuli taka ákvörðun í samræmi við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur, með þeim hætti að hagsmunum sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Enn fremur er kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að aila ákveðnum sjóðfélögum, félögum eða öðrum ótíðhýðilegra hagsmunum umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins. Sérstaklega er kveðið á um það í starfsreglum að stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirnefnum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Í starfsreglum stjórnarinnar er einnig vísið að stjórnarháttum og tiltekið að lífeyrissjóðurinn leggi áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins og er starfsreglum stjórnar áttíað að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins.

Auk þessa gaf sjóðurinn úr stjórnarháttayfirlýsingu 2018, sem staðfest var á fundi stjórnar þann 27. febrúar sl., þar sem itrekað er hlutverk sjóðsins, umboðsskylda stjórnarmanna og þeir stjórnarhættir er sjóðurinn leggur áherslu á.

Starfsreglur stjórnar setja ramna um störf stjórnar sjóðsins og tiltaka með skjýrum hætti að stjórnarmönnum beri að geta að hagsmunum sjóðfélaga í hvívetna og að stjórnarmenn séu ekki bundnir af fyrirnefnum tilnefningaráðila.

Í tengslum við framangreint er rétt að geta samþykktar stjórnar VR, dags. 18. júní sl. þar sem fjallað er um ákvörðun um breytilega vexti verðtryggðra sjóðfélagalána á stjórnarfundi lífeyrissjóðsins þann 24. maí sl. Með vísan til þessarar ákvörðunar er eftirfarandi m.a. tiltekið í samþykktinni:

*Stjórn VR telur að ekki sé hægt að lita á þennan gjörning stjórnar lífeyrissjóðsins nema sem algjöran trúnaðarbræst við félagið, stefnu þess og nýjferðan lífskjörasamning og leggur því til að haldinn verði fundur í fulltrúaráði VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem lögð*



*verði fram tilfaga að afturkafli umboð stjórnarmanna VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og ný stjórn sköpuð til bráðabirgða.*

Stjórn lífeyrissjóðsins skal ávallt hafa þá hagsmuni í huga sem nefndir eru í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997 við ákvörðunartöku fyrir hönd sjóðsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins er stjórn lífeyrissjóðsins óheimilt að hafa aðra hagsmuni í huga við ákvörðunartöku fyrir hönd sjóðsins, þ.á.m. við ákvörðun vaxta fasteignaveðtrygðra lána til sjóðfélaga.

Sé horft til ákvæða laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktar, starfsreglna stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingu lífeyrissjóðsins verður, í ljósi orðalags samþykktar stjórnar VR, að líta svo á að um tilraun til beinnar hlutunar í stjórn lífeyrissjóðsins hafi verið að ræða, sem með óbeinum hætti var ætlað að færa ákvörðunarvald frá stjórn lífeyrissjóðsins. Það vegur að sjálfstæði stjórnar og góðum stjórnarháttum.

#### Niðurstaða

Að öllu framangreindu virtu gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við það mat lífeyrissjóðsins, er fram kom í bréfi sjóðsins þann 26. júní, er varðar afturköllun umboðs stjórnarmanna og nýja tilnefningu í stjórn sjóðsins af hálfu fulltrúaráðs VR. Er stofnunin sammála því mati stjórnar lífeyrissjóðsins að stjórnarmenn, sem tilkynntir voru til Fjármálaeftirlitsins þann 23. mars sl., séu enn stjórnarmenn lífeyrissjóðsins og beri skyldur sem slíðir.

Fjármálaeftirlitið trekar að stjórn lífeyrissjóðsins skal ávallt hafa þá hagsmuni í huga sem nefndir eru í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997 við ákvörðunartöku fyrir hönd sjóðsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins er stjórn lífeyrissjóðsins óheimilt að hafa aðra hagsmuni í huga við ákvörðunartöku fyrir hönd sjóðsins, þ.á.m. við töku um ákvörðun vaxta fasteignaveðtrygðra lána til sjóðfélaga.

Af framangreindu má draga þær ályktanir að ef ákvörðun um afturköllun á tilnefningu stjórnarmanna lífeyrissjóðsins og sköpun nýrra aðila af hálfu VR, byggð á framangreindum stjórnarmíðum VR frá 18. júní sl., nær fram að ganga megi líta svo á að um tilraun til beinnar hlutunar í stjórn lífeyrissjóðsins sé um að ræða, sem með óbeinum hætti er ætlað að færa ákvörðunarvald frá stjórn lífeyrissjóðsins. Það vegur að sjálfstæði stjórnar og góðum stjórnarháttum.

Fjármálaeftirlitið vil, með húðsjón af þeirri óvissu sem einkennir málið, beina því til stjórnar lífeyrissjóðsins að taka samþykktir sjóðsins til skoðunar varðandi hvort og þá við hvaða aðstæður tilnefningaráðilar geti afturkallað umboð stjórnarmanna, m.a. til að tryggja sjálfstæði stjórnarmanna gagnvart hagsmunum tilnefningaráðila.

Virðingarfyllt

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Jón Þór Sturluson

  
Linda K. Björqvinsdóttir

Í kjölfar bréfsins stefndi VR Fjármálaeftirlitinu og Lífeyrissjóði verzlunarmanna til ógildingar á stjórnvaldsákvörðun og gerði kröfu um að ákvörðun FME frá 3. júlí 2019 þess efnis að stjórnarmenn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem tilkynntir voru til FME þann 23. mars 2019, séu enn stjórnarmenn lífeyrissjóðsins. Héraðsdómur samþykkti þann 29. júlí flýtimeðferð á málinu.

Fjármálaeftirlitið sendi þann 3. júlí einnig eftirfarandi dreifibréf um umboð stjórnarmanna til allra lífeyrissjóða:



Númer: 37/2019

Dreifibréf til lífeyrissjóða

Reykjavík, 3. júlí 2019

Télifón: 2019020217

#### Efni: Umboð stjórnarmanna

Sankvæmt 5. tilv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997, um skyldstryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu samþykktir lífeyrissjóða kveða á um kjörtímabili stjórnarmanna og hverjig vali þeirra slíki háttátt. Ekki er í framtangreindu lagaákvæði kveðið frekar á um hvernig að tilnefningu eða kjöri skuli staðfest eða hvort afurkölun sé heimil, eins og gert er með skjýrum hætti t.d. í 64. gr. laga nr. 2/1995, um hlutabréög, þar sem fram kemur að ná sem kjörð hefur eða tilnefnt stjórnarmann geti víkið honum frá störfum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eins og að framan greinir fer eftir ákveðnum í samþykktum lífeyrissjóða um val stjórnarmanna. Samþykktir lífeyrissjóða eru þó almennst hljóðar um hvort, og þá við hvaða aðstæður, er mögulegt að afturkalla umboð stjórnarmanna. Óskýrar samþykktir hveð þetta varðar gera ferli við val og mögulega afurkölun á umboði stjórnarmanna ógagnsætt.

Góðu stjórnarhættir eru mikilvægir í starfsemi lífeyrissjóða og er víða ballað um þá, m.a. í ögum um um skyldstryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum, starfsreglum stjórna og stjórnarháttaryfirlýsingum margra lífeyrissjóða er starfa hér á landi.

Í ljósi fjölmörgu fjárfildanar undanfarna daga, minnumandi aðferða lífeyrissjóða við val á stjórnarmönnum og til að koma í veg fyrir óvissu til framtíðar, heitir Fjármálaeftirlitið því til stjórna lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Að mati Fjármálaeftirlitans er við skoðunina nauðsynlegt að taka mið af stjórnarmönnum um góða stjórnarhættu og tryggja að stjáltaði stjórna lífeyrissjóða verði ekki skert.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Róbert Guðmundsson

Linda K. Björnsdóttir  
Linda Kolbrún Björnsdóttir

Til samræmis við athugasemdir FME var á fundi stjórnar VR þann 14. ágúst 2019 samþykkt tillaga um nýja stjórnarmenn VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til bráðabirgða. Þá var einnig samþykkt að hefja faglegt umsóknarferli framtíðarstjórnarmanna félagsins hjá lífeyrissjóðnum.

Þann 23. ágúst 2019 sendi VR frá sér eftirfarandi yfirlýsingu vegna málsins:

*VR hefur náð samkomulagi við Lífeyrissjóð verzlunarmanna og fráfarandi stjórnarmenn lífeyrissjóðsins sem tilnefndir voru af VR.*

*Þeir stjórnarmenn sem nú sitja í stjórninni í nafni VR munu láta af störfum og í stað þeirra taka sæti í stjórninni nýir stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun VR frá 14. ágúst síðastliðnum.*

*Dómsmál sem rekið hefur verið vegna tilnefningar í stjórnina verður fellt niður.*

*VR fellst á sjónarmið sem fram hafa komið af hálfu lífeyrissjóðsins og Fjármálaeftirlitsins um að óeskilegt sé að þeir sem fara með vald til tilnefningar í stjórn sjóðsins hlutist til um ákvarðanir sjóðsstjórnar með því að skipta út stjórnarmönnum áður en kjörtímabili þeirra lýkur og vonar að slík inngríp heyri nú sögunni til.*

*VR lýsir yfir mikilli ánægju með þessi málalok enda nauðsynlegt að ljúka deilu VR við sjóðinn og Fjármálaeftirlitið sem fyrst og koma ró á starfsemi sjóðsins. Allir aðilar hafa haft hagsmuni sjóðsins í fyrirrúmi og þessi málalok eru gerð í sátt allra aðila með framtíð sjóðsins að leiðarljósi.*

*VR þakkar fráfarandi stjórnarmönnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsins og félagsins og óskar þeim velfarnaðar.*

## **Endurskoðun almannatrygginga**

Vinna við endurskoðun á örorkutryggingum almannatrygginga hefur staðið yfir um árabil í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum án þess að árangur hafi náðst. Áhersla hefur verið á það fram að þessu að nauðsynlegt væri að nálgast matskerfi örorkulífeyrisþega með nýjum hætti samhliða breytingum á greiðslukerfi almannatrygginga þar sem samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða yrði bætt og áhersla lögð á endurhæfingu og möguleika til atvinnuþátttöku. Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði í apríl 2018 samráðshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga sem samkvæmt skipunarbréfi fékk það hlutverk að leggja fram tillögur að nýju greiðslukerfi almannatrygginga sem styður við markmið starfsgetumats í samræmi við tillögur faghóps um mótun og innleiðingu starfsgetumats sem einnig er nú að störfum. Nýju kerfi er ætlað að tryggja hvata til atvinnuþátttöku þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, þverfaglega nálgun og samfellu í framfærslu að því er fram kemur í skipunarbréfi hópsins. Í vinnu samráðshópsins er einnig tekið mið af niðurstöðum í þeirri vinnu sem áður

hefur farið fram í nefndum um endurskoðun almannatrygginga og stefnt að því að einfalda bótakerfi almannatrygginga sem snýr að örorkulífeyrisþegum þannig að bótaflokkar verði sameinaðir, skerðingarreglur einfaldaðar og framfærsluuppþót, sem í dag veldur sk. krónu á móti krónu skerðingu, verði afnumin. Í hópnum sátu níu fulltrúar, einn frá hverjum stjórnarflokki, einn sameiginlegur fulltrúi stjórnarandstöðunnar, einn sameiginlegur fulltrúi samtaka atvinnurekenda, einn fulltrúi frá Þroskahjálp og einn frá Öryrkjandalagi Íslands. Samtök launafólks skipuðu sameiginlega einn fulltrúa sem er Henny Hinz, hagfræðingur ASÍ, og varamaður er Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM. Formaður hópsins er Guðmundur Páll Jónsson, tilefndur af Framsóknarflokknum. Hópnum var upphaflega ætlað að skila ráðherra tillögum sínum á haustdögum 2018 og stefnt var að framlagningu frumvarps um málið á Alþingi á vorþingi 2019. Vinna nefndarinnar tafðist nokkuð m.a. vegna tafa á niðurstöðum faghóps um mótun og innleiðingu nýs matskerfis sem hafa skyldi til viðmiðunar við mótun nýs greiðslukerfis sem og ólíkrar sýnar nefndarmanna á verkefnið. Samráðshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í maí 2019 um nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu. Í tillögum er lagt til að nálgast greiðslukerfi almannatrygginga gagnvart þessum hópi með nýjum hætti sem er frábrugðinn ellilífeyri almannatrygginga enda um gjörólíka hópa að ræða með mjög ólíkar þarfir. Tillögurnar byggja í meginatriðum á eftirfarandi þáttum:

Samráðshópurinn leggur til að greiðslur almannatrygginga skiptist í sjúkragreiðslur, endurhæfingargreiðslur, virknigreiðslur og örorkulífeyri, auk þess sem tekin verða upp sveigjanleg hlutastörf fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Sjúkragreiðslur verði greiddar þeim sem ekki eru færir um að taka þátt í endurhæfingu. Áður en til sjúkragreiðslna komi skuli kjarasambundin réttindi vera tæmd. Endurhæfingargreiðslur komi til meðan á virkri endurhæfingu eða starfsendurhæfingu stendur gefi grunnmat til kynna hættu á að viðkomandi verði ekki virkur um lengri tíma og á grundvelli áætlunar um starfsendurhæfingu. Virknigreiðslur verði greiddar í framhaldi af endurhæfingargreiðslum þegar virkri endurhæfingu er lokið og meðan leitað er að starfi við hæfi. Þeir sem hafa verið metnir með skerta starfsgetu geti átt rétt á þessum greiðslum. Örorkulífeyrir verði greiddur þegar niðurstaða grunnmats eða samþætts sérfræðimats er að viðkomandi sé ófær um að taka þátt á vinnumarkaði. Sveigjanleg störf standi einstaklingum með skerta starfsgetu til boða þegar ástand þeirra er orðið stöðugt og varanlegt og aðstæður þannig að þeir þarfnast aðstoðar á vinnumarkaði. Með sveigjanlegum störfum er átt við hlutastörf þar sem vinnutími og verkefni eru lögð að starfsgetu einstaklings og atvinnurekendur greiði laun í samræmi við vinnuframlagið en af hálfu ríkisins komi framlag til viðbótar launum.

Ekki er gerð tillaga um fjárhæð greiðslna þar sem tillögur hópsins lúta fyrst og fremst að kerfisbreytingu og uppbyggingu nýs kerfis. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að þeir sem eru á vinnumarkaði njóti þess og geti þannig aukið tekjur sínar sér til framfærslu.

Tillögurnar fela í sér mjög umfangsmiklar breytingar á núgildandi kerfi og telur samráðshópurinn að forsenda þeirra sé að vandað verði til verka og undirbúningur hafinn nú þegar. Liður í því er m.a.:

- Að hrinda sem fyrst af stað verkefni í því skyni að virkja almenna og opinbera vinnumarkaðinn betur til að skapa störf fyrir fólk með skerta starfsgetu t.d. með hvatningu, upplýsingagjöf og ráðgjöf.
- Vinnumálastofnun verði styrkt verulega til að stofnuninni verði kleift að sinna umsýslu og þjónustu við einstaklinga og atvinnurekendur vegna sveigjanlegra starfa.

Mjög mikilvægt er að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sé grundvallarplagg þannig að öll vinna er lúti að breyttu framfærslukerfi almannatrygginga verði til samræmis honum.

Þá telur starfshópurinn mikilvægt að undirbúa vel innleiðingu breytinganna og fylgja þeim náð eftir:

- Lagt er til að einstaklingar sem þegar eru í örorkulífeyrskerfinu færast í nýtt greiðslukerfi, byggt á gildandi örorkumati og með að minnsta kosti jafnháum greiðslum og í eldra kerfi. Þeim gefist kostur á starfsendurhæfingu og þátttöku á vinnumarkaði með geymdum bótarétti en eigi aftur rétt til greiðslu örorkulífeyris beri það ekki árangur.
- Leggur samráðshópurinn til að skipaður verði hið fyrsta sérstakur verkefnisstjóri sem hafi umsjón með undirbúningi, innleiðingu og eftirfylgni breytinganna.
- •afnframt verði skipuð verkefnisstjórn með framkvæmdaaðilum, notendum og hagsmunaaðilum sem hafi lögbundið hlutverk við að fylgjast með innleiðingunni, leggja mat á framvindu hennar og gefa ráðherra skýrslur með tillögum til úrbóta.

Skýrslunni fylgdu bókanir frá fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands, Proskahjálpar, Flokks fólksins, Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og sameiginleg bókun ASÍ, BHM og BSRB.

**Bókun Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna og BSRB  
við skýrslu starfshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga**

Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna og BSRB telja að þær tillögur og áherslur sem settar eru fram í skýrslu starfshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga um nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu, geti orðið grundvöllur að nauðsynlegum og löngu tímabærum breytingum á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga m.a. með auknum hvötum til atvinnuþátttöku og minni tekjuskerðingum. Sú nýlunda að nálgast réttindakerfi sem tryggir afkomu einstaklinga með skerta starfsgetu með öðrum hætti en réttindi ellilífeyrisþega sem hafa lokið starfsævinni, er mikið framfaraskref enda aðstæður hópanna í eðli sínu ólíkar. Einstaklingar með skerta starfsgetu eru fjölbreyttur hópur með margbreytilegar þarfir og væntingar sem tillögur starfshópsins gefa aukna möguleika til að mæta.

Tillögurnar fela í sér mjög umfangsmiklar breytingar á greiðslukerfi almannatrygginga sem hafa áhrif á afkomu, réttindi og þjónustu við fjölda einstaklinga. Slíkar breytingar taka tíma, kalla á aðlögun og nýja nálgun á ýmsum öðrum sviðum. Aðkoma vinnumarkaðarins, uppbygging stuðnings- og þjónustukerfa og samspil við réttindakerfi lífeyrissjóðanna eru þar á meðal. Samtökin taka undir áhyggjur Öryrkjabandalags Íslands hvað þetta varðar og leggja áherslu á að áður en lengra er haldið þurfi að treysta forsendur kerfisbreytinganna og tryggja þeim nauðsynlegan grundvöll. Samtökin leggja því áherslu á að stjórnvöld einblíni til að byrja með fyrst og fremst á tillögur samráðshópsins sem lúta að undirbúningi og forsendum umræddra kerfisbreytinga. Af þeim leiðir m.a. að:

- Nú þegar verði sett af stað markviss vinna í samstarfi almenna og opinbera vinnumarkaðarins við að skapa fjölbreytt sveigjanleg störf fyrir fólk með skerta starfsgetu þannig að á næstu tveimur árum verði til markverður fjöldi nýrra sveigjanlegra starfa á vinnumarkaði. Sett verði vel skilgreind mælanleg markmið og verkefninu tryggt fjármagn og nauðsynlegur stuðningur af hálfu ríkis, sveitarfélaga og aðilum vinnumarkaðarins.
- Vinnuálastofnun verði styrkt verulega til að stofnuninni verði kleift að sinna þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu og umsýslu vegna sveigjanlegra starfa.
- Tryggja verður að breytingarnar byggi á skýrri heildstæðri langtímasýn um þróun málaflokksins til framtíðar. Breytingar sem þessar þurfa góðan undirbúning og taka langan tíma. Um grundvallaratriði þeirra þarf að ríkja breið sátt sem tryggir samfellu og framgang fram yfir kjörtímabil.
- Setja þarf fram skýra verkáætlun sem tekur til undirbúnings, innleiðingar og eftirfylgni. Horft verði til tillagna samráðshópsins um skipun verkefnisstjóra og verkefnisstjórnar í því sambandi.
- Breytingarnar taki gildi í hægum skrefum þannig að þeir einstaklingar sem nú eru í örorkulífeyriskerfinu færast í nýtt greiðslukerfi byggt á gildandi örorkumatí með að minnst kosti jafn háum greiðslum og í núverandi kerfi. Kjósi einstaklingur með gilt örorkumat sjálfur að taka þátt í starfsendurhæfingu gefist kostur á því og þátttöku á vinnumarkaði með geymdum bótarétti.

Virðingarfyllst,



Henný Hinz

Í lok vorþings 2019 lagði félags- og barnamálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar (framfærsluuppbot og meðferð atvinnutekna 954. mál) sem kynnt var sem liður í breytingum á greiðslukerfi almannatrygginga. Meginbreytingarnar sneru í fyrsta lagi að því að dregið var úr áhrifum annarra tekna en bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar við útreikning á sérstakri uppbot til framfærslu (framfærsluuppbot) til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega („afnám krónu á móti krónu skerðingar“). Þetta er gert annars vegar með því að miða útreikning á sérstakri uppbot við 65% tekna lífeyrisþega í stað allra tekna (100%) líkt og nú er og hins vegar með því að telja 50% af fjárhæð aldurstengdrar uppbotar til tekna í stað 100% líkt og nú. Í öðru lagi var heimilað að telja einungis til tekna við útreikning á greiðslum almannatrygginga þær atvinnutekjur sem aflað er á þeim tíma sem einstaklingur á rétt á greiðslum frá almannatryggingum. Afstaða ASÍ var sú að mikilvægt væri að gera breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er varða réttindi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og koma í veg fyrir „krónu á móti krónu“ skerðingar sem eru með öllu óásættanlegar. ASÍ taldi hins vegar í því samhengi löngu tímabært að fram fari heildarendurskoðun á réttindum almannatrygginga sem tryggji einstaklingum með skerta starfsgetu viðunandi framfærslu og þjónustu samhliða því sem greiðslukerfið verði einfaldað með auknum möguleikum til atvinnuþátttöku og minni tekjuskerðingum. Breytingin kæmi með engu móti í stað nauðsynlegrar heildarendurskoðunar og má ekki verða til þess að hún dragist enn frekar. Núgildandi bótakerfi almannatrygginga er flókið, ógagnsætt og dregur mjög úr hvata til atvinnuþátttöku. Þótt breytingarnar, um að dregið verði úr áhrifum annarra tekna og aldurstengdrar uppbotar við útreikning sérstakrar uppbotar, komi vissulega í veg fyrir þá 100% tekjutengingu sem nú er innbyggð í bótakerfi örorkulífeyrisþega gagnvart þeim einstaklingum sem hafa lágar atvinnu- og/ eða lífeyrissjóðstekjur, eru tekjuskerðingar gagnvart þessum hóp áfram brattar, auk þess sem breytingin verður enn til þess að flækja tekjuskerðingarreglur almannatrygginga. Þá er rétt að áréttta að umræddar breytingar ná einungis til þeirra lífeyrisþega sem hafa aðrar tekjur en tekjur almannatrygginga og/eða aldurstengda örorkuuppbot almannatrygginga.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins voru ofangreindar breytingar á tekjuskerðingarreglum sérstakrar uppbotar hugsaðar sem brú yfir í nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu sem hafinn er undirbúningur að byggt á skýrslu samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga. Ekki er hins vegar ljóst hvernig breytingarnar spila inn í hugmyndir að heildarendurskoðun greiðslukerfisins. Ef stjórnvöld hyggjast horfa til þeirra hugmynda sem settar eru fram í skýrslu starfshópsins sem grundvöll að breyttu greiðslukerfi þarf



umtalsvert viðbótarfjármagn inn í almannatryggingakerfið, auk þess sem veita þarf nægilegt fjármagn í að styrkja alla umgjörð og þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu og tryggja nægilegt framboð starfa svo unnt sé að undirbyggja breytingarnar. Það mun ekki gerast án fyrirhafnar og fjármagns. Í fjármálastefnu fyrir árin 2020–2024 er gert ráð fyrir að veita árlega 4 ma.kr. aukalega til örorkulífeyris almannatrygginga vegna fyrirhugaðra breytinga á greiðslukerfi almannatrygginga. Í því samhengi má benda á að kostnaður við breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu á árinu 2016 var um 15 milljarðar króna og af þeim sviðsmyndum sem birtar voru með skýrslu starfshópsins liggur fyrir að hugmyndir að nýju greiðslukerfi sem þar eru settar fram eru umtalsvert kostnaðarsamari en gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun. ASÍ áréttaði því mikilvægi þess að langtímaáætlanir í opinberum fjármálum geri ráð fyrir nægilegu viðbótarfjármagni til að gera löngu tímabærar breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sem tryggi einstaklingum með skerta starfsgetu viðunandi framfærslu og þjónustu með möguleika á virkri þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði.

## **Deilt við sveitarfélögin um jöfnun lífeyrisréttinda**

Við endurskoðun kjarasamninga SGS við Samband íslenskra sveitarfélaga reis ágreiningur um efnidir þeirra loforda og yfirlýsinga sem gefnar hafa verið um að rétta stöðu þeirra starfsmanna sveitarfélaganna sem aðild eiga að almennu lífeyrissjóðunum þá er ábyrgð launagreiðanda var afnumin 1.7 2017. Þegar er lokið við að tryggja réttarstöðu þeirra sem aðild áttu að opinberu sjóðunum en það var gert með stofnun lífeyrisaukaþjóða og sérstöðum viðbótariðgjöldum. Jafnframt leiðrétti Reykjavíkurborg stöðu almenns launafólks að þessu leyti. Önnur sveitarfélög telja sér ekki skylt að fara sömu leið þrátt fyrir ítrekuð loford og fyrirheit. Þann 26.8 2019 var lögfræðingi ASÍ falið að höfða mál gegn sveitarfélögunum og freista þess að fá viðurkenningardóm fyrir kröfum SGS hvað þetta varðar. Kröfugerðin var þríþætt: Aðallega að viðurkennt verði að stefnda beri að greiða frá og með 1.6 2017 og mánaðarlega eftir það, sérstakt viðbótar lífeyrissjóðiðgjald til jöfnunar lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna sinna og félagsmanna stefnanda hverju sinni, sem voru virkir greiðendur til Stapa lífeyrissjóðs á tímabilinu júní 2016 til júní 2017, til þess að jafna lífeyriskjör þessara sömu starfsmanna sinna og félagsmanna stefnanda allt til starfsloka hvers um sig hjá stefnda, borið saman við þá starfsmenn sína sem áttu aðild að Brú lífeyrissjóði við gildistöku breytinga á samþykktum þess lífeyrissjóðs þann 1.6 2017, að viðbótariðgjald þetta hafi verið 5,85% fyrir tímabilið 1.6 2017 til 31.12 2018 og sé nú 5,91% frá 1.1 2019 og að viðbótariðgjald þetta skuli eftir það taka breytingum skv. árlegu tryggingafræðilegu mati.

Til vara að viðurkennt verði með dómi að stefnda beri að ráðstafa frá og

með 1.6 2017 að meðaltali 1,5% af stofni til greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda á 43 ára tímabili, vegna þeirra starfsmanna sinna og félagsmanna stefnanda hverju sinni, sem voru virkir greiðendur til Stapa, lífeyrissjóðs stefnanda á tímabilinu júní 2016 til júní 2017, til þess að jafna lífeyriskjör þessara sömu starfsmanna sinna og félagsmanna stefnanda allt til starfsloka hvers um sig hjá stefnda, borið saman við þá starfsmenn sína sem áttu aðild að Brú lífeyrissjóði við gildistöku breytinga á samþykktum þess lífeyrissjóðs þann 1.6 2017. Loks til þrautavara var þess krafist að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi lofað og sé skuldbundinn til að kröfu stefnanda, að taka upp viðræður um, með hvaða hætti náð verði jöfnuði í lífeyrisréttindum þeirra starfsmanna sinna og félagsmanna stefnanda, sem voru virkir greiðendur til Stapa lífeyrissjóðs við gildistöku breytinga á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs þann 1.6 2017, til þess að jafna lífeyriskjör þessara sömu starfsmanna sinna og félagsmanna stefnanda allt til starfsloka hvers um sig hjá stefnda, borið saman við þá starfsmenn sína sem áttu aðild að Brú lífeyrissjóði við gildistöku breytinga á samþykktum þess lífeyrissjóðs þann 1.6 2017. Málið var þingfest 26.8 2019 (nr. 15/2019). Krafist var frávísunar af hálfu stefnda og þegar þetta er skrifað liggur niðurstaða ekki fyrir.

### **Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál**

Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál er nýr samráðsvettvangur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lífeyrisnefnda heildarsamtaka og fulltrúa ASÍ og SA um lífeyrismál og málefni lífeyrissjóðanna skv. kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna frá 24. apríl 2018. ASÍ og SA skiptast á að skipuleggja fundina sem skulu haldnir að vori og hausti. Skipulag fyrsta fundarins var í höndum SA sem hélt fund þann 4. desember 2018 í húsa-kynnum SA í Borgartúni 35. Á þeim fundi fór Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, yfir nýjan stjórnkerfiskafla kjarasamnings aðila um lífeyrismál og þær breytingar sem samningurinn felur í sér. Hannes Sigurðsson frá SA fór yfir sögu og yfirstandandi vinnu við endurskoðun á örorkulífeyriskerfi almanna-trygginga. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, ræddi um hugmyndafræði Alþjóðabankans við endurskoðun lífeyriskerfa og að lokum ræddi Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, um framtíð íslenska lífeyriskerfisins.

Skipulag vorfundar samráðshópsins var í höndum ASÍ og var hann haldinn þann 19. febrúar 2019 á Grand hótél í Reykjavík. Eftirfylgni með nýjum kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna var meginviðfangsefni fundarins en þar ræddu fulltrúar þriggja sjóða á samningssviðinu breytingar á samþykktum sjóðanna í kjölfar nýs kjarasamnings, Jakob Tryggvason frá Birtu lífeyrissjóði, Árni Guðmundsson frá Gildi lífeyrissjóði og Tómas

N. Möller frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Þá mælti Arnar Sigmundsson frá SA fyrir breytingum á fyrirkomulagi Samtaka atvinnulífsins við val á stjórnarmönnum í kjölfar nýs kjarasamnings. Eyrún Valsdóttir, skólastjóri Félagsmálaskólans, kynnti námsleiðir skólans fyrir stjórnir og fulltrúaráð lífeyrissjóðanna og ræddi óskir og þarfir um fræðslu við fundarmenn. Ágætar umræður sköpuðust á fundinum um ýmis álitamál tengd innleiðingu á nýjum kjarasamningi og fundarmenn sammála um kosti þess að eiga samtali milli aðila og bera saman bækur.

### **Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ**

Ný lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ var skipuð í kjölfar þings ASÍ haustið 2018. Formaður nefndarinnar, tilnefndur af miðstjórn ASÍ, er Hilmar Harðarson, formaður FIT. Nefndin fundaði einu sinni á árinu 2018 og fjórum sinnum á tímabilinu frá janúar til ágúst 2019. Meginmálefni nefndarinnar hefur verið umfjöllun um sameiginlegar kröfur í málaflokkum nefndarinnar á stjórnvöld og eftirfylgni með þeim.



## VERÐLAGSEFTIRLIT ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er fyrirtækjum og verslunareigendum veitt aðhald sem í kjölfarið eykur samkeppni og kemur í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar. Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að gera verðkannanir á þeirri vöru og þjónustu sem vegur hvað þungst í bókhaldi heimilanna. Verðkannanir á matvöru vega því þungt hjá verðlagseftirlitinu enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Aðrir útgjaldaliðir sem verðlagseftirlitið leggur áherslu á að kanna eru bankakostnaður, tryggingar, síma- og internetkosnaður, opinber útgjöld eins og fasteignagjöld, dagvistunargjöld fyrir fríundaheimili, skólamatur og leikskólagjöld en allt eru þetta liðir sem vega þungt í útgjöldum heimilanna.

Þær verðkannanir sem hafa verið gerðar síðastliðið ár, eða á tímabilinu 31. ágúst 2018 til 1. september 2019, eru eftirfarandi:

- 6 kannanir á matvöru í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um land allt
- 1 verðkönnun á matvöru á Norðurlöndunum
- 3 samanburðarkannanir á vörukörfu ASÍ
- 1 verðkönnun á páskaeggjum

- 1 verðkönnun á nýjum og notuðum skólabókum
- 1 úttekt á þjónustugjöldum bankanna
- 1 könnun á kostnaði heimila við flutning og dreifingu raforku
- 1 verðkönnun á leikföngum og spilum
- 1 verðkönnun á þjónustu við dekkjaskipti
- 1 könnun á sumarnámskeiðum fyrir börn

Verðlagseftirlit ASÍ gerði einnig úttektir á opinberum gjöldum:

- 1 úttekt á breytingum á fasteignagjöldum milli ára 2018–2019
- 1 úttekt á þróun fasteignagjalda á árunum 2013–2019
- 1 úttekt á leikskólagjöldum
- 1 úttekt á skóladagvistun og skólamat

### **Þjónustugjöld bankanna hækka þrátt fyrir hagræðingu**

Í nóvember 2018 birtu verðlagseftirlitið úttekt á þjónustugjöldum íslensku bankanna en þar voru bornar saman verðskrár frá 2015 við gildandi verðskrár árið 2018. Helstu niðurstöður voru þær að þjónustugjöld bankanna höfðu í mörgum tilfellum hækkað mikið og langt umfram vísitölu neysluverðs þrátt fyrir mikla hagræðingu í bankakerfinu árin á undan. Þannig hækkaði kostnaður við greiðslukort um 19,2% frá október 2015–október 2018 en vísitala neysluverðs um 6,6% á sama tímabili. Við gerð úttektarinnar kom einnig í ljós að gjaldskrár bankanna eru svo flóknar og ógagnsæjar að það er nær ómögulegt fyrir almenning að bera verðskrár bankanna saman sem heftir samkeppni og ýtir undir fákeppni. Úttektin vakti mikla athygli í samfélaginu og mikið var rætt um úttektina, verðlagningu og stöðu bankanna í fjölmiðlum í kjölfarið.

### **Málþing um verðlag**

Verðlagseftirlitið ásamt Neytendasamtökunum skipulagði og stóð fyrir málþingi undir yfirskriftinni „Af hverju er verðlag á Íslandi svona hátt og hvað getum við gert í því?“ sem haldið var þann 14. mars 2019. Eins og yfirskriftin gefur til kynna var markmiðið með málþinginu að varpa ljósi á ástæður þess að verðlag á Íslandi er hátt og finna leiðir til þess að lækka það. Frummælendur komu úr ýmsum áttum; úr háskólasamfélaginu, frá versluninni og opinberum stofnunum en eftir erindin var pallborð þar sem fleiri þátttakendur bættust við. Frummælendur á málþinginu voru Henný Hinz, aðalhafgræðingur Alþýðusambands Íslands, Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, Gylfi Magnússon, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnis­eftirlitsins. Í pallborði sátu Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnis­eftirlitsins.

ins, Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

Málþingið var vel sótt og var bæði góð mæting á málþingið sjálft auk þess sem yfir 700 manns fylgdust að jafnaði með í gegnum beint streymi meðan á málþinginu stóð. Málþingið var einnig tekið upp og þegar upp var staðið höfðu tæp 17.000 manns farið inn á upptökuna og horft á málþingið í einhvern tíma. Málþingið vakti mikla athygli og umræðu í samfélaginu öllu og voru fjölmiðlar duglegir að gera málþinginu skil.

## **Eftirfylgni kjarasamninga**

Í kjölfar þess að kjarasamningar voru undirritaðir var ákveðið að verðlags- eftirlitið myndi fylgjast enn betur með verðlagsþróun, bæta í reglubundið eftirlit með verðlagi og veita fyrirtækjum þannig aukni aðhald í verðlagsmálum. Ákveðið var að framkvæma tíðari verðkannanir á matvöru til að fylgjast enn betur með verðbreytingum. Þá var ákveðið að stofna Facebook-hóp í gegnum Facebook-síðu verðlagseftirlitsins þar sem almenningur getur sent inn ábendingar og upplýsingar varðandi verðhækkanir og/eða látið vita af fyrirtækjum sem ekki hafa hækkað verð hjá sér og bjóða upp á gott verð. Hópurinn er einnig vettvangur fyrir umræðu um verðlagsmál í víðara samhengi og önnur tengd neytendamál. Umræðunni í hópnum er ekki stýrt eða hún ritskoduð en almennar kurteisireglur gilda þó í hópnum eins og í flestum öðrum og ef fólk sér sér ekki fært að fara eftir þeim verður þeim meinaður aðgangur að hópnum. Hópurinn heitir Vertu á verði – eftirlit með verðlagi og í lok ágúst 2019 voru um 4.500 meðlimir í hópnum. Virk umræða um verðlag á sér stað í hópnum og mun hlutverk hópsins koma til með að þróast þegar fram líða stundir en hann býður upp á margar leiðir til að ýta undir og auka aðhald með fyrirtækjum á markaði.

## **Fasteignagjöld í mörgum tilfellum hækkað mikið frá árinu 2013**

Verðlagseftirlitið tók saman og birti úttekt á þróun fasteignagjalda á árunum 2013–2019 fyrir íbúðarhúsnæði í 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Úttektin sýndi að í mörgum tilfellum hafa fasteignagjöld hækkað mjög mikið á tímabilinu. Mestu hækkanirnar voru á fasteignasköttum, lóðaleigu og sorphirðugjöldum þó að miklar hækkanir hafi einnig verið að finna í öðrum gjaldaflokkum. Á þessu tímabili, 2013–2019 hækkaði fasteigna- og lóðamat mikið um allt land en fasteignagjöld eru yfirleitt reiknuð sem hlutfall af fasteignamati. Sveitarfélögin ákveða síðan hversu hátt álagningarhlutfallið á að vera. Í mörgum tilfellum stóð álagningarhlutfall sveitarfélaganna í stað á tímabilinu eða lækkaði.

Þrátt fyrir það hækkuðu fasteignagjöld í mörgum tilfellum gríðarlega, sem sýnir að mörg sveitarfélög hafa ekki stemmt stigu við hækkunum á fasteignagjöldum og lóðamati.

## Verðlagspróun 2018–2019

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,2% á tólf mánaða tímabili (ágúst 2018–ágúst 2019). Ýmsir stórir útgjaldaliðir heimilanna hækkuðu á tímabilinu en þar má nefna 4,5% hækkuð á mat- og drykkjarvöru. Verð á mat- og drykkjarvöru hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár en eftir mitt ár 2018 tók það að hækka og hefur hækkað nokkuð stöðugt síðan þá að undanskildum vormánuðum þar sem nokkuð dró úr hækkunum.

Ef einstaka liðir í vísitölu neysluverðs eru skoðaðir má sjá að matur og drykkjarvörur hafa hækkað töluvert í verði á árinu (ágúst 2018–ágúst 2019), eða um 4,5%. Mest hefur grænmeti hækkað, eða um 12,7%, og þá hafa olíur og feitmeti hækkað töluvert, eða um 8,72%. Þyngst vega þó hækkanir á kjöti (3,1%) og mjólkurvörum (5,1%) en þeir liðir vega þungt í vísitölnni. Ástæður fyrir hækkunum á mjólkurvörum má að hluta til rekja til ákvörðunar verðlagsnefndar búvara frá 1. september 2018 um að hækka heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum um 4,86%. Heildsöluverð á smjöri var hækkað enn meira, eða um 15% (sem skýrir að einhverju leyti mikla hækkuð á olíu og feitmeti en sá flokkur inniheldur smjör).



(Heimild: Hagstofan)

Fleiri liðir í vísitölu neysluverðs hafa hækkað töluvert á tímabilinu en þar má nefna pósthjónustu (8,8%), bílatryggingar (5,5%) og viðhald og viðgerðir (4,9%). Einhverjir undirliðir vísitöluunnar hafa lækkað á árinu en þar ber helst að nefna farsímaþjónustu (-27,1%) og internettengingar (-4,9%) en sú þjónusta hefur lækkað umtalsvert í verði undanfarin ár. Töluverð samkeppni er á síma- og internetmarkaði sem hefur eflaust sitthvað að segja um þá þróun. Þá hafa flugfargjöld til útlanda lækkað um 13,8% á þessu 12 mánaða tímabili þrátt fyrir fall WOW air.

### **Facebook-síða verðlagseftirlits ASÍ**

Í október 2018 var Facebook-síða verðlagseftirlitsins opnuð þar sem mátti sjá nýtt „logo“ eftirlitsins og heildarútlit. Síðan Facebook-síðan var opnuð hefur öllum könnunum og úttektum verið deilt á síðunni auk annarra greina eða ábendinga sem tengjast verðlagi. Síðunni hefur verið vel tekið og hafa nú þegar um 2.500 manns sett „like“ á síðuna. Með opnun sérstakrar Facebook-síðu fyrir verðlagseftirlitið dreifist efni þess nú betur á samfélagsmiðlum sem gerir það að verkum að fleiri sjá kannanir og úttektir verðlagseftirlitsins sem eykur aðhald á fyrirtæki.





## FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSMÁL

Félags- og vinnumarkaðsmál eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og skrifstofu þess. Þetta gildir jafnt um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og verkefni í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda og starfshópa á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, vinna fulltrúar ASÍ einnig að því að hafa áhrif á mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda á þessu sviði til hagsbótar fyrir launafólk.

Eins og áður hefur Alþýðusambandið lagt mikla áherslu á jafnréttismálin og að vera leiðandi á því sviði, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og í samstarfi við aðra aðila. Vinnan við innleiðingu jafnlaunastaðalsins og endurskoðun hans hefur verið hluti af því verkefni.

Íslenskur vinnumarkaður hefur síðustu ár vaxið sem aldrei fyrr og mikil fjölgun starfsmanna hefur verið í greinum eins og byggingariðnaði og mannvirkjagerð, ferðaþjónustu og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Um leið hafa félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði vaxið hratt.

Mikilvægur þáttur í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði er að

treysta lagarammann og fylgja eftir af festu í framkvæmd. Í þeim tilgangi hefur verið lögð sérstök áhersla á að styrkja löggjöf og alla framkvæmd sem miðar að því að sporna við og uppræta brotastarfsemina.

Í byrjun árs 2016 var hrundið af stað verkefninu EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! í samstarfi við aðildarsamtök Alþýðusambandsins. Markmið verkefnisins er að vinna gegn brotastarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði, einkum gagnvart ungu fólki og erlendum starfsmönnum. Verkefnið hefur þróast og vaxið mikið að umfangi og hafa aðildarfélög ASÍ lagt stöðugt meira af mörkum í þeim efnunum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2018 til hausts 2019. Í sumum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningum og yfirlýsingum ríkisstjórna í tengslum við þá.

## **Jafnrétti á vinnumarkaði**

Alþýðusamband Íslands berst fyrir bættum lífsgörum allra landsmanna og gerð er sú krafa til velferðarsamfélagsins að allir hafi jafnan rétt, óháð kyni, aldri, búsetu og þjóðerni. Jafnvægi atvinnuþátttöku, fjölskylduábyrgðar og einkalífs er nauðsynleg forsenda þess að efla lífsgæði allra, því þarf að leita fjölbreyttra leiða til að vinna að jafnrétti á vinnumarkaði og í íslensku samfélagi.

Réttur allra um að vera örugg í vinnunni og örugg heima er óumdeilanlegur. Því er það skylda verkaleyðshreyfingarinnar að vera í fararbroddi þeirra sem berjast fyrir vinnuumhverfi þar sem fjölbreytileikinn fær notið sín í öruggu umhverfi.

### *Kvennafrí 2018 – Breytum ekki konum, breytum samfélaginu*

*Hinn 24. október 2018 var haldinn baráttufundur á Arnarhóli undir yfirskriftinni „Breytum ekki konum, breytum samfélaginu. Að fundinum stóðu samtök launafólks og samtök kvenna á Íslandi.*

Aðstandendur Kvennafrís 2016 ákváðu á fundi í maí að boða til baráttufundar til að minna á kjör kvenna og ekki síður að fylgja eftir bylgju frásagna kvenna af kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem deilt hafði verið á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #metoo. Undirbúningshópur var myndaður sem í voru fulltrúar kvennasamtaka og fulltrúar verkaleyðshreyfingarinnar, Maríanna Traustadóttir var fulltrúi ASÍ í undirbúningshópnum líkt og árið 2016.

Konur um land allt voru hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14.55 og fylkja liði á baráttufundi í sinni heimabyggð. Í Reykjavík voru konur boðaðar

á Arnarhól þar sem dagskrá hófst kl. 15.30. Var þetta í sjötta skipti sem konur á Íslandi mótmæla mismun á kjörum kynjanna með þessum hætti en Kvvennafrí voru einnig boðuð árin 1975, 1985, 2005, 2010 og 2016.

Baráttufundir voru haldnir á 16 stöðum á landinu, Akureyri, Bifröst í Norð-urárdal, Borgarnesi, Dalvík, Grundarfirði, Ísafirði, Mývatnssveit, Neskaupstað, Ólafsvík, Patreksfirði, Reykjavík, Reyðarfirði, Selfossi, Skaftárhreppi, Skagaströnd og Varmahlíð. Tóku fulltrúar verkalyðshreyfingarinnar þátt í undirbúningi baráttufundanna á flestum stöðum. RÚV sá um að streyma samstöðufundinum í Reykjavík á netinu líkt og gert var árið 2016.

Rík áhersla var á að nýta samfélagsmiðla til miðlunar upplýsinga og hvetja konur til að vera virkar í baráttunni. Aðalkynningarefnið fólst í myndbandi eða öllu heldur myndböndum, vefsíðan kvvennafrí.is var mikið notuð og þar er að finna fréttir og aðrar upplýsingar á fjölmörgum tungumálum. Strax við upphaf undirbúnings var ákveðið að virkja erlendar konur á Íslandi og m.a. sáu þær um að þýða upplýsingar um Kvvennafrí á Íslandi á fjölmörg tungumál, sem nýttist vel til m.a. að svara erlendum fjölmiðlum, því eins og áður þá vakti Kvvennafrí heimsathygli.

Á heimasíðunni kvvennafrí.is er hægt að nálgast sögu Kvvennafrís sem og lista yfir aðstandendur Kvvennafrís 2018. Ljóst er að þessi síða mun nýtast um ókomin ár og eftir því sem Kvvennafrí verður sýnilegra og þekktara hér heima sem og erlendis verður sífellt mikilvægara að geta vísað á einn stað þar sem allar upplýsingar eru aðgengilegar á mörgum tungumálum.

Eftirfarandi yfirlýsing var lesin upp á fundinum í Reykjavík og samþykkt þar:

*„Frásagnir kvvenna af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnustöðum sem deilt hefur verið undanfarið ár á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #MeToo undirstrika að kjaramisrétti er ekki eina misréttið sem konur þurfa að glíma við á vinnumarkaði. Við stöndum hér saman til að lýsa því yfir, hátt og snjallt, að kynferðisleg áreitni og ofbeldi er ólíðandi með öllu!*

*Við verðum að tryggja öryggi kvvenna og jafnarsettra hópa á vinnumarkaði. Við verðum að skapa samfélag þar sem störf kynjanna eru metin að verðleikum, samfélag þar sem kjarajafnrétti ríkir.*

*Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands um launamun kynjanna eru konur með 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar. Konur vinna þó lengur en karlar ef lögd er saman vinnan innan heimilis sem utan. Konur eru að jafnaði að lágmarki fjórfalt lengur frá vinnumarkaði en karlar vegna barn- eigna og þriðjungur kvvenna er í hlutastarfi vegna ábyrgðar á fjölskyldu- og*

heimilisstörfum. Það hallar á konur í valda- og áhrifastöðum og hefðbundin kvennastörf eru vanmetin sem endurspeglast í lægri launum og lakari vinnu-aðstæðum. Þetta vanmat á framlagi kvenna þýðir lægri ævitekjur og lífeyris-greiðslur og vaxandi kulnun í starfi.

Þessu þarf að linna, kjarajafnrétti strax!

Nú ganga konur út kl. 14:55, á mínúttunni sem við hættum að fá borguð laun fyrir vinnuna okkar. Þetta er í sjötta skipti síðan 1975 sem við göngum út til að mótmæla kynbundnu kjaramisrétti, en enn eigum við langt í að ná jafnrétti. Með þessu áframhaldi þurfum við að bíða í 29 ár eftir að konur fái sömu tekjur og karlar.

Við bíðum ekki lengur!

Það er nóg komið, þessi tími er liðinn, konur eiga að vera metnar að verð-leikum, njóta jafnréttis og vera óhultar jafnt heima sem í vinnu!

- Við krefjumst þess að grundvallarmannréttindi allra séu virt á Íslandi, svo engin þurfi að líða fyrir kyn sitt, uppruna, kynþátt, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni, kyntjáningu, fötlun, aldur, búsetu, lífsskoðun, félagslega stöðu eða efnahag.
- Við krefjumst styttri vinnuviku til að stuðla að jafnari vinnutíma kvenna og karla í launuðum sem ólaunuðum störfum.
- Við krefjumst þess að fæðingarorlof verði 12 mánuðir og greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum verði óskertar og öruggar dagvistun-ar strax að loknu fæðingarorlofi.
- Við krefjumst aðgerða og kynjakvóta til að auka hlut kvenna í áhrifa- og valdastöðum og að kvennastörf séu metin að verðleikum bæði í launum og virðingu.
- Við krefjumst þess að stjórnvöld setji kynjajafnrétti og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi í forgang á öllum stigum og sýni stórhug í að taka ákvarðanir til að jafna stöðu kynja og tryggja að fjölbreytileiki sam-félags okkar fái að njóta sín.
- Við krefjumst þess að jafnrétti og kynjafræði verði gerð að skyldufagi á öllum skólastigum, að í skólum landsins kennum við næstu kynslóð um fjölbreytileika samfélagsins. Kennsla í kynjafræði er lykillinn að því að breyta samfélagi okkar til frambúðar, uppræta staðalmyndir kynja og klámvæðingu samfélagsins.
- Við krefjumst þess að fá að vinna vinnuna okkar án áreitni, ofbeldis og mismununar, og að stjórnvöld, atvinnurekendur og stéttarfélag grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir og taki af festu á kynferðislegu ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði.
- Við krefjumst þess að hlustað sé á þolendur og tekið sé mark á sögum

*þeirra. Konur sem upplifa ofbeldi, áreitni, niðurlægingu og smánun eru ekki líttill hópur heldur allar konur samfélagsins úr öllum kimum samfélagsins. Konur sem tilheyra mismunandi minnihlutahópum upplifa mismunandi birtingarmyndir ofbeldis og áreitni sem við þurfum að taka tillit til.*

*Við skilum hér með skömminni þangað sem hún á heima til gerendanna, til atvinnurekenda, til stjórnvalda, til réttarkerfisins, til samfélagsins sem hefur látið ofbeldi og misrétti viðgangast um aldaradur. Við lýsum yfir stuðningi við þær þúsundir kvenna sem hafa komið fram opinberlega og deilt sögum sínum af áreitni, ofbeldi og misrétti, á vinnustað og í samfélaginu öllu. Við lýsum einnig yfir stuðningi við þær konur sem ekki hafa stigið fram. Við erum hér fyrir ykkur, fyrir okkur öll!*

*Öxlum öll ábyrgð á að breyta menningunni. Í vinnunni, heima, í skólum, í vinalópnum, í íþróttum, í félagsstarfi, og alls staðar. Við berum öll ábyrgðina á því að halda umræðunni vakandi, að sýna virðingu og samkennd í samskiptum við náunga okkar, auka vitund og skilning á kynjakerfinu sem við búum við.*

*Jafnréttismál eru hagsmunir okkar allra, ekki bara kvenna. Breytum menningunni og hugarfarinu, saman! Stöndum saman og höfum hátt!*

*Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!*

*Kjarajafnrétti STRAX!“*

Greinargóða skýrslu um Kvænnafrí 2018 er að finna á heimasíðu ASÍ og á Kvænnafrí.is.

Þess má geta að 43. þing ASÍ var sett 24. október, af því tilefni var hefðbundin dagskrá þingsins rofin kl. 14.30 og eftirfarandi ályktun lesin upp af Lilju Sæmundsdóttur, formanni jafnréttis- og fjölskyldunefndar ASÍ.

*„43. þing Alþýðusambands Íslands tekur undir kröfjur Kvænnafrídagsins 24. október 2018*

*Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!*

*Frásagnir kvenna af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnumarkaði undir myllumerkinu #MeToo, undirstrika að kjaramisrétti er ekki eina misréttið sem konur þurfa að glíma við á vinnumarkaði.*

*43. þing ASÍ lýsir yfir stuðningi við þær þúsundir kvenna sem hafa komið fram og deilt sögum sínum af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnustað og í samfélaginu öllu.*

*Það er hlutverk verkalyðshreyfingarinnar að berjast fyrir jafnrétti og gegn óréttlæti og styðja við þá sem brotið er á. Konur eiga að vera öruggar í vinnunni og samfélaginu öllu.*

*Þrátt fyrir að árangur hafi náðst í átt að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði þá hafa konur 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar.*

- *Við krefjumst þess að launamun kynjanna verði útrýmt!  
Konur vinna lengur en karlar ef lögð er saman vinnan innan heimilis og utan. Konur eru að jafnaði fjórfalt lengur frá vinnumarkaði en karlar vegna barneigna og þriðjungur kvenna er í hlutastarfi vegna ábyrgðar á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Hefðbundin kvennastörf eru vanmetin sem endurspeglast í lægri launum og lakari vinnuaðstæðum. Þetta vanmat á framlagi kvenna þýðir lægri ævitekjur og lífeyrisgreiðslur og vaxandi kulnun í starfi.*
- *Við krefjumst þess að störf og vinnuframlag kvenna verði metin að verðleikum!  
Það á að virða grundvallarmannréttindi allra á Íslandi, svo engin þurfi að líða fyrir uppruna sinn, félagslega stöðu eða efnahag.*
- *Við krefjumst þess að öll eigum við rétt á að starfa í öruggu umhverfi, laus við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun af öllu tagi!  
Með samstöðu og sameiginlegri baráttu munum við breyta samféluginu til hins betra!  
Við erum sterkari saman!“*

Eftir að þingfulltrúar samþykktu einróma ályktunina voru fluttir þrjú einþáttungar sem lýstu vel aðstæðum kvenna á vinnumarkaði á mismunandi tímum. Einþáttungarnir voru allir byggðir á heimildum frá Kvennasögusafninu og sögum #MeToo kvenna af erlendum uppruna.

Þingfulltrúar fengu einnig afhenta bók, „Við ættum öll að vera femínistar“ eftir nígerísku baráttukonuna og rithöfundinn Chimamanda Ngozi Adichie.

Því næst yfirgáfu þingfulltrúar ráðstefnusalið kl. 14.55 undir baráttusöngvum og upp í rútur sem voru fyrir framan hótelið og fluttu þingfulltrúa á baráttufundinn á Arnarhóli.

### **Alþjóðlegur baráttudagur kvenna – 8. mars**

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars var boðað til fundar þann 7. mars á Grand hóteli undir yfirskriftinni „Þegar konur segja frá – #metoo og kraftur samstöðunnar“. Ákveðið var að halda áfram, í framhaldi af Kvennafrídeginum 2018, að hafa hátt og minna á kraftinn sem felst í samstöðunni.

Fundurinn var haldinn 7. mars þar sem að Efling-stéttarfélag boðaði verkfall þerna á hótelum og gististöðum 8. mars og vildu aðstandendur dagsins sýna samstöðu með að hafa ekki baráttufund á verkfallsdeginum. Einnig má geta

Þess að ekki var haldinn baráttufundur í mars 2017 þar sem velferðarráðuneytið hélt Jafnréttisþing 7–8. mars 2017.

Fundurinn var vel sóttur og stýrði honum Steinunn Stefánsdóttir blaðakona. Erindi héldu Hildur Knútsdóttir rithöfundur, Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur og fræðikonurnar dr. Gyða Margrét Pétursdóttir og dr. Annadís Greta Rúdólfsdóttir. Að fundinum stóðu ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Kvenréttindafélag Íslands, Jafnréttisstofa og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja.

### **Aðgerðahópur um launajafnrétti**

Í desember 2012 var skipaður aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna. Hópurinn var skipaður til tveggja ára með möguleika á framlengingu. Aðgerðahópurinn var endurskipaður frá 2014 til loka 2016. Skipunartími hópsins var aftur framlengdur árið 2017 til tveggja ára, eða til loka 2019.

Aðgerðahópi um launajafnrétti var samkvæmt erindisbréfi meðal annars ætlað að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun og hafa umsjón með innleiðingu jafnlaunastaðalsins, gerð tillagna til stefnumótunar um leiðir til að brjóta upp kynjaskiptingu starfa á íslenskum vinnumarkaði og annast upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og fyrirtækja. Í maí 2015 efndi aðgerðahópurinn til morgunverðarfundar undir heitinu Kyn, starfsframi og laun, þar sem kynntar voru niðurstöður rannsóknarverkefna hópsins. Annars vegar niðurstöður fyrstu rannsóknar sem gerð hefur verið hér á landi á kynbundnum launamun sem tekur til vinnumarkaðarins í heild og hins vegar rannsóknarskýrslu um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði.

Aðgerðahópurinn stóð fyrir málfundum um jafnlaunamál, jafnrétti á vinnumarkaði, kynbundið náms- og starfsval og var samstarfsaðili að jafnréttisþingi og stærri ráðstefnum um jafnréttismál. Aðgerðahópurinn var bak-hjarl tilraunaverkefnis um innleiðingu jafnlaunastaðals sem lauk í mars 2018. Í tengslum við verkefnið var í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands efnt til hönnunarsamkeppni um jafnlaunamerki og vinningstillaga kynnt haustið 2014. Þá var samstarf við fræðslusetur og ýmsa fræðslusjóði aðila vinnumarkaðarins um almenn námskeið fyrir starfsmenn stofnana og fyrirtækja í tengslum við innleiðingu staðalsins. Frá ársbyrjun 2018 hafa slík námskeið verið haldin í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

Aðgerðahópurinn sendi frá sér lokaskýrslu, Framtíðarstefna í jafnlaunamálum, þar sem fram koma fjölmargar tillögur að virkum vinnumarkaðsaðgerðum.

## **Jafnlaunastaðall ÍST 85:2012 – Endurskoðun**

Vinna að endurskoðun Jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 var ákveðin 2018. Frumkvæðið kom frá Staðlaráði Íslands sem boðaði hagsmunaaðila á fund; samtök aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa Jafnréttisstofu og velferðarráðuneytis.

Almennt er miðað við að staðlar séu endurskoðaðir á fimm ára fresti og í tilfalli ÍST 85:2012 eru það hagsmunaaðilar sem taka ákvörðun um endurskoðun. Ákveðið var að breyta uppbyggingu ÍST 85 til samræmis við stjórnkerfisstaðla ISO (9001, 14001 o.fl.) Um er að ræða Annex SL þar sem staðlar hafa sama notendaviðmót og kaflaskipan. Slíkt kæmi til með að auðvelda samþættingu og innleiðingu á ÍST 85 fyrir skipulagsheildir, sem margar hverjar hafa reynslu af öðrum stjórnkerfisstöðlum. Það ætti líka að einfalda vinnu úttektaraðila og auðveldara væri að kynna jafnlaunastaðalinn fyrir erlendum aðilum. – En jafnlaunastaðallinn vekur mikla athygli erlendis og eru tíðar fyrirspurnir til skrifstofu ASÍ um tilurð og framkvæmd jafnlaunavottunar byggða á jafnlaunastaðlinum.

Tækninefnd hóf störf í nóvember 2018 og var unnið markvisst að því að varpa ÍST 85 yfir í hið nýja kerfi Annex SL. Á fundi nefndarinnar í ágúst 2019 var ákveðið að fresta vinnunni um a.m.k. ár, þar sem talið var æskilegt að vinna áfram með ÍST 85:2012 til að öðlast meiri þekkingu og reynslu áður en þeirri útgáfu staðalsins yrði breytt. Á sama fundi var ákveðið að tækninefndin héldi áfram vinnu sinni við að skrifa leiðbeiningar fyrir nýja útgáfu staðalsins.

### *Kynjabókhalda ASÍ*

Frá árinu 2006 hafa verið teknar saman kyngreindar tölulegar upplýsingar um hlutfall fulltrúa í stjórnnum og ráðum einstakra félaga, deilda og landssambanda. Einnig eru kyngreindar upplýsingar um málefnanefndir miðstjórnar og fulltrúa í nefndum og ráðum sem skipaðar eru af sambandinu. Þá er einnig að finna í Kynjabókhalda ASÍ kyngreindar upplýsingar um fulltrúa í stjórnnum lífeyrissjóða aðildarfélaga sambandsins og þátttöku á námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu.

## **Baráttan gegn undirboðum á vinnumarkaði og annarri brotastarfsemi**

### **Einn réttur – ekkert svindl!**

Frá árinu 2016 hefur Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess staðið að verkefninu *Einn réttur - ekkert svindl!* Verkefninu er beint gegn undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlent starfsfólk og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið miklum breytingum á undanföllum



árum. Efnahagslegur uppgangur hefur leitt til verulegrar fjölgunar starfa og þá sérstaklega í atvinnugreinum á borð við ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Innlent starfsfólk hefur ekki nægt til að bregðast við aukinni þörf vinnuaflds.

Við því hefur verið brugðist með aðkomu fólks erlendis frá sem hefur að stórum hluta staðið undir hagvexti síðustu ára.

Alþýðusambandið hefur undanfarin misseri bent á að erlent starfsfólk leggur mikið til samfélagsins og ljóst að sá hagvöxtur sem hér hefur verið síðustu misseri er að stórum hluta drifinn áfram af þeirra framlagi til atvinnulífsins.

Þrátt fyrir að hægst hafi á, í ferðaþjónustu og að einhverju leyti í byggingariðnaði, þá eru það erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði sem sinna að stórum hluta mönnun á íslenskum vinnumarkaði. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands voru innflytjendur um 19% af öllum starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Efnahagslegur uppgangur og þróun á vinnumarkaði á sér hins vegar dekkri birtingarmyndir.

Á undangengnum misserum og árum hefur Alþýðusambandið og aðildarfélög þess orðið áskynja um að stækkandi hópur vinnandi fólks er berskjaldaður gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum þess. Stéttarfélög þurfa í auknum mæli að glíma við brotastarfsemi af ólíkum toga á vinnumarkaði, kerfisbundinn launþjófnað, undirboð á vinnumarkaði, kennitölufلاك, svarta atvinnustarfsemi og því miður, vinnumansal.

Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstöðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Eins og áður er vandinn stærstur í helstu vaxtagreinunum í íslensku atvinnulífi,

byggingariðnaði og mannvirkjagerð og í ferðaþjónustunni. Þó eru aðrar greinar ekki óhultar, t.d. ýmsar þjónustugreinar, í þrifum, bílaþvottastöðvar, verkstæði og fleiri aðrar. Brotastarfsemin beinist einkum að þeim hópum sem síður þekkja réttindi sín eða eru í veikri stöðu til að sækja rétt sinn, t.d. ungt fólk, aðflutt verkafólk og tekjulágir. Þar eru útlendingar mest áberandi en einnig ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Útlendingar sem hingað koma til starfa koma í auknum mæli frá fátækum ríkjum Austur-Evrópu og Asíu:

- Þar sem kjör, önnur starfsréttindi og aðbúnaður eru allt önnur og lakari en hér þekkest.
- Þar sem vinnumarkaðurinn er illa skipulagður, stéttarfélögin veik og kjarasamningar annaðhvort ekki til staðar eða þeir tryggja lítil og mjög takmörkuð réttindi.

Atvinnurekendur hafa í auknum mæli sótt vinnuafli til austari hluta Evrópu, ríkja utan EES. Því miður eru mýmörg dæmi þess að þeir fylgi ekki reglum um að sækja um atvinnuleyfi, kennitölur eða tilkynna um innflutning vinnuaflsins til viðeigandi stofnana. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga eru tilteknir útlendingar undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögunum. Er þeim aðilum því heimilt að starfa hér á landi án takmarkana, þ.e. án þess að þurfa að fá útgefið atvinnuleyfi.

Eftirfarandi útlendingar eru undanþegnir kröfunni um atvinnuleyfi:

- Útlendingar sem falla undir samning um Evrópska efnahagssvæðið, fríverslunarsamning Evrópu og samning Íslands, Danmerkur og Færeyja
- Útlendingar með ótímabundið dvalarleyfi
- Erlendir makar og sambúðarmakar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að átján ára aldri
- Útlendingur sem hefur fengið dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar
- Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja

Þessum útlendingum er því heimilt að starfa hjá hvaða atvinnurekanda sem er án þess að þurfa að fá útgefið atvinnuleyfi og starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur kjósi þeir það.

Mikilvægt er að starfsmenn stéttarfélaga og eftirlitsfulltrúar séu meðvitaðir um hvaða lönd eru undanþegin atvinnuleyfi en þau eru:

Austurríki	Noregur
Bretland	Pólland
Danmörk	Portúgal
Finnland	Rúmenía
Færeyjar	Slóvakía
Holland	Slóvenía
Ítalía	Spánn
Kýpur	Sviss
Liechtenstein	Svíþjóð
Lúxemborg	Tékkland
Malta	Ungverjaland
	Þýskaland

Þrátt fyrir að ASÍ, stéttarfélög og fjölmiðlar hafi flett ofan af mörgum málum virðast of margir atvinnurekendur, íslenskir sem erlendir, stunda skipulagðan launþjófnað, undanskot og glæpastarfsemi. Aðferðir eru þróaðri og brotastarfsemin er ósvífnari en áður og í sumum tilfellum er um skipulagða glæpastarfsemi að ræða.

Sem dæmi má nefna að ráðningarsamningar, launaseðlar og tímaskrift virðist í lagi við skoðun en síðar kemur í ljós að pappírar eiga ekki við rök að styðjast.

Þá má einnig nefna að aðbúnaði starfsfólks er oft mjög áfátt eða óviðunandi.

Í mörgum tilfellum getur starfsfólk ekki gert sig skiljanlegt því það talar hvorki né skilur annað tungumál en sitt eigið, sem getur verið rúmenska, pólska, albanska, rússneska eða annað.

Við þetta bætist síðan hópur ungs fólks sem er að koma hingað til lands í ævintýraleit og til að kynna landi og þjóð. Þjóða sig fram eða er boðið að starfa sem sjálfbóðaliðar upp á fæði og húsnæði en er síðan látið vinna störf sem á að launa í samræmi við kjarasamninga og lög.

ASÍ hefur jafnframt bent á að erlent starfsfólk hefur ekki sömu tengsl og þekkingu og þeir sem alast upp hérlendis. Það er því mikilvægt að stéttarfélögin séu meðvituð um hvar erlent fólk er að störfum. Þau þurfa að vinna að tengslamyndun við starfsfólkið. Stéttarfélögin hafa heimild til þess að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði til þess að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga.

Hlutverk eftirlitsferða stéttarfélaganna er að stórum hluta að veita upplýsingar og byggja upp traust. Vinnustaðaheimsóknir og eftirlit eftirlitsfulltrúa stéttarféлага er mikilvægur hlekkur til að koma á framfæri fræðslu og upplýsingum um að stéttarfélög veita þeim aðstoð ef á þarf að halda. Þetta má gera með heimsóknum, viðtölum og útteilingu bæklinga er varða réttindi þeirra. Þar gefst einnig tækifæri til að benda á ýmis önnur réttindi t.d. að starfsfólk nýti sér íslenskunám o.fl.

Oft er útlendingunum kerfisbundið haldið frá samfélaginu og upplýsingum varðandi þau kjör og réttindi sem hér gilda, þeim er hótáð atvinnumissi og jafnvel einhverju ennþá verra ef þeir reyna að leita réttar síns. Í byggingariðnaði er vinnuhópum jafnvel skipt út á 2-3 vikna fresti meðan á verkefni stendur. Þessir starfsmenn stoppa því stutt við í hvert sinn, eru keyrðir til og frá vinnu og munu aldrei fá tækifæri til að nýta t.d. rétt til íslenskunáms.

Af þeim málum sem ASÍ og stéttarfélögin hafa fengið inn á borð til sín kemur berlega í ljós að nútímaprælahald, vinnumansal eða mansal er stað-

reynd á Íslandi. Því miður hefur gengið illa að koma þeim málum í farveg m.a. vegna skorts á úrræðum og verkreglum af hendi stjórnýslunnar.

Ljóst er að mikilvæg forsenda árangurs í baráttunni gegn brotastarfsemi gagnvart útlendingum er samstarf og samvinna við aðra aðila sem skyldum hafa að gegna varðandi upplýsingamiðlun, eftirlit og eftirfylgni, t.d. Vinnu-málastofnun, Vinnueftirlitið, Ríkisskattstjóra og lögregluna, Samtök atvinnu-rekenda, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl., stéttarfélaganna og samfélagsins alls.

Þess ber að geta að eftirlitsfulltrúar ASÍ eru oft fyrstu aðilar að brotastarfsemi á vinnumarkaði og þeim ber að tilkynna möguleg brot til viðeigandi stofnana. Vinnustaðaheimsóknir og eftirlit ASÍ og aðildarfélaganna veitir því mikið aðhald og aukin virkni eftirlits vekur athygli samfélagsins og stjórn-sýslustofnana á viðkvæmum og erfiðum málaflokki.

Því ber að efla vinnustaðaeftirlit ASÍ og aðildarfélaganna og styðja við eftirlitsfulltrúa á vettvangi.

Í verkefnastýringu „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ felst m.a. að halda utan um og leiða stefnumótun og þróun á skipulagi og framkvæmd vinnustaðaeftirlitsins af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og vera í ábyrgð fyrir daglegu samstarfi við samstarfsaðila utan verkalýðshreyfingarinnar. Verkefnastjóri er í raun samþættingarstjóri vinnustaðaeftirlits ASÍ og aðildarfélaganna, hvort sem er inn á við eða út á við. Verkefnið er í sífelliðu endurmati, til að hægt sé að efla það og þróa áfram.

Helstu áherslur með verkefninu hefur einkum verið á eftirtalda þætti:

- Upplýsa fyrirtæki um skyldur þeirra og ábyrgð: Bæði íslensk notenda-fyrirtæki og erlend þjónustufyrirtæki.
- Upplýsa erlent launafólk um réttindi þess og skyldur og íslenskan vinnumarkað.
- Upplýsa Íslendinga um afleiðingar brotastarfseminnar.
- Efling vinnustaðaheimsókna stéttarfélaganna og eftirlit á vinnustöðum í samstarfi við aðila sem málið varðar. Markmiðið er að miðla upp-lýsingum, kanna aðstæður og fylgja málum eftir og koma á framfæri upplýsingum um brot á starfsmönnum.

Á síðasta starfsári hefur verið unnið að því að efla enn frekar eftirlitsfull-trúa og verkefnið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“

Það sem m.a. hefur verið gert:

- Bæklingar hafa verið endurskoðaðir og uppfærðir ásamt þýðingum á ensku og pólsku

- Efni á [www.ekkersvindl.is](http://www.ekkersvindl.is) endurskoðað, uppfært og þýtt á ensku, pólsku og rússnesku.
- Unnið er að samstarfi við fyrirtæki um framsetningu á upplýsingaefni sem fyrsta snering útlendinga sem koma til starfa á Íslandi.
- FINNUR, gagnagrunnur vinnustaðaheimsóknna, hefur verið uppfærður og gerður skilvirkari til eftirfylgni mála, bæði fyrir eftirlitsfulltrúa sem og samstarfsaðila í vinnustaðaeftirliti.
- Gagnagrunnur fyrir eftirlitsfulltrúa sem er að finna á innri vef ASÍ undir heitinu „Vinnustaðaeftirlit“ er uppfærður eftir þörfum.
- Starfs- og verklýsingar eftirlitsfulltrúa hafa verið endurskoðaðar og uppfærðar og verða nýttar til að samræma vinnubrögð eftirlitsfulltrúa.
- Álega eru haldnir a.m.k. tveir vinnufundir með eftirlitsfulltrúum þar sem farið hefur verið yfir málefni og skapaður grundvöllur fyrir umræður og samskipti eftirlitsfulltrúa.
- Í tengslum við vinnufundina hefur verið boðið upp á námskeið af ýmsum toga fyrir formenn og eftirlitsfulltrúa til að efla og styrkja þá í starfi.
- Verkefnastjóri ASÍ fyrir EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ hefur farið með eftirlitsfulltrúum í eftirlitsferðir, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni.
- Á vefnum [www.ekkersvindl.is](http://www.ekkersvindl.is) voru góð ráð uppfærð, þýdd á pólsku og rússnesku og sett inn á vefinn. Jafnframt voru myndbönd textuð á ensku og pólsku. Ábendingahnappur er töluvert notaður til að koma á framfæri ábendingum og fyrirspurnum til ASÍ.
- Vefnum [www.volunteering.is](http://www.volunteering.is) var hleypt af stokkunum í byrjun árs 2018, er honum ætlað að benda á að sjálfboðaliðastörf í efnahagslegri starfsemi séu ólögleg á Íslandi.
- Nokkur stéttarfélag réðu eftirlitsfulltrúa ýmist í fullt eða hlutastarf til að sinna vinnustaðaeftirlitinu.
- Starfandi og virkir eftirlitsfulltrúar aðildarfélaga ASÍ á vettvangi eru 20 víðs vegar um landið.
- Nokkur stéttarfélag hafa komið sameiginlega að eftirliti og hefur það styrkt vinnustaðaeftirlitið að vinna þvert á svæði og atvinnugreinar.
- Samræður og samvinna hefur átt sér stað við aðra aðila sem koma að eftirlitinu, RSK, VMST, VER, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og fleiri en mikilvægt er að festa einhvers konar samkomulag um samstarf.
- Unnið er að uppbyggingu tengslanets heima og erlendis.

Aukin samvinna, samþætting og stuðningur við eftirlitsfulltrúa hefur eftt

vinnustaðaeftirlitið. En þrátt fyrir að eftirlit sé í nokkuð föstum farvegi er ljóst að enn er þörf á öflugum og markvissum aðgerðum gegn brotastarfseminni.

Viðfangsefnið er:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.
- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Leggja verður áherslu á einföld og skýr skilaboð; það tapa allir á undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi nema svindlaramir. Markmiðið er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfseminni með virkum hætti.

Reynslan sýnir að veikasti hlekkurinn er eftirfylgni og að brotastarfsemin sé stöðvuð ef ekki vill betur.

## **Tillögur um aðgerðir gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði**

Hinn 31. janúar 2019 skilaði samstarfshópur félags- og barnamálaráðherra, skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, tillögum og greinargerð um aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Tillögurnar eru í fullu samræmi við áherslur Alþýðusambandsins. Einhugur er um að stöðva verði kennitölufلاك með öllum tiltækum ráðum. Bent er á að taka þurfi á vinnumannsali og nauðungarvinnu af festu og fórnarlömbum tryggður fullnægjandi stuðningur og vernd. Þá er lagt til að keðjuábyrgð verði skylda í opinberum innkaupum. Fjölmargar tillögur aðrar eru settar fram sem hafa að markmiði að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á

vinnumarkaði, með bættri löggjöf og öflugri eftirfylgni. Áralöng barátta ASÍ gegn athæfi svindlaranna er að skila árangri. Félagsleg undirboð og brotastarfsemi eru óásættanleg meinsemd á íslenskum vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands hefur um árabil barist hart gegn slíkri brotastarfsemi og birt margar átakanlegar sögur og afleiðingar glæpanna á launafólki. Á sama tíma hefur ASÍ gagnrýnt andvaraleysi og ótrúlegt langlundargeð stjórnvalda gagnvart brotastarfsemi á vinnumarkaði og afleiðingum hennar. Þessi háttsemi hefur alvarleg og víðtæk áhrif fyrir launafólk og atvinnulífið og veldur miklu samfélagslegu tjóni:

- Alvarlegustu afleiðingarnar eru launaþjófnaður. Sú staðreynd að launafólk nýtur ekki kjara og réttinda sem því ber og starfar oft við óásættanlegar aðstæður.
- Fyrirtæki sem fara að lögum, virða kjarasamninga og réttindi starfsmanna sinna búa við skekka samkeppnisstöðu.
- Sameiginlegir sjóðir landsmanna verða af tekjum sem skipta tugum milljarða á hverju ári. Tekjum sem nýta mætti til að treysta stöðir velferðarsamfélagsins og bæta kjör almennings.

Alþýðusamband Íslands fagnaði í þessu ljósi sérstaklega niðurstöðu starfs-  
hóps aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem full sátt var um. Í þeirri vinnu  
hlutu tillögur ASÍ um úrbætur mikinn hljómgrunn. Áralöng barátta ASÍ gegn  
athæfi svindlaranna virðist því vera að skila árangri. Lagt er til að löggjöf og  
regluramminn verði treystur til mikilla muna og bætt úr núverandi göllum. Þá  
er lagt til að samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins verði formbund-  
ið til framtíðar um sameiginlega stefnumótun og áherslur í baráttunni gegn  
félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Jafnframt að því  
verði fylgt eftir í framkvæmd með samstarfi um upplýsingagjöf og formlegu  
samstarfi um eftirlit og eftirfylgni.

Starfshópurinn gerir tillögur í tíu liðum (sjá nánar hér á eftir þegar fjallað  
er um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna).

Eftir stóðu tillögur Alþýðusambands Íslands um að starfsmönnum sem  
verða fyrir launaþjófnaði sé bættur skaðinn með hlutlægre bótareglu. Jafnframt  
verði skoðað að slík mál fái sérstakan forgang í réttarkerfinu.

Alþýðusamband Íslands gerði strax og tillögurnar komu fram kröfur til  
þess að tillögunum yrði fylgt fast eftir. Bent var á að mörgum þeirra mætti  
þegar hrinda í framkvæmd á meðan aðrar kalla á frekari vinnu og útfærslur.  
Til að svo mætti verða þarf pólitískan vilja og skuldbindingu stjórnvalda og  
Alþingis.

Alþýðusamband Íslands lagði í tengslum við gerð kjarasamninganna sl.  
vor ríka áherslu á að allt yrði gert til að sporna gegn félagslegum undirboðum  
og brotastarfsemi á vinnumarkaði.

## **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna og eftirfylgni**

Í kafla um félagsleg undirboð eru 11 tölusettar tillögur (21–31) um aðgerðir  
gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þar er að  
finna tillögurnar 10 frá samstarfsnefnd félags- og barnamálaráðherra, auk

tillögu ASÍ um refsingar/févíti vegna launaþjófnaðar. Hér á eftir er gerð grein fyrir tillögunum 11 og eftirfylgni með þeim:

21. Tekið verði á kennitölufлакki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tiltekna aðstæður (atvinnurekstrarbann) og auk þess er skerpt á fjölmörgum öðrum atriðum.

Fjallað er um eftirfylgni vegna baráttunnar gegn kennitölufлакki sérstaklega hér á eftir.

22. Heimildir til refsinga verði auknar, í samræði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.

Verkefnið er hluti af viðfangsefnum nefndar aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem ætlað er að fylgja eftir þeim verkefnum sem heyra undir félagsmálaráðherra.

23. Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

24. Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (lögreglan, ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundið verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaða-eftirlit.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

25. Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsíábyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

26. Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

27. Sett verði skylda til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.

Frumvarp var lagt fyrir Alþingi í desember 2018 um „heimild“ til keðjuábyrgðar. Lög voru samþykkt 6. maí 2019 um keðjuábyrgð sem skyldu og kemur hún til framkvæmda 1. janúar 2020. Þá er á vegum fjármálaráðuneytisins unnið að leiðbeiningum fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir og sveitarfélögin um framkvæmdina. ASÍ tekur þátt í þeirri vinnu.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

28. Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkj-



um starfsnáms eða sjálfbodaliðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

29. Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn sameiginlegs vettvangs. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kann að verða til.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

30. Tryggð verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumannsals og nauðungarvinnu. Aðgerðaáætlun gegn mansali liggi fyrir og henni verði framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsíákvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

31. Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.

Sjá athugasemd við tölulið 22.

## **Aðgerðir gegn kennitölflakki**

Í júní 2017 kynntu ASÍ og SA sameiginlegar tillögur með það að markmiði að stöðva kennitölflakk (hjálagt fylgir texti sem ráðherrunum var afhentur til nánari skýringar). Tillögurnar byggja í grunninn á sömu nálgun og er að finna í löggjöf annarra Norðurlanda, einkum Danmerkur og Noregs. Tillögurnar eru í sjö liðum og ganga m.a. út á heimild til þess að svipta þá einstaklinga, sem teljast vanhæfir á grundvelli óverjandi viðskiptahátta eða rökstudds gruns um refsiverðan verknáð í tengslum við atvinnurekstur, tímabundið heimild sinni til þess að taka þátt í stjórnun félags með takmarkaðri ábyrgð (hf./ehf.) enda standi ríkir almannahagsmunir fyrir réttindasviptingunni – „atvinnurekstrarbann“. Sama gildir um skuggastjórnendur.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er boðuð löggjöf um kennitölflakk. Fulltrúar ASÍ og SA hafa átt viðræður við fulltrúa atvinnuvegaráðuneytisins sem fara með málið um efni og útfærslu löggjafarinnar. Málið hefur sóst mjög hægt af hálfu ráðuneytisins, auk þess sem Alþýðusambandið hefur haft miklar efasemdir um þá vinnu sem þar er í gangi og byggir á samþykkt ríkisstjórnarfundar frá febrúar sl. Hinn 12. október 2019 var fulltrúum ASÍ og SA kynnt drög að frumvarpi sem unnið hafði verið af atvinnuvegaráðuneytinu í samstarfi við dómsmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Í umsögn ASÍ og SA um frumvarpsdrögin segir m.a.:

„Ef það er raunverulegur vilji til að taka á kennitöluflakki og annarri misnotkun á hlutafélagiforminu þarf að fara aðra leið en lögð er til í frumvarpsdrögum.“

Á fundi með fulltrúum framangreindra ráðuneyta 12. desember 2018 var fulltrúum ASÍ og SA kynnt ný frumvarpsdrög. Í grunninn byggðu þau á fyrri drögum þótt lítils háttar úrbætur hafi verið gerðar m.a. með því að ávarpa alla sjö liðina í tillögum ASÍ og SA sem ekki var gert í fyrri drögum. Það er því ljóst að sú tillaga sem nú liggur fyrir af hálfu atvinnuvegaráðuneytisins er með öllu ófullnægjandi (sjá meðfylgjandi álit fulltrúa ASÍ og SA). Af hálfu ASÍ og SA var drögum strax hafnað sem með öllu óásættanlegum.

Fulltrúi ASÍ tók málið upp í samstarfshópi félagsmálaráðherra um undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði í lok árs 2018 til að knýja á um farsæla niðurstöðu varðandi kennitöluflakkið og það sem fyrst. Í þeim hópi var fullkominn einhugur um að kennitöluflakk og þeir „óverjandi viðskiptahættir“ sem tillögur ASÍ og SA beinast gegn séu eitt stærsta vandamálið sem takast þurfi á við og uppræta þegar kemur að brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Í apríl var málið til umfjöllunar í atvinnuvegaráðuneytinu með fulltrúum ASÍ og SA. Á fundinum voru kynnt drög að frumvarpi til laga um breytingar á hegningarlögum, hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum (auk laga um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri). Jafnframt kom fram að þetta frumvarp væri hluti af stærri pakka og að stefnt væri að því að leggja fram viðamikið frumvarp um breytingar á gjaldþrotalögum á haustþingi, en að vinnan við það væri skemmra á veg komin.

Frumvarpið um breytingar á hegningarlögum, hlutafélagalögum, einkahlutafélagalögum og sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnurekstur, sem varð að lögum vorið 2019, er hvorki mikið að vöxtum né efni. Breytingarnar á hegningarlögum varða 262. gr. um viðurlög við brotum á skattalögum o.fl. og eru meginefni frumvarpsins. Helsta breytingin fellst í að með dómi í sakamáli á hendur aðila sem brotið hefur gegn efni greinarinnar má jafnframt banna honum að stofna félag með takmarkaða ábyrgð, að sitja í stjórn, starfa sem framkvæmdastjóri eða koma með öðrum hætti að stjórnun eða fara með meirihluta atkvæðaréttar í slíku félagi allt að þremur árum (atvinnurekstrarbann). Þá eru gerðar ríkari kröfur til stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga og hæfis þeirra.

Á fundinum kom fram að unnið væri að breytingum á gjaldþrotalögum sem mættu frekar sjónarmiðum og áherslum Alþýðusambandsins og voru kynnt helstu markmið og áherslur sem unnið væri eftir.

Á fundi með atvinnuvega-, fjármála- og dómsmálaráðuneytinu 21. ágúst sl. kom eftirfarandi fram/var ákveðið: Dómsmálaráðuneytið: (1) Upp úr miðjum september verða ASÍ og SA kynnt drög að frumvarpi um br. á gjaldþrotaskiptalögum (o.fl.). (2) Verið er að skoða frekar hæfnikröfur til skiptastjóra (3) Verið að útfæra upplýsingagjöf dómstóla til ríkisskattstjóra. Fjármálaráðuneytið: (1) Unnið að tillögum varðandi samlestur launagreiðenda og greiðslum til lífeyrissjóða. (2) Unnið að heildarstefnu varðandi framgöngu innheimtumanna ríkissjóðs. (3) Unnið að útfærslu varðandi það að skortur á skilum lífeyrisiðgjalda verði refsiverður. Atvinnuvegaráðuneytið: (1) Hafin er vinna við upplýsingamiðlun og áróður gegn kennitölulakki. (2) Verið að útfæra leiðir varðandi heimild til riftunar „dauðra“ hlutafélaga og einkahlutafélaga.

## **Skýrsla hagdeildar – Íslenskur vinnumarkaður**

Í ágúst gaf hagdeild ASÍ út árlega vinnumarkaðsskýrslu. Í skýrslunni var sjónum beint að erlendu launafólki og brotastarfsemi á vinnumarkaði en undanfarin misseri hefur umræða um brotastarfsemi á vinnumarkaði, launabjórnað og brot á réttindum launafólks farið vaxandi.

Þessi umræða hefur að einhverju leyti haldist í hendur við uppgang í efnahagslífinu, hraðan vöxt í ferðabjónustu og byggingariðnaði og aukinn fjöldi erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Án aðkomu erlends launafólks hefði íslensku atvinnulífi reynst ómögulegt að manna aukin umsvif á undanfórnum árum. Erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgð að mikið síðustu ár og eru nú um fimmtungur allra starfandi.

Margt bendir til þess að samhliða þessari þróun hafi jaðarsetning og brotastarfsemi aukist á íslenskum vinnumarkaði. Þetta birtist meðal annars í því að stéttarfélög fá á borð til sín fleiri og alvarlegri mál en áður tengd launabjórnaði og kjarasamningsbrotum. Brotin virðast einkum beinast gegn hópum sem síður þekkja réttindi sín og eru í erfiðari stöðu til að sækja rétt sinn, þ.e. erlendu launafólki, ungu fólki, tekjulágum og einstaklingum í hlutastörfum, óreglulegri vinnu eða lausbeisluðu ráðningarsambandi við atvinnurekanda. Við slíkum brotum eru í dag engin viðurlög.

Greiningin byggir á skoðun á gögnum úr þrem ólíkum áttum. Skoðaðar voru launakröfur fjögurra af stærri aðildarfélögum Alþýðusambandsins og þær greindar m.t.t. bakgrunns félagsmanna og launagreiðenda. Í öðru lagi voru skoðaðar niðurstöður spurningakönnunar Gallup um brot á kjarasamningsbundnum réttindum einstaklinga á aldrinum 18–35 ára hér á landi. Í þriðja lagi er sama spurningakönnun gerð hjá úrtaki erlendra félagsmanna innan aðildarfélaga ASÍ. Niðurstöðurnar benda til þess að íslenskur vinnumarkaður sé tvískiptur þegar horft er til brotastarfseminnar. Annars vegar er það veruleikinn

sem meirihluti launafólks býr við þar sem kjarasamningsbrot eru fátíð eða nær óþekkt. Hins vegar er það veruleikinn sem mætir erlendu launafólki, ungu fólki og hinum tekjulægstu þar sem vísbendingar eru um að launaþjófnaður og brot á kjarasamningsbundnum réttindum séu alltof algeng.

Meginniðurstöður

- Launakröfur vegna launaþjófnaðar og kjarasamningsbrota hlaupa á hundruðum milljóna króna ár hvert meðal aðildarfélaga Alþýðusambandsins.
- Fjögur aðildarfélaga ASÍ gerðu 768 launakröfur á síðasta ári upp á samtals 450 milljónir króna og nam miðgildi kröfuupphæðar 262.534 krónum.
- Meira en helmingur allra krafna stéttarfélaganna eru gerðar fyrir hönd félagsmanna af erlendum uppruna. Um 19% launafólks á íslenskum vinnumarkaði er af erlendum uppruna og um 25% af félagsmönnum umræddra stéttarfélaganna.
- Um helmingur allra krafna kemur úr hótél-, veitinga- og ferðaþjónustu en hæstu launakröfurnar eru gerðar á fyrirtæki í mannvirkjagerð.
- Niðurstöður spurningakönnunar Gallup eru í takt við launakröfur stéttarfélaganna og benda til þess að íslenskur vinnumarkaður sé tvískiptur þar sem brotastarfsemi beinist fremur gegn erlendu launafólki og yngra launafólki, með lægri tekjur og í óreglulegu ráðningarsambandi og hlutastörfum.
- Hjá meirihluta launafólks, einkum hjá þeim sem hafa lengri starfsaldur og hærri tekjur, er brotastarfsemi nærri óþekkt.
- Aðrir hópar, ungt fólk, tekjulágir og erlent launafólk verða fyrir launaþjófnaði sem hleypur á hundruðum milljóna ár hvert.
- Launaþjófnaður gagnvart þessum hópum er misjafn og misalvarlegur. Skoðun á launakröfum og spurningakönnun bendir til þess að brot geti m.a. falist í vangreiðslum á launum, álagsgreiðslum og ýmsum réttindabrotum.

## **Skýrsla félagsmáladeildar - Hvað mætir útlendingum á íslenskum vinnumarkaði?**

Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Efnahagslegur uppgangur hefur leitt til verulegrar fjölgunar starfa og þá sérstaklega í vinnuaflsfrekum atvinnugreinum á borð við ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Svigrúm fyrir innlent vinnuafli til að bregðast við aukinni vinnuafliþörf hradvaxta og vinnuaflsfrekra geira er takmarkað og ljóst að án aðkomu erlends launafólks hefði íslensku atvinnulífi reynt ómögulegt að manna aukin umsvif á undanförunum árum. Erlendum ríkisborgurum á íslensk-

um vinnumarkaði hefur fjölgað mikið síðustu ár, eru þeir nú um fimmtungur allra starfandi og hefur fjöldi þeirra ríflega tvöfaldast á einungis áratug.

Í raun hafa aðstæður erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði verið lítið rannsakaðar þar til á síðustu árum. Íslenskar rannsóknir sýna þó að erlent starfsfólk er að jafnaði með lægri laun en innlendir en munurinn er breytilegur eftir heimalandi og hve lengi einstaklingurinn hefur búið hérlendis. Þar að auki er erfitt fyrir erlent starfsfólk að fá menntun og starfsreynslu sína metna og fá þannig lægri laun en Íslendingar með sömu menntun. Samhengi er á milli þess hve lengi fólk hefur starfað á Íslandi og hve mikil tengsl það hefur við land og þjóð sem gerir það líklega auðveldara að brjóta á þeim sem eru nýliðar á íslenskum vinnumarkaði.

Skýringar sem nefndar hafa verið í almennri umræðu á því að frekar sé brotið á erlendu vinnuafli eru til dæmis tungumálaörðugleikar, rentusókn atvinnurekenda og almenn vanþekking á réttindum starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Þá hafa sumir haldið því fram að lítið gæti verið á erlent verkafólk sem annars flokks íbúa og því þurfi ekki að uppfylla kjarasamningsbundin ákvæði og réttindi gagnvart þeim. Að auki hefur launamunur milli upprunlands starfsmanna og Íslands verið notaður til réttlætningar á því að ekki sé borin virðing fyrir réttindum erlends starfsfólks.

Alla þessa þætti er nauðsynlegt að skoða betur. Komast þarf til botns í því hvort þær fullyrðingar eigi sér stöð í raunveruleikanum og þá að hve miklu leyti þessir þættir hafa áhrif á upplifun og reynslu erlendra starfsmanna af íslenskum vinnumarkaði.

Markmið með skýrslu félagsmáladeildar ASÍ, Hvað mætir útlendingum á íslenskum vinnumarkaði? Launaþjófnaður og fautaskapur, er að styðja við niðurstöður vinnumarkaðskönnunar ASÍ og veita betri innsýn í þau brot sem erlent vinnuafli verður fyrir á íslenskum vinnumarkaði. Markmið hennar er ekki að sýna fram á að um misrétti sé að ræða heldur að varpa ljósi á aðstæður og veita innsýn í eðli þeirra brota sem erlent vinnuafli verður fyrir hér á landi.

Reynslusögur viðmælenda rímuðu vel við niðurstöður skýrslu hagdeildar ASÍ. Algengustu brotin voru svipuð og þau sem þar koma fram en þó bættist við ný viðd: hlutur atvinnurekenda í upplifun erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði. Einnig komu fram áhugaverðar upplýsingar um reynslu erlends starfsfólks af samskiptum við stéttarfélög.

Þrátt fyrir að leitast hafi verið eftir því að ræða við viðmælendur í fjölbreyttum störfum og stöðum voru allir viðmælendur enskumælandi, margir með háskólamenntun og flestir þekktu fólk utan vinnustaðarins sem gat veitt þeim upplýsingar um réttindi þeirra. Það má því gera ráð fyrir að þeir sem eru í viðkvæmstu stöðunni séu enn falinn hópur.

Auðveldara er að brjóta á þeim sem þekkja ekki réttindi sín og alltaf

virðist vera til fólks sem er tilbúið að misnota starfsfólk í veikri stöðu. Ýmsir atvinnurekendur virðast eingöngu líta á starfsfólk sitt sem aðföng en ekki manneskjur. Það birtist helst í því að frítími þeirra er ekki virtur, þau fá ekki kjarasamningsbundin laun og eru fyrst að fjúka þegar rekstur gengur illa. Þá er þeim sagt upp fyrirvaralaust og ástæðurnar oft einfaldlega að starfsfólkið hafi leitað réttar síns.

Þrátt fyrir að hafa skoðað efni frá stéttarfélaginu finnst fólki samt erfitt að átta sig á réttindum sínum, sérstaklega þegar kemur að launum. Án ráðningarsamninga og launaseðla er erfitt að gera sér grein fyrir því hvort greitt sé fyrir alla tíma og hvort álag sé greitt. Við það bætist að fólki finnst erfitt að gera sér grein fyrir hvað það eigi að fá í laun m.t.t. ábyrgðar.

Vannýtt menntun innflytjenda miðað við þau störf sem þeir sinna er þekkt vandamál, þ.e. að þeir fá ekki vinnu tengda menntun sinni. Einn viðmælandi talaði um að hann fengi ekki vinnu sem samræmdest menntun hans sökum skorts á íslenskukunnáttu. Þó að það sé ekki eiginlegt brot þá er mikilvægt fyrir stjórnvöld að beita sér gegn því að innflytjendum sé haldið frá störfum.

Ljóst er að fyrir þá sem hyggjast setjast hér að til lengri tíma getur íslenskukunnátta skipt sköpum, bæði varðandi vinnu og aðra félagslega þætti þar sem tungumálaörðugleikar eru oft hindrun. Allir viðmælendur voru meðvitaðir um að stéttarfélögin byðu upp á niðurgreiðslu á íslenskunámskeiðum. Þó eru margir sem eiga erfitt með að sækja íslenskukennslu, t.d. vegna þess að vinnustaðurinn er á afskekktum stað. Tveir viðmælendur nýttu tímann sem þau voru á atvinnuleysisbótum til þess að læra íslensku í von um að það myndi auðvelda aðgengi þeirra að vinnu.

Brot á vinnumarkaði hafa áhrif á fleiri en þá sem verða fyrir brotinu, t.d. brot eins og launaþjófnaður. Samkeppni í viðkomandi atvinnugrein verður bjögud þar sem rekstrarskilyrði eru erfiðari fyrir þá sem fylgja lögum. Það dregur því úr samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem fara að lögum. Launakröfur meðal aðildarféлага Alþýðusambandsins hlaupa á hundruðum milljóna ár hvert og þar sem ljóst er að stór hluti brota berst aldrei á borð stéttarfélaganna má gera ráð fyrir að upphæðin sé hærri. Þá verður ríkissjóður af miklum skatttekjum sem hefur áhrif á alla landsmenn.

## **Samkomulag ASÍ og SA um starfsmannaleigur**

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undirrituðu 12. apríl 2018 samkomulag um eftirlit með launum og starfskjörum starfsmanna starfsmannaleiga, ábyrgð notendafyrirtækja og sérstaka viðurkenningu starfsmannaleiga.

Markmiðið er að tryggja sé að starfsmenn starfsmannaleiga njóti þeirra kjara og réttinda sem þeim ber.

Til að tryggja betur framangreind markmið og réttindi starfsmanna starfsmannaleiga eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi aðgerðir:

- a) Starfsmannaleigum gefist kostur á að undirgangast sérstakt launaeftirlit af hálfu stéttarfélaga og samráðsnefndar ASÍ og SA. Það felur í sér að þær leggi fram gögn svo að hægt sé að sannreyna að þær uppfylli skilyrði laga og kjarasamninga varðandi laun og önnur starfskjör starfsmanna sinna.
- b) Samráðsnefnd ASÍ og SA veiti þeim starfsmannaleigum viðurkönnuningu sem undirgengist hafa sérstakt launaeftirlit og uppfylla skilyrði samkomulagsins að öðru leyti.
- c) Lögfest verði ábyrgð notendafyrirtækja á vangoldnum launum starfsmanna starfsmannaleiga sbr. frumvarp félags- og jafnréttisráðherra sem getið er um hér að framan.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa axlað sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu vinnumarkaðarins og réttindum og skyldum sem þar gilda. Samtökin líta á það sem sameiginlegt verkefni samtakanna að treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem gætt er að umsömdum réttindum launafólks.

ASÍ og SA hafa látið sig málefni starfsmannaleiga varða. Kemur þá tvennt til, annars vegar að starfsmenn þeirra eru nærri undantekningarlaust erlendir og því ríkari þörf fyrir eftirliti með kjörum þeirra og hins vegar að starfsemi starfsmannaleiga felur í sér frávík frá meginreglu íslensks vinnumarkaðar um að starfsmenn séu ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda.

Markmið samkomulagsins er m.a. að tryggja réttindi starfsmanna starfsmannaleiga. Samningsaðilar leggja áherslu á að notendafyrirtæki, þ.e. þau fyrirtæki sem eru með starfsmenn starfsmannaleiga í þjónustu sinni, sýni ábyrgð, taki ekki þátt í brotum gegn starfsmönnum starfsmannaleiga og skipti einungis við starfsmannaleigur sem þau bera traust til.

Eftir samráð fulltrúa ASÍ og aðildarsamtakanna og Samtaka atvinnulífsins á fyrri hluta árs 2019 um útfærslu og framkvæmd samkomulagsins um starfsmannaleigur var málið til umfjöllunar á tveimur fundum miðstjórnar ASÍ. Á seinni fundi miðstjórnar var gerð grein fyrir málinu og fjallað um forsendurnar af hálfu ASÍ, aðdragandann alveg frá síðustu aldamótum, efni og inntak samkomulagsins, stöðuna í dag og framhaldið. Niðurstaða fundarins var að taka ekki afstöðu til fyrirbyggjandi tillagna um framkvæmd samkomulagsins. Hins vegar ætti fulltrúi Alþýðusambandsins í þeirri vinnu sem nú er að fara í gang um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði á grundvelli

yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að byggja sína vinnu í þeim efnum á þeim sjónarmiðum og ábendingum sem fram hefðu komið á fundinum. Jafnframt því að leita eftir frekari upplýsingum um vandamál og álitæfni sem aðildarsamtökin hafa staðið frammi fyrir. Þá verði málið unnið áfram í samráði við jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd ASÍ og til umfjöllunar í miðstjórn eftir því sem efni standa til.

## **Gjaldþrot WOW air**

Vafalaust fór gjaldþrot WOW air nú í mars sl. ekki framhjá neinum. Þó að meðferð þrotabúsins standi ennþá yfir dylst það engum að um er að ræða eitt af stærri gjaldþrotum Íslandssögunnar. Stóðu hlutaðeigandi aðildarfélög ASÍ í ströngu að bregðast við breyttum aðstæðum fjölmargra félagsmanna sinna. Strax í kjölfar þess að félagið hætti starfsemi var hafist handa við að tryggja hagsmuni félagsmanna eins vel og hægt var. Skrifstofa ASÍ var þar í stóru hlutverki að aðstoða aðildarfélög og tryggja góð samskipti við þær stofnanir sem við á, nánar tiltekið Vinnumálastofnun, Fæðingarorlofssjóð og Ábyrgðasjóð launa.

Gjaldþrotið kom vissulega misþungt á aðildarfélög ASÍ. Flestir félagsmenn voru í VR eða Flugfreyjufélagi Íslands en í hinu síðarnefnda var um að ræða 35% félagsmanna sem misstu vinnuna. Fljótlega eftir lokun fyrirtækisins kom í ljós að þrotabúið myndi ekki greiða út laun vegna marsmánaðar sem var að ljúka og því ljóst að starfsfólk myndi ekki fá neina innkomu um mánaðamótin í kjölfarið. Höfst því vinna við að finna lausnir á þeirri áskorun og gat VR í krafti stærðar sinnar hlaupið undir bagga og lánað félagsmönnum sínum fyrir marslaunum, enda ekki hægt að fá greiðslur úr atvinnutryggingasjóði með svo skömmum fyrirvara sem um ræddi. Flugfreyjufélagið gerði hið sama en ASÍ hljóp undir bagga með félaginu með því að tryggja að nægjanlegt fé væri til staðar fyrir Flugfreyjufélagið, enda eins og gefur að skilja varasjóðir félagsins ekki nægilega burðugir til að geta greitt út laun til svo stórs hluta félagsmanna.

Nýlega lauk fresti til að lýsa kröfum í þrotabúið og á næstu mánuðum mun m.a. taka við uppgjör á skuldbindingum gagnvart fyrrum starfsfólki fyrirtækisins. Ljóst er að enn er mikil vinna til staðar, t.a.m. að lýsa kröfum í Ábyrgðasjóð launa og leysa hin ýmsu ágreiningsmál sem vænta má að komi upp við uppgjörið. Skrifstofa ASÍ mun áfram starfa með aðildarfélögum að farsælli lausn mála.

## **Kjaradeila FFÍ og Primera Air**

Eftir að fyrri verkfallsboðun hafði veri dæmd ólögmet var deilunni að nýju vísað til ríkissáttasemjara og eftir árangurslausar viðræður var efnt til atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun og lauk henni 30.9 2018. Áður en verkfall skall



á þann 15.11 2018 var Primera Air lýst gjaldþrota og deilunni þar með lokið. Eftir situr mikil þekking og reynsla um hvernig hægt sé að bregðast við flugfélögum sem hér vilja starfa án þess að virða leikreglur íslensks vinnumarkaðar.

## **Kæra til ESA vegna hvíldartíma**

Í maí kvartaði ASÍ til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna ófullnægjandi innleiðingar íslenska ríkisins á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma sem innleidd var í íslensk lög í samræmi við XVIII viðauka EES-samningsins. Bæði er niðurstöðu en kærán byggði m.a. á eftirfarandi:

1. Lög nr. 46/1980 geyma engin ákvæði sem fella á atvinnurekendur skyldu til þess að hafa formlengt, virkt og aðgengilegt kerfi til eftirlits með vinnutíma starfsmanna sinna. Þannig er undir hælinn lagt hvort og þá hvernig vinnutímareglum er framfylgt eða brugðist við ef reglum laganna er ekki fylgt. Jafnframt geta hvorki stjórnvöld (vinnueftirlit) eða trúnaðarmenn fylgst með og tryggt starfsmönnum þau grundvallarréttindi sem í vinnutímareglunum felast. Núgildandi ákvæði laganna, 58.gr. er svohljóðandi: „Atvinnurekendum er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.“ Þetta ákvæði hefur ekki verið talið færa nokkra ábyrgð á atvinnurekendur til þess að ná þeim markmiðum sem að framan greinir.

2. Vegna skorts á skýrum reglum hafa dómstólar ítrekað hafnað kröfum launamanna um uppgjör frítökuréttar og vikulegra frídaga, á þeirri forsendu að þeir hafi ekki haldið kröfum sínum fram í tíma, þ.e. reglum um tómlæti er ítrekað beitt. Um uppgjör þessa uppsafnaða frítökuréttar er fjallað í kjarasamningum, sjá t.d. kafla 2.4.2 í kjarasamningi SGS (fskj.9). Slíkt tómlæti væri aldrei til staðar ef skyldur atvinnurekenda bæði til eftirlits og viðbragða væru skýrar en eins og fyrr segir skortir verulega þar á.

3. Af sömu ástæðum hafa dómstólar hafnað kröfum launamanna vegna þess að þeim hafi sjálfum borð að gæta að vinnutíma sínum. Þannig hefur atvinnurekandi verið sýknaður af þeirri ástæðu einni að hafa fært ábyrgð á stjórn vinnutíma og frítöku á starfsmann sinn. Jafnframt hafa dómstólar hert sérstaklega á kröfum hér að lútandi þegar í hlut eiga trúnaðarmenn stéttarfélaga.

4. Það er álit ASÍ að vegna ófullnægjandi lagasetningar taki dómstólar ekki tillit til þess að launamaður er veikari aðili ráðningarsambandsins og tekur

áhættu um starf sitt og/eða starfsframa kvarti hann vegna þess að reglum um vinnu- og hvíldartíma er ekki fylgt.

Um ófullnægjandi réttarframkvæmd var m.a. vísað til eftirfarandi dóma: Þann 27.3 2019 féll dómur í Hæstarétti þar sem krafa vegna frítökuréttar var talin hafa glatast vegna tómlætis. Hæstiréttur byggir á því að um hafi verið að ræða 13 mánaða tímabil þar sem 15 mánuðir liðu frá lokum þess og þar til kvartað var og að aldrei hafi verið kvartað fyrir en eftir starfslok. Á tímabilinu hafi ráðningarsamningur viðkomandi verið endurnýjaður án athugasemda og loks tekur Hæstiréttur fram að viðkomandi hafi verið trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustaðnum og vegna þeirrar þekkingar sem hann hafi átt að búa yfir hafi honum átt að vera ljóst löngu fyrir að frítökuréttur kunni að hafa verið rangt reiknaður af atvinnurekanda hans. Af þessum ástæðum sýknar Hæstiréttur líkt og hann gerði í sambærilegu máli, máli nr. 304/2010 frá 3.2 2011. Á vormánuðum 2019 féllu í Héraðsdómi Vesturlands tugir dóma þar sem kröfur vegna frítökuréttar á hvalvertíðum 2014 og 2015 voru taldar niður fallnar vegna tómlætis. Aðallega virðist vera byggt á því í þessum héraðsdómum, að Hvalur hf. hafi hafnað öllum kröfum allra viðkomandi starfsmanna haustið 2015 og ekki hafi verið brugðist við af hálfu starfsmannanna eða lögmanns þeirra fyrir en málin hafi verið höfðuð fyrir héraðsdómi í júlí 2017. Litið er svo á í þessum dómum að skylda til þess að rjúfa „tómlæti“ hvíli á hverjum og einum starfsmanni þegar vitað var í þessu tilviki að stéttarfélag starfsmannanna hafði kvartað vegna þeirra allra og rekið sérstakt prófmál vegna nákvæmlega sama ágreinings við atvinnurekandann og sem vannst með dómi Hæstaréttar nr. 594/2017 frá 14.6 2018.

Jafnframt var vakin athygli á dómi Landsréttar frá 3.5 2019. Í því máli var fjallað annars vegar um vangreidd laun og hins vegar frítökurétt. Landsréttur dæmdi launamanninum hin vangreiddu laun, þ.e. þau féllu ekki niður sökum tómlætis en sýknaði af kröfu hans vegna frítökuréttar, aðallega að því er virðist þar sem hann stjórnaði vinnutíma sínum sjálfur og hefði því átt að bregðast fyrir við. Því hafi verið um tómlæti að ræða. Þessi niðurstaða hafi verið í samræmi við eldri dóma, m.a. Hrd. 304/2010 og 370/1989 sem sýnir að réttarframkvæmd hér á landi breyttist ekki í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

## **Persónuvernd og ASÍ**

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún

tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhóli verkalyðshreyfingarinnar var breytingunum tekið fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélög vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagsaðild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kallaði á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarféлага yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila.

Halldór Oddsson, lögmaður hjá ASÍ, sinnir hlutverki hins lögformlega persónuverndarfulltrúa hjá meirihluta aðildarféлага ASÍ og er auk þess til ráðgjafar um hin ýmsu mál sem upp koma á þessu ört vaxandi réttarsviði.

## **Klukk**

Tímaskráningarappið Klukk var sett í loftið í febrúar 2016 og fékk strax mjög góðar viðtökur. Nú hafa vel á þriðja tug þúsunda sótt sér Klukk í Play store og Apple store.

Notkunin er nokkuð sveiflukennd eftir árstímum og hún sveiflast einnig með kynningarherferðum sem ASÍ stendur fyrir þrisvar á ári (vetur, vor, haust) og er nær eingöngu á netinu. Þegar mest lætur nota um 2.400 manns Klukk en notkunin getur líka farið niður í ca 1.000 manns og er þá miðað við þann fjölda sem notar Klukk eitthvað í hverjum mánuði. Í júní 2019 voru t.d. 2.200 að nota Klukk en fjöldinn var kominn niður í 1.800 í lok ágúst. Í appheimum telst það ásættanleg niðurstaða.

Í mars 2018 voru ensk og pólsk útgáfa af Klukk settar í loftið sem fengu strax góðar viðtökur. Kynningarherferð innan pólska samfélagsins á Íslandi og meðal annarra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði skilaði góðum árangri.

Í júní 2018 var sett í loftið ný og mun aðgengilegri tímaskýrsla í Klukk sem er mjög til bóta.

Stöðugt er verið að vinna í að betrumbæta og þróa Klukk, auk þess sem regluleg kynning, í fjölmiðlum, skólablöðum og í skólakynningum, halda vörumerkinu Klukk á lofti. Búast má með frekari endurbótum á árinu 2020.

## **Vinnuverndarmál**

Forstjóraskipti urðu hjá Vinnueftirlitinu á tímabilinu. Viðbúið er að því fylgi breytingar á starfsemi Vinnueftirlitsins. Það er verið að gera nokkrar breytingar á skipulagi starfseminnar. Fyrir okkur launafólk er mikilvægt að þessar breytingar hafi ekki áhrif á mikilvægustu starfsemi hennar, vinnustaðaeftirlit.

Með nýrri stefnumótun sem hefur verið til umræðu er gert ráð fyrir öflugu

vinnustaðaeftirliti og nýjar áherslur eru lagðar á þætti eins og eftirlit með stöðkerfis- og sálfélagslegum vandamálum. Þetta eru þættir sem þarf að taka á, aðallega hvað varðar forvarnir og þekkingu starfsmanna á þessum mjög svo alvarlegu þáttum.

Hlutverk ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar er og verður að fylgjast með stofnunum eins og Vinnueftirlitinu, að það sinni sínu lögboðna hlutverki og með því sé komið í veg fyrir vinnuslys og veikindi af völdum atvinnusjúkdóma. Mikilvægt er að efla starfsemi Vinnueftirlitsins t.d vegna mikils fjölda erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði.

Þá er mikilvægt að auka samstarf á milli Vinnueftirlitsins og Virk.

### **Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir**

Veturinn 2018–2019 urðu nokkrar umræður um breytingar á atvinnuleysistryggingalögum. Snerust umræðurnar hvort tveggja um ýmis tæknileg atriði og grundvöll laganna og hvata til virkra vinnumarkaðsaðgerða.

Gjaldþrot WOW air hafði mikil áhrif á fjölda atvinnulausra. Í lok febrúar 2019 var fjöldi atvinnulausra rúmlega 6.100 en tæplega 7.000 í lok mars. Fyrir 28. Mars, þegar WOW air hætti störfum, hafði atvinnuleysi farið vaxandi nokkuð stöðugt sl. ár. Þannig voru 4.650 atvinnulausir í lok febrúar 2018 en hafði fjölgað um 1.500 í febrúar 2019. Frá 28. mars til 8. apríl sóttu 740 fyrrum starfsmenn WOW um atvinnuleysisbætur, 610 af höfuðborgarsvæðinu og 108 á Suðurnesjum.

Nokkuð var fjallað um þann hóp í fjölmiðlum sem var í námi samhliða starfi sem ekki gátu fengið námslán sökum tekna og ekki atvinnuleysisbætur vegna námsins. Vinnumálastofnun hringdi í alla þá starfsmenn sem voru í námi við umsókn og alla aðra sem sóttu um atvinnuleysisbætur meðfram námi frá 28. mars til að veita þeim persónulega ráðgjöf um næstu skref. Fjöldi námsmanna sem haft var samband við var samtals um 70 og þar af 52 frá WOW.

Við fall WOW air og atvinnuleysi sem fylgdi í kjölfarið og samdrátt sem gerði vart við sig í atvinnulífínu á vormánuðum 2019 urðu umræður um breytingar á atvinnuleysistryggingalögum háværi. Fyrir liggur að móta afstöðu ASÍ í þessum efnun og fylgja henni eftir.

### **Ábyrgðasjóður launa**

Í samræmi við viðeigandi lög hefur ASÍ tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn Ábyrgðasjóðs launa en sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulauna og lífeyris-sjóðsiðgjalda í tilvikum gjaldþrota. Heildargreiðslur sjóðsins árið 2018 námu 853 milljónum króna og er um að ræða talsverða aukningu á milli ára en árið 2017 námu greiðslurnar 605 milljónum króna. Reikna má með að umfang

reksturs sjóðsins aukist talsvert á árinu 2019, sérstaklega í ljósi gjaldþrots Wow air sl. vor. Eðli málsins skv. er langstærstur hluti af greiðslum vegna vangreiddra launa annars vegar og vangreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda hins vegar en greiðslur vegna launa námu rúmlega 329 milljónum og lífeyrissjóðsiðgjöld rúmlega 365 milljónum. Aðrar greiðslur úr sjóðnum eru vegna orlofslauna, skaðabóta, skiptakostnaðar, lögfræðikostnaðar í tengslum við innheimtu og svo vaxta á lýstar kröfur og er sá liður stærstur á eftir launum og lífeyrissjóðsiðgjöldum, eða sem nemur um 75 milljónum vegna 2018.

## **Umhverfis- og neytendanefnd**

Þær breytingar hafa orðið á starfsviði umhverfisnefndar ASÍ að neytendamál falla einnig undir verksvið hennar. Samkvæmt verklýsingu þá á nefndin að vinna að: „Stefnumótun og starfa að, atvinnuuppbyggingu og umhverfis- og loftslagsmálum almennt með sérstöku tilliti til þróunar atvinnumála, auðlindanýtingar og neytendamála.“

Lögð er áhersla á að vinna þvert á aðrar málefnanefndir ASÍ því nauðsynlegt er að samþætta umhverfis- og neytendamál inn í áherslur sambandsins á öllum sviðum. Með það að leiðarljósi hefur nefndin lagt fram metnaðarfulla verkáætlun fyrir tímabilið 2018–2020. Markmiðið er að á 43. þingi ASÍ liggja fyrir stefna í umhverfis- og neytendamálum sem verður til umræðu- og afgreiðslu á þinginu.

ASÍ á fulltrúa í Loftslagsráði, sem er nýbreytni, þegar breytingar á lögum um loftslagsmál frá því fyrr á árinu voru í framkvæmd, sendi ASÍ inn umsögn með rökstuðningi um að nauðsynlegt væri að sambandið ætti fulltrúa í ráðinu, fjölmennustu samtök launafólks hér á landi. Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum.



## FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁL

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugum fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði, auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins,

Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú. Fulltrúar Alþýðusambandsins tóku á tímabilinu þátt í stefnumótun og útfærslu raunfærnimats á móti viðmiðum atvinnulífsins fyrir verkafólk og verslunar- og skrifstofufólk, mótun hæfnistefnu og verkefnum á sviði fagháskólamenntunar. Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti.

### **MFA fræðsludeild ASÍ**

MFA fræðsludeild ASÍ veitir stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starf þeirra, þar sem áhersla er lögð á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðs-hreyfingarinnar. Fræðsludeildin rekur Félagsmálaskólann og er deildarstjóri jafnframt skólastjóri hans. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Ráðgjöfin miðar að því að styrkja talsmenn stéttarfélaganna, efla innra starf félaga og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni. Mennta- og kynningarnefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Sú breyting var gerð á haustmánuðum 2018 að kynningarmál voru sett undir nefndina og nafni breytt í mennta- og kynningarnefnd. Haldinn var einn fundur haustið 2018 og einn fundur hefur verið haldinn það sem af er árinu 2019.

### **Skipulag hópunda**

Fræðsludeild hefur aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræðinni og námssálarfræðinni. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum og þingum ASÍ og hefur fræðsludeildin séð um þá vinnu. Auk þess hafa félögin leitað til fræðsludeildar um erindi á trúnaðarmannaráðstefnur, félagsfundi og starfsmannadaga.

### **Kynningar í framhaldsskólum**

Undanfarin ár hefur fræðsludeild Alþýðusambandsins boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga og eftirspurn sífellt að aukast. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði, svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga.

Síðasta vetur var farið í 26 heimsóknir í samtals átta framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, þar sem talað var við rúmlega 600 nemendur. Fræðsludeildin vinnur í nánu samstarfi við stéttarfélögin á landinu, sem mörg hver sinna þessari fræðslu í sinni heimabyggð.

Útbúin hafa verið myndbönd þar sem helstu réttindi eru kynnt í stuttu máli á myndrænan hátt. Þau hafa m.a. verið notuð til kynningar í framhaldsskólum, fyrir kennara til kennslu, ásamt því að þeim var komið á framfæri til stéttarfélaganna. Þau má nálgast á heimasíðu ASÍ, [www.asi.is](http://www.asi.is). Þá hefur ASÍ verið í samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan árið 2009. Þar hefur farið fram fræðsla fyrir unga fólkið um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnumarkaði, í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs fólks á vinnumarkaði.

### **Fjarfundareri**

Yfir vetrartímann eru haldin vikulega stutt fjarfundareri þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi hverju sinni. Jafnframt hefur verið leitað til félaganna eftir óskum um fræðslu, en búnaðurinn býður upp á að sá sem heldur fjarfundarfyrirlestur geti verið á sinni starfsstöð. Fræðslufundarerindin er hægt að nálgast á heimasíðu Alþýðusambandsins.

### **Vísinda- og tækniráð**

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Helstu áherslur í stefnum Vísinda- og tækniráðs hafa verið að efla samkeppnissjóði í rannsóknum og þróun, auka klasasamstarf og alþjóðlega sókn í rannsóknarfjármagn. Jafnframt hefur ráðið unnið að og hvatt til úttekta á íslenska mennta- og rannsóknarkerfinu.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindanefnd þar sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo tækninefnd þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar, t.d. Tækniþróunarsjóð, Rannsóknarsjóð o.fl. Nefndirnar hafa með



sér samráð og hittast reglulega á sameiginlegum fundum vísinda- og tækni- nefnda. Sjálft ráðið hittist svo á þriggja mánaða fresti þar sem störf nefnda ber á góma og samráð er átt við ráðherra.

Hafið er starf við mótun stefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2019–2021.

## **Genfarskólinn**

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnu- málalapinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu- málstofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnuárum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra og hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnu- málalapingins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara út til Genfar, í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfé- lögunum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalýðs- hreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Dan- mörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundir hér á landi, sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs. Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Slóð Genfarskólans er [www.geneveskolan.org](http://www.geneveskolan.org).

## **Fagháskólastigið**

Í skýrslum forseta ASÍ hefur ítrekað verið fjallað um áherslur og vinnu Alþýð- usambandsins um uppbyggingu náms á fagháskólastigið og vonbrigði með viðhorf og aðgerðaleysi menntamálayfirvalda.

Í byrjun árs 2019 tilnefndi Alþýðusamband Íslands fulltrúa í verkefni- stjórnn og samstarfsráð um fagháskólanám. Fulltrúar ASÍ eru Finnbjörn A. Hermannsson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir.

Það er skemmst frá því að segja að það hefur gengið mjög hægt að setja í gang verkefni sem byggja á hugmyndafræði fagháskólanámsins, auk þess sem lítið hefur enn orðið úr samráði og samstarfi menntastofnana og verkalýðs- hreyfingarinnar um uppbyggingu slíks náms ef frá er talið samstarf um nám í viðskiptafræðum og verslunarstjórnun.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og skráðu sig alls 43 í námið. 21 nemandi var innritaður í námið þann 9. febrúar 2018 og á vorönn 2019 var 21 nemandi skráður í námið. Fyrsta útskrift í náminu er fyrirhuguð í desember 2019.

## **Raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins**

Með kjarasamningum SGS/Eflingar og LÍV/VR í maí 2015 fylgdi bókun um mat á námi til launa og var óskað eftir að fulltrúi ASÍ tæki þátt í þeirri vinnu og hefði með höndum ákveðna verkstjórn. Í síðustu skýrslu forseta er fjallað um vinnuna við bókunina og stöðu málsins í september 2018. Síðasta ár hafa fulltrúar sammingsaðila haldið áfram vinnu sinni í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Sú vinna hefur leitt til þess að ákveðið var að Fræðslusjóður sækti um styrk til menntamálaráðuneytisins um tilraunaverkefni sem hefur það að meginmarkmiði að gera hæfni sýnilega í heildstæðu kerfi um raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins sem tekur til bæði raunfærnimats sem og þjálfunar til að uppfylla þau hæfniviðmið sem á vantar að loknu mati. Helstu markmið tilraunaverkefnisins eru:

- Að þróa aðferðafræði við mat og staðfestingu á færni sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins en nýtist á vinnumarkaði.
- Að þróa starfsþjálfun og leiðir til færniuppbyggingar í kjölfar raunfærnimats.
- Að byggja grunn að sjálfbæru kerfi sem nýtur trausts atvinnulífs og fræðsluáðila.

Styrkur frá Fræðslusjóði hefur þegar fengist og nú er verið að vinna að raunfærnimati fyrir eftirfarandi starfsgreinar: matvælavinnslu, þjónustu í veitingasal, fulltrúa í opinberum störfum, verslunarstörf (matvara, lyf, byggingarvörur) og móttöku á gististöðum.

Fyrir hvert starf er myndaður stýrihópur með aðkomu fulltrúa atvinnulífsins. Hlutverk hópsins er að móta framkvæmd og aðlaga aðstæðum í viðkomandi starfsgrein. Unnið er samkvæmt aðferðafræði framhaldsfræðslunnar um raunfærnimat en til grundvallar eru hæfnikröfur starfa.

## **Hæfnistefna**

Umræða um nauðsyn hæfnistefnu fyrir Ísland hefur farið vaxandi undanfarin misseri og flestum ber saman um að móta þurfi framtíðarsýn þegar kemur að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsmálum. Víða í nágrannalöndum okkar hafa verið mótaðar hæfnistefnur með það að markmiði að tryggja að framboð af

námi og fræðslu sé í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni. ASÍ hafði frumkvæði að því í samstarfi við SA, að óska eftir samstarfi við forsætisráðuneytið um vinnu við að móta hæfnistefnu fyrir Ísland. Fulltrúar ASÍ og SA hafa fundað í tvígang með aðilum frá forsætisráðuneytinu, þar sem málinu var fylgt eftir. Ekki hefur verið brugðist við þessari beiðni með afgerandi hætti.

## **Færniþörf á vinnumarkaði**

Alþýðusambandið hefur á undanförunum árum lagt áherslu á það í samtali við stjórnvöld að unnin sé greining á færniþörf fyrir íslenskan vinnumarkað sem styður við stefnumótun í mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsmálum. Vorið 2018 skilaði sérfræðingahópur frá sér skýrslu um hvernig taka megji upp færnisþáferli hér á landi. Í sérfræðingahópnum sat fulltrúi ASÍ ásamt fulltrúum frá SA, Vinnumálastofnun og Hagstofu Íslands. Helstu niðurstöður hópsins voru að skoða þyrfti kosti þess að Hagstofa Íslands fengi formlegt hlutverk við tölfraðilega spágerð til lengri tíma. Jafnframt lagði sérfræðingahópurinn áherslu á að skemmri tíma greiningar á færniþörf verði eflar innan Vinnumálastofnunar og að hér á landi verði sett á fót landsfærni ráð að írskri og finnskri fyrirmynd auk sérfræðingahóps um færnisþár.

Á ráðstefnunni Forskot til framtíðar í nóvember 2018 tilkynnti félags- og barnamálaráðherra að hann myndi tryggja að tillögur sérfræðingahópsins myndu verða að veruleika, og að Hagstofu og Vinnumálastofnun yrði veitt fjármagn til að spá fyrir um færniþörf til skemmri og lengri tíma. Síðan þá hefur verkefnið að mestu legið í dvala og stjórnvöld ekki farið í þá vinnu sem þarf til að tryggja að spád sé fyrir um færniþörf á vinnumarkaði.

## **Félagsmálaskóli alþýðu**

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Haldnir voru þrír fundir í skólanefnd á síðasta skólaári. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú um 16,5 milljónir á ári. Sú breyting var gerð á fjárlögum 2017 að nú er skólinn ekki lengur á sér fjárlagalið, heldur fær nú úthlutað fjármunum af safnlið. Þetta skapar aukna óvissu um fjármögnun skólans, frá ári til árs. Félagsmálaskólinn er viðurkenndur fræðsluaðili. Skv. ákvæðum laga nr. 27/2010, 7. gr. um framhaldsfræðslu, er skólanum því heimilt að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluáðilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Meðal atriða sem tekin eru sérstaklega fyrir, þegar veitt er viðurkenning, eru aðstaða

til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Alls voru haldin 63 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, skólaárið 2018–2019. Heildarfjöldi þátttakenda var 938, sem er umtalsverð fjölgun frá síðasta ári, þar af konur 593 og karlar 345. Starfsmenn skólans eru fimm. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, mennta- og kynningarnefndar og starfsmanna skólans, er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Parfaggreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarféлага mikilvægur þáttur í starfi þeirra. Þá hefur verið lögð meiri áhersla á rafræna kennsluhætti og upplýsingaöflun á námskeiðum og ríkari áhersla lögð á að nemendur hafi meðferðis fartölvu, iPad eða notist við farsímamann til að minnka pappírnotkun.

### **Trúnaðarmannanámskeið**

Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá. Byrjað var að vinna eftir nýrri námskrá haustið 2017. Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Voru þau allt frá tveimur dögum til fimm.

Alls voru haldin 47 trúnaðarmannanámskeið á síðasta skólaári. Þetta eru aðeins fleiri námskeið en haldin voru á síðasta skólaári, en þá voru haldin 40 trúnaðarmannanámskeið. Haldin voru 21 námskeið á haustönn 2018 og 26 á vorönn 2019. Alls sóttu 602 námskeiðin, sem er meiri þátttaka en undanfarin ár, en á síðasta ári voru 549 nemendur sem sóttu trúnaðarmannanámskeið skólans. Þar af voru 385 konur og 217 karlar. Þá hafa félögin innan ASÍ og BSRB haldið sameiginleg námskeið fyrir sína trúnaðarmenn og hefur það mælst vel fyrir. Auk þess hefur færst í aukana að trúnaðarmenn einstakra félaga sitji trúnaðarmannanámskeið hjá öðrum félögum. Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald.

### **Almenn námskeið**

Félagsmálaskólinn býður upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum verkalýðshreyfinganna. Á haustönn 2018 var boðið upp á fjögur almenn námskeið, það voru: Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga, Eftirlitsfulltrúar á vettvangi, Samningatækni, og Að lenda í erfiðum einstaklingum. Fella þurfti niður eitt sökum dræmrar þátttöku, en það var námskeiðið Eru skápar á þínum vinnustað? Á vorönn 2019 var boðið upp á eitt almennt námskeið, Kjarasamningar, friðarskylda og verkföll, en fella þurfti niður tvö, þar sem ekki náðist næg þátttaka, en það voru Jafnlaunavottun og Kulnun í starfi. Þá voru haldin fjögur sérnámskeið fyrir einstaka félög eftir

óskum þeirra. Þá var jafnframt boðið upp á námskeiðin í fjarfundi, eftir því sem við átti. Alls sóttu 236 almenn námskeið, þar af 134 konur og 102 karlar.

### **Námskeiðið Ungir leiðtogar**

Í annað sinn var boðið upp á námskeiðið Ungir leiðtogar, fyrir ungt fólk (18–35 ára) í verkalýðshreyfingunni. Með námskeiðinu gafst þátttakendum færi á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Þá var námskeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta. Alls tóku 17 þátttakendur þátt í námskeiðinu, þar af 7 konur og 10 karlar, alls frá 12 stéttarfélögum.

### **Lífeyrissjóðsnámskeið**

Haldið var eitt námskeið á vorönn 2019 fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafarnefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997, en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjá og hálfan dag, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafarnefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa um 228 sótt námskeiðið.

### **Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt**

Undanfarin ár hafa Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt boðið upp á námslínu sem kallast Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarféлага. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjáls. Á haustönn 2018 var haldið eitt námskeið, Mótun og miðlun upplýsinga. Á vorönn 2019 voru haldin tvö námskeið, Örugg tjáning – að koma fram af öryggi og Persónuvernd launafólks. Alls sóttu 32 námskeið í Forystufræðslu, þar af 24 konur og 8 karlar. Skipting milli féлага var 3 þátttakendur frá ASÍ, 29 frá BSRB.

Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslusetursins Starfsmenntar er notað. Þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

## **Handbók trúnaðarmannsins**

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4.651 eintaki. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Undanfarin misseri hefur staðið yfir vinna við gagngera endurskoðun sem nú er tilbúin og hefur verið gefin út rafrænt. Allt efni hennar er aðgengilegt á heimasíðu Félagsmálaskólans, [www.felagsmalaskoli.is](http://www.felagsmalaskoli.is).

## **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Árið 2019 er 17. starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og níunda ár starfseminnar byggð á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Unnið hefur verið að styrkingu innra starfs FA með ýmsum hætti á árinu. FA hefur tekið nokkur ný verkefni að sér á sviði raunfærnimats auk umfangsmikilla verkefna t.d. á sviði fræðslu í ferðaþjónustu (Hæfnisetur ferðaþjónustunnar) auk hefðbundinna verkefna skv. þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Unnið var að endurbótum á húsnæði FA á tímabilinu og innviðir starfsins styrktir enn frekar með skýrum verkferlum.

## **Stjórn**

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í ágúst 2019 eru fyrir hönd ASÍ: Eyrún Valsdóttir, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson og Fjóla Jónsdóttir; fyrir hönd SA: Kristín Þóra Harðardóttir, María Guðmundsdóttir og Davíð Freyr Oddsson; fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Margrét Sigurðardóttir og fyrir hönd BSRB: Karl Rúnar Þórsson. Varamenn í stjórn eru Selma Kristjánsdóttir fyrir hönd ASÍ, fyrir hönd SA Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Elín Valgerður Margrétardóttir fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og Þórveig Þormóðsdóttir fyrir hönd BSRB. Stjórnin hefur haldið sjö fundi það sem af er árinu 2019 auk aðalfundar í júní. Formaður stjórnar frá aðalfundi 2019 er Kristín Þóra Harðardóttir og varaformaður Eyrún Valsdóttir. Heilsársstörf voru samtals 16,4.

## **Þjónustusamningur og starfsáætlun 2019**

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tók gildi í ársbyrjun 2016 og gildir út árið 2021. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnum ekki með beinum hætti, heldur í gegnum samstarfsaðila sína, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluáðilar, sem jafnframt eru samstarfsáðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA, [www.frae.is](http://www.frae.is) og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla, sem skilað er

til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. janúar 2019 til 31. ágúst 2019. Vísað er til ársskýrslu FA 2018 á vef FA varðandi ítarlega umfjöllun um það ár, en hér á eftir má finna stutta tölfræðilega samantekt um árið 2018 auk umfjöllunar um starfið sem af er árs 2019.

## Fræðslusjóður

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Stjórn sjóðsins er skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ný stjórn Fræðslusjóðs var skipuð í byrjun árs 2019 til fjögurra ára. Stjórnin er þannig skipuð: Aðalmenn: Hellen Gunnarsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar; Finnboogi Sveinbjörnsson, Halldór Grönvold, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands; Karl Rúnar Þórsson, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Klara Baldursdóttir Briem, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti – í fæðingarorlofi fram í apríl 2020; Jón Þór Þorvaldsson, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti til 15. apríl 2020 í stað Klöru Baldursdóttur Briem; Margrét Sigurðardóttir, tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti; Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir og Jóhanna Klara Stefánsdóttir, tilnefndar af Samtökum atvinnulífsins og Magnús Ingvason, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands. Varamenn: Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar; Stefán Sveinbjörnsson og Hilmar Harðarson, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands; Birna Ólafsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Eva Margrét Kristinsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti – í fæðingarorlofi fram í apríl 2020; Gunnar Þorbergur Gylfason, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti til 15. apríl 2020 í stað Evu Margrétar Kristinsdóttur; Elín Valgerður Margrétardóttir, tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti; Kristín Þóra Harðardóttir og Ólafur Garðar Halldórsson, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins; Guðbjörg Aðalbergisdóttir, tilnefnd af Skólameistarafélagi Íslands.

Samkvæmt þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við FA er FA falið að sjá um fjárreiður sjóðsins og veita ráðgjöf ef eftir því er óskað. Í því felst m.a. að FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði. Úthlutað er í upphafi árs nema til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem úthlutað er til á vormánuðum. Auk þessa er endurúthlutað fjármagni sem skilað er frá fræðsluaðilum á haustmánuðum.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna, safnar tölfræðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Þá hefur farið fram skoðun og greining á verkþáttum og kostnaði við framkvæmd raunfærnimats. Starfsmenn FA hafa tekið þátt í þessari vinnu og má skipta aðkomu þeirra í eftirfarandi verk:

- Greina verkþætti og kostnað við raunfærnimat í samstarfi og með þátttöku framkvæmdaraðila.
- Útfæra hugmyndir að breytingum í samstarfi við stjórn Fræðslusjóðs og meta áhrif þeirra miðað við umfang viðkomandi leiða í framhaldsfræðslunni (námsleiðir, raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf).
- Afla gagna um framkvæmd framhaldsfræðslu og leggja fram sérfræðilít á vafatriðum í framkvæmdum ef upp koma.

Ítarlegar upplýsingar um úthlutanir og framkvæmd ársins 2018 er að finna í ársskýrslu Fræðslusjóðs 2018 á <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn/>.

Fyrir árið 2019 sóttu samstarfsaðilar sjóðsins um framlög að upphæð rúmlega 1.011 milljónir. Skiptust umsóknirnar þannig að til vottaðra námsleiða var sótt um rúmgar 658 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar var sótt um tæplega 182 milljónir og til raunfærnimats tæpar 172 milljónir kr.

Úthlutað var eftirfarandi:

- Vottaðar námsleiðir, kr. 506.240.000
- Raunfærnimat, kr. 134.835.000
- Náms- og starfsráðgjöf, með ferðakostn., kr. 40.655.000

Samtals úthlutað, kr. 775.415.000

Úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna fóru fram í lok maí. Sérstök úthlutunarnefnd skipuð af Fræðslusjóði fer yfir umsóknir og gerir tilögur til sjóðsins um úthlutanir. Sótt var um styrki til 27 verkefna að upphæð 65.044.909 kr. Úthlutað var til 14 verkefna samtals 35.357.000 kr.


Fjármagnsupplýsingar eru birtar í kaflanum um Fræðslusjóð hér að ofan. Einnig er nánari upplýsingar að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og í ársskýrslu Fræðslusjóðs.

## **Vottaðar námsleiðir**

Á árinu 2018 voru vottaðar námsleiðir kenndar hjá 13 samstarfsaðilum Fræðslusjóðs og voru þátttakendur 2.379. Kenndar voru 32 mismunandi námsleiðir og sóttu 70% þátttakenda nám á landsbyggðinni og 30% á höfuðborgarsvæðinu, en nánari skiptingu má sjá á mynd 1. Hlutfall landsbyggðar



hefur aukist undanfarin ár, sjá töflu 1. Fjöldi þátttakenda fækkaði um 204 milli árunna 2017 og 2018..



Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs sem kenna vottaðar námsleiðir eru eftirfarandi eftir landshlutum:

Höfuðborgarsvæðið: Mímir, Iðan og Framvegis.

Norðurland: Símei og Farskólinn.

Suðurnes: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.


Vesturland og Vestfirðir: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Suðurland og Vestmannaeyjar: Fræðslunet Suðurlands og Viska Vestmannaeyjum.


Austurland: Austurbrú og Þekkingarnet Þingeyinga.

<b>Tafla 1. Hlutfall milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis 2013–2017</b>					
<b>(vottað nám fjármagnað af Fræðslusjóði)</b>					
	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Höfuðborgarsvæðið	38%	34%	33%	33%	30%
Landsbyggðin	62%	66%	67%	67%	70%

Kynjahlutfall þeirra sem sækja þær vottuðu námsleiðir sem Fræðslusjóður fjármagnar breytist lítið frá ári til árs, en konur eru í miklum meirihluta. Hlutfall karla hefur þó verið að aukast aðeins undanfarin ár eins og sjá má á mynd 2.




Vegna upptöku nýs skráningakerfis (Innu) var skráningu á stéttarfélagasðild og þar með heildarsamtökum stéttarféлага ábótavant á árinu 2018 og gefur því ekki skýra mynd af stöðunni. Þetta sést á mynd 3 sem er samanburður á milli ára 2014–2018.



## Náms- og starfsráðgjöf


Alls voru tekin 9.424 ráðgjafarviðtöl hjá samstarfsaðilum Fræðslusjóðs á árinu 2018 sem greidd voru af Fræðslusjóði. Það eru 734 fleiri viðtöl en tekin voru árið 2017. Þetta má sjá á mynd 4.




Við skoðun á tölum yfir viðtöl náms- og starfsráðgjafa ber að hafa í huga að þær eru út frá fjölda viðtala en ekki fjölda einstaklinga þar sem hver einstaklingur getur komið í fleiri en eitt viðtal.

Af viðtölum ársins flokkast 61% sem hefðbundin ráðgjafarviðtöl, 27% hópráðgjöf og 12% hvatningarviðtöl. Kynjasamsetning ráðþega helst nokkuð svipuð frá ári til árs en karlar eru í meirihluta með 56% viðtala og konur 44% árið 2018. Aldurssamsetning ráðþega helst einnig nokkuð svipuð og undanfarin ár þar sem 49% eru á aldrinum 26–40 ára, 16% eru undir 26 ára aldri, 27% eru á aldrinum 41–55 ára og 8% eldri en 55 ára.


Á árinu 2018 féllu 87% ráðþega undir viðmið í gildandi skilmálum Fræðslusjóðs um menntunarstig þar sem segir að 80% þeirra sem njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa eigi að vera í markhópi framhaldsfræðslulaga nr. 27, 2010. Nánar um menntunarstig má sjá á mynd 5.



Árið 2014 voru 29% ráðþega í atvinnuleit og strax árið eftir minnkaði þetta hlutfall niður í 14%. Frá árinu 2015 hefur hlutfall þeirra sem eru í atvinnuleit verið í kringum 11%–13% en hins vegar hefur hlutfall þeirra sem eru í námi, starfsendurhæfingu, í hlutastörfum eða öryrkjar aukist aðeins frá árinu 2016, þegar það hlutfall var 13%. Sem dæmi þá voru 69% ráðþega í starfi árið 2018, 13% í atvinnuleit, 7% í starfsendurhæfingu, 5% skráðir annað, 4% í námi, 1% öryrkjar og 1% í hlutastarfi og á hlutabótum.



Meirihluti ráðþega eru í stéttarfélögum innan ASÍ eins og fyrri ár. En skráning í annað eða óþekkt/óskráð hefur aukist til muna. Árið 2018 skiptast þessi 30% annað/óþekkt skráninga þannig að 63% eru skráð með óþekktta félagsaðild, 31% ófélagsbundinn, 5% skráð í stéttarfélag utan ASÍ/BSRB og 1% skráð annað eða ellilífeyrisþegi.



## Raunfærnimat

Á árinu 2018 luku 577 einstaklingar raunfærnimati sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan. Mikil fjölgun er í raunfærnimati starfsnámsbrauta, eða um rúm 50% frá árinu 2017. Þetta má sjá á töflum 2 og 3.

	2014	2015	2016	2017	2018
Löggildar iðngreinar	357	192	232	194	243
Starfsnámsbrautir	213	226	252	152	304
Almennar bóklega greinar		22		12	10
Viðmið atvinnulífsins	18	10	32	81	20
<b>ALLS</b>	<b>588</b>	<b>450</b>	<b>516</b>	<b>439</b>	<b>577</b>

Af þeim 243 einstaklingum sem fóru í raunfærnimat í löggildum iðngreinum árið 2018 fóru 207 í mat hjá Iðunni - fræðslusetri og 36 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins sem nú heitir Rafmennt. Meðalfjöldi eininga í iðngreinum voru 51 en 52 á starfsnámsbrautum.

2018	Fjöldi	Hlutfall	Meðal-aldur	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar
Starfsnámsbrautir	304	53%	40	52	15,783	57%	43%
Iðngreinar	243	42%	35.6	51	12,482	2%	98%
Viðmið atvinnulífsins	20	3%	37.9	Á ekki við	Á ekki við	80%	20%
Almennar bóklega greinar	10	2%	38.6	19.5	195	10%	90%
<b>Samtölur</b>	<b>577</b>	<b>1</b>	<b>38.03</b>		<b>28,510</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>

Mikil fjölgun var í raunfærnimati á starfsnámsbrautum árið 2018 og því forvitnilegt að skoða hvaða greinar liggja þar að baki. Þetta má sjá á töflu 4 á næstu síðu.

## Hæfnigreiningar

Á tímabilinu voru gerðar 14 hæfnigreiningar og var framkvæmdin ýmist í höndum FA eða samstarfsaðila en allir starfaprófiðlar sem verða til við greiningar eru færðir inn í hæfnigrunn FA og eru aðgengilegir á vefsíðunni frae.is. Hæfnigreiningarverkefni fyrir Háskóla Íslands er meðal þeirra verkefna sem lauk á tímabilinu.

Frankvæmd hæfnigreininga hefur verið í höndum FA og samstarfsaðila sem hafa hlotið þjálfun í að nota aðferðina. Boðið var upp á eitt námskeið fyrir nýja umsjónarmenn á tímabilinu en einnig var boðið upp á endurmenntunarnámskeið fyrir þá sem áður höfðu farið á námskeið (sjá nánar í ársskýrslu 2018).

Hæfnigreiningar starfa hafa verið í mikilli þróun á tímabilinu og sérstök áhersla lögð á að þróa greiningaraðferðina með það að markmiði að afla ítarlegri gagna til að undirbyggja enn betur námskrár, námslýsingar og gátlista vegna raunfærnimats. Handbók fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga var endurskoðuð með tilliti til þessa og 4. útgáfa hennar kom út í ágúst 2019. Handbókin er einn liður í gæðastýringu í tengslum við hæfnigreiningar, annar liður er útgáfa verklagsreglna fyrir tengiliði FA en hlutverk þeirra er að veita umsjónarmönnum stuðning og fylgjast með því að greiningar séu unnar í samræmi við handbókina (sjá nánar í ársskýrslu 2018).

Á fyrri hluta árs 2019 hefur verið unnið að kynningaráætlun þar sem áhersla er á að kynna hæfnigreiningar enn frekar fyrir hagaðilum. Fylgt verður eftir ritum og notkun námskráa með það í huga að meta hvernig niðurstöður hæfnigreininga nýtast við námshönnun og námskráritun. FA hefur átt fulltrúa í norrænu tengslaneti á vegum NVL um sameiginlega sýn á hæfniþróun í atvinnulífi á Norðurlöndum og eflingu náms á vinnustöðum.

### **Námskrár og námslýsingar**

Á tímabilinu hefur verið lögð áhersla á áframhaldandi þróun námskráa og námslýsinga sem byggja á starfaprófil (sjá umfjöllun um hæfnigreiningar). Menntamálastofnun (MMS) vottaði eina námskrá á tímabilinu. Námskráin er sú fimmta sem MMS vottar og byggir á starfaprófil. Á næstu misserum verður áhersla lögð á endurskoðun eldri námskráa og á tímabilinu hefur áætlun um endurskoðun og forgangsröðun verið gerð. Lögð verður áhersla á að endurskoða þær námskrár sem mest eru notaðar af samstarfsaðilum FA. Endurskoðun á námslýsingum fyrir námskrána Smiðju hófst á tímabilinu en þær þarf að aðlaga að nýrri útgáfu námskrárinnar sem MMS hefur vottað. Samstarfsaðilum hefur verið veitt aðstoð við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er.

Á fyrri hluta árs 2019 var vinna við úrlausn ýmissa álitamála í tengslum við námskrár sett á stað. Um er að ræða ýmis mál sem þarf að huga að í tengslum við hæfnimiðaða nálgun náms sem þarf að endurspeglast í námskrám, námslýsingum og öðru er varðar framkvæmd námsins. Með þátttöku í NVL tengslaneti um grunnleikni fullorðinna hefur vinnu við kortlagningu á stöðu málaflokksins

á Íslandi verið haldið áfram. Á árinu 2018 var lögð áhersla á stafræna færni fullorðinna á vinnumarkaði hjá tengslaneti NVL og því haldið áfram á árinu 2019 með vinnu við skýrsluskrif um stöðu málaflokksins á Norðurlöndunum (sjá nánar um vinnu netsins í ársskýrslu FA 2018 og vef NVL).

### **Kennslufræðimiðstöð**

Starfið hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Á síðustu misserum hefur þó minna svigrúm verið til þess að sinna þessu mikilvæga hlutverki en áður en ráðgjöf hefur verið veitt og námskeið haldið þegar eftir því hefur verið leitað.

Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað 20 mismunandi kennslufræðinámskeið sem nefnast Stiklur. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðila. Á tímabilinu hefur þróun á rafrænni útfærslu á námskeiðunum haldið áfram.

Áfram var unnið að þróun hæfniviðmiða fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ þar sem stuðst hefur verið við gögn og aðferðir fyrir hæfnigreiningu starfa ásamt öðrum gögnum. Markmið verkefnisins er að til verði viðmið sem nota má til að meta hæfni leiðbeinanda bæði til að staðfesta hana og til styttingar á námi.

FA á fulltrúa í NVL neti um hæfni leiðbeinanda. Á tímabilinu var farið af stað með verkefni þar sem markmiðið er að leggja grunn að aðferðum til að stuðla að stöðugri hæfniþróun leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu óháð sviðum og starfsgreinum.

### **Raunfærnimat**

Eitt af hlutverkum FA er að þróa aðferðir við mat á raunfærni og innleiðingu þess í samstarfi við hagsmunaaðila. Framkvæmd raunfærnimatsverkefna er í höndum samstarfsaðila FA, sem eru símenntunarmiðstöðvar víða um land. Helsta hlutverk FA er að tryggja gæði við framkvæmd raunfærnimats, með því að miðla og veita ráðgjöf um viðurkennda aðferðafræði og aðstoda við innleiðingu í nýjum greinum. Frá árinu 2004 hafa 4.968 einstaklingar lokið raunfærnimati á mótí námskrám framhaldsskólanna og viðmiðum atvinnulífsins.

Sjá má nánari umfjöllun um raunfærnimat í Ársskýrslu FA 2018

### **Þróun og samstarf**

Í lok árs 2018 og það sem af er árinu 2019 hefur verið unnið að tilraunaverkefninu Raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins í samvinnu við ASÍ og SA. Markmið verkefnisins er að koma á fót heildstæðu raunfærnimatskerfi sem tekur mið af hæfnikröfum starfa og gefur af sér vottun sem hefur gildi á vinnumarkaði. Unnið er að raunfærnimati í fimm störfum:

Tafla 4. Raunfærnimat utan iðngreina				
	Karl	Kona	Alls	Fj.staðinna eininga
Félagsliðabraut	8	31	39	2025
Félagsmála- og tómsundabraut	5	2	7	320
Fisktækni	38	47	85	6682
Fiskvinnsla	18	6	24	1901
Háskólabróú Keilis		11	11	150
Leikskólaliðabraut	2	31	33	1840
Matartækni	1	5	6	234
Matsveinn	2	1	3	88
Skipstjórn	26		26	351
Stuðningsfulltrúi	3	11	14	810
Tölvubraut	3		3	77
Tölvuþjónustubraut	5		5	105
Vélstjórn	3		3	75
Verslunarfulltrúi	18	27	45	1125
Almennar bóklegar greinar	9	1	10	195
Almenn starfshæfni	4	16	20	Færniþrep í atvinnulífínu

- Matvælavinnslu
- Móttöku á gistiheimilum
- Þjónustu í sal
- Fulltrúi í opinberri þjónustu
- Verslun

Við val á störfunum var m.a. horft til dreifingar um landið og kynjahlutfalls. Við þróun og framkvæmd raunfærnimatsins er hagsmunaaðilum þeirra greina sem um ræðir, fyrirtækjum/stofnunum og símenntunarmiðstöðvum (Mími, Fræðsluneti Suðurlands, SÍMEY og Starfsmennt). Þróun matsins felur í sér gerð gátlista, verkfæra og þróun aðferða við mat þar sem byggt verður á reynslu úr hefðbundnu raunfærnimati. Starfaprófílar sem byggja á hæfnigreiningum starfa eru grunnur að raunfærnimati í tilraunaverkefninu. Í verkefninu er unnið að þróun nýrrar aðferðafræði til þess að tryggja gæði og rekjanleika milli niðurstaðna raunfærnimats í atvinnulífínu og hæfnigreiningar starfs.

Á árinu 2018 og 2019 var unnið að endurnýjun gátlista fyrir almenna starfshæfni og verslunarfulltrúa, sem og gátlista í tengslum við vottun Menntamálastofnunar á námskrám í iðngreinum.



Haldnir hafa verið örfundir í fjarfundi í samstarfi við fræðsluaðila sem koma að raunfærnimati. Tilgangurinn með þeim er að fara yfir það helsta á döfinni í þróun raunfærnimats, úthlutanir og þau verkefni eru í gangi hverju sinni.

Það sem af er ári hefur verið haldið eitt námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati og þrjú námskeið eru á dagskrá í október og nóvember.

## **Erlent samstarf**

Tveir fulltrúar FA sitja í norrænum sérfræðingahópi NVL um raunfærnimat. Tveir fundir hafa verið haldnir á tímabilinu þar sem unnið var sérstaklega að gæðamálum. Bakhópur um raunfærnimat með fulltrúum hagsmunaaðila fundaði tvisvar á tímabilinu um þróun raunfærnimats hér á landi.

Erlendir aðilar leita talsvert til FA eftir upplýsingum um stöðu, árangur og framkvæmd raunfærnimats hérlendis. Reglulega koma hópar í kynningar hjá FA. Eitt af því sem vekur mikla athygli erlendis er þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkis um fræðslumál og einnig hversu nákvæmar kostnaðartölur liggja fyrir.

## **Umsjón og þróun náms- og starfsráðgjafar**

Markmið FA er að efla sérfræðipækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar. Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er nú framkvæmd hjá 14 aðilum. Samtals sinna 25–27 ráðgjafar verkefninu um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir standa fyrir kynningarfundum á vinnustöðum, einstaklingsviðtölum, hópráðgjöf, taka þátt í virkniáðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, m.a. í gegnum erlend þróunarverkefni.

## **Helstu verkefni og ársskýrslur**

Í febrúar sl. var haldinn fundur í ráðgjafaneti FA í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs. Fundinn sóttu 18 fulltrúar frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum auk starfsmanna FA og nokkrir fulltrúar voru í fjarfundi. Farið var yfir helstu verkefni tengd ráðgjöfinni frá síðasta ári, áherslupunkta úr ársskýrslum allra símenntunarmiðstöðva og helstu verkefni á næsta ári. Helstu áherslur ársins 2019 í ráðgjöfinni snúa að ráðgjöf við innflytjendur og rafrænni ráðgjöf en næsti fundur netsins er í lok september hjá VISKA í Vestmannaeyjum.

Á fundinum var einnig farið yfir hlutverk og starfsáætlun FA og verkefnið um Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins kynnt. Mikilvægt er að

nálgast einstaklinginn þar sem hann er, t.d. á vinnustað, og lögð verður meiri áhersla á það í framtíðinni. Fyrirtækjaheimsóknir eru mikilvægur þáttur í því og ráðgjöfin skipar stóran sess hvað varðar að ná til markhópsins þar sem hann er staddur.

### **Þróunarverkefni og norrænt samstarf**

Nokkur þróunarverkefni hafa verið í gangi tengd ráðgjöfinni síðustu ár, s.s. GOAL og VISKA (sjá umfjöllun annars staðar) og mun vinna á grundvelli þessara verkefna halda áfram á vegum FA. Nýtt Nordplus verkefni sem ber yfirskriftina Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífinu, sem snýr að ráðgjöf fyrir fólk á síbreytilegum vinnumarkaði þar sem þörf fyrir símenntun og breytingar á starfsvettvangi eru að aukast, fór af stað nú í september. Auk FA eru aðilar frá Danmörku og Finnlandi en verkefnið er til tveggja ára.

Á fundinum var NVL einnig kynnt en netið er staðsett hjá FA. Fulltrúar frá Íslandi eru í ýmsum sérfræðinetum á vegum þess. NVL ráðgjafanetið er m.a. í samstarfi við NFSY norrænu ráðgjafasamtökin.

Seinni hluti fundarins 18. febrúar sneri að efni varðandi ráðgjöf við fólk af erlendum uppruna sem var einnig hluti af VISKA verkefninu.

Í júní og ágúst heimsótti fulltrúi FA fimm símenntunarmiðstöðvar til að funda með aðilum um ráðgjöfina, helstu verkefni og áskoranir.

Erlendir gestir hafa sýnt ráðgjöfinni áhuga sem og nemendur í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands sem koma í starfsþjálfun og vegna MA verkefna. Fulltrúi FA sótti fjóra fundi á vegum sérfræðingans NVL um náms- og starfsráðgjöf fullorðinna á tímabilinu. Þar var unnið að því að undirbúa málstofu sem haldin verður í Færeyjum í september um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat þar sem vinna og afurðir netsins voru m.a. kynntar. Ráðgjafanetið stóð einnig að vinnustofu á ráðstefnu alþjóðlegu ráðgjafasamtakanna IAEVG sem haldin var í Gautaborg í október 2018. Þar var kynnt starfsemi ráðgjafans NVL auk helstu verkefna og afurða. Netið tók einnig þátt í Biennale um raunfærnimat í júní og hefur unnið að skilgreiningu um ráðgjöf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði auk þess að vinna að frekari stefnumótun fyrir NVL ráðgjafanetið.

### **Söfnun upplýsinga og nemendabókhald**

Söfnun og varðveisla upplýsinga er mikilvægur þáttur í starfsemi FA. Áreiðanlegar og traustar upplýsingar eru grundvöllur þess að FA geti skilað stjórn- um Fræðslusjóðs og FA skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Tölfræði um framkvæmdina hefur verið safnað frá byrjun og er einnig mikilvægur þáttur í því að fylgjast með notkun fjármagns Fræðslusjóðs og árangur starfsins.

Framsetning á gögnum og tölfraediupplýsingum er í stöðugri þróun og er nú birt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [www.frae.is](http://www.frae.is) – (<http://frae.is/fraedslusjodur/tolfraedi-ur-starfinu/>) í meira mæli en áður.

Nemendabókhaldskerfið INNA var tekið í notkun árið 2017 og veitir Fræðslumiðstöðin öllum samstarfsaðilum Fræðslusjóðs aðgang að kerfinu. Viðmót vegna skráningar á ráðgjafarviðtölum var sérsmíðað fyrir framhaldsfræðsluna. Aðlögun og lausnir voru unnar vegna skráningar raunfærnimats, gagnasöfnunar og tölfraediskýrslna. Markmiðið með INNU er að þar verði skráð öll fræðsla sem fram fer á vegum samstarfsaðila FA, auk náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Þá nýtast upplýsingar í INNU við uppgjör við fræðsluaðila. Enn er unnið að frekari þróun á nemendabókhaldskerfinu í samstarfi við Advania. Er þar fyrst og fremst um að ræða þróun á skýrsluhluta kerfisins sem ætlað er að bæta upplýsingasöfnun og auðvelda tölfraediúrvinnslu og uppgjör.

### **Næstaskref.is**

Á árinu var haldið áfram að þróa og byggja upp upplýsinga- og ráðgjafarvefinn NæstaSkref.is. Þar nálgast stuttar almennar starfslýsingar nú 300 lýsinga markid, upplýsingum um námsleiðir hefur fjölgað töluvert auk þess sem margvíslegt annað efni hefur verið í vinnslu, margt af því að fyrirmynd af norska vefsvæðinu Utdanning.no. Töluverð vinna hefur farið í undirbúning næstu stóru uppfærslu vefsins sem fyrir höndum er haustið 2019 þar sem ætlunin er að gera námsleiðir framhaldsfræðslunnar sýnilegri en áður, fjölga verkferum og bæta útlit og virkni á ýmsan hátt.

Tilraun til rafrænnar ráðgjafar á vefnum hefur farið vel af stað og berast fyrirspurnir mjög reglulega, sem yfirleitt er vísað áfram til þeirra náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðva sem best eru fallnir til að svara viðkomandi erindi. Einnig hefur samtal átt sér stað á milli FA og Menntamálastofnunar hvað varðar framtíð vefsvæðisins og mögulega sameiginlega hagsmuni í þeim efnum.

### **Gæðamál**

Eitt af hlutverkum FA er að efla gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá fræðsluaðilum sem starfa í anda laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. FA gerir kröfu til samstarfsaðila um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum m.a. um gæði í kennslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Markmiðið með gæðaeftirliti er að stuðla að auknum gæðum á vettvangi framhaldsfræðslunnar í gegnum EQM og EQM+ gæðavottunarkerfið. Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir gæðaviðmiðum European Quality Mark (EQM) í þeim tilgangi að auka gæði fræðslustarfs. Áframhaldandi vinna var við þróun gæðaviðmiða og vottunarferlis sem nær til þriggja stöða framhaldsfræðslunnar. EQM er ein-

göngu vottun á fræðslustarfsemi og geta jafnt fræðsluaðilar og fræðsludeildir fyrirtækja sótt um slíka vottun. EQM+ nær auk fræðslustarfsemi til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Nýtt ferli gæðavottunar hófst árið 2017 þegar gerður var samningur við fyrirtækið Vaxandi ráðgjöf ehf. um úttektir og vottun á gæðum fræðsluaðila í samræmi við staðla EQM og EQM+. Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér úttekt byggða á viðmiðum EQM / EQM+ hjá hverjum samstarfsaðila verkefnisins á samningstímanum, auk þess sem þeir gera árlega sjálfsmat.

Alls hafa 15 fræðsluaðilar skráð sig formlega í nýja gæðavottunarferlið sem hófst haustið 2017. Hafa sjö fræðsluaðilar farið í gegnum ferlið og fengið vottun, fjórar úttektir eru fyrirhugaðar fyrir árslok 2019 og síðustu fjórar úttektirnar verði á fyrri hluta árs 2020.

## **Kynningarmál**

Miðlun upplýsinga um starfið á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ber undirtitilinn Ársrit um framhaldsfræðslu. Í ritinu er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu. Ritið er kynnt víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. Gátt er notað til kennslu í þremur háskólum, HÍ, HA og LHÍ.

Gátt hefur verið gefin út í tengslum við ársfund Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá árinu 2004 og er 2019 því 16. árgangur ritsins. Frá árinu 2017 hefur Gátt verið gefin út rafrænt og er aðgengileg á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>. Nú er unnið að þeirri nýjung að Gátt fær sérstakan vef þar sem greinar verða birtar allt árið og þá einungis rafrænt en einnig er hægt að sækja pdf-útgáfur af öllum greinum.

Vefur FA fékk nýtt útlit í ársbyrjun 2019 og er hann í sífelldri þróun enda markmiðið að hafa sem mest af upplýsingum um starfsemi FA aðgengilegar á rafrænu formi. FA er einnig á samfélagsmiðlum þar sem starfsemin er kynnt og fréttum deilt.

Unnið hefur verið að undirbúningi ársfundar með þemað fjórða iðnbyltingin. Gert er ráð fyrir að aðalfyrirlesarar komi erlendis frá.

Upplýsingum í tengslum við starfið er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, Hæfnisetur ferðapjónustunnar, hæfnigreiningar, raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og ýmis sérverkefni FA.

## Ýmis ESB-verkefni

FA hefur verið þátttakandi í Erasmus+ KA2 verkefninu UP-AEPRO (Upskilling Pathways for Adult Education Professionals) með því að leggja til upplýsingar um raunfærnimatskerfið hér á landi og koma að mótun veflægs námskeiðs um árangursríkar leiðir fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Evrópska félagið fyrir nám fullorðinna stýrir verkefninu (EAEA) og önnur lönd sem miðla reynslu sinni sem samstarfsaðilar eru Portúgal, Bretland, Finnland, Svíþjóð og Danmörk (NVL). Á árinu 2019 hlaut FA Erasmus+ KA1 styrk til námsheimsókna sem hafist verður handa við að skipuleggja nú að hausti. Enn fremur hlaut FA Erasmus+ KA2 styrk í verkefnið Enterprised ásamt þremur öðrum löndum en verkefnið snýst um að auka hæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu í þörfum fyrirtækja fyrir fræðslu. FA stýrir verkefninu.

Unnið var að stöðuskýrslu um raunfærnimat á Íslandi fyrir CEDEFOP (European Inventory on Validation of Non-formal and Informal Learning). CEDEFOP vinnur að úrvinnslu landsskýrslna frá öllum Evrópulöndunum og birtir niðurstöður á vef sínum síðar á árinu. Jafnframt var unnin rannsóknarvinna fyrir CEDEFOP um raunfærnimat og ráðgjöf í íslenska raunfærnimatskerfinu í samstarfi við IÐUNA-fræðslusetur. Rannsóknin gengur út á að skilgreina árangursríkar leiðir við tengingu raunfærnimats og ráðgjafar, byggt á rýni í aðferðir 12 landa. Niðurstöðurnar verða birtar síðar á árinu.

## VISKA verkefnið (Visible Skills of Adults)

VISKA verkefnið hófst formlega í febrúar 2017 undir forystu Kompetanse Norge. Verkefnið er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatríði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika þeirra á því að fá störf við hæfi og hlúa þannig að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri. Önnur samstarfslönd eru Belgía, Ísland og Írland (rannsóknaraðili).

## Ný tæki

Haustið 2018 lauk FA við gerð fjögurra afurða sem nýttar voru í tilraunahluta verkefnisins sem má finna á vefsvæði verkefnisins. Unnið var að aðlögun þeirra fyrir íslenska tilraunahlutann á árinu. Þær eru:

- Yfirlit og prófun á sjálfsmatstæki
- Þjálfun matsaðila
- Aðferðafræði og viðmið fyrir mat á yfirfæranlegri hæfni
- Almenn gæðaviðmið í raunfærnimati.

Tilraunahluta verkefnisins lauk í vor, þar sem 50 innflytjendur (flestir

Pólverjar fóru í gegnum raunfærnimat hjá IDUNNI-fræðslusetri og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Það var áskorun að ná þátttakendum inn í verkefnið, en matið gekk vel fyrir sig og í heildina var hópurinn að fá svipaðan einingafjölda metinn og Íslendingar sem fara í gegnum sama ferli. Raunfærnimat á móti viðmiðum um yfirferanlega hæfni (pólskur hópur).

Fram undan er úrvinnsla úr rannsóknarhluta tilraunarinnar og skrif landskýrslu um niðurstöður verkefnisins. Í landsskýrslunni verður horft til upplifunar þátttakenda og árangurs sem og sýnar þeirra hagsmunaaðila sem standa að verkefninu hér á landi á áframhaldandi þróun raunfærnimats fyrir þennan mikilvæga hóp. Nánari upplýsingar á vef verkefnisins: [www.viskaproject.eu](http://www.viskaproject.eu)

### **Norrænt samstarf (NVL)**

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Netið var í flokki verkefna en var fært yfir í flokk áætlaða til jafns við Nordplus menntaáætlunina árið 2015. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2020 og er Hildur Hrönn Oddsdóttir tengiliður fyrir Íslands hönd.

NVL móðurnetið hefur fyrstu 6 mánuði ársins 2019 haldið þrjá sameiginlega fundi, þar af var einn fundur haldinn á Íslandi í febrúar. Á fundinum sem haldinn var á Íslandi sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndunum, fulltrúar Epale á Norðurlöndum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins (European Agenda for Adult Learning). Ástæða fundarins á Íslandi var að Ísland fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2019. Sjá umfjöllun um starfsár NVL 2018 í Ársskýrslu FA.

Tengiliður hefur haft umsjón með tengslaneti sem sinnir verkefnum tengdum náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum. Netið hefur haldið þrjá fundi á árinu. Netið sótti einnig ráðstefnu um raunfærnimat í Berlín í maí.

Innlend verkefni fyrstu 6 mánuðina voru eftirfarandi: Fundur allra fulltrúa Íslands í undirnetum NVL og vinnuhópum ásamt framkvæmdastjóra NVL í febrúar. Þar miðluðu fulltrúar upplýsingum sín á milli og greindu helstu áherslur í starfinu. NVL á Íslandi og Alfaráðið, net um læsi fullorðinna, stóðu fyrir málstofu um læsi fullorðinna í lok ágúst. Vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni stendur nú að fullu yfir undirbúningur vinnustofu fyrir ungt fullorðið fólk um menntun og sjálfbærni. Verður hún haldin í október.

### **Hæfnisetur ferðaþjónustunnar**

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka

hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi. Hlutverk Hæfnisetursins er að kortleggja þarfir fyrir fræðslu, benda fyrirtækjum á fræðsluaðila, ráðleggja fræðsluaðilum um fræðsluáferðir og markaðssetningu fræðslu, leggja til námsefni, þar á meðal rafræna fræðslu, og þróa aðferðir við að meta árangur af fræðslu á rekstur og starfsánægju í fyrirtækjum.

Meginverkefni Hæfnisetursins er að 1) koma á tengslum fræðsluaðila og fyrirtækja í verkefninu Fræðsla í ferðaþjónustu, 2) þróa rafræn tæki til að nota í fræðslu og 3) Meta þarfir ferðaþjónustunnar fyrir breytt eða nýtt nám í formlega skólakerfinu.

Hæfnisetrið vinnur á forsendum ferðaþjónustunnar og á í samstarfi og samtali við atvinnulífið, ferðaþjónustufyrirtækin, fræðsluaðila, stjórnvöld og opinbera aðila.

Skipta má starfsemi Hæfnisetursins í tvö verkefnasvið:

1. Í fyrsta lagi er um að ræða tilraunaverkefni undir yfirskriftinni Fræðsla í ferðaþjónustu, sem miðar að því að hvetja fyrirtæki til að fjárfesta í hæfni starfsfólks og gefa þeim kost á því á sínum forsendum. Tilraunaverkefnið er unnið í samstarfi við fræðsluaðila víða um land sem aftur eru í samstarfi við fyrirtæki og hagaðila á hverju svæði. Í árslok 2018 hafði verið samið við um 70 fyrirtæki í ferðaþjónustu með tæplega 2.000 starfsmenn. Samningarnir fela í sér greiningu á fræðsluþörfum fyrirtækis, gerð fræðsluáætlunar, eftirfylgni og mat á árangri.

Tengt því verkefni er vinna við að safna saman upplýsingum um fræðsluaðila og leita leiða til að auka aðgengi að góðu fræðslu- og þjálfunarefni svo það megi nýttast greininni. Hæfnisetrið smíðar, prófar og þróa stöðugt aðferðir og verkfæri og metur árangurinn af þeim í samstarfi við ferðaþjónustu-, fræðslu- og hugbúnaðarfyrirtæki. Á árinu hafa tvö ný verkfæri litið dagsins ljós, annars vegar fagorðalisti ferðaþjónustunnar og hins vegar fiskabúrið. Á vefsíðu Hæfnisetursins, hæfni.is, eru nánari upplýsingar um tilraunaverkefnið og verkfæri Hæfnisetursins.

2. Í öðru lagi hefur Hæfnisetrinu verið falið af aðilum vinnumarkaðarins að koma með tillögur að stefnu fyrir formlegt nám í ferðaþjónustu. Það verkefni hefur verið unnið frá ársbyrjun 2018 í samstarfi við yfirvöld, skóla, aðila atvinnulífsins og fyrirtæki. Alls tóku rúmlega 130 manns þátt í samtalinu og voru niðurstöður þess kynntar í maí 2019 þegar skýrslan Hæfni er grunnur að gæðum kom út. Skýrslan er innlegg atvinnulífsins í mótun mennta- og hæfnistefnu ferðaþjónustunnar.

Helstu niðurstöður samtalsins:

- Atvinnulíf og menntakerfi vilja vinna saman.
- Þörf er á breytingum á námsframboði.
- Raunfærnimat verði útbreidd og viðurkennd aðferð til að meta hæfni.

- Vottun á námi/hæfni verði á öllum þrepum og slík vottun hafi gildi á vinnumarkaði og til frekara náms.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar vinnur nú að því að koma þeim áherslum sem fram koma í skýrslunni í framkvæmd. Markmiðið er að halda samtalinu áfram svo hægt sé að taka næstu skref og móta námsleiðir í ferðaþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfsemi Hæfniseturs ferðaþjónustunnar má finna á vefsíðunni [www.hæfni.is](http://www.hæfni.is)

## Mímir


### Framsýni með hagsmuni nemenda að leiðarljósi

Óhætt er að segja að mikil gróska hafi ríkt hjá Mími á síðustu misserum og þar með töldu árinu 2018. Starfsemin hefur vaxið og dafnað og hafa sjaldan fleiri sótt sér þjónustu hjá Mími. Rík áhersla var lögð á vöruþróun, breytingar og nýsköpun sem er fastur og nauðsynlegur þáttur í vexti og rekstri Mímis, sem og bættri þjónustu við viðskiptavini. Innleiðing stafrænna lausna í þjónustu var áberandi, jafnt í rekstri, námi og kennslu, og einkenndist árið af því að efla enn frekar gæði og fagmennsku í starfseminni að þessu leyti. Þá skipar samstarf við atvinnulífíð sífellt stærri sess í starfseminni.

### Haldbær árangur af hagræðingu í rekstri

Rekstur Mímis-símenntunar ehf. skilar afgangi upp á rúmar þrjár milljónir árið 2018 samanborið við tíu milljóna króna afgang árið 2017. Mímir leggur megináherslu á að þjónusta Mímis mæti þörfum nemenda og annarra viðskiptavina, sem og að reksturinn sé traustur, bæði til lengri og skemmri tíma. Mímir hefur styrkt eiginfjárstöðu sína hægt og bitandi á síðustu þremur rekstrarárum, úr tæplega 18 milljónum króna árið 2015 í rétt rúmar 43 milljónir króna árið 2018. Þetta er mikilvægt til að hægt sé að mæta mögnum árum sem virðast koma með reglulegu millibili. Árangur af áherslu á hagræðingu í rekstri og umbótastarfi kemur berlega í ljós í ársreikningi Mímis fyrir árið 2018. Heildarrekstrartekjur Mímis stóðu nánast í stað milli ára enda þótt kostnaður vegna launa og verktakagreiðslna hækkaði. Annar rekstrarkostnaður en laun lækkaði um 3,8%, þrátt fyrir endurbætur á húsnæði og mikilvæg skref í að tæknivæða kennslu. Það má því segja að sú hagræðing í rekstri sem hófst árið 2017 sé að skila haldbærum árangri og er það hvatning til að halda áfram á þeirri vegferð. Þá var Mímir á meðal 3% íslenskra fyrirtækja sem uppfylltu skilyrði Keldunnar og Viðskiptablaðsins og taldist því Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2018. Til þess að komast á listann þurfa fyrirtæki að hafa skilað ársreikningi og uppfylla ströng skilyrði.





### Nemendur og ráðþegar sjaldan verið fleiri

Aldrei hafa jafnmörg námskeið verið haldin hjá Mími á einu og sama starfsárinu, samtals 176 námskeið. Þá hafa sjaldan fleiri nemendur stundað nám hjá Mími, samtals 2736 nemendur sem er 11% fjölgun á milli ára og 7% frá árinu 2016. Þá fjölgaði viðtölum hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis um 11% á milli ára. Fjölgun nemenda á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga var mikil og hefur aðsókn í námskeiðin aldrei verið meiri. Því miður tókst Mími ekki að anna eftirspurn þar sem úthlutað fjármagn mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Mímis vegna námskeiðanna er af skornum skammti. Þannig voru sumarnámskeið ekki í boði eins og árið 2017 þegar sjö sumarnámskeið voru haldin. Mímir vonar að framlög stjórnvalda til þessarar mikilvægu þjónustu aukist svo hægt verði að bregðast við hinni auknu eftirspurn. Ljóst er að einstaklingar af erlendum uppruna hafa mikinn áhuga á að læra íslensku til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og um leið aðlagast betur íslensku samfélagi. Metfjöldi, eða rúmlega 520 einstaklingar, þreyttu próf í íslensku hjá Mími vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt á árinu en Mímir sér um framkvæmd prófanna fyrir Menntamálastofnun í samstarfi við þrjár símenntunar- miðstöðvar á landsbyggðinni.

### Aukið samstarf við atvinnulífið

Það er ánægjulegt að samstarf Mímis við atvinnulífið skipar sífellt stærri

sess í starfsemi. Styrkur Mímis felst í miklum tengslum við atvinnulífið og sveigjanleika sem gerir það að verkum að hægt er að þjónusta fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag eftir þeirra þörfum og áherslum. Snemma árs var undirritaður samningur við Eflingu stéttarfélag og Starfsafl um hæfnigreiningu fimm starfa og fóru fjórar greiningar fram á árinu. Þá voru unnar tvær fræðslugreiningar í tveimur fyrirtækjum með aðferðarfræði Fræðslustjóri að láni í gegnum samstarf við Hæfnisetur ferðapjónustunnar sem hófst árið 2017. Mímir tók að sér að skipuleggja og halda námskeið fyrir dyraverði í nánú samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Samtök ferðapjónustunnar. Námskeiðin eru hluti af aðgerðaráætlun um ofbeldislausna og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Í aðgerðaráætluninni er tilgreint að eingöngu geti þeir starfað sem dyraverðir sem hafa gild dyravardarskráteini samþykkt af lögreglustjóra en námskeið hjá Mími er skilyrði fyrir því að fá skráteini. Þá bauðst starfsfólki Landsbankans að sækja náms- og starfsráðgjöf hjá ráðgjöfum Mímis og var samningur þess efnis undirritaður á árinu. Ráðgjöfin miðast við að efla starfsfólk til að mæta auknum og breyttum færniþöfum í starfi.

### **Betri þjónusta með nýjum stafrænum lausnum**

Ekki fer á milli mála að þjónusta er í auknum mæli að færast á netið og er að breytast með tilkomu ýmiss konar tækni. Þessi þróun hefur leitt af sér töluverðar breytingar á starfsemi Mímis. Sú þróun og innleiðing á nýju nemendaskráningarkerfi sem hófst síðla árs 2016 var umfangsmikil á árinu en þær aðgerðir sem ráðist var í við að tengja saman skráningarkerfi, vef og bókhald eru nú þegar farnar að skila þeirri hagræðingu sem vænst var, þótt enn sé langt í land. Allar þessar nýjungar eiga það sammerkt að auðvelda viðskiptavinum Mímis að fá hraðari og betri þjónustu, hvar og hvenær sem þeim hentar. Ánægjulegt er að sjá hversu vel viðskiptavinir taka þessum nýjungum og eru viðtökurnar frekari hvatning til að halda áfram á þessari braut. Mímir hélt áfram að fjárfesta í tækniþróun kennslu. Sem dæmi var fjárfest í tveimur 75 tommu gagnvirkum snertiskjám sem ætlað er að leysa skjávarpa af hólmi og auka fjölbreytni í kennsluháttum. Þá fjárfesti Mímir í upptökubúnaði til kennslu og námsefnisgerðar og innleiðing á nýju kennslukerfi hélt áfram í samstarfi við Advania. Með tilkomu sífellt fleiri stafrænna lausna í þjónustu hefur afgreiðslutími Mímis verið stytur. Afgreiðslutími á kvöldin var lagður niður og enn meiri áhersla lögð á afgreiðslu í gegnum vefinn og afgreiðslu á dagtíma. Stytti afgreiðslutími endurspeglar aukna notkun stafrænna lausna og sjálfstæði viðskiptavina við að nýta sér vefinn til að skrá sig í nám. Mikil tækifæri felast í tækni framförum og breytingum á þjónustu í formi menntunar. Jafnframt er töluverð áskorun fyrir Mími að mæta auknum kröfum á þessu

sviði, ekki síst vegna þess að fjárhagslegt svigrúm til þróunar og umbótaverkefna er afar takmarkað. Með útsjónarsemi hefur tekist að brjóta verkefnið upp í viðráðanlega áfanga en ljóst þykir að meira þurfi að koma til ef Mími á að takast að fylgja eftir þeim hraða sem verður á tækniframförum. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir menntastofnun að hafa fjárhagslegt svigrúm til þróunar til að þjónustan verði í takti við kröfur nemenda og annarra viðskiptavina.

### **Gæði og fagmennska í öndvegi**

Mikið var lagt í að efla gæði og fagmennsku í allri starfsemi Mímis. Skólanámskrá leit dagsins ljós í fyrsta sinn í sögu Mímis og Handbók fyrir kennara sömuleiðis. Þá voru gerðar áfangalýsingar fyrir Menntastofdir og íslensku sem annað mál en unnið er að gerð áfangalýsinga fyrir allt nám á námsbrautum hjá Mími. Á árinu fór fram úttekt á gæðum starfseminnar samkvæmt EQM+ gæðavottunarkerfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hlaut Mímir gæðavottun á öllum þremur sviðum EQM kerfisins, þ.e. á sviði fræðslu og námshönnunar, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Gildistími vottunar er þrjú ár en fer endurmat samt fram árlega. Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012. Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi um mitt árið og um svipað leyti gaf Mímir út nýja persónuverndarstefnu. Nýju löggin gera meiri kröfur til fyrirtækja um vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga. Meðfram útgáfu nýrrar persónuverndarstefnu var unnið að lögbundnum vinnslusamningum við samstarfsaðila og vinnsluskrá gerð um alla vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá fyrirtækinu. Framundan eru fleiri verkefni við eftirlit á vinnslu persónuupplýsinga og undirritun fleiri samstarfssamninga.

### **Framtíðinni verði mætt**

Breytingar á þjónustu hafa enn fremur leitt til þess að nú eru gerðar nýjar kröfur til þekkingar og hæfni starfsfólks. Nýtt verklag í þjónustu við nemendur og aðra viðskiptavina, vöruþróun og innleiðing nýrra lausna kallar á meiri samvinnu, þvert á svið. Starfsfólk í Mími hefur þurft að tileinka sér nýja þekkingu. Mímir stendur þó vel að vígi. Starfsfólk Mímis er metnaðarfullt og duglegt og er tilbúið að mæta áskorunum framtíðarinnar. Í Mími býr kraftur og Mímir leggur mikið á sig til að veita viðskiptavinum enn betri þjónustu. Fyrir hönd Mímis þakka ég viðskiptavinum og samstarfsaðilum fyrir mjög góða samvinnu á árinu og starfsfólki og kennurum fyrir öflugt og metnaðarfullt starf. Mímir mun halda áfram að rækja starf sitt af framsýni og þolgæði með hagsmuni nemenda sinna að leiðarljósi.

## Mannauður

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnarmenn komu frá Eflingu, VR, Rafiðnaðarskólanum, ASÍ, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Samiðn. Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 20 árið 2018 og sem er sambærilegt árinu á undan. Mímir er með öflugt tengslanet við kennara og aðra sérfræðinga á vinnumarkaði og voru um 154 í verktöku hjá fyrirtækinu árið 2018. Eru það heldur fleiri en árið á undan.

## Fræðsla

Heildarfjöldi nemendastunda jókst um tæp 2% frá árinu á undan. Fækkun var á nemendastundum í almennum námsbrautum en talsverð fjölgun í starfstengdum námsbrautum, sem og í tungumálanámskeiðum. Þó hefur fjöldi nemenda í Menntastöðum aldrei verið meiri. Talsverð aukning var á fjölda nemendastunda í íslensku sem öðru máli en fjöldi þeirra námskeiða sem haldin voru fór fram úr því fjármagni sem hlaust frá ráðuneyti. Fyrst og fremst má skýra aukinn fjölda nemendastunda með fjölgun á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði. Jafnframt fjölgaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf.

Í lok október ákvað stjórn Fræðslusjóðs að lækka aldursmörk markhóps framhaldsfræðslulaga sem nýtur góðs af framlögum sjóðsins til vottaðra námsbrauta og náms- og starfsráðgjafar úr 20 í 18 ár auk skilyrðis um virkni á vinnumarkaði. Þó haldast aldurmörkin í raunfærnimati óbreytt, 23 ár sem og þriggja ára reynsla á vinnumarkaði. Mímir fagnar þessari breytingu og telur hana til hagsbóta fyrir markhópin enda hefur hingað til komið upp sú staða hjá Mími að synja þurfi fólki um inngöngu á námsbrautir framhaldsfræðslunnar sem ekki hefur náð 20 ára aldri.

Áfram var lögð áhersla á að efla færni fólks og styrkja, sem og að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði og til náms. Unnið var að því að auka samstarf við atvinnulífið um þróun fjölbreyttra námstilboða. Samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er liður í þeirri vinnu og felst sú vinna í samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Samstarf Mímis og Rauða krossins á Íslandi um verkefnið Æfingin skapar meistaran, blómstraði á árinu en verkefnið snýst um að gefa innflytjendum tækifæri til að hittast og þjálfa sig í íslensku, sem og kynnast fólki í leiðinni. Vegna mikils niðurskurðar hjá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólki, hefur námskeiðum í samstarfi við Mími fækkað gríðarlega milli ára.



## Íslenska sem annað mál

### Almenn námskeið

Fjöldi námskeiða og nemenda í íslensku fyrir útlendinga var svipaður milli ára. Á árinu 2018 voru haldin 124 námskeið hjá Mími í íslensku sem öðru máli og lauk 1401 nemandi slíkum námskeiðum. Þörf og eftirspurn eftir fleiri íslenskunámskeiðum var þó umtalsverð. Því miður var ekki hægt að anna eftirspurninni vegna of lítills fjármagns frá ráðuneytinu og var því ekki boðið upp á sumarnámskeið hjá Mími auk þess sem ekki var hægt að verða við öllum beiðnum frá vinnustöðum sem óskuðu eftir íslenskunámskeiðum fyrir starfsfólk sitt. Færri almenn námskeið voru einnig í boði á haustönn og ekki tókst að koma til móts við þörfina fyrir alla sérhópa.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið niðurgreiðir íslenskunámskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum og er styrkjum úthlutað til eins árs í senn. Úthlutanir og greiðslur fylgja reglum ráðuneytisins um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Námskeiðin sem haldin voru á síðasta ári voru á fimm stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir níu mismunandi tungumálalópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda en meðal nýjunga má nefna námskeið fyrir persneskumælandi nemendur.

Kennsla fór fram á tveimur stöðum, þ.e. í Höfðabakka og í húsnæði Mímis á Öldugötu. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningar- málaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenn- ingarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál.

### **Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki**

Starfstengdum íslenskunámskeiðum fjölgaði um 41% milli ára en alls var haldið 31 námskeið hjá ellefu fyrirtækjum á árinu í samanburði við 22 námskeið árið áður. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslensku- námskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áfram- haldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun auk fagmenntaðs fólks, s.s. lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri stéttir. Nokkur fyrirtæki bjóða árlega upp á íslenskunám- skeið fyrir starfsfólk sitt í samstarfi við Mími og hafa gert um árabíl.

### **Íslenskunámskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun**

Haldin voru tíu íslenskunámskeið fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun og er það aukning um fimm námskeið frá árinu áður. Í náminu var fléttað saman íslenskunámi og öðrum þáttum sem styrkja fólk í atvinnuleit eins og sjálfsstyrkingu, gerð ferilskráa og ráðgjöf. Í framhaldi af íslenskunámskeiðunum fyrir atvinnuleitendur var boðið upp á námsbrautina Íslensk menning og samfélag með starfsþjálfun á vinnustöðum í kjölfarið og lauk fimm slíkum verkefnum á árinu.

### **Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt**


Frá árinu 2017 er í gildi þriggja ára samstarfssamningur Mímis við Mennta- málastofnun um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Alls þreyttu 521 einstaklingur slíkt íslenskupróf á árinu en 428 árið 2017 og er það aukning um tæp 22% milli ára.

Nánari upplýsingar um fjölda nemendastunda í einstökum námskeiðum og námsbrautum hjá Mími má sjá í ársskýrslu Mímis 2018

### **Ráðgjöf og stöðumat**

#### **Náms- og starfsráðgjöf**

Fjöldi ráðgjafarviðtala árið 2018 var 1.698 og er það 11% aukning á milli ára. Náms- og starfsráðgjafar koma að fjölbreyttri ráðgjöf, hvort sem er við nemendur Mímis eða aðra sem eru að velta fyrir sér námi, eru í starfsendurhæfingu eða eru í starfsleit.



Stöðugildi náms- og starfsráðgjafar voru um þrjú allt árið. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa voru svipuð og fyrri ára; ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsbrautum og raunfærnimat. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki sem þarf í ráðgjöf ásamt því að leita ráða sjálfir um hin ýmsu málefni.

Ráðgjafarnir komu að kennslu í hinum ýmsu námsbrautum Mímis og buðu meðal annars upp á hópráðgjöf fyrir nemendur í brottfallshættu í Menntastöðum. Áframhaldandi áhersla var lögð á þjónustu við nemendur Mímis í námsbrautum sem framkvæmdar eru í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og voru kennsla, hópráðgjöf, einstaklingsráðgjöf og kynning á raunfærnimati helstu atriðin í því samstarfi.

Aukið samstarf var við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og þeirra fólki boðið á kynningar, í hópráðgjöf og einstaklingsráðgjöf á staðnum ásamt því að taka þátt í raunfærnimati sem snéri að almennri starfshæfni. Þá má nefna samstarf við Landsbankann um að bjóða starfsfólki þar að sækja náms- og starfsráðgjöf hjá ráðgjöfum Mímis og var samningur þess efnis undirritaður á árinu. Ráðgjöfin miðast við að efla starfsfólk til að mæta auknum og breyttum færnikröfum í starfi.

Náms- og starfsráðgjafar vinna að fjöldamörgum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra starfsmenn Mímis og fyrirtæki á vinnumarkaði og í erlendu samstarfi, sem nýtist markhópnum vel. Sem dæmi má nefna þróun raunfærnimats í öryggisfræðum í afþreyingarferðaþjónustu sem unnið var í samstarfi við Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir tilstilli fjárstyrks úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Verkefnið fólst í vinnu við skimunar- og sjálfsmatslista og annarra matsverkfæra. Einnig fólst vinnan í því að framkvæma raunfærnimatið. Þá unnu ráðgjafar áfram að innleiðingu á nýju kennslukerfi og skráningarkerfi fyrir ráðgjöf og raunfærnimat hjá Mími sem hófst á fyrra ári.



### **Raunfærnimat**

Alls fóru 45 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími. Raunfærnimat er mjög góð leið til að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfseflingar hvort sem metið er á mótí námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími.



Viðskiptavinum Mímis stóðu fimm leiðir í raunfærnimati til boða:

- Raunfærnimat í almennri starfshæfni og grunnleikni þar sem metið er á móti viðmiðum atvinnulífsins. Metið er á hæfniprepum 1a, 1b, 2 og 3.
- Raunfærnimat verslunarfulltrúa þar sem metið er á móti viðmiðum námskrár fyrir verslunarfulltrúa sem gefin var út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á leikskólaliðabraut, félagsliðabraut, félags- og tómstundabraut og stuðningsfulltrúa í skóla.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) á hæfniprepum 1 og 2.
- Að auki var samstarf við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, um raunfærnimat í skipstjórn þar sem ráðgjafar voru þátttakendum innan handar í Skype matsviðtölum.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2019 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð árið 2018 sem ekki tókst að ljúka á árinu.

### **Stöðumat í íslensku**

Mímir býður væntanlegum þátttakendum á almennum námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími upp á þann kost að fara í stöðumat í íslensku svo hægt sé að finna og veita ráðgjöf um hvaða námskeið hentar best. Stöðumatið er bæði skriflegt og munnlegt og er það auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefjast. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Útlendingastofnun viðurkennir staðfestingar frá Mími þar að lútandi.

Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi. Á árinu voru 97 skráðir í þessi próf hjá Mími samanborið við 66 árið áður og er það aukning um tæp 47%. Munar þar mestu um fjölda erlendra hjúkrunarfræðinga sem komu inn á íslenskan vinnumarkað og starfa innan heilbrigðiskerfisins.

### **Þróunar- og samstarfsverkefni**

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Alls var unnið að níu þróunarverkefnum á árinu auk ýmiss konar samstarfsverkefna með vinnustöðum og stofnunum. Í byrjun árs var undirritaður samningur við Eflingu stéttarfélag og Starfsafl um hæfnigreiningu fimm starfa og fóru fjórar greiningar fram á árinu. Þá voru unnar tvær þarfagreiningar fyrir fræðslu í tveimur fyrirtækjum, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og Hard Rock Cafe,

með aðferðarfræði Fræðslustjóra að láni. Greiningarnar voru unnar í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar, Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofu-fólks og Starfsafl.

Í flestum tilvikum eru þróunar- og tilraunaverkefni samstarfsverkefni. Þau eru styrkt af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ eða Nordplus áætlunum.

Tafla 2 sýnir yfirlit þróunar- og samstarfsverkefna Mímis á árinu.

Þróunarverkefni	Tímabil
Ritun námskrár fyrir reynda hópferðabilstjóra í ferðapj.	Hófst 2017, lauk 2018
Samfélagstúlkur, hæfnigreining og ritun námskrár	Hófst 2017, lauk 2018
TASK - Technology, Activities, Skills and Knowledge	Hófst 2017, lýkur 2019
Rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli	Hófst 2016, lauk 2018
Raunfærnimat á móti störfum í ferðapjónustu	Hófst 2016, lauk 2018
ISLAND	Hófst 2016, lýkur 2019
Bridging L2 and Working Life (BLAWL)	Hófst 2016, lauk 2018
Raunfærnimat í öryggisfræðum í afþreyingarþjónustu	Hófst 2015, lauk 2018
GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)	Hófst 2015, lauk 2018

## Gæðamál

Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2018 þar engin undantekning. Í september hlaut Mímir formlega viðurkenningu á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar, EQM+ (European Quality Mark). Um var að ræða endurnýjun á EQM gæðavottun fræðsluaðila frá árinu 2012. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili en úttektina annast viðurkenndur úttektaraðili, Vaxandi – Ráðgjöf.

Tekið var upp nýtt kerfi frá Onesystems fyrir gæðahandbók en það byggir á Microsoft stýrikerfum og vefumhverfi. Kerfið felur í sér mikla hagræðingu fyrir utanumhald gæðahandbókar, sem og útgáfu gæðaskjala. Áfram var unnið að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurskoðun á eldri skjölum.

Skólanámskrá leit dagsins ljós í fyrsta sinn í sögu Mímis og Handbók fyrir kennara sömuleiðis. Þá voru gerðar áfangalýsingar fyrir Menntastöðir og íslensku sem annað mál en unnið er að gerð áfangalýsinga fyrir allt nám á námsbrautum hjá Mími.

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi um mitt árið og um svipað leyti gaf Mímir út nýja persónuverndarstefnu. Meðfram útgáfu nýrrar persónuverndarstefnu var unnið að lögbundnum vinnslusamningum við samstarfsaðila og vinnsluskrá gerð um alla vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá fyrirtækinu.

## **Kynningar- og markaðsmál**

Gefnir voru út kynningarbæklingar um tungumálanám og nám í íslensku fyrir útlendinga. Bæklingunum var meðal annars dreift í þjónustumiðstöðvar, sundlaugar og á kaffihús. Jafnframt voru gerðir kynningarbæklingar um nám og námsbrautir, mestmegnis rafrænir. Ný heimasíða var þróuð enn frekar og þjónusta við viðskiptavinum aukin í gegnum hana.

Áfram var notast við samfélagsmiðla; Facebook og Instagram, til að kynna starf Mímis. Þá voru birtar auglýsingar í útvarpi í samstarfi við K100 og Vodafone.

Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar, Breiðholtsblaðinu, í Fréttablaðinu og á strætóskýlum auk þess sem haldin voru opin hús hjá Mími til að kynna námsframboð. Mímir hóf einnig samstarf við framleiðslufyrirtækið Falcor um gerð kynningarmyndbanda um Mími. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp Mímis hverju sinni.

## **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar**

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984. Sjóðurinn er í umsjá Alþýðusambands Íslands. Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Sjóðurinn veitir styrki til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Einnig veitir hann styrki til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

1. maí 2019 veitti Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar þrjá styrki.

Hallfríður Þórarinsdóttir fékk styrk að fjárhæð kr. 550.000 vegna verkefnisins: „*Innflytjendur í veitingaþjónustu*“. Markmið verkefnisins er að kortleggja og greina þátttöku starfsfólks af erlendum uppruna í veitingaþjónustu. Tvö svæði verða í brennidepli: miðbær Reykjavíkur og valdir staðir á Suðurlandi. Rýnt verður í þróun og fjölgun erlendra starfsmanna á veitingastöðum á þessum svæðum á undanförunum árum m.t.t. kyns, aldurs, þjóðernis og lengdar í starfi og hlutfallið milli tímabundinna ráðninga, s.s. sumarstarfa og annarra dregið fram. Kannað verður hvers konar vinnuumhverfi veitingastaðirnir eru m.t.t. launakjara, framgangs í starfi, þjálfunar í íslensku og félagslegrar þátttöku í samfélaginu. Starfsmannavelta verður jafnframt skoðuð og tölulegra upplýsinga aflað um fjölda starfstengdra umkvarntana starfsfólks

til stéttarféлага auk hvers konar misneytingar, sem kann að hafa komið upp, og rýnt í viðbrögð og úrræði yfirvalda gagnvart henni. Skoðað verður hvernig etnísk lagskipting á vinnumarkaði innflytjandi/ekki innflytjandi birtist meðal starfsfólks og hvaða vísbendingar hún gefur. Til að varpa sem skýrustu ljósi á hlutdeild innflytjenda í veitingageiranum verður fókusað sérstaklega á sex til átta veitingahús, hvort á sínu svæðinu (höfuðborgarsvæði og Suðurland).

Verkefnið er framlag til aukins skilnings á vinnuframlagi starfsfólks af erlendum uppruna og þeim breytingum sem eru að verða á íslenskum vinnu- markaði með aukinni þátttöku þeirra.

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson fékk styrk að fjárhæð kr. 100.000 vegna verkefnisins: „*Frá kreppu til lífskjarasamnings*“. Markmiðið með rannsókn- inni er að skoða aðkomu hins opinbera að lausn kjarasamninga, einnig að rannsaka með hvaða hætti verðtrygging launa og/eða lánsfjár hafði áhrif á varanleika raunkjarabóta kjarasamninganna með hliðsjón af aðgerðum hins opinbera.

María Liv Biglio Róbertsdóttir fékk styrk að fjárhæð kr. 100.000 vegna verkefnisins: „*Viðhorf mannauðsstjóra og stjórnenda til eldri starfsmanna á Íslandi*“. Markmiðið með þessari rannsókn er að komast að því hvort það sé vísbending um aldursmismunun í ráðningu á eldri einstaklingum. Í rannsókn- inni verður reynt að komast að hversu stór þáttur aldur er innan ráðningarferl- isins til að meta hvort þörf sé á vitundarvakningu um eldri starfsmenn og til að berjast gegn aldurstengdri mismunun á vinnumarkaði.



## ERLEND SAMSKIPTI

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verka-lýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

### Norræna verkalýðssambandið – NFS

Starfið á vettvangi norrænu hreyfingarinnar litaðist ekki síst af því að NFS sjálf, ETUC og ITUC voru öll með sín þing (sem haldin eru á fjögurra ára

fresti) á tímabilinu.

Stjórn NFS kemur saman tvisvar á ári og hefur NFS sjálfstætt umboð til að vinna að sameiginlegum málefnum aðildarsamtakanna í samskiptum við Norræna ráðherraráðið og Norðurlandþingið ásamt embættismannanefndunum. Á stjórnarfundum haustsins í Osló, var meginviðfangsefni fundarins norræna samningamódelið og hreyfanleiki vinnuafslisins í tengslum við breytingar á vinnumarkaði, ekki síst af völdum örra tæknibreytinga. Á vorfundinum var sérstök áhersla á jafnrétti og ekki síst á jafnlaunastaðalinn og jafnlaunavottunina á Íslandi ásamt undirbúningi fyrir þing NFS sem haldið er á fjögurra ára fresti.

Samstarf norræna heildarsamtaka innan NFS snerist að miklu leyti um samræmingu sjónarmiða okkar innan ETUC og ITUC. Bæði þessi sambönd hafa haldið sín þing á síðasta ári, auk þess sem kosningar til Evrópuþingsins hafa sett svip sinn á starfsemi NFS.

Í samræmi við fyrirfram samþykkt verkaskiptingu milli aðildarfélaganna NFS er Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, formaður stjórnar NFS fyrir árið 2019.

Þing Norræna verkalýðssambandsins (NFS) var haldið 3.–5. september í Malmö í Svíþjóð undir yfirskriftinni „Byggjum brýr“. Upphaflega átti þetta þing að vera haldið á Íslandi en vegna efnahagsaðstæðna var þingið flutt til Svíþjóðar. Katrín Jakobsdóttir var aðalfyrirlesari og gestur þingsins ásamt því að Luca Visentini, framkvæmdastjóri ETUC, og þrjú af forystufólki ETUC, þau Liina Carr, Esther Lynch og Pelle Hilmersson, tóku þátt í þinginu.

Þinginu var skipt upp á milli fjögurra meginatriða: Lýðræði í krísu og uppgangur þjóðernispopúlisma í Evrópu, Framtíð vinnunnar og breyt umgjörð vinnumarkaðarins, Innri markaður Evrópu og samfélagslegar áherslur og Norræna samningamódelið.

Ráðstefnunni var skipt upp í þessi fjögur áhersluatriði þar sem hvert hófst með innleggi utanaðkomandi aðila en í kjölfarið fylgdu hringborðsumræður um hvert málefni sem jafnframt voru leiddar áfram af spurningum í samnefndum köflum þingskjalsins „Byggjum brýr“ sem unnið hafði verið fyrir þingið. Niðurstöður umræðnanna eru leiðarvísir og stefna NFS næstu fjögur árin.

## **NFJS – Samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS**

Þann 23. ágúst sl. var haldinn árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka stéttarfélaganna á Norðurlöndunum í Helsinki í Finnlandi. Fundir þessir eru ætlaðir til samræmingar og upplýsingaskipta fyrir lögfræðinga sem starfa fyrir norrænu verkalýðshreyfinguna. Fundinum var að þessu sinni ætlað að fjalla sérstaklega um tvær tilskipanir ESB um stór vinnuréttarleg málefni sem þarf að innleiða í aðildarríkjum á næstu misserum. Um er að ræða annars vegar

tilskipun 2019/1152 um gagnsæjar og fyrirsjáanleg vinnuskilyrði (e. Directive on transparent and predictable working conditions in the European Union) og hins vegar uppfærslu á grundvallartilskipun um útsenda starfsmenn (e. Directive (EU) 2018/957 of the European Parliament and of the Council of 28 June 2018 amending Directive 96/71/EC concerning the posting of workers in the framework of the provision of services).

Varðandi hina fyrrnefndu þá eru flestir sammála um að hún bjóði upp á mörg tækifæri. Um er að ræða lágmarkstilskipun, þ.e. tilskipun sem er ætlað að setja öryggisnet og ekkert því til fyrirstöðu að ekki sé gert betur en lágmarkið segir til um. Lýstu fulltrúar allra samtaka sinni sýn á verkefnið sem er reyndar á nokkrum stöðum komið vel á veg. Helstu áhyggjuefnin og álitamálin, sé út í það farið, lúta að þeirri áskorun að máta óhefðbundin ráðningarform inn í efnisreglur tilskipunarinnar. Ljóst er að tengihagkerfið (e. platform economy / collaborative economy) skapar margar áskoranir fyrir allar hefðbundnar skilgreiningar á ráðningarsambandi og verktakasambandi. Var það mál flestra að tilskipunin hefði mátt ganga lengra í þeim efnum að skapa sameiginlega evrópska skilgreiningu.

Hvað varðar svokallaða uppfærslutilskipun um útsenda starfsmenn þá er langsamlega stærsta álitaeefnið og/eða tækifærið nýtilkomin regla um jafnlaunarétt útsendra starfsmanna. Nánar tiltekið sú meginregla sem hefur verið fest enn frekar í sessi að kaup og kjör útsendra starfsmanna eigi að vera eins og hefðu viðkomandi verið ráðnir beint til notendafyrirtækis. Lýstu fulltrúar sinni sýn á innleiðinguna og með hvaða hætti væri hægt að tryggja að jafnlaunarétturinn svokallaði væri virtur en allir voru sammála um að þetta væri mjög snúið verkefni og þeim mun mikilvægara að skiptast á upplýsingum á milli um vel heppnaðar leiðir við innleiðingu. Þekkt er á Norðurlöndunum að markaðslaun t.d. byggingarmanna eru gjarnan hærri en samningsbundnir taxtar og/lágmarkslaun.

## **Fundir hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna**

Hagfræðingar norrænu alþýðusambandanna funduðu tvisvar á liðnu starfsári. Fyrri fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 11.–12. október. Á fundinum var sérstaklega rætt um launamyndun á Norðurlöndunum og ólíkar áskoranir ríkjanna. Á fundinum var sérstakt erindi flutt af hagfræðingum frá danska Seðlabankanum sem bar heitið „Why is nominal wage growth so slow“ þar sem skoðuð var launamyndun í Danmörku síðustu áratugi. Róbert Farestveit hagfræðingur sótti fundinn f.h. ASÍ. Hópurinn heimsótti einnig Carlsberg City, nýtt hverfi sem er í byggingu í Kaupmannahöfn á gamla svæði bruggverksmiðjunnar Carlsberg og á að verða að fullu tilbúið árið 2024.

Síðari fundurinn var haldinn á vegum ASÍ og fór fram í Borgarnesi í lok maí 2019. Á fundinum var farið yfir stöðu efnahags- og kjaramála á Norðurlöndunum og rætt um ýmsar áskoranir sem þau standa frammi fyrir á vinnumarkaði og í velferðarkerfinu. Fundargestum var boðin skoðunarferð um Borgarfjörð og heimsókn í Landnámssetrið í Borgarnesi þar sem Eiríkur Theódórsson, formaður ASÍ ung, tók á móti hópnum. Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, hélt erindi og ræddi við hópinn um stöðu efnahagsmála og lágframleiðni atvinnugreinar í hátekuhagkerfum.

## **SAMAK**

SAMAK er samstarfsveitvangur alþýðusambandanna og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum. Alþýðusambandið hefur að mestu leyti afmarkað þátttöku sína við ársfundina þar sem fjallað er um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Ársfundir SAMAK eru byggðir upp með pólitískum ræðum og fræðilegum kynningum sem síðan eru rædd í pallborðum sem samanstanda af norrænu forystufólki úr verkalýðshreyfingunni og pólitíkinni.

Megináhersla ársfundarins að þessu sinni var á fjórðu iðnbyltinguna og framtíð vinnunnar m.a. undir yfirskriftinni „Framtíðarvinnumarkaðurinn með nýrri tækni“ auk þess sem mikil umræða var um pólitíska þróun í Evrópu og kosningar til Evrópuþingsins sem fram fóru síðar á árinu. Í tilefni af ársfundinum var gefin út skýrslan Norden og fremtidens Europa.

## **Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi – (VN)**

Til Verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi, VN, tilheyra heildarsamtök verkalýðsfélaga á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Gert er ráð fyrir einum fundi á ári sem haldinn er til skiptis í löndunum og að þessu sinni var fundurinn haldinn í Ilulissat á Grænlandi.

Ólíkt öllu öðru erlendu samstarfi þá erum við frá Íslandi hér í forystuhlutverki. Það er því nokkur ábyrgð sem fylgir því að vera stærsti aðilinn í samstarfinu og sá sem getur gefið af sér.

Stærstur hluti hins formlega fundarins fer í að ræða ársskýrslur landanna og að kynnast þannig því sem er líkt og ólíkt með okkur þremur. Hins vegar er sá hluti tímans sem er utan hins formlega fundar ekki síður mikilvægur til að kynnast, spyrja og rökræða um málefni sem tengjast ólíkum aðstæðum eða líkum aðstæðum, ólíkum eða líkum nálgunum á verkefnum og svo mætti lengi telja. Aðallega er töluð danska en einnig bregður fyrir ensku.

Eins og fram hefur komið í skýrslu forseta fyrir árið 2018 þá féll fundurinn



sem átti að vera í Færeyjum síðastliðið sumar niður þar sem Grænlingar gátu ekki sótt fundinn vegna þoku, en á þeim fundi átti að taka afstöðu til greiðslu félagsgjalda til sambandsins. Sagan að baki félagsgjaldanna er þessi:

„Eftir hrunið í október 2008 og samdrátt í tekjum ASÍ var lagt til að leggja af iðgjöld til sambandsins, en VN hafði þá safnað verulegum fjárhæðum í sjóð vegna þess að um litla sem enga starfsemi var að ræða. Fulltrúar ASÍ gerðu grein fyrir þeirri afstöðu sinni, að ekki væri hægt að forsvara svo háar greiðslur til samtaka sem í raun hefðu ekki þörf fyrir þessa fjármuni. Var það samþykkt en ákveðið að taka málið upp aftur síðar. Á árinu 2017 voru sjóðir VN nánast uppnir og var forseta ASÍ falið að koma með tillögu að nýju fyrirkomulagi sem til stóð að ræða á ársfundinum í sumar. Tillaga forseta er að stefna að hóflegu iðgjaldi sem staðið gæti undir lágmarks starfsemi, en að hver samtök fyrir sig myndu kosta ferðir og gistingu sinna fulltrúa á ársfundinn“ (Skýrsla forseta 2018).

Eftir umræðu um mögulega nálgun á fyrirkomulagi iðgjalda til sambandsins var samþykkt tillaga í samræmi við þá tillögu sem þegar hafði verið lögð til af hálfu forseta ASÍ um hóflegt iðgjald. Tillagan var sú að iðgjöldin yrðu 40 þúsund danskar krónur á ári sem skiptust þannig að Grænlingar greiði 10 þúsund, Færeyingar greiði 10 þúsund og við Íslendingar 20 þúsund (tæplega 382 þúsund íslenskar krónur). Þessum greiðslum er ætlað að standa straum af lágmarks starfsemi, fundarstað og veitingum á fundinum, fræðslu og einum kvöldverði fyrir hópinn. Jafnframt var samþykkt að iðgjaldaákvörðunin tæki gildi þegar á þessu ári.

Samþykkt var að næsti fundur yrði haldinn í Færeyjum, þar sem að fundurinn sem þar átti að vera á síðasta ári féll niður. Fundurinn á árinu 2021 verður síðan haldinn á Íslandi.

Sammæltust fundarmenn um að mikilvægt væri að vera með ákveðið þema fyrir hvern fund og að þema næsta árs yrði umhverfismál og fjórða iðnbyltingin og áhrif hennar. Fulltrúar frá löndunum ætla að nota tækifærið sem gefst í tilefni af stjórnarfundum NFS að vori til nánari undirbúnings fyrir Færeyjafundinn í ágúst 2020.

Jafnframt var rætt um nauðsyn þess að endurskoða samþykktir sambandsins og lagt til að drög að breytingum verði lögð fram til umræðu og afgreiðslu á fundinum í ágúst 2020.

## **Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)**

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin hittist að jafnaði tvisvar ári, í byrjun vetrar og síðla

vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál. Ljóst er að hafa má margvíslegt gagn af þessu samstarfi, bæði til að afla upplýsinga og læra af því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og tengjast því sem þar er að gerast. Ekki voru sóttir fundir af hálfu ASÍ á vegum nefndarinnar á tímabilinu.

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd í áheyrnarfulltrúa í stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu.

Á Evrópuvísu er ýmislegt að gerast í vinnuverndarmálum. Í gegnum EES-samninginn tókum við upp margt af því sem þar er gert.

Á tímabilinu var samþykkt ný gerð á Evrópuvísu um krabbameinsvaldandi efni og var það stærsti einstaki viðburðurinn á þessu málefnaviði. Þá tókst að hrinda áformum um að draga úr vægi aðila vinnuáráðarins á þessu málefnaviði.

## **Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC**

Fastir fundir framkvæmdastjórnar ETUC eru fjórum sinnum á ári, en síðustu misseri hefur það færest í aukana að haldnir eru aukafundir um afmörkuð viðfangsefni sem ekki tekst að ná samstöðu eða niðurstöðu um á föstum fundi framkvæmdastjórnarinnar. Fundir og starfsemi framkvæmdastjórnar ETUC fram að þingi þess í maí hefur einkennst af umræðum um framkvæmd samfélagsáttmálans (Social Pillar), útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, kosningarnar til Evrópuþingsins í sumar, fjórðu iðnbýltinguna og uppgang öfgaafla, þjóðernispopúlisma og útlendingaandúðar í Evrópu.

### **14. þing Evrópusambands verkalýðsfélaga**

Þing ETUC var haldið í Vín í Austurríki dagana 21.–25. maí undir yfirskriftinni: „Réttlátari Evrópa fyrir launafólk“. Rúmlega 600 fulltrúar verkalýðsfélaga frá 38 Evrópulöndum sátu þingið.

ETUC-þingið var haldið á sama tíma og kosningarnar til Evrópuþingsins og í skugga vaxandi þjóðernispopúlisma og stuðnings við hægri öfgaflokka í Evrópu. Á sama tíma er vegið að réttindum og kjörum launafólks víða í álfunni og lýðræðið á undir högg að sækja. Þetta á ekki síst við í Austurríki þar sem þingið var haldið. Þar komst hægri stjórn til valda á síðasta ári sem réðist strax af hörku gegn verkalýðshreyfingunni og hagsmunum launafólks í landinu.

Í upphafserindi Luca Visentini, framkvæmdastjóra ETUC, gerði hann vaxandi þjóðernishyggju og stuðning við hægri öfgaflokka að umtalsefni og hversu mikilvægt það sé fyrir launafólk að skilja ástæðurnar að baki uppgangi

þessara afla. Aðeins þannig sé hægt að bregðast við þessari hættulegu þróun sem ógnar friði, lýðræði og hag launafólks í Evrópu og reyndar um allan heim. Orsakanna sé að leita í atvinnuleysi, vaxandi ójöfnuði og misskiptingu í Evrópu eins og annars staðar í heiminum. Sífellt fleira launafólk býr við minnkandi starfsöryggi og versnandi afkomu um leið og þeir ríku verða ríkari og alþjóðleg stórfyrirtæki vaða uppi og komast undan því að greiða skatta til samneyslnnar.

Launafólk í Evrópu býr við minna öryggi og upplifir vaxandi óréttlæti og misskiptingu sem leitt hefur til vonleysis og vantrúar á þá stjórnmalaflokka sem verið hafa við völd í Evrópu. Skilaboð ETUC-þingsins eru að þróuninni verði aðeins snúið við með því að styrkja verkalýðshreyfinguna, sem geti tekið þátt í að skapa réttlátara samfélag í Evrópu.

Fyrir þinginu lá stefnuskjal upp á tæpar 200 blaðsíður sem unnið hefur verið að síðastliðið ár. Stefnuskjalið skiptist í 6 kafla og var hver kafli tekinn fyrir sig og hann ræddur og afgreiddur sérstaklega. Auk þess sem gestir þingsins tengdust efni og innihaldi stefnuskjalsins með beinum hætti.

- Fyrsti kafliinn fjallar um það að tryggja lýðræði og betri framtíð fyrir vinnandi fólk í Evrópu.
- Annar kafli stefnuskjalsins fjallar um mótun nýrrar og róttækrar efnahagsstefnu sem byggir á sanngjarnri efnahagslegri og félagslegri stjórnun. Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, var einn af gestum þingsins og talaði hann beint inn í annan kafla stefnuskjalsins.

Skilaboð Stiglitz voru skýr: Nýfrjálshyggjutilraun síðustu fjörutíu ára hefur beðið skipbrot, er gjaldþrota. Það er kominn tími til að við breytum efnahagskerfinu okkar og hagstjórn til að tryggja velferð allra og takast á við umhverfisógnina sem við stöndum frammi fyrir (sjá nánar umfjöllun um innlegg Stiglitz frá þinginu á vef ASI: <https://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/almennar-frettir/nyfrjalshyggjan-er-gjaldthrota/>).

- Þriðji kafli stefnuskjalsins fjallar um baráttuna fyrir hærri launum, sterkari samningsrétti og kjarasamningsumhverfi og auknum réttindum fyrir alla.

Hér er sérstaklega rætt um réttinn til að semja um kaup og kjör, lagarammann, vinnuvernd og öryggi, jafnrétti og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja.

- Fjórdi kafliinn fjallar um mikilvægi þess að ná fram sanngjarnri skiptingu í þeim breytingum sem fylgja tækninýjungum og þróun á vinnumarkaði.

Réttláta skiptingu auðsins, réttlæti til handa öllum í tækniþróun og sterkari stefnumótun til að tryggja jafnrétti í víðum skilningi.

- Fimmti kafliinn fjallar um endurnýjun samfélagssáttmálans og mótun framtíðar vinnumarkaðarins á forsendum samfélagssáttmálans. Hér er

ekki síst verið að leggja áherslu á símenntun og þjálfun, bæði meðan á starfsævinni stendur og reyndar líka fyrir ungt fólk sem ekki hefur verið á vinnumarkaði. Í tengslum við umræðu um tengsl samfélagsáttmálans og framtíð vinnunnar var meðal annars rætt við Semih Yalcin, sem er matarsendill í Köln, og hans baráttu fyrir réttindum starfsfólks og lýðræðisvæðingu á vinnustöðum með því að berjast fyrir aukinni aðkomu starfsfólks að stjórnun fyrirtækja.

- Sjötti kaflinn og jafnframt sá síðasti fjallar um fólksflutninga, innflytjendur og flóttafólk og mikilvægi þess að stefna í þeim málum byggi á samstöðu, jöfnuði og þátttöku.

Stefnuskjalið var samþykkt með meginþorra atkvæða.

Á síðasta degi þingsins voru kynntar þrjár neyðartillögur.

- Tillaga til stuðnings félagafrelsi og vörn fyrir félagá íranskra verkalýðshreyfinga.
- Tillaga vegna Brexit og mikilvægi þess að vinnandi fólk verði ekki fyrir barðinu á útgöngu Breta úr Evrópusambandinu.
- Tillaga vegna ástandsins í Austurríki.

Allar þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.

Í kjölfarið á samþykkt stefnuskjalsins fyrir næstu fjögur ár var samþykkt stefnuyfirlýsing fyrir næstu fjögur ár.

Að lokum var samþykkt skjal sem ber yfirskriftina: „Framtíð ETUC“ sem er stefnumörkun fyrir starfsemi skrifstofu ETUC næstu fjögur ár og kallast á við stefnuskjalið og stefnuyfirlýsinguna.

Á þinginu fara fram kosningar í embætti framkvæmdastjóra og forseta sem fara með forystu ETUC næstu fjögur árin.

## **Netlex – Network of Legal Experts**

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC var haldin dagana 20.–21. febrúar sl. í Stokkhólmi. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar að þessu sinni voru hefðbundin málefni frá sjónarhóli evrópsks og alþjóðlegs vinnuréttar.

Farið var með ítarlegum hætti yfir hið sænska vinnumarkaðsmódel sem af mörgum er talið eitt það þróaðasta sem þekkist. Fulltrúar frá atvinnurekendum og launafólki héldu sameiginlega tölu þar sem útgangspunkturinn var fyrst og fremst sú sameiginlega einarða afstaða að málefni vinnumarkaðarins eigi að semja um í kjarasamningum en ekki á vettvangi stjórnmalanna. Oft skapaðist því spenna vegna réttargerða ESB um vinnumarkaðsmál enda byggðu þau á öðrum veruleika en ætti við um hið sænska módel.

Fjallað var um mögulega nytsemi verkalýðshreyfingarinnar af evrópskum samkeppnisreglum en stór samkeppnismál fjalla oftast en ekki um samruna fyrirtækja. Ferlar slíkra mála bjóða þeim sem hagsmuna eiga að gæta að segja

álit sitt á hugsanlegum samruna og stéttarfélög geta svo sannarlega fallið undir þann flokk. Voru rakin tvö dæmi þar sem stéttarfélögum tókst að hafa áhrif á skilmála samruna og félagar hvattir til að vera vakandi fyrir þeim möguleika að láta sig slík mál varða.

Einn fremsti sérfræðingur Evrópu í mismununarlögum (e. discrimination law), Robin Allen QC, hélt afar fróðlegt erindi um hvernig sjálfvirkni og gervigreind getur mismunað einstaklingum á grundvelli, kyns, kynhneigðar o.s.frv. Útgangspunkturinn er sá að þar sem svo mikill halli sé í forritunargeiranum sem samanstandi fyrst og fremst af hvítum karlmönnum, geti það skilað sér í sjálfvirkum búnaði og jafnvel gervigreind. Lýsti hann nokkrum dæmum sem upp hafa komið í Bretlandi þar sem reyndi á þetta.

Farið var yfir drög að tilskipun ESB um svokallaða uppljóstrara (e. whistleblowers). Komu fram mikil vonbrigði með það hvernig þær reglur hefðu verið útvatnaðar í meðferð Framkvæmdastjórnarinnar.

Auk ofangreinds var fjallað um fjölmörg fleiri áhugaverð umfjöllunarefni, ekki síst varðandi vinnuréttarlegar áskoranir og tækifæri sem skapast vegna hinnar svokölluðu fjórðu iðnbýltingar.

## **Fundir á vegum ETUC fyrir fjölmiðlafólk innan hreyfingarinnar**

Aðilar innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar sem starfa að upplýsinga- og kynningarmálum hittust á fundi í Brussel 21. september 2018. Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá ASÍ, sótti fundinn fyrir hönd sambandsins. Á fundunum, sem 30–40 manns sóttu, var farið yfir helstu áhersluatriði í málflutningi ETUC á komandi vetri. Þar bar hæst Evrópuþingskosningarnar í maí 2019 og uppgang hægri öfgaflokka í aðdraganda þeirra kosninga. Fram komu miklar áhyggjur af þróun mála og rætt hvað verkalýðshreyfingin gæti gert til að stemma stigu við uppgangi popúlisma og falsfréttum í álfunni. Enginn var með töfralausnina en lögð var áhersla á að verkalýðshreyfingin myndi spyrna fast við fótum og andmæla lygum og hatursáróðri af krafti.

Farið var yfir árangur af herferðinni Europe needs a pay rise sem staðið hafði í tvö ár, bæði mælanlegan og eins hvernig aðildarsamtök hefðu nýtt sér það sem frá ETUC kom í því sambandi. Fulltrúi ASÍ gerði stuttlega grein fyrir þeim fréttaskrifum varðandi efnið sem birtust á heimasíðu sambandsins.

Næsti fundur í ETUC Press & Communications Committee verður í lok í september 2019.

## **Ráðgjafarnefnd EFTA**

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar

er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Liechtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildar-samtökunum í einstaka málum. Halldór Grönvold er formaður nefndarinnar.

Eins og áður fjallaði Ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Rekstur EES-samningsins og þau fjölmörgu álitaefni sem þar koma upp eru reglulega á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar. Þá var á tímabilinu ítrekað fjallað um væntanlega útgöngu Breta úr ESB og EES, stöðuna og möguleg áhrif og stöðu viðræðna EFTA um fríverslunarsamninga. Einnig voru til umfjöllunar staða og þróun félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu, samskipti og hlutverk aðila vinnumarkaðarins og samskipti EFTA- og ESB-ríkjanna og framtíð vinnunnar og vinnuréttar á stafrænni öld. Þá var rætt um hlutverk aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum gagnvart fríverslunarsamningum sem gerðir eru á EFTA-vísu. Hér á eftir er fjallað stuttlega um sumt af því sem kom fram á fundum ráðgjafarnefndarinnar á tímabilinu. Síðast en ekki síst litadist starfsemi ársins mjög af því að liðin eru 25 ár síðan EES-samningurinn tók gildi.

### **Ákvæði um réttindi launafólks í fríverslunarsamningum**

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar í október 2018 var fjallað um sögu ákvæða um réttindi launafólks í viðskiptasamningi og þær spurningar sem hafa vaknað í því samhengi. Þá fjallaði sérfræðingur sérstaklega um ákvæði um réttindi launafólks í fríverslunarsamningum EFTA. Að sumu leyti eru fríverslunarsamningar EFTA og ESB hliðstæðir þegar kemur að ákvæðunum. Munurinn er hins vegar að í ESB-samningunum felast skýrari formlegar skuldbindingar varðandi innleiðingu samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) um réttindi launafólks. Kom fram að það þurfi að uppfæra og styrkja ákvæðið í EFTA-fríverslunarsamningunum. Þá vanti að fylgja ákvæðunum eftir. Það vantar pólitískan vilja til að gera betur.

Á fundi með þingmannanefnd EFTA í júní 2019 var síðan gerð grein fyrir tillögu að nýjum sjálfbærnikafla (um réttindi launafólks og umhverfismál) í viðskipta-/fríverslunarsamningum EFTA við þriðju ríki. Um er að ræða mikilvæga endurskoðun á sambærilegum kafla sem EFTA-ríkin byrjuðu fyrst að

vinna með árið 2010. Meginbreytingin er að:

1. Búið er að uppfæra og betrubæta verulega greinina um réttindi launafólks, m.a. með tilvísun í grundvallarsamþykktir ILO.
2. Búið er að bæta við nýjum greinum um umhverfismál.
3. Búið er að bæta inn tilvísun í jafnrétti kynjanna.
4. Búið er að bæta inn nýrri grein um eftirfylgni með framkvæmd samningsins.

Í framhaldi af kynningu á nýja kaflanum gerði dr. Damian Raess frá Heimsviðskiptastofnuninni (WTI) grein fyrir úttekt sem hann hafði undirbúið á kaflanum og gerði grein fyrir hugmyndum sínum að umbótum á kaflanum. Ábendingar og tillögur dr. Raess beindust einkum að eftirfylgni með slíkum ákvæðum og hvað væri vænlegast í þeim efnum m.a. að teknu tilliti til smæðar stjórnkerfis EFTA og takmarkaðra möguleika/vilja til að byggja upp stofnanastrúktúr til að fylgja málum eftir og takast á við þau vandamál sem upp kunna að koma. Benti hann í því sambandi sérstaklega á fordæmi frá Nýja-Sjálandi.

Á fundi með ráðherrum EFTA-ríkjanna síðar um daginn var hins vegar harðlega gagnrýnt að ekki hafi verið haft samráð við ráðgefandi nefndir EFTA (þ.e. ráðgjafarnefndina og þingmannanefndina) við samningu kaflans og gerð krafa um að nefndirnar fengju ráðrúm til að koma með ábendingar og tillögur að breytingum. Hvað varðar efni kaflans sem snýr að áherslu á réttindi launafólks, umhverfismálin og jafnréttismálin, eins og hann liggur fyrir núna, komu fram nokkrar minni háttar ábendingar og tillögur en samstaða var um að efnið væri í grunninn gott. Hins vegar var sá hluti sem snýr að eftirfylgni með því að efni kaflans sé virt af sammingsaðilum gagnrýndur fyrir að vera veikur, um margt óljós og að það vantaði aðkomu ráðgefandi nefnda EFTA. Af hálfu ráðgjafarnefndar EFTA var boðað að nefndin mundi vinna og senda inn tillögur að betrubótum og breytingum.

### **„Ný form atvinnu/ráðningar – erum við undirbúin?“**

Ráðgjafarnefnd EFTA skipulagði í mars 2019 í samstarfi við vinnuhópa EFTA ½ dags ráðstefnu um „Ný form atvinnu/ráðningar – erum við undirbúin?“. Á ráðstefnunni var kynnt rannsókn sem Eurofound (rannsóknarstofnun á vegum ESB) hefur unnið um breytt form ráðninga (einkum í tengslum við tengihagkerfið – platform/gigg economy) útbreiðslu, eðli og áhrif á kjör og réttindi þeirra sem þar starfa. Fram kom að þótt margt sé sameiginlegt er ekki hægt að setja kjör og réttindi starfsmannanna undir einn hatt. Þá var fjallað um hvernig Norðmenn hafa verið að bregðast við þróuninni, bæði með lagasetningu og áherslu á hæfniuppbyggingu, auk annars. Einnig var kynnt ný tillaga að tilskipun sem ætlað er að tryggja betur réttarstöðu starfsfólks við ráðningu og

gera kjör og réttindi gagnsærri. Loks var fjallað um hvað Evrópusambandið er að gera til að bregðast við þróuninni til lengri tíma lítið út frá hagsmunum launafólks og skipulagi vinnunnar. Var í því sambandi ítrekað vísað til þeirra aðgerða sem hrint hefur verið í framkvæmd og boðaðar undir yfirskriftinni Evrópsk stoð félagslegra réttinda (European Pillar of Social Rights).

### **Ráðgjafarnefnd EES**

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndin hittist einu sinni á ári. Af hálfu EFTA er Halldór Grönvold formaður nefndarinnar.

Fundur var haldinn í ráðgjafarnefnd EES í Brussel 23. maí 2019. Meginefni fundarins var umfjöllun og afgreiðsla á tveimur ályktunum nefndarinnar ásamt greinargerðum. Annars vegar um „Vinnumarkaðsstofnun Evrópu“ (European Labour Authority – ELA), þar sem umræðunni var fylgt úr hlaði með erindi frá fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB um þróun félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu með sérstaka áherslu á „Evrópska stoð félagslegra réttinda“ (European Pillar of Social Rights). Hins vegar um „Ávinningana af Evrópska efnahagssvæðinu í 25 ár“ (Benefits of 25 years of EEA Agreement), þar sem umræðunni var fylgt úr hlaði með erindum frá fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB sem ber ábyrgð á samskiptunum við EES-EFTA-ríkin, sendiherra Liechtenstein sem er nú í forsvari fyrir EES-nefndinni og fulltrúa EFTA-skrifstofunnar sem ber ábyrgð á Brexit-málum.

Hinn 24. maí var síðan haldinn fundur á vegum utanríkisnefndar efnahags- og félagsmálanefndar ESB (EESC) í tilefni af 25 ára afmæli EES-samningsins. Á fundinum töluðu fulltrúar EES-EFTA-ríkjanna og ESB, auk þess sem formenn ráðgjafarnefndar EES ávörpuðu fundinn. Einnig sátu fulltrúar í ráðgjafarnefnd EFTA og gestir frá EES-EFTA-löndunum og skrifstofu EFTA fundinn.

Á fundinum 24. maí kom fram mjög jákvæð afstaða til EES-samningsins og samstarfsins við EES-EFTA-ríkin af hálfu fulltrúa í efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu og var fundurinn í alla staði mjög jákvæður.

Ályktunin ásamt skýrslunni um „Vinnumarkaðsstofnun Evrópu“ (European Labour Authority (ELA)) byrja á að fjalla um lagalegan og hugmyndalegan grundvöll Vinnumarkaðsstofnunar Evrópu (ELA).

Í ályktunni er reglugerðinni um ELA fagnað um leið og lögð er áhersla á að stofnunin virði nálægðarregluna, sem felur í sér að hún virði sjálfstæði aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum til að gera kjarasamninga og fylgja þeim eftir og vinnumarkaðskerfi í hverju landi fyrir sig. Þá er kallað eftir því að EES-EFTA-ríkin fái fulla aðild að stofnuninni og starfsemi hennar. Þá er



fjallað um frjálsa för launafólks og lögð áhersla á að reglur um það efni séu innleiddar og virtar, þar sem m.a. er verið að vísa í reglur sem eiga að koma í veg fyrir félagsleg undirboð. Þá er fjallað um mikilvægt hlutverk aðila vinnu- markaðarins og að virk aðkoma þeirra að ELA og starfsemi stofnunarinnar sé forsenda árangurs. Loks er fagnað þeim árangri sem náðst hefur við að hrinda ákveðnum þáttum Evrópskrar stoðar félagslegra réttinda í framkvæmd, sérstaklega sem snýr að endurbótum á tilskipuninni um útsenda starfsmenn.

Ályktunin ásamt skýrslunni um „Ávinningana af Evrópska efnahagssvæðinu í 25 ár“ (Benefits of 25 years of EEA Agreement), sem skrifuð voru af fulltrúa atvinnurekenda á Íslandi og verkafólks í Bretlandi, eru byggð upp með hefðbundnum hætti. Fyrst er fjallað um hinn lagalega og hugmyndalega grundvöll Evrópska efnahagssvæðisins, síðan kemur ályktunin sjálf og loks fylgir ítarleg greinargerð.

Ályktunin byrjar á að áréttta að EES-samningnum er ætlað að tryggja öllum aðildarríkjunum til framtíðar jafnan grundvöll og aðgang að markaðinum, jafnt fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Lögð er áhersla á að samningurinn sé upp- færður til að tryggja samræmdan innri markað og horft til framtíðar til að nýta þá vaxtarmöguleika sem ný tækni veitir um leið og tekist er á við þær áskoranir sem henni fylgir fyrir vinnumarkaðinn og þörfina á góð vel borguð störf. Einnig er vísað til áskorana á sviði vinnumarkaðsmála. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að takast á við félagslega þætti eins og félagsleg undirboð og brot á vinnumarkaði og virka þátttöku EES-EFTA-ríkjanna í framtíð Evrópu á sviði félagsmála og Evrópska samfélagsmódelið. Þá er í ályktuninni lögð áhersla á mikilvægi lýðræðisins. Í greinargerðinni er síðan fjallað ítarlega um inntak EES-samningsins, þær áskoranir sem Evrópa stendur frammi fyrir og möguleika EES-EFTA-ríkjanna til að hafa áhrif á þróunina á Evrópuvísu.

## **Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC)**

ITUC eru alþjóðasamtök launafólks sem stofnuð voru í byrjun nóvember 2006 með sameiningu tveggja alþjóðasambanda og svæðasambanda launafólks sem staðið höfðu utan alþjóðasamtakanna. ITUC nýtur almennrar og víðtækrar viðurkenningar í alþjóðasamfélaginu sem fulltrúi launafólks á alþjóðavettvangi. Meginverkefni samtakanna er að samræma afstöðu aðildarsamtakanna og koma fram fyrir þeirra hönd á alþjóðavísu og í ýmsum alþjóðastofnunum. Þunginn í starfi ITUC beinist að baráttunni fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á réttindum launafólks til að stofna og starfa í verkalýðsfélögum og rétt þeirra til að gera kjarasamninga. Þá berjast þau fyrir grundvallarréttindum launafólks í starfi og almennum mannréttindum. Eðli málsins samkvæmt beinist starf ITUC að því að styðja verkalýðshreyfinguna og mannréttindabaráttu í þró-

unarríkjunum, innan alþjóðastofnana og í einstaka þróunarríkjum.

ITUC heldur þing á fjögurra ára fresti, að þessu sinni var þingið haldið í Kaupmannahöfn í desember 2018.

### **Þing ITUC í Kaupmannahöfn**

Yfirskrift þingsins var: „Valdeflum verkafólk. Breytum reglunum“. Drög að stefnumótun var dreift all nokkru fyrir þingið til að tryggja að allir þingfulltrúar gætu tekið þátt í umræðu og komið að athugasemdum og ábendingum bæði fyrir þing og meðan á þinginu stæði. Skjalinu var skipt upp í fjóra kafla og var einn kafli til umræðu hvern dag þingsins. Kaflarnir eru: Friður, lýðræði og réttindi, Stjórn á efnahagslegum öflum, Alþjóðlegar breytingar – réttlát umskipti og Jafnrétti.

Yfir 1.200 manns tóku þátt í fimm daga umræðum til að forgangsraða og móta pólitíska stefnu ITUC næstu fjögur ár.

Dagskrá þingsins var skipulögð þannig að hver dagur var tileinkaður ákveðinni stöð úr stefnumótunarskjalinu, auk þess sem kosningar á forystu ITUC settu mikinn svip á starfsemi þingsins. Tveir frambjóðendur börðust fyrir stöðu framkvæmdastjóra ITUC, annars vegar Susanna Camusso og hins vegar Sharan Burrow. Að lokum fór það þó svo að Sharan Burrow var endurkjörin sem framkvæmdastjóri ITUC með rúmlega helming atkvæða.

Fimm ályktanir voru samþykktar sérstaklega um:

- Mannréttindi og frið í Kólumbíu.
- Samstöðu með verkafólki og námsmönnum í Íran.
- Endurskoðun vinnulöggjafar í Ungverjalandi.
- Réttindi verkafólks og samstaða með verkalýðsfélögum í Kasakstan.
- Lula verði leystur úr haldi.

Í lokaræðu Sharan Burrow sagði hún: „Við höldum hédan frá þinginu, sameinuð til að valdefla verkafólk og breyta reglunum. Alþjóðlega verkalýðshreyfingin stendur fyrir frið, lýðræði og réttindi vinnandi fólks. Við verðum að sigra og umbreyta úreltu efnahagskerfi dagsins í dag. Við verðum að verja réttindi verkafólks og mannréttindi og krefjast nýs samfélagssáttmála. Í heimi tæknibreytinga og neikvæðra umhverfisáhrifa sem verða til þess að fólk flýr eða flytur sig sjálfviljugt á milli staða er það hlutverk alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar að tryggja réttlát umskipti. Jafnrétti fyrir alla er kjarninn í allri okkar stefnu.“

Samþykkt var að skuldbinda verkalýðshreyfinguna til að:

- Vinna að fjölgun félaga innan ITUC í 250 milljónir á næstu fjórum árum, til að tryggja enn betur vald verkafólks.
- Gera nýjan samfélagssáttmála þar sem fyrirtæki, þar með talin platnform fyrirtæki, eru gerð ábyrg fyrir sínu starfsfólki og að gerður sé Sameinuðu þjóða-sáttmáli um fyrirtæki og mannréttindi (UN Business

and Human Rights Treaty)

- Réttlát umskipti til sjálfbærs efnahags til að takast á við umhverfis-áhrif og halda hlýnun jarðar undir 1,5 gráðum.
- Snúa af braut láglauastefnu og vinna gegn auknum ójöfnuði með kjarasamningum. Hækka lágmarkslaun og félagsleg réttindi og vernd.

Þingið áréttar mikilvægt hlutverk verkalýðshreyfingarinnar til að tryggja réttindi, lýðræði, frelsi og heim þar sem góð störf eru fyrir alla. Með aðgerðum á öllum fjórum sviðum stefnumótunarskjalsins samþykkir þingið að mæta þeim áskorunum sem fólk á vinnumarkaði stendur frammi fyrir og koma á regluverki sem tekur á efnahagslegum öflum í þágu almennings. Unninn verði nýr samfélagssáttmáli sem setji fólk í fyrsta sæti.

## **Þríhliðanefnd ILO á Íslandi**

Nefndin kom saman til 6 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar eru ennþá fullgildingar á ILO-185 um persónuskilríki sjómanna, 186 um farmenn, 188 um fiskimenn og 189 um starfsmenn á heimilum. Félagsmálaráðherra hafði síðan góð orð um að flýta fullgildingu ILO-190 um ofbeldi og einelti í heimi vinnunnar sem samþykkt var á 108. þingi ILO.

## **Stjórnarnefnd ILO**

Jens Erik Ohrt, fulltrúi norrænu verkalýðshreyfingarinnar í stjórnarnefnd ILO (Governing Body), sagði af sér í upphafi árs 2019. Lögfræðingur ASÍ, Magnús M. Norðdahl, var kjörinn í hans stað skv. tilnefningu ITUC út núverandi kjörtímabil sem endar 2020. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland eignast fulltrúa í stjórn ILO. Á fundi GB í mars 2019 var Magnús jafnframt kjörinn í félagafrelsisnefnd ILO (CFA) sem fjallar um kærur um brot gegn félagafrelsisákvæðum stjórnarskrár og samþykktu ILO. Í september 2019 tekur Magnús jafnframt sæti í nefnd sem endurskoðar allar samþykktir ILO og þau kerfi sem notuð eru til þess að fylgja þeim eftir (Standards Review Mechanism).

## **Norræna ILO samstarfið**

Fundir voru 4 á árinu en þeir eru ætlaðir til samráðs og stuðnings við fulltrúa Norðurlandanna í stjórn ILO sem nú er Magnús M. Norðdahl og situr hann til 2020. Samstarfið var í öllum grundvallaratriðum gott. Saman tókum við þátt í svæðisráðstefnum sem Norðurlöndin gengust fyrir í aðdraganda 109. þings ILO. Ein slík ráðstefna var haldin hér á landi sl. vor. Af því tilefni sótti framkvæmdastjóri ILO, Guy Rider, Ísland og aðila vinnumarkaðar heim. Það sama gerði Sharan Burrow, framkvæmdastjóri ITUC. Ráðstefnan sem var á ábyrgð íslenskra stjórnvalda fyrst og fremst þótti takast vel.

## **108. alþjóðavinnumálabingíð í Genf 2019 – 100 ára afmæli ILO**

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu: Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri, Arnar Þór Sævarsson og Gylfi Kristinsson ráðgjafi. Frá utanríkisráðuneytinu: Harald Aspelund, sendiherra Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf og Andri Júlíusson sendiráðunautur. Fulltrúar íslenskra atvinnurekenda voru þau Kristín Þóra Harðardóttir (fyrri hluti) og Ragnar Árnason (seinni hluti), lögfræðingar Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar íslensks launafólks voru Drífa Snædal, forseti ASÍ, Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður VSFK en hún sat jafnframt Genfarskólann ásamt Bryngeiri Arnari Bryngeirsyni, starfsmanni Sameykis, sem kom frá BSRB. Samhliða þinginu hittist nefnd um félagafrelsi (CFA) þar sem Magnús M. Norðdahl á sæti, auk þess sem stjórn kom saman til stutts fundar eftir þinglok.

### **Ofbeldi og áreiti í heimi vinnunnar (seinni umræða)**

Ákveðið var árið 2016 að gera þetta að umræðuefni 2018. Seinni umræða fór fram 2019 og til varð ný samþykkt ásamt viðeigandi tilmælum. Eins og í fyrra skiptið var umræðan erfið en góð sátt tókst að lokum. Sendir voru út spurningalistar og drög að samþykkt fyrir þingið. Maríanna Traustadóttir tók þátt í samvinnu norrænu hreyfingarinnar þar sem afstaða þeirra innan ITUC var samræmd. Gildissvið þeirrar verndar sem samþykktin veitir er mjög víðtæk og launafólk raunverulega verndað hvar sem það er vegna vinnu sinnar, varið gegn áreiti samskiptamiðla, gegn áreiti þriðja aðila auk þess að sérstaklega skal hugað að afleiðingum heimilisofbeldis inn á svið vinnunnar. Sérstaklega skal tekið tillit til þess að konur og stúlkubörn eru sérstaklega útsett fyrir ofbeldi og áreiti en samþykktin veitir öllum viðkvæmum hópum sérstaka vernd. Í fyrra var mikil umræða um hvort taka skyldi saman lista með öllum þeim minnihlutahópum sem mest eiga í hættu að verða fyrir ofbeldi og áreiti og það má segja að sá listi hafi verið mesta hitamálið í fyrri umræðu. Á þessum lista var meðal annarra hópa talað um LGBTI fólk. En mörg lönd í Afríku og víðar hafa lög sem banna slíkt. Þegar átti að ræða þetta í nefndinni 2018 fór að lokum svo að mörg lönd yfirgáfu salinn og sögðust ekki geta staðið að baki neinni samþykkt sem innihéldi tilvísun sem þessa. Reynt var að taka út listann og hafa bara tilvísun í alla minnihlutahópa. Niðurstaðan varð sú 2019 að ekki skyldi gerður listi enda gæti hann jafnframt verið útilokandi ef tilteknir hópar væru ekki nefndir eða ef nýir öðlast viðurkenningu. Á tímabili var óttast að ekki tækist sátt um tilmæli en svo fór að lokum að það tókst og ákváðu atvinnurekendur að standa saman að samþykkt þeirra. Tilmælin fela

í sér leiðbeiningu um framkvæmd og túlkun. Þar er m.a. tekið fram að gera beri ráð fyrir því við innleiðingu að þolendur geti látið af störfum og fengið bætur, þeir eigi rétt á starfi sínu að nýju, lögfræðiaðstoð, leyfi á launum, breytt verkefni o.fl. Mennta þurfi dómara og vinnueftirlit og tryggja góða meðferð og stuðning. Drífa Snædal sat þessa nefnd ásamt Önnu Lilju Gunnarsdóttur.

## 100 ára afmælisýfirlýsing ILO

Árið 2018 vann forstjóri ILO í samráði við stjórn ILO drög að 100 ára yfirlýsingu sem ætlað var að draga upp stóru línurnar fyrir ILO næstu 100 árin og ramma inn þær hættur og þau tækifæri sem í framtíðinni felast og varða framtíð vinnunnar. Í tengslum við þetta var unnin sérstök skýrsla af sérfræðingahópi undir forystu forsætisráðherra Svíþjóðar. Þessi gögn lágu fyrir þeirri þríhliða þingnefnd sem verkefnið fékk. Frá upphafi var ljóst að langt var á milli launafólks og atvinnurekenda m.a. vegna þess að atvinnurekendur töldu samráðsferlið ekki hafa verið nægilega gott en ekki síður vegna þess að þeir höfnuðu eignarhaldi á fyrrgreindri skýrslu sérfræðinganna. Við settum okkur tvö megin samningsmarkmið í upphafi. Í fyrsta lagi að tryggja lágmarksréttindi fyrir allt launafólk (grundvallarréttindi, vinnutíma, lágmarkslaun og vinnuvernd) óháð samningssambandinu þ.e. óháð því hvort um hefðbundin ráðningarsamband væri að ræða, verktöku eða einhver óformleg sambönd. Í öðru lagi að ná því fram að rétturinn til öryggis og fullnægjandi aðbúnaðar yrði viðurkenndur sem grundvallarréttur í skilningi ILO. Það þýðir að tiltekin eða tilteknar Samþykktir ILO t.d. 155 eða 187 yrðu færðar í flokk grundvallarsamþykktar. Þingnefndin sem fjallaði um þetta efni tók til starfa þegar á öðrum degi þingsins. Venjulega eru teknir 2–3 dagar í umræður, síðan 1–2 í störf minni samninganefndar og síðan málið klárað í þingnefnd í upphafi annarrar viku. Að loknum almennum umræðum var sett niður samninganefnd, en mjög stór og það stór að eins hefði mátt halda áfram fyrir fullskipaðri nefnd. Unnið var með texta og skjá og reynt að ná samkomulagi. Atvinnurekendur reyndust mjög tregir til samninga og lögðu fram mikið af breytingatillögum sem útvötnuðu fyrirliggjandi drög. Margt af því naut stuðnings nýrrar ríkisstjórnar Brasilíu sem var mjög virk. Á brattann var því að sækja og starfaði samninganefndin fram undir miðnætti allt fram á miðvikudagskvöld í seinni viku. Að lokum náðum við, aðallega með stuðningi Evrópusambandsins og Afríku, ásætlanlegri lausn sem tryggði bæði aðalsamningsmarkmið okkar. Yfirlýsingin sjálf ber þess hins vegar merki að vera afrakstur langra og erfiðra samningaviðræðna. Hún geymir þó umfjöllun um þær miklu áskoranir sem vinnandi fólk stendur frammi fyrir vegna tæknibreytinga, loftslagsbreytinga, mannfjöldapróunar, fólksflutninga, ójafnaðar og fátæktar. Jafnframt undirstrikar hún mikilvægi alþjóðasamvinnu til þess að mæta þessum áskorunum

sem í raun var mikill sigur miðað við viðhorf t.d. Bandaríkjanna, Brasilíu og fleiri álíka. Hún gefur ILO því umboð til þess að ávarpa þessa þætti í störfum sínum sem er mikilvægt þegar kemur að því að gera starfs- og fjárhagsáætlanir stofnunarinnar og ákveða dagskrá komandi þinga. Magnús M. Norðdahl sat þessa nefnd og var valinn til þess með 8 öðrum fulltrúum launafólks að mynda samninganefnd hópsins. Gylfi Kristinsson fylgdist með störfum nefndarinnar.

### **Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt**

Nefndarstarfið hófst að venju með almennum umræðum sem að þessu sinni byggðu á skýrslu um framkvæmd samþykkt og tilmæla almannatryggingar og félagslega vernd. Sjá skýrslu um Universal social protection for human dignity, social justice and sustainable development. Í framhaldi almennrar umræðu var fjallað um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar. Að þessu sinni tókst sátt milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks um hvaða lönd og hvaða samþykktir skyldu teknar fyrir. Fulltrúar launafólks hefðu kosið og fleiri mál er lúta að félagafrelsi hefðu verið tekin fyrir en sáttin gerði annars vegar ráð fyrir jafnvægi milli heimshluta og hins vegnar milli grundvallarsamþykkt. Þetta var nokkuð hefðbundið og átakalaust. Fjallað var um 24 alvarleg brot. Á fundi nefndarinnar var jafnframt kynnt ársskýrsla félagafrelsisnefndarinnar (CFA).

### **Genfarskólinn**

Genfarskólinn er skóli á vegum norrænu verkályðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar og starfaði að venju með miklum krafti. Íslensku þátttakendurnir tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir meðan á þinginu stóð. Þar sem um 100 ára afmælisþing var að ræða og einungis tvær tæknilegar nefndir, fylgdust nemendur jafnframt með þeim sérstöku viðburðum og umræðum sem efnt var til. Einnig var á margt að hlusta því nánast var ekki hægt að þverfóta fyrir þjóðarleiðtogum og fyrirfólki sem ávarpaði þingið.

### **Samantekt**

Þingið einkenndist af mjög erfiðum samningaviðræðum í þeim tæknilegu nefndum sem störfuðu og af fjölmörgum heimsóknum þjóðarleiðtoga og mjög miklum og víðtækum öryggisráðstöfunum af þeim sökum. Sú sátt sem tókst í hittifyrri eftir átök undanfarinna ára um störf nefndar um framkvæmd

samþykkt (CAS) hélt. Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra heimsótti þingið, en það gerði hann einnig á síðasta ári. Jafnframt er í deiglu að fulltrúi ríkisstjórnar Íslands taki sæti í stjórn ILO en skv. skiptireglu norrænu ríkisstjórnanna opnast slíkur möguleiki 2020. Hvort tveggja sýnir aukinn áhuga íslenskra stjórnvalda á störfum ILO.

## TUAC

Frankvæmdastjóri ASÍ tók sæti í stjórnarnefnd TUAC, fyrir hönd Norrænu samtakanna (NFS), en nefndin ber ábyrgð á starfi ráðgjafarnefndar stéttarfélaganna við OECD í París. Ráðgjafarnefndin á í viðamiklu samráði við OECD um bæði efnahagleg málefni sem og ýmis þau verkefni sem OECD fjallar um eins og framkvæmd PISA-kannana og samburð á milli aðildarríkjanna í menntamálum, heilbrigðismálum og lífeyrismálum. Jafnframt hefur TUAC haldið áfram að leggja áherslu á útfærslu síðareglna fyrir fjölbjóðafyrirtæki sem OECD hefur síðan notað sem grundvöll að samtali við aðildarríkin.

Fundur í stjórn TUAC eru haldnir tvisvar á ári. Annars vegar í desember og hins vegar í júní. Fundir TUAC eru þrískiptir og standa yfir í einn dag. Fundardagurinn hefst með fundi framkvæmdastjórnar, þar sem farið er yfir dagskrá og helstu mál. Við tekur síðan fundur stjórnarinnar þar sem sama dagskrá liggur fyrir og endanleg afgreiðsla tillagna er tekin. Síðasti hluti fundarins er síðan sameiginlegur með fulltrúum OECD og fulltrúum ríkisstjórna aðildarlanda OECD.

Á sama tíma og júnífundur TUAC fór fram hófst heil vika af fyrirlestrum, fundum, pallborðum og kynningum á vegum OECD og bar yfirskriftina World in Emotion. Á þessari OECD viku eru kallaðir til fulltrúar frá ríkisstjórnunum, félagasamtökum, fyrirtækjum o.frv. til að taka þátt í skapandi samtali um allt mögulegt og ómögulegt sem tengist yfirskrift vikunnar.

Helstu viðfangsefni og umræðuefni á fundum TUAC á síðasta ári hafa verið umræður um mikilvægi gjaldfrjálsra upplýsinga og nauðsyn þess að sett verði lagaumgjörð um stafrænar upplýsingar. Sérstök áhersla er á hlutleysi netsins (NET NEUTRALITY). Það að allir eigi að hafa sama aðgengi að upplýsingum óháð efnahag. Í dag er það þannig að þeir sem geta borgað meira fá hraðari aðgang að upplýsingum en aðrir.

Kynnt var skýrsla OECD um fjárfestingavernd (Investment Protection) en þar kemur fram, eins og verkalýðshreyfingin og TUAC hafa ítrekað bent á, að afleiðingar af alþjóðaviðskiptum hefur yfirleitt neikvæðar afleiðingar á vinnandi fólki. Alþjóðaviðskipti virðast miða sérstaklega að störfum neðarlega í virðisdeðjunni. Áherslan verði að vera á viðskipti sem styðja við góð störf. Áætlað er að halda fund um þetta í október – þar sem fjallað verður um mögulega löggjöf um starfsgæði.

Rætt var um mikilvægi þess að endurskoða samkeppnislög með hliðsjón af sjálfstætt starfandi fólki til að koma í veg fyrir að samkeppnislögin bitni ekki á fólki sem vinna þarf fyrir sér við þær aðstæður. TUAC hefur þegar kynnt sínar áherslur í þessu sambandi.

TUAC kallar eftir samvinnu við aðildarfélög sín gegn skattaundanskotum og skattaforðun. Ekki síst vegna þess að OECD hefur fram til ársins 2020 til að móta reglur til að taka á skattaflotta og TUAC hefur því möguleika á að reyna að hafa áhrif á þá vinnu. Til þess að vel takist til er mikilvægt að aðildarfélög TUAC séu virkir þátttakendur í því ferli.

### **Þróunarsamvinna**

Ráðherra skipar fulltrúa í þróunarsamvinnunefnd og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn og sitja í nefndinni níu fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningum frá borgarasamtökum, háskólastiginu og aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. ASÍ og SA. Að auki tilnefnir Alþingi einn þingmann úr hverjum þingflokki sem á Alþingi situr hverju sinni. Núverandi nefnd var skipuð í apríl 2016.

Lögin kveða á um að nefndin skuli sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar. Nefndin skal m.a. fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerðaáætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu.

Nefndin fundar reglulega og er gert ráð fyrir átta fundum á tólf mánaða tímabili. Fulltrúi ASÍ í nefndinni gætir þess meðal annars að í öllum tillögum og ákvarðanatöku sem teknar eru er varða þróun samstarfs við atvinnulífið sé tekið tillit til meginreglna um grundvallarréttindi sem er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) um grundvallarviðmið og réttindi um vinnu og í yfirlýsingu ILO um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar.

Fulltrúi ASÍ mætir á fund alþjóðanefndar ASÍ eftir óskum og gefur skýrslu um störf þróunarsamvinnunefndarinnar.





## LAGABREYTINGAR OG SKIPULAGSMÁL

### Laganefnd

Haldnir voru tveir fundir í laganefnd á tímabilinu og á þeim voru afgreiddar án athugasemda lagabreytingar sex aðildarfélaga og einu máli frestað.

### Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á fjórum fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu breytingar á reglugerðum fjögurra sjúkrasjóða aðildarfélaga og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum í aðdraganda sambandsþings og tryggingafræðilegu mati á sjúkrasjóðum í samræmi við lög ASÍ. Að vanda hefur skipulags- og starfsháttanefnd sett sér metnaðarfulla starfsáætlun sem felur í sér ráðstefnuhald um málefni verkalyðshreyfingarinnar, rýningu og þarfagreiningu á samræmdum reglum og verklagi á milli aðildarfélaga og önnur atriði er varða skipulagsmál ASÍ.

## ASÍ-UNG

Í stjórn sem kjörin var á 5. þingi ASÍ-UNG í september 2018. Nánari upplýsingar um þingið eru í riti síðasta árs.

Fulltrúar í stjórn voru:

Aðalbjörn Jóhannsson	Framsýn
Eiríkur Þór Theodórsson	Stéttarfélag Vesturlands
Alma Pálmadóttir	Efling stéttarfélag
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf
Karen Birna Ómarsdóttir	Aldan stéttarfélag
Margret Júlía Óladóttir	FVSA
Sindri Már Smáráson	Afl Starfsgreinafélag
Ástþór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands
Margrét Arnarsdóttir	Félag ísl. rafvirkja

Varastjórn:

Kristinn Örn Arnarson	Efling stéttarfélag
Ólafur Ólafsson	Eining-Iðja
Hafðís Erna Ásbjarnardóttir	Eining-Iðja
Birkir Snær Guðjónsson	Afl Starfsgreinafélag
Elín Ósk Sigurðardóttir	Stéttarfélag Vesturlands

Kjörnefnd:

Bóas Ingi Jónasson	Félag málmíðnaðarm. Akureyri
Dagný Aradóttir Pind	Félag tæknifólks í rafiðnaði
Einar Sveinn Kristjánsson	VM Félag vélstjóra- og málmteknimanna

Stjórn skipti með sér verkum og sinnti Aðalbjörn Jóhannsson formennsku fram í febrúar 2019 en þá tók Eiríkur Þór Theodórsson við því hlutverki. Sú hefð hefur skapast að bæði aðal- og varamenn í stjórn eru boðaðir á fundi stjórnar og hefur meirihluti stjórnarfólks tekið þátt í fundum félagsins.

Störf stjórnar árið 2019 hafa meðal annars snúið að því að efla starfið og styrkja innviði ASÍ-UNG. Stjórn hélt vinnuhelgi á Selfossi í byrjun febrúar þar sem starfið næsta árið var skipulagt. Meðal þess sem var ákveðið var að hefja vinnu við nýja vefsíðu, standa að a.m.k. tveimur viðburðum um hugðar-efni ungs fólks á vinnumarkaði, efla viðveru á samfélagsmiðlum og sýnileika innan hreyfingarinnar.

### Ertu með vinnuna í vasanum?

ASÍ-UNG efndi til fundar og pallborðsumræðu um skilin milli vinnu og einkalífs. Fundurinn var haldinn í Stúdentakjallaranum þann 26. mars 2019.

Á fundinum var reynt að draga fram ólík sjónarmið og gestum boðið að ræða við ólíka hópa um hvort og þá hvaða áhrif tæknin hafi á skilin milli vinnu og einkalífs. Með erindi og í pallborði voru Helgi Dan Stefánsson, sérfræðingur hjá BHM, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Ragnheiður Kolviðsdóttir, félagsfræðingur, Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ og Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur hjá Virk. Fundarstjóri var Eiríkur Þór Theodórsson, formaður ASÍ-UNG.

### **Ungir leiðtogar – námskeið**

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlað er að fræða ungt fólk um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, bæði á vinnumarkaði og breiðari vettvangi. Námskeiðið, sem var nú haldið í annað sinn, var unnið í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu. Efníð er sniðið að ungu félögum í verkalýðshreyfingunni, starfsfólki stéttarféлага og ungu fólki í trúnaðarráðum. Þátttakendur voru öflugir og áhugasamir einstaklingar frá stéttarfélögum víðs vegar um landið og þótti námskeiðið heppnast vel.

### **Hamfarahlýnun / Cpow**

ASÍ-UNG tók virkan þátt í CPOW, heimsátaki alþjóðaverkalýðshreyfingarinnar, ITCU, gegn hamfarahlýnun af mannavöldum. Um var að ræða herferð á samfélagsmiðlum þar sem þátttakendur voru hvattir til að vekja máls á efninu á sínum vinnustað.

### **PubQuiz/spurningaleikir**

ASÍ-UNG stóð fyrir nokkrum spurningakeppnum (e. PubQuiz) á árinu. Í tengslum við 43. þing ASÍ var öllum þingfulltrúum boðið til þátttöku á sportbarnum Ölveri, í tengslum við 1. maí hátíðahöld í Borgarnesi, var fólki boðið til leiks á B59 og svo í tengslum við Lýsu á Akureyri í september 2019 var áhugasömum boðið á Götubarinn í léttan leik.



## Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2019.

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótast á undanförunum árum og áratugum þar sem hlutverk ASÍ felst í samráði og samstarfi um stefnumótun í sameiginlegum málum innan samtakanna, við önnur samtök launafólks, við stjórnvöld og við samtök atvinnurekenda. Hlutverk ASÍ er jafnframt að hlúa að samskiptum við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalyðshreyfingu ásamt því að sinna þróun og sköpun nýrrar þekkingar um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.

Þessi sýn og verkaskipting mótar rammann að starfsemi skrifstofu ASÍ hverju sinni, þar sem meginmarkmiðið er að aðstoða forseta og miðstjórn sambandsins að sinna þessu hlutverki ásamt því að tryggja góða og skilvirka þjónustu við landssamböndin og aðildarfélögin og byggja upp nauðsynlega þekkingu á viðfangsefni sínu og veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald.

Fjölmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Þessum verkefnum og öðrum þeim sem skrifstofa Alþýðusambandsins hefur verið að sinna eru gerð nánari skil á öðrum stöðum í þessari skýrslu.

### **Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2019**

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í fræðslu og kynningarmálum og starfsmaður ASÍ-Ung, Drífa Snædal, forseti ASÍ, Eiríkur Þór Theódórsson, formaður ASÍ-Ung, Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri MFA fræðsludeildar, Guðmundur Hilmarrson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Edda Baldursdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Hanna Elísdóttir, matráðskona, Henný Hinz, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar, Kristján Þórður Snæbjarnarson, annar varaforseti ASÍ, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Lóa Friðjónsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Róbert Farestveit, hagfræðingur, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir, fulltrúi, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans, Vilhjálmur Birgisson, fyrsti varaforseti ASÍ, og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Gylfi Arnbjörnsson forseti, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, fyrsti varaforseti, Sigurður Bessason, annar varaforseti, og María Haraldsdóttir bókari létu af störfum. Þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið og óskum þeim vel farnaðar. Nýir liðsmenn á skrifstofunni eru Drífa Snædal, forseti ASÍ, Eiríkur Þór Theódórsson, formaður ASÍ-UNG, Guðlaug Halldórsdóttir, aðstoðarmaður í mötuneyti, Guðrún Edda Baldursdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum, Kristján Þórður Snæbjarnarson, annar varaforseti ASÍ, Ólöf Brynja Jónsdóttir, bókari, Vilhjálmur Birgisson, fyrsti varaforseti ASÍ, og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur. Bjóðum við þau hjartanlega velkomin í hópinn. Jafnframt var Nanna Hermannsdóttir, hagfræðinemi, ráðin tímabundið í þrjá mánuði á árinu, til að sinna afmörkuðu rannsóknarverkefni fyrir félagsmáladeild Alþýðusambandsins.



## LISTASAFN ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem er formaður rekstrarstjórnar, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir fyrrverandi 2. varaforseti ASÍ og Hilmar Harðarson, formaður FIT – Félagsiðn- og tæknigreina, sem tók við af Sverri Mar Albertssyni, framkvæmdastjóra Afls - starfsgreinasambands sl. haust.

Listráð Listasafns ASÍ 2019–2020 skipa, annað tímabilið í röð, sýningarstjórnarnir Dorothee Kirch og Heiðar Kári Rannversson auk safnstjórans Elísabetar Gunnarsdóttur sem jafnframt er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er [www.listasafnasi.is](http://www.listasafnasi.is)

## **Starfsmenn**

Frá 1. janúar 2019 hafa tveir starfsmenn unnið við safnið. Safnstjórinn Elísabet Gunnarsdóttir í 60% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir í 40% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið.

## **Sýningar safnsins á árinu**

Sýningar á verkum Hildigunnar Birgisdóttur.

Hildigunnur var valin úr hópi umsækjenda snemma árs 2018. Safnið stóð fyrir tveimur samhlíða sýningum á verkum hennar, UNIVERSAL SUGAR, í Garðabæ og Vestmannaeyjum í febrúar á þessu ári. Eftir sýninguna eignaðist safnið nokkur valin verk sem unnin voru sérstaklega fyrir þessa sýningu.

## **Sýningar í samstarfi við önnur söfn**

Safnið stóð fyrir sýningu í Listasafni Ísafjarðar á verkum Sigrid Valtingoer, en safnið eignaðist fjölda verka eftir andlát hennar 2013. Sýningin stóð frá 10. nóvember 2018–26. janúar 2019.

Sýningin SVIPIR var opnuð 25. ágúst á síðasta ári í einum af söllum Listasafnsins á Akureyri sem þá var opnað að nýju eftir stækkun og endurbætur. Sýndar voru portrettmyndir eftir þekktu íslenska málara, flestar úr stofngjöf Ragnars í Smára. Sýningin stóð til 17. febrúar 2019 og hana sáu um 11.500 gestir.

Hinn 14. júní 2019 var opnuð sýningin GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Sýningin er samstarfsverkefni safnanna tveggja. Á sýningunni eru 52 af þeim 147 verkum sem tilheyra stofngjöf Ragnars í Smára. Sýningin hefur hlotið frábærar móttökur og er með mest sóttu sýningum í safninu. Í tengslum við sýninguna gaf safnið út bók um stofngjöfina sem ber sama heiti. Safnið sótti um og fékk verkefnisstyrk úr Safnasjóði fyrir þetta verkefni.

## **Sýning safnsins á 43. þingi ASÍ**

Safnið skipulagði sýningu á verkum úr stofngjöf safnsins í tengslum við 43. þing ASÍ sem haldið var dagana 24.–26. október 2018 á Nordica. Þar voru sýnd átta verk úr stofngjöf Ragnars í Smára. Sýningin var sett upp til kynningar á nokkrum af þeim perlum sem safnið geymir og einnig voru þingfulltrúum færðar nokkrar eftirprentanir að gjöf frá Alpýðusambandinu.

## **Vinnustaðasýningar**

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabil. Nú eru í gangi um 25 vinnustaðasýningar

með um 270 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Rík ástæða er til að kynna þennan möguleika fyrir stofnunum og fyrirtækjum víðar en á höfuðborgarsvæðinu.

### **Skólaverkefni og heimildarmyndir**

Skólaverkefnum safnsins fer jafnt og þétt fjölgandi, en skólaverkefni ásamt sýningum á verkum valdra listamanna af yngri kynslóðinni eru hluti af nýrri menntunar- og kynningardagskrá safnsins. Í ár voru haldin námskeið fyrir leikskólabörn í Garðabæ og Vestmannaeyjum í tengslum við sýningar Hildigunnar Birgisdóttur, UNIVERSAL SUGAR. Kennarar á námskeiðunum voru auk Hildigunnar Birgisdóttur, Anna Kolfinna Kuran, dansari og danshöfundur og Sigrún Jónsdóttir tónskáld. Sl. vor fékk safnið veglegan styrk úr Barnamenningsrjóði fyrir þetta verkefni sem hefur hlotið heitið KJARVAL Á KERRU og hefur nú einnig hafið samstarf við LIST FYRIR ALLA um verkefni í skólum landsins.

Kolbrún Vaka Helgadóttir vinnur heimildarmyndir um skólaverkefni og sýningar valdra listamanna á vegum safnsins. Fyrstu stuttmyndirnar voru frumsýndar á 43. þingi Alþýðusambandsins og verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu safnsins seinna í haust.

### **Nýr listamaður valinn – sýningar framundan**

Vorið 2019 kallaði þriðja árið í röð eftir tillögum frá myndlistarmönnum vegna innkaupa og til samstarfs um sýningahald og búrúst 55 tillögur að þessu sinni frá 62 listamönnum. Listráð safnsins fór yfir tillögurnar og ákvað að kaupa verk af Bjarka Bragasyni og bjóða honum jafnframt til samstarfs um sýningahald á tveimur stöðum á landinu. Sýningar Bjarka Bragasonar verða haldnar á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu seint á næsta ári. Skipulögð verða skólaverkefni í tengslum við sýningarnar á báðum stöðum þar sem unnið er með elstu verkin í safneigninni.

### **Miðlun safneignar með hjálp prentlistarinnar**

Í tengslum við sýninguna GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALÞÝÐU í Listasafni Árnesinga í Hveragerði gaf Listasafn ASÍ út veglegt prentverk með sama heiti þar sem fjallað er um safnarann og velgjörðarmanninn Ragnar í Smára og listaverkagjöf hans til Alþýðusambands Íslands/Listasafns ASÍ. Í bókinni eru myndir og umfjöllun um öll verkin 147 sem tilheyra stofngjöfinni. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi verk eru gefin út á prenti sem ein heild. Bókin hefur fengið mjög góða viðtökur.

Einnig hafa verið framléidd veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakkingu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Einnig verða prentuð gjafakort



og veggspjöld sem höfð verða til sölu á ýmsum stöðum, m.a. í tengslum við sýningar og á nýrri heimasíðu safnsins. Ný heimasíða safnsins hefur verið í smíðum um nokkurt skeið og verður tekin í notkun með haustinu. Hönnuðirnir Arnar og Arnar vinna að verkefninu ásamt safnstjóra.

## Húsnæðismál safnsins

Í byrjun þessa árs tók safnið á leigu rúmgott húsnæði fyrir listaverkageymslur safnsins sem með því eru sameinaðar á einum stað. Skrifstofur safnsins eru áfram í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnæði þar sem öll starfsemi safnsins verður undir einu þaki.

## Safneign og safnauki

Auk sýningargerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsóknna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Á ytra vef Sarp's eru þó einungis birtar færslur verka sem Listasafn ASÍ á höfundarrétt að eða hefur fengið leyfi handhafa höfundarréttar til að birta myndir af. Safnið undirritaði nýverið samning við Myndstef sem auðveldar birtingu mynda á ytri vef Sarp's og annars staðar á netinu.

Fyrr á þessu ári keypti safnið valin verk af sýningum Hildigunnar Birgisdóttur, UNIVERSAL SUGAR, sem haldin var samhliða í Vestmannaeyjum og Garðabæ í febrúar 2019.



*Leikskólabörn í Leikskólanum Kirkjugerði í Vestmannaeyjum skoða og ræða málverkið KOM-PÓSISJÓN eftir Þorvald Skúlason sem málað var 1959. Þau sömdu síðan tónlist og dans sem var innblásinn af verkinu og fluttu fyrir foreldra, ættingja og vini. Verkið er eitt af þeim 147 verkum sem Ragnar í Smára færði Alþýðusambandinu að gjöf og lagði þannig grunninn að Listasafni ASÍ.*



*Frá sýningu Hildigunnar Birgisdóttur, UNIVERSAL SUGAR, sem haldin var samhliða í Garðabæ og Vestmannaeyjum í febrúar 2019. Myndirnar er frá sýningunni í Vestmannaeyjum.*



## BJARG ÍBÚÐAFÉLAG

Bjarg er íbúðaleigufélag rekið án hagnaðarmarkmiða og er því ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu.

Bjarg fagnaði tímamótum í starfsemi félagsins á árinu þegar fyrsti leigjandi félagsins fékk afhenta lykllana að íbúð við Móaveg í Grafarvogi. Síðan hafa bæst við 99 fjölskyldur sem hafa fengið afhentar íbúðir í Reykjavík og á Akranesi. Bjarg mun afhenda um 150 íbúðir á árinu og verða þá íbúar í íbúðum Bjargs orðnir á fjórða hundrað.

Framkvæmdir á vegum Bjargs hafa gengið vel á árinu. Bjarg er með um 400 íbúðir í byggingu og eru þær staðsettar við Móaveg í Grafarvogi, Urðarbrunn og Silfratjörn í Úlfarsárdal, Hallgerðargötu við Kirkjusand og Hraunbæ ásamt því að 32 íbúða fjölbýlishús er í byggingu við Guðmannshaga á Akureyri.

Þá er Bjarg með í undirbúningi framkvæmdir vegna 463 íbúða. Þær íbúðir verða staðsettar í Bryggjuhverfi í Grafarvogi, Gelgjutanga í Vogabyggð, í Skerjafirði, Hamranesi í Hafnarfirði, Þorlákshöfn, Sandgerði og nýju Björkuhverfi á Selfossi.

Bjarg á í viðræðum við önnur sveitarfélög um byggingu leiguíbúða en félagið leggur áherslu á að eiga í góðu samstarfi við aðila alls staðar á landinu.

Frekari uppbygging er háð veitingu stofnframlaga sem ríki og sveitarfélög leggja til verkefna félagsins. Fjármagn til stofnframlaga hefur verið af skornum skammti og umsóknir eru langt umfram fé til úthlutunar. Í kjarasamningum 2015 var lofað að 2/3 stofnframlaga myndi renna til íbúða fyrir tekjulægri einstaklinga og fjölskyldna á vinnumarkaði. Það hefur ekki gengið eftir en vonir standa til að á haustþingi verði sú ráðstöfun staðfest.

Opið er fyrir umsóknir um íbúð hjá Bjargi og eru nánari upplýsingar á vef félagsins, [bjargibudafelag.is](http://bjargibudafelag.is)



## **VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR**

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun undir stjórn stofnaðilanna ASÍ, SA, BSRB, KÍ, BHM, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er tryggður réttur til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til VIRK. Samkvæmt samningi VIRK og félagsmálaráðherra er öðrum einstaklingum einnig tryggður réttur til starfsendurhæfingar.

Meginhlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með starfsendurhæfingarþjónustu sem tekur mið af aðstæðum og þörfum hvers og eins einstaklings. VIRK getur einnig samkvæmt skipulagskrá tekið þátt í verkefnum sem snúa að eflingu forvarna og velferðar á vinnustöðum sem og öðrum verkefnum sem falla að markmiðum og hlutverki sjóðsins.

Rétt á þjónustu VIRK eiga einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti, eða verið þátttakandi á vinnumarkaði, vegna heilsuþrestands. Forsenda þjónustu er beiðni eða vottorð frá lækni og markmið hennar er að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði. VIRK starfar samkvæmt lögum nr.

60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.

### **Mannauður VIRK**

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofu VIRK í Guðrúnartúni 1 starfa 55 starfsmenn í 50 stöðugildum og á vegum VIRK starfa rúmlega 50 sérhæfðir ráðgjafar, staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land, sem fylgja notendum þjónustunnar eftir allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

VIRK á í samstarf við um 500 þjónustuaðila og fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Auk þess þá koma um 40 utan- aðkomandi sérfræðingar að mati á einstaklingum í þjónustu.

Á undanförunum árum hefur VIRK aukið mjög atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og meðal starfsmanna í Guðrúnartúni 1 eru 10 atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.

Á árinu 2018 hófst umfangsmikið forvarnarverkefni hjá VIRK í samstarfi við velferðarráðuneytið, Landlækni og Vinnueftirlitið.

VIRK var framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt Creditinfo árið 2018 þriðja árið í röð og valið Fyrirmyndarfyrirtæki VR 2019, annað árið í röð.

### **Samstarf við aðila velferðarkerfisins**

VIRK gegnir mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins. VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögulegar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki.

Nokkur dæmi um þetta eru t.d. samstarf ráðgjafa VIRK við Tryggingastofnun ríkisins, samráðsfundir sérfræðinga VIRK á heilsugæslustöðvum, samstarf ráðgjafa, atvinnulífstengla og sérfræðinga VIRK við Hvítabandið, endurhæfingargeðdeild LSH á Kleppi og geðdeild LSH á Laugarásvegi, reglulegir fundir milli sérfræðinga VIRK og Reykjalundar og á milli VIRK og Grensás, með félagsþjónustu sveitarfélaga og reglulegir fundir eru haldnir með Vinnumálastofnun.

Þessi upptalning er ekki tæmandi og VIRK hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að

tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK.

## Samstarf við lífeyrissjóði

VIRK er í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af sérfræðingum VIRK og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling.

Þetta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt.



## Einstaklingar í þjónustu

VIRK hefur starfað í 11 ár og þann 23. ágúst 2019 höfðu tæplega 16.400 einstaklingar fengið þar þjónustu. Um 2.600 einstaklingar eru í starfsendurhæfingu á vegum VIRK.

Á árinu 2018 komu 1.965 einstaklingar nýir inn í þjónustu og hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Frá 1. janúar til 22. ágúst 2019 höfðu 1.345 einstaklingar komið nýir inn í þjónustu VIRK og er það um 12% fleiri einstaklingar en á sama tíma 2018.

## Aðstæður einstaklinga

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum.

Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Áfram er þróunin sú að til VIRK leitar stærrí hópur en áður með fjölbættan og flókinn vanda.

Um 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á fjölda einstaklinga sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

Konur eru 66% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK frá upphafi og hefur hlutfall þeirra aukist síðustu árin. Þá hefur hlutur yngra fólks meðal einstaklinga í starfsendurhæfingu hjá VIRK farið vaxandi undanfarin ár og meðalaldur einstaklinga í þjónustu lækkað.



## Lok þjónustu

1.346 luku þjónustu hjá VIRK á árinu 2018. Í lok þjónustu fara langflestir einstaklinganna í virka þátttöku á vinnumarkaði. Um 9.560 einstaklingar hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi og af þeim hafa ríflega 7.000 farið í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

Þeir sem eru í starfshendurhæfingu á vegum VIRK eru beðnir um að meta heilsu sína við upphaf og lok þjónustu á svokölluðum EQ5D mælikvarða sem inniheldur 5 spurningar um heilsu og lífsgæði. Svör einstaklinganna sýna að þeir meta heilsu sína og lífsgæði mun betri við lok starfsendurhæfingu en við upphaf hennar.





Myndin hér að ofan sýnir hlutfall þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK og eru að einhverju leyti í vinnu, í atvinnuleit eða námi við útskrift. Sjá má að 74% einstaklinganna sem luku þjónustu á árinu 2018 voru annaðhvort að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi. Þetta á við um 77% einstaklinga sem hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi.

Þeim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.

## Árangur VIRK

Hlutverk VIRK er skýrt – það er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. Markmiðið er síðan að koma fleiri einstaklingum í virka þátttöku á vinnumarkaði í samstarfi við aðra aðila velferðarkerfisins.

Það er hins vegar flókið að meta árangur af starfsemi eins og VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfsemiinnar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknu samspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar.

Eðli málsins samkvæmt þá getum við aldrei vitað hvað yrði um þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þjónustu VIRK ef VIRK hefði ekki verið til staðar. Einhverjir einstaklingar hefðu bjargað sér og náð upp vinnugetu án starfsendurhæfingarþjónustu en talsverður hópur hefði án efa ekki gert það.

Hér er líka rétt að hafa í huga að einstaklingum er ekki vísað til VIRK vegna einfaldra vandamála heldur vegna þess að vandi þessara einstaklinga er það flókinn og margþættur að þjónusta heilbrigðiskerfisins ein og sér dugar ekki til að koma þeim aftur á vinnumarkaðinn.



Myndin hér að ofan sýnir hlutfall stöðugilda útskrifaðra einstaklinga með mismunandi framfærslustaðu í lok þjónustu á árunum 2016–2018. Hafa ber í huga að ekki er um að ræða fjölda einstaklinga heldur stöðugildi því hver einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu við útskrift. Ef einstaklingur fer t.d. í hálfstarf þegar þjónusta lýkur þá er það skráð sem hálfstöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti.


Eins og sjá má eru um 55% stöðugilda þeirra sem útskrifast með framfærslustaðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annaðhvort í launaðri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í starfi eða námi við lok þjónustu er hins vegar 74% eins og sjá má á fyrri myndinni.

Árangur VIRK út frá þessum mælikvarða verður því að teljast góður, sérstaklega þegar haft er í huga að þeir einstaklingar sem leita til VIRK eru undantekningarlítið að glíma við mjög flókinn og fjölþættan vanda og margir hafa verið lengi frá vinnumarkaði.

Tölur um framfærslustaðu einstaklinga við lok þjónustu geta gefið okkur ákveðnar vísbendingar en þær geta hins vegar aldrei verið algildur mælikvarði

á árangur VIRK þar sem fjölmargir aðrir þættir en starfsendurhæfing hafa áhrif á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK. Þannig hafa lög, reglur, kjarasamningar, venjur og hefðir mikil áhrif á starfsemi og möguleika VIRK á að koma einstaklingum til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Enda er raunin sú að margir einstaklingar ljúka þjónustu hjá VIRK með talsverða starfsgetu en fara samt á fulla örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.


Við þetta má einnig bæta að talsverður hópur kemur inn í þjónustu VIRK þar sem alls óvíst er hvort starfsendurhæfing geti gagnast t.d. vegna alvarleika veikinda. VIRK hefur hins vegar ákveðið að gefa þessum hópi tækifæri til að reyna starfsendurhæfingu sem úrræði í nokkra mánuði því mikilvægt er að einstaklingar fái að njóta vafans í slíkum tilfellum. Slíkar ákvarðanir geta haft slæm áhrif á tölfraði um framfarlsu í lok þjónustu en eru án efa samfélagslega mjög hagkvæmar þar sem hver einstaklingur sem nær árangri í starfsendurhæfingu skiptir miklu máli. Því er mikilvægt að skoða árangur VIRK út frá fleiri mælikvörðum og viðmiðum.



Það skiptir einnig miklu máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna sem þeir fengu hjá VIRK og hvaða áhrif hún hefur haft á þeirra líf og lífsgæði. Öllum einstaklingum sem útskrifast frá VIRK er boðið að taka þátt í þjónustukönnun þar sem þeir eru beðnir um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Myndin hér að ofan inniheldur upplýsingar úr þessari könnun þar sem sjá má að einstaklingar telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra hvað varðar bættu sjálfsmynd, aukna starfsgetu og bættrar líkamlegrar og andlegrar heilsu.

VIRK fékk Gallup til að gera umfangsmikla könnun á þjónustu VIRK haustið 2017 til viðbótar við hefðbundnu þjónustukönnunina. Helstu niðurstöður Gallup voru þær að um 83% svarenda voru ánægð með þjónustu VIRK, 9% hvorki né, en 8% voru óánægð með þjónustuna.

Mikil ánægja kom fram með störf ráðgjafa VIRK í þjónustukönnuninni en mikill meirihluti, eða 8–9 af hverjum 10 aðspurðum, taldi viðmót og framkomu ráðgjafa VIRK vera góða sem og upplýsingagjöf þeirra og hvatningu.




## Mat á ávinningi starfsendurhæfingar

Ráðgjafarfyriertækið Talnakönnun hefur metið ávinning af starfsemi VIRK á undanförunum sex árum og sýnir myndin hér að neðan niðurstöður þessa mats. Mat Talnakönnunar er byggt á ópersónugreinanlegum gögnum úr upplýsingakerfi VIRK ásamt öðrum upplýsingum og er miðað við tilteknar forsendur um afdrif einstaklinga án þjónustu VIRK.

Á árinu 2018 er ávinningur af starfi VIRK metinn um 17,2 milljarða króna og rekstrarkostnaður sama árs er 3,1 milljarður króna. Þess má geta að stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu af þjónustuaðilum fyrir einstaklingana í þjónustu.

Auk þessa þá hefur Talnakönnun reiknað að ávinningurinn af hverjum útskrifuðum einstaklingi frá VIRK 2018 hafi numið 12,7 milljónum króna. Þessi ábati af starfsemi VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir.

Það er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggji á skynsamlegri nálgun. Nálgun Talnakönnunar byggir á fremur varfærum forsendum og jafnvel þó forsendum sé talsvert hnikað til þá er niðurstaða Talnakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.



Ljóst er að árangur og ávinningur af starfsemi VIRK er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförmum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.

### Atvinnutenging í lok starfsendurhæfingarferils

VIRK hefur á undanförmum árum aukið til muna atvinnutengingu í starfsendurhæfingu. Þessi áhersla er í takti við reynslu VIRK, sem og alþjóðlega þróun í starfsendurhæfingu, þar sem sýnt hefur verið fram á að það skipti oft mestu máli að tengja einstaklinga tiltölulega fljótt við vinnumarkaðinn í starfsendurhæfingarferlinu. Verkefnið er tvískipt í svokallaða VIRK atvinnutenging og IPS verkefni. Í VIRK atvinnutenging aðstoða sérhæfðir atvinnulífstenglar einstaklinga með skerta starfsgetu við að finna starf við hæfi og í IPS verkefninu er unnið að því að finna störf fyrir einstaklinga með alvarlegan geðrænan vanda eftir hugmyndafræði IPS (Individual placement and support).

### VIRK atvinnutenging

Sjö atvinnulífstenglar starfa nú við að aðstoða ráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu við að koma einstaklingum með skerta starfsgetu aftur inn á vinnumarkaðinn. Unnið er að því að efla þessa þjónustu einnig á landsbyggðinni.

Á árinu 2018 voru fjórir atvinnulífstenglar hjá VIRK og þá fengu 156 einstaklingar vinnu með aðstoð atvinnulífstengla VIRK en ólíklegt er að þeir hefðu komist aftur inn á vinnumarkaðinn án þessa stuðnings. Flestir fara í hlutastörf en í nokkrum tilfellum fullt starf eftir að hafa fengið tækifæri til að auka starfshlutfall sitt í skrefum.

Í verkefninu er áhersla lögð á tengsl við atvinnulífið og meginverkefni atvinnulífstengla er að finna störf og styðja við fyrirtæki og einstaklinga í atvinnutengingunni. Samstarf við fyrirtækin hefur gengið vel og er lögð áhersla á fræðslu um skerta starfsgetu með það að markmiði að skapa atvinnutækifæri fyrir einstaklinga sem svo háttar til um.

Nú eru um 1.000 fyrirtæki skráð inn í upplýsingakerfi VIRK, um 300 fyrirtæki eru með sérstaka tengiliði vegna samstarfsins og 150 fyrirtæki með undirritaðan samstarfssamning vegna verkefnisins.

### IPS verkefnið

Í IPS verkefninu er unnið að því að finna störf fyrir einstaklinga með alvarlega geðræna sjúkdóma eftir hugmyndafræði IPS (Individual placement and support). Þessi hugmyndafræði er margreynd erlendis og hefur skilað góðum árangri. Verkefnið er unnið í samstarfi við geðdeild Landspítalans og geðheilsuteymi Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þrjár atvinnulífstenglar VIRK vinna við IPS atvinnutengingu. Í verkefninu er lögð áhersla á einstaklingsmiðaðan stuðning í leit að starfi og stuðning inni á vinnustað eftir að einstaklingur hefur störf. Klínísk teymi styðja við einstaklinga í verkefninu sem staðsett eru hjá Landspítalanum og í heilsugæslunni.



### VelVIRK - Forvarnarverkefni VIRK

Stjórn VIRK ákvað árið 2018 að hrinda af stað sérstöku forvarnarverkefni til þriggja ára. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vinnueftirlitið, velferðarráðuneytið og Landlækni. Markmið þess er að draga úr líkum á því að

einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsubreysts. Verkefnið skiptist í þrennt:

1. Rannsókn á því hvaða þættir hafa áhrif á það hvort einstaklingar sem glíma við langtímaveikindi snúi til baka í vinnu. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Vinnueftirlitið og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
2. Vitundarvakning um þá þætti á vinnustöðum og í umhverfi einstaklinga sem geta valdið heilsubreysti og óvinnufærni. Þetta er gert í formi stikla og auglýsinga og fyrsti hluti þeirra birtist í desember 2018 undir yfirskriftinni „Er brjáláð að gera? Vinnu saman að jafnvægi“. Herferðinni hefur verið haldið áfram á árinu 2019.
3. Vefsíða sem inniheldur ýmsan fróðleik, ráðleggingar, greinar, tæki og tól til að stuðla að auknu jafnvægi í lífinu og aukinni vellíðan í vinnu. Síðan er komin í loftið; [www.velvirk.is](http://www.velvirk.is). Á henni er mikið efni sem eykst jafnt og þétt.

Segja má að fjórði þátturinn í forvarnarverkefninu hafi bæst við þegar Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, Alma D. Möller, landlæknir og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri Vinnueftirlitsins, rituðu undir viljayfirlýsingu um heilsueflingu á vinnustöðum á morgunfundi um mikilvægi vellíðunar á vinnustöðum sem stofnanirnar gengust fyrir vorið 2019.

Verkefnið hefur það að markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan á vinnustöðum og fyrirbyggja kulnun og minnka brottfall af vinnumarkaði. Í samstarfinu felst að mótuð verða viðmið fyrir heilsueflandi vinnustaði og tryggð verður upplýsingagjöf til að vinnustaðir hafi góð verkfæri til að skapa heilsueflandi umhverfi.



## **Styrkir VIRK**

VIRK er heimilt samkvæmt lögum að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjum nú einu sinni á ári í samræmi við Rannsóknarstefnu VIRK og þurfa umsóknir um styrki að hafa borist sjóðnum fyrir lok dags 15. febrúar ár hvert.

VIRK veitti styrki árið 2018 til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og þróunarverkefna, alls til 25 aðila.





## UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

**Þingsályktunartillaga um skattleysi launatekna undir 300.000 kr., 8. mál**  
ASÍ tekur undir markmið tillögunnar um að draga þurfi úr skattbyrði launafólks en hún hefur farið vaxandi á undanförunum áratugum og sú þróun komið verst niður á hinum tekjulægstu. Skoða þarf ólíkar leiðir til að bæta lífskjör launafólks með samspili breytinga á tekjuskattkerfinu, eflingu tilfærslukerfanna og átaki í að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra.

Í skýrslu hagdeildar ASÍ, „Skattbyrði launafólks 1998–2016“ var reynt að varpa ljósi á þróun tekjuskattkerfisins frá árinu 1998 og samspili skattkerfisins við tilfærslukerfin, launaþróun og þróun persónuafsláttar. Meginniðurstaða skýrslunnar var sú að skattbyrði flestra hópa á vinnumarkaði hefði aukist yfir tímabilið en þar af langmest hjá lágtekjuhópum. Þróunina mætti rekja til þriggja atriða. Í fyrsta lagi vegna misgengis í þróun launa og persónuafsláttar þar sem uppbygging kerfisins leiðir til sjálfvirkar aukningar skattbyrði þegar laun hækka umfram verðlag. Í öðru lagi vegna aukinna skerðinga og veikingar vaxtabótakerfisins. Í þriðja lagi vegna aukinna skerðinga og veikingar barnabótakerfisins.

Verkalýðshreyfingin hefur um langt skeið bent á þessa þróun. Niðurstaðan hefur verið að einungis 18% fjölskyldna sem eiga húsnæði fengu vaxtabætur

árið 2016 samanborið við 47% árið 1998 (hlutfallið hefur farið úr 62% í 28% fyrir einhleypa). Í barnabótakerfinu er þróunin sú að 48% fjölskyldna fengu barnabætur árið 2016 og fækkunin verði mikil frá hrúni þegar yfir 70% fjölskyldna fengu barnabætur. Þróunin til skemmri tíma hefur verið með sama hætti, frá árinu 2013 hefur þetta komið fram í fækkun upp á 18 þúsund viðtakendur vaxtabóta og 13 þúsund viðtakendur barnabóta.

Framangreind þróun hlaut mikla umræðu á nýafstöðnu þingi ASÍ og í nýsamþykktari stefnu ASÍ er kallað eftir því að stjórnvöld tryggi jöfnunarhlutverk skatt- og tilfærslukerfanna. Þar segir m.a.:

Skattatilfærsla stjórnvalda síðustu áratugi hefur létt sköttum af hinum hæst launuðu og aukið skattbyrði á lág- og millitekjuhópa. Þetta skal leiðrétt.

- Skattkerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki. Skattar á lágtekjufólk verði lækkaðir, lægstu laun gerð skattfrjáls með hækkun persónuafsláttar sem fylgi launaþróun og komið verði í veg fyrir sjálfvirkar skattahækkunarir hinna tekjulægstu.
- Húsnæðis- og barnabótakerfin verði endurreist og horfið verði frá þeirri stefnu að sá stuðningur renni einungis til hinna tekjulægstu.
- Hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekjuprepi.
- Lagðir verði á auðlegðarskattar og fjármagnstekjuskattur hækkaður til að stuðla að samfélagssátt og bregðast við auknum ójöfnuði eigna.
- Brugðist verði við skattaundanskotum með auknu skatteftirliti.
- Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald.
- Styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna verði skattfrjálsir.

### **Frumvarp um breytingar á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (heilbrigðisþjónusta í hagnaðarskyni), 11. mál**

Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins um að styrkja heimild ráðherra til að semja fyrst og fremst við veitendur heilbrigðisþjónustu sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni. Sú áhersla er í samræmi við ályktun 42. þings ASÍ 2016 um heilbrigðismál. Þar segir m.a.: „42. þing Alþýðusambands Íslands hafnar frekari einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og telur síðlaust að ráðstafa fjármunum sem veitt er til heilbrigðismála, til arðgreiðslna.“

### **Þingsályktunartillaga um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál**

Að mati Alþýðusambands Íslands er um að ræða tímabært og mikilvægt framtak, ekki síst í ljósi upplýsinga sem komið hafa fram og umræðu síðustu daga og vikur. Þar hefur ítrekað komið fram að mikið skortir á að erlent launafólk og aðrir innflytjendur fái upplýsingar um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur á vinnumarkaði og hafi aðgang að ráðgjöf og stuðningi þegar þörf krefur.

Alþýðusambandið og aðildarfélög þess hafa fyrir sitt leyti reynt að mæta þessari þörf með útgáfu á upplýsinga- og kynningarefni, m.a. á ensku og pólsku, sérstökum upplýsingavef, [www.ekkertsvindl.is](http://www.ekkertsvindl.is), og heimsóknum á vinnustaði þar sem upplýsingaefni er dreift og rætt við erlent launafólk. Þá má benda á að stöðugt vaxandi hluti af daglegu starfi á skrifstofum stéttarfélaganna felst í því að upplýsa og liðsinna félögum okkar af erlendum uppruna. Um leið erum við meðvituð um að gera þarf enn betur. Þá hafa ýmsir aðilar aðrir, eins og Fjölmenningarsetur, Rauði krossinn, Mímir-símenntun og aðrar símenntunarmiðstöðvar, og almannaheillasamtök lagt sitt lóð á vogarskálarnar.

Á sama tíma skortir mikið á að Ísland sem samfélag, íslensk stjórnvöld og sveitarfélög, uppfylli lagalegar og siðferðilegar skyldur sínar þegar kemur að upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi við innflytjendur. Má þar nefna skuldbindingar á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og í lögum um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga.

Að mati Alþýðusambands Íslands er mikilvægt að greina og komast að niðurstöðu um hvernig best er að bæta úr í þessum efnum. Eins og áður hefur komið fram eru þegar í dag ýmsir aðilar sem koma að upplýsingum og ráðgjöf fyrir útlendinga hér á landi. Það er því spurning hvort ekki sé rétt að nálgast viðfangsefnið með því að þessir aðilar, ásamt fulltrúum innflytjenda, stjórnvalda og sveitarfélaganna, sammælist um hver sé besta leiðin til að ná þeim mikilvægu markmiðum sem eru kjarninn í þingsályktunartillögunni. Í því samhengi mætti hugsa sér „ráðgjafarstofu innflytjenda“ sem ákveðinn miðlæg samstarfsvettvang og kjölfestu, en jafnframt er mikilvægt að skipuleggja þjónustuna þannig að hún gagnist innflytjendum um land allt, bæði með starfsstöðvum og með því að nýta upplýsingaveitur á vefnum og samfélagsmiðla.

Mikilvægt er að með samþykkt Alþingis fylgi bæði skýr tímarammi til að vinna eftir og fjármunir til að hrinda í framkvæmd þeim ákvörðunum sem niðurstaða verður um.

### **Frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna), 24. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að fella niður skerðingar ellilífeyris almannatrygginga vegna atvinnutekna að fullu. Sú breyting sem hér er lögð til gagnast þannig einungis þeim ellilífeyrisþegum sem stunda atvinnu og hafa atvinnutekjur umfram þau frítekjumörk sem nú eru gildandi, þ.e. 25.000 kr. almennt frítekjumark auk 100.000 kr. sérstaks frítekjumarks á atvinnutekjur. Áætla má að um 13% þeirra ellilífeyrisþega sem eiga réttindi í almannatryggingum hafi atvinnutekjur og eru atvinnutekjur flestra þeirra undir núgildandi frítekju-

marki á atvinnutekjur. Þá má ætla að breytingin skili sér mun betur til karla en kvenna enda eru þeir fleiri í þessum hópi og hafa hærra atvinnutekjur. Þá má benda á að ellilífeyrisþegar hafa nú tækifæri til þess að taka hálfan ellilífeyri almannatrygginga sem tekur engum skerðingum vegna atvinnutekna sem kemur verulega til móts við þá eldri borgara sem stunda atvinnu að hluta.

Þótt fullt afnám skerðinga ellilífeyris almannatrygginga vegna atvinnutekna kunni vissulega að bæta hag ákveðins hóps eldri borgara sem hefur getu og tækifæri til atvinnuþátttöku mun breytingin hins vegar ekki bæta kjör verst settu ellilífeyrisþeganna sem einungis hafa bætur frá almannatryggingum eða lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Til að bæta kjör þeirra er mun skilvirkara að hækka bótafjárhæðir almannatrygginga og draga úr almennu skerðingarhlutfalli ellilífeyris sem í dag er 45%. Á 43. þingi Alþýðusambands Íslands í október sl. var samþykkt ályktun þess efnis að skerðingarhlutfall almannatrygginga verði lækkað í 30% í því miði að bæta afkomuöryggi lífeyrisþega. Langflestir ellilífeyrisþegar eiga réttindi í lífeyrissjóðum og mundi slík breyting gagnast nær öllum þeim hópi.

### **Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hækkun starfslokaaldurs), 37. mál**

Markmið frumvarpsins er að gera starfsmönnum ríkisins kleift að vinna eftir 70 ára aldur, kjósi þeir það. ASÍ er hlynnt því að frá hvers konar örökstuddri og ómálefnalegri mismunun vegna aldurs verði horfið. Breytingin, ef samþykkt verður, mun hafa áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og ríkisins og sams konar ákvæði eins og frumvarpinu er ætlað að breyta eru í kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og sveitarfélaganna. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks hjá hinu opinbera eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk), 38. mál**

Alþýðusamband Íslands fagnar því að þetta mikilvæga mál sé tekið á dagskrá Alþingis og tekur undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu:

*Engum dylst að kennitöluflakk er mikil meinsemd og af einhverjum ástæðum hefur það fylgt íslensku atvinnulífi í áraraðir. Þó svo ekki sé til einhlít lagaleg skilgreining á því hvað felist í kennitöluflakki má telja að flestum sem koma að atvinnurekstri með einum eða öðrum hætti sé það nokkuð ljóst. Kennitöluflakk felur í sér misnotkun eigenda og stjórnenda á félagagöfnum sem veitir þeim skjól vegna þeirrar takmörkuðu ábyrgðar sem eigendur bera á skuldbindingum félagsins. Þannig er skuldum vegna atvinnurekstrar safnað í eitt félag og síðan þegar félagið er komið í rekstrarleg vandræði er snarlega*

stofnað nýtt félag í sama atvinnurekstri með nýrri kennitölu og reksturinn færður þangað. Í gamla félaginu eru þá skildar eftir skuldbindingar sem að jafnaði fást ekki greiddar við gjaldþrotaskipti félagsins.

Oft er um að ræða skuldir við hið opinbera, vanskil á sköttum og gjöldum, en einnig skuldbindingar við aðra einkaaðila, birgja og fleiri, sem og vangoldin laun. Þessi háttsemi felur í sér samfélagslegt tjón þar sem skuldbindingar fást ekki greiddar og jafnframt bitnar háttsemin á þeim sem standa heiðarlega að sínum rekstri og fylgja leikreglum. Háttsemin er til þess fallin að ýta undir vantraust í garð atvinnulífsins og samkeppnisstaða þeirra sem fylgja leikreglum skekkist. Háttsemin eykur kostnað atvinnulífsins þar sem viðbrögð stjórnvalda eru að jafnaði að auka eftirlit og með því eykst kostnaður atvinnulífsins. Í heild tapar samfélagið.

Alþýðusamband Íslands áréttar þá skoðun sína að kennitöluflakk er alvarleg meinsemd í íslensku atvinnulífi sem ber að uppræta og hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu síðan.

Frá árinu 2013 hefur Alþýðusambandið haft baráttuna gegn kennitöluflakki ofarlega í sinni kröfugerð og hvatt til aðgerða í þeim efnunum. Með samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um mitt ár 2017 náðist mikilvægur áfangi í þessum efnunum. Samkvæmt þeim tillögum sem þar eru settar fram er lögð til nokkuð önnur leið en frumvarpið gerir ráð fyrir. Leið sem ætlað er að vera skjótvirkari og er jafnframt ætlað að ná til „skuggastjórnenda“. Með tillögunum er dreginn lærdómur af reynslu nágrannaþjóðanna og byggja þær í grunninn á sömu grundvallarþáttunum.

Tillögur ASÍ og SA hafa verið til umfjöllunar á vettvangi atvinnuvegaráðuneytisins með aðkomu fleiri ráðuneyta. Alþýðusambandið fagnar því að til standi skv. þingmálaskrá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að leggja fram frumvarp um kennitöluflakk í janúar nk. og væntir þess að frumvarpið byggi á framangreindum tillögum. Jafnframt væntir Alþýðusambandið stuðnings flytjenda þessa frumvarps við sjónarmið og tillögur aðila vinnumarkaðarins.

### **Þingsályktunartillaga um endurskoðun verklagsreglna um skilarétt neytenda, gjafabréf og inneignarnótur, 44. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um að settur verði á fót starfshópur sem taki til endurskoðunar verklagsreglur um skilarétt neytenda, gjafabréf og inneignarnótur og geri tillögur að átaki til að auka notkun reglnanna.

Réttur neytenda eins og hann er í dag í tengslum við kaup og skil á vörum er fremur rýr og er yfirleitt versluninni í vil fremur en neytendum. Þörf er á að endurskoða þær reglur sem gilda um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur

með það fyrir augum að auka gagnsæi og bæta öryggi og stöðu neytenda öllum til hagsbóta.

Ekki einungis er þetta stórt hagsmunamál fyrir neytendur sem sitja oft uppi með vörur sem nýtast ekki og tapa peningum á sama tíma, heldur er þetta einnig umhverfismál sem snýr að því að vörur séu ekki framleiddar til einskis með tilheyrandi soun á orku, auðlindum og umhverfi jarðar.

Alþýðusambandið styður þá tillögu að settur verði á fót starfshópur til að festa betur í sessi og endurskoða reglur um skilarétt neytenda, gjafabréf og inneignarnótur. Þá leggur Alþýðusambandið til að nefndin endurskoði reglurnar í víðara samhengi og skoði hvort þörf sé á að uppfæra þær í takt við breytta tíma og þá þróun sem hefur orðið á þessum málum í samfélaginu, bæði hér á landi og erlendis síðan þær voru fyrst gefnar út. Þannig mætti t.d. skoða hvort bæta ætti inn í verklagsreglur að neytendur hefðu kost á að skila vörum og fá peningana til baka í stað inneignarnótu en sum fyrirtæki bjóða upp á þann kost nú þegar, bæði hér á landi og erlendis.

Að lokum telur Alþýðusambandið að fulltrúi launafólks eigi sæti í nefndinni enda sé um að ræða stórt hagsmunamál.

### **Þingsályktunartillaga um endurskoðun lögræðisлага, 53. mál**

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau sjónarmið sem liggja að baki þessari tillögu um heildarendurskoðun lögræðisлага en tekur ekki afstöðu til þess hluta hennar er lýtur að kosningu sérstakrar nefndar þingmanna til þess að annast það verk.

### **Frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (afnám krónu á móti krónu skerðingar), 54. mál**

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að gera breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er varða réttindi örorkulífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og koma í veg fyrir „krónu á móti krónu“ skerðingar sem eru með öllu óásættanlegar.

ASÍ leggur ríka áherslu á að slík breyting verði gerð með heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega þar sem lögð verði áhersla á nýja nálgun í mati á starfsgetu og rétti til endurhæfingar samhliða upptöku á nýju, einfölduðu bótakerfi almannatrygginga sem styðji þá nálgun og komi í veg fyrir að fólk festist í fátækragildru.

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði í vor starfshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu sem ætlað er að gera tillögur að nýju greiðslukerfi sem styður við innleiðingu starfsgetumats. ASÍ, BSRB, BHM og KÍ skipuðu sameiginlegan fulltrúa í hópinn en í honum eiga sæti auk fulltrúa frá ÖBÍ og Proskahjálp, fulltrúar þingflokka á Alþingi og einn

sameiginlegur fulltrúi samtaka atvinnurekenda. Hópurinn er enn að störfum og væntir ASÍ þess að hann leggi fram tillögur þess efnis að unnt verði að gera nauðsynlegar breytingar hvað þessa þætti varðar sem allra fyrst.

### **Þingsályktunartillaga um samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 57. mál**

Mikilvægt hlutverk alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar er baráttan fyrir friði og rétti allrar alþýðu til að búa við öryggi, jafnrétti og lýðræði.

Á 4. heimsþingi Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) sem haldið var í Kaupmannahöfn í byrjun desember á síðasta ári var ályktað að:

*Þing ITUC vill heim án þungavopna og að byrjað sé á því að ná því markmiði að losa heiminn við öll kjarnorkuvopn og efnavopn. ITUC styður jafnframt að dregið sé úr vopnasölu og að dregið verði úr vopnakaupum. Það fé eigi að fara í mikilvæga almannabjónustu, fjárfestingu í innviðum og til að skapa góð störf.*

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands þingsályktunartillöguna sem hér er til umfjöllunar og hvetur Alþingi til að afgreiða hana á yfirstandandi þingi og senda þannig skýr skilaboð til alþjóðasamfélagsins um afstöðu Íslands í þessum efnum.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað (starfskostnaður), 107. mál**

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild til greiðslu starfskostnaðar til þingmanna sem fasta mánaðarlega fjárhæð auk þess sem lagt er til að ráðherrar eigi ekki rétt á greiðslu starfskostnaðar frá Alþingi enda greiði ráðuneyti starfskostnað þeirra.

Alþýðusambandið tekur undir efni frumvarpsins og telur eðlilegt að starfskostnaður þingmanna sé einungis greiddur samkvæmt framlögðum reikningum. Núverandi fyrirkomulag sem heimilar að þingmenn fái greidda fasta mánaðarlega fjárhæð vegna starfskostnaðar gefur færi á að nýta starfskostnaðargreiðslu sem fasta launauppbót sem þingmenn eiga kost á án þess að á móti sé í reynd nokkur kostnaður. Þingmönnum er þar með gefið ákveðið sjálfðæmi um að ákvarða kjör sín sem er með öllu óeðlilegt og til þess fallið að gera starfskjör þingmanna óljós og ógagnsæ. Með sama hætti er óeðlilegt að ráðherra geti fengið greiddar starfskostnaðargreiðslur frá Alþingi vegna kostnaðar sem greiddur er af ráðuneytum þeirra og því einboðið að afnema rétt ráðherra til greiðslu starfskostnaðar frá Alþingi.

Alþýðusambandið styður því framgang frumvarpsins.

### **Dingsályktunartillaga um dánaraðstoð, 138. mál**

Eins og fram kom í fyrri umsögn Alþýðusambands Íslands, þá hefur sambandið ekki mótað sérstaka stefnu varðandi dánaraðstoð. Sú tillaga sem veitt er umsögn um miðar að gagnaöflun til þess að fram geti farið upplýst og opin umræða um þetta viðkvæma mál og það er stutt. ASÍ vill vekja athygli á að nauðsynlegt er við skoðun þessa málefnis að huga að réttarstöðu og velferð þess launafólks sem með einum eða öðrum hætti verða þátttakendur í eða áhorfendur að dánaraðstoð.

Það er skoðun ASÍ að ekki sé nægjanlegt að kanna viðhorf heilbrigðisstarfsmanna eins og í tillögunni greinir, heldur að kanna verði og afla gagna um þau áhrif sem dánaraðstoð hefur á starfsmenn, óháð viðhorfi þeirra. Jafnframt þarf að hafa í huga að dánaraðstoð getur haft áhrif á sálrænt vinnuumhverfi allra þeirra stétta sem að umönnun sjúkra og þjónustu koma og því mikilvægt að kanna og safna upplýsingum þar að lútandi hjá viðeigandi stofnunum í þeim ríkjum þar sem dánaraðstoð er leyfð.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 154. mál**

Frumvarpið er efnislega í samræmi við tillögur starfshóps um lengingu fæðingarorlofs, auk annars, með yfirskriftinni Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum, frá mars 2016. Alþýðusambandið stóð að þeim tillögum.

Frá því starfshópurinn skilaði af sér hafa komið fram þau sjónarmið að fæðingarorlofið eigi að skiptast jafnt á milli foreldra. Mikilvægt er að fjallað verði frekar um þessi sjónarmið og útfærslu þeirra.

### **Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157. mál**

Í umsögn sem Vinnueftirlitið sendi velferðarráðuneytinu um efni framangreinds frumvarps segir m.a.:

*„Með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hefur notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verið lögfest og lög nr. 59/2992 jafnframt fallið úr gildi. Þar sem ekki er lengur um bráðabirgðaverkefni að ræða þá getur Vinnueftirlitið ekki fallist á að framlengja frávik frá lágmarksreglum um vinnutíma vegna þess starfsfólks sem vinnur við að aðstoða notendur NPA.*

*Þær lágmarkreglur um vinnutíma sem er að finna í IX. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, voru settar til þess að stuðla að heilbrigði starfsmanna. Vinnueftirlitið getur ekki fallist á það að hægt sé að víkja frá lágmarksréttindum*



*starfsmanna skv. lögum nr. 46/1980 nema fyrir því séu veigamikil rök, t.d. veigamiklir almannahagsmunir. Að mati Vinnueftirlitsins hefur ekki verið sýnt fram á slíkt.“*

Alþýðusambandið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Vinnueftirlitsins að aðstoðarfólk notenda NPA eigi ekki síður en annað launafólk að njóta verndar í starfi, þ.m.t. hvað varðar hvíld frá störfum og lengd vinnutíma. Í ljósi framanritaðs og að höfðu samráði við Starfsgreinasamband Íslands leggur Alþýðusamband Íslands til að efni frumvarpsins verði hafnað.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma), 181. mál**

Í upphafi skal bent á að stytting dagvinnutíma án skerðingar á launum er ein af helstu kröfum allra aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands í þeim kjarasamningaviðræðum sem nú eru hafnar.

Á 43. þingi ASÍ sem haldið var í lok október sl. var vinnutími, stytting hans og skipulag vinnunnar eitt af helstu umræðuefnum og krafan um styttingu vinnutímans þar efst á blaði. Þannig segir í stefnu ASÍ sem samþykkt var á þinginu um tækniþróun og skipulag vinnunnar:

*„Launafólk gerir kröfur um styttingu dagvinnutíma og minni yfirvinnu án skerðingar á launum. Tækniframfarir, aukin framleiðni og skipulagning vinnunnar gera vinnutímastyttingu og sveigjanlegri vinnutíma að raunverulegum kosti. Launafólk á heimtingu á mannsæmandi launum fyrir hóflega dagvinnu. Að dagvinnulaun dugi launafólki til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum.“*

Þá segir að stefna ASÍ sé að:

- Styttu á dagvinnutíma og draga úr yfirvinnu án skerðingar á launum.
- Hafna á öllum hugmyndum um aukinn sveigjanleika varðandi skilgreiningu á dagvinnutímabilinu.
- Í ráðningarsamningum skal kveða skýrt á um vinnutíma og fyrirtæki virði frítíma starfsmanna.
- Lögbinda ber styttingu vinnutímans til að tryggja réttindi alls launafólks.

Loks segir um verkefni ASÍ að þau séu að:

- Leiða umræðu og stefnumótun innan verkakýðshreyfingarinnar um aðgerðir og útfærslu á styttingu vinnutíma sem tekur mið af ólíkum aðstæðum og væntingum á vinnumarkaði.
- Leggja áherslu á að skýr mörk séu dregin milli vinnutíma og frítíma launafólks.

Sambærilegar áherslur er að finna í stefnu ASÍ um „jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs“.

Afstaða Alþýðusambandsins er því skýr:

- Gerð er krafa um að vinnutíminn verði styttr og er þá vísað til 40 stunda vinnuvikunnar, en ekki bara heildarvinnutímans. Þessi stytting verði án skerðingar á launum. Jafnframt að skýrt verði kveðið á um í ráðningarsamningum hver vinnutíminn er og þá um leið rétt starfsmanna til einkalífs.
- Krafan er að Alþýðusambandið í samráði við aðildarfélögin leiði vinnu varðandi útfærslu á styttingu vinnutímans sem tekur mið af ólíkum aðstæðum og væntingum á vinnumarkaði.
- Binda ber styttingu vinnutímans í lög til að tryggja réttindi alls launafólks í þeim efnun.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands að stytting vinnutíma verði sett í lög. Jafnframt er óskað eftir því að Alþýðusambandið fái með beinum hætti aðkomu að löggjöfinni til að tryggja að sjónarmið og áherslur launafólks komist að fullu til skila við slíka lagasetningu.

### **Þingsályktunartillaga um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 184. mál**

Alþýðusamband Íslands telur bæði eðlilegt og rétt að til þess að tryggja almannarétt, skipulagða búsetu og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf á landinu öllu að settar verði reglur um uppkaup lands með það að markmiði að takmarka hve mikið land einstaklingar eða fyrirtæki megi eiga. Það verði gert til þess að tryggja nýtingu landsins í þágu allra landsmanna og sameiginlegra samfélagslegra hagsmuna. ASÍ tekur því heilshugar undir þau sjónarmið sem tilgreind eru undir stafliðum b, c og d.

Hins vegar eru gerðar athugasemdir við staflið a þar sem gert er ráð fyrir að endurskoðun laga og reglugerða um uppkaup á bújörðum og öðru nytjalandi, svo og óbyggðum, beinist eingöngu að uppkaupum erlendra aðila, sem ekki hafa hér lögheimili og fasta búsetu, á landi. ASÍ telur jafn brýnt að slíkar takmarkanir taki einnig til innlendra aðila. Hagsmunir samfélagsins eru hinir sömu hvort sem um er að ræða erlenda eða innlenda aðila. Báðir lúta íslenskum lögum og lögsögu íslenska ríkisins vegna eigna sinna. Þannig getur og á íslenska ríkið að takmarka í þágu sameiginlegra hagsmuna, eignaréttarlegar heimildir allra landeigenda óháð þjóðerni, búsetu eða lögheimili.

### **Frumvarp til umferðarlaga, 219. mál**

Um er að ræða tímabæra heildarendurskoðun umferðarlaga. ASÍ vill vekja athygli á tveimur atriðum í frumvarpinu. Annars vegar þá telur ASÍ til mikilla bóta að lagt er til að styrkja ákvæði gildandi laga um bann við því að miða laun við ekna vegalengd eða flutt magn af farmi, l.mgr. 56.gr., með því eins og

lagt er til í 2. mgr. 56. gr. að lögfest verði almenn skylda flutningsaðila til að skipuleggja störf ökumanns þannig að honum sé kleift að fara eftir ákvæðum 54. gr. um aksturs- og hvíldartíma.

Hins vegar eru gerðar athugasemdir við ákvæði 3. mgr. 95. gr. um hlutlæga ábyrgð en skv. því verður heimilt að láta eiganda eða umráðamann ökutækis sæta refsíábyrgð á hlutlægum grundvelli, þ.e. án þess að sýnt sé fram á sök hlutaðeigandi. Á það við þegar hraðakstursbrot eða akstur gegn rauðu ljósi er numið í löggæslumyndavél. Í greinargerð segir að með þessu fyrirkomulagi sé „eiganda eða umráðamanni ökutækis gert skylt að hafa virka umsjón og eftirlit með ökutæki sínu, t.d. gagnvart nánnum aðstandendum, svo sem maka eða börnum, og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru svo að það sé ekki notað með þeim hætti sem fer í bága við framangreindar reglur umferðarlaga“. Þessi rökstuðningur rökstyður að lögum ekki hlutlægra refsíábyrgð í nútíma samfélagi. Slíki hlutlæg ábyrgð getur átt rétt á sér í undantekningartilvikum t.d. hvað varðar ábyrgð á dýrum og dauðum hlutum þar sem umönnun, eftirliti og öryggisreglum er ekki fylgt en beiting refsingar fyrir ætlað slæmt uppeldi og stjórn á börnum og hvað þá stjórn á maka á sér engin fordæmi og er í raun forkastanlegt að sett sé fram í lögskýringargögnum. Slíkt ákvæði kann að eiga rétt á sér gagnvart sektum sem til falla vegna brota ökumanns á ökutæki sem leigt hefur verið út í atvinnuskyni.

### **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms um upp-reist æru, 222. mál**

Með frumvarpinu er tekist á við þau vandamál sem risið hafa vegna ógagnsærrar og tilviljanakenndrar framkvæmdar um upp-reist æru og er það vel.

Alþýðusamband Íslands vill taka eftirfarandi fram um einstakar laga-breytingar þar sem réttaráhrif dóma falla sjálfkrafa niður að fimm árum liðn-um frá afplánun.

Lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Gerðardómar geta falið í sér endanlega niðurstöðu um ágreining. Sem slíkir geta þeir haft afgerandi þýðingu um hagsmuni þeirra sem þá nota. ASÍ telur að sömu reglur eða svipaðar eigi að gilda um hæfisskilyrði gerðardómara eins og annarra sem fá í hendur mikilvægt hlutverk innan réttarvörslunnar eins og t.d. dómara og lögmanna.

Lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum. Svipuð sjónarmið og að ofan greinir eiga við hvað varðar reglur um matsmenn og jafnframt bent á að reglur einkamálalaga eru ófullkomnar um hæfi matsmanna og mest lagt þar upp úr þekkingu en ekki siðferði og svigrúm dómara til þess að meta hæfi þeirra skv. 66.gr. EML afskaplega takmarkað.

Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Telja verður að ekki sé ástæða til þess

að gera aðrar og minni kröfur til endurskoðenda en gerðar eru til lögmanna, sbr. breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 77/1998, þar sem starfsleyfi er háð einföldu skilyrði en sem víkja má frá að fenginni umsögn LMFÍ.

Lög nr. 95/2008, innheimtulög. Vísað er í þessum efni til þess sem kemur fram hvað varðar breytingar á lögum nr. 79/2008.

Lög nr. 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi. Með þessari tillögu er dregið verulega úr hæfisskilyrðum. Fyrir er skýrt ákvæði um að stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins skuli „hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.“ Samhliða því að afnema kröfu um óflekkað mannorð er þeim sem gerst hafa sekir um um alvarleg brot á hegningarlögum, lögum á sviði fjármálamarkaðar eða félaga eða þolað íþyngjandi stjórnvaldsákvæðanir sem einstaklingar eða forsvarsmenn fyrirtækja, veitt sjálfkrafa hæfi að liðnum 10 árum eftir að hafa verið dæmdir. Þessi lagabreyting er í engu samræmi við aðrar lagabreytingar sem lagðar eru til í sama frumvarpi sbr. t.d. tillögu um breytingar á 3.mgr. 22.gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og lögum nr. 110/2007 um kauphallir þar sem óflekkað mannorð er fjarlægð en tiltekin brot útiloka áfram frá hæfi. Skýring á því hvers vegna dregið er úr hæfi manna til þess að stýra Fjármálaeftirlitinu er ekki rökstudd í greinargerð.

### **Frumvarp til laga um lyfjalög og landlækni og lýðheilsu (lyfjaávisanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra), 266. mál**

ASÍ leggst ekki gegn frumvarpi þessu en telur að almennt eigi að takmarka heimildir til þess að ávísa lyfjum við lækna. ASÍ bendir á í þessu sambandi, að á síðustu árum hefur verið þróaður einfaldur og endurgjaldslaus aðgangur að læknum í gegnum heilsuveru.is m.a. til þess að fá ávísað lyfjum og því spurning hvort við núverandi aðstæður sé rétt að auka heimildir annarra til þess að ávísa lyfjum.

### **Frumvarp til laga um pósthjónustu, 270. mál**

Alþýðusamband Íslands gerði á árinu 2016 alvarlegar athugasemdir við starfsemi Íslandspósts vegna brota á gildandi lögum. Þau ágreiningsefni lutu m.a. að túlkun laganna og úr þeim ágreiningi er ekki leyst með hinum nýju heildarlögum.

Ágreiningur aðila laut í fyrsta lagi að því hvernig fyrirtækið meðhöndlaði póstsendingar á lögheimili félagsmanna ASÍ. Ef viðkomandi félagsmaður var ekki skráður á póstkassa eða póstlúgu á lögheimili var pósturinn endursendur. Í öðru lagi laut hann að því að fyrirtækið notaði eigin gagnagrunn um heimili

manna með öðrum upplýsingum en finna mátti í Þjóðskrá, byggðan á upplýsingum starfsmanna sinna. Af þeim ástæðum gerði fyrirtækið ekki tilraun til útburðar hundraða bréfa.

Það var og er álit ASÍ að með því hafi Íslandspóstur bæði brotið lög um pósthjónustu en einnig gerst sekt um að safna saman í gagnagrunn persónuupplýsingum án heimildar Persónuverndar. Viðeigandi opinberar kærunefndir voru ekki sammála eða töldu deiluna ekki koma sér við.

Hér með eru þessar athugasemdir ASÍ ítrekaðar og lagt til að Alþingi hafi þær í huga þá er sett eru ný heildarlög. Meginástæða þess að athugasemdir þessar voru settar fram á sínum tíma eru einfaldar og eftirfarandi.

Þúsundir útlendinga af EES svæðinu eiga hér lögheimili vegna starfa sem ýmist eru tímabundin eða til lengri tíma. Þá er þeir koma til landsins er algengt að lögheimili þeirra sé skráð á einhverja aðstöðu atvinnurekanda og jafnvel á heimili hans. Fólkið er síðan ýmist við störf í fastri starfsstöð eða vítt og breitt um landið. Oft er um að ræða tugi starfsmanna skráða með sama lögheimili. Í engu tilviki koma nöfn þeirra fram á póslúgum eða póstkössum og fordæmi fyrir því að húsráðandi hirði ekki upp póst til þeirra og er hann þá endursendur og fær áritun „býr ekki hér“ eða eitthvað í þá áttina, jafnvel þannig áritað af húsráðanda. Íslandspóstur, sem sjálfur heldur ólögsmæta skrá í þessu efni, tekur þá merkingu upp í flokkunarkerfi sitt og ef bréf berst á sama nafn er ekki gerð tilraun til útburðar og bréfið endursent sendanda. Í þessu felst ekki einasta ólögsmætt skráarhald um einstaklinga í samkeppni við lögheimilaskrá Þjóðskrár og brot umráðamanna húsnæðis gegn lögum um lögheimili heldur einnig og ekki síður hitt að með þessum starfsaðferðum eru þúsundir EES borgara á Íslandi án pósthjónustu.

### **Þingsályktunartillaga um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274. mál**

Á síðustu misserum hefur orðið vaxandi umræða um stöðu og hagi innflytjenda á Íslandi. Hvort tveggja kemur til, mikil fjölgun innflytjenda hér á landi síðustu ár og vaxandi skilningur á erfiðum aðstæðum og hindrunum sem innflytjendur hér á landi mæta og búa við. Mikilvægt er að stjórnvöld horfist í augu við þá staðreynd að Ísland er orðið fjölþjóðlegt samfélag.

Á vettvangi Alþingis, eins og í samfélaginu öllu, hafa þessi mál ítrekað komið til umræðu og settar hafa verið fram tillögur um að taka á þessum málum í heild sinni eða varðandi einstaka þætti. Í því sambandi má m.a. nefna þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau markmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni sem og öðrum hliðstæðum sem áður hafa komið fram um mikilvægi þess að fjallað verði um málefni innflytjenda af hálfu stjórnsvalda

með það að markmiði að tryggja þeim réttindi og þjónustu þannig að þeir geti notið sinna hæfileika og verið fullgildir aðilar í okkar samfélagi. Það eru hagsmunir innflytjenda. Það eru um leið hagsmunir samfélagsins alls.

**Frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar (framlag í lífeyrissjóði), 300. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að mótframlag í lífeyrissjóð á grundvelli ofangreindra laga hækki úr 8% í 11,5% til samræmis við kjarasamning aðildarféлага ASÍ og Samtaka atvinnulífsins frá 21. janúar 2016. Í samningnum er kveðið á um hækkun á mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð um 3,5% sem komi til framkvæmda í þremur áföngum, 0,5% stig þann 1. júlí 2016, 1,5% stig þann 1. júlí 2017 og um 1,5% stig þann 1. júlí 2018. Með samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016 var samið um nánari útfærslu á fyrirkomulagi hækkunarinnar þar sem m.a. er fjallað um heimild sjóðfélaga til að ráðstafa að hluta eða fullu, auknu framlagi launagreiðenda í bundinn séreignarsparnað.

Við gerð samkomulagsins var gengið út frá því að gerð yrði breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem lögbundið lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð yrði hækkað í 15,5% til samræmis við samninginn auk þess sem umgjörð um aukið val sjóðfélaga innan skyldutryggingar í samræmi við samkomulagið yrði tryggð með lögum. Þetta er nauðsynlegt til að taka af lagalega óvissu sem nú ríkir um tilgreinda séreign innan skyldutryggingar og óvissu um ábyrgð á innheimtu iðgjalda sem getur stefnt lífeyrisréttindum sjóðfélaga í tvísýnu. Vorið 2017 lá fyrir samkomulag við fjármálaráðherra um að lagt yrði fram frumvarp þess efnis eigi síðar en á haustþingi það ár. Slíkt frumvarp var hins vegar aldrei lagt fram og hefur málið ítrekað verið tekið upp við stjórnvöld síðan þá, án árangurs.

ASÍ leggur þess vegna fyrst og fremst ríka áherslu á nauðsyn þess að innleiða nú þegar efni umrædds kjarasamnings og samkomulags í heildarlöggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Sú breyting sem hér er lögð til er mikilvægur liður í að tryggja að sú breyting verði einnig til að treysta lífeyrisréttindi þeirra sem eru utan vinnumarkaðar vegna atvinnumissis, gjaldþrots, barnsfæðingar eða umönnunar.

**Frumvarp til laga um þungunarrof, 393. mál**

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau meginmarkmið frumvarpsins að gera tímabærar og nauðsynlegar breytingar á lögum með það fyrir augum að tryggja og undirstrika réttinn til sjálfsforræðis kvenna yfir líkama sínum og

tryggja að sjálfsforræði kvenna sé virt með öruggum aðgangi að heilbrigðisþjónustu fyrir þær konur sem óska eftir þungunarroffi.

### **Þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409. mál**

Alþýðusamband Íslands styður eindregið framgang þessa þingmáls en bendir jafnframt á að vinnustaðir landsins þurfa að geta snúið sér til fagaðila til að fá leiðbeiningar þegar upp koma mál er varða einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Málín eru flókin og erfið viðureignar og stéttarfélögin eru oft í þeirri stöðu að gæta hagsmuna bæði þolenda og gerenda í þessum málum. Það hefur sárvant að stað þar sem hægt er að fá ráðgjöf sérfræðinga og jafnvel vísa málum þangað ef og þegar vinnustaðir eiga erfitt með að ná farsælli lausn jafnvel þó áætlanir séu til staðar.

Slíkt viðbragðsteymi gæti verið í samstarfi og samráði Vinnueftirlitsins og aðila vinnumarkaðarins.

### **Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, nr.130/2016, með síðari breytingum (launafyrirkomulag), 413. mál**

Með frumvarpinu er lagt til breytt fyrirkomulag við launaákvörðanir þeirra sem áður féllu undir úrskurðarvald kjararáðs sem lagt var niður með lögum nr. 60/2018 skv. tillögu starfshóps um málefni kjararáðs frá febrúar 2018. Í frumvarpinu er tillögum starfshópsins um að taka upp nýtt, fyrirsjáanlegt og gagnsætt fyrirkomulag við ákvörðun launa æðstu stjórnenda ríkisins fylgt eftir í meginatriðum.

Samantekt:

Alþýðusamband Íslands tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til varðandi fyrirkomulag launaákvörðana til framtíðar en vekur athygli á að framúrkeyrsla kjararáðs umfram viðmið rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá árinu 2015 kostaði skattgreiðendur um 1,3 milljarða króna í launahækkunum til þjóðkjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna sem eru meðal hæst launuðu hópa hér á landi. Þá gerir ASÍ alvarlegar athugasemdir við að til standi að hækka laun allra þeirra ráða- og embættismanna sem breytingin nær til þann 1. júlí nk. Þrátt fyrir að fyrir liggi að laun æðstu stjórnenda ríkisins hafi hækkað langt umfram almenna launaþróun. ASÍ leggst sömuleiðis gegn því að ráðherra fái heimild til þess að hækka laun umrædds hóps þann 1. janúar ár hvert til samræmis við áætlaða breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins og leggur til að launin taki breytingum einu sinni á ári þegar mat Hagstofunnar á breytingu reglulegra launa ríkisstarfsmanna liggur fyrir í júní ár hvert.

Þá telur Alþýðusambandið rétt að vekja athygli á því að á undanförunum

árum hefur ríkið sem launagreiðandi verið leiðandi í aukinni misskiptingu milli þeirra lægst launuðu og þeirra sem hæst hafa launin. Má þannig nefna að regluleg heildarlaun verkafólks hjá ríkinu hækkuðu um 25% milli áranna 2014 og 2017 á sama tíma og laun stjórnenda hjá ríkinu hækkuðu um 33%. Á almennum vinnumarkaði er þessu öfugt farið, þar hækkuðu laun verkafólks um tæp 24% á sama tímabili en laun stjórnenda um tæplega 20%. Í þessu samhengi er eðlilegt að stjórnvöld setji sér og geri grein fyrir launastefnu sinni og markmiðum varðandi launasetningu og launabil milli hópa. Þannig má t.a.m. spyrja hvort það sé meðvitað stefna stjórnvalda að forseti Lýðveldisins sé með nærri tífalda lágmarkstekjutryggingu í mánaðarlaun?

Nánari greinargerð:

ASÍ tekur undir þann þátt frumvarpsins sem snýr að breyttu fyrirkomulagi launaákvæðana með því að:

- Laun þjófðkjörinna fulltrúa, dómara, saksóknara, ráðherra, ráðuneytistjóra, ríkissáttasemjara, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra verði ákvörðuð í lögum með fastri krónutölufjárhæð.
- Laun og starfskjör forsetaritara og nefndarmanna í fullu starfi hjá úrskurðarnefndum verði ákvörðuð skv. 39. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- Laun og starfskjör skrifstofustjóra sem heyra undir ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins, sem fara með fyrirsvar fyrir hönd ráðherra í kjarasamningum, verði ákveðin af ráðherra með hliðsjón af kjarasamningi skrifstofustjóra Stjórnarráðsins.
- Laun og starfskjör sendiherra verði ákvörðuð í kjarasamningum ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Í skýrslu starfshóps um málefni kjararáðs segir:

*„Í rammksamkomulagi aðila á vinnumarkaði í október 2015 var sú lína lögð að kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga yrðu ekki meiri en 32% á bilinu nóvember 2013 til ársloka 2018. Samkomulagið byggist m.a. á því að starfsgreinar eða hópar geti innan þess ramma fengið mismunandi launahækkanir en heildarniðurstaðan skuli vera tryggð. Þá er tekið fram í rammksamkomulaginu að opinberum starfsmönnum verði „tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinberum vinnumarkaði“.*

*Með úrskurði kjararáðs, einkum í október 2016, voru teknar ákvarðanir um launabreytingar sem höfðu þá í för með sér hækkanir langt umfram viðmið rammksamkomulagsins. Aðilar vinnumarkaðarins og ýmsir fleiri telja að þessir úrskurðir kjararáðs hafi farið á svig við sáttina í rammksamkomulaginu og að ríkisvaldið hafi því brugðist þeim skuldbindingum sem það tók á sig með undirritun þess.“*



Í skýrslunni kemur einnig fram að frá árinu 2013 hafi laun ráðherra hækkað um 64%, þingmanna um 48–57%, ráðuneytisstjóra um 48–49%, skrifstofustjóra um 51–55% og forseta Íslands um 46%. Meðalárslaun ríkisstarfsmanna hafi á sama tíma hækkað um 40% og gera megi ráð fyrir því að breyting meðalárslauna ríkisstarfsmanna verði á bilinu 43–48% á tímabili rammasamkomulagsins, þ.e. milli árana 2013–2018.

Til að bregðast við þessu misræmi fjallaði starfshópurinn um þrjár leiðir:

1. Ný ákvörðun um lækkun þeirra launa sem kjararáð ákvarðar til samræmis við viðmið rammasamkomulagsins og endurgreiðsla þeirra launa sem greidd hafa verið á grundvelli þeirra. Starfshópurinn var sammála um að þessi leið væri of íþyngjandi.
2. Ný ákvörðun um lækkun þeirra launa sem ráðið ákvað.
3. Launum verði haldið óbreyttum í tiltekinn tíma, þ.e. þar til nýtt fyrirkomulag um ákvörðun launa tekur gildi.

Meirihluti starfshópsins taldi leið tvö einnig ganga of langt og lagði til að leið þrjú yrði farin en fulltrúi ASÍ í hópnum var þessu mati ósammála og mælti með því að leið tvö yrði farin gagnvart þjóðkjörnum fulltrúum og ædstu embættismönnum.

*„Minnihluti starfshópsins, fulltrúi ASÍ, mælir með því að valkostur tvö, þ.e. um lækkun launa, verði ofan á hvað varðar forseta, ráðherra, þingmenn, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. Sá valkostur gangi ekki of langt, hann samræmist rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisins frá 27. október 2015, hann standist lög og heimildir stjórnvalda samkvæmt stjórnarskrá og þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er bundið af og sé líklegastur til þess að stuðla að sátt á vinnumarkaði.“*

ASÍ taldi þannig nauðsynlegt að bregðast ekki eingöngu við útafkeyrslu kjararáðs til framtíðar með tímabundinni frystingu launa heldur lækka laun forseta, ráðherra, þingmanna, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra sem nemur útafkeyrslunni og fylgja eftir það almennri launaþróun ríkisstarfsmanna eins og lagt er til. Til að jafnsetja launaþróun ædstu stjórnenda ríkisins við aðra ríkisstarfsmenn var af ofangreindum tölum ljóst að frysta þyrfti laun ædstu stjórnenda a.m.k. út árið 2018 og í sumum tilvikum mun lengur. Það er mat ASÍ að með því að frysta laun þessa hóps héldi hann ekki einungis „ofgreiddum launum“ upp á 671 milljón króna heldur fengi áframhaldandi ofgreiðslur upp á 378 milljónir til viðbótar þar til frystingunni lýkur. Þegar upp verður staðið mun útafkeyrsla kjararáðs því hafa kostað ríkissjóð um 1,3 milljarða króna. Ef hins vegar hefði verið farin sú leið sem ASÍ lagði til og laun þessa hóps lækkuð til samræmis við útafkeyrslu kjararáðs hefði það sparað ríkissjóði tæplega hálfan milljarð króna, auk þess sem sú leið hefði verið mun líklegri til að stuðla að sátt á vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands gerir þess vegna alvarlegar athugasemdir við að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því að laun allra þeirra ráðamanna og embættismanna sem ákvörðuð eru með fastri krónutölufrjárhæð, þ.m.t. laun forsetisráðherra, annarra ráðherra og þingmanna, taka hækkunum frá og með 1. júlí nk. samkvæmt nýju fyrirkomulagi. Fyrir liggur að laun fyrir þessa æðstu stjórnendur ríkisins hafa hækkað langt umfram almenna launaþróun og hefur sú framúrkeyrsla enn ekki verið jöfnuð. Alþýðusambandið hafnar því alfarið þeim hluta frumvarpsins sem snýr að þessu og gerir kröfu um að launahækkunum til þessara aðila verði frestað þar til fyrir liggur að jöfnun gagnvart launahækkunum annarra ríkisstarfsmanna hafi verið náð.

Að öðru leyti tekur ASÍ undir þá leið sem fara á við að ákvarða launaþróun fyrir umrædd störf til framtíðar, þannig að þau taki breytingum í júlí ár hvert til samræmis við mat Hagstofu Íslands á hlutfallslegri breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins fyrir næstliðið ár. ASÍ gerir hins vegar athugasemdir við að gert sé ráð fyrir því að ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins geti einnig ákvarðað að hækka laun þann 1. janúar ár hvert til samræmis við áætlaða breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins.

Í tillögum starfshópsins er fjallað um mikilvægi þess að festa laun umrædds hóps betur í sessi og láta þau þróast í samræmi við almenna en vel skilgreinda mælikvarða með reglulegu millibili. Þá er lagt til að laun sem fastsett eru með lögum verði endurákvörðuð einu sinni á ári og gildi óbreytt í eitt ár frá þeim degi. Starfshópurinn telur þannig fullnægjandi að launin breytist árlega enda rík hefð fyrir því í kjarasamningum á vinnumarkaði að miða við árlegar launahækkunar. Að auki má ætla að hækkun launa tvisvar á ári, eins og lagt er til í frumvarpinu, skili ráðamönnum og æðstu embættismönnum meiri launahækkun en ella og verði því dýrari fyrir ríkissjóð. ASÍ leggur því til að farið verði að tillögum starfshópsins og laun hækkuð einu sinni á ári þegar mat Hagstofunnar á breytingu reglulegra launa ríkisstarfsmanna liggur fyrir í júní ár hvert.

### **Frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 436. mál**

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir að öðru leyti en því að fagna því að fyrningarfrestur vegna líkamstjóna verði rýmkaður og verði 10 ár. ASÍ vill að því verði sérstaklega haldið til haga við afgangslu málsins á Alþingi að hin nýja lagasetning gefi ekki tilefni til þess að iðgjöld ökutækjatrýgginga verði hækkuð.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016 (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.), 442. mál**

Í 8. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um „keðjuábyrgð“, þ.e. heimild

kaupanda „að fara fram á að aðalverktaki tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.“

Eins og fram kemur í frumvarpinu er eingöngu um heimildarákvæði að ræða. Þetta er nánar skýrt í athugasemdum með frumvarpinu þar sem jafnframt er bent á að: „Ekki hefur verið litið svo á að kaupendum hafi hingað til verið óheimilt að krefjast keðjuábyrgðar í núgildandi lögum en ýmsir opinberir aðilar hafa haft slík ákvæði í sínum útboðsgögnum.“ Má í þessu sambandi m.a. benda á skilmála um „keðjuábyrgð“ sem settir hafa verið vegna útboða á vegum Landsvirkjunar og í útboð Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Húss íslenskra fræða. Með öðrum orðum þá bætir þetta heimildarákvæði engu við þær heimildir vegna opinberra innkaupa sem nú þegar eru til staðar og er því fullkomlega gagnslaust.

Tillögur samstarfshóps um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnu- markaði

31. janúar sl. skilaði samstarfshópur félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði skýrslu til ráðherra. Í skýrslunni er að finna tillögur hópsins í 10 liðum, auk fjölda annarra ábendinga og efnisatriða. Í hópnun, sem skipaður var í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar 14. september á síðasta ári, sátu fulltrúar frá eftirtöldum aðilum:

- Forsætisráðuneyti - atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti - dómsmálaráðuneyti – félagsmálaráðuneyti - fjármála- og efnahagsráðuneyti.
- Ríkiskattstjóri - Vinnueftirlit ríkisins – Vinnumálastofnun - embætti ríkislögreglustjóra.
- Alþýðusambandi Íslands - Samtökum atvinnulífsins - Bandalagi háskólamanna – BSRB - Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Allir aðilar sem skipuðu hópin stóðu sameiginlega að þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni, þ.m.t. fulltrúi fjármálaráðuneytisins. Ein tillaga hópsins varðar sérstaklega keðjuábyrgð og opinber innkaup. Þar segir:

„Rætt var um mikilvægi keðjuábyrgðar til þess að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þegar liggur fyrir frumvarp um heimild kaupanda í opinberum innkaupum til að fara fram á að aðalverktaki tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög. Mikilvægt er að kveða á um skyldu í þessum efnum og jafnframt heimild verkkaupa til að halda eftir greiðslum til aðalverktaka ef þörf krefur. Sammæltist hópurinn um að gera

*Það að tillögu sinni að skylda til keðjuábyrgðar verði sett í lög um opinber innkaup.*“

Í ljósi framanritaðs er ljóst að full samstaða er um það meðal þeirra aðila sem áttu fulltrúa í samstarfshópnum; stjórnvalda, stjórnvaldsstofnana og aðila vinnumarkaðarins, að gera eigi ábyrgð aðalverktaka „keðjuábyrgð“ að skilyrði í opinberum innkaupum og þar með að slíkt skilyrði verð sett þegar verkefni eru boðin út skv. lögum um opinber innkaup nr. 120/2016.

Alþýðusamband Íslands skorar á Alþingi að gera „keðjuábyrgð“ að skyldu í lögum um opinber innkaup. Það má gera með því að gera eftirfarandi breytingar á 8. gr. frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar:

Kaupandi skal gera kröfu um að aðalverktaki tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Kaupanda er jafnframt heimilt að greiða vangoldnar verktakagreiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svara til launatengdra greiðslna, á kostnað aðalverktaka standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur.

Heimild til greiðslu skv. 2. mgr. skal tilgreind í útboðsgögnum, að verk sé í nánú og eðlilegu sambengi við opinberan samning sem undirverktaka er ætlað að framkvæma fyrir aðalverktaka og að kröfum sé beint til verkkaupa innan fjögurra mánaða frá því að þær gjaldféllu.

Rétt er að geta þess að þegar hafa verið sett ákvæði um „keðjuábyrgð“ í lög um útsenda starfsmenn (nr. 45/2007) og lög um starfsmannaleigur (nr. 139/2005), en þau ákvæði hafa eðli málsins samkvæmt mjög takmarkað gildissvið.

Alþýðusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til að gera frekari grein fyrir afstöðu sinni og tillögum um „keðjuábyrgð“ vegna opinberra innkaupa. Þá áskilur ASÍ sér rétt til að koma síðar með umsögn um annað er varðar frumvarp það sem hér er til umfjöllunar.

### **Þingsályktunartillaga um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál**

Alþýðusambandið fagnar því að fyrir liggja tillaga um heildarstefnumótun í heilbrigðismálum til næsta áratugar. Engin slík stefna hefur verið í gildi frá árinu 2010 þrátt fyrir fyrirheit ráðherra á undangengnum árum um að ljúka slíkri vinnu.

Þar hefur ekki síst skort á stefnumótun um hvernig tryggja eigi aðgengi allra landsmanna að öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar, uppbyggingu þjónustunnar, þarfagreiningu á þjónustuþáttum í bráð og lengd og stefnu um fjármögnun og kaup hins opinbera á heilbrigðisþjónustu. Þetta hefur m.a. leitt til þess að vægi einkarekstrar hefur vaxið umtalsvert á kostnað grund-

vallarstoða opinbera heilbrigðiskerfisins án þess að um það hafi verið mótuð sérstök stefna eða þarfir og þjónusta greind. Misvægi hefur myndast í aðgengi að heilbrigðisþjónustu, bæði hvað varðar þjónustuþætti og búsetu og bið er í ákveðnum tilvikum óhóflega löng. Þá hafa opinber framlög til heilbrigðiskerfisins ekki fylgt fólksfjölgun og bein kostnaðarþátttaka sjúklinga farið vaxandi sl. áratugi.

ASÍ telur nauðsynlegt að á hverjum tíma liggi fyrir stefna og framtíðarsýn um þá grundvallar velferðarþjónustu sem heilbrigðisþjónustan er, sem sett er með aðkomu Alþingis og endurskoðuð með reglubundnum hætti. ASÍ bindur því miklar vonir við að heilbrigðisstefnan og sú vinna sem af henni leiðir verði liður í að taka á þessum vanda.

Þá telur ASÍ að í stefnunni ætti að koma fram afdráttarlaus yfirlýsing um að grundvallarstoðir heilbrigðisþjónustunnar skuli fjármagnaðar og reknar af hinu opinbera og að settar skuli skorður við rekstri heilbrigðisþjónustu í hagnaðarskyni.

Í því ljósi telur ASÍ að í stefnunni skorti umfjöllun og sýn varðandi fjármögnunarþörf heilbrigðisþjónustunnar til framtíðar í því miði að geta mætt þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni. Í því samhengi má nefna að fyrir liggur að á næstu árum verða hraðar breytingar á aldurs samsetningu þjóðarinnar og tækniframfarir sem hafa mikil áhrif á þjónustuþörf og möguleika í heilbrigðiskerfinu. Æskilegt væri þannig að heildarsýn og mat stjórnvalda á fjárþörf og fjármögnun kerfisins til ársins 2030 væri hluti af markmiðum stefnunnar.

Athugasemdir við einstaka þætti:

Rétt þjónusta á réttum stað:

Til þess að markmið 3. liðar um að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður sjúklinga nái fram að ganga er nauðsynlegt að styrkja þá þjónustu verulega og tryggja að aðgengi sé greitt á öllum tímum og um land allt.

Í 7. lið er fjallað um að aðgengi að heilsugæslu og þjónustu sérfræðinga á landsbyggðinni verði jafnað með fjarheilbrigðisþjónustu og skipulögðum sjúkraflutningum. ASÍ telur afar brýnt að aðgengi allra landsmanna að hvers konar heilbrigðisþjónustu sé jafnað. Fjarheilbrigðisþjónusta og sjúkraflutningar geta vissulega verið liður í því að tryggja þetta en er að mati ASÍ ekki fullnægjandi. Leggja þarf m.a. áherslu á að gott aðgengi að heilsugæslu sé að jafnaði í heimabyggð og greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna ferða, dvalarkostnaðar og vinnutaps verði aukin.

Fólkið í forgrunni:

Við umbætur til að tryggja mönnun og bæta starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustunni vill ASÍ benda á mikilvægi þess að sú vinna nái til allra starfsstétta

sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar og að hið opinbera viðhafi jafnræði í stefnu sinni gagnvart öllu starfsfólki sem starfar á stofnunum þess.

Virkir notendur:

Í stefnunni er sett fram markmið um virka og ábyrga þátttöku notenda heilbrigðisþjónustunnar m.a. með góðu aðgengi að upplýsingum. Í því samhengi er nauðsynlegt að hugað sé að auknum fjölbreytileika samfélagsins og ólíkum forsendum fólks til að vera virkir notendur. Leita þarf leiða til að tryggja að þörfum ólíkra hópa sé mætt t.d. varðandi tungumál og miðlun upplýsinga.

Skilvirk þjónustukaup:

Í 1. lið segir að Sjúkratryggingar Íslands skuli annast alla samningagerð um kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, hvort sem um er að ræða þjónustu opinberra aðila eða einkaaðila. Hvernig slíkri samningagerð er háttað ræður miklu um hversu skilvirk þjónustukaupin verða bæði fyrir sjúklinga og ríkissjóð. Skilgreina þarf því betur í stefnunni þau sjónarmið sem Sjúkratryggingar skuli hafa að leiðarljósi í samningagerð sinni m.a. hvað varðar kröfur sem gerðar skuli til seljenda og hvaða skorður seljendum skuli settar. Í þessu samhengi má einnig nefna að auka þarf gagnsæi og upplýsingagjöf um kaup hins opinbera á heilbrigðisþjónustu af einkaaðilum sem í dag er mjög ábótavant.

Í 8. lið er fjallað um að kostnaður við skimanir og leit að ónæmum bakteríum og veirusjúkdómum í áhættuhópum verði greiddur úr sameiginlegum sjóðum. Hér er að líkindum vísað til þess að kostnaðurinn af ofangreindu falli ekki á þá stofnun sem kallar eftir skimuninni hverju sinni. Orðalag ákvæðisins mætti hins vegar skilja sem svo að nauðsynlegt sé að taka sérstaklega fram að þessi þáttur verði greiddur úr sameiginlegum sjóðum sem eigi þá ekki endilega við um aðra heilbrigðisþjónustu. Skýra þarf þetta betur í stefnunni.

Í 9. lið er fjallað um að greiðsluþátttaka sjúklinga fyrir lyf og lækniþjónustu jafnist á við það sem er lægst í nágrannalöndunum og viðkvæmir hópar fái gjaldfrjálsa þjónustu. ASÍ leggur ríka áherslu á að dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf sem farið hefur vaxandi á síðustu áratugum. Þetta á ekki síst við um kostnað við sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu sem er mörgum óyffirstíganlegur. Ein af afleiðingum mikillar kostnaðarþátttöku hefur verið sú að mun fleiri neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar hér á landi en á öðrum Norðurlöndum, sem er óásættanlegt. ASÍ leggur því til að sett verði skýrara markmið í stefnuna um að draga úr beinni greiðsluþátttöku sjúklinga og að hér á landi þurfi enginn að neita sér um nauðsynlega þjónustu eða lyf af fjárhagsástæðum.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (sálfræðimeðferð), 513. mál**

Alþýðusambandið tekur heilshugar undir markmið frumvarpsins um að sálfræðiþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta með aukinni greiðsluþátttöku ríkisins enda mjög brýnt að tryggja aðgengi allra að sálfræðimeðferð og annarri geðheilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

ASÍ telur að skilvirkasta og hagkvæmasta leiðin til þess sé að auka aðgengi að þjónustunni innan heilsugæslunnar og á göngudeildum.

### **Frumvarp til almennra hegningarlaga (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu), 543. mál**

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands sem gefin var dómsmálaráðherra í samráðsferli málsins og sem liggur nú frammi sem umsögn um þetta mál.

ASÍ telur enga lagalega eða félagslega knýjandi þörf liggja að baki þeirri þrengingu sem lögð er til. Í ljósi þess hvernig umræða um útlendinga, flóttamenn og minnihlutahópa hefur þróast á vesturlöndum á undanförunum árum, þar sem ýtt er undir andúð og fordóma þó ekki sé samkvæmt orðanna hljóðan tilgangurinn að kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun, telur ASÍ að þvert á móti sé full ástæða til þess að breyta í engu gildandi ákvæðum 233.gr. hegningarlaga. Hæstiréttur hefur og túlkað þetta ákvæði til samræmis við þær skuldbindingar sem Ísland er bundið af á alþjóðavettvangi og er vel treystandi til þess að finna það jafnvægi sem ríkja þarf milli leyfilegra ummæla og þeirra sem kunna að varða refsingu.

Sífelld og vaxand niðrandi umræða og smánun á grundvelli vegna uppruna, trúar, kynhneigðar eða réttarstöðu, ef látin er átölulaus, getur auðveldlega þróast með þeim hætti að samanlögð áhrif hennar megi líta á þannig að kynnt sé undir hatri, ofbeldi eða mismunun.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku (starfsemi á helgidögum), 549. mál**

Um frumvörp af sama eða svipuðum toga hefur ASÍ áður veitt umsagnir og er til þeirra vísað. Jafnframt er vísað til þeirra sjónarmiða sem sett voru fram við undirbúning þessa þingmáls og sem tekin eru að hluta upp í greinargerð. Eftirfarandi er þó tekið fram.

Það sem ASÍ hefur gert alvarlegar athugasemdir við á fyrri stigum tengist í raun því meginmarkmiði frumvarpsins sem nú er tilgreint í greinargerð að sé: „að auka frelsi til atvinnurekstrar á helgidögum og koma til móts við þá sem njóta vilja þjónustu og afþreyingar á þessum dögum.“

Athugasemdir ASÍ eru ekki tilkomnar vegna andstöðu þess við frelsi til atvinnurekstrar heldur vegna þess að það frelsi vegst á við frelsi félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ, hvort sem er í verslun og þjónustu eða öðrum atvinnugreinum. Það frelsi lýtur að frelsi þeirra og rétti til þess að geta notið samveru og eftir atvikum helgihalds og afþreyingar með vinum og fjölskyldu á lögbundnum frídögum eins og löng hefð er fyrir í samfélagi okkar. Á fyrri stigum hefur ASÍ vakið athygli á því að opnunartími verslana hér á landi sé með frjálsara móti miðað við hinn vestræna heim almennt. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hvergi fram hvort og þá í hvaða mæli núverandi fyrirkomulag takmarki frelsi til atvinnurekstrar þannig að nauðsyn beri lagasetningar sem óhjákvæmilega mun breyta hefðum og venjum á íslenskum vinnumarkaði og raunar í samfélaginu öllu.

### **Þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144, 570. mál**

Breytingin gerir ráð fyrir því að málefnasvið sjóðsins verði breytt með þeim hætti að við úthlutun 2019 og 2020 verði kallað eftir umsögnum til verkefna og rannsókna sem stuðla sérstaklega að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi í íslensku samfélagi, fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrgt kynlíf, klám og ofbeldi sem og ofbeldi í nánum samböndum.

Alþýðusamband Íslands tekur undir mikilvægi þess að styrkir séu veittir til verkefna og rannsókna til fræðslu og forvarna á þessu sviði en hefði talið heppilegra að veita sérstöku fé til þess í stað þess að breyta upphaflegu hlutverki Jafnréttissjóðs Íslands eins og það var samþykkt á 144. löggjafarþingi 2014–2015.

Í upphaflegri þingsályktunartillögu um Jafnréttissjóð, 144. þingi, eru verkefni sem sjóðurinn styrkir skilgreind með rýmri hætti. Sem dæmi hljóðar a. liður svo „verkefni sem eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu.“

Alþýðusambandið fagnar því að #Metoo hreyfingin, sem afhjúpaði kynferðislega og kynbundna áreitni á Íslandi, ekki síst á vinnumarkaði, þar sem fjöldi kvenna steig fram og lýsti reynslu sinni, verði til þess að vekja athygli á því ofbeldi og áreitni sem ekki síst þrífst í skjóli valdaójafnvægis kynjanna. Því leggur Alþýðusambandið til að styrkveitingar (í samræmi við liði d., e., f. og g.) verði ekki takmarkaðar við fræðslu og forvarnir.

Alþýðusambandið leggur því til að tillagan verði orðuð með almennari hætti til að hlutverk Jafnréttissjóðs haldist óbreytt en að mögulegt verði engu að síður að styrkja verkefni sem með einhverjum hætti tengjast kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.



Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við breytta stjórnskipan og að stjórnýsla sjóðsins sé færð til Rannís.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnýslu og umgjörð), 758. mál**

Alþýðusamband Íslands tekur almennt undir þær breytingar sem fram koma í ofangreindu frumvarpi og telur nauðsynlegt að styrkja alla stjórnýslu og umgjörð þessa mikilvæga málaflokks sem loftslagsmál eru.

Virk aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er forsenda þess að stjórnvöld og samfélagið sem heild séu undirbúin undir þær afleiðingar sem loftslagsbreytingar óhjákvæmilega hafa. Breytingar á umhverfi okkar hafa nú þegar víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf til framtíðar og lífskjör almennings.

ASÍ, sem fjölmennustu heildarsamtök launafólks hér á landi, skorast ekki undan þeirri ábyrgð sem felst í því að taka virkan þátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í 3. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um loftslagsráð er lögð áhersla á að „...í ráðinu eigi sæti fulltrúar atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtaka auk annarra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi sæti í ráðinu á hverjum tíma.“

ASÍ bendir á að þegar fjallað er um atvinnulífið hér á landi þá sé það augljóst að þar er einnig átt við samtök launafólks. Eins og áður hefur verið nefnt þá er Alþýðusambandið fjölmennustu samtök launafólks á Íslandi – félagsmenn aðildarfélaga og deilda ASÍ árið 2018 eru 133.000, eru þeir starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum.

Loftslagsbreytingar hafa óhjákvæmilega áhrif á félagsmenn aðildarfélaga ASÍ og samkvæmt þeim verkefnum sem loftslagsráð er falið að vinna að þá er nauðsynlegt að tryggja að Alþýðusamband Íslands eigi þar fulltrúa. Eins og alþjóðaverkalýðshreyfingin segir og ASÍ tekur undir þá eru „Engin störf á dauðri plánetu“ og forsendur breytinga er þátttaka og samvinna en þar hefur ASÍ mikilvægu hlutverki að gegna.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum, 762. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að greiðslur til höfunda og/eða einstaklinga sem réttihafa frá viðurkenndum samtökum réttihafa skv. höfundarlögum, verði skattlagðar sem fjármagnstekjur þar sem um eignartekjur sé að ræða fremur en launatekjur.

Alþýðusamband Íslands telur almennt að skattkerfið eigi að stuðla að auknum tekju- og eignajöfnuði. Misskipting og ójöfnuður dregur úr félagsleg-

um hreyfanleika, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hefur neikvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör til framtíðar.

Liður í að tryggja þetta er að skattkerfið ívilni ekki sérstaklega þeim sem hafa tekjur sínar af eignum umfram þá sem framfleyta sér með launatekjum. ASÍ telur því mikilvægt að gerðar verði endurbætur á skattlagningu fjármagns- og eignartekna til að stuðla að auknu samræmi í skattlagningu launa- og eignatekna.

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 770. mál**

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en vill þó láta í ljósi þá skoðun sína, að aðsetri Félagsdóms verði ekki hagað þannig að til verulegs kostnaðarauka verði fyrir aðila þeirra mála sem fyrir dómnum eru rekin. Oft og tíðum þarf og að kalla dóminn saman með skömmum fyrirvara og honum skylt að ljúka störfum í tilteknum málum innan mjög stuttra fresta. Til þessa ber að taka tillit þegar framtíðaraðsetur dómsins verður ákveðið.

## **Þingsályktunartillaga um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál**

Málið hefur verið afar umdeilt meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa og verður ekki slitið úr samhengi við umræðuna um hvaða grunnstoðir eigi að vera í samfélagslegri eigu og undanskildar markaðslögmálunum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er skýrt tekið fram að samkvæmt orkupakka 1 og orkupakka 2 er almennt litið á orku eins og hverja aðra vöru sem samkeppnislögmál gildi um. Það gerðist með innleiðingu fyrsta orkupakkans í raforkulög að vinnsla og sala raforku skyldi rekin í markaðskerfi á samkeppnisgrunni. Þá er greint frá því að „Með þriðju raforkutílskipuninni er gengið lengra í að stuðla að virkum raforkumarkaði með því að tryggja aðskilnað á eignarhaldi í flutningsstarfsemi frá markaðasaðilum og raforkueftirlit eftl með ýmsum úrræðum og sjálfstæði þess tryggt.“

Raforka er grunnþjónusta og á ekki, að mati Alþýðusambands Íslands, að vera háð markaðsforsendum hverju sinni. Raforka á að vera á forræði almennings og ekki á að fara með hana eins og hverja aðra vöru á markaði. Það er því mat ASÍ að of langt hafi verið gengið nú þegar í markaðsvæðingu grunnstoða og feigðarflan að staðfesta markaðsvæðinguna og ganga lengra í þá átt. Rafmagn er undirstaða tilveru okkar í dag og það er samfélagsleg ábyrgð að tryggja framleiðslu og flutning til allra, sú ábyrgð er of mikil til að markaðurinn fái að véla með hana enda hefur markaðsvæðing grunnstoða yfirleitt ekki bætt þjónustu, lækkað verð né bætt stöðu launafólks.

Það er forsenda fyrir áframhaldandi uppbyggingu lífsgæða að eignarhald á auðlindum sé í samfélagslegri eigu og að við njótum öll arðs af nýtingu auðlindanna og getum ráðstafað okkar orku sjálf til uppbyggingar atvinnu hér á landi.

### **Frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 785. mál**

Alþýðusamband Íslands styður það markmið frumvarpsins að auka gegnsæi og ábyrgð félagasamtaka sem gefa sig út til þess að starfa til almannaheilla og sem njóta vilja tiltekinnar réttarstöðu gagnvart stjórnvöldum og trúverðugleika gagnvart samfélaginu. Líkt og þegar mál þetta var til umræðu á árinu 2006, gerir ASÍ nokkrar athugasemdir við efni þess.

Ein af niðurstöðum úr því nefndarstarfi sem gerð er grein fyrir í athugasemdum með frumvarpinu var sú að „Löggjöfin mætti ekki verða íþyngjandi fyrir félagasamtök og gæta yrði að því að þrengja ekki að möguleikum félagasamtaka til að ákvarða sitt innra skipulag.“ Það frumvarp sem óskað er umsagnar um er nokkuð ítarlegt og mælir einnig fyrir um strangar refsingar í 9. kafla vegna tiltekinnar brota og er fyrirmynd þess sótt í hlutafélagalög að því er best verður séð.

Um er að ræða ramma utan um frjáls félagasamtök sem njóta verndar stjórnarskrár. Ætla má að því ítarlegri sem ramminn sé aukist líkur á því að lögin kunni að geta stangast á við stjórnarskrá en þessi félög gegna ekki sérstöku lögbundnu hlutverki líkt og á við um stjórn málaflökka, stéttarfélög, líffeyrissjóði o.fl.

Sértaka athygli vekja m.a. í þessu efni heimildir stjórnvalda í 25.gr. til þess að slíta félagi hafi það m.a. „... brotið gegn lögum eða skilgreindum tilgangi samkvæmt samþykktum sínum að verulegu leyti.“ Sama á við um ákvæði 9. kafla. Þar er t.d. í b. lið 35. gr. mælt fyrir um allt að tveggja ára fangelsi vegna brota á því sem lýtur m.a. að innri málefnum félags auk þess sem almenn hegningarlög mæla fyrir um refsingar fyrir sumt af því sem þarna er fjallað er um. Um sérrefsilöggjöf er því að ræða sem lýtur að starfsemi frjálsra félagasamtaka af þeirri ástæðu einni að þau fá skráningu sem almannaheillafélög.

Það er álit ASÍ að vel fari á því að Alþingi hyggi vel að því hvort þessu frjálsa félagsformi sé ekki sniðinn of þröngur stakkur í fyrirbyggjandi frumvarpi.

### **Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 790. mál**

Með frumvarpinu er sett fram ný heildarlöggjöf um Seðlabanka Íslands. Meginbreytingin sem lögð er til í frumvarpinu lýtur að sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Eftirlit með fjármálastarfsemi verður þannig fært undir starfsemi Seðlabanka Íslands. Auk þess eru lagðar til breytingar

á stjórnkerfi Seðlabankans, m.a. að þrjár nefndir, peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd taki ákvarðanir um beitingu valdheimilda. Gert er ráð fyrir að skipaður verði einn aðalseðlabankastjóri og þrír varaseðlabankastjórar sem hver um sig leiði málefni einnar nefndar. Breytingunni er ætlað að styðja betur en núverandi fyrirkomulag við það mikilvæga verkefni Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins að tryggja fjármálastöðugleika og hafa eftirlit með þjóðhagsvarúð. Meginmarkmið breytinganna er að auka skilvirkni og skýrleika ábyrgðar, bæta stjórnsýslu við ákvarðanatöku, bæta nýtingu upplýsinga og auka gæði greiningar og bæta yfirsýn.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins og telur markmið breytinganna skynsamleg. ASÍ telur hins vegar mikilvægt að breytingarnar verði ekki til þess að dregið verði saman í starfsemi og verkefnum þeirra stofnana sem um ræðir og þrengt að möguleikum þeirra til að sinna eftirlits- og rannsóknarhlutverki sínu og gæta hagsmuna almennings, þar með talið vernd neytenda á fjármálamarkaði.

Í 5 gr. frumvarpsins er fjallað um laun og starfskjör bankastjóra og gert ráð fyrir að laun seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra taki breytingum þann 1. júlí ár hvert til samræmis við mat Hagstofu Íslands á hlutfallslegri breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins fyrir næstliðið ár. Þá hafi ráðherra einnig heimild til að hækka laun þann 1. janúar ár hvert til samræmis við áætlaða breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins. Þetta verklag er til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingar á lögum vegna brottfalls kjararáðs (413. mál á yfirstandandi þingi). ASÍ tók í umsögn sinni um það mál undir breytt fyrirkomulag við launaákvæðanir til framtíðar en telur fullnægjandi að hækka laun þann 1. júlí ár hvert og leggst alfarið gegn því að ráðherra hafi auk þess heimild til þess að hækka laun þann 1. janúar ár hvert til samræmis við áætlaða breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins.

### **Frumvarp til laga um skráningu raunverulegra eigenda, 794. mál**

Alþýðusamband Íslands gerir alvarlega athugasemd við 14.tl. 1.mgr. 2.gr. frumvarpsins sem fellt getur stéttarfélög undir ákvæði laganna.

Í greinargerð með 2. gr. segir: „Í 2. gr. eru taldir upp þeir aðilar sem löggin taka til en um er að ræða aðila sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003. Gildissvið frumvarpsins byggir á 1. mgr. 30. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 eins og ákvæðinu var breytt með tilskipun (ESB) 2018/843.“ Þessi fullyrðing er bæði röng og villandi. Í fyrrgreindum heimildum er hvergi gert ráð fyrir nokkurri skráningu stéttarféлага.

Raunverulegir eigendur stéttarféлага eru greiddandi félagsmenn á hverjum tíma auk eldri félagsmanna sem borið geta takmörkuð réttindi. Óheimilt er

að nota félagaskrár eða upplýsa um stéttarfélagsaðild manna nema í þeim eina tilgangi að félagsmenn geti nýtt sér félagsleg réttindi sín eins og t.d. vegna afgreiðslu kjarasamninga, kosningar félagsstjórnar o.fl. Aðild manna að stéttarfélögum og stéttarfélögin sjálf njóta sérstakrar verndar í stjórnarskrá og með engum hætti hægt að sjá í hvaða tilgangi þeirra sé sérstaklega getið í frumvarpinu eða við hvaða aðstæður ákvæði þess geti átt við um þau.

Meðan lögin sjálf eða greinargerð með þeim skilgreina ekki með skýrum hætti hvað átt sé við með hugtakinu „Stéttarfélög, þegar þau eru skráð í fyrirtækjaskrá“ er það álit ASÍ að frumvarpið geti vegið að grundvallarréttindum frjálsra stéttarféлага og sé í beinni andstöðu við þau ákvæði stjórnarskrár, íslenskra laga og alþjóðlegra sáttmála sem Ísland á aðild að og sem vernda stéttarfélög launafólks sérstaklega. Það er jafnframt álit ASÍ, að jafnvel þó stéttarfélög gætu hugsanlega við einhverjar aðstæður fallið undir gildissvið laganna vegna skráningar í fyrirtækjaskrá, þá gangi lögin sjálf allt of langt hvað varðar upplýsingagjöf um félagsmenn, að ekki sé talað um afskráningu og slit þeirra skv. 17. gr.

### **Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum, 795. mál**

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hefur ítrekað verið bent á að af ákvæði núverandi 50. gr. húsaleigulaga leiði að réttarstaða leigjanda sem leigir íbúðarhúsnæði af vinnuveitanda sínum sé mun lakari en réttarstaða annarra leigjenda íbúðarhúsnæðis þegar kemur að lokum leigusamnings, þ.e. að leigusamningur falli niður án sérstakrar uppsagnar og uppsagnarfrests við lok ráðningarsambands ólíkt því sem almennt gildir við lok leigusamnings. Telja verður afar íþyngjandi fyrir leigjanda að eiga á hættu að missa bæði atvinnu sína og húsnæði samtímis og fá þar að auki ekki ráðrúm til að afla sér annars húsnæðis áður en honum er gert að rýma hið leigða íbúðarhúsnæði.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að Alþýðusambandið og aðildarfélög þess hafa ítrekað fengið ábendingar og kvartanir einkum frá erlendu launafólki, þar sem því hefur verið hótáð af hálfu atvinnurekenda að það verði hrakið úr starfi og missi þar með húsnæðið sem það býr í ef það uni ekki þeim kjörum og vinnuaðstæðum sem því er boðið uppá og reyni að sækja sinn rétt. Kjörum og vinnuaðstæðum sem hvorki uppfylla kjarasamninga eða lög.

Við framangreindar aðstæður verður ekki unáð og hefur Alþýðusambandið ítrekað komið þeim sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er til þess fallið að mæta framangreindum sjónarmiðum og lá til grundvallar þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru þann 3 apríl sl. en með þeim fylgdi sérstök bókun um leigu húsnæðis í tengslum við ráðningarsamninga.

Alþýðusamband Íslands styður því eindregið efni frumvarpsins og leggur jafnframt áherslu á að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi líkt og forsendur kjarasamninga gera ráð fyrir.

Þá óskar Alþýðusambandið eftir að eftirfarandi málsgrein verði bætt við þá breytingu sem lögð er til á 50. gr.:

*„Tímabundinn leigusamningur getur aldrei verið til styttri tíma en ráðningarsamningur. Þá skal leigusamningur vera ótímabundinn ef ráðningarsamningur er ótímabundinn.“*

Með slíkri viðbót er reynt að girða enn frekar fyrir að atvinnurekandi sem jafnframt er leigusali geti komið sér undan þeim skyldum sem hann ber skv. frumvarpinu.

### **Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum o.fl. (misnotkun á félagiformi, hæfisskilyrði), 796. mál**

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands („samtökin“) skiluðu sameiginlegri umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum o.fl. (misnotkun á félagiformi, hæfisskilyrði) – sjá neðar.

Samtökin styðja í öllum meginatriðum frumvarpið með þeim fyrirvörum sem er að finna í sameiginlegri umsögn þeirra 28. mars sl. og er að finna hér í viðhengi. Með því er stigið skref í þá átt að uppræta kennitölulflakk. Nauðsynlegt er að stíga mun stærri skref, m.a. með því að innleiða hér á landi heimild til að geta svipt vanhæfa einstaklinga tímabundið heimild sinni til að reka félag með takmarkaðri ábyrgð (atvinnurekstrarbann) að norrænni fyrirmynd sem er ekki bundin við refsismál og hægt er að ná fram með skjótvirkum hætti. Ekki er eftir neinu að bíða og mikilvægt að frumvarp þess efnis verði lagt fram í upphafi næsta löggjafarþings og að náði samráð verði haft við samtökin enda miklir hagsmunir í húfi.

*Efni: Drög að frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum o.fl. (misnotkun á félagiformi, hæfisskilyrði)*

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands („samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum o.fl. (misnotkun á félagiformi, hæfisskilyrði).

Samtökin hafa unnið náið saman að tillögugerð um hvernig megi sporna gegn kennitölulflakki, enda líta samtökin á það sem sameiginlegt verkefni að treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað og jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Samtökin kunngerðu tillögur sínar, Stöðvum kennitölulflakk, 20. júní 2017 á sérstökum fréttamannafundi auk þess að kynna þær sérstaklega fyrir fjármálaráðherra og ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar ásamt þeirra aðstoðarmönnum og helstu sérfræðingum í ráðuneytum.

Með kennitöluflakki er átt við að viðkomandi félag hættir starfsemi en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu enda sé markmiðið með gjaldþrotinu að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins.

Við skoðun á kennitöluflakki telja samtökin mikilvægt að gera greinarmun á kennitöluflakki og hefðbundnum gjaldþrotaskiptum, sbr. flokkun samtakanna á þremur tegundum gjaldþrotaskipta er kemur fram í tillögum samtakanna frá 20. júní 2017.

Að mati samtakanna er mikilvægast að koma í veg fyrir að vanhæfir einstaklingar geti haldið áfram að valda kröfuhöfum tjóni með kennitöluflakki og annarri misnotkun á féлагаforminu.

Nauðsynlegt er því að innleiða hér á landi heimild til að geta svipt vanhæfa einstaklinga tímabundið heimild sinni til að reka félag með takmarkaðri ábyrgð (atvinnurekstrarbann) sem er ekki bundin við refsímál og hægt er að ná fram með skjótvirkum hætti.

Samtökin lögðu fram eftirfarandi tillögur:

- 1) Atvinnurekstrarbannsheimild
- 2) Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð
- 3) Nefnd skipuð um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa
- 4) Heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 107. gr. hlutafélagalaga færð yfir til ríkisskattstjóra
- 5) Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur
- 6) Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga
- 7) Hæfisskilyrði hlutafélagalaga nái til skuggastjórnanda
- 8) Fræðsla
- 9) Bætt gæði skiptastjóra

Samtökin áréttu mikilvægi þess að taka á misnotkun á féлагаforminu með ábyrgum hætti og fagna því að stigið sé skref í þá átt með frumvarpi þessu. Þá virða samtökin það samráð sem hefur verið með fulltrúum ráðuneytisins og vænta þess að framhald verði á því.

Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við einstök atriði frumvarpsins:

Lífeyrissjóðsiðgjöld betur vernduð

Í a. og b. lið frumvarpsins er lagt til að 262. gr. almennra hegningarlaga nái jafnframt til meiriháttar brota á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þ.e. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 129/1997. Samtökin fagna því að lagt sé til að tillaga þeirra verði lögfest orðrétt skv. efni sínu. Samtökin telja afar brýnt að veita

lífeyrissjóðsiðgjöldum sambærilega réttarvernd og vörslusköttum en í dag hefur það engar sérstakar lagalegar afleiðingar fyrir stjórnendur að skilja eftir lífeyrissjóðsiðgjöld í eignalausum þrotabúi ólíkt vörslusköttum þótt atvinnurekandi sé vörsluaðili í báðum tilvikum.

Samtökin vilja að sama skapi ítreka tillögu sína um að samlestur staðgreiðsluskrár við iðgjaldaskrá lífeyrissjóða verði aukinn.

Tímabundin réttindasvipting (atvinnurekstrarbann)

Í d. lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að unnt verði með dómi í sakamáli að banna þeim einstaklingum sem hafa gerst brotlegir gegn 262. gr. almennra hegningarlaga að stofna félag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, að sitja í stjórn, starfa sem framkvæmdastjóri hlutafélaga eða koma með öðrum hætti að stjórnun slíks félags eða fara með meirihluta atkvæðisréttar í slíku félagi í allt að þrjú ár.

Aðaltillaga samtakanna er að lögfest verði hér á landi samsvarandi heimild og í nágrannalöndum okkar til að geta sett einstaklinga sem teljast vanhæfir í tímabundið bann frá þátttöku í stjórnun hlutafélaga á grundvelli ríkra almanna-hagsmuna (atvinnurekstrarbann).

Ein meginástæða þess að ekki hafi náðst viðunandi árangur í að sporna gegn kennitöluflakki og annarri misnotkun á hlutafélagiforminu er að mati samtakanna vandkvæði við að færa sönnur á að einstaklingur hafi sýnt af sér refsiverða háttsemi í störfum sínum sem stjórnandi félags. Þá getur langur tími liðið frá því að brot er framið þar til dómur fellur í sakamáli. Afleiðingin er sú að í framkvæmd stendur almenningur, svo sem ríkissjóður, lífeyrissjóðir, starfsmenn og fyrirtæki nær berskjaldaðir gegn kennitöluflökkurum og öðrum þeim sem misnota hlutafélagiformið. Staðan hér á landi er því um margt lík og hún var í Danmörku áður en lög um atvinnurekstrarbann tóku þar gildi 1. janúar 2014.

Hæfisskilyrði 1. mgr. 64. gr. hlutafélagalaga og 1. mgr. 42. gr. einkahlutafélagalaga um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar megi ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld hefur því engan veginn reynst fullnægjandi.

D-liður 1. gr. frumvarpsins felur ekki í sér útvíkkun á þeim refsilagabrotum sem geta verið grundvöllur vanhæfis stjórnarmanna enda leiða brot á almennum hegningarlögum í tengslum við atvinnurekstur til sjálfkrafa vanhæfis stjórnarmanna samkvæmt gildandi lögum. Að mati samtakanna er eina breytingin fólgin í því að ákvæðið er ekki lengur bundið við skráða stjórnendur. Þá vantar í frumvarpið hvaða viðmið eigi að liggja til grundvallar atvinnurekstrarbanninu. Nærtækara væri að fara þá leið sem samtökin leggja



til og útvíkka hæfisreglur hlutafélagalaga þannig að þær nái jafnframt til skuggastjórnenda.

Mikilvægast er að innleiða hér á landi heimild til að geta svipt vanhæfa einstaklinga tímabundið heimild sinni til að reka félag með takmarkaðri ábyrgð (atvinnurekstrarbann) að norrænni fyrirmynd sem er ekki bundin við refsímál og hægt er að ná fram með skjótvirkum hætti. Samtökin fagna því að í frumvarpinu sé boðað að slíkt frumvarp verði lagt fram á næsta löggjafarþingi. Þá vilja samtökin áréttta mikilvægi þess að haft verði samráð við þau við gerð frumvarpsins.

Hæfisskilyrði hlutafélagalaga

Samtökin eru hlynt því að útvíkka gildissvið hæfisskilyrða hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga til samvinnufélaga og sjálfseignastofnana sem stunda atvinnurekstur enda ábyrgðin þar takmörkuð og því sama hætta á misnotkun á félagaforninu og í tilvikum hlutafélaga.

Að sama skapi styðja samtökin útvíkkun á hæfisskilyrðum hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða enda rökrétt að refsibrot á þeim lögum hafi sömu afleiðingar og brot er varða í dag vanhæfi skv. 1. mgr. 64. gr. hlutafélagalaga og 1. mgr. 42. gr. einkahlutafélagalaga.

Hæfisskilyrði prókúruhafa

Samtökin eru hlynt 3. og 6. gr. frumvarpsins um hæfisskilyrði prókúruhafa. Prókúruhafar bera mikla ábyrgð og eðlilegt er að mati samtakanna að gera þær kröfur til prókúruhafa að þeir séu lögráða, fjár síns ráðandi og hafi ekki gerst sekir um brot gegn þeim lagaákvæðum.

Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur. Ánægjulegt er að í frumvarpinu komi fram að verið sé að bregðast við tillögu samtakanna um að ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur en í dag getur það komið fyrir að einstaklingur sem er vanhæfur skv. hlutafélagalögum skrái sig sem stjórnandi hlutafélags.

Slit á félögum

Að lokum fagna samtökin því að orðið sé við tillögu þeirra um að heimild ráðherra til að slíta félögum skv. 1. mgr. 107. gr. hlutafélagalaga og 1. mgr. 82. gr. einkahlutafélagalaga verði færð yfir til hlutafélagaskrár ríkisskattstjóra.

Frekari úrbóta er þörf!

Auk framangreinds ítreka samtökin aðrar tillögur sínar frá 20. júní 2017. Samtökin telja þannig afar brýnt að:

- Atvinnurekstrarbann

Lögfest verði heimild til að geta svipt einstaklinga sem hafa gerst sekir um grófa eða óverjandi viðskiptahætti tímabundið rétti sínum til að reka hlutafélag.

- Bætt gæði skiptastjórnar

Gerðar verði auknar kröfur til skiptastjóra t.d. með því að setja það sem hæfisskilyrði að skiptastjóri hafi sótt námskeiðið skiptastjórn þrotabúa hjá Lögmannafélagi Íslands.

- Stefna opinberra aðila sem kröfuhafar þrotabúa

Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína að þrotabúum félaga og gangi á undan með góðu fordæmi og taki virkan þátt í riftunarmálum.

- Staða kröfuhafa verði styrkt í riftunarmálum.
- Fræðsla

Stjórnvöld taki saman höndum með samtökunum og vinni sameiginlega að uppbyggilegri fræðslu.

Samtökin áréttá ósk sína um að samráð verði haft við þau um þá nauðsynlegu vinnu sem framundan er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Jafnframt leggja þau áherslu á að þeirri vinnu verði flýtt eins og kostur er, enda miklir hagsmunir í húfi.

### **Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 801. mál**

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar því að með breyttum lögum er lögð áhersla á að gæta réttinda og starfsöryggis kennara, auka flæði milli skólastiga, fjölga tækifærum til starfsþróunar og auka fjölbreytileika og gæði í menntakerfinu. Við fögnum því sérstaklega að eitt af markmiðunum sé að koma í veg fyrir ófullnægjandi starfsöryggi þeirra sem starfa sem leiðbeinendur.

Í leikskólum landsins starfa margir leikskólaliðar sem búa yfir mikilli reynslu, jafnvel áratuga, sem mikilvægt er að meta og virða. Mikilvægt er að gæta starfsöryggis allra er starfa innan leikskólanna, ekki einungis þeirra sem lokið hafa 5 ára kennaranámi. Þá þarf einnig að tryggja möguleika allra til starfsþróunar, auka hæfni til að uppfylla markmið um að menntun og hæfni samræmist störfum og ábyrgð, sem er samfélaginu til framdráttar.

ASÍ vill benda á eftirfarandi:

Í 18. gr. um undanþáguheimild í frumvarpinu er fjallað um lausráðningu. Þar segir í 1. málsgrein:

Ef enginn kennari sækir um auglýst kennslustarf við leikskóla þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er kennari. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið kennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar. Ákvörðun um ráðningu á grundvelli þessarar málsgreinar er í höndum sveitarstjórnar eða rekstraraðila í tilvikum sjálfstætt rekinna leikskóla.

Í nágildandi lögum 87/2008, segir um undanþágur:

VI. kafli. Undanþágur.

17. gr. Undanþáguheimild fyrir leikskóla.

Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólástjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Þá segir jafnframt í 1. málsgrein, 5. gr. laga (139/2003) um tímabundna ráðningu starfsmanna 139/2003:

5. gr. Framlenging eða endurnýjun tímabundinnar ráðningar

Óheimilt er að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfellt lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma hverju sinni. Vinnuveitandi skal þó ávallt leitast við að ráða starfsmann ótímabundið.

Búið er að taka út úr nýju frumvarpi ákvæðið um að einungis sé heimilt að auglýsa í tvígang og því ljóst að með þessari breytingu er verið að ógna starfsöryggi þeirra sem ekki hafa kennaramenntun og leyfisbréf. Þá er þáttur kjarasamninga ekki lengur fyrir hendi í nýju frumvarpi, en með því ákvæði er traustari grunnur lagður að gildi kjarasamninga.

ASÍ fer fram á að ákvæðið: „Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings.“ verði sett inn í 18. gr. nýrra laga.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um sérstakan skatt á fjármála-fyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall), 826. mál**

Með frumvarpinu er lögð til lækkun á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki í þrepum úr 0,376% í 0,145% á árunum 2020–2023. Fyrirhugaðar breytingar munu lækka tekjur ríkissjóðs um tæpa 8 milljarða á ársgrundvelli þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2023. Markmið frumvarpsins er samkvæmt meðfylgjandi greinargerð að stuðla að skilvirkni í fjármálakerfinu með það að markmiði að lækka kostnað neytenda og er breytingin talin geta liðkað fyrir lækkun útlánavaxta og hækkun innlánsvaxta til hagsbóta fyrir almenning.

Í ljósi versnandi afkomu ríkissjóðs telur ASÍ rétt að endurskoða áform um lækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki til að veikja ekki getu ríkissjóðs til þess að standa undir heilbrigðis- og velferðarþjónustunni og tryggja uppbyggingu nauðsynlegra samfélagsinnviða.

Þá telur ASÍ óljóst með hvaða hætti tryggja eigi að markmið frumvarpsins, um að lækkun bankaskattsins skili sér í lægri kostnaði neytenda og minni vaxtamun hjá fjármálafyrirtækjum, ná fram að ganga.

Í skýrslu Gylfa Zoëga um stöðu efnahagsmála sem unnin var að beiðni stjórnvalda í aðdraganda kjarasamninga sl. haust er bent á að bankar sem njóti fákeppnisstöðu geta í skjóli hennar haft meiri vaxtamun og hærrí þjónustugjöld en bankar sem búa við meiri samkeppni. Þá er í skýrslunni bent á að íslenskt bankakerfi virðist dýrara í rekstri en sambærilegir bankar annars staðar á Norðurlöndunum og að fyllsta ástæða sé til þess að samkeppnisyfirvöld rannsaki þau kjör sem almenningi býðst hjá viðskiptaböndkunum hér á landi og grípi til aðgerða ef í ljós komi að samkeppni sé áfátt.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir afkomu heimilanna að þau fái bestu mögulegu kjör í viðskiptum sínum við fjármálastofnanir. ASÍ telur því rétt að stjórnvöld taki mið af þessum ábendingum og láti framkvæma slíka rannsókn hið fyrsta til að tryggja að hvers konar hagræðing í rekstri fjármálafyrirtækja skili sér til almennings í betri viðskiptakjörum.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (nýting séreignarsparnaðar), 891. mál**

Með frumvarpinu er lagt til að núverandi heimild til skattfrjálsrar ráðstöfunar og úttektar á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, sem að óbreyttu fellur úr gildi þann 30. júní nk., verði framlengd um tvö ár, eða til 30. júní 2021.

Frumvarpið er liður í að framfylgja lofordum sem gefin voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnu- markaði þann 3. apríl síðastliðinn. Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að staðið verði við gefin fyrirheit með samþykkt frumvarpsins.

### **Þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022, 953. mál**

Alþýðusamband Íslands hefur talið að sú umgjörð sem sett var um langtímastefnumótun með hliðsjón af grunnildum um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi, með setningu laga um opinber fjármál, hafi verið mikið framfaraskref sem gæfi tækifæri til bættrar hagstjórnar og góðrar yfirsýnar yfir rekstur hins opinbera og stöðu opinberra fjármála. Liður í því er

framlagning fimm ára fjármálastefnu ríkisstjórnar við upphaf kjörtímabils sem stjórnvöld eru bundin af.

Við framlagningu núgildandi fjármálastefnu og í umfjöllun um fjármálaáætlanir og fjárlög undangenginna ára sem byggt hafa á stefnunni hefur ASÍ ítrekað bent á þá annmarka sem innbyggðir eru í stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Afkoma ríkissjóðs í uppsveiflu síðustu ára hefur einkum byggt á tímabundinni aukningu tekna vegna mikilla umsvifa á hagvaxtarskeiði sem á sér fá fordæmi. Sé horft framhjá áhrifum þess hefur rekstur ríkisins í reynd verið í jánnum undanfarin ár og lítið mátt úr af bregða til þess að markmið stefnunnar næðu ekki fram að ganga. Samhliða þessu hafa tekjustofnar markvisst verið veiktir og stjórnvöld látið hjá líða að sækja auknar tekjur. ASÍ hefur gagnrýnt þessa stefnumótun og þá hagstjórn sem hún felur í sér og haft uppi varnaðarorð um að afleiðingarnar verði þær að þegar hægir á í efnahagslífinu muni tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna nauðsynleg útgjöld og við muni blasa aðhald og niðurskurður í ríkisrekstrinum og/eða skattahækkunar þvert á hagsveifluna. Þetta er sú staða sem nú er uppi.

Núgildandi fjármálastefna og framlagðar fjármálaáætlanir hafa byggt á fyrirliggjandi efnahagsspám sem gert hafa ráð fyrir samfelldum hagvexti frá árinu 2011 til ársins 2024 eða í 14 ár samfellt. Þótt horfur hafi þar til nýlega ekki gefið annað til kynna hefði með hliðsjón af grunnildum laga um opinber fjármál verið eðlilegt að gera ráð fyrir því m.a. út frá sögulegri reynslu að þessar forsendur gætu breyst og haft áhrif á rekstur og afkomu hins opinbera. Ekkert mat hefur hins vegar legið fyrir um hvernig gildandi fjármálastefna og framlagðar fjármálaáætlanir stæðu af sér breyttar forsendur, hver áhrif þeirra yrðu á ríkissjóð og síðast en ekki síst hvernig stjórnvöld hafi í hyggju að bregðast við ef aðstæður breytast.

Fjármálaráð sem hefur lögbundið hlutverk við mat á fjármálastefnu og fjármálaáætlunum hefur í umsögnum sínum einnig dregið upp með skýrum hætti annmarka stefnunnar og varað stjórnvöld við þeirri stöðu sem hún geti leitt af sér. Fjármálaráð hefur sömuleiðis kallað eftir því að sett væri fram skýrari mynd af áhrifum breyttra forsenda á afkomu hins opinbera og möguleg viðbrögð. Þessar ábendingar hefur Alþingi ítrekað hunsað sem ASÍ telur andstætt markmiðum laga um opinber fjármál, um góða, styrka og ábyrga hagstjórn.

Stjórnvöldum er því nauðugur einn kostur nú að leggja fram breytingu á þingsályktun um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 til að bregðast við breyttum forsendum. ASÍ telur afar óheppilegt að í fyrsta sinn sem reynir á þanþol fjármálastefnunnar og þar með framkvæmd laga um opinber fjármál í reynd skuli endurskoðun á langtímastefnumótun ríkisfjármála sem endurspeglast í fjármálastefnunni reynast nauðsynleg. Hætta er á að slíkt dragi úr tiltrú á gildi fjármálastefnu stjórnvalda til framtíðar.

Endurmat á afkomuhorfum hins opinbera til næstu fimm ára skv. nýrri þjóðhagsspá gefur til kynna að afkoma ríkissjóðs versni um 35–40 milljarða á ári á tímabili stefnunnar. Tillaga til þingsályktunar að endurskoðaðri fjármálastefnu gerir ráð fyrir að ráðist verði í mótvægisáðgerðir sem verði á bilinu 7–25 milljarðar árlega til að bæta afkomuna og varna því að halli myndist á ríkissjóði. Ekki liggur fyrir í hverju þessar mótvægisáðgerðir felast en þær koma til viðbótar þeim aðhaldsáðgerðum sem þegar eru áformaðar samkvæmt framlagðri fjármálaáætlun frá því í apríl síðastliðnum. Líkt og ASÍ benti á í umsögn sinni um áætlunina er þar sett fram almenn aðhaldskrafa á stofnanir ríkisins á tímabilinu og kaup á tilteknum vörum og þjónustu eru ekki verðbætt með tilliti til þróunar launa og verðlags sem þýðir í reynd raunlækkun á framlögum sem stofnanir munu að óbreyttu þurfa að mæta með aðhaldi í rekstri og/eða niðurskurði á þjónustu. Þar að auki nema launabætur til stofnana á árunum 2020–2022 einungis 0,5% umfram verðlag í stað 1,5%. Af þessu leiðir að verði árleg kaupmáttarþróun ríkisstarfsmanna umfram 0,5% á tímabilinu, sem er langt undir sögulegu meðaltali, er ráðuneytum gert að mæta því með aðhaldi. Forsendur og áhrif þessarar aðhaldsáðgerðar eru mjög óljósar og engin grein gerð fyrir því í áætluninni hvernig hún er tilkomin og hversu líklegt er að hún standist. Aðhald af þessum toga bitnar alltaf þungst á heilbrigðis- og velferðarþjónustunni þar sem laun vega þungt í rekstrinum.

Í greinargerð tillögu til þingsályktunar um breytingar á gildandi fjármálastefnu er fjallað um að útgjaldaáhrif hagrænna breytinga komi einkum fram í auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingarsjóðs og Ábyrgðasjóðs launa sem lendi alfarið á ríkissjóði. Eins og ASÍ hefur áður vikið að í umsögnum sínum er núverandi fyrirkomulag fjármögnunar vinnumarkaðssjóðanna sem fjármagnaðir eru með tryggingargjaldi og ætlað að standa undir tilteknum réttindum launafólks óheppilegt. Sjóðirnir eru nú hluti af A-hluta ríkissjóðs sem leiðir til þess að þegar staða sjóðanna er góð, sem er jafnan í uppsveiflu, skilar jákvæð afkoma þeirra sér í bættri afkomu ríkissjóðs eins og raunin hefur verið síðustu ár. Að sama skapi leiðir neikvæð afkoma sjóðanna í efnahagssamdrætti til þess að afkoma ríkissjóðs versnar þegar ríkið þarf að „endurgreiða skuld“ við sjóðina. Eðlilegar væri að sjóðirnir væru sjálfstæðir þannig að þeim væri gert kleift að gera áætlanir um fjármögnun réttinda til framtíðar og safna í varasjóð þegar vel árar sem er einnig skynsamleg hagstjórn.

ASÍ áréttar fyrri afstöðu sína um mikilvægi þess að fjármálastefna og áætlanir í opinberum fjármálum endurspegli þau loforð sem stjórnvöld hafa gefið launafólki í tengslum við nýafstaðna kjarasamninga og að fyrirheit um skattkerfisbreytingar til handa launafólki skili sér án tafa. Áformaðar breytingar mega ekki verða til þess að draga úr getu ríkissjóðs til þess að standa undir heilbrigðis- og velferðarþjónustunni og tryggja uppbyggingu nauðsynlegra

samfélagsinnviða eða leiða til aukinna notendagjalda og nefskatta. Verkalýðshreyfingin mun aldrei samþykkja að hinni félagslegu framþróun sé ógnað með því að grundvallarstoðir velferðarkerfisins séu nýttar til þess að jafna sveiflur í rekstri hins opinbera.

## **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar (framfærsluuppbot og meðferð atvinnutekna) 954. mál**

Meginbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu snúa í fyrsta lagi að því að dregið verði úr áhrifum annarra tekna en bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar við útreikning á sérstakri uppbot til framfærslu (framfærsluuppbot) til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega („afnám krónu á móti krónu skerðingar“). Þetta verði gert annars vegar með því að miða útreikning á sérstakri uppbot við 65% tekna lífeyrisþega í stað allra tekna (100%) líkt og nú er og hins vegar með því að telja 50% af fjárhæð aldurstengdrar uppbotar til tekna í stað 100% líkt og nú. Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að telja einungis til tekna við útreikning á greiðslum almannatrygginga þær atvinnutekjur sem aflað er á þeim tíma sem einstaklingur á rétt á greiðslum frá almannatryggingum. Í þriðja lagi er í frumvarpinu lagt til að gildandi reglugerðarákvæði um heimilisuppbot og uppþætur á lífeyri verði fest í lög.

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að gera breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er varða réttindi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og koma í veg fyrir „krónu á móti krónu“ skerðingar sem eru með öllu óásættanlegar. ASÍ telur í því samhengi hins vegar löngu tímabært að fram fari heildarendurskoðun á réttindum almannatrygginga sem tryggi einstaklingum með skerta starfsgetu viðunandi framfærslu og þjónustu samhliða því sem greiðslukerfið verði einfaldað með auknum möguleikum til atvinnuþátttöku og minni tekjuskerðingum. Sú breyting sem hér er lögð til kemur með engu móti í stað nauðsynlegrar heildarendurskoðunar og má ekki verða til þess að hún dragist enn frekar. Núgildandi bótakerfi almannatrygginga er flókið, ógagnsætt og dregur mjög úr hvata til atvinnuþátttöku. Þótt þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, um að dregið verði úr áhrifum annarra tekna og aldurstengdrar uppbotar við útreikning sérstakrar uppbotar, komi vissulega í veg fyrir þá 100% tekjutenginu sem nú er innbyggð í bótakerfi örorkulífeyrisþega gagnvart þeim einstaklingum sem hafa lágar atvinnu- og/eða lífeyrissjóðstekjur, eru tekjuskerðingar gagnvart þessum hóp áfram brattar auk þess sem breytingin verður enn til þess að flækja tekjuskerðingarreglur almannatrygginga. Þá er rétt að áréttta að umræddar breytingar ná einungis til þeirra lífeyrisþega sem hafa aðrar tekjur en tekjur almannatrygginga og/eða aldurstengda örorkuuppbot almannatrygginga.

ASÍ telur afar óheppilegt hversu skammur tími gefst til umræðu og umsagnar um frumvarpið sem varðar mikilvæg réttindi og afkomu fjölda fólks.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins eru ofangreindar breytingar á tekju-skerðingareglum sérstakrar uppbótar hugsaðar sem brú yfir í nýtt greiðslu-kerfi vegna skertrar starfsgetu sem hafinn er undirbúningur að byggt á skýrslu samráðshóps um breytt framfærslu-kerfi almannatrygginga sem lauk störfum í maí síðastliðnum. Ekki er hins vegar ljóst hvernig breytingar samkvæmt frumvarpinu spila inn í hugmyndir að heildarendurskoðun greiðslu-kerfisins. Ef stjórnvöld hyggjast horfa til þeirra hugmynda sem settar eru fram í skýrslu starfshópsins sem grundvöll að breyttu greiðslu-kerfi þarf umtalsvert viðbótar-fjármagn inn í almannatryggingarkerfið auk þess sem veita þarf nægilegt fjármagn í að styrkja alla umgjörð og þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu og tryggja nægilegt framboð starfa svo unnt sé að undirbyggja breytingarnar. Það mun ekki gerast án fyrirhafnar og fjármagns. Í tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2020–2024 er gert ráð fyrir að veita árlega 4 ma.kr. aukalega til örorkulífeyris almannatrygginga vegna fyrirhugaðra breytinga á greiðslu-kerfi almannatrygginga. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort til stendur að gera breytingar á þeirri fjárhæð í væntri breytingartillögu á tillögu til fjármálaáætlunar í ljósi breyttra forsendna í ríkisfjármálum til næstu ára. Í því sambengi má benda á að kostnaður við breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu á árinu 2016 var um 15 milljarðar króna og af þeim sviðsmyndum sem birtar voru með skýrslu starfshópsins liggur fyrir að hugmyndir að nýju greiðslu-kerfi sem þar eru settar fram eru umtalsvert kostnaðarsamari en gert er ráð fyrir í fjármála-áætlun. ASÍ áréttar því mikilvægi þess að langtímaáætlanir í opinberum fjár-málum geri ráð fyrir nægilegu viðbótarfjármagni til að gera löngu tímabærar breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sem tryggi einstaklingum með skerta starfsgetu viðunandi framfærslu og þjónustu með möguleika á virkri þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði.

Nánar um einstök atriði frumvarpsins:

1.gr. - c og d liður:

Í c og d lið 1 gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um útreikning fjárhæðar sérstakrar uppbótar og meðferð slysabóta almannatrygginga sem nú er að finna í reglugerðum. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er ekki um að ræða breytingar sem hafa munu áhrif á gildandi reglur og framkvæmd. Ekki eru færð frekari rök fyrir nauðsyn þess að lögfesta umrædd ákvæði sem verið hafa í reglugerð um árabíl og engin frekari greining á mögulegum áhrifum þess er sett fram í greinargerðinni. Í ljósi þess og fyrirhugaðrar heildarendurskoðunar á greiðslu-kerfi almannatrygginga telur ASÍ rétt að falla frá breytingum skv. c og d lið frumvarpsins.



1 gr. – f liður:

Í f lið 1 gr. er annars vegar lagt til að miða útreikning á sérstakri uppbót við 65% tekna lífeyrisþega, annarra en bóta almannatrygginga, slysatrygginga almannatrygginga og bóta skv. lögum um félagslega aðstoð, í stað allra tekna (100%) líkt og nú er og hins vegar telja 50% af fjárhæð aldurstengdrar uppbót- ar til tekna við útreikning á sérstakri uppbót í stað 100% líkt og nú.

